Jón Sigurgeirsson, fyrrv. skrifstofumaður	10000.00		
Jón Sumarliðason	7000.00		
Jón Sverrisson, fyrrv. fiskmatsm.	12692.00		
Jóna Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	3828.00		
Jónas Bjarnason, fyrrv. fiskmatsm.	5077.00		
Jónas Bjarnason, verkstjóri	6000.00		
Jónas Eyvindsson, fyrrv. símaverkstjóri .	10000.00		
Jónas Jósteinsson, fyrrv. kennari	6000.00		
Jónas Rafnar, fyrrv. yfirlæknir	53807.00		
Jónas Stefánsson, fyrrv. póstur	5007.00		
Jónas Þorbergsson, fyrrv. útvarpsstjóri .	36462.00		
Jóninna Pétursdóttir, fyrrv. ráðskona ..	3815.00		
Jórunn Þórðardóttir, fyrrv. handavinnukennari	15847.00		
Jósef Jónsson, fyrrv. sóknarprestur	13212.00		
Kári Arngrímsson, fyrrv. póstur	4528.00		
Karl Einarsson, fyrrv. bæjarfógeti	38795.00		
Karl Friðriksson, fyrrv. yfirverkstjóri ..	8000.00		
Karl Steingrímsson, fyrrv. fiskmatsm. ...	3828.00		
Kjartan Ólafsson	36000.00		
Klemenz Samúelsson, fv. barnakennari ..	4528.00		
Knútur Kristinsson, fyrrv. héraðslæknir .	10000.00		
Kristbjörg Þorbergsdóttir, fv. matráðsk.	1908.00		
Kristinn Benediktsson, fyrrv. póstafgr.m.	11933.00		
Kristinn Kristjánsson, Nýhöfn	13353.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Kristjana V. Hannesdóttir, fv. skólastjóri	7811.00		
Kristjana Jónsdóttir, fyrrv. ritari	28120.00		
Kristján Albertsson, rithöfundur	19075.00		
Kristján Benediktsson	10000.00		
Kristján Sigurðsson, fyrrv. barnakennari	7923.00		
Kristján Steingrímsson, fyrrv. bæjarfógeti	27171.00		
Kristján Þorláksson, fyrrv. vitavörður ..	5077.00		
Kristólína Kragh, fyrrv. hárgreiðslukona	8000.00		
Lárus Rist, fyrrv. kennari	7617.00		
Lárus Sigurjónsson, skáld	27171.00		
Lúðvíg Guðmundsson, fyrrv. skólastjóri .	12000.00		
M. E. Jessen, fyrrv. skólastjóri	4869.00		
Magdalena Guðlaugsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6000.00		
Magnús Gíslason, fyrrv. skrifstofustjóri .	13212.00		
Magnús Guðmundsson, fyrrv. þingvörður	7000.00		
Magnús Jakobsson, fyrrv. kennari	15000.00		
Magnús Jochumsson, fyrrv. póstmeistari	4000.00		
Magnús Stefánsson, fyrrv. dyravörður ..	9000.00		
María Sigurðardóttir, fv. starfsk. Alþingis	3828.00		
Markús Guðmundsson, fyrrv. verkstjóri .	10000.00		
Marselína Pálsdóttir, fyrrv. kennari	4769.00		
Marsibil Sigurðardóttir, fv. fiskmatsk. ..	3828.00		
Matthías Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsm.	5007.00		
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	4006.00		
Njáll Guðmundsson, fyrrv. póstur	5077.00		
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	8012.00		
Oddur Ívarsson, fyrrverandi póstafgr.-maður	4528.00		
Oddur Valentínusson, fv. leiðsögumaður	9373.00		
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður .	6000.00		
Ólafur Friðriksson, fyrrv. ritstjóri	22849.00		
Ólafur Guðmundsson, fyrrv. póstur	3124.00		
Ólafur Jónsson, fyrrv. dyravörður	10000.00		
Ólafur Jónsson, fyrrv. símstjóri	6000.00		
Ólafur Ólafsson, fyrrv. skólastjóri	5000.00		
Ólafur Thorarensen, fyrrv. símstjóri	5077.00		
Ólafur E. Thoroddsen, fyrrv. skipaeftirlitsmaður	5723.00		
Ólafur Þorsteinsson, læknir	9538.00		
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	4076.00		
Óskar Bjartmarz, fyrrv. forstöðumaður .	4000.00		
Páll Bóasson	7500.00		
Páll V. G. Kolka, fyrrv. héraðslæknir ..	10000.00		
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	9538.00		
Páll Pálmason, fyrrv. ráðuneytisstjóri ..	4000.00		
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	5007.00		
Pétrína Jónsdóttir, fv. starfsk. Alþingis .	12017.00		
Pétur Magnússon, fyrrv. sóknarprestur .	10000.00		
Pétur Pétursson, fyrrv. póstur	6249.00		
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	10014.00		

	18. gr.	
	kr.	kr.
Ragnheiður Pétursdóttir, fyrrv. ráðuneytisbókari	23464.00	
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	21697.00	
Rögnvaldur Jónsson, fyrrv. verkstjóri	4769.00	
Sigdór V. Brekkan, fyrrv. kennari	14717.00	
Sigmundur Þorgilsson, fyrrv. kennari	3815.00	
Sigríður Einarsdóttir, fv. póst- og símaafgreiðslukona	6792.00	
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. símstjóri	5500.00	
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari	10850.00	
Sigríður Pétursdóttir, fyrrv. kennari	5723.00	
Sigrún Laxdal, fyrrv. símafulltrúi	2861.00	
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	4340.00	
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri	12000.00	
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	13353.00	
Sigurður Fr. Einarsson, fyrrv. fiskmatsmaður	3828.00	
Sigurður Heiðdal	10189.00	
Sigurður Jónasson, fyrrv. fiskmatsm.	3828.00	
Sigurður Nordal, prófessor	24141.00	
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur	6009.00	
Sigurður Sigurðsson, fv. barnakennari	12017.00	
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. barnakennari, Núpum	5000.00	
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, fyrrv. kennari	7595.00	
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. sýslumaður	6493.00	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	5007.00	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	4769.00	
Sigurður Þórðarson	10000.00	
Sigurður Þorvaldsson, fv. barnakennari	6000.00	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. sóknarprestur	8765.00	
Sigurmundur Sigurðsson, fyrrv. héraðslæknir	8592.00	
Sigursteinn Steinþórsson	15000.00	
Snorri Lárusson, fyrrv. fulltrúi	7000.00	
Snorri Sigfússon, fyrrv. námsstjóri	11009.00	
Stanley Melax, fyrrv. sóknarprestur	6000.00	
Stefán Kristjánsson, fyrrv. verkstjóri	4769.00	
Stefán Stefánsson, fyrrv. húsvörður	6000.00	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	6000.00	
Steindór Gunnlaugsson, fyrrv. fulltrúi	6000.00	
Steingrímur Guðmundsson, fyrrv. prentsmiðjustjóri	14000.00	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	5424.00	
Steinn Emilsson, fyrrv. skólastjóri	12000.00	
Steinunn Bjartmarsdóttir, fyrrv. kennari	10850.00	
Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	8000.00	
Svava Þorleifsdóttir, fyrrv. skólastjóri	9057.00	
Sveinbjörn Jónsson, fyrrv. barnakennari	5000.00	

		18. gr.	
		kr.	kr.
Sveinn Gunnlaugsson, fyrrv. skólastjóri .	4000.00		
Sveinn Víkingur, fyrrv. biskupsritari ...	10500.00		
Sveinn Þorláksson, fyrrv. símstjóri	8012.00		
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur ..	2263.00		
Sæmundur Sæmundsson, fyrrv. skólastjóri	4000.00		
Thor Brand, fyrrv. umsjónarmaður	11320.00		
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	3124.00		
Trausti Á. Reykdal, fyrrv. fiskmatsm. ..	5073.00		
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsm. .	5007.00		
Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símstjóri og póstafgreiðslukona	7811.00		
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	2540.00		
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir ...	4006.00		
Vigfús Guttormsson, fyrrv. kennari	7923.00		
Viktoría Kristjánsdóttir	6249.00		
Vilhjálmur Helgason, fyrrv. vitavörður ..	11445.00		
Vilmundur Jónsson, fyrrv. landlæknir ..	5000.00		
Wilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	12017.00		
Þóra Bjarnadóttir	3878.00		
Þórarinn Bjarnason, fyrrv. fiskmatsm. ..	5007.00		
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsm. .	3828.00		
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fv. ljósmóðir .	6000.00		
Þórður Jónsson	6009.00		
Þórður Oddgeirsson, fyrrv. sóknarprestur	13293.00		
Þorgeir Jónsson, fyrrv. prófastur	10000.00		
Þórhallur Gunnlaugsson, fyrrv. símstjóri	6000.00		
Þórína Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir ...	6000.00		
Þorleifur Erlendsson, fv. barnakennari .	4687.00		
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	13585.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsm. ..	5077.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. símstjóri	4000.00		
Þorsteinn Jóhannesson, fyrrv. prófastur .	11000.00		
Þorsteinn M. Jónsson, fyrrv. skólastjóri	13716.00		
Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrverandi hagstofustjóri	28266.00		
Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskmatsm.	5077.00		
Þorvarður Þormar, fyrrv. sóknarprestur .	10500.00		
		3 354 584	
b. Ekkjur:			
Aðalbjörg Jakobsdóttir	6367.00		
Aðalbjörg Sigurðardóttir	15232.00		
Agnethe Kamban	14373.00		
Ágústa Sigurðardóttir	10000.00		
Anna Bjarnadóttir	3828.00		
Anna Guðmundsdóttir	13634.00		
Anna Gunnlaugsson	8000.00		
Anna Kristjánsdóttir	7595.00		
Anna Ólafsdóttir	6509.00		
Anna Sigurðardóttir	18591.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	8000.00		
Anna Þorgrímsdóttir	9057.00		
Árný Stígsdóttir	3828.00		
Arnþrúður Daníelsdóttir	6509.00		
Ása Ásgrímsdóttir	5000.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	3828.00		
Áslaug Thorlacius	11717.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	34086.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja L. Norðdals	8678.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Sigursteins Magnússonar	8000.00		
Ásta Ólafsdóttir	12000.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	3828.00		
Ástríður Eggertsdóttir	17359.00		
Ástríður Eggertsdóttir, ekkja Þórarins Víkings	10000.00		
Ástríður Magnúsdóttir	2540.00		
Auður Jónasdóttir	23434.00		
Bergþóra Einarsdóttir	4769.00		
Björg Guðmundsdóttir	5077.00		
Björg Jónasdóttir	8905.00		
Bryndís Þórarinsdóttir	13585.00		
Camilla Hallgrímsson	10189.00		
Dagbjört Guðjónsdóttir	9538.00		
Dagmar Eyvindsdóttir	19000.00		
Dorothea Guðmundsson	8905.00		
Edith Möller	7595.00		
Eleanor Sveinbjörnsson	15232.00		
Elín Guðmundsdóttir	4000.00		
Elín Jónsdóttir	7010.00		
Elínborg Vigfúsdóttir	5077.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Péturs Guðmundssonar	3828.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Ríkharðs Kristmundssonar	11320.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Björnssonar, fiskmatsmanns	3815.00		
Ellen Einarsson	51320.00		
Ellen Sveinsson	12891.00		
Emilía Benediktsdóttir Kofoed Hansen	30043.00		
Emilía P. Briem	23434.00		
Estrid Falberg Brekkan	6676.00		
Ethel Arnórsson	11717.00		
Fríða Hlíðdal	43352.00		
Geirlaug Stefánsdóttir	6367.00		
Guðbjörg Birkis	7200.00		
Guðbjörg Þ. Eiríksdóttir	6000.00		
Guðbjörg Grímsdóttir	5007.00		
Guðbjörg Guðmundsdóttir	7010.00		
Guðbjörg Kristjánsdóttir	15232.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Guðbjörg Tómasdóttir	7615.00		
Guðfinna Ármannsdóttir	9000.00		
Guðlaug Magnúsdóttir	25348.00		
Guðný Björnsdóttir	7595.00		
Guðný Halldórsdóttir	12000.00		
Guðný Magnúsdóttir	6867.00		
Guðrún Arinbjarnar	11717.00		
Guðrún Egilson	25348.00		
Guðrún Einarsdóttir	14000.00		
Guðrún S. Guðmundsdóttir	11320.00		
Guðrún Guðnadóttir	10000.00		
Guðrún Hálfdánardóttir	4528.00		
Guðrún Jónsdóttir	15232.00		
Guðrún P. Jónsdóttir	15232.00		
Guðrún Oddgeirsdóttir	9057.00		
Guðrún Oddsdóttir	14717.00		
Guðrún Pálsdóttir	10500.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	40108.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	11320.00		
Guðrún Ragúels	3828.00		
Guðrún Sveinsdóttir	24419.00		
Guðrún Þorvarðsson	19246.00		
Gunnhildur Jónsdóttir	6009.00		
Gunnjóna Jensdóttir	3815.00		
Halldóra Ólafsdóttir	23434.00		
Halldóra Þórðardóttir	7617.00		
Harriet Jónsson	5702.00		
Hedvig Blöndal	10000.00		
Helga Arngrímsdóttir	7010.00		
Helga Pétursdóttir	15000.00		
Helga I. Stefánsdóttir	3828.00		
Henny Kristjánsson	6000.00		
Hertha Leósson	5000.00		
Hildur Björnsdóttir	10014.00		
Hildur Blöndal	20000.00		
Hjaltlína Guðjónsdóttir	15000.00		
Hlíf Böðvarsdóttir	8678.00		
Hlín Johnson	25853.00		
Hólmfríður Guðmundsdóttir	24000.00		
Hólmfríður Zoëga	11501.00		
Hrefna Bergsdóttir	18000.00		
Hrefna Ingimarsdóttir	15232.00		
Hulda Þ. Björnæs	12017.00		
Ingibjörg Björnsdóttir	7923.00		
Ingibjörg I. Briem	6000.00		
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	15000.00		
Ingibjörg Guðmundsdóttir	7630.00		
Ingibjörg Högnadóttir	6000.00		
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	6249.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Ingunn Bjarnadóttir	15000.00		
Ingunn Hlíðar	9538.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	3808.00		
Jóhanna Kr. Eggertsdóttir Briem	7923.00		
Jóhanna Jónsdóttir	11320.00		
Jóhanna Linnet	7630.00		
Jóhanna Pálmadóttir	18018.00		
Jóhanna Þorsteinsdóttir	9000.00		
Jóhanna Þorvaldsdóttir	10000.00		
Jóna Jakobsdóttir	6509.00		
Jóna Jóhanna Jónsdóttir	6000.00		
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	10936.00		
Jónheiður Eggerz	20029.00		
Júliana M. Jónsdóttir	10303.00		
Karen Jónsson	12017.00		
Karítas Guðmundsdóttir	12000.00		
Katrín Sveinsdóttir	7923.00		
Klara Helgadóttir	9057.00		
Kristbjörg Sveinsdóttir	7000.00		
Kristín Guðlaugsdóttir	12000.00		
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	6009.00		
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	3807.00		
Kristín Pálsdóttir	6367.00		
Kristín Sigurðardóttir	6792.00		
Kristín Thorberg	4687.00		
Kristín Tómasdóttir	9000.00		
Kristín Þórarinsdóttir	11320.00		
Kristólína Kragh	5077.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	9606.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	8000.00		
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	7923.00		
Lára Skúladóttir	6792.00		
Lilja Eyþórsdóttir	18026.00		
Lilja Steinsen	35000.00		
Lovísa Sveinbjörnsson	39759.00		
Magdalena Ásgeirsdóttir	6000.00		
Magnea Magnúsdóttir	19246.00		
Málfríður Bjarnadóttir	4000.00		
Málfríður Jónsdóttir	10129.00		
Margrét Árnadóttir	11012.00		
Margrét Ásmundsdóttir	5077.00		
Margrét Björnsdóttir	7630.00		
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	16604.00		
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	3828.00		
Margrét Lárusdóttir	11716.00		
Margrét Kr. Lárusdóttir	5077.00		
Margrét Möller	6000.00		
Margrét Þórðardóttir	7617.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
María Guðlaugsson	9373.00		
María Pétursdóttir	14000.00		
María Thoroddsen	19528.00		
María Tómasdóttir	5660.00		
Melitta Urbancic	9538.00		
Nanna Jónsdóttir	10850.00		
Nikólína Jóhannsdóttir	6000.00		
Oddný Guðmundsdóttir	10000.00		
Oddný Pétursdóttir	12017.00		
Oktavía Sigurðardóttir	10189.00		
Ólafía Einarsdóttir	13585.00		
Ólafía Finnbogadóttir	2540.00		
Ólafía Valdimarsdóttir	6792.00		
Olga E. Jónsson	11320.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	8905.00		
Ólína Þorsteinsdóttir	12694.00		
Ólöf Sigurðardóttir	6009.00		
Ólöf Sigurðardóttir, Akranesi	4000.00		
Ólöf Sigvaldadóttir	10000.00		
Ragnheiður Brynjólfsdóttir	5723.00		
Ragnhildur I. Bjarnadóttir	8012.00		
Ragnhildur Thorlacius	13585.00		
Ragnhildur Thoroddsen	15022.00		
Rannveig Tómasdóttir	7617.00		
Rigmor Ófeigsson	10155.00		
Rósa Eggertsdóttir	6009.00		
Rósa Jónsdóttir	6000.00		
Sesselja Þorsteinsdóttir Clausen	8012.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	12017.00		
Sigríður Bjarnason	25377.00		
Sigríður Björnsdóttir	8000.00		
Sigríður Einarsson	39056.00		
Sigríður Eiríksdóttir	8000.00		
Sigríður Finnbogadóttir	10155.00		
Sigríður Fjeldsted	10189.00		
Sigríður Gísladóttir	3828.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	3828.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	19137.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	6367.00		
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	12000.00		
Sigríður Pétursdóttir	11320.00		
Sigríður Sigtryggsdóttir	12000.00		
Sigríður Sæmundsson	24000.00		
Sigrún Árnadóttir	7000.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	9057.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	11320.00		
Sólveig Árnadóttir	8000.00		
Sólveig Eggerz	33456.00		
Sólveig Pétursdóttir	11320.00		
Sólveig P. Sandholt	8000.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Stefanía Hjaltested	6367.00		
Stefanía Snævarr	13000.00		
Stefanía Stefánsdóttir	12452.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	6748.00		
Steinunn Jóhannesdóttir	7617.00		
Steinunn Sigurðardóttir	12000.00		
Súsanna Friðriksdóttir	11320.00		
Sveinbjörg Kristinsdóttir	10000.00		
Sveindís Hansdóttir	6000.00		
Torfhildur Magnúsdóttir	6000.00		
Una Jóhannesdóttir	18000.00		
Unnur Guðjónsdóttir	25029.00		
Unnur Skúladóttir	12694.00		
Valborg Einarsson	12694.00		
Valborg Haraldsdóttir	10850.00		
Valgerður Björg Björnsdóttir	15000.00		
Valgerður Halldórsdóttir	18114.00		
Valgerður Helgadóttir	10014.00		
Valgerður Jóhannsdóttir	6867.00		
Valgerður Ólafsdóttir	9057.00		
Vigdís G. Blöndal	6367.00		
Viktoría Bjarnadóttir	1915.00		
Vilborg Bjarnadóttir	7244.00		
Vilborg Torfadóttir	3828.00		
Þóra L. Björnsson	13585.00		
Þóra Hjartar	4528.00		
Þóra Jónasdóttir	6509.00		
Þóra Magnúsdóttir	8000.00		
Þóra Sigfúsdóttir	5723.00		
Þóra Sigurðardóttir	3828.00		
Þóra Skaftason	3828.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	12694.00		
Þórunn Pálsdóttir	12694.00		
Þórunn Þórðardóttir	2343.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	7923.00		
Þuríður Benediktsdóttir	12732.00		
Þuríður Helgadóttir	6000.00		
Þuríður Káradóttir	14717.00		
		2 666 551	
c. Barnastyrkur: Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 1/7 1924, sjúklingur		3 828	
d. Uppbót á lífeyri skv. 18. gr. I. og II.		2 227 000	
			8 251 963
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað)			20 500 000
IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955			250 000

18. gr.

	kr.	kr.
V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940		24 000
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri		12 800 000
Samtals ...	. . .	42 313 620

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir		430 000 000
2. Útgjöld samkv. 22. og 25. gr.		5 000 000
3. Fyrningar		8 000 000
4. Til óvissra útgjalda		13 000 000
5. Til launauppbóta		65 000 000
Samtals ...	. . .	521 000 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		3 000 000
	Samtals ...	. . .	3 100 000
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs		20 124 707
II.	Framlag til ríkisábyrgðasjóðs		38 000 000
III.	Til byggingar stjórnarráðshúss		1 000 000
IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins		2 000 000
V.	Til ræktunar á jörðum ríkisins		190 000
VI.	1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	6 503 000	
	2. Til byggingar fávitahælis	427 500	
	3. Til byggingar hjúkrunarskóla	250 000	
			7 180 500
VII.	Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		3 000 000
VIII.	Til flugvallagerðar og flugöryggistækja		12 720 000
IX.	Til sjúkraflugvalla		492 100
X.	Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		665 000
XI.	1. Til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann á Akureyri	300 000	
	2. Til byggingar menntaskólans í Reykjavík	3 000 000	
	3. Til byggingar sjómannaskólans	500 000	
	4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500	
	5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	427 500	
	6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	3 000 000	
	7. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum ..	350 000	
	8. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	600 000	
	9. Til kaupa á kennarabústað á Hvanneyri	150 000	
			8 395 000
XII.	Til bygginga á prestssetrum		1 865 000
XIII.	Til greiðslu heimtaugagjalda á prestssetrum		194 000
XIV.	Til útihúsa á prestssetrum		734 000
XV.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		900 000
XVI.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		3 000 000
XVII.	Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla		1 000 000
XVIII.	Til að lána til kaupa á dieselrafstöðvum að fengnum tillögum raforkuráðs		205 000
XIX.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		500 000

20. gr.

		kr.	kr.
XX.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Varmá		95 000
XXI.	Framlag til atvinnubótasjóðs		10 000 000
XXII.	Til Byggingarsjóðs Listasafns ríkisins		500 000
XXIII.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna ..		800 000
XXIV.	Til aukningar landhelgisgæzlu		8 400 000
XXV.	Til kaupa á biskupsbústað		300 000
XXVI.	Til endurbóta á starfsmannahúsi að Bessastöðum		300 000
XXVII.	Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		300 000
XXVIII.	Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti ..		450 000
XXIX.	Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða		85 000
XXX.	Til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana		1 000 000
XXXI.	Til byggingar vitaskips		2 222 000
XXXII.	Til að byggja bókhlöðu að forsetasetrinu að Bessastöðum		500 000
XXXIII.	Til hlutabréfakaupa í Iðnaðarbanka Íslands h.f. ..		1 000 000
	Samtals ...	. . .	128 117 307

21. gr

I. Rekstrar

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		1 785 600 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		315 400 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		20 000 000
	Samtals ...	. . .	2 123 075 000

II. Sjóðs

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	2 123 075 000
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	3 000 000
	Samtals ...	2 126 175 000

firlit.

firlit.

21. gr.

		Gjöld:	kr.	kr.
7. gr.		Vextir		10 616 216
8. gr.		Kostnaður við æðstu stjórn landsins		1 611 933
9. gr.		Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		12 635 500
0. gr.		Til ríkisstjórnarinnar		50 639 874
1. gr.	A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	96 161 931	
—	B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	32 069 592	
—	C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	2 200 000	130 431 523
2. gr.		Til læknaskipunar og heilbrigðismála		66 149 446
3. gr.	A.	Vegamál	114 164 511	
—	B.	Samgöngur á sjó	17 620 500	
—	C.	Vitamál og hafnargerðir	34 087 778	
—	D.	Flugmál	12 156 503	
—	E.	Veðurþjónusta	5 188 509	
—	F.	Ýmis mál	6 527 519	189 745 320
4. gr.	A.	Kennslumál	241 438 576	
—	B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	15 542 428	256 981 004
5. gr.		Kirkjumál		16 516 866
6. gr.	A.	Landbúnaðarmál	95 178 088	
—	B.	Sjávarútvegsmál	36 729 771	
—	C.	Iðnaðarmál	5 780 520	
—	D.	Raforkumál	31 787 394	
—	E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	12 714 155	182 189 928
7. gr.		Til félagsmála		504 448 274
8. gr.		Til eftirlauna og styrktarfjár		42 313 620
9. gr.		Til óvissra útgjalda o. fl.		521 000 000
		Rekstrarafgangur		137 795 496
		Samtals	. . .	2 123 075 000

yfirlit.

		Út:	kr.
.—19. gr.		Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	1 985 279 504
		Aðrar útborganir:	
0. gr.		Afborganir lána og til eignaaukningar	128 117 307
		Greiðslujöfnuður	12 778 189
		Samtals	2 126 175 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1963 hjá allt að 20 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveituframkvæmda Hveragerðishrepps.

V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VI. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.

VII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

VIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

IX. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

X. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti, sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í pappaumbúðir um mjólk, að því leyti sem þau eru hærri en aðflutningsgjöld af mjólkurflöskum.

XII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).

XIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XIV. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XV. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XVI. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.

XVII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.

XVIII. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.

XIX. Að taka allt að 8 millj. kr. lán til byggingar Kennaraskólans.

XX. Að taka allt að 560 þús. kr. lán til endurbóta á Fiskiðjuveri Seyðisfjarðar, en það er nú eign ríkissjóðs.

XXI. Að taka lán að fjárhæð 14 200 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.

XXII. Að kaupa húseignina Borgartún 7 í Reykjavík.
XXIII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af sérstökum tækjum og efni, sem lagt er til af Mikla Norræna Ritsímafélaginu og flutt inn vegna nýju sæsímanna, samkvæmt samningum við það félag, dags. 26. jan. 1960.
XXIV. Að ábyrgjast allt að 60% af byggingarkostnaði nýrra flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts).
XXV. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Krabbameinsfélags Íslands á vindlingapakka og greiða félaginu allt að 25 aurum af hverjum pakka, er hún selur með merki félagsins.

23. gr.

Frá 1. júní 1962 er heimilt að greiða 7% uppbót á laun starfsmanna ríkisins, þar með talin yfirvinna.

24. gr.

Heimilt er að greiða á árinu 1963 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. febrúar 1960 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga á árinu 1963.

Þá er og heimilt að greiða sérstaka uppbót á allar fyrrnefndar greiðslur frá 1. júní 1962 að telja, sem nemi 7%.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu uppbóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

25. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1963 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Miðað við fjárlög yfirstandandi árs hækka rekstrarútgjöld samkvæmt frumvarpi þessu um 347.5 millj. kr. Mest verður hækkunin á liðnum niðurgreiðslur á vöruverði og uppbætur á útfluttar landbúnaðarafurðir eða 130 millj. kr., er á öðrum stað í greinargerð nánar greint frá því, hvað þeirri hækkun veldur. Þá hækka framlög til félagsmála um 85.9 millj. kr., m. a. vegna þess, að nú er lagt til að aftur verði tekið í fjárlög framlag til atvinnuleysistryggingasjóðs, sem eigi er í fjárlögum í ár, þar eð gert var ráð fyrir, að ríkissjóður greiddi það á nokkrum árum. Hafa nú tekizt samningar um greiðslu þess, og er fyrsta afborgun af því framlagi tekin í frv. Þá verður veruleg hækkun á framlögum til almannatrygginga, byggingarsjóðs verkamanna og ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Kennslumál hækka að vanda nokkuð eða um 18.4 millj. kr. vegna fjölgunar nemenda og útgjalda, sem af henni leiðir. — Landbúnaðarmál og sjávarútvegsmál hækka, hvort um sig, um 9 millj. kr., sem að mestu stafar af löggjöf frá síðasta Alþingi um aukin framlög til stofnlánadeildar landbúnaðarins og aflatryggingasjóðs.

Þá var nú nýlega samið um 7% launahækkun til handa ríkisstarfsmönnum og enn fremur voru á yfirstandandi ári ákveðnar sérstakar launabætur til kennara. Er áætlað, að útgjöld ríkissjóðs aukist af þessum sökum um 65 millj. kr., eins og nánar er vikið að í grg. um 19. gr. frv.

Gert er ráð fyrir að útborganir á 20. gr. hækki um tæpl. 17.2 millj. kr.

Áætlað er, að rekstrartekjur hækki lítið eitt meir en útgjöldin, eða um 374.2 millj. kr., án þess að grípa þurfi til skatta- eða tollahækkana. Þessi aukning ríkis-

teknanna stafar að nokkru af vaxandi innflutningi til landsins vegna aukinnar framleiðslu og frjálsari viðskipta. Enn fremur af aukinni veltu innanlands og hækkandi tekjum landsmanna.

Unnið er áfram að því að auka hagkvæmni í ríkisrekstrinum og hefur talsvert áunnizt í því efni. Má sem dæmi nefna fækkun þá, sem orðið hefur á starfsliði tollstjóraembættisins í Reykjavík, er upp var tekin hin sameiginlega gjaldheimta samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi.

Þess skal að lokum getið, að sú breyting verður á launaliðum frv. frá gildandi fjárlögum, að 4% kaupuppbótin, sem kom í gildi 1. júní s. l., er í frv. að sjálfsögðu reiknuð miðað við heilt ár. Veldur það 1.6% hækkun á launaliðunum.

Um 2. gr.

1. *Tekju- og eignarskattur* er áætlaður 155 millj. kr. eða 60 millj. kr. hærri en í gildandi fjárlögum. Höfð er hliðsjón af álögðum skatti 1962, svo og því, að gera má ráð fyrir nokkurri tekjuhækkun vegna kauphækkana, sem orðið hafa, svo og hinnar góðu síldveiði.
2. *Vörumagnstollur* er áætlaður 40 millj. kr. eða 7 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Höfð er m. a. hliðsjón af reynslu yfirstandandi árs.
3. *Verðtollur* er áætlaður 557 millj. kr. Er það 118.9 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Er það miðað við reynslu þá, sem af er þessu ári, en hún bendir m. a. til þess, að samsetning innflutnings sé nokkru hagstæðari, hvað tolltekjur snertir, en verið hefur. Þá er og þess að geta, að með lögum nr. 90 1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, var vörumagnstollur og innflutningsgjald fellt niður á þeim vörum, sem lögin taka til, en verðtollur einn settur í staðinn. Hækkar hann þá nokkuð á flestum vöruteg undum, þótt að öðru leyti sé um verulega lækkun heildargjalda að ræða.
4. *Innflutningsgjald* af benzíni er áætlað 63.0 millj. kr. í stað 58.0 í fjárlögum nú.
5. *Gjald af innlendum tollvörum* er áætlað 41.0 millj. kr., en það er 1.7 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum.
6. *Lestagjald af skipum* er áætlað óbreytt, 1.0 millj. kr.
7. *Bifreiðaskattur* er áætlaður 22.0 millj. kr., en það er 2.0 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.
8. *Aukatekjur* eru áætlaðar 28.0 millj. kr. eða 2.0 millj. hærra en í gildandi fjárlögum.
9. *Stimpilgjald* er óbreytt 43.0 millj. kr.
10. *Vitagjald* er óbreytt 3.0 millj. kr.
11. *Söluskattur* af innfluttum vörum (7%) er áætlaður 227 millj. kr. eða 50.2 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú. Söluskattur af vörusölu og þjónustu innanlands (3%) er áætlaður 247.6 millj. kr., en það er 32.6 millj. kr. hærra en í gildandi fjárlögum. Loks er bráðabirgðasöluskattur af innflutningi (8%) áætlaður 259.4 millj. kr. eða 57.4 millj. kr. hærri en í fjárlögum nú. Hluti Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hækkar úr 83.4 millj. kr. í 101.4 millj. kr.
12. *Innflutningsgjald* er með hliðsjón af reynslu í ár áætlað 125 millj. kr. eða 20 millj. kr. hærra en í fjárlögum nú.
13. *Gjald af bifreiðum og bifhjólum samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960* er áætlað 57 millj. kr. eða 12 millj. kr. hærra en í fjárlögum 1962. Hefur bifreiðainnflutningur nú verið frjáls um skeið, og bendir reynslan til þess að tekjur af gjaldi þessu fari heldur vaxandi.
14. *Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna* er áætlaður 18 millj. kr. í stað 15 í fjárlögum nú.

Um 3. gr. A.

Breyting verður á 3. gr. A, því að ein stofnun, sem þar hefur verið, Áburðarsala ríkisins, hefur verið lögð niður.

1. *Póstur og sími.* Áætlað er, að tekjur stofnunarinnar hrökkvi fyrir gjöldum eins og gert var ráð fyrir í þessa árs fjárlögum. Heildarupphæð tekna og gjalda hækkar um 20.4 millj. kr., aðallega vegna aukinna viðskipta.

2. *Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins.* Sala að frádregnum söluskatti og afslætti hækkar um 31 722 þús. kr.

Framleiðslukostnaður hækkar um 11.3 millj. kr., en skrifstofukostnaður lækkar um 1.1 millj. kr. Nettó-hagnaður hækkar um 20 500 þús. kr. Stafar það að mestu af verðhækkun þeirri, sem gerð var á áfengi og tóbaki á yfirstandandi ári.

3. *Ríkisútvarpið.* Gjöld hækka um 718 þús. kr., þar af hækkar kostnaður vegna höfundarlaga um 300 þús. kr. vegna nýrra samninga við Stef og Rithöfundasambandið. Laun og aukavinna hækkar um 270 þús. kr. og skrifstofukostnaður um 120 þús. kr. Aðrar tekjur en afnotagjöld lækka um 500 þús. kr. Til framkvæmdasjóðs er áætlað 1.6 millj. kr., sem er lækkun um 400 þús. kr. frá gildandi fjárlögum.

Um 3. gr. B.

Tekjur af fasteignum ríkissjóðs eru áætlaðar 75 þús. kr., eða óbreyttar frá fjárlögum þessa árs.

Um 7. gr.

Erlend lán ríkissjóðs hafa nú verið borguð upp, en

vextir af innlendum lánum ríkissjóðs eru taldir	kr. 10 777 151	
÷ endurgreiddir vextir frá öðrum	— 160 935	
		kr. 10 616 216

er það 1 432 þús. kr. hærra en í fjárlögum nú.

Vextir og afborganir af föstum lánum sundurliðast þannig:

Innlend lán.

Vextir: 7. grein 1. kr.	Afborganir: 20. gr. út I. kr.	
72 000	400 000	Innanríkislán 1941.
15 750	150 000	Innanríkislán 1944.
1 400	8 483	Lán vegna kaupa á fasteignum á Eyrarbakka og Stokkseyri.
37 416	374 160	Lán vegna eignakönnunar.
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (A-flokkur).
750 000	984 052	Happdrættislán 1948 (B-flokkur).
1 089	2 905	Lán hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis vegna Drápuhlíðar 4.
2 834	1 242	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna bústaðar sakadómara.
132 000	400 000	Lán hjá Landsb. Íslands vegna Skipaútgerðar ríkisins.
8 250	13 750	Lán hjá Útvegsb. Íslands vegna jarðarinnar Drangsnes.
470 535	953 000	Lán hjá Seðlabanka Íslands vegna gullframlags til Alþjóðabankans 1960.
135 976	1 112 275	Lán hjá Landsbanka Íslands til greiðslu yfirdráttarskulda í téðum banka, er stofnaðar voru vegna kaupa á nýsköpunartogurum og nokkrum Svíþjóðarbátum.
79 200	480 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna skuldaskilasjóðs útvegsmanna.
2 900	58 000	Lán vegna Syðstabæjarjarðar í Hrísey.
10 780	14 000	Lán hjá Brunabótafélagi Íslands vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.

Vextir: 7. grein 1. kr.	Afborganir: 20. gr. út I. kr.	
3 483	23 333	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna Byggingarsamvinnufélags Seyðisfjarðar.
12 133	26 667	Lán hjá Gjafasjóði Sigurgeirs Einarssonar vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
46 429	714 286	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna byggingar hjúkrunarskóla og fávitahælis í Kópavogi.
48 750	250 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1957 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
93 438	287 500	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1958 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
40 625	125 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1959 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
202 500	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1960 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
1 476 705	2 343 976	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna Lánadeildar smáíbúða.
2 709 000	4 500 000	Lán hjá Landsbanka Íslands vegna smíði tíu togara.
218 750	375 000	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1961 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
190 000	250 000	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
95 000	125 000	Lán hjá Lífeyrissjóði barnakennara vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
95 000	142 857	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
95 000	142 857	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
1 202 708	4 166 667	Lán hjá Almenna byggingarfélaginu vegna kaupa á Borgartúni 7.
40 000	62 500	Lán hjá Tryggingastofnun ríkisins 1962 vegna viðbyggingar við Landsspítalann.
190 000	250 000	Lán hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins 1962 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
47 500	62 500	Lán hjá Lífeyrissjóði barnakennara 1962 vegna byggingar Kennaraskóla Íslands.
1 500 000		Vextir vegna yfirdráttarskulda.
10 777 151	20 159 062	
÷ 160 935	÷ 34 355	
10 616 216	20 124 707	

Til frádráttar þessari vaxtaskuld koma (á móti skuld við Landsbankann upphaflega kr. 24 565 000.00 vegna togara og Svíþjóðarbáta):

1. Vextir af stofnlánum vegna togara ..... kr. 91 050.00
2. Vextir af 8.7 millj. kr. stofnlánabréfum í eigu ríkissjóðs, en Landsbankinn hefur þau að handveði vegna Svíþjóðarbáta .. — 46 356.00

Samtals kr. 137 406.00

Enn fremur koma til frádráttar afborganir og vextir af lánum veittum vegna sölu byggingarsamvinnufélagshúsa á Seyðisfirði, afborganir kr. 34 355.00 og vextir kr. 23 529.00.

Frádráttarliðir samtals: Vextir ..... kr. 160 935.00
Afborganir .. — 34 355.00

Um 9. gr.

Alþingiskostnaður hækkar um 1 430 þús. kr. samkvæmt áætlun skrifstofustjóra Alþingis. Til yfirskoðunar ríkisreikninga hækkar um 80 þús. kr., en þessi liður hefur verið of lágt áætlaður á undanförnum árum.

Um 10. gr.

I. *Stjórnarráðið.* Í utanríkisráðuneytinu er fjölgað um bókara en fækkað um einn fulltrúa. Í félagsmálaráðuneytinu er fækkað um einn fulltrúa. Í endurskoðunardeild fjármálaráðuneytisins verður fulltrúi deildarstjóri. Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu verður fulltrúi deildarstjóri. Í viðskiptamálaráðuneytinu verður fulltrúi deildarstjóri og ritari verður bókari. Í atvinnumálaráðuneytinu verður fulltrúi deildarstjóri. Í ríkisbókhaldi er bætt við bókara og bókari kemur í stað ritara. Fjölgað er um einn fulltrúa á Hagstofunni.

Ríkisstjórnin, Framkvæmdabanki Íslands og Seðlabanki Íslands hafa gert með sér samning um að setja á fót stofnun, sem nefnist Efnahagsstofnunin. Hlutverk hennar er einkum að undirbúa framkvæmdaáætlanir fyrir ríkisstjórnina og semja þjóðhagsreikninga og áætlanir um þjóðarbúskapinn. Jafnframt þessu var Efnahagsmálaráðuneytið lagt niður og hagdeild Framkvæmdabankans flutt til hinnar nýju stofnunar. Kostnaður við Efnahagsstofnunina skiptist jafnt milli samningsaðilja, og er hlutur ríkissjóðs áætlaður kr. 800 þús. á árinu 1963.

Liðurinn aðrir starfsmenn hækkar um 883 þús. kr. Liður þessi hefur mörg undanfarin ár reynzt allt of lágt áætlaður, og þykir rétt að leiðrétta hann nú.

Gert er ráð fyrir nýjum lið, kostnaði við kjarasamninga, 350 þús. kr. Það er augljóst mál, að væntanlegir kjarasamningar við samtök opinberra starfsmanna munu hafa nokkurn kostnað í för með sér, sem erfitt er að áætla nákvæmlega á þessu stigi.

II. *Utanríkismál.*

1. *Sendiráðið í Kaupmannahöfn.* Laun hækka um 134 þús. kr. vegna aukinnar dýrtíðar í Danmörku. Annar kostnaður hækkar um 48 þús. kr. af sömu ástæðum.

2. *Sendiráðið í Stokkhólmi.* Laun hækka um 57 þús. kr. og annar kostnaður um 10 þús. kr.

3. *Sendiráðið í London.* Laun hækka um 15 þús. kr. en annar kostnaður lækkar um 86 þús. kr.

4. *Sendiráðið í Washington.* Laun hækka um 240 þús. kr., en þau hafa staðið óbreytt um árabil þrátt fyrir vaxandi dýrtíð í Bandaríkjunum.

5. *Sendiráðið í París og skrifstofa fastafulltrúa Íslands hjá NATO og OECD.* Laun lækka um 47 þús. kr. og annar kostnaður um 143 þús. kr.

6. *Sendiráðið í Osló.* Laun hækka um 85 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 89 þús. kr.

7. *Sendiráðið í Bonn.* Laun lækka um 12 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 118 þús. kr.

8. *Sendiráðið í Moskva.* Annar kostnaður hækkar um 49 þús. kr.

Ræðismannsskrifstofan í Hamborg hefur verið lögð niður.

III. *Tillög til ýmissa alþjóðastofnana.*

3. Tillag til Sameinuðu þjóðanna hækkar um 135 þús. kr., en framlag til gæzluliðs Sameinuðu þjóðanna, 909 þús. kr. í þessa árs fjárlögum, fellur niður.

4. Tillag til matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna hækkar um 81 þús. kr.

5. Tillag til Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) hækkar um 241 þús. kr. Í tillaginu er innifalið tillag til Kjarnfræðistofnunar Evrópu, tillag til menntastofnunar OECD og tillag til framleiðniráðs Evrópu (EPA).

6. Tillag til Evrópuráðsins hækkar um 40 þús. kr.

8. Tillag til Atlantshafsbandalagsins (NATO) hækkar um 163 þús. kr.

15. Framlag til hinnar Alþjóðlegu framfarastofnunar lækkar um 270 þús. kr.

17. Tillag til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar lækkar um 143 þús. kr.

20. Tillag vegna Parísarsamþykktarinnar um vernd á sviði iðnaðar, kr. 28 500, er nýr liður.

Um 11. gr. A.

1. *Hæstiréttur.* Útgáfa hæstaréttardóma hækkar um 77 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 74 þús. kr. Til bókakaupa og ljósprentunar á II. bindi hæstaréttardóma, 300 þús. kr., eru nýir liðir.

2. *Saksóknaraembætti ríkisins.* Bætt er við sakaskrárritara. Annar kostnaður hækkar um 65 þús. kr.

3. *Borgardómaraembættið.* Laun hækka um kr. 112 731.00 vegna almennra launahækkana svo og þess, að 5 af fulltrúum borgardómara hafa samkvæmt nýjum lögum fengið starfsheitið „borgardómarar" og taka nú laun í IV. launaflokki. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 10 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

4. *Borgarfógetaembættið.* Bætt er við einum fulltrúa.

5. *Sakadómaraembættið.* Bætt er við innheimtustjóra, en fækkað um einn ritara. Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 125 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.

6. *Lögreglustjóraembættið í Reykjavík.* Fækkað er um einn aðstoðarmann. Ljós, hiti, ræsting og húskostnaður hækkar um 25 þús. kr., en annar kostnaður lækkar um sömu upphæð.

8. *Embætti sýslumanna, bæjarfógeta og lögreglustjóra utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Bætt er við einum fulltrúa og einum ritara í Hafnarfirði og einum ritara á Akureyri. Fækkað er um ritara á Sauðárkróki og Siglufirði. Annar kostnaður vex um 900 þús. kr., m. a. vegna of lágrar áætlunar áður. Endurgreiðsla frá Tryggingastofnun ríkisins hækkar um 200 þús. kr.

9. *Laun hreppstjóra* hækka um 54 þús. kr.

10. *Lögreglukostnaður:*

a. *Ríkislögregla í Reykjavík.* Álag á næturvinnu, aukavinna o. fl. hækkar um 140 þús. kr. Bifreiðakostnaður lækkar um 69 þús. kr. Fjarskiptaþjónusta er nýr liður, 100 þús. kr.

b. *Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli.* Laun voru lækkuð um 300 þús. kr. í meðförum Alþingis á fjárlagafrumvarpi fyrir 1962 vegna fækkunar um þrjá lögreglumenn. Þessi lækkun á launalið reyndist af misgáningi of mikil, og hækka því laun um 139 þús. kr. Fæðisstyrkur hækkar um 148 þús. kr.

c. *Ríkislögregla utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.* Laun lækka um 94 þús. kr. vegna of hárrar áætlunar í fjárlögum 1962.

11. *Til hegningarhúsa og vinnuhæla.*

b. *Vinnuhælið á Litla-Hrauni.* Aukavinna hækkar um 170 þús. kr. Áhættuþóknun 63 900 kr. er nýr liður. Annar kostnaður lækkar um 160 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar 140 þús. kr. lægri en áður vegna of hárrar áætlunar.

c. *Fangaklefar lögreglustöðvarinnar í Reykjavík.* Kostnaður ríkissjóðs vegna fangageymslunnar vex um 12 þús. kr.

13. *Málskostnaður* hækkar um 200 þús. kr. Hins vegar er áætlað, að endurgreiddur málskostnaður vaxi um 150 þús. kr., þannig að liðurinn hækkar um 50 þús. kr. frá fjárlögum 1962.

19. *Til útgáfu norræns dómasafns* hækkar um 15 þús. kr.

20. *Til útgáfu lagasafns.* Þetta er nýr liður að upphæð 400 þús. kr. Talið er að ekki verði lengur hjá því komizt að hefja nýja útgáfu lagasafnsins. Áætlað er að heildarkostnaður við útgáfuna verði 1 250 þús. kr.

21. *Til almannavarna.* Þessi liður er á 17. gr. V. 22. í fjárlögum 1962, en þykir eiga betur heima á 11. gr. A. Upphæðin er óbreytt eða ein milljón króna.

22. *Kostnaður við landhelgisgæzlu* lækkar um 4 900 þús. kr. Kostnaðurinn lækkar einkum vegna þess, að lokið er flokkun á „Ægi", en kostnaður við hana var áætlaður 3.5 millj. kr. í fjárlögum 1962. Þá er ekki gert ráð fyrir því, að Gautur verði notaður á árinu 1963, og því ekki áætlað fé til útgerðar hans. Sparast við það 2 650 þús. kr. Gert er ráð fyrir 12 ára flokkun á „Þór", og hækkar kostnaðurinn við hann um 465 þús. kr. Kostnaður við ýmsa gæzlu hækkar um 1 090 þús. kr.

23. *Bifreiðaeftirlit ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 352 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

24. *Kostnaður við eftirlit á vegum.* Laun hækka um 38 þús. kr., aðallega vegna þess, að gert er ráð fyrir launum tveggja eftirlitsmanna, en í fjárlögum 1962 er gert ráð fyrir 1½ launum.

25. *Húsameistari ríkisins.* Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Tekjur lækka um 50 þús. kr., en þær hafa reynzt of hátt áætlaðar undanfarið.

Um 11. gr. B.

I. *Tollar:*

a. *Tollstjóraembættið í Reykjavík.* Vegna breytingar á innheimtu opinberra gjalda, sbr. lög nr. 68/1962, lækka útgjöld ríkisins vegna embættisins mjög verulega. Laun lækka um 1.6 millj. kr. vegna fækkunar um 23 starfsmenn, og lausavinna, 795 þús. kr. í fjárlögum þessa árs, fellur niður, en lausráðnir starfsmenn voru 11. Alls er því fækkað um 34 starfsmenn. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 20 þús. kr. Símakostnaður og burðargjöld um 26 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 744 þús. kr.

b. 1. *Tollgæzla.* Einn varðstjóri er gerður að yfirtollverði og 6 tollverðir eru gerðir að varðstjórum. Álag á næturvinnu hækkar um 27 þús. kr. Húsaleiga, ljós og hiti hækkar um 67 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 99 þús. kr.

2. *Á Keflavíkurflugvelli.* Þrír tollverðir eru gerðir að varðstjórum. Álag á næturvinnu og helgidagauppbót hækkar um 9 þús. kr. Fæðisstyrkur tollvarða hækkar um 51 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 112 þús. kr.

3. *Utan Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvallar.* Bætt er við hálfum launum tollvarðar, sem áður var jafnframt ríkislögregluþjónn.

II. *Kostnaður við ríkisskattanefnd og skattstofur* er áætlaður óbreyttur frá því, sem er í fjárlögum nú. Skipting landsins í skattumdæmi samkvæmt V. kafla laga nr. 70/1962, um tekjuskatt og eignarskatt, kom til framkvæmda 1. október 1962. Ríkisskattstjórinn vinnur nú að nauðsynlegum undirbúningi hins nýja kerfis. Enn eru ekki fyrir hendi sundurliðaðar tillögur um áætlaðan kostnað við skattstörfin í hverju hinna nýju umdæma fyrir sig. Væntanlega verður hægt við meðferð frumvarpsins á Alþingi að sundurliða þennan kostnað nánar og áætla hann endanlega.

III. *Kostnaður við fasteignamat.* Þessi liður kemur í stað millimatskostnaðar í þessa árs fjárlögum og hækkar um 2 725 þús. kr. Sú hækkun stafar af því, að nú er að hefjast aðalmat fasteigna samkvæmt lögum og búast má við því, að á næsta ári hafi þau störf veruleg útgjöld í för með sér.

Liðurinn eftirlit með sparisjóðum fellur nú niður, þar eð þetta eftirlit hefur verið falið Seðlabankanum.

V. *Kostnaður við embættiseftirlitsferðir* hækkar um 9 þús. kr.

VII. *Innheimtustofnun.* Í samræmi við ákvæði laga nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda hafa ríkissjóður, borgarsjóður Reykjavíkur og Sjúkrasamlag Reykjavíkur komið á fót sameiginlegri innheimtustofnun (Gjaldheimtan). Ríkissjóður greiðir samkvæmt samningi fyrsta starfsárið 42.5% af kostnaði þessarar stofnunar, og nemur sú upphæð samkvæmt áætlun forráðamanna stofnunarinnar 1 650 þús. kr.

Um 12. gr.

II. *Héraðslæknar.* Gert er ráð fyrir launum til 63 héraðslækna, þar af 6 aðstoðarlækna og eins staðgengils, og er það óbreytt tala frá því sem verið hefur.

IV. *Ríkisspítalar.* Rekstrarhalli ríkisspítalanna lækkar um 795 þús. kr.

A. *Landsspítali.* Gert er ráð fyrir, að starfsliði fjölgi um sérfræðing við röntgendeild, námskandidat og lyfjafræðing með hálfum launum. Áætlað var, að stækkun barnadeildar kæmi til framkvæmda 1. okt. 1962, og var í þessa árs fjárlögum gert ráð fyrir launum til nýs starfsfólks við barnadeild, alls 26 að tölu. Úr þessu verður ekki á þessu ári, en áætlað að aukningin komi til framkvæmda 1. september 1963. Er því gert ráð fyrir launum til hins nýja starfsfólks frá þeim tíma. Matvörur hækka um 324 þús. kr. og kostnaður við Ljósmæðraskólann hækkar um 52 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 1 422 þús. kr., einkum vegna þess, að felld er nú niður fjárveiting til kaupa á tækjum í viðbyggingu, þar eð eðlilegra þykir að slíkur kostnaður teljist til stofnkostnaðar og greiðist sem slíkur. Tekjur hækka um 1 450 þús. kr. og er miðað við 180 kr. daggjald, en það er 20 kr. hærra en í fjárlögum nú. Rekstrarhalli hækkar um 325 þús. kr. frá því sem er í fjárlögum í ár.

B. *Fæðingardeild Landsspítalans.* Bætt er við barnalækni með hluta úr launum og skurðstofuhjúkrunarkonu. Matvörur hækka um 43 þús. kr. og annar kostnaður um 210 þús. kr. Tekjur hækka um 700 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 21 þús. kr.

C. *Hjúkrunarskóli Íslands.* Miðað er við óbreytt starfslið. Fæðiskostnaður hækkar um 39 þús. kr. og annar kostnaður um 43 þús. kr. Tekjur hækka um 30 þús. kr.

D. *Heilsuhælið á Vífilsstöðum.* Starfsfólki fjölgar um rannsóknarkonu og sérfræðing í röntgenlækningum með hluta úr launum. Matvörur hækka um 61 þús. kr. og annar kostnaður um 332 þús. kr., og er þá m. a. gert ráð fyrir ⅙ kostnaðar af lagningu skolpveitu frá hælinu til sjávar, sem áætlað er að kosti 1 070 þús. kr. Tekjur hækka um 1 098 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 181 þús. kr.

E. *Heilsuhælið í Kristnesi.* Gert er ráð fyrir, að deildarlæknir, sem starfaði hálft árið, starfi nú allt árið 1963, og hækka laun við það um 50 þús. kr. Matvörur hækka um 76 þús. kr. og annar kostnaður um 112 þús. kr. Tekjur hækka um 240 þús. kr. Rekstrarhalli hækkar um 93 þús. kr.

F. *Geðveikrahælið á Kleppi.* Starfsfólki fjölgar um yfirlækni með hálfum launum og sjúkrakennara. Matvörur hækka um 18 þús. kr. og annar kostnaður um 162 þús. kr. Tekjur hækka um 1 600 þús. kr. og er reiknað með 130 kr. daggjaldi. Rekstrarhalli lækkar um 941 þús. kr.

G. *Holdsveikraspítalinn í Kópavogi.* Matvörur lækka um 16 þús. kr. og annar kostnaður um 7 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 49 þús. kr.

H. *Fávitahælið í Kópavogi.* Starfsmannahald er óbreytt. Matvörur lækka um 48 þús. kr., en annar kostnaður um 365 þús. kr. Tekjur hækka um 778 þús. kr. og rekstrarhalli lækkar um 256 þús. kr.

I. *Blóðbankinn.* Annar kostnaður hækkar um 42 þús. kr. og tekjur um 90 þús. kr. Rekstrarhalli er óbreyttur.

V. *Rannsóknarstofa háskólans.* Bætt er við einum deildarlækni frá 1. júlí

1963. Annar kostnaður hækkar um 140 þús. kr. Rekstrarhalli er óbreyttur frá fjárlögum nú, þar eð tekjuáætlun er hækkuð um 380 þús. kr.

VII. b. Byggingarstyrkur til St. Jósefsspítalans í Reykjavík 1 950 þús. kr. er nýr liður. Hér er um að ræða greiðslu af lánum vegna byggingar spítalans, en hann á nú í miklum fjárhagsörðugleikum.

XIX. *Kostnaður vegna eyðingar á rottum* hækkar um 50 þús. kr.

XXVI. Tillag til alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar hækkar um 117 þús. kr.

XXVIII. Til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands 100 þús. kr. er nýr liður.

Um 13. gr. A.

II. *Þjóðvegir.* Vegaviðhald hækkar um 5 millj. kr. Framlag til fyrrverandi vegaverkstjóra og verkstjóraekkna hækkar um 37 þús. kr. vegna of lágrar áætlunar áður. Gjöld samkv. lögum nr. 16/1943, um orlof verkamanna, lækka um 40 þús. kr.

Til kaupa á sovézkum vélum af Hafnarfjarðarbæ 970 þús. kr. er nýr liður.

Um 13. gr. B.

III. Ákveðið er, að byggðir verði tveir nýir flóabátar, fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts).

Áætlaður byggingarkostnaður hvors báts er 7 millj. kr., og er gert ráð fyrir að ríkissjóður greiði 50% byggingarkostnaðar.

Við undirritun smíðasamnings er gert ráð fyrir að greidd verði 1 millj. kr. af framlagi ríkissjóðs til hvors báts, og 750 þús. kr. til hvors báts árið 1963. Alls nemur því þessi liður 3.5 millj. kr. árið 1963.

Síðan er gert ráð fyrir 250 þús. kr. árlegri fjárveitingu til greiðslu kostnaðarhluta ríkissjóðs, unz greidd hafa verið 50% byggingarkostnaðar.

Um 13. gr. C.

I. *Stjórn og undirbúningur vita- og hafnarmála.* Annar skrifstofukostnaður hækkar um 25 þús. kr. Ferðakostnaður og fæðispeningar hækka um 15 þús. kr.

IV. *Rekstrarkostnaður vitanna* lækkar um 300 þús. kr., vegna þess að gert er ráð fyrir að vitaskipið hafi nokkrar tekjur.

V. Viðhald og endurbætur vitanna hækkar um 50 þús. kr.

VII. Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta hækkar um 3.2 millj. kr.

IX. *Framlag til hafnarbótasjóðs* er 4.5 millj. kr., og er í því fólgið auk lögboðins framlags 1 millj. kr., sem ætlaðar eru Bolungarvíkurhöfn sérstaklega, vegna skemmda, sem urðu á hafnarmannvirkjum 1959—60.

X. Nýr liður.

Um 13. gr. D.

I. *Stjórn flugmála.* Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Endurgreiðsla vegna alþjóðaflugþjónustunnar hækkar um 615 þús. kr.

II. *Reykjavíkurflugvöllur:*

2. *Slökkviliðsdeild.* Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. Aukavinna hækkar um 7 þús. kr. og álag á næturvinnu og áhættuþóknun um sömu upphæð.

3. *Vélaverkstæði.* Laun vélvirkja og tímakaupsmanna hækkar um 35 þús. kr. og aukavinna um 5 þús. kr.

4. *Trésmíðaverkstæði.* Laun trésmiða og aðstoðarmanna hækka um 39 þús. kr. og annar kostnaður um 35 þús. kr.

5. *Verklegar framkvæmdir.* Laun verkamanna hækka um 49 þús. kr. Efni og aðkeypt vinna hækkar um 150 þús. kr. og malbikun flugbrauta um 100 þús. kr.

6. *Rafmagnsverkstæði.* Rafvirki, sem verið hefur lausráðinn, er nú fastráðinn.

7. *Annar kostnaður* hækkar um 300 þús. kr. Á móti koma tekjur af raforkusölu til flugfélaganna og olíufélaganna, sem starfa á flugvellinum. Þessar tekjur hafa ekki verið áætlaðar áður í fjárlögum, en eru nú áætlaðar 450 þús. kr., þannig að liðurinn lækkar um 150 þús. kr. nettó.

III. *Keflavíkurflugvöllur.* Sú breyting hefur orðið á rekstri Keflavíkurflugvallar, að Loftleiðir h.f. hafa tekið að sér þann rekstur, sem féll undir Flugumsjónardeild og Flugvirkjadeild, en kostnaður við þessar deildir er áætlaður 6.3 millj. kr. samtals í fjárlögum 1962. Tekjur ríkissjóðs af vellinum minnka hins vegar allmikið við þetta, þó verður nettó-sparnaður ríkissjóðs vegna þessarar ráðstöfunar væntanlega um 2 millj. króna á árinu 1963.

1. *Skrifstofukostnaður.* Annar kostnaður hækkar um 27 þús. kr.

2. *Flugumferðarstjórn.* Álag á næturvinnu og aukavinna hækkar um 15 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr.

3. *Radíódeild.* Yfirvinna hækkar um 5 þús. kr. og annar kostnaður um 17 þús. kr.

4. *Tryggingagjöld* lækka um 71 þús. kr. vegna fækkunar starfsmanna.

5. *Viðhald húsa og rafstöðva* hækkar um 14 þús. kr.

IV. *Aðrir flugvellir.* Framkvæmdastjórn hækkar um 40 þús. kr. Egilsstaðaflugvöllur hækkar um 20 þús. kr. Vestmannaeyjaflugvöllur lækkar um 45 þús. kr. Sauðárkróksflugvöllur lækkar um 40 þús. kr. Ísafjarðarflugvöllur lækkar um 174 þús. kr. Ýmsir flugvellir hækka um 60 þús. kr., og snjómokstur hækkar um 50 þús. kr. Liðurinn í heild lækkar um 129 þús. kr.

V. *Flugöryggisþjónustan:*

B. *Flugumferðarstjórn:*

1. Upplýsingaþjónustan. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

3. Flugumferðarstjórn, Akureyri. Fækkað er um einn varðstjóra. Aukavinna hækkar um 35 þús. kr. og annar kostnaður um 6 þús. kr.

4. Flugumferðarstjórn, Vestmannaeyjum. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr.

5. Flugumferðarstjórn, Egilsstöðum. Aukavinna hækkar um 5 þús. kr.

C. *Flugfjarskiptistöðvar og radíóvitar:*

2. *Viðhald stöðvanna:*

A. Radíóverkstæði, Reykjavík. Efni og varahlutir hækka um 130 þús. kr. Ferðakostnaður og aukavinna hækkar um 10 þús. kr. Seld vinna og efni hækkar um 275 þús. kr.

B. Radíóverkstæði, Akureyri. Efni og varahlutir hækka um 35 þús. kr. Ferðakostnaður og aukavinna hækkar um 15 þús. kr. Selt efni og vinna hækkar um 128 þús. kr.

C. Radíóverkstæði, Egilsstöðum. Efni og varahlutir hækka um 20 þús. kr. Ferðakostnaður og aukavinna hækkar um 10 þús. kr. Seld vinna og efni hefur ekki verið áætlað áður sem tekjuliður, en er nú áætlað 123 500 kr.

3. Rekstur stöðvanna hækkar um 900 þús. kr. og alþjóðlegt framlag til rekstrar þeirra um 307 þús. kr.

IX. *Loftferðaeftirlit.* Tekjur lækka um 5 þús. kr.

X. *Alþjóðaflugþjónustan.* Flugumferðarstjórn hækkar um 8.5 millj. kr., aðallega vegna leigu á sæsímastreng. Fjarskiptaþjónustan hækkar um 476 þús. kr. Veðurþjónustan hækkar um 2.2 millj. kr., vegna veðurathugana í háloftunum, en sá kostnaður var áður greiddur af varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Alþjóðaflugmálastofnunin greiðir um 92% af kostnaði við alþjóðaflugþjónustuna. Hækkun á framlagi Íslands til hennar verður því aðeins 717 þús. kr.

Tekjur af Keflavíkurflugvelli lækka um 6 450 þús. kr., þar af um 2 millj. kr. vegna of hárrar áætlunar, en að öðru leyti vegna yfirtöku Loftleiða h.f. á rekstri þeim, sem féll undir Flugumsjónar- og Flugvirkjadeild. Tekjur af öðrum flugvöllum lækka um 100 þús. kr. vegna of hárrar áætlunar.

Um 13. gr. E.

I. *Almenn veðurþjónusta:*

A. *Yfirstjórn og skrifstofa.* Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr.

B. *Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli.* Aukavinna og næturálag hækkar um 5 þús. kr. Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 25 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr.

C. *Loftskeytadeild.* Annar kostnaður lækkar um 30 þús. kr.

D. *Veðurfarsdeild.* Þóknun veðurathugunarmanna hækkar um 83 þús. kr.

E. *Áhaldadeild.* Aukavinna hækkar um 2 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

F. *Jarðeðlisfræðideild.* Aukavinna hækkar um eitt þúsund kr. Jarðskjálftamælingar utan Reykjavíkur hækka um 37 þús. kr. vegna aukinnar gæzlu nýrra mæla á Akureyri. Annar kostnaður hækkar um 20 þús. kr. Endurgreiðsla vegna flugveðurþjónustu hækkar um 108 þús. kr.

III. *Veðurþjónusta vegna millilandaflugs.* Ráðuneytið hefur tekið áætlun veðurstofustjóra svo til óbreytta inn í frumvarpið, enda er hún í samræmi við áætlun þá, sem send er Alþjóðaflugmálastofnuninni.

Um 13. gr. F.

I. *Ferðaskrifstofa ríkisins.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 20 þús. kr. Aukavinna hækkar um 50 þús. kr. Rekstrarhalli verður 350 þús. kr.

II. *Skipaskoðun ríkisins.* Þóknun skipaskoðunarmanna hækkar um 50 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 40 þús. kr. og annar kostnaður um 100 þús. kr.

III. *Stýrimannaskólinn.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 20 þús. kr. Til námskeiða utan Reykjavíkur hækkar um 10 þús. kr.

IV. *Sjómannaskólahúsið.* Annar kostnaður hækkar um 82 þús. kr. Tekjur hækka á móti og eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

V. *Til matsveina- og veitingaþjónaskóla.* Þessi liður er nú sundurliðaður í frumvarpinu, í fyrsta sinn. Hann lækkar um 39 þús. kr. frá fjárlögum 1962.

VII. *Til sjómælinga og sjókortagerðar:*

1. Sjómælingar. Mælingavinna hækkar um 5 þús. kr. Útgerð sjómælingabáts hækkar um 10 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr.

2. Sjókortagerð. Prentun hækkar um 25 þús. kr. og annar kostnaður um 5 þús. kr. Tekjur hækka um 50 þús. kr.

X. *Til gistihúsasjóðs,* 1 millj. kr., er nýr liður. Í undirbúningi er löggjöf um þessi mál, og er ætlazt til þess, að fé úr sjóðnum verði varið til endurbóta á gistihúsnæði í landinu.

Um 14. gr. A.

I. a. *Háskólinn.* Teknar eru óbreyttar tillögur háskólarektors og menntamálaráðuneytisins. Hækkun frá fjárlögum yfirstandandi árs er tæplega 1 460 þús. kr., og stafar hún í höfuðdráttum af því að upp eru teknir eftirfarandi nýir liðir: Námskeið fyrir norræna stúdenta 150 þús. kr., til frjálsrar rannsóknarstarfsemi 150 þús. kr., orlof háskólakennara 150 þús. kr., til sérlestrarherbergja stúdenta 150 þús. kr., til félagsstarfsemi stúdenta 70 þús. kr. Þá hækka þessir liðir sem hér segir: Til bókakaupa um 100 þús. kr., stundakennsla um 104 þús. kr., til tannlækningastofu um 72 þús. kr., til kennslu í lyfjafræði lyfsala um 78 þús. kr., fasteignagjöld og tryggingar um 55 þús. kr. og ýmis útgjöld um 234 þús. kr., en í þeim lið er m. a. falin fjárveiting til árbókar Háskólans 120 þús. kr.

b. *Tilraunastofa háskólans á Keldum.* Bætt er við einni aðstoðarstúlku. Annar kostnaður hækkar um 94 þús. kr. og tekjur hækka um 495 þús. kr. Rekstrarhalli lækkar um 324 þús. kr.

c. *Handritastofnun Íslands.* Stofnunin tekur við störfum útgáfunefndar handrita, en til hennar eru veittar í gildandi fjárlögum (14. gr. B. XII. 3) 100 þús. kr.

Þá eru og veittar í fjárlögum 1962 510 þús. kr. til handritastofnunar við Háskóla Íslands. Hækkun á þessum lið verður því 115 þús. kr.

d. *Til eðlisfræðirannsókna* hækkar um 38 þús. kr. Þessi liður er á 14. gr. A. I. 14 í fjárlögum þessa árs.

II. *Til styrktar íslenzkum námsmönnum* hækkar um 731 þús. kr., vegna fjölgunar 5 ára styrkja og vegna námsmannafjölgunar.

III. *Fræðslumálastjóraembættið.* Starfslið er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 227 þús. kr., nær eingöngu vegna flutnings embættisins í dýrara húsnæði.

IV. *Menntaskólinn í Reykjavík.* Kennurum fjölgar um fimm vegna nemendafjölgunar, og er þá gert ráð fyrir fullri tölu kennara. Af þeim sökum lækkar stundakennsla um 253 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 17 þús. kr. og prófkostnaður um 9 þús. kr. Viðhaldskostnaður hækkar um 31 þús. kr. og annar kostnaður um 18 þús. kr.

Þá er nýr liður, húsaleiga 120 þús. kr., vegna leiguhúsnæðis skólans í Þrúðvangi.

V. *Menntaskólinn á Akureyri.* Fjölgað er um einn kennara, en niður fellur hluti af launum vegna söngkennslu. Stundakennsla hækkar um 130 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 23 þús. kr. Viðhaldskostnaður hækkar um 70 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 50 þús. kr., aðallega vegna ráðningar skrifstofustúlku.

VI. *Menntaskólinn á Laugarvatni.* Tala kennara er óbreytt, en annar kostnaður hækkar um 28 þús. kr.

VII. *Kennaraskólinn.* Fjölgað er um einn kennara og enn fremur um húsvörð, vegna flutnings í hið nýja hús skólans. Stundakennsla hækkar um 76 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 164 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 10 þús. kr. og húsnæði utan skólans er nýr liður 60 þús. kr., en þar er um að ræða leigu eftir fimleikahús.

2. *Handíðadeild Kennaraskólans.* Stundakennsla lækkar um 5 þús. kr. og hiti, ljós og ræsting um 82 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 6 þús. kr. og viðhaldskostnaður 50 þús. kr. er nýtt, en nauðsynlegt er talið að framkvæma viðgerð á gamla kennaraskólahúsinu, sem deildin flyzt nú í.

VIII. *Vélskólinn.* Fækkað er um einn kennara, en stundakennsla hækkar um 59 þús. kr., prófkostnaður um 3 þús. kr. og verkleg kennsla um 3 þús. kr.

IX. *Iðnfræðsla.*

1. *Iðnskólinn í Reykjavík.* Tala kennara er óbreytt, en stundakennsla hækkar um 23 þús. kr. og annar kostnaður um 99 þús. kr.

2. *Iðnskólar utan Reykjavíkur.* Stundakennsla og annar kostnaður hækkar um 150 þús. kr.

3. *Listiðnaðardeild Handíðaskólans.* Stundakennsla og annar kostnaður hækkar um 195 þús. kr., vegna aukinnar kennslu og of lágrar áætlunar undanfarið.

X. *Almenn barnafræðsla.* Framlög til barnafræðslu hækka alls um 6 790 þús. kr. frá fjárlögum 1962. Laun kennara hækka um tæpar 2 400 þús. kr., en gert er ráð fyrir að kennurum fjölgi um 27 vegna nemendafjölgunar. Laun ráðskvenna hækka um 226 þús. kr., vegna fjölgunar og lengingar á starfstíma sumra skóla. Kostnaður vegna stundakennslu, tví- og þrískipunar í skólahúsnæði, hækkar um 1 270 þús. kr., bæði vegna nemendafjölgunar og hækkaðs kaups vegna tímakennslu, heimavinnu og umsjónar. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 2 838 þús. kr. Til framkvæmdar sundskyldu í skólum hækkar um 181 þús. kr., en framlag til byggingar barnaskóla lækkar um 80 þús. kr.

XI. *Gagnfræðamenntun.* Framlög til gagnfræðamenntunar hækka alls um 6 901 þús. kr. Kennurum fjölgar um 29 og laun hækka um 3 091 þús. kr.

Stundakennsla, umsjón og tví- og þrískipun í skólahúsnæði hækkar um 1 477 þús. kr. Annar rekstrarkostnaður hækkar um 2 309 þús. kr. Hækkun á rekstrarkostnaði gagnfræðaskóla stafar m. a. af breyttu fyrirkomulagi á rekstri héraðs-

skóla. Nýr liður er á greininni, 45 þús. kr. til sérfræðilegs ráðunauts um meðferð á skólanemendum með bæklun eða burðargalla. Með lögum frá síðasta Alþingi, nr. 34/1962, er ákveðið að heimavistarskólar gagnfræðastigsins (þ. e. héraðsskólar), sem nú eru reknir að Laugarvatni, Laugum, Núpi, Reykholti, Reykjanesi, Reykjum og Skógum, skuli vera séreign ríkisins frá 1. janúar 1962, ef hlutaðeigandi sýslufélög óska þess. Skulu sýslufélögin þá afhenda ríkissjóði skuldlaust og kvaðalaust sinn hluta í eignum skólanna eins og þær eru í árslok 1961. Hér er gert ráð fyrir, að allir héraðsskólarnir notfæri sér umrædda lagaheimild og verði að öllu leyti reknir af ríkissjóði. Vegna þess að ríkissjóður tekur nú einnig að sér rekstur héraðsskólanna í stað þess, að hlutaðeigandi sýslufélög hafa staðið undir kostnaðinum og fengið hluta ríkissjóðs greiddan eftir á, verður í fjárlögum 1963 að gera ráð fyrir fé til alls rekstrarkostnaðarins fyrir bæði árin 1962 og 1963.

Liðurinn til námskeiða fyrir gagnfræðaskólakennara hækkar um 25 þús. kr.

Liðurinn til lagfæringar á húsnæði heimavistarskóla vegna gistihúsahalds, 1 millj. kr., er nýr liður. Á s. l. sumri var ákveðið að verja nokkurri fjárhæð til þess að gera vissar endurbætur á húsnæði og húsbúnaði nokkurra skóla, til þess að þeir gætu orðið sem hæfastir til notkunar sem gistihús að sumrinu til. Fjármálaeftirlitsmanni skóla var í samráði við sérfróða menn falið að gera áætlun um kostnað er af þessu hlytist, og reyndist sú áætlun vera 3 millj. kr. Gert er ráð fyrir, að kostnaður þessi verði greiddur á 3 árum, 1 millj. kr. á ári, og er hér gert ráð fyrir fyrstu greiðslunni.

XII. Stofnkostnaðarframlag vegna barna- og gagnfræðaskólabygginga, er fullsmíðaðir voru 1954, lækkar um 752 þús. kr.

XIV. *Húsmæðrafræðsla í kaupstöðum.*

1. *Húsmæðrakennaraskólinn.* Húsaleiga, ljós, hiti og ræsting hækkar um 6 þús. kr. og viðhaldskostnaður um 8 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 9 þús. kr. Kostnaður við námsdvöl að Laugarvatni, nú kr. 30 þús., er í fjárlögum annað hvert ár.

2.—5. *Húsmæðraskólar í kaupstöðum.* Tala kennara er óbreytt. Stundakennsla, viðhald og annar kostnaður hækkar um 80 þús. kr.

XV. 1. *Íþróttakennaraskóli ríkisins.* Til viðhalds á íþróttahúsi lækkar um 9 þús. kr., en annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

3. Framlag til Íþróttasambands Íslands hækkar um 80 þús. kr.

XVI. *Til kennslu heyrnar- og málleysingja.* Til áhaldakaupa hækkar um 25 þús. kr. og inn kemur nýr liður til viðhalds á skólahúsi 40 þús. kr. Annar kostnaður lækkar um 51 þús. kr.

XVIII. *Kostnaður við barnaverndarráð* hækkar um 10 þús. kr.

XXV. *Til dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga* hækkar um 48 þús. kr.

XXXIII. *Námsstjórar.* Annar kostnaður námsstjóra hækkar um 8 þús. kr. og annar kostnaður fræðslustjórans í Reykjavík hækkar um 26 þús. kr.

XXXIV. *Endurskoðun skólakostnaðar.* Annar kostnaður hækkar um 24 þús. kr.

XXXVI. *Til upptökuheimilisins í Elliðahvammi.* Áætlað er að rekstrarhalli upptökuheimilisins hækki um 20 þús. kr.

Um 14. gr. B

I. *Landsbókasafnið.* Laun lækka um 66 þús. kr. vegna þess að aðstoðarbókavörður, sem starfað hefur við safnið undanfarin ár, hefur hætt störfum og ekki verið ráðinn nýr maður í hans stað. Til bóka-, tímarita- og handritakaupa og bókbands hækkar um 50 þús. kr.

II. *Þjóðskjalasafnið.* Til bókbands, bóka- og handritakaupa og til umbúnaðar skjala hækkar um 10 þús. kr. Ýmisleg útgjöld hækka um 8 þús. kr.

Til æviskrárritunar lækkar um 15 þús. kr.

III. *Þjóðminjasafnið.* Til rannsókna og ferðalaga hækkar um 5 þús. kr. Til endurbóta á skrifstofu er nýr liður að upphæð 50 þús. kr.

12. Til byggðasafna 100 þús. kr. er nýr liður.

13. Til að minnast 100 ára afmælis Þjóðminjasafnsins 100 þús. kr. er nýr liður. Til aðstoðar hækkar um 40 þús. kr.

V. *Náttúrugripasafnið.* Laun hækka um 102 þús. kr., þar af um 93 þús. kr. vegna ráðningar nýs sérfræðings að safninu. Til rannsókna og ferðakostnaðar hækkar um 5 þús. kr. Styrkur til Eyþórs Einarssonar til að gera kort af útbreiðslu íslenzkra háplöntutegunda, að upphæð 8 þús. kr., er nýr liður. Hiti, ljós og ræsting og önnur gjöld lækka um 15 þús. kr.

X. *Safnahúsið.* Til hita, ljósa og opinberra gjalda hækkar um 11 þús. kr. Til viðhalds, áhalda og ræstingar hækkar um 12 þús. kr. Ýmis gjöld hækka um 10 þús. kr.

XI. a. *Framlag til bókasafna samkvæmt lögum nr. 42/1955, um almenningsbókasöfn.* Til sveitabókasafna og lestrarfélaga hækkar um 15 þús kr., og til bókasafna skóla og annarra opinberra stofnana hækkar um sömu upphæð.

XII. *Styrkur til bókaútgáfu o. fl.* Til héraðsskjalasafna samkvæmt lögum nr. 7/1947 hækkar um 30 þús. kr. Til greiðslu kostnaðar við norrænu menningarmálanefndina hækkar um 20 þús. kr. Til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs hækkar um 10 þús. kr. Til norræns blaðamannanámskeiðs í Árósum hækkar um 10 þús. kr.

20. *Til samningar íslenzkrar orðabókar* hækkar um 100 þús. kr.

XIII. *Til skálda, rithöfunda og listamanna* hækkar um 284 þús. kr.

XVIII. Styrkur til Myndlistarskólans í Reykjavík hækkar um 30 þús. kr.

XLIV. *Til tónlistarstarfsemi.* Til tónlistarskólans, laun skólastjóra og kennara, hækkar um 116 þús. kr. Hækkunin stafar af því að bætt er við söngkennara í kennaradeild skólans allt árið 1963 og annar til viðbótar tekur til starfa 1. sept. 1963.

Á móti þessari hækkun er felld niður fjárveiting til Tónlistarskólans í Reykjavík, til söngkennslu 40 þús. kr.

26. Nýr liður. Rétt hefur þótt að taka upp nýjan lið til tónlistarskólanna vegna hljóðfærakaupa o. fl. 200 þús. kr., en fjármál þeirra eru nú í athugun hjá menntamálaráðuneyti.

LXVIII. *Til Listasafns Einars Jónssonar.* Til ljósa og hitunar hækkar um 12 þús. kr. Ýmis gjöld hækka um 8 þús. kr.

LXX. *Til eflingar menningarsambands við Vestur-Íslendinga* hækkar um 3500 kr. Liðurinn er nú sundurliðaður í frumvarpinu.

Um 15. gr.

I. *Biskupsembættið.* Ljós og hiti í biskupsbústaðnum hækkar um 10 þús. kr. og ferðakostnaður biskups um 15 þús. kr.

II. *Embætti sóknarpresta og prófasta.* Laun hækka um 335 þús. kr. Vegna fyrirhugaðrar fjölgunar presta um 5 í Reykjavík hækka laun um 408 þús. kr., en hins vegar hækka launin í heild minna vegna of hárrar áætlunar áður. Embættiskostnaður presta hækkar um 100 þús. kr. Viðbót við eftirlaun þau, er fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur njóta samkvæmt lögum, hækkar um 15 þús. kr. Til greiðslu á embættisbúnaði presta hækkar um 10 þús. kr.

VI. *Kostnaður við Kirkjuráð* hækkar um 5 þús. kr.

XIII. *Til kristilegrar æskulýðsstarfsemi* lækkar um 30 þús. kr.

XVI. *Til eftirlits með kirkjugörðum* hækkar um 3 þús. kr.

XVIII. *Kostnaður við kirkjuþing,* að upphæð 150 þús. kr., er nýr liður. Þingið var haldið á þessu ári, en þar eð láðst hefur að gera ráð fyrir fjárveitingu til þess á fjárlögum 1962 verður að gera ráð fyrir henni á næsta árs fjárlögum.

XIX. Til Hins íslenzka biblíufélags er nýr liður kr. 100 þús.

Um 16. gr. A.

I. *Til Búnaðarfélags Íslands* hækkar um 250 þús. kr. vegna ráðningar nýs ráðunauts, launahækkana og aukins rekstrarkostnaðar vegna flutnings í nýtt húsnæði.

9. *Til búfjárræktar samkvæmt lögum nr. 54/1957:*

C. Hrossarækt. Til hrossaræktarsambanda hækkar um 5 þús. kr. og verðlaunafé á landssýningu hækkar um 2 þús. kr. Styrkur til fóðurbirgðafélaga hækkar um 10 þús. kr.

14. *Framlag samkvæmt lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.*

Á 16. gr. A. 14. b- og d-liðum í fjárlögum þessa árs eru veittar 4.1 millj. kr. til byggingarsjóðs sveitabæja og ræktunarsjóðs.

Með lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, er sett á laggirnar Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem tekur við verkefnum byggingarsjóðs og ræktunarsjóðs. Samkvæmt 4. gr. téðra laga ber ríkissjóði að greiða til stofnlánadeildar fast árlegt framlag 4 millj. kr. Enn fremur ber ríkissjóði samkv. sömu lagagrein að greiða deildinni árlegt framlag, sem nemi sömu fjárhæð og 1% álag á söluvörur landbúnaðarins, sbr. 2. og 3. tölulið umræddrar lagagreinar. Áætlað er, að gjald þetta nemi 1963 8.5 millj. kr.

17. *Til fyrirhleðslna.* Til fyrirhleðslu í Þverá og Markarfljóti lækkar um 125 þús. kr. Til fyrirhleðslu í Kaldaklifsá, Svaðbælisá, og Laugará hækkar um 8 þús. kr. Til fyrirhleðslu í Kotá í Öræfum hækkar um 10 þús. kr. Til fyrirhleðslu í Hörðudalsá í Dalasýslu lækkar um 10 þús. kr. Til fyrirhleðslu í Skaftá við Stjórnarsand lækkar um 10 þús. kr. Til fyrirhleðslu í Kúðafljóti, 50 þús. kr., er nýr liður.

19. *Til sandgræðslu.* Til fræræktar í Gunnarsholti hækkar um 20 þús. kr. Til að gera tilraunir með áburðardreifingu úr flugvél hækkar um 20 þús. kr. og til sandgræðslustöðva um 250 þús. kr. Ýmis gjöld hækka um 8 þús. kr.

21. Til raflýsingar í Gunnarsholti lækkar um 10 þús. kr.

22. *Til skógræktar.* Skrifstofukostnaður hækkar um 16 þús. kr. Til skjólbelta hækkar um 18 þús. kr. Til skóggræðslu á jörðum einstaklinga hækkar um 45 þús. kr. Vextir og afborganir af skuldum hækka um 385 þús. kr., en Skógrækt ríkisins hefur tekið lán að upphæð 2 millj. kr. til 10 ára hjá Búnaðarbanka Íslands til þess að greiða upp ýmsar lausaskuldir, sem safnazt hafa hjá henni á undanförnum árum.

Til gróðurrannsókna hækkar um 35 þús. kr.

Til skógræktarfélaga hækkar um 23 þús. kr.

23. Til mjólkurbúa og smjörsamlaga hækkar um 100 þús. kr.

Til sóttvarnarstöðva vegna ræktunar holdanauta, 500 þús. kr. í fjárlögum nú, fellur niður.

32. Sauðfjársjúkdómavarnir. Kostnaður við sauðfjársjúkdómanefnd hækkar um 20 þús. kr.

Bætur vegna fjárförgunar, uppeldisstyrkur og aðrar bætur og styrkir hækka um 40 þús. kr. Kostnaður við vörzlu hækkar um 50 þús. kr. Nýjar girðingar hækkar um 50 þús. kr. Viðhald girðinga og endurbætur lækkar um 150 þús. kr.

Til niðurgreiðslu vaxta lækkar um 15 þús. kr.

39. Til ráðningarstofu landbúnaðarins hækkar um 10 þús. kr.

40. *Búnaðarkennsla:*

a. *Bændaskólinn á Hólum.* Stundakennsla hækkar um 17 þús. kr. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 21 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

b. *Bændaskólinn á Hvanneyri.* Til verklegs náms hækkar um 10 þús. kr. Ljós, hiti og ræsting hækkar um 8 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 5 þús. kr.

c. *Garðyrkjuskólinn á Reykjum.* Hiti, ljós og ræsting hækkar um 4 þús. kr. Viðhald skólahúsa hækkar um 28 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 14 þús. kr.

41. *Húsmæðrafræðsla utan kaupstaða.* Nokkrar tilfærslur eru milli einstakra liða, og er þar yfirleitt farið eftir áætlun endurskoðunarskrifstofu skólakostnaðar.

46. *Mat á landbúnaðarafurðum.* Ferðakostnaður matsmanna hækkar um 10 þús. kr.

Um 16. gr. B.

1. *Til Fiskifélags Íslands* hækkar um 250 þús. kr. aðallega vegna ráðningar skipasmíðaráðunauts og launahækkana.

3. *Til alþjóðahafrannsókna* hækkar um 95 þús. kr.

4. *Til reikningsskrifstofu sjávarútvegsins* hækkar um 8 þús. kr. vegna launahækkana.

6. *Til alþjóðahvalveiðiráðsins* hækkar um 6 þús. kr.

8. *Til fiskleitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna* er nýr liður, sem kemur í stað þriggja liða í núgildandi fjárlögum og er jafnhár og þeir eru samtals í fjárlögum nú.

9. *Til aflatryggingasjóðs.* Þessi liður kemur í stað liðarins til hlutatryggingasjóðs í núgildandi fjárlögum og hækkar um helming eða úr 8.5 millj. kr. í 17 millj. kr. samkvæmt áætlun starfsmanna sjóðsins. Framlag þetta er lögbundið mótframlag, sem fer algerlega eftir útflutningsverðmæti hvers árs.

12. *Kostnaður við mat á sjávarafurðum:*

b. *Síldarmat.* Liðurinn tímakaup matsmanna hækkar um 100 þús. kr.

Um 16. gr. C.

1. *Til landssambands iðnaðarmanna* hækkar um 100 þús. kr.

12. *Öryggiseftirlit ríkisins.* Þóknun til skoðunarmanna hækkar um 5 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 34 þús. kr.

14. *Kostnaður við vörumerkjaskráningu* hækkar um rúml. 5 þús. kr.

15. *Til verkstjóranámskeiða* hækkar um 29 þús. kr.

Um 16. gr. D.

II. *Til undirbúningsrannsókna og áætlana um nýjar virkjanir og raforkuframkvæmdir.* Annar kostnaður hækkar um 6 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

III. *Rafmagnsveitur ríkisins.* Rekstrarkostnaður hækkar um 24 millj. kr. Til aukningar veitna hækkar um 7 millj. kr.

Aðrir liðir gjaldamegin lækka sem hér segir:

Kostnaður seldra vara um 2 millj. kr., kostnaður seldra verka um 3 millj. kr. og ýmsir reikningar, þar með talin vaxtagjöld, um 100 þús. kr.

Teknamegin hækka rekstrartekjur veitna um 14 millj. kr. og ýmsar tekjur um kr. 300 þús.

Aðrir tekjuliðir lækka sem hér segir:

Vörusala um 2.2 millj. kr., verksala um 3.2 millj. kr., framlög um 500 þús. kr. og lántökur og viðskiptahreyfingar um 17.5 millj. kr.

Áætlað er, að 30 millj. kr. halli verði á veitunum árið 1963, og að hann verði jafnaður með lántökum eins og undanfarin ár.

VII. *Rafmagnseftirlit ríkisins.* Skrifstofukostnaður hækkar um 28 þús. kr. Ferðakostnaður hækkar um 152 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 30 þús. kr. Flutt á höfuðstól hækkar um 723 þús. kr.

Tekjur hækka um 948 þús. kr. og eru áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

XI. *Jarðhitadeild.* Skrifstofukostnaður hækkar um 14 þús. kr. og annar kostnaður um 305 þús. kr. Rekstrarkostnaður jarðbora hækkar um 760 þús. kr.

Tekjur hækka um 1 095 þús. kr., þannig að framlög lækka um 4 millj. kr., en lánsfé hækkar um 5 095 þús. kr., og eru þær áætlaðar jafnháar gjöldum eins og verið hefur.

Um 16. gr. E.

I. *Atvinnudeild Háskólans:*

1. *Iðnaðardeild.* Matvælafræðingur er ráðinn allt árið í stað 7½ mánaðar áður. Til hagnýtra jarðfræðirannsókna og iðnaðarrannsókna hækkar um 26 þús. kr. Annar kostnaður hækkar um 25 þús. kr.

2. *Fiskideild.* Bætt er við einum sérfræðingi, sem ráðinn er til 3 mánaða á árinu. Annar kostnaður hækkar um 142 þús. kr.

3. *Búnaðardeild.* Bætt er við þremur aðstoðarmönnum. Annar kostnaður hækkar um 116 þús. kr. Tekjur fjárræktarbúsins á Hesti hækka um 10 þús. kr. Annar kostnaður tilraunabúsins á Varmá hækkar um 13 þús. kr. Tekjur þess hækka um 15 þús. kr.

4. *Sameiginlegur kostnaður.* Bætt er við gjaldkera. Hiti, ljós og ræsting hækkar um 17 þús. kr.

Tekjur frá Happdrætti Háskóla Íslands falla niður.

II. *Til rannsóknaráðs.* Annar kostnaður hækkar um 12 þús. kr.

III. *Löggildingarstofan.* Annar kostnaður hækkar um 8 þús. kr.

VI. *Framlag til norrænnar rannsóknarstöðvar í fræðilegum atómvísindum* hækkar um 57 þús. og 500 kr.

Um 17. gr.

I. *Sveitarstjórnarmál:*

1. *Eftirlit með skipulagi bæja og kauptúna.* Mælingakostnaður hækkar um 10 þús. kr., kostnaður við loftmyndatöku og kortagerð eftir loftmyndum hækkar um 20 þús. kr. Tekjur eru áætlaðar jafnháar gjöldum.

2. *Til Bjargráðasjóðs Íslands* hækkar um 15 þús. kr.

Eftirfarandi liðir falla niður:

Til vatnsöflunar á Hellnum í Breiðuvík 50 þús. kr. Til vatnsöflunar í Keldhverfi 125 þús. kr. Og loks framlag vegna samkeppni um skipulag Reykjavíkur 350 þús. kr.

6. Nýr liður, helmingsþátttaka ríkissjóðs í skipulagi Hafnarfjarðar, 100 þús. kr.

II. *Húsnæðismál:*

1. *Húsnæðismálastofnun ríkisins.* Laun hækka um 52 þús. kr. vegna fjölgunar um einn mann í húsnæðismálastjórn.

2. *Framlag til Byggingarsjóðs verkamanna* hækkar um 3.2 millj. kr. vegna ákvæða laga nr. 60/1962 um Byggingarsjóð verkamanna.

III. *Vinnumál:*

1. *Félagsdómur.* Annar kostnaður hækkar um 8 þús. kr.

3. Vinnumiðlun lækkar um 100 þús. kr. miðað við reynslu undanfarið.

11. Framlag til I. L. O. hækkar um 164 þús. kr.

IV. *Almannatryggingar:*

1. Framlag samkv. 24. gr. laga nr. 24/1956 hækkar um 9.1 millj. kr.
2. Framlag til sjúkratrygginga samkv. 58. gr. laga nr. 24/1956 hækkar um 9.7 millj. kr., þar af um 2.7 millj. kr. vegna hækkunar á daggjöldum á sjúkrahúsum og hælum.
3. Framlag til atvinnuleysistrygginga samkv. lögum nr. 29/1956 er að upphæð 32.9 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir fyrstu afborgun af framlagi 1962, 6 875 þús. kr., en það verður greitt á næstu 4 árum, en framlagið 1962 var eigi tekið upp í fjárlög það ár, þar eð ætlunin var, að það yrði greitt á nokkrum árum.

IV. 4. *Framlag vegna væntanlegra breytinga á lögum um almannatryggingar* 20 millj. kr. er nýr liður. Undanfarin ár hefur staðið yfir heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar, sem enn er ekki lokið. Fullvíst má telja að gera verði nokkrar breytingar á lögunum fyrir áramót, sem hafa munu í för með sér verulega útgjaldaaukningu þegar á næsta ári.

V. *Önnur félagsmál:*

1. Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla. Styrkir til berklasjúklinga hækka um 754 þús. kr. Laun lækka um 6 þús. kr. og berklaræktanir hækka um 3 þús. kr. Styrkir til sjúklinga annarra en berklasjúklinga hækka um 4 972 þús. kr., þar af eru um 4.7 millj. kr. vegna hækkunar daggjalda á sjúkrahúsum og hælum.

2. Önnur ríkisframfærsla. Gjöld samkv. 21. gr., 22. og 23. gr. framfærslulaga lækka um 150 þús. kr.

Til hjálpar nauðstöddum Íslendingum erlendis hækkar um 25 þús. kr.

Greiðslur með börnum erlendra manna samkv. 3. bráðabirgðaákvæði framfærslulaga lækka um 200 þús. kr.

4. Styrkur til S.Í.B.S. vegna læknislauna hækkar um 17 þús. kr.

Um 18. gr.

I. *Eftirlaun samkvæmt launalögum* lækka um 33 þús. kr.

II. *Eftirlaun, auk lögboðinna eftirlauna og lífeyris, biðlaun, heiðurslaun og styrktarfé,* hækkar um 888 þús. kr. Mestu veldur um þá hækkun hærri uppbót á lífeyri samkv. 18. gr. I og II. Á móti lækka eftirlaunin vegna fækkunar eftirlaunafólks um 312 þús. kr.

III. Framlag ríkissjóðs samkvæmt 10. gr. laga nr. 64/1955 og 8. gr. laga nr. 66/1955 er áætlað 20 500 þús. kr., sem er hækkun um 2.3 millj. kr. Hækkunin á þessum lið stafar af kauphækkunum og áætlaðri starfsmannafjölgun.

VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og visitöluuppbóta á lífeyri hækkar um 1.3 millj. kr.

Um 19. gr.

1. Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir. Liðurinn hækkar um 130 millj. kr. frá gildandi fjárlögum.

Meginorsakir hækkunarinnar eru tvær. Þegar áætlun var gerð um þennan lið í fjárlögum þessa árs, stóð yfir athugun og endurskoðun á niðurgreiðslukerfinu með það fyrir augum að draga mætti úr þessum kostnaði. Þetta reyndist hins vegar ekki fært, að öðru leyti en því, að hætt hefur verið niðurgreiðslu á kartöflum. Í öðru lagi er svo um að ræða verulega aukningu á áætluðu sölumagni niðurgreiddra vara innanlands frá því, sem var í áætlun fyrir yfirstandandi ár, svo og aukið magn á útfluttu ostaefni og undanrennudufti.

Niðurgreiðsla á mælieiningu er óbreytt frá áætlun í fjárlögum 1962, nema á dilkakjöti, þar hækkar hún um kr. 2.18 á hvert kg.

Heildarfjárhæð til niðurgreiðslu á vöruverði og til uppbóta á útfluttar landbúnaðarvörur er áætluð 430 millj. kr. Á grundvelli þess sölumagns landbúnaðarvara, sem seldist innanlands 1961, eru útgjöld til niðurgreiðslu áætluð 352 millj. kr. og til uppbóta á útfluttar afurðir 60 millj. kr. Samkvæmt fenginni reynslu þykir svo rétt að hækka þessa áætlun um ca. 5%, vegna meiri söluaukningar en gert er ráð fyrir í fyrrnefndum áætlunartölum.

5. *Til launauppbóta.* Í september s. l. var samkvæmt hinum nýju lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna samið um 7% launahækkun til handa ríkisstarfsmönnum. Ekki var gerlegt að endurreikna launaliði í frv. vegna þessarar uppbótar, þar eð svo áliðið var orðið, er hún var ákveðin. Hefur því þótt hagkvæmt að áætla þessi útgjöld í einu lagi á 19. gr. Enn fremur var á yfirstandandi ári ákveðið að greiða kennurum sérstaka kaupuppbót vegna aukastarfa, sem ekki eru önnur ákvæði um, hvernig greiða skuli, og samsvarar þóknunin greiðslu fyrir

fjórar stundir á viku, þann tíma, sem skóli starfar. Hefur þótt rétt að fá fjárveitingu fyrir launauppbót þessari, fyrir bæði árin 1962 og 1963. Samtals eru framangreindar launauppbætur áætlaðar 65 millj. kr. Að sjálfsögðu falla þessar launabætur niður sem slíkar, þegar kjarasamningar þeir, er nú standa yfir, taka gildi, en það verður eigi síðar en 1. júlí 1963. Þrátt fyrir þetta hefur þótt varlegast að áætla þær hér á ársgrundvelli, því að vart er annað ætlandi en að væntanlegir kjarasamningar feli þær í sér með einhverjum hætti.

Um 20. gr.

Út: I. *Afborganir lána ríkissjóðs* eru taldar nema 20 124 þús. kr. og hækka um 7 565 þús. kr. frá núgildandi fjárlögum. Það, sem einkum veldur þessari hækkun, er afborgun af láni til kaupa á Borgartúni 7, 4 166 þús. og 1.5 millj. kr. hækkun á afborgun af láni hjá Seðlabanka Íslands vegna smíði tíu togara.

II. *Framlag til Ríkisábyrgðasjóðs.* Í 3. gr. laga nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð, er gert ráð fyrir, að meðal tekna sjóðsins séu framlög, sem ákveðin verða í fjárlögum hverju sinni eftir því, sem sjóðurinn þarf á að halda.

Starfsemi sjóðsins er enn þá á byrjunarstigi og því eigi gerlegt nú að áætla fjárþörf hans. Hefur þótt rétt að áætla framlag til hans jafnhátt því, sem í núgildandi fjárlögum er ætlað til greiðslu afborgana og vaxta af ríkisábyrgðarlánum í vanskilum, eða 38 millj. kr.

IX. *Til flugvallagerðar og flugöryggistækja* hækkar um 2 millj. kr.

XI.2 *Til byggingar menntaskólans í Reykjavík* hækkar um 1 millj. kr.

XI.6 *Til byggingar Kennaraskóla Íslands* hækkar um 1 millj. kr.

XV. *Til byggingar embættisbústaða* héraðsdómara hækkar um 150 þús. kr.

XVI. *Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík* hækkar um 2 millj. kr. Hefur nú verið gerð heildaráætlun um framkvæmd þessa verks og fjáröflun tryggð m. a. með aðstoð banka. Er gert ráð fyrir því í umræddri áætlun, að ríkisframlag hækki svo sem hér er lagt til.

XIX. *Dvalarheimili fyrir afvegaleidd* börn hækkar um 158 þús. kr.

XXI. *Framlag til atvinnubótasjóðs.* Samkv. l. nr. 40/1962, um atvinnubótasjóð, ber ríkissjóði að greiða til sjóðsins stofnframlag, er nemi 100 millj. kr., og greiðist framlagið með jöfnum 10 ára greiðslum frá 1962 að telja.

XXIII. *Til embættisbústaða fyrir dýralækna* hækkar um 300 þús. kr.

XXIV. *Til aukningar landhelgisgæzlu* hækkar um 3.4 millj. kr. og verður alls 8.4 millj. kr. Af þessari fjárhæð ganga 7.4 millj. kr. til greiðslu afborgana og vaxta af kaupverði varðskipsins Óðins, en 1 millj. króna til greiðslu á afborgun af kaupverði gæzluflugvélarinnar Sif.

XXVI. *Starfsmannahús á Bessastöðum.* Fjárveitingin lækkar um 160 þús. kr.

XXVIII. *Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti* hækkar um 180 þús. kr.

XXIX. *Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða* lækkar um 15 þús. kr.

XXX. *Til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana* hækkar um 200 þús. kr.

XXXI. *Til byggingar vitaskips* hækkar um 1 092 þús. kr.

XXXII. *Til að byggja bókhlöðu á forsetrasetrinu að Bessastöðum* er nýr liður 500 þús. kr.

XXXIII. *Til hlutabréfakaupa í Iðnaðarbanka Íslands h/f* er nýr liður 1 millj. kr. Aðalfundur Iðnaðarbanka Íslands h/f ákvað að nota heimild laga til að auka hlutafé bankans allverulega. Ríkisstjórnin hefur af þessum sökum ákveðið, að auka hlutafé ríkissjóðs um 1 millj. kr. eða úr 3 millj. kr. í 4 milljónir.

Um 22. gr.

XX. Nauðsyn bar til að gera nokkrar endurbætur á Fiskiðjuverinu á Seyðisfirði, m. a. var sett í það viðbótarvélasamstæða. Greiddi Útvegsbankinn á Seyðisfirði fyrir því með láni, sem hagkvæmt þótti að taka. En ríkissjóður er nú eigandi fiskiðjuversins.

XXI. Mjög er orðið aðkallandi að reisa nýja lögreglustöð í Reykjavík. Nokkur undanfarin ár hefur verið veitt fé á 20. gr. fjárlaga í þessu skyni, og er það fé geymt á sérstökum reikningi í Seðlabankanum. Þetta fé hrekkur hvergi nærri til þess að hægt sé nú þegar að hefja framkvæmdir og ljúka þeim með eðlilegum hraða. Nú hefur hins vegar verið gerð áætlun um að koma upp byggingunni á fimm árum og hefur í því sambandi tekizt að tryggja bankalán, sem ásamt nokkuð hækkaðri árlegri fjárveitingu á að nægja til þess að fjárhagshliðinni sé borgið.

XXII. Eins og kunnugt er hafa ríkissjóður og ríkisstofnanir undanfarið orðið að greiða verulegar fjárhæðir fyrir leiguhúsnæði hjá ýmsum einkaaðiljum. Hefur mikið skort á, að ríkissjóður ætti nægilegt eigið húsnæði fyrir þau embætti og stofnanir, sem undir hann heyra.

Ríkissjóði hefur boðizt til kaups húseignin Borgartún 7 í Reykjavík, og taldi ríkisstjórnin með skírskotun til þess, er að framan segir, rétt að festa kaup á húseign þessari. Er þar til húsa m. a. ein umfangsmesta stofnun ríkisins, Áfengis- og tóbaksverzlunin, og enn fremur fræðslumálastjóraembættið, húsameistari ríkisins, skipulagsstjóri ríkisins og bifreiðaeftirlit.

XXIII. Hér er um að ræða undanþágu, sem alls staðar mun tíðkast í svipuðum tilvikum.

XXIV. Vísast til athugasemda við 13. gr. B. III.

Niður fellur heimild fyrir Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins til þess að greiða Styrktarsjóði lamaðra og fatlaðra 10 aura af hverjum eldspýtnastokki, er hún selur með merki félagsins. Þessi heimild hefur nú verið tekin upp í 5. gr. laga nr. 25 1962, um aðstoð til fatlaðra, með þeirri breytingu að gjaldið er hækkað í 20 aura af hverjum stokki.

XXV. Nýr liður til eflingar krabbameinsvörnum í landinu.

Um 23. gr.

Hér er aflað heimildar til greiðslu þeirrar uppbótar, sem samningar tókust um í september 1962 samkvæmt bráðabirgðaákvæði við lög nr. 55 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um 24. gr.

Í grein þessari felst heimild til að greiða uppbætur á lífeyri til samræmis við launahækkanir, sem ríkisstarfsmenn hafa fengið.

Starfsmannaskrá ríkisins í frumvarpi til fjárlaga 1963.

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Póstur og sími:**			
	Póst- og símamálastjóri	1	II.	kr. 121 188
		1		kr. 121 188
	Rekstrardeild:			
	Rekstrarstjóri	1	V.	kr. 100 968
	Aðalgjaldkeri	1	VII.	— 87 137
	Aðalbókari	1	VII.	— 87 137
	Umferðarmálafulltrúi	1	VII.	— 87 137
	Póstmálafulltrúi	1	VII.	— 87 137
	Fulltrúar	16	VIII.—IX.	— 1 278 004
	Bókarar	10	X.—XI.	— 706 777
		31		kr. 2 434 297
	Hagdeild:			
	Hagdeildarstjóri	1	V.	kr. 100 968
	Aðalendurskoðandi	1	VII.	— 87 137
	Viðskiptafræðingur	1	VII.	— 87 137
	Fulltrúar	6	VIII.—IX.	— 473 028
	Bókarar	7	X.—XI.	— 498 617
	Ritari	1	XIII.	— 56 234
		17		kr. 1 303 121
	Símatæknideild:			
	Skrifstofa:			
	Yfirverkfræðingur	1	IV.	kr. 109 267
	Fulltrúar	2	VIII.—IX.	— 163 208
		3		kr. 272 475
	Teiknistofa.			
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 81 604
	Aðalteiknari	1	IX.	— 76 072
	Teiknari	1	X.	— 71 231
		3		kr. 228 907
	Birgðahúsið:			
	Birgðastjóri	1	VII.	kr. 87 137
	Fulltrúi	1	VIII.	— 81 604
	Efnisverðir	2	IX.—X.	— 147 303
	Bókarar	2	X.—XI.	— 136 929
	Verkstjóri	1	X.	— 71 231
	Afgreiðslumaður	1	XII.	— 61 869

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Línumaður	1	XI.	kr. 65 698
	Bifreiðastjóri	1	XI.	— 65 698
		10		kr. 717 469
	Viðhald síma:			
	Símafræðingur	1	VII.	kr. 87 137
	Fulltrúar	3	VII.—IX.	— 239 280
	Símaverkstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Símritari	1	IX.	— 76 072
	Línuverkstjórar	8	X.	— 569 848
	Umsjónarmaður	1	X.	— 71 231
	Línumenn	11	XI.	— 722 678
	Bifreiðastjóri	1	XI.	— 65 698
		27		kr. 1 913 548
	Viðbót og viðhald stöðva:			
	Símaverkstjóri	1	VIII.	kr. 81 604
	Símvirki	1	IX.	— 76 072
	Iðnaðarmaður	1	X.	— 71 231
		3		kr. 228 907
	Ritsímaverkstæðið:			
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 81 604
	Iðnaðarmenn	4	X.	— 284 924
	Línumenn	1	XI.	— 65 698
		6		kr. 432 226
	Skiptiborðaverkstæðið:			
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 81 604
	Símvirkjar	7	IX.—X.	— 508 299
	Línumenn	2	XI.	— 131 396
	Iðnaðarmaður	1	X.	— 71 231
		11		kr. 792 530
	Landsímahúsið:			
	Húsvörður	1	XII.	kr. 61 869
		1		kr. 61 869
	Radiotæknideild:			
	Skrifstofan:			
	Yfirverkfræðingur	1	VI.	kr. 109 267
	Fulltrúi	1	VIII.	— 81 604
		2		kr. 190 871

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Loftskeytastöðin:**			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	kr. 81 604
	Símritarar	4	IX.—X.	— 299 447
	Talsímakonur	2	XII.—XIII.	— 118 103
		7		kr. 499 154
	Stuttbylgjustöðin:			
	Deildarstjóri (½ laun)	1	VII.	kr. 43 568
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Símritarar	2	X.—IX.	— 147 303
	Loftskeytamaður	1	X.	— 71 231
	Símvirkjar (1½ laun)	2	IX.	— 114 108
	Fjarritari	1	XIII.	— 56 234
		8		kr. 514 048
	Radioflugþjónustan Gufunesi:			
	Deildarstjóri (½ laun)	1	VII.	kr. 43 568
	Fulltrúi	1	VIII.	— 81 604
	Varðstjórar	5	VIII.	— 408 020
	Símritarar	38	IX.—X.	— 2 784 234
	Loftskeytamenn	2	X.	— 142 462
	Símvirkjar (2½ laun)	3	IX.	— 190 180
	Iðnaðarmaður	1	X.	— 71 231
		51		kr. 3 721 299
	Rjúpnahæðarstöðin:			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	kr. 81 604
	Símvirkjar	8	IX.	— 608 576
	Símritari	1	IX.	— 76 072
	Iðnaðarmenn	2	X.	— 142 462
		12		kr. 908 714
	Radioverkstæðið:			
	Símafræðingur	1	VII.	kr. 87 137
	Símaverkstjórar	5	VIII.	— 408 020
	Fulltrúar	2	IX.	— 152 144
	Bókari	1	X.	— 71 231
	Símvirkjar	13	IX.—X.	— 945 367
	Iðnaðarmenn	4	X.	— 284 924
		26		kr. 1 948 823
	Radioeftirlit:			
	Fulltrúar	2	VIII.—IX.	kr. 157 676
		2		kr. 157 676

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Viðhald síma (radio):**			
	Línuverkstjóri	1	X.	kr. 71 231
	Iðnaðarmaður	1	X.	— 71 231
	Loftnetsmaður	1	XI.	— 65 698
		3		kr. 208 160
	Loranstöðvarnar:			
	Stöðvarstjórar	2	VIII.	kr. 163 208
	Símvirkjar	11	IX.—X.	— 807 746
	Loftskeytamaður	1	X.	— 71 231
	Vélgæzlumaður	1	X.	— 71 231
	Tækjagæzlumenn	4	XI.	— 262 792
	Umsjónarmenn	2	IX.	— 152 144
	Starfsmaður	1	X.	— 71 231
		22		kr. 1 599 583
	Ritsímastöðin í Reykjavík:			
	Yfirvarðstjórar	2	VIII.	kr. 163 208
	Varðstjórar	3	VIII.	— 244 812
	Símritarar	10	IX.—X.	— 751 038
	Fulltrúi	1	IX.	— 76 072
	Aðstoðarmaður	1	X.	— 71 231
	Loftskeytamaður	1	X.	— 67 081
	Talsímakonur	2	XIII.	— 107 050
		20		kr. 1 480 492
	Talsímaafgreiðsla ritsímans:			
	Bókari	1	X.	kr. 71 231
	Starfsstúlkur	4	XIII.	— 214 099
		5		kr. 285 330
	Skeytamóttakan:			
	Bókari	1	X.	kr. 71 231
	Skeytaskrárritarar	2	X.—XI.	— 136 929
	Starfsstúlkur	2	XI.—XIII.	— 119 223
		5		kr. 327 383
	Skeytaútsending:			
	Yfirsendimenn	2	XI.	kr. 131 396
	Sendimenn	8	XII.	— 494 952
		10		kr. 626 348

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Skrifstofa ritsímastjóra:**			
	Ritsímastjóri	1	VI.	kr. 92 669
	Fulltrúi	1	VIII.	— 81 604
	Bókarar	4	X.	— 284 924
		6		kr. 459 197
	Langlínumiðstöðin:			
	Yfirvarðstjórar	2	X.	kr. 142 462
	Varðstjórar	2	XI.	— 131 396
	Eftirlitsmenn	2	XI.	— 131 396
	Talsímakonur	61	XII.—XIII.	— 3 482 725
	Næturvörður	1	XI.	— 65 698
		68		kr. 3 953 677
	Bæjarsíminn í Reykjavík:			
	Bæjarsímstjóri	1	VI.	kr. 92 669
	Símafræðingur	1	VII.	— 87 137
	Umsjónarmaður	1	VII.	— 87 137
	Fulltrúar	11	VIII.—IX.	— 869 984
	Innheimtugjaldkeri	1	VIII.	— 81 604
	Símaverkstjórar	5	VIII.	— 408 020
	Verkstjóri	1	IX.	— 76 072
	Símvirkjar	19	IX.—X.	— 1 377 594
	Bókarar	11	X.—XI.	— 744 810
	Iðnaðarmenn	2	X.	— 142 462
	Aðstoðargjaldkerar	2	X.	— 142 462
	Næturvörður	1	XI.	— 65 698
	Teiknarar	2	X.	— 142 462
	Línuverkstjórar	4	X.	— 284 924
	Línumenn	27	XI.	— 1 773 846
	Aðstoðarmaður	1	XI.	— 65 698
	Talsímakonur	6	XII.—XIII.	— 351 600
		96		kr. 6 794 179
	Hafnarfjörður:			
	Sími:			
	Stöðvarstjóri	1	VII.	kr. 87 137
	Bókari	1	XI.	— 65 698
	Talsímakonur	3	XIII.	— 168 702
		5		kr. 321 537
	Póstur:			
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 81 604
	Póstafgreiðslumenn	2	X.	— 142 462
	Bréfberar	3	XII.	— 185 607
		6		kr. 409 673

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Póststofan í Reykjavík:**			
	Póstmeistari	1	VI.	kr. 92 669
	Deildarstjórar	3	VII.	— 261 408
	Aðalgjaldkeri	1	VII.	— 87 136
	Póstvarðstjórar	5	VIII.	— 408 020
	Fulltrúar	20	VIII.—IX.	— 1 543 552
	Póstafgreiðslumenn	61	IX.—X.	— 4 427 327
	Bréfberar	26	XII.	— 1 608 568
	Húsvörður	1	XII.	— 61 868
		118		kr. 8 490 548
	Talsímaafgreiðslan við útlönd:			
	Yfirvarðstjóri	1	VIII.	kr. 81 604
	Varðstjórar	2	VIII.	— 163 208
	Bókari	1	X.	— 71 231
	Talsímakonur	5	XI.	— 328 490
		9		kr. 644 533
	Akureyri:			
	Sími:			
	Umdæmisstjóri	1	VII.	kr. 87 137
	Fulltrúi	1	VIII.	— 81 604
	Yfirvarðstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Varðstjórar	2	XI.	— 131 396
	Símritari	1	IX.	— 76 872
	Símvirkjar	2	IX.—X.	— 143 153
	Næturvörður	1	XI.	— 65 698
	Talsímakonur	22	XII.—XIII.	— 1 140 051
		31		kr. 1 806 715
	Póstur:			
	Póstmeistari	1	VII.	kr. 87 137
	Fulltrúar	3	VIII.—IX.	— 233 748
	Póstafgreiðslumenn	3	X.	— 213 693
	Bréfberar	2	XII.	— 123 738
		9		kr. 658 316
	Brú:			
	Sími:			
	Umdæmisstjóri	1	VII.	kr. 87 137
	Varðstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Símritari	1	IX.	— 76 072
	Talsímakonur	5	XII.—XIII.	— 265 132
		8		kr. 509 945

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Ísafjörður:**			
	Sími:			
	Umdæmisstjóri	1	VII.	kr. 87 137
	Varðstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Símritari	1	X.	— 71 231
	Línumaður	1	XI.	— 65 698
	Bókari	1	XI.	— 65 698
	Næturvörður	1	XI.	— 65 698
	Talsímakonur	11	XIII.	— 567 099
		17		kr. 1 004 165
	Póstur:			
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 81 604
	Póstafgreiðslumenn	2	X.	— 142 462
	Bréfberi	1	XII.	— 61 869
		4		kr. 285 935
	Seyðisfjörður:			
	Sími:			
	Umdæmisstjóri	1	VII.	kr. 87 137
	Varðstjórar	2	VII.—IX.	— 157 676
	Símritarar	3	X.—IX.	— 218 534
	Bókari	1	XI.	— 65 698
	Talsímakonur	4	XIII.	— 203 262
		11		kr. 732 307
	Póstur:			
	Póstafgreiðslumaður	1	X.	kr. 71 231
		1		kr. 71 231
	Siglufjörður:			
	Sími:			
	Umdæmisstjóri	1	VII.	kr. 87 137
	Fulltrúi	1	IX.	— 76 072
	Varðstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Símritari	1	IX.	— 76 072
	Línumaður	1	XI.	— 65 698
	Næturvörður	1	XI.	— 65 698
	Talsímakonur	10	XII.—XIII.	— 546 519
		16		kr. 998 800

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Póstur:			
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 81 604
	Póstafgreiðslumenn	2	X.	— 142 462
	Bréfberi	1	XII.	— 61 869
		4		kr. 285 935
	Vestmannaeyjar:			
	Sími:			
	Stöðvarstjóri	1	VII.	kr. 87 137
	Varðstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Símv. verkstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Loftskeytamaður	1	X.	— 71 231
	Næturvörður	1	XI.	— 65 698
	Talsímakonur	16	XII.—XIII.	— 875 797
		21		kr. 1 263 071
	Póstur:			
	Fulltrúi	1	VIII.	kr. 81 604
	Póstafgreiðslumenn	2	X.	— 138 312
	Bréfberar	2	XII.	— 123 738
		5		kr. 343 654
	Lausráðnir simvirkjar	12		kr. 710 112
		12		kr. 710 112

Launagreiðslur pósts og síma eru áætlaðar samtals kr. 50 717 948.00. Af launum hjá Radioflugþjónustunni, Rjúpnahæðarstöðinni, Loranstöðvunum og stuttbylgjustöðinni í Reykjavík er áætlað að I.C.A.O. endurgreiði kr. 6 229 596.00.

Áfengis- og tóbakseinkasala ríkisins:

	Skrifstofan:			
	Forstjóri	1	III.	kr. 118 257
	Lyfsölustjóri (hl. launa)	1	II.	— 72 615
	Sölustjóri	1	V.	— 100 970
	Aðalgjaldkeri	1	VII.	— 87 136
	Gjaldkeri	1	X.	— 71 230
	Aðalbókarar	2	VII.	— 174 272
	Fulltrúar	3	VIII.—IX.	— 233 752
	Bókarar	10	IX.—XI.	— 705 398
	Sölumenn	4	IX.—XI.	— 294 608
	Innheimtumenn	2	XI.	— 131 400
	Ritarar	2	XI.—XIII.	— 121 934

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Símastúlka	1	XIII.	kr. 56 234
	Bréfritari	1	IX.	— 76 074
	Sendisveinn	1		— 41 184
		31		kr. 2 285 064
	Ríkisútvarpið:			
	Yfirstjórn:			
	Útvarpsstjóri	1	IV.	kr. 109 266
	Formaður útvarpsráðs	1	U.	— 29 825
	Útvarpsráð	4	U.	— 79 532
	Yfirverkfræðingur	1	U.	— 119 817
	Aðalskrifstofa:			
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 92 670
	Aðalgjaldkeri	1	VIII.	— 81 604
	Fulltrúi	1	IX.	— 76 072
	Bókarar	2	XI.	— 131 398
	Símavarzla	1	XII.	— 61 867
	Sendisveinar	2	U.	— 72 584
	Innheimtuskrifstofa:			
	Innheimtustjóri	1	VIII.	— 81 604
	Fulltrúi	1	IX.	— 76 072
	Bókari	1	XI.	— 65 699
	Ritarar	4	XII.	— 247 472
	Innheimtumenn	2	XI.	— 131 398
	Gjaldkeri	1	X.	— 71 231
	Auglýsingaskrifstofa:			
	Auglýsingastjóri	1	VIII.	— 81 604
	Bókarar	2	XI.	— 131 400
	Innheimtumenn	2	XI.	— 131 400
	Fréttastofa:			
	Fréttastjóri	1	VI.	— 92 670
	Fréttaritarar	7	IX.	— 507 146
	Skrifstofa dagskrár:			
	Dagskrárstjóri	1	VI.	— 92 670
	Fulltrúar	2	IX.	— 152 144
	Leiklistarráðunautur	1	VIII.	— 81 604
	Bókari	1	X.	— 71 231
	Ritari	1	XI.	— 65 699
	Ráðunautur	1	U.	— 19 883
	Gjaldkeri	1	X.	— 71 231

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	**Tónlistardeild:**			
	Tónlistarstjóri	1	VII.	kr. 87 136
	Fulltrúar	4	IX.	— 278 930
	Fiðluleikari	1	IX.	— 76 072
	Hljómplötuverðir	2	X.—XII.	— 133 099
	Píanóleikari	1	IX.	— 76 072
	Bókari	1	X.	— 71 231
	Aðstoðarmaður	1	XIII.	— 56 234
	Þulir:			
	Þulir	5	IX.	— 346 433
	Rannsóknarstofa:			
	Fulltrúi	1	VII.	— 87 136
	Útvarpsfræðingur	1	VII.	— 87 136
	Magnarasalur:			
	Forstöðumenn	2	VIII.	— 163 208
	Magnaraverðir	8	X.—IX.	— 598 894
	Akureyrarstöðin:			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Stöðvarvörður	1	IX.	— 76 072
	Hornafjarðarstöðin:			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Stöðvarvörður	1	X.	— 71 231
	Vatnsendastöðin:			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Stöðvarverðir	4	IX.—X.	— 299 448
	Vélstjóri	1	IX.	— 76 072
	Eiðastöðin:			
	Stöðvarstjóri	1	VIII.	— 81 604
	Stöðvarvörður	1	X.	— 71 231
	Aðrir starfsmenn:			
	Tónlistarstjóri	1	IX.	— 76 072
	Afgreiðslukonur	2	XIII.	— 107 050
	Dyraverðir	2	XIII.—IX.	— 132 306
	Umsjónarmaður	1	XII.	— 61 868
	Aðstoðarmaður		U.	— 18 049
		91		kr. 6 404 189
	Viðtækjaverzlun ríkisins:			
	Forstjóri	1	VI.	kr. 92 670
	Skrifstofustjóri	1	VII.	— 87 135
	Sölumaður	1	X.	— 71 231
	Bókarar	2	X.—XI.	— 136 931
	Útvarpsvirki	1	IX.	— 76 071

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
3.	Bifreiðastjóri	1	X.	kr. 71 231
	Ritari	1	XI.	— 65 700
		8		kr. 600 970
	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg:			
	Forstjóri	1	V.	kr. 100 966
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 92 669
	Bókari	1	XI.	— 65 699
	Ritari	1	XIII.	— 56 234
	Bifreiðarstjóri	1	VIII.	— 81 603
	Afgreiðslumaður	1	U.	— 60 000
	Sendisveinn	1	U.	— 27 300
		7		kr. 484 471
	Landssmiðjan:			
	Forstjóri	1	V.	kr. 100 978
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 92 670
	Gjaldkeri og aðalbókari	2	VII.	— 174 272
	Bókarar	4	VIII.—X.	— 301 517
	Ritarar	2	X.—XII.	— 113 900
	Innheimtumaður	1	XI.	— 65 698
	Símastúlka	1	XII.	— 51 866
	Sendisveinar	2	U.	— 59 654
		14		kr. 960 555
	Innkaupastofnun ríkisins:			
	Forstjóri	1	III.	kr. 118 260
	Skrifstofustjóri	1	VI.	— 92 670
	Sölustjóri	1	VII.	— 87 136
	Gjaldkeri	1	VII.	— 87 136
	Bókari	1	X.	— 71 230
	Ritarar	2	XIII.	— 112 468
	Afgreiðslumaður	1	X.	— 71 230
	Sölumaður	1	VIII.	— 81 603
		9		kr. 721 733
10. I. 2.	**Stjórnarráðið:**			
	Atvinnumálaráðuneytið:			
	Ráðuneytisstjóri	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjórar	2	V.	— 201 934
	Fulltrúar	3	VI.—VII.	— 278 010
	Bókari	1	X.	— 71 231
	Ritari	1	XIII.	— 56 234
		8		kr. 725 666

Fjárl.grein	Embætti og staða	Stm.	Launafl.	Grunnlaun
10. I. 2.	**Dóms- og kirkjumálaráðuneytið:**			
	Ráðuneytisstjóri	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjórar	2	V.	— 201 934
	Fulltrúar	4	VI.—VII.	— 354 078
	Ritari	1	XIV.	— 56 234
	Bókarar	2	X.	— 142 462
		10		kr. 872 965
	Félagsmálaráðuneytið:			
	Ráðuneytisstjóri	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjóri	1	V.	— 100 967
	Fulltrúar	4	VI.	— 370 680
	Bókarar	2	X.	— 142 462
	Ritari	1	XIII.	— 56 234
		9		kr. 788 600
	Fjármálaráðuneytið:			
	Ráðuneytisstjóri	1	III.	kr. 118 257
	Deildarstjóri	1	V.	— 100 967
	Fulltrúar	5	VI.—VII.	— 441 214
	Bókarar	2	X.	— 142 462
	Ritari	1	XIII.	— 56 234
	Aðstoðardyravörður	1	XII.	— 61 868
		11		kr. 921 002
Að liðnum fresti þeim, sem til er tekinn af landsdómi, skal verjandi leggja fram greinargerð af ákærðs hálfu og gögn þau, er hann hyggst bera fyrir sig í málflutningi skjólstæðingi sínum til varnar, svo og nafnaskrá yfir menn þá, sem hann óskar, að yfirheyrðir séu, enda séu þeir ekki á skrá saksóknara.

Nú óska málsaðilar, annar hvor eða báðir, eftir frekari fresti til gagnasöfnunar til undirbúnings málflutningi, og skal þá enn veittur hæfilegur frestur, er aðilar skulu nota sameiginlega.

29. gr

Nú óskar annar hvor málsaðila síðar að bera fyrir sig önnur sakargögn en þau, sem hann hefur lagt fram eða getið er á skrá hans eða í greinargerð, eða hann óskar að afla einhvers sönnunargagns á annan hátt en þar er til tekið, og er það þá því aðeins hægt, að gagnaðili samþykki eða dómurinn leyfi.

30. gr.

Forseti á, er þess er krafizt af öðrum hvorum málsaðila, að gefa út stefnu til vitna þeirra, er leiða á fyrir landsdómnum. Um stefnufrest og stefnubirtingu gilda almennar reglur.

31. gr.

Um vitni og vitnaskyldu fyrir landsdómi fer, eftir því sem við getur átt, eftir almennum reglum um vitni í refsimálum, samanber XII. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

32. gr.

Að loknum málatilbúnaði samkvæmt 28. gr. hefst sókn máls og vörn fyrir landsdómi. Gerir saksóknari fyrst stutta grein fyrir málsatvikum og sakargögnum þeim, er hann hyggst styðja ákæru við. Því næst spyr hann ákærðan um sakaratriði. Verjandi, dómsforseti og aðrir dómendur geta síðan lagt spurningar fyrir ákærðan.

Sé mál höfðað gegn tveim mönnum eða fleiri, ákveður dómsforseti í hvaða röð þeir skuli prófaðir, hvort þeir skuli hlýða á framburð hver annars og hvort þeir skuli samprófaðir.

Hvenær sem vætti, framlögð gögn eða önnur atvik gefa tilefni til, skal ákærður yfirheyrður að nýju.

Engum þvingunaraðgerðum má beita við ákærðan til þess að fá hann til að svara. Mál verður jafnt tekið til meðferðar og dæmt, þó að ákærður mæti ekki eða neiti alveg að gefa skýrslu.

33. gr.

Nú er fengin skýlaus játning ákærðs, og ákveður þá landsdómur að hverju leyti þörf sé frekari sönnunargagna.

34. gr.

Þegar lokið er prófun ákærðs, flytur saksóknari fram sakargögn og leiðir vitni. Spyr hann þau sjálfur, en verjanda og ákærðum er heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Auk þess getur dómsforseti og einstakir dómendur beint spurningum til vitnis. Síðan flytur saksóknari sókn sína munnlega. Gerir hann þar grein fyrir ályktunum þeim, sem dregnar verða af gögnum málsins, lagaatriðum og endanlegum kröfum. Því næst færir verjandi fram sín gögn og leiðir vitni. Fer sú vitnaleiðsla fram með sama hætti og sagt var um vitni, sem leidd eru af saksóknara. Að því búnu flytur verjandi munnlega vörn, svo og ákærður sjálfur, ef hann vill. Í vörn skal gerð grein fyrir ályktunum, sem dregnar verða af sönnunargögnum, lagaatriðum, sem máli skipta, og kröfur rökstuddar. Landsdómur ákveður, hvort málflytjendur megi tala oftar, en ákærður og verjandi hans skulu ætíð hafa tækifæri til að taka eins oft til máls og saksóknari og að taka til máls síðast, áður en málið er tekið til dóms.

Landsdómur sker úr öllum vafa- og ágreiningsefnum, sem upp kunna að koma í sambandi við vitnaleiðslu.

35. gr.

Neiti vitni án lögmætra ástæðna að svara, getur landsdómur dæmt það í sekt eða varðhald allt að 6 mánuðum.

36. gr.

Reglum um vitni skal beitt um matsmenn og skoðunarmenn eftir því sem við á.

37. gr.

Verði nauðsynlegt, eftir að sókn máls og vörn fyrir landsdómi er byrjuð, að fresta málsmeðferð, ákveður dómurinn, hvort eða að hve miklu leyti þurfi að endurtaka það, sem þegar hefur fram farið, er málið er á ný tekið fyrir.

38. gr.

Vitnaskýrslur skulu stuttlega bókaðar í dómbók. Þegar yfirheyrslu er lokið, skal bókunin lesin upp og staðfest, að rétt sé bókað. Dómsforseti getur ákveðið, að skýrslur vitna og kunnáttumanna skuli hraðritaðar eða teknar á talvél. Kröfur og mótmæli skulu nákvæmlega bókuð. Ræður saksóknara og verjanda þarf eigi að bóka, nema dómsforseti mæli svo fyrir, að einstök atriði úr þeim skuli bókuð. Dómsforseti getur ákveðið, að ræður málflytjenda skuli teknar á talvél.

39. gr.

Að málflutningi loknum skal málið þegar tekið til dóms. Ganga dómendur þá á ráðstefnu. Að loknum umræðum dómenda fer fram atkvæðagreiðsla. Dómsforseti stjórnar umræðum og atkvæðagreiðslu, ákveður í hvaða röð dómendur greiði atkvæði, og sker úr ágreiningi, sem rísa kann við atkvæðagreiðsluna.

Afl atkvæða ræður úrslitum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta. Ráðstefna og atkvæðagreiðsla fer fram fyrir luktum dyrum.

40. gr.

Ákærður verður aðeins dæmdur fyrir þær sakir, sem tilgreindar eru í ályktun Alþingis. Hins vegar er dómurinn ekki bundinn við refsikröfur saksóknara.

41. gr.

Dóm landsdóms skal semja skriflega. Skal hann byggður á forsendum, þar sem meðal annars skal greina kröfur málsaðila og mótmæli, málsatvik og málsástæður, er máli skipta, sönnunargögn og mat á þeim, að því leyti sem þau geta skipt máli, lagaákvæði, sem máli varða, hugleiðingar dómsins og niðurstöður. Aðal-niðurstaða dómsins skal, svo sem venja er, dregin saman í dómsorð.

42. gr.

Dómur skal skráður í dómbók. Dóm skal jafnan kveða upp svo fljótt sem við verður komið.

43. gr.

Dómsforseti les dóminn upp í heyranda hljóði á dómþingi. Sé ákærður eigi viðstaddur dómsuppsögu, skal saksóknari sjá um, að honum sé birtur dómurinn með sama hætti og stefna. Dómseftirrit skulu send forseta sameinaðs Alþingis og dómsmálaráðherra. Landsdómur getur ákveðið, að dómur skuli prentaður og gefinn út.

44. gr.

Sératkvæði dómenda í landsdómi skulu samin, skráð og lesin á dómþingi með sama hætti og dómur. Sé dómur prentaður, skulu þau einnig prentuð.

45. gr.

Dómsmálaráðherra annast um, að dómi sé fullnægt á þann hátt, sem venjulegt er.

46. gr.

Málskostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, nema að því leyti sem ákærður kann að verða dæmdur til að greiða hann. Landsdómur metur það eftir grundvallarreglum réttarfarslaga, hvort og að hve miklu leyti málskostnaður skuli lagður á ákærðan. Þegar ákærður er dæmdur til að greiða málskostnað, skal tekið tillit til þess, hversu sök hans er mikil, svo og til efnahags hans.

47. gr.

Saksóknara og verjanda skal í dómi ákveðin hæfileg þóknun fyrir starfa sinn. Þeir eiga og rétt á að fá endurgoldinn útlagðan nauðsynlegan kostnað.

48. gr.

Um þóknun til vitna og matsmanna fer eftir sömu reglum og í öðrum dómsmálum.

49. gr.

Dómendur í landsdómi og dómritarar eiga rétt á ferða- og dvalarkostnaði eftir sömu reglum og gilda um alþingismenn. Landsdómur ákveður þóknun til dómenda og dómritara fyrir hvert einstakt mál.

Allur dómskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

50. gr.

Að því leyti, sem eigi er á annan veg mælt í lögum þessum, skal, eftir því sem við getur átt, beita ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði um meðferð máls fyrir landsdómi.

51. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá úr gildi lög nr. 11 frá 20. október 1905, um landsdóm, og lög nr. 30 frá 2. nóvember 1914.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 27. apríl 1960 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um endurskoðun laga nr. 11/1905, um landsdóm. Með bréfi, dags. 23. júní 1960, fól dómsmálaráðherra Bjarni Benediktsson prófessor Ólafi Jóhannessyni að annast þessa endurskoðun, og hefur hann samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir. Hefur ríkisstjórnin haft frumvarpið til athugunar, og er það lagt fram, eins og það barst frá höfundi.

Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Greinargerð þessari verður skipt í þrjá kafla. Í I. kafla verður rætt um þá skipun landsdóms og ráðherraábyrgðar, er nú gildir að íslenzkum lögum. Í II. kafla verður fjallað um þá skipun þeirra mála, er gildir í nágrannalöndunum og nokkrum öðrum löndum, sem byggja stjórnskipun sína á svipuðum grundvallarhugmyndum og Íslendingar. Í III. og síðasta kafla verður svo gerð nokkur grein fyrir efni þessa frumvarps, þ. e. a. s. þeirri skipun landsdóms og meðferð landsdómsmála, sem lagt er til, að lögtekin verði.

I.

Í flestum stjórnarskrám eru sérstök ákvæði um ráðherraábyrgð, sérstaklega um rétt þjóðþings til málshöfðunar gegn ráðherrum, um afbrigðilega meðferð slíkra mála fyrir dómi og um sérstakan dómstól til að dæma í þeim málum. Slík fyrirmæli eru einnig í íslenzku stjórnarskránni, og hafa þau verið þar frá því landið fékk innlenda ráðherrastjórn. Í stjórnarskránni frá 1874 voru hins vegar auðvitað engin þvílík ákvæði. Þau áttu þar ekki heima. En ákvæði um þessi efni voru þegar tekin upp í stjórnskipunarlögin frá 1903. Þar var svo fyrir mælt, að ráðherrann skyldi bera ábyrgð á stjórnarathöfnum, og að Alþingi gæti kært hann fyrir embættisrekstur hans eftir þeim reglum, sem nánar yrði skipað fyrir um með lögum. Þangað til slík lög væru sett, átti hæstiréttur ríkisins að dæma í þeim málum, sem Alþingi höfðaði á hendur ráðherra. Með stjórnskipunarlögunum nr. 12 frá 19. júní 1915 voru stjórnarskrárákvæði þessi gerð nokkru fyllri, en hafa síðan haldizt óbreytt, og eru nú í 14. og 29. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar segir, að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, og að ráðherraábyrgð sé ákveðin með lögum. Þar segir enn fremur, að Alþingi geti kært ráðherra fyrir embættisrekstur þeirra, og að landsdómur dæmi

þau mál. Samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar getur forseti ekki leyst ráðherra undan saksókn né refsingu, sem landsdómur hefur dæmt, nema með samþykki Alþingis.

Stjórnarskráin ákveður þannig, að ákæruvald gegn ráðherra skuli vera í höndum Alþingis, og að dómsvald í þeim málum, sem Alþingi lætur höfða, skuli vera hjá landsdómi. Hins vegar kveður hún eigi á um skipun landsdóms, og fer hún því eftir lögum, sbr. 59. gr. stj.skr. Stjórnarskráin setur eigi heldur neinar sérstakar ábyrgðarreglur, heldur segir það eitt, að slíkar reglur skuli settar í lögum.

Ákvæði stjórnarskrárinnar hafa verið skilin svo, að reglur um ráðherraábyrgð skuli settar í sérlögum, að ákæruvald vegna embættisbrota ráðherra sé í höndum Alþingis eins, og að til skuli vera sérstakur dómstóll — landsdómur —, er sé einkadómstóll í málum þeim, sem Alþingi ákveður að höfða á hendur ráðherra. Þessum grundvallaratriðum verður ekki haggað af löggjafanum. En að öðru leyti leggur stjórnarskrárgjafinn það í vald löggjafans að setja allar nánari reglur um þessi efni, þar á meðal um það, hvaða atferli varði ráðherra sérstaklega ábyrgð, hverjum viðurlögum hann skuli sæta fyrir embættisbrot, hversu skipun landsdóms skuli háttað og hverjar réttarfarsreglur skuli gilda fyrir landsdómi. Um þessi efni hefur löggjafinn næsta óbundnar hendur.

Eftir gildistöku stjórnskipunarlaga nr. 16 frá 3. okt. 1903 voru skjótlega sett tvenn lög um þessi efni, önnur um ábyrgð ráðherra Íslands, nr. 2 frá 4. marz 1904, hin um landsdóm, nr. 11 frá 20. október 1905. Á síðari lögunum voru gerðar nokkrar breytingar með l. nr. 30 frá 2. nóv. 1914. Að öðru leyti hafa lög þessi staðið óbreytt til þessa. Hafa þau þó allt frá öndverðu sætt ýmissi gagnrýni, og á það þó einkanlega við um lögin um landsdóm, en á lögin hefur aldrei reynt í framkvæmd, svo að breytingar hafa af þeim sökum ekki orðið aðkallandi.

Í lögunum um ábyrgð ráðherra er kveðið á um hin efnislegu skilyrði ráðherraábyrgðar, þ. e. a. s. hvaða atferli varði ráðherra ábyrgð og hver nánari skilyrði þurfi að vera fyrir hendi til þess að hann verði sakfelldur. Þar er enn fremur mælt fyrir um þau viðurlög, sem brot á ráðherraábyrgðarlögunum geta varðað. Ráðherraábyrgðarlögin eiga að sjálfsögðu aðeins við um embættisbrot ráðherra, og er þeim í lögunum skipt niður í þrjá aðalflokka, þ. e. stjórnarskrárbrot, brot á öðrum landslögum og brot á góðri ráðsmennsku, þ. e. a. s. ef ráðherrann hefur fyrirsjáanlega stofnað heill almennings eða einstaklings í hættu. Í lögunum eru síðan talin upp mörg dæmi þvílíkra brota. Það er skilyrði refsiábyrgðar, að brot þessi séu framin af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi. Refsingin er embættismissir eða sektir. Auk ábyrgðar eftir ráðherraábyrgðarlögunum hefur verið talið, að ráðherrar beri ábyrgð eftir almennum hegningarlögum, eftir því sem við gæti átt, svo sem hverjir aðrir embættismenn, sbr. 14. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Í ráðherraábyrgðarlögunum er hegning lögð við brotum, sem óttast má af ráðherra sérstaklega, og ákvæði almennra hegningarlaga, um brot í opinberu starfi, ná ekki til. Um ráðherraábyrgðarlögin sérstaklega skal annars eigi rætt hér frekar. Rétt er aðeins að undirstrika þau nánu tengsl, sem óhjákvæmilega hljóta að vera á milli efnisreglna um ráðherraábyrgð annars vegar og réttarfarsreglna í málum á hendur ráðherra hins vegar. Réttarfarsreglurnar, þ. e. a. s. fyrirmæli um skipun landsdóms, ákærureglur og ákvæði um málsmeðferð eru í áðurnefndum landsdómslögum, nr. 11 frá 20. okt. 1905, sbr. l. nr. 30 frá 2. nóv. 1914.

Skipun landsdómsins er mjög frábrugðin því sem er um aðra dómstóla hér á landi. Samkvæmt landsdómslögunum skal dómurinn skipaður 30 dómendum, 6 sjálfkjörnum og 24, sem sérstaklega eru kjörnir í dóminn. Hinir sjálfkjörnu dómarar eru 3 hæstaréttardómarar, væntanlega forseti, og tveir hinir elztu að embættisaldri, og 3 af hinum elztu lögfræðingum landsins, er í öðrum embættum sitja, eiga ekki sæti á Alþingi og eru ekki í stjórnarráðinu. Kosningu hinna kjörnu dómenda er eftir 4. gr. landsdómslaganna hagað þannig, að hver sýslunefnd og bæjarstjórn, sem þar er talin, kýs tiltekna tölu innanhéraðs- og innanbæjarmanna eða allar til samans 72 menn. Af þeim 72 kaus efri deild úr 24 með hlutfallskosningu. Af þeim 48, sem þá

eru eftir, voru í sameinuðu þingi 24 valdir með hlutkesti til þess að eiga sæti í landsdómi, en þeir 24, sem eftir voru, urðu varamenn. Upphaflegu dómendurnir áttu að skipa dóminn á meðan þeir fullnægðu kjörgengisskilyrðum, en varamenn skyldi kjósa sjötta hvert ár með sama hætti og aðalmenn voru í öndverðu kosnir, sbr. 8. gr. landsdómsl. Þetta kosningafyrirkomulag er allt of margbrotið og þungt í vöfum, og hefur því reyndin orðið sú, að varamenn í landsdóm hafa ekki verið kosnir síðustu áratugina, enda er sú sýslu- og bæjaskipun, sem lögð er til grundvallar, orðin úrelt að nokkru. Er nú svo komið, að engir kjörnir landsdómsmenn eru til staðar.

Þó að landsdómur sé samkvæmt framanskráðu skipaður 30 dómendum, sitja þeir ekki allir dóminn, er til málssóknar kemur, því að dómurinn er ruddur, sem kallað er, áður en til eiginlegrar málsmeðferðar kemur. Dómruðning fer þannig fram, að sóknari og ákærður eða verjandi hans koma fyrir dómsforseta að viðstöddum 4 vottum á tilteknum stað og stundu, og ryður ákærður 1 af hinum sjálfkjörnu dómendum og 7 af hinum kjörnu, og sóknari 1 af hinum lögskipuðu og 6 af hinum kosnu. Vanræki málsaðilar, annar hvor eða báðir, að ryðja dóminn, ryður forseti dóminn með hlutkesti, eftir því sem með þarf.

Þegar Alþingi hefur samþykkt málshöfðun, kýs það sóknara, er kemur málshöfðunarályktun Alþingis á framfæri við forseta dómsins og annast síðan að öðru leyti allt, er lýtur að sókn málsins. Forseti dómsins skipar ákærðum verjanda. Við meðferð hvers máls kýs dómurinn sér forseta, en þangað til sú kosning hefur farið fram, gegnir forseti hæstaréttar forsetastörfum.

Um sjálfa málsmeðferðina fyrir landsdómi eru nokkrar reglur í landsdómslögunum. Þær eru þó ófullkomnar og í sumum tilfellum óljósar. Hefði þar vafalaust þurft að ráða fram úr ýmsum vafaatriðum, ef á lögin hefði reynt í framkvæmd. Málsmeðferðin er í ýmsu frábrugðin því, sem venjulegt er. Að formi til svipar landsdómsmáli til einkamáls á milli sóknara og ákærðs, og sætir að mörgu leyti öðrum reglum en sakamál almennt. Skulu þær sérreglur eigi raktar hér. Þess skal hér aðeins getið, að málflutningur fyrir landsdómi fer fram í heyranda hljóði. Fyrst leggur sóknari fram sönnunargögn sín, útskriftir af vitnaleiðslum og önnur skjöl, færir síðan fram vitni þau, er nærstödd eru; spyr hann þau sjálfur, en ákærðum og verjanda er heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Síðan flytur sóknari sókn sína munnlega. Því næst færir ákærður eða verjandi hans á sama hátt fram sín gögn og leiðir vitni. Fer um það að öllu leyti með sama hætti og hjá sóknara. Að því búnu færir verjandi fram munnlega vörn, svo og ákærður sjálfur, ef hann vill. Sóknari á þá rétt á að svara og ákærður eða verjandi hans til að svara aftur. Dómur skal ganga í málinu innan þriggja sólarhringa frá því er sókn og vörn var úti. Dómur er því aðeins lögmætur, að 2 hinna lögskipuðu og 10 hinna kjörnu dómenda, hinir sömu, hlýði á allan málflutninginn og taki þátt í að dæma dóminn. Ákærðum verður ekki gerð refsing, né heldur verða skaðabætur né málskostnaður lagður á hann, nema ⅔ þeirra dómenda, er taka þátt í að dæma dóminn, séu á eitt sáttir.

Eins og áður segir, er landsdómslöggjöfin gölluð á margan hátt, reglurnar um skipun dómsins óþarflega flóknar og þungar í vöfum, fyrirmælin um málsmeðferð ófullkomin og sum ákvæði laganna orðin úrelt. Má ef til vill segja, að það hafi ekki komið að sök, þar sem landsdómur hefur hér aldrei fengið neitt mál til meðferðar. Alþingi hefur aldrei samþykkt málshöfðun á hendur ráðherra, og hefur tillaga um slíka ákæru meira að segja aldrei komið fram. Hættir því mörgum til að gera lítið úr landsdómi og telja landsdómsmeðferð, eins og nú er komið, óraunhæft úrræði til aðhalds ráðherra. Líta þeir sumir hverjir á landsdómslögin og ákvæði stjórnarskrárinnar um ráðherraábyrgð og landsdóm sem dauðan bókstaf.

Satt er það, að refsiábyrgðar ráðherra gætir minna, þar sem þingræðisstjórn er komin í fastar skorður. Þar er málshöfðun gegn ráðherra fyrir sérstökum stjórnardómstóli fátíð. Þörf á slíku úrræði er þar miklu minni. Hin þinglega ábyrgð veitir ráðherrum nauðsynlegt aðhald, og ráðherra, sem meiri hluti þings vill losna við, verður að víkja. Í þingstjórnarlöndum er þingmeirihluti oft samábyrgur ráðherra,

og liggur í hlutarins eðli, að sá meiri hluti samþykkir ógjarna málshöfðun gegn ráðherra. Samt sem áður er það ofmælt, að í þingstjórnarlöndum sé ákvæðum um refsiábyrgð ráðherra og um sérstakan ráðherradóm algerlega ofaukið. Það getur orðið þörf á slíkum úrræðum, þegar sérstaklega stendur á. Vitund um, að sérstakur dómstóll sé tiltækur, ef brot er framið, getur og veitt ráðherra almennt aðhald. Það er því eigi aðeins ástæðulaust heldur og óskynsamlegt, að afskrifa þetta úrræði, sem algerlega gangslaust. Samkvæmt stjórnarskránni á og þarf landsdómur að vera til. Um hann þarf að setja skynsamlega löggjöf. Sú löggjöf þarf að vera þannig úr garði gerð, að dómurinn sé jafnan tiltækur, ef á þarf að halda. Það þarf að sníða helztu agnúana af núgildandi landsdómslögum, svo að þau verði þjálli í framkvæmd. Með frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er stefnt að slíkum lagfæringum á löggjöfinni um landsdóm. Verður gerð nánari grein fyrir þeim hér á eftir í III. kafla. Þó að frumvarpið nái fram að ganga, þarf naumast að gera ráð fyrir að annasamt verði í landsdómi fremur en hingað til. Það er ekki sennilegt, að mikið kveði að landsdómsmálum hér á landi, á meðan búið er við þingstjórnarhætti. En löggjöf um landsdóm og landsdómsmál er jafn eðlileg og sjálfsögð fyrir því. Og löggjöfin getur gert sitt gagn, þó að málin, sem dómstóllinn fær til meðferðar, verði ekki mörg.

II.

Þess er áður getið, að í stjórnarskrám flestra ríkja séu sérstök ákvæði um ráðherraábyrgð, þar á meðal um ákæruvald gegn ráðherrum og um sérstakan dómstól — ríkisrétt eða stjórnardóm — til að dæma í málum þeim, er þjóðþing ákveður að höfða á hendur ráðherrum. Slík stjórnarskrárákvæði eiga rætur að rekja til enskra stjórnarhátta. Allt frá því á miðöldum var það viðurkennd regla á Englandi, að konungur væri ábyrgðarlaus í öllum stjórnarmálefnum (The king can do no wrong). Í stað þess voru ráðgjafar konungs taldir bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum, og varð ábyrgð á hendur þeim komið fram fyrir almennum dómstólum. Jafnframt komst þó sá háttur á, að neðri deild Parliamentisins gæti kært ráðherra fyrir lávarðadeildinni, er dæmdi í þeim málum. Lávarðadeildin hafði frjálsari hendur en almennir dómstólar. Hún gat eigi aðeins sakfellt ráðherra fyrir tiltekin embættisbrot heldur og fyrir ráðsmennsku, sem talin var ríkinu skaðsamleg. Þetta sérstaka saksóknarúrræði reyndi þingið að nota til þess að skapa stjórninni aðhald og til þess að knýja hana til að virða stjórnskipun ríkisins. Þetta úrræði var því að nokkru leyti pólitísks eðlis.

Í stjórnarskrár þær, er stjórnfrjálsar þjóðir settu sér í lok átjándu aldar og á nítjándu öldinni, voru tekin ákvæði, er sniðin voru eftir þessari sérstöku ensku saksóknaraðferð gegn ráðherrum (impeachment), en þó með ýmsum breytingum, eins og eðlilegt var. Oftast nær er það ákveðið, að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum í stað þjóðhöfðingjans, sem er ábyrgðarlaus, að ákæruvald á hendur ráðherrum sé hjá þjóðfulltrúasamkomunni og að dómsvaldið í málum þjóðþings gegn ráðherrum sé hjá sérstökum dómstóli, eða jafnvel stundum efri deild löggjafarþingsins. Að sjálfsögðu eru ákvæði þessi dálítið breytileg eftir ríkjum, þótt þau séu svipuð í megindráttum og hvíli upphaflega á svipuðum hugmyndum.

Hér á eftir verður gefið örstutt yfirlit um skipun þessara mála í nálægum löndum og fáeinum löndum öðrum, sem upplýsingar eru fyrir hendi um, og Íslendingar hafa, bæði að fornu og nýju, einkum sótt til hugmyndir sínar um stjórnarháttu. Slíkur útdráttur, þótt ófullkominn sé, getur verið gagnlegur bæði til skýringar á og til samanburðar við þær reglur, sem hér hafa gilt og þær, sem stungið er upp á í frumvarpi þessu.

Danmörk.

Samkvæmt grundvallarlögunum frá 1849, § 72, var ríkisréttur Danmerkur skipaður 16 dómendum, kjörnum til fjögurra ára í senn. Af þeim kaus landsþingið 8, en hina 8 tilnefndi hæstiréttur. Stóð sú skipun til 1866. Með hinum endurskoðuðu

grundvallarlögum frá 1866 var gerð sú breyting, sbr. grundvallarlögin § 66, að eftir það skyldi ríkisrétturinn skipaður öllum dómurum hæstaréttar og jafnmörgum landsþingsmönnum sem hæstaréttardómurum. Var sú skipun óbreytt þangað til 1953, er núgildandi grundvallarlög tóku gildi. Um skipun ríkisréttarins eru nú fyrirmæli í 59. gr. grundvallarlaganna frá 1953, en auk þess eru nánari ákvæði um hann í lögunum um ríkisrétt, nr. 100/1954.

Samkvæmt grundvallarlögunum, § 59, skal ríkisrétturinn skipaður allt að 15 hæstaréttardómurum, hinum elztu að embættisaldri, þ. e. a. s. ef hæstaréttardómarar eru 15 eða færri, þá eru þeir allir dómarar í ríkisrétti, en séu hæstaréttardómarar fleiri en 15, þá eiga þó aðeins 15, hinir elztu að embættisaldri, sæti í ríkisrétti. Auk þess kýs svo þjóðþingið með hlutfallskosningu til 6 ára í senn svo marga menn til setu í ríkisréttinum, að tala hinna þjóðþingskjörnu verði jöfn tölu hæstaréttardómaranna, er þar eiga sæti. Ríkisrétturinn er því, eins og nú er, skipaður 30 mönnum, 15 hæstaréttardómurum og 15 mönnum kjörnum af þjóðþinginu. Fyrir hvern þingkjörinn dómara eru og kosnir tveir varamenn. Hinir þingkjörnu dómarar mega ekki vera þjóðþingsmenn.

Ríkisrétturinn kýs sér sjálfur formann og varaformann.

Við meðferð einstaks máls geta dómendur orðið færri en að framan greinir. Í fyrsta lagi gildir sú regla, að ef einhver eða einhverjir af dómurum hæstaréttar geta ekki tekið þátt í meðferð máls eða dómsuppsögu, þá skal tilsvarandi tala þingkjörinna dómenda víkja. Samkvæmt ríkisréttarlögunum gildir hliðstæð regla, ef þingkjörinn dómari getur eigi tekið þátt í meðferð málsins, og hvorugum varamanni hans er til að dreifa, þ. e. a. s. að þá skal sá hæstaréttardómari, sem yngstur er að embættisaldri, víkja.

Aldrei mega færri en 18 dómendur sitja í ríkisrétti.

Hinir þingkjörnu dómendur fara með mál, þar til því er lokið, enda þótt kjörtímabil þeirra hafi runnið út, meðan á meðferð þess stóð. Hliðstæð ákvæði eru ekki um hæstaréttardómara, sem lætur af störfum. Hæstaréttardómari, sem fer frá, á því væntanlega um leið að hætta dómsstörfum í ríkisrétti, og eigi myndi eftirmanni hans heimilt að taka þátt í meðferð þess ríkisréttarmáls, sem þegar er byrjað.

Ríkisrétturinn dæmir í málum þeim, sem þjóðþing eða konungur ákveður að höfða á hendur ráðherra. Með samþykki þjóðþingsins getur og konungur látið saksækja aðra en ráðherra fyrir ríkisrétti, ef um er að ræða afbrot, sem telja má ríkinu sérstaklega hættuleg. Á rétt konungs til málshöfðunar fyrir ríkisrétti mun aldrei hafa reynt í framkvæmd.

Um málsmeðferðina í höfuðdráttum skal þetta fram tekið: Skipaður er sækjandi málsins og verjandi, og er sá fyrrnefndi kosinn af þjóðþinginu, er það ákveður málshöfðun, en aðalreglan er sú, að dómsforseti skipi hinn síðarnefnda. Sækjandi hlutast til um útgáfu stefnu, semur ákæruskjal, gerir skrá yfir vitni og aðra þá, er hann óskar að skýrsla sé tekin af, og leggur hann gögn þessi fram við þingfestingu málsins. Enn fremur leggur hann þá fram endurrit undirbúningsrannsóknar, ef fram hefur farið. Varnaraðila er veittur hæfilegur frestur til að leggja fram skjöl þau og önnur gögn, er hann ætlar að byggja vörn sína á, svo og skrá yfir menn þá, er hann óskar að skýrsla sé af tekin.

Dómsforseti ákveður síðan í samráði við sækjanda og verjanda, hvenær dómþing skuli háð til vitnaleiðslu. Eru all ýtarlegar reglur settar í ríkisréttarlögunum um vitni og vitnaskýrslur, og skulu þær hér ekki raktar, en aðalreglan er sú, að sækjandi og verjandi spyrja vitni, en þó getur bæði dómsforseti og aðrir dómarar beint spurningum til vitnis. Að gagnaöflun lokinni fer fram munnlegur málflutningur.

Málsmeðferð öll, að dómararáðstefnum og atkvæðagreiðslum undanskildum, fer fram í heyranda hljóði, nema þar frá sé gerð sérstök undantekning af réttinum.

Dómur er uppkveðinn í beinu framhaldi af málflutningnum. Þó getur dómurinn, ef nauðsynlegt þykir, frestað atkvæðagreiðslu þar til næsta virkan dag.

Ákærður verður aðeins dæmdur fyrir það atferli, sem í ákæruskjali greinir. Aftur á móti er dómurinn ekki bundinn við refsikröfur sækjanda.

Dómurinn er byggður á forsendum. Birta skal atkvæðatölu, en án nafna dómara.

Dómsmálaráðherra sér um fullnustu dómsins.

Málskostnaður fellur á ríkissjóð, þegar enginn sérstakur er dæmdur til að greiða hann.

Í Danmörku eru engin sérstök ráðherraábyrgðarlög. Hafa þó oft komið fram tillögur um setningu þeirra. Árið 1939 voru samþykkt sérstök ráðherraábyrgðarlög, en þau öðluðust aldrei lagagildi, þar sem þau voru tengd grundvallarlagafrumvarpinu 1939, sem féll vegna þess, að það náði ekki tilskildum meirihluta við þjóðaratkvæðagreiðslu. Um refsiábyrgð ráðherra í Danmörku fer því eftir reglum almennra hegningarlaga. Að undanförnu hefur setið þar á rökstólum sérstök stjórnskipuð nefnd til að athuga um setningu ráðherraábyrgðarlaga. Hefur hún nýlega skilað ýtarlegu áliti. Telur meiri hluti nefndarinnar (12 af 13) eigi ástæðu til að setja sérstök ráðherraábyrgðarlög, en minni hlutinn telur hins vegar rétt að setja slík sérlög.

Í Danmörku hefur ríkisrétturinn fengið samtals 4 mál til meðferðar, hið fyrsta árið 1855, tvö 1877 og hið síðasta 1909. Í öllum tilfellum var um að ræða málshöfðun gegn ráðherrum, sem þegar höfðu látið af embætti. Þrjú fyrstu málin voru öðrum þræði af pólitískum toga spunnin. Aðeins í einu málinu var sakfellt, dæmt í 1000 kr. sekt.

Auk þess hefur fimm sinnum komið fram tillaga á þingi um ákæru á hendur ráðherra og ríkisréttarmálssókn, þ. e. á þingunum 1854—55, 1865, 1936, á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina og 1959—60. Hér eru hvorki tök á né ástæða til að rekja þessi mál.

Noregur.

Um ráðherraábyrgð eru nokkur almenn ákvæði í stjórnarskrá Noregs, sbr. 5., 30. og 31. gr. Í 2. málsgr. 86. gr. stj.skr. segir, að nánari reglur um ákæru Óðalsþingsins skuli settar í lögum. Er þar átt við, að sett skuli sérstök ráðherraábyrgðarlög. Gilda nú um það efni l. nr. 1 frá 5. febrúar 1932 um refsingu fyrir sakir, er sóttar skulu fyrir ríkisrétti („om straff for handlinger som påtales ved Riksrett").

Réttarfarsreglur um ráðherraábyrgð eru í 86. og 87. gr. stj.skr. Í 20. gr. stj.skr. eru auk þess fyrirmæli um náðun. Nánari reglur um það efni eru svo í lögunum um ríkisrétt, l. nr. 2 frá 5. febrúar 1932 („om rettergangsmåten i riksrettssaker") .

Ríkisrétturinn dæmir í málum þeim, er Óðalsþingið ákveður að höfða á hendur ráðherrum, hæstaréttardómurum eða þingmönnum fyrir refsivert atferli í starfi. Ríkisrétturinn er í sjálfu sér skipaður öllum lögþingsmönnum og reglulegum hæstaréttardómurum, en í hverju einstöku máli er það aðeins tiltekin tala lögþingsmanna og hæstaréttardómara, er situr í ríkisrétti.

Fyrir stjórnarskrárbreytinguna 1932 var ríkisrétturinn skipaður 31 lögþingsmanni og 9 hæstaréttardómurum, en ákærður hafði rétt til að ryðja ákveðinni tölu dómenda, þó svo, að aldrei skyldu færri en 15 sitja í dómi. Samkvæmt núgildandi reglum er skipun dómsins í einstöku máli ákveðin með þeim hætti, að bæði sóknari og ákærður ryðja svo mörgum lögþingsmönnum og hæstaréttardómurum, að eftir sitji 21 dómari, þar af 14 lögþingsmenn og 7 hæstaréttardómarar. Forseti lögþingsins er forseti ríkisréttar, en sé honum rutt eða hann vanhæfur, velja lögþingsmenn þeir, er eftir sitja, nýjan forseta úr sínum hópi. Sé hæstaréttarforseta rutt eða sé hann vanhæfur eða hafi forföll, kemur í hans stað sá hæstaréttardómari, sem er elztur að embættisaldri.

Þegar mál er tekið til dóms, eru dregnir út með hlutkesti 6 dómarar — 4 lögþingsmenn og 2 hæstaréttardómarar — þannig að í dómsuppsögu taka aðeins þátt 15 dómendur, 10 lögþingsmenn og 5 hæstaréttardómarar.

Ríkisréttur er því aðeins dómbær, að 10 dómendur hið fæsta hafi setið í dómi og dæmi málið. Skiptir eigi máli hverjir dómendur það eru, hvort þeir eru úr hópi

lögþingsmanna eða hæstaréttardómara. Samkvæmt því getur ríkisrétturinn verið dómbær, þó að enginn hæstaréttardómaranna sitji í dóminum. Aftur á móti getur ríkisréttur aldrei orðið dómbær með hæstaréttardómurunum einum. Séu eigi 10 ríkisréttardómendur til staðar, verður rétturinn að hætta störfum, og málatilbúnaður verður þá ónýtur. Hins vegar er talið, að Óðalsþingið geti tekið það mál upp af nýju, og lagt það fyrir ríkisrétt, sem væri löglega skipaður.

Sá lögþingsmaður, sem sæti hefur tekið í ríkisrétti, situr þar þangað til meðferð þess máls er lokið, enda þótt kjörtími hans sem þingmanns hafi áður runnið út. Falli þingmennskuumboð hans niður af öðrum ástæðum, svo sem vegna þess að hann missir kjörgengi, lætur hann hins vegar þegar af starfi í ríkisréttinum. Hæstaréttardómari, sem lætur af starfi, hvort heldur er fyrir aldurs sakir eða af öðrum ástæðum, hættir jafnskjótt sem dómari í ríkisrétti. Almennar vanhæfisástæður eiga við um dómara í ríkisrétti.

Málflutningur fyrir ríkisrétti er munnlegur, og dómþing öll háð í heyranda hljóði, nema sérstaklega standi á og rétturinn ákveði, að þing skuli haldin fyrir luktum dyrum.

Vitnaleiðslur og önnur gagnaöflun fer fram fyrir ríkisréttinum sjálfum, nema rétturinn ákveði, að tiltekinna gagna skuli aflað með atbeina viðkomandi héraðsdóms. Enn fremur getur ríkisrétturinn ákveðið, ef hagkvæmt þykir, að vitnaleiðsla fari fram fyrir sérstakri dómnefnd, er dómendur kjósa úr sínum hópi, og í skulu vera 3 dómendur hið fæsta, þar af einn hæstaréttardómari, er stýrir vitnaleiðslunni.

Um vitnaskyldu, mats- og skoðunargerðir, vitnastefnur og vitnaskýrslur gilda annars hinar almennu reglur í lögum um einkamál.

Refsing og skaðabætur verða því aðeins dæmdar, að meiri hluti dómenda sé því samþykkur. Séu atkvæði jöfn um önnur atriði, ræður atkvæði forseta.

Að því leyti sem réttarfarsreglur eru eigi fastákveðnar í lögunum, getur ríkisrétturinn hagað málsmeðferð á þann hátt, er hann telur hallkvæmast, enda sé eigi brotið í bág við almennar réttarfarsreglur.

Í lögunum eru einnig nokkur ákvæði um einstök atriði í málsmeðferðinni. Skal þeirra aðeins lítillega getið.

Þegar Óðalsþingið hefur samþykkt málshöfðun, kýs það saksóknarnefnd, sem hefur það hlutverk að fylgjast með undirbúningi málsins og málsmeðferð fyrir hönd Óðalsþingsins. Enn fremur kýs Óðalsþingið einn eða fleiri saksóknara.

Ákærður getur krafizt þess, að sér sé skipaður verjandi sá, er hann óskar eftir. Séu tveir eða fleiri sóttir í sama máli, á hvor þeirra eða hver rétt á verjanda. Það er forseti hæstaréttar, sem skipar verjanda. Sé ósk um nafngreindan verjanda eigi borin fram innan tilskilins frests, er verjandi skipaður án ábendingar.

Dómsforseti kveður réttinn saman og annast um, að dómendur og starfsmenn réttarins vinni dómaraeið og tilskilið þagnarheit. Dómsforseti beinir því næst þeirri spurningu til aðila, hvort þeir geti bent á nokkrar sérstakar vanhæfisástæður hjá einstökum dómendum. Að því búnu fer fram dómruðning.

Í 21.—23. gr. laganna eru fyrirmæli um atvikalýsingu málflytjenda, yfirheyrslu ákærðs og vitna og um sjálfan málflutninginn.

Aðalreglan er sú, að forseti hæstaréttar stýri vitnaleiðslu, ef hún fer fram fyrir dóminum fullskipuðum. Rétturinn getur þó leyft sækjanda og verjanda að spyrja beint. Sækjandi og verjandi eiga að hafa sýnt hvor öðrum skjöl þau og önnur gögn, er þeir hyggjast leggja fram.

Þegar gagnaöflun er lokið, getur rétturinn, ef óskað er, veitt hæfilegan frest til undirbúnings munnlegum málflutningi. Sækjandi og verjandi tala tvisvar. Enn fremur mega bæði ákærður og saksóknarnefndarmenn Óðalsþingsins taka til máls.

Þegar málflutningi er lokið, er málið tekið til dóms. Síðan fer fram hlutkesti um það hverjir dómendur eigi að víkja úr dómi, þannig að eftir sitji aðeins 15 dómendur samkvæmt framansögðu.

Dómarar ganga síðan á ráðstefnu. Fer ráðstefna þeirra og atkvæðagreiðsla fram fyrir luktum dyrum. Skal atkvæðagreiðsla fara fram í síðasta lagi innan viku frá því málið var dómtekið. Hæstaréttardómarar — að forseta undanskildum — greiða fyrst atkvæði, síðan lögþingsmenn, þá forseti hæstaréttar og síðast dómsforsetinn. Hver dómari gerir grein fyrir atkvæði sínu, þó svo að hann getur vísað til þegar fram kominnar greinargerðar. Dómurinn er lesinn af forseta í heyranda hljóði. Atkvæðagreiðslan er birt, annað hvort með upplestri eða á annan hátt eftir ákvörðun dómsins.

Ríkisrétturinn getur dæmt ákærðan til greiðslu málskostnaðar.

Ríkisstjórnin sér um fullnustu dómsins.

Samkvæmt 2. málsgr. 20. gr. stj.skr. er náðunarréttur konungs takmörkum bundinn.

Ríkisréttur Noregs hefur fengið til meðferðar samtals 8 mál, þar af 6 á árabilinu frá 1814—1845, þ. e. a. s. áður en þingræðið var viðurkennt. Sjöunda ríkisréttarmálið, málið gegn ráðuneyti Selmers, átti sér stað árið 1884. Með því máli var þingræðið í raun og veru leitt til öndvegis í Noregi. Síðan hefur ríkisrétturinn aðeins fengið eitt mál til meðferðar. Það var á árunum 1926—27.

Svíþjóð.

Um ráðherraábyrgð eru nokkur fyrirmæli í stjórnarlögunum (Regeringsformen), sbr. 2. mgr. 9., 38., 106. og 107. gr. Samkvæmt 106. gr. stjórnarlaganna ákveður stjórnarskrárnefnd (Konstitutionsutskottet), hvort mál skuli höfða gegn ráðherra. Gert er ráð fyrir sérstökum ráðherraábyrgðarlögum. Í ráðherraábyrgðarlögunum eru talin upp ýmis brot, einkanlega gegn stjórnarlögunum, sem varða ráðherra refsiábyrgð. Auk þess er þar almenn ábyrgðarregla, sem sýnist að vísu nokkuð óákveðin. Almenn refsilagaákvæði virðast ekki talin eiga við um refsiábyrgð ráðherra. Á ráðherraábyrgðarlögum þessum hafa ekki verið gerðar teljandi breytingar, og eru nú ýmis ákvæði þeirra úrelt orðin.

Eins og áður er sagt, er það stjórnarskrárnefnd, sem tekur ákvörðun um málshöfðun, en Justiteombudsmannen annast að öðru leyti um ákæru og sókn sakar fyrir ríkisrétti.

Um skipun ríkisréttar eru fyrirmæli í 102. gr., sbr. 106. gr. stjórnarlaganna. Þegar ríkisrétturinn fer með mál á hendur ráðherrum, er hann skipaður eftirtöldum aðilum: Forseta Svea hovrätt, forsetum allra stjórnardeilda ríkisins („presidenterna uti alla rikets kollegier"), fjórum hæstaréttardómurum, yfirmanni hersins, flotaforingjanum í Stokkhólmi, tveimur elztu dómurunum í Svea hovrätt og hinum elzta ráðsmanni í hverri af stjórnardeildum ríkisins („det äldsta råd i varje av rikets kollegier"). Sökum breytinga þeirra, sem átt hafa sér stað á stjórnarkerfi ríkisins frá því stjórnarlögin voru sett, 1809, ríkir allmikil óvissa um það, hvernig nú á að skipa ríkisréttinn, en á það atriði hefur ekki reynt síðast liðin hundrað ár. Þar sem skipun þessara mála er svo óljós, og að því er virðist úrelt, verður hún eigi rakin hér nánar.

Ríkisréttur Svíþjóðar hefur fengið 5 mál til meðferðar, þ. e. 1817—18, 1823, 1834—35, 1840—41 og 1853—54.

Skipun þessara mála hefur verið nokkuð til athugunar og umræðu í Svíþjóð að undanförnu, einkum hin sérstöku ráðherraábyrgðarlög, en ekki er enn vitað, hvort sú athugun leiðir til lagabreytinga.

Finnland.

Ákvæði um ábyrgð ráðherra eru í 47. og 59. gr. stjórnarlaganna (Regeringsformen), 46. gr. ríkisþingslaganna („riksdagsordningen") og í tvennum lögum öðrum, er hafa gildi, sem grundvallarlög, þ. e. l. nr. 273 frá 25. nóv. 1922, um rétt ríkisþingsins til að rannsaka lögmæti embættisathafna ráðherra og ríkissaksóknara, og l. nr. 274 frá 25. nóv. 1922 um ríkisrétt.

Í 7. gr. l. 273/1922 er með almennum orðum tilgreint það atferli, sem varðar ráðherra ábyrgð, en þar er ekki að finna neina nánari skilgreiningu á þeim brotum.

Mál gegn ráðherrum út af brotum á framangreindum ákvæðum eru höfðuð fyrir ríkisrétti Finnlands. Samkvæmt l. 274/1922 er ríkisréttur skipaður bæði embættismönnum og þingkjörnum dómendum. Í dóminum eiga sæti: Forseti hæstaréttar, sem jafnframt er forseti ríkisréttarins, forsetar allra yfirrétta landsins („hovrätter"), einn lögfræðiprófessor og sex þingkjörnir menn. Ákæruvaldið er í höndum ríkisþingsins eða forseta landsins. Umboðsmaður ríkisþingsins er ákærandi, ef þingið ákveður málshöfðun, en ríkissaksóknarinn fer með ákæruvaldið fyrir hönd forseta. Stjórnarskrárnefnd þingsins skal láta í té álit um mál, áður en ríkisþingið tekur ákvörðun um málshöfðun.

Frá því 1922 hefur ríkisréttur fengið til meðferðar 3 mál á hendur ráðherrum, þ. e. 1933, 1952 og nú síðast 1960.

Bretland.

Í Englandi verður ábyrgð á hendur ráðherrum komið fram fyrir almennum dómstólum með venjulegum hætti, þ. e. a. s. þeir verða saksóttir sem hverjir aðrir embættismenn. En jafnframt hefur hin sérstaka saksóknaraðferð — hin svokallaða „impeachment" ákæra —, sem áður er getið, verið talin heimil, er ráðherrar eiga í hlut, en þá fer neðri deild Parliamentisins með ákæruvaldið, en dómsvaldið er hjá lávarðadeildinni. Þá þarf ákæran ekki að því er virðist, að vera einskorðuð við tiltekin brot. Þessi sérstaka saksóknaraðferð gegn ráðherra hefur þó ekki verið notuð síðan árið 1805, en tíðkaðist hins vegar allmikið áður fyrr, svo sem áður er að vikið, og varð í raun réttri fordæmi hinna sérstöku reglna, er víða gilda um ráðherraábyrgð og landsdóms- eða ríkisréttarmeðferð. Vegna þess hve langt er um liðið síðan þessi leið var farin, draga sumir í efa, að hún sé lögheimil lengur. Það mun þó vera ríkjandi skoðun, að enn sé heimilt að grípa til þessa úrræðis, ef á þarf að halda.

Í Englandi eru engin sérstök lög um ábyrgð ráðherra.

Holland.

Samkvæmt stjórnarskránni er ákæruvald gegn ráðherrum í höndum konungs eða neðri deildar þingsins. Einnig eru um það ákvæði í lögum frá 22. apríl 1855. Slík mál eru dæmd af hæstarétti. Skulu 10 dómendur æðsta dómstólsins taka þátt í meðferð máls og dómsuppsögu. Hafi neðri deild þingsins ákveðið að höfða ekki mál, er konungur við þá ákvörðun bundinn, og getur þá eigi heldur ákært. Málið virðist fyrst rannsakað af sérstakri rannsóknarnefnd, er báðar þingdeildar kjósa.

Sérstök lög eru um ábyrgð ráðherra. Eru þau frá 22. apríl 1855. Þar er að finna ýtarleg fyrirmæli um atferli það, er getur varðað ráðherra refsingu eða skaðabótum. Refsing getur verið fangelsi, frá 3 mánuðum og allt að 3 árum, embættismissir og brottvísun úr landi um tiltekið árabil. Það hefur aldrei komið til saksóknar samkvæmt þessum lögum, enda virðast sum ákvæði þeirra orðin nokkuð úrelt.

Belgía.

Samkvæmt 90. gr. stjórnarskrárinnar hefur fulltrúadeildin rétt til að ákæra ráðherra fyrir áfrýjunardómstólnum, sem fer með málið og dæmir það. Konungur fer hins vegar ekki með ákæruvald gegn ráðherrum.

Eftir 2. mgr. 90. gr. stjórnarskrárinnar skal ákveðið í lögum, hvaða atferli varði ráðherra refsingu. Enn fremur skal þar ákveðið, hverjar refsingar megi dæma, svo og þær réttarfarsreglur, sem nota á. Í 139. gr. stjórnarskrárinnar er auk þess boðið, að ábyrgð ráðherra og annarra embættismanna skuli skipað með lögum svo fljótt sem tök eru á. Þrátt fyrir þetta boð, hafa aldrei verið sett sérstök ráðherraábyrgðarlög.

Samkvæmt upplýsingum þeim, sem fyrir hendi eru, hefur aðeins einu sinni verið höfðað mál gegn ráðherra fyrir áfrýjunardómstólnum. Var það 1848.

Frakkland.

Samkvæmt stjórnarskránni frá 1958 gilda um ríkisrétt svipaðar reglur og lögleiddar voru með stjórnarskránni frá 1946. Ákvörðun um saksókn gegn ráðherrum skal samþykkt í báðum þingdeildum. Dómsvaldið er í höndum ríkisréttar. Er hann skipaður 24 dómendum, og velur fulltrúadeildin og öldungadeildin hvor um sig 12 dómsmenn úr sínum hópi til að skipa dóminn. Um dómstólinn gilda sérstök lög frá 2. jan. 1959. Samkvæmt þeim lögum verða kröfur einkaréttarlegs eðlis ekki hafðar uppi fyrir ríkisrétti. Skaðabótamál, sem kynnu að verða höfðuð á hendur ráðherra, eftir að hann hefur verið sekur fundinn af ríkisrétti, verða aðeins höfðuð fyrir almennum dómstólum. Engin sérstök lög eru til um ábyrgð ráðherra. Til málssóknar fyrir ríkisrétti hefur hvorki komið samkvæmt núgildandi stjórnarskrá né stjórnarskránni frá 1946.

Ítalía.

Samkvæmt 96. gr. stjórnarskrár Ítalíu er ákæruvald gegn ráðherrum í höndum þingsins. Stjórnlagadómstóllinn dæmir þau mál, sem þingið ákveður að höfða gegn ráðherrum, sbr. 134. gr. stj.skr. Stjórnlagadómstóllinn hefur einnig önnur verkefni, sem hér skipta eigi máli. Þegar stjórnlagadómstóllinn fer með mál á hendur ráðherrum, er bætt við 16 dómendum, sem kjörnir eru af þinginu. Eiga þeir dómendur að fullnægja kjörgengisskilyrðum til efri deildarinnar.

Í Ítalíu eru engin sérstök ráðherraábyrgðarlög. Um ráðherra gilda almennar reglur um refsi- og skaðabótaábyrgð. Samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar geta þó dómstólar þyngt refsingu allt að þriðjungi, þegar ráðherra á í hlut og um stórfelld brot er að ræða. Má þá fara út fyrir hinn lögákveðna refsiramma.

Vestur-Þýzkaland.

Samkvæmt 61. gr. stjórnarskrár sambandslýðveldisins getur bæði sambandsþingið og sambandsráðið kært forseta sambandslýðveldisins fyrir stjórnlagadómstólnum fyrir að hafa brotið stjórnarskrána og önnur lög sambandslýðveldisins af ásettu ráði. Samþykkt slíkrar ákæru krefst aukins meiri hluta. Stjórnlagadómstóllinn getur tekið ákvörðun um embættismissi, en hvorki dæmt í refsingu né skaðabætur.

Sambandskanslarinn — forsætisráðherrann — ber pólitíska ábyrgð gagnvart sambandsþinginu, er getur vottað honum vantraust, og verður þá forsetinn að veita honum lausn, en nýr kanslari er valinn.

Einstökum ráðherrum virðist ekki verða vottað vantraust. Þeir bera aðeins ábyrgð gagnvart kanslaranum, er ræður því hverja ráðherra hann tekur í ráðuneytið. Sambandsþingið sýnist hvorki geta kært kanslarann né einstaka ráðherra fyrir stjórnlagadómstólnum. Um sérstaka refsiábyrgð ráðherra virðist ekki að ræða. Um ábyrgð þeirra vegna embættisbrota sýnast því almennar reglur um embættismenn gilda.

Austurríki.

Ákæruvald gegn ráðherrum er í höndum þjóðaráðsins (sambandsþingsins), en dómsvaldið er hjá stjórnlagadómstólnum, sem jafnframt hefur ýmis önnur verkefni. Í stjórnlagadómstólnum eiga sæti 14 dómendur. Ríkisforsetinn skipar dómendur, en þrír þeirra eru skipaðir eftir tillögu þjóðaráðsins, aðrir þrír eftir tillögu sambandsráðsins en hinir átta samkvæmt tillögu stjórnar sambandslýðveldisins. Engin sérstök ráðherraábyrgðarlög hafa verið sett, en í sambandsstjórnarskránni eru nokkrar efnisreglur um ábyrgð ráðherra.

Ekkert mál á hendur ráðherrum hefur verið höfðað fyrir stjórnlagadómstólnum.

Niðurstöður.

Af framanskráðum upplýsingum um ráðherraábyrgð og saksókn gegn ráðherrum í nokkrum ríkjum verða eftirfarandi ályktanir dregnar:

Samkvæmt stjórnlögum er ákæruvald út af embættisbrotum eða stjórnarframkvæmd ráðherra víðast hvar í höndum viðkomandi þjóðþings eða neðri deildar þess (þjóðfulltrúasamkomunnar). Í málum þeim, er þjóðþing ákveður að höfða á hendur ráðherrum dæmir oftast nær sérstakur dómstóll. Í undantekningartilfellum fer æðsti dómstóllinn (Holland og Belgía) eða efri deild þjóðþingsins (Bretland) með slík mál. Þar sem sérstökum dómstóli eru fengin mál þessi til meðferðar, eru ákvæði um skipun hans undantekningarlítið í sjálfri stjórnarskránni eða sérstökum stjórnlögum. Þjóðþingið — hið pólitíska vald — á að jafnaði beinan þátt í skipun dómsins. Í dómstólnum sitja því eigi aðeins lögfræðimenntaðir embættismenn, heldur og menn kjörnir af þjóðþinginu, þ. e. í raun og veru af hinum pólitísku flokkum.

Landsdóms- eða ríkisréttarmál eru mjög fágæt í öllum þessum löndum og fer heldur fækkandi að því er virðist, einkanlega eftir að þingstjórnarhættir hafa náð öruggri fótfestu. Í Noregi hafa verið 8 slík mál, þar af aðeins 1 á þessari öld. Í Danmörku hafa 4 mál verið dæmd af ríkisrétti og þar af aðeins 1 á þessari öld. Í Svíþjóð hefur ríkisréttur fengið 5 mál til meðferðar, hið síðasta árið 1854. Í Belgíu hefur 1 mál verið dæmt, og var það árið 1848. Síðasta mál þessarar tegundar í Englandi var dæmt 1805. Finnland er að því er virðist eina landið, þar sem slík mál hafa verið á ferðinni á síðustu árum. Þar hafa verið til meðferðar 3 mál frá því 1922.

Sérstök ráðherraábyrgðarlög eru í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Hollandi, en þau virðast sum orðin nokkuð úrelt.

Sums staðar hefur þetta úrræði haft verulega pólitíska og stjórnskipulega þýðingu, svo sem í Noregi áður fyrr. Nú á dögum virðist úrræðis þessa hins vegar gæta fremur lítið í reynd, að minnsta kosti víðast hvar. Hin þinglega ábyrgð hefur að nokkru leyti leyst það af hólmi. Sumir stjórnlagafræðingar gera því heldur lítið úr raunhæfri þýðingu þeirra stjórnarskrárákvæða, sem hér er um að ræða.

III.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er gerð gagnger breyting á skipun landsdóms. Er hún gerð óbrotnari og viðráðanlegri í framkvæmd. Jafnframt er reynt að fullnægja ýtrustu kröfum um réttaröryggi, án þess þó að sleppt sé því pólitíska ívafi, sem frá upphafi hefur tíðkazt í þvílíkum dómstólum.

Samkvæmt frumvarpinu skal landsdómur skipaður 15 dómendum, þar af eru 7 embættismenn með lagaþekkingu og dómarareynslu sjálfkjörnir, en 8 dómendur eru kjörnir af sameinuðu Alþingi. Sjálfkjörnu dómararnir eru: hæstaréttardómararnir allir, yfirsakadómarinn í Reykjavík og forseti lagadeildar Háskólans. Hugsanlegt hefði verið að takmarka hina lögskipuðu dómendur við hæstaréttardómara eina, sbr. ríkisrétt Dana, en þar sem hæstaréttardómarar eru aðeins fimm, þykir þó réttara og öruggara að bæta við tveim embættismönnum. Virðist þá eðlilegt að taka tvo áðurgreinda embættismenn, enda séu þeir ekki alþingismenn, en alþingisseta og dómarastarf í landsdómi er ósamrýmanlegt eftir frumvarpinu. Ætla verður að yfirsakadómarinn í Reykjavík sé jafnan allra manna kunnugastur sakamálameðferð, og virðist hann því sjálfsagður til setu í dóminum, ef á annað borð er farið út fyrir Hæstarétt. Það virðist og vel viðeigandi, að lagakennari eigi sæti í dóminum. Lagaprófessorar eru varadómendur í Hæstarétti og hafa því að jafnaði staðgóða reynslu í dómarastörfum, en hafa auk þess þá fræðimannlegu þjálfun, sem að gagni má koma í slíkum dómi, sbr. ríkisrétt Finna. Hér hefur forseti lagadeildar verið valinn, en vitaskuld hefði mátt hugsa sér að hafa annan hátt á, t. d. að lagakennarar veldu

einn úr sínum hópi í dóminn, eða að binda dómsetu við prófessorinn í stjórnskipunarrétti eða prófessorinn í refsirétti.

Hinir alþingiskjörnu dómendur skulu kosnir með hlutfallskosningu til 6 ára í senn. Þykir heppilegra að hafa þá skipun heldur en láta hvert nýkjörið þing velja þá. Þeir mega ekki vera alþingismenn, en kjörgengisskilyrði þeirra eru annars talin í 3. gr., og eru að mestu hin sömu og nú. Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti.

Leikmenn eru að vísu eða geta verið fjölmennari í dóminum en hinir sjálfkjörnu löglærðu dómarar. Með tilliti til þess, hvernig kosningu í dóminn er háttað, svo og til lengdar kjörtímabilsins, virðist útilokað, að einhliða pólitísk sjónarmið verði ráðandi í dóminum.

Hæstaréttarforseti er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Fer bezt á því. Þá er og gert ráð fyrir því, að hæstaréttarritari gegni dómritarastarfi við landsdóm. Er það nýmæli, þar eð um það efni eru engin ákvæði í núgildandi landsdómslögum.

Dómruðningu er hér algerlega sleppt, enda tíðkast hún almennt ekki lengur hjá íslenzkum dómstólum. Er hún og ástæðulaus, því að gert er ráð fyrir, að dómari víki sæti, ef hann er samkvæmt almennum dómskaparreglum vanhæfur til meðferðar máls.

Þó að landsdómur sé skipaður 15 dómendum, er ekki óhjákvæmilegt, að þeir taki allir þátt í meðferð hvers einstaks máls. Aldrei má þó setja dóm með færri dómendum en 10, enda séu á meðal þeirra að minnsta kosti 4 hinna sjálfkjörnu dómenda. Og landsdómur er ekki bær að fara með mál og dæma það, nema að minnsta kosti 10 dómarar hinir sömu hlýði á alla sókn og vörn málsins og taki þátt í að dæma það, og skulu þar af vera 4 hinna löglærðu og lögskipuðu dómara hið fæsta. Leiðir af þessu, að landsdómur verður óstarfhæfur, ef ekki eru að minnsta kosti 10 dómarar tiltækir, þar af minnst 4 hinna sjálfkjörnu dómenda. Verður því að fresta málsmeðferð eða jafnvel fella mál niður, ef nægilega margir dómendur geta ekki mætt eða forfallast svo meðan málsmeðferð stendur yfir. Vitaskuld ber að kveðja til varamenn, ef þeirra er kostur.

Um sækjanda máls og verjanda eru svipuð ákvæði og í núgildandi lögum, en þó nokkru ýtarlegri og fyllri. Það er þó nýmæli, að skipaður verjandi skuli vera úr hópi hæstaréttarlögmanna. Hliðstæð krafa er ekki gerð til saksóknara, sem Alþingi kýs, en líklegt er þó, að lögfræðingur verði þar fyrir valinu, enda sókn málsins naumast á færi annarra en löglærðra manna. Um skyldur saksóknara og verjanda eru ýtarlegri fyrirmæli en í núgildandi lögum. Það er skylda saksóknara að leita allra fáanlegra sannana fyrir kæruatriðum, hann undirbýr gagnasöfnun og rannsókn í málinu og gerir tillögur til landsdóms um viðeigandi ráðstafanir til að leiða hið sanna í ljós. Það er hlutverk verjanda að draga fram allt, er verða má sakborningi til sýknu eða málsbóta og að gæta hagsmuna ákærðs í hvívetna. Fyrirmæli um sækjanda og verjanda eru annars í samræmi við meginreglur réttarfarslaga og þurfa ekki skýringar.

Það er nýmæli, að Alþingi kýs 5 menn úr sínum hópi — saksóknarnefnd — til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara til aðstoðar. Skal saksóknari hafa sem nánasta samvinnu við saksóknarnefnd Alþingis. Það þykir eðlilegt að gefa Alþingi, sem fer hér með ákæruvaldið, kost á því að fylgjast með þessum hætti með saksókninni. Er slíkt í senn saksóknara styrkur og aðhald. En eins og nú er, hefur Alþingi engin skipti af málinu, eftir að það hefur kjörið sóknara. Með kjöri saksóknarnefndar fær Alþingi hins vegar sérstaka fulltrúa til að fylgjast með saksókninni og ýta á eftir henni, ef þörf gerist.

Dómþing landsdóms skulu að jafnaði háð í heyranda hljóði. Þegar sérstaklega stendur á, getur þó landsdómur með úrskurði kveðið á um þinghald fyrir luktum dyrum, sbr. 12. gr.

Um útgáfu stefnu og birtingu eru nokkru ýtarlegri ákvæði en í núgildandi lögum, en ekki þurfa þau fyrirmæli skýringa við.

Sérstök ákvæði um rannsókn tiltekinna málsatriða fyrir héraðsdómi og um rannsóknarúrræði, svo sem leit, hald muna eða gæzluvarðhald, sem grípa má til, eru í 22. og 23. gr. Getur dómsforseti tekið ákvarðanir um þær ráðstafanir, ef þeirra er talin þörf, áður en landsdómur kemur saman.

Um meðferð máls fyrir landsdómi eru miklu ýtarlegri reglur en í núgildandi lögum. Er þar þó byggt á svipuðum grundvallarreglum og áður. Gilda að ýmsu leyti aðrar reglur um landsdómsmál en um venjuleg sakamál. Rannsókn fyrir dómi fer hér eigi fram áður en mál er höfðað. Aðilar máls eða málflytjendur annast gagnasöfnun, en landsdómur rannsakar eigi málið ex officio. Er að þessu leyti fylgt sömu meginreglum og nú gilda. Eru landsdómsmál því eftir sem áður að sumu leyti sett á bekk með einkamálum, sbr. 50. gr. frumvarpsins.

Eiginleg meðferð máls fyrir landsdómi hefst með þingfestingu þess. Leggur þá saksóknari fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, málshöfðunarályktun Alþingis, ákæruskjal, eftirrit af dómprófum þeim, sem þegar kunna að hafa farið fram, og önnur þau sakargögn, sem þá er unnt að leggja fram. Jafnframt leggur hann fram skrá yfir nöfn þeirra manna, er hann óskar, að skýrsla verði tekin af fyrir landsdómi. Verjanda skal afhent eftirrit framlagðra skjala.

Verjandi á rétt á hæfilegum fresti til að leggja fram sín gögn og greinargerð. Að fresti liðnum hefst annað dómþing í málinu, og skal þá verjandi leggja fram greinargerð, gögn og nafnaskár með hliðstæðum hætti og sækjandi. Þegar grundvöllur málsins hefur þannig verið lagður, má enn veita hæfilegan frest til undirbúnings frekari gagnaöflun og málflutningi.

Að loknum málatilbúningi samkvæmt því, er að framan greinir, hefst sókn máls og vörn fyrir landsdómi. Hefst málflutningur á því, að saksóknari gerir stutta grein fyrir málsatvikum og sakargögnum þeim, er hann hyggst styðja ákæru við. Því næst spyr hann ákærðan og síðan vitni og flytur fram sakargögn. Verjandi má gagnspyrja. Málflytjendur spyrja sjálfir, en dómsforseti og aðrir dómendur mega og leggja spurningar fyrir ákærðan og vitni. Er saksóknari hefur þannig flutt fram sakargögn sín, flytur hann sóknarræðu sína. Að henni lokinni færir verjandi fram sín gögn og leiðir vitni. Fer sú vitnaleiðsla fram með sama hætti og hjá saksóknara. Að því búnu flytur verjandi varnarræðu sína, svo og ákærður sjálfur, ef hann vill. Landsdómur ákveður, hvort málflytjendur megi tala oftar, en ákærður og verjandi hans skulu ætíð eiga þess kost að tala eins oft og saksóknari og til að taka til máls síðast, áður en málið er tekið til dóms.

Af því sem hér hefur verið stuttlega rakið, er ljóst, að gert er ráð fyrir, að hér sé raunverulega um munnlegan málflutning að ræða, þar sem gagnaöflun fyrir landsdómi og ræðuhöldum málflytjenda er steypt saman í eina samfellu. Er sá háttur að nokkru leyti sniðinn eftir því sakamálaréttarfari, sem víðast hvar tíðkast, eftir að mál er höfðað, en er einnig í samræmi við reglur landsdómslaganna.

Um vitni, vitnaskyldu og vitnaskýrslur eru rækilegri reglur en í núgildandi lögum. Þannig eru tekin af öll tvímæli um það, að um vitni og vitnaskyldu skuli fara eftir lögum um meðferð opinberra mála, en núgildandi landsdómslög hafa sumir eldri fræðimenn viljað túlka svo, að fara ætti um þessi efni eftir reglum laga um meðferð einkamála.

Það er nýmæli, að afl atkvæða, þ. e. einfaldur meiri hluti, ráði úrslitum í landsdómi, hvort sem um er að ræða sakfellingu, ákvörðun refsingar eða önnur atriði. Samkvæmt núgildandi lögum verður ákærðum eigi gerð refsing, né heldur verða skaðabætur né málskostnaður lagður á hann, nema ⅔ þeirra dómenda, sem taka þátt í að dæma dóminn, séu á eitt sáttir. Er eigi ástæða til að halda í þessar ströngu reglur, þar eð ekki þykir varhugavert, eins og dómurinn er skipaður, að láta einfaldan meiri hluta ráða.

Ákærður verður aðeins dæmdur fyrir þær sakir, sem tilgreindar eru í ályktun Alþingis. Hins vegar er dómurinn ekki bundinn við refsikröfur saksóknara.

Um ráðstefnu dómara, samningu dóms og dómsuppsögu eru allýtarleg ákvæði, sem þurfa ekki skýringar við.

Í 45. gr. er mælt, að dómsmálaráðherra annist fullnustu dóms. Er það nýmæli, því að samkvæmt núgildandi lögum annast sóknari um fullnægingu dómsins.

Um ákvæði frumvarpsins um málskostnað og um laun dómenda og málfytjenda er ekki ástæða til að fjölyrða. Þau eru yfirleitt í samræmi við almennar réttarfarsreglur.

Einastakar greinar frumvarpsins þarfnast ekki skýringa.

Ed. 4. Frumvarp til laga [4. mál]

um ráðherraábyrgð.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Ráðherrar bera ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum eftir því, sem fyrir er mælt í stjórnarskrá og lögum þessum.

Ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi taka einnig til ráðherra eftir því, sem við getur átt.

2. gr.

Ráðherra má krefja ábyrgðar samkvæmt því, sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, fyrir sérhver störf eða vanrækt starfa, er hann hefur orðið sekur um, ef málið er svo vaxið, að hann hefur annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi farið í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, önnur landslög eða að öðru leyti stofnað hagsmunum ríkisins í fyrirsjáanlega hættu.

3. gr.

Sá ráðherra, sem ritar undir lög eða stjórnarerindi með forseta, ber ábyrgð á þeirri athöfn. Annar ráðherra verður því aðeins sóttur til ábyrgðar vegna þeirrar embættisathafnar forseta, að hann hafi ráðið til hennar, átt þátt í framkvæmd hennar eða látið framkvæmdir samkvæmt henni viðgangast, ef hún lýtur að málefnum sem undir hann heyra.

4. gr.

Séu embættisathafnir, sem atbeina forseta þarf til, vanræktar, hvílir ábyrgð vegna þeirrar vanrækslu á ráðherra þeim, sem málefnið heyrir undir. Enn fremur hvílir ábyrgð á hverjum þeim ráðherra, sem stuðlað hefur að þeirri vanrækslu.

5. gr.

Sé um að ræða embættisathöfn í ríkisráði eða á ráðherrafundi, sbr. 16. og 17. gr. stjórnarskrárinnar, bera allir viðstaddir ráðherrar, sem með ráðum, fortölum, atkvæði eða á annan hátt hafa stuðlað að þeirri athöfn, ábyrgð á henni.

6. gr.

Hver ráðherra ber ábyrgð á stjórnarerindum þeim, sem út eru gefin í hans nafni, nema ákvörðun sé án hans atbeina tekin af undirmanni, sem til þess hefur heimild samkvæmt venju, eða eðli máls, eða starfsmaður hafi vanrækt að leggja erindi fyrir ráðherra. Ráðherra verður þó einnig sóttur til ábyrgðar fyrir þvílíkar ákvarðanir, ef honum hefur verið um þær kunnugt og hann hefur látið þær viðgangast án þess að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir þær.

7. gr.

Ráðherra sá, er ábyrgð ber á embættisathöfn samkvæmt greinunum hér á undan, verður einnig sóttur til ábyrgðar fyrir athafnir undirmanna sinna, er byggjast á téðri embættisathöfn eða lúta að framkvæmd hennar, enda hafi þær verið fyrirskipaðar af ráðherra eða megi, eins og á stendur, teljast eðlilegar eða nauðsynlegar til framkvæmdar henni.

8. gr.

Í samræmi við ákvæðin hér á undan, varðar það ráðherra ábyrgð eftir lögum þessum:

a. Ef hann sjálfur gefur út fyrirmæli eða veitir atbeina sinn til, að út séu gefin fyrirmæli forseta um málefni, sem eftir stjórnarskránni verður aðeins skipað með lögum eða heyrir undir dómstóla.
b. Ef hann leitar eigi samþykkis Alþingis, þegar skylt er samkvæmt stjórnarskránni.
c. Ef hann annars framkvæmir sjálfur, fyrirskipar framkvæmd á eða lætur viðgangast að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við stjórnarskrá lýðveldisins, eða lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, sem þar er fyrirskipað eða veldur því, að framkvæmd þess farist fyrir.
d. Ef hann verður þess valdandi, að nokkuð það sé ráðið eða framkvæmt, er skert getur frelsi eða sjálfsforræði landsins.

9. gr.

Það varðar einnig ráðherra ábyrgð eftir lögum þessum, ef hann veldur því, að brotið sé gegn öðrum lögum landsins en stjórnskipunarlögum þess:

a. Með því að leggja fyrir forseta til undirskriftar ályktanir, tilskipanir eða erindi, er fara í bága við lögin, eða með því að láta farast fyrir að útvega forsetaundirskrift undir ályktun, tilskipun eða erindi, þar sem hún er lögmælt.
b. Með því annars að framkvæma eða valda því, að framkvæmt sé nokkuð það, er fer í bága við fyrirmæli laganna, eða með því að láta nokkuð ógert, sem heimtað er í lögum, eða verða þess valdur, að slík framkvæmd farist fyrir.

10. gr.

Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum:

a. Ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín.
b. Ef hann framkvæmir nokkuð eða veldur því, að framkvæmt sé nokkuð, er stofnar heill ríkisins í fyrirsjáanlega hættu, þótt ekki sé framkvæmd þess sérstaklega bönnuð í lögum, svo og ef hann lætur farast fyrir að framkvæma nokkuð það, er afstýrt gat slíkri hættu, eða veldur því, að slík framkvæmd ferst fyrir.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða, eftir málavöxtum, embættismissi, sektum, allt að kr. 50000.00, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Við ákvörðun refsingar skal höfð hliðsjón af 70. gr. almennra hegningarlaga.

Hafi ráðherra jafnframt brotið gegn hinum almennu hegningarlögum, skal hegning sú, sem hann hefur til unnið, tiltekin í einu lagi samkvæmt reglum 77. gr. almennra hegningarlaga.

12. gr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna í ríkissjóðs. Sé sekt eigi greidd, kemur varðhald í hennar stað, og skal ákveða í dóminum, eftir öllum málavöxtum, hve langt það skuli vera.

13. gr.

Hafi ráðherra bakað almenningi eða einstaklingi fjártjón með framkvæmd eða vanrækslu, sem refsiverð er eftir lögum þessum, skal og, þegar þess er krafizt,

jafnframt hegningunni dæma hann til að greiða skaðabætur, en um skaðabótaskyldu hans fer eftir almennum reglum.

Skaðabótaábyrgð ráðherra gagnvart ríkissjóði fellur niður, samþykki Alþingi ríkisreikning án fyrirvara, nema ráðherra hafi beitt svikum.

14. gr.

Málshöfðun eftir lögum þessum getur eigi átt sér stað, ef 3 ár líða frá því, er brot var framið án þess að Alþingi hafi samþykkt ályktun um málshöfðunina. Sök fyrnist þó aldrei fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því, að næstu reglulegu alþingiskosningar, eftir að brot var framið, fóru fram.

Nú samþykkir Alþingi, áður en málshöfðunarfrestur er liðinn, að kjósa rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til athugunar á störfum ráðherra, og getur Alþingi þá jafnan samþykkt málshöfðun innan árs frá kosningu rannsóknarnefndar.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 2 frá 4. marz 1904, um ábyrgð ráðherra Íslands.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við endurskoðun laga nr. 11/1905, um landsdóm, þótti rétt, að samtímis færi fram endurskoðun laga nr. 2/1904, um ábyrgð ráðherra Íslands. Var prófessor Ólafi Jóhannessyni falið að annast þá endurskoðun samhliða endurskoðun laganna um landsdóm. Hefur hann samið frumvarp þetta og hefur ríkisstjórnin haft það til athugunar. Á frumvarpinu hafa verið gerðar nokkrar breytingar í samráði við höfund frumvarpsins, en að öðru leyti er það lagt fram eins og það barst frá honum.

Frumvarpinu fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Í 14. gr. stjórnarskrárinnar segir, að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, og að ráðherraábygð sé ákveðin með lögum. Hafa slík ákvæði verið í stjórnskipunarlögum hér frá því árið 1903, er landið fékk innlenda ráðherrastjórn. Þessi stjórnlagaákvæði hafa verið skilin á þá lund, að sett skyldu sérlög um ráðherraábyrgð. Var það gert með lögum nr. 2 frá 4. marz 1904, um ábyrgð ráðherra Íslands, er síðan hafa óbreytt gilt hér á landi, og það eins eftir að ráðherrum var fjölgað, enda þótt lögin séu miðuð við það ástand, er hér var einn ráðherra. Það er því sízt að undra, þó að nú sé talin þörf á því að gera nokkrar breytingar á þessari hálfrar aldar gömlu löggjöf, enda er það sannast sagna, að hún hefur frá öndverðu sætt nokkurri gagnrýni. Má að vísu segja, að lítt hafi þeir annmarkar komið að sök, þar eð aldrei hefur þurft að beita löggjöf þessari í framkvæmd.

Í stjórnarskrám margra ríkja eru sérstök fyrirmæli um ábyrgð ráðherra og saksókn gegn þeim, þar á meðal um sérstakan dómstól til að dæma í málum, er þjóðþing ákveður að höfða á hendur ráðherrum. Er gerð nokkur almenn grein fyrir skipun þeirra mála í greinargerð þeirri, er fylgir frumvarpi að lögum um landsdóm, en það er samferða þessu frumvarpi. Skal það hér eigi endurtekið, heldur vísað þar um til téðrar greinargerðar, sem að sumu leyti má skoða sem fylgiskjal frumvarpa þeirra beggja, um ráðherraábyrgð og landsdóm, sem hér liggja fyrir. Þess skal aðeins getið, að þrátt fyrir nefnd stjórnlagaákvæði, er það fremur fátítt, að sett hafi verið sérstök lög um ráðherraábyrgð. Mun slíka löggjöf nú aðeins að finna í Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Hollandi. Í Danmörku hefur hvað eftir annað verið fitjað upp á slíkri lagasmíð, en allar tilraunir í þá átt hafa orðið árangurslausar. Árið 1939 voru þó samþykkt sérstök ráðherraábyrgðarlög, en gildi þeirra var bundið því skilyrði, að grundvallarlögin, sem þá voru á döfinni, næðu fram að ganga. Þau grundvallarlög öðluðust hins vegar aldrei gildi, þar sem tilskilinn hluti kjósenda galt þeim ekki jáatkvæði við þjóðaratkvæðagreiðslu. Voru hin sérstöku ráðherraábyrgðar-

lög þar með úr sögunni. Í Danmörku hefur að undanförnu setið á rökstólum sérstök stjórnskipuð nefnd til að athuga um setningu ráðherraábyrgðarlaga. Hefur hún nú nýlega skilað ýtarlegu áliti. Telur meiri hluti hennar (12 af 13) eigi ástæðu til að setja sérstök ráðherraábyrgðarlög. Minni hluti nefndarinnar telur hins vegar rétt, að sett séu sérlög um ábyrgð ráðherra. Er því ósennilegt, að sett verði sérstök ráðherraábyrgðarlög á næstunni í Danmörku.

Það er skiljanlegt, að nú á tímum, eftir að þingræðisreglan er viðurkennd, vakni sú spurning, hvort þörf sé á sérstökum ráðherraábyrgðarlögum. Með öðrum orðum, hvort þinglega ábyrgðin sé ekki nægileg vörn gegn misbeitingu valds af hálfu ráðherra, og hvort ekki séu nægilegar refsiheimildir, að því er ráðherra varðar, í ákvæðum almennra hegningarlaga. Þinglega ábyrgðin veitir ráðherra vissulega mikið aðhald, og samkvæmt þingræðisreglunni getur Alþingi eða meiri hluti þess hvenær sem er, losað sig við misvitran ráðherra. Lagalegu ábyrgðinni má þó aldrei sleppa. Að sjálfsögðu er ekki ástæða til, að aðrar reglur gildi um embættisbrot ráðherra heldur en um samkynja brot annarra embættis- og sýslunarmanna. Meginstefnan hlýtur að vera sú, að um sambærileg brot gildi sömu reglur, hver sem í hlut á. En staða ráðherra er svo sérstæð, að þeir geta orðið sekir um það misferli í starfi, sem vart eða ekki er hugsanlegt hjá öðrum opinberum starfsmönnum. Hinar sérstöku embættisskyldur ráðherra hafa naumast verið hafðar í huga við samningu almennra hegningarlaga. Sýnist því þrátt fyrir allt vera þörf á sérstökum ráðherraábyrgðarlögum, þar sem hegning er lögð við þeim brotum, sem óttast má af ráðherra sérstaklega og ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi ná ekki til. Sérstök þörf er á þvílíkri löggjöf í landi, þar sem rík áherzla er lögð á þá grundvallarreglu, að engum megi refsa, nema hann hafi gerzt sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum. Sérlög um ráðherraábyrgð eru þannig eðlileg til fyllingar á fyrirmælum hegningarlaganna um brot í opinberu starfi. Hafa þau sjónarmið verið höfð í huga við samningu þessa frumvarps, enda eru núgildandi ráðherraábyrgðarlög reist á svipaðri hugsun.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er talsvert frábrugðið núgildandi ráðherraábyrgðarlögum. Þar eru auk nokkurra nýmæla gerðar ýmsar breytingar á eldri ákvæðum. Verða helztu breytingar raktar hér á eftir, er nánari grein verður gerð fyrir einstökum ákvæðum frumvarpsins. Við samningu þessa frumvarps hafa auk ráðherraábyrgðarlaganna frá 1904 einkum verið höfð til hliðsjónar áðurnefnd dönsk lög frá 1939 og norsku ráðherraábyrgðarlögin frá 5. febr. 1932.

Efnisskipting frumvarpsins er í stórum dráttum sú, að í fyrstu tveimur greinum þess eru settar fram nokkrar grundvallarreglur, í næstu fimm greinum er kveðið á um það, hvenær og með hvaða skilyrðum ráðherra beri ábyrgð á stjórnarráðstöfunum, í 8., 9. og 10. gr. er lýst því atferli, sem varðar ráðherra refsiábyrgð eftir ráðherraábyrgðarlögunum og loks eru í síðustu greinunum fyrirmæli um refsingar, skaðabætur og fyrningu sakar, auk niðurlagsákvæðis um gildistöku o. fl.

Í 1. málsgr. 1. gr. er nánast um að ræða endurtekningu á því ákvæði stjórnarskrárinnar, að ráðherrar beri ábyrgð á stjórnarframkvæmdum öllum, en þeirri takmörkun er þó bætt við, að ábyrgðin fari eftir því, sem nánar er fyrir mælt í ráðherraábyrgðarlögunum. Þrátt fyrir hið fortakslausa orðalag stjórnarskrárinnar er eðlilegt, að lögin takmarki nokkuð ábyrgðina, því að ekki er sanngjarnt, að ráðherra beri ábyrgð á stjórnarathöfnum, sem hann kemur hvergi nærri. Í 2. málsgr. 1. gr. er það berum orðum sagt, sem raunar er sjálfsagt, að ráðherra verði sem aðrir embættismenn sóttur til saka fyrir brot á almennum hegningarlögum.

Í 2. gr. er kveðið á um saknæmisskilyrðin. Eru þau ásetningur og stórkostlegt hirðuleysi, og eru óbreytt frá því sem er í núgildandi ráðherraábyrgðarlögum. Sé um að ræða brot, sem refsiverð eru eftir almennum hegningarlögum, eiga að sjálfsögðu við saknæmisskilyrði þeirra laga. Þar verður þess vegna því aðeins refsað fyrir gáleysisverk, að til þess sé sérstök heimild í lögunum. Í 2. gr. er einnig að finna flokkun þeirra embættisbrota, sem ráðherraábyrgðarlögin taka til. Eru brotin flokkuð

þar með hliðstæðum hætti og í núgildandi lögum, þ. e. a. s. í stjórnarskrárbrot, brot á öðrum landslögum og brot á góðri ráðsmennsku.

Gert er ráð fyrir, að til refsiábyrgðar ráðherra geti komið með fernum hætti, þ. e. vegna embættisathafna forseta Íslands, vegna embættisathafna, sem ráðherra gerir í eigin nafni, vegna hlutdeildar í embættisbrotum samráðherra og vegna athafna eða vanrækslu undirmanna ráðherra. Eru um þetta fyrirmæli í 3. til 7. gr. frumvarpsins. Er þar um nýmæli að ræða, því að hliðstæð ákvæði eru ekki í núgildandi ráðherraábyrgðarlögum. Fyrirmæli þessi munu hins vegar að miklu leyti vera í samræmi við kenningar fræðimanna.

Í 3. gr. er fjallað um ábyrgð á embættisathöfnum forseta Íslands, sem sjálfur er ábyrgðarlaus, eins og kunnugt er. Á embættisathöfnum forseta lýðveldisins ber sá ráðherra jafnan ábyrgð, sem áritar ákvörðun forseta. Aðalreglan er sú, að hann beri einn ábyrgð á þeirri embættisathöfn. Aðrir ráðherrar verða þó einnig sóttir til ábyrgðar vegna þeirrar athafnar, þegar svo stendur á sem í greininni segir.

Í 4. gr. segir um ábyrgð á því, ef vanræktar eru embættisathafnir, er atbeina forseta Íslands þarf til. Þarf hún ekki skýringar.

Á embættisathöfnum í ríkisráði og á ráðherrafundum ber sá ráðherra auðvitað ábyrgð, sem ákvörðun undirritar. En auk þess bera allir viðstaddir ráðherrar ábyrgð, ef þeir hafa með ráðum, fortölum eða atkvæði sínu eða á annan hátt stuðlað að ákvörðun. Er um þetta mælt í 5. gr. Er refsiábyrgð viðstaddra ráðherra takmörkuð við hina tilgreindu hlutdeild. Hafa sumir fræðimenn viljað ganga lengra, og talið viðstadda ráðherra samseka, ef þeir létu ekki bóka mótmæli gegn ákvörðun. Það virðist of langt gengið, þegar um refsiábyrgð er að tefla. Hitt er annað mál, að allir viðstaddir ráðherrar yrðu pólitískt samábyrgir, nema þeir mótmæltu sérstaklega eða jafnvel segðu af sér. Virðist þinglega ábyrgðin þar nægilegt úrræði. Þó gæti komið til mála að leggja ríkari refsiábyrgð á forsætisráðherra, sem hefur vissa eftirlitsskyldu gagnvart samráðherrum sínum. Hér hefur þó ekki verið horfið að því ráði.

Í 6. gr. er kveðið á um ábyrgð ráðherra á stjórnarerindum, sem út eru gefin í hans nafni. Ber ráðherra ábyrgð á slíkum embættisathöfnum, nema svo sé ástatt sem í greininni segir. Greinin þarfnast ekki skýringa.

Í 7. gr. er mælt um ábyrgð ráðherra vegna athafna undirmanna. Er sú refsiábyrgð ráðherra alltakmörkuð, svo sem greinin ber með sér. Þykir ekki sanngjarnt að gera þar strangari kröfur. Að sjálfsögðu verður 7. gr. einnig beitt um vanrækslu undirmanna ráðherra eftir því sem við á.

Ógerlegt er að telja upp svo tæmandi sé öll þau refsiverð embættisbrot, sem hugsanlegt er, að ráðherra gerist sekur um. Hér er því sami háttur hafður á og í núgildandi ráðherraábyrgðarlögum, að flokka brotin í þrjá höfuðflokka. Eru þeir, eins og áður er sagt, brot gegn stjórnarskránni, brot gegn öðrum landslögum og brot á góðri ráðsmensku. Er í 8. gr. fjallað um fyrst nefnda flokkinn, í 9. gr. um annan og í 10. gr. um þann þriðja. Nokkrar breytingar hafa þó verið gerðar frá núgildandi ákvæðum.

Í 8. gr. eru nefnd fáein tiltekin stjórnarskrárbrot, sem sérstaklega er ástæða til að óttast af hálfu ráðherra. Í c-lið greinarinnar er svo bætt við almennu ákvæði, er út af fyrir sig tekur til allra stjórnarskrárbrota. Er því auðvitað álitamál, hversu langt á að fara í upptalningu einstakra dæma. Væri sjálfsagt hugsanlegt að láta sitja við c-lið einan án upptalningar einstakra brota, sem óhjákvæmilega verður handahófskennd. d-liður 8. gr. er samhljóða c-lið 2. gr. núgildandi ráðherraábyrgðarlaga. Hefur þótt rétt að halda því ákvæði óbreyttu, þó að það í sjálfu sér falli undir c-lið greinarinnar.

9. gr. svarar til 3. gr. gildandi ráðherraábyrgðarlaga.

10. gr. svarar aftur á móti til 4. gr. ráðherraábyrgðarlaganna. Þó er a-liður nýr, og b-liður er nokkuð breyttur frá 4. gr. Ákvæði 10. gr. eru óneitanlega nokkuð matskennd. Kemur þar einmitt fram séreðli ráðherraábyrgðarinnar. Það er Alþingi,

sem fyrst metur þessi atriði, er það ákveður, hvort ástæða sé til málshöfðunar. Sé mál höfðað, verður það hlutverk landsdóms að meta, hvort ráðherra hafi brotið gegn ákvæðum þessum.

11. gr. svarar til 5. gr. ráðherraábyrgðarlaganna. Það er nýmæli að beita má varðhaldi og fangelsi, en sjálfsagt verður ekki gripið til þvílíkra refsinga, nema miklar sakir séu. Sektir eru hækkaðar verulega.

12. og 13. gr. eru að mestu samhljóða 6. og 7. gr. núgildandi ráðherraábyrgðarlaga. 2. málsgr. 13. gr. er þó nýmæli. Þykir rétt að takmarka bótaábyrgð ráðherrra gagnvart ríkissjóði með þeim hætti, er þar segir.

Í 14. gr. eru fyrirmæli um fyrningu sakar. Er fyrningarfrestur styttur úr fimm árum niður í þrjú ár. Þykir eigi rétt að ráðherra geti átt málshöfðun yfir höfði sér lengri tíma. Þó fyrnist sök ekki fyrr en 6 mánuðir eru liðnir frá því næstu reglulegar alþingiskosningar eftir að brot er framið, fara fram, enda þótt þá séu liðin meira en þrjú ár frá brotinu. Það er nýmæli, að málshöfðunarfrestur getur lengst allt að einu ári, ef rannsóknarnefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar er kjörin til að rannsaka störf ráðherra.

Nd. 5. Frumvarp til laga [5. mál]

um lögreglumenn.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að fyrirskipa, að í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að einum starfandi lögregluþjóni á hverja 500 íbúa.

Sveitarstjórnir eða sýslunefndir skipa lögregluþjóna að fengnum tillögum lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis nefndra aðilja.

2. gr.

Þar sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður endurgreiða helming kostnaðar við lögreglu og löggæzlu sveitar- eða sýslufélaga.

Í Reykjavík, þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað af ríkislögregludeild, sbr. 3. gr., skal þó einungis endurgreiða þriðjung kostnaðar úr ríkissjóði.

3. gr.

Í Reykjavík skal, auk borgarlögregluliðs, vera deild ríkislögreglumanna, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Ríkislögreglumenn skulu undirbúa sakamálarannsóknir, hafa eftirlit með útlendingum, annast umferðareftirlit á þjóðvegum og halda uppi almennri löggæzlu og reglu.

Dómsmálaráðherra ákveður tölu ríkislögreglumanna, og verði við það miðað, að tala þeirra verði eigi lægri en þriðjungur af tölu borgarlögreglumanna í Reykjavík.

4. gr.

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt, öryggis vegna, að lögreglulið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir ríkissjóður þá allan þann kostnað, sem leiðir af aukningunni, þó eigi hærri upphæð en nemur þriðjungi kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði. Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða lögreglumenn til starfa eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Má binda slík framlög því skilyrði, að ákveðinn hluti kostnaðar af löggæzlunni sé greiddur af viðkomandi sveitarfélagi.

5. gr.

Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Þeim tollvörðum, sem voru í starfi, þegar lög nr. 50 1940 gengu í gildi, verður þó eigi skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Heimilt er dómsmálaráðherra með samþykki fjármálaráðherra og að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar að ákveða, að lögreglumaður sveitar- eða sýslufélags skuli gegna tollgæzlustörfum samkvæmt nánari fyrirmælum lögreglustjóra. Kostnaður greiðist þá að ⅔ úr ríkissjóði og að ⅓ úr viðkomandi sveitar- eða sýslusjóði.

6. gr.

Lögreglumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

7. gr.

Ríkislögreglumönnum er skylt að gegna löggæzlustörfum hvar sem er á landinu. Ef sérstaklega stendur á og dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, gildir sama um lögreglulið sveitar- eða sýslufélags, taki ríkissjóður þátt í kostnaði við það. Ráðherra ákveður, hver skuli stjórna liði, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.

Er ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið sveitar- eða sýslufélags, skal lögreglumönnum þess skylt, þegar nauðsyn krefur, að gegna löggæzlustarfi hvar sem er innan umdæmis þess lögreglustjóra, er fer með stjórn þeirra.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á þeim stað, sem lið er flutt frá.

8. gr.

Að fengnum tillögum sýslunefndar er dómsmálaráðherra heimilt að ákveða, að í lögsagnarumdæmi skuli vera starfandi 2—8 héraðslögreglumenn.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæzlustörfum í héraði, þegar á þarf að halda, samkv. fyrirmælum lögreglustjóra eða hreppstjóra, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

Kostnaður af fræðslu og þjálfun héraðslögreglumanna, svo og kostnaður af einkennisfatnaði þeirra og öðrum búnaði greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur reglugerð um fasta þóknun héraðslögreglumanna og um greiðslu annars kostnaðar vegna starfa þeirra. Þóknun og kostnaður greiðist úr sýslusjóði, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn. Heimilt er lögreglustjóra að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og skal þá leyfishafi greiða til sýslusjóðs kostnað af þeirri löggæzlu samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra setur.

Lögreglustjóri heimilar héraðslögreglumönnum að taka sér aðstoðarmenn til þess að halda uppi reglu á skemmtistöðum.

9. gr.

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur lögregluskóli, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skal að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöðu en þá, er staðizt hafa próf í skólanum. Framhaldsnám-

skeið skulu haldin svo oft sem aðstæður leyfa. Heimilt er og að efna til lögreglunámskeiða utan Reykjavíkur.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun í lögregluskólanum og prófkröfur.

10. gr.

Lögreglumenn má ekki nota til að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annars staðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann ákveður, hver skuli vera einkenni og búnaður lögreglumanna og setur reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, er leiðir af framkvæmd laga þessara, sem ekki er samkvæmt lögunum greiddur af öðrum aðiljum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 50 12. febrúar 1940, um lögreglumenn, og lög nr. 61 29. marz 1961, um breytingu á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. gr. laga þessara, um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við lögreglu og löggæzlu, skulu koma til framkvæmda að fullu 1. janúar 1965. Árið 1963 skal ríkissjóður greiða $^{3}/_{10}$ hluta af kostnaði þessum utan Reykjavíkur, en $^{1}/_{5}$ hluta í Reykjavík. Árið 1964 greiðist úr ríkissjóði $^{4}/_{10}$ hlutar kostnaðarins utan Reykjavíkur, en $^{1}/_{4}$ hluti í Reykjavík.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þingsályktun, sem samþykkt var á Alþingi 4. maí 1960, var ríkisstjórninni falið að láta endurskoða gildandi lög um lögreglumenn, nr. 50 12. febrúar 1940. Hefur sú endurskoðun farið fram á vegum dómsmálaráðuneytisins og enn fremur athugaðir möguleikar á sameiningu löggæzlu og tollgæzlu í samráði við fjármálaráðuneytið, sbr. þingsályktun frá 22. marz 1961.

Á þeim 22 árum, sem liðin eru síðan gildandi lög um lögreglumenn voru sett, en með þeim var að vísu aðeins aukið við lög frá 1933, hafa orðið svo stórfelldar breytingar á samgöngum, umferð og samkomuhaldi í landinu, að engan þarf að undra, þótt skipan löggæzlumála þarfnist endurskoðunar. Hafa kröfur almennings um aukna löggæzlu því orðið æ meiri. Jafnframt hafa reglur gildandi laga um skiptingu kostnaðar af löggæzlu milli ríkis og sveitarfélaga valdið óánægju og munu hafa í ýmsum tilfellum leitt til misréttis. Þá hafa komið fram ákveðnar ábendingar um það, bæði frá einstökum sveitarfélögum og frá samtökum þeirra, að ríkissjóður beri óeðlilega lítinn hluta af lögreglukostnaðinum í landinu. Á síðustu árum hafa í flestum sýslum landsins verið settar reglugerðir um löggæzlu á samkomum. Eru ákvæði um þessa löggæzlu sett af brýnni þörf, en ekki að sama skapi með ljósri heimild í gildandi lögreglumannalögum, að því er varðar greiðslu kostnaðar, enda mun frekast hafa verið miðað við það, við setningu laganna, að þau störf yrðu unnin af sjálfboðasveitum, sbr. þskj. 325 A-1939, bls. 766. Munu menn sammála um það nú, að þau sjónarmið séu óraunhæf. Er því þörf á að skapa skýran lagalegan grundvöll fyrir störfum þessara löggæzlumanna, svo og að koma fastari skipan á starfsháttu og skiptingu kostnaðar.

Hin síðustu ár hefur fjölgað mjög sérstökum fjárveitingum til löggæzluhalds á tilteknum stöðum á vissum tíma árs (vertíðarlöggæzla). Þykir rétt að kveða að nokkru á um þá löggæzlustarfsemi í lögreglumannalögum.

Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, eru þessar breytingar frá gildandi lögum veigamestar:

1) Rýmkaðar eru reglur um heimild til lögreglumannahalds með tilstyrk ríkissjóðs. 2) Ríkissjóður greiði almennt helming lögreglukostnaðar í stað ⅙ áður. 3) Í Reykjavík greiði ríkissjóður þó aðeins ⅓ kostnaðar, enda beri ríkissjóður þar allan kostnað af ríkislögregludeild og er gert ráð fyrir, að tala þeirra lögreglumanna verði eigi lægri en þriðjungur borgarlögreglumanna. 4) Heimilað er að ákveða, að lögreglumenn sveitarfélags gegni jafnframt tollgæzlustörfum og þá með aukinni hlutdeild ríkissjóðs í kostnaði. 5) Markaðar eru reglur um störf héraðslögreglumanna, sem hafi fasta þóknun, en fái auk þess greiðslur fyrir unnin störf. 6) Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík verði starfræktur lögregluskóli og er með því staðfest sú framkvæmd, sem orðin er á heimild gildandi laga um námskeið fyrir lögreglumenn.

Um einstakar greinar frumvarpsins þykir rétt að taka fram eftirfarandi:

Um 1. gr.

Sú breyting er hér gerð að heimila ákvörðun um lögregluhald í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, í stað þess, að í gildandi lögum er miðað við kaupstaði eða kauptún, þar sem eru 1000 íbúar eða fleiri, en þar mátti hafa tvo lögreglumenn. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir einum lögregluþjóni á hverja 500 íbúa. Þá er það og nýmæli, að heimildin nær einnig til sýslufélaga.

Um 2. gr.

Felld er niður sú takmörkun gildandi laga, að þátttaka ríkissjóðs í kostnaði komi ekki til nema að minnsta kosti einn lögregluþjónn komi á hverja 700 íbúa. Þykir slík viðmiðun geta valdið misrétti. Í þessari grein er svo gerð veigamesta breyting frumvarpsins, þ. e. að ríkissjóður endurgreiði helming lögreglukostnaðar í stað ⅙ áður. Þykir þessi skipting kostnaðar eðlileg og er hún tíðkuð í ýmsum nágrannalöndum okkar.

Með hliðsjón af því, að lagt er til, að lögfest verði, að í Reykjavík skuli vera deild ríkislögreglumanna, svo sem þegar hefur verið um árabil með tilstyrk fjárveitingar í fjárlögum, þykir sanngjarnt, að þar sé aðeins endurgreiddur ⅓ hluti lögreglukostnaðar.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru markaðar þær reglur, sem áður getur um, varðandi sérstaka deild ríkislögreglumanna, verksvið hennar og ákvörðun um tölu lögreglumanna. Er ljóst, að sívaxandi verkefni eru fyrir lögreglulið, sem er mjög hreyfanlegt og tiltækt til starfa fyrirvaralítið langt frá aðsetursstað. Er langhentugast, að slík lögregludeild sé staðsett í Reykjavík, enda er svo í raun og veru nú þegar í framkvæmd.

Um 4. gr.

Í fyrri málsgrein þessarar greinar eru efnislega óbreytt ákvæði 6. gr. gildandi laga.

Í annarri málsgrein er fjallað um löggæzlu vegna sérstakra, tímabundinna aðstæðna, svo sem t. d. á Þingvöllum miðsumars, á Keflavíkurflugvelli og í ýmsum verstöðvum, þar sem sérstök þörf er aukinnar löggæzlu hluta úr ári. Hefur slíkur kostnaður verið greiddur af sérstökum fjárveitingum á fjárlögum og þykir ekki unnt að marka fastari reglur en hér er gert, en heimilað að gera þátttöku sveitarfélags í kostnaði að skilyrði fyrir framlögum, ef við á. Er tæpast hægt að hugsa sér fastar reglur fyrir því, að hve miklu leyti löggæzluþörf og geta til að standa undir kostnaði fylgist að.

Um 5. gr.

Í fyrstu málsgrein er fjallað um sama efni og í 5. gr. núgildandi laga.

Með ákvæði annarrar málsgreinar er lögfest áratuga gamalt ákvæði fjölmargra lögreglusamþykkta, sem segja má, að ekki hafi átt skýlausa stoð í lögum.

Í þriðju málsgrein er heimilað að ákveða, að löggæzlumenn gegni jafnframt tollgæzlustörfum, og komi þá til aukin kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs.

Um 6. gr.

Efnislega sama ákvæði og í 7. gr. núgildandi laga.

Um 7. gr.

Efnislega að heita má sömu ákvæði og í 8. gr. gildandi laga.

Um 8. gr.

Hér er um að ræða nýskipan á störfum þeirra löggæzlumanna, sem starfa samkvæmt reglugerðum um löggæzlu á samkomum. Þykir henta, að þessir löggæzlumenn, sem yfirleitt hafa hlotið nokkra þjálfun á lögreglunámskeiðum, fái frekari verkefni heldur en löggæzlu á samkomum, og ættu þau störf, sem þó ættu að geta verið viðráðanleg aukastörf, við þetta að verða minna einhliða og því að verða aðgengilegri. Jafnframt myndu þessi fjölþættari störf gera þá hæfari löggæzlumenn og skapa þeim sterkari starfsaðstöðu. Sýslusjóður myndi þá greiða fasta þóknun héraðslögreglumanna og allan annan kostnað, en ríkissjóður síðan endurgreiða helminginn. Ríkissjóður greiði þó að öllu leyti kostnað við þjálfun, einkennisfatnað og annan búnað héraðslögreglumanna.

Ákvæði er um það í greininni, að lögreglustjóra sé heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að leyfishafi greiði löggæzlukostnað til sýslusjóðs samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra setur.

Um 9. gr.

Efnislega ákvæði 1. málsgr. 9. gr. gildandi laga og 10. gr. síðasta málsliðar. Eru hér þó settar ákveðnar reglur um lögregluskóla, sem þegar er haldið uppi í framkvæmd.

Um 10. gr.

Óbreytt ákvæði 4. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Óbreytt ákvæði 11. gr. og 2. málsgr. 9. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Samhljóða 12. gr. gildandi laga.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Samkvæmt lögum þessum er ríkissjóði ætlað að greiða mjög aukinn hluta af kostnaði við lögreglu og löggæzlu. Þar sem örðugleikar eru á því, að láta þá útgjaldahækkun koma í einu, þykir rétt að dreifa hækkuninni, þannig að hún verði nokkuð jöfn á næstu tveimur árum, en komi að fullu til framkvæmda 1. janúar 1965.

Nd. **6. Frumvarp til laga** [6. mál]

um almannavarnir.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Hlutverk almannavarna er að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða og veita líkn og aðstoð vegna tjóns, sem orðið hefur, enda falli þau störf ekki undir aðra aðilja samkvæmt lögum.

Almannavarnir skulu veita aðstoð samkvæmt fyrirmælum dómsmálaráðherra, ef tjón vofir yfir eða hefur orðið af náttúruhamförum eða annarri vá.

2. gr.

Krefjast má aðstoðar opinberra aðilja, einstaklinga og stofnana til undirbúnings þeim ráðstöfunum, er 1. gr. fjallar um.

Öllum er skylt að veita trúnaðarmönnum almannavarna þær upplýsingar, sem þeir þarfnast til þess að framkvæma þau störf, sem lögin fela þeim.

3. gr.

Á hættutímum er ríkisstjórninni heimilt að gefa út sérstök fyrirmæli um almenna umferð, reglur og öryggi á opinberum stöðum og svæðum, sem almenningur hefur aðgang að. Sama máli gegnir á öðrum tímum, þegar æfingar í þágu almannavarna standa yfir.

Ef hætta vofir yfir, getur lögreglustjóri bannað að nokkru eða öllu leyti notkun samkomuhúsa og annarra samkomustaða, sem almenningur hefur aðgang að.

II. KAFLI
Skipulag almannavarna.

4. gr.

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra, sbr. þó 5. gr. Hann skipar forstöðumann almannavarna í landinu og setur honum erindisbréf. Skipunin má vera tímabundin.

Forstöðumaður hefur á hendi heildarskipulagningu almannavarna, sér um framkvæmdir á þeim þáttum, er undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingu á geislavirkni, viðvörun, fræðslustarfsemi, kennslu yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagningu og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Hann hefur enn fremur umsjón með almannavörnum sveitarfélaga.

5. gr.

Landlæknir fer, samkvæmt nánari fyrirmælum heilbrigðismálaráðherra, með stjórn þeirra þátta almannavarna, er varða sjúkrahúsmál, læknismeðferð og hjúkrun á sjúkum og særðum.

Forráðamönnum sjúkrahúsa ber, samkvæmt fyrirmælum landlæknis, að undirbúa og framkvæma ráðstafanir, sem nauðsynlegar eru til að geta veitt sjúkum og særðum móttöku og meðferð á hættutímum. Þeim ber og að taka þátt í undirbúningi að stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.

6. gr.

Almannavarnaráð, er ráðherra skipar, skal vera til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara. Í ráðinu eiga sæti, auk forstöðumanns, sbr. 4. gr., sem er formaður þess, landlæknir, lögreglustjórinn í Reykjavík, póst- og símamálastjóri og vegamálastjóri.

7. gr.

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna, hver í sínu umdæmi.

Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja, þar sem ríkisstjórnin ákveður, í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sýslunefnd.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að grannhéruð eða bæir hafi samstarf um almannavarnir og veiti gagnkvæma aðstoð.

8. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, sem ástæða þykir til, sbr. 7. gr., skipar sveitarstjórn almannavarnanefnd. Í Reykjavík eiga sæti í nefndinni borgarstjóri, lögreglustjóri, borgarlæknir, borgarverkfræðingur, slökkviliðsstjóri og tveir menn, er borgarráð velur. Annars staðar á landinu skulu nefndirnar skipaðar bæjarstjóra (oddvita), lögreglustjóra, héraðslækni, bæjarverkfræðingi eða byggingafulltrúa, eftir ákvörðun sveitarstjórnar, og slökkviliðsstjóra. Nú eru framangreindir embættismenn ekki allir heimilisfastir á stað, þar sem ástæða þykir til almannavarna, og skulu þá lögreglustjóri og héraðslæknir þess umdæmis, ásamt bæjarstjóra (oddvita) á staðnum, tilnefna í þeirra stað menn, er sveitarstjórn skipar síðan til starfsins.

Í Reykjavík er borgarstjóri formaður nefndarinnar, en borgarstjórn skipar nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra. Annars staðar eru bæjarstjórar (oddvitar) formenn nefndarinnar.

9. gr.

Almannavarnanefndum er falin skipulagning og framkvæmd eftirtalinna ráðstafana innan umdæma þeirra, samkvæmt nánari reglum, er ráðherra setur:

1. Viðvörunarkerfi.
2. Skipulagning hjálparstarfs og hjálparliða, þjálfun þeirra og búnaður. Hjálparliðum má skipta í hverfisflokka, er gegna störfum í ákveðnu hverfi þéttbýlis, og umdæmissveitir, sem koma til aðstoðar, ef tjón er það umfangsmikið, að hverfisflokkur fær eigi við ráðið. Flokkar umdæmissveita skulu þjálfaðir í einstökum greinum almannavarna: eldvörnum, björgun og sjúkraflutningum, ruðningsstarfi, hjálparstarfi vegna tjóns af völdum geislavirkni, sýkla eða eiturefna, löggæzlu, fjarskiptaþjónustu, tækniþjónustu og félagslegu hjálparstarfi.
3. Eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og leiðbeiningar á því sviði.
4. Bygging, búnaður og rekstur opinberra öryggisbyrgja, samkvæmt áætlun, sem ráðherra samþykkir.
5. Stjórnstöðvar.
6. Fjarskiptakerfi.
7. Birgðageymslur og birgðavarzla.
8. Undirbúningur og aðstoð vegna brottflutnings og móttöku fólks af hættusvæði.
9. Aðrar ráðstafanir, er ráðherra ákveður, að fengnum tillögum almannavarnaráðs.

III. KAFLI
Hjálparlið.

10. gr.

Það er borgaraleg skylda þeirra, sem eru á aldrinum 18—65 ára, að gegna, án endurgjalds, starfi í þágu almannavarna í umdæmi, þar sem þeir dveljast, samkvæmt fyrirmælum, er lögreglustjóri gefur, að fengnum tillögum almannavarnanefndar. Ákvörðun lögreglustjóra má skjóta til dómsmálaráðherra.

Kveðja má þá, sem eru á aldrinum 16—18 ára eða yfir 65 ára, til starfs, ef þeir óska þess sjálfir.

Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni starfi í þágu almannavarna.

Þeim, sem kvaddir hafa verið til starfs, ber að koma til læknisskoðunar, ef nauðsynlegt þykir.

11. gr.

Ef hætta vofir yfir eða tjón hefur orðið, má kveðja hvern fulltíða mann, sem tiltækur er, til tafarlausrar aðstoðar við störf í þágu almannavarna.

12. gr.

Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir hafa verið kvaddir til. Þeim ber að hlýða fyrirmælum og fara eftir starfsreglum. Óheimilt er að hverfa úr starfi án leyfis.

Ef hætta vofir yfir, má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða þess, er hann tilnefnir.

13. gr.

Ef maður verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, á hann rétt á bótum.

14. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglur um starfsskyldu skv. 10. gr. Skal að því stefnt, að starfskvöð komi sem réttlátast niður á borgarana. Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarna.

IV. KAFLI
Einkavarnir.

15. gr.

Atvinnufyrirtækjum, sem hafa yfir 100 manns við störf á sama stað, er skylt samkvæmt fyrirmælum almannavarnanefndar, að gera öryggisráðstafanir á vinnustað í því skyni að draga úr afleiðingum tjóns vegna hernaðaraðgerða.

Ráðherra getur leyst fyrirtæki undan skyldu til einkavarna. Hann getur einnig, ef sérstaklega stendur á, fyrirskipað einkavarnir á vinnustað, enda þótt færri starfi þar en segir í 1. mgr.

16. gr.

Í kaupstöðum og annars staðar, þar sem ástæða þykir til, getur almannavarnanefnd skipt svæðum í hverfi. Ber íbúum hvers hverfis að annast einkavarnir með gagnkvæmri hjálp í hverfinu samkvæmt nánari reglum, sem ráðherra setur.

17. gr.

Húseigendum er skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg björgunar- og eldvarnatæki eftir því sem almannavarnanefnd ákveður nánar.

Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaði.

Trúnaðarmönnum almannavarna er heimill aðgangur að fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna.

18. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að sérstakar ráðstafanir til almannavarna séu gerðar vegna skipa, flugvéla og annarra samgöngutækja.

19. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um einkavarnir, þar sem m. a. verða ákveðnar hámarkskvaðir, sem leggja má á atvinnufyrirtæki og húseigendur.

Ef fyrirmælum almannavarnanefndar um ráðstafanir til einkavarna er ekki hlýtt, má framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns. Kröfu um endurheimt fylgir lögtaksréttur.

Ákvörðun almannavarnanefndar um einkavarnir má skjóta til ráðherra.

V. KAFLI
Flutningur fólks af hættusvæðum.

20. gr.

Ef brýna nausyn ber til, að fólk flytji af hættusvæði og komi sér fyrir á öruggari stöðum, getur ríkisstjórnin ákveðið brottflutning.

Ráðherra setur reglur um áætlun og framkvæmd brottflutnings.

21. gr.

Nú hefur ríkisstjórnin tekið ákvörðun samkv. 1. mgr. 20. gr., og er þá öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður.

Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka leigunámi skip, vélknúin ökutæki og flugvélar í því skyni að greiða fyrir brottflutningi þess fólks, sem ekki getur séð sér sjálft fyrir farkosti, svo og lendur og hvers konar húsnæði, sem völ er á, flóttafólki til öryggis, skjóls og aðhlynningar.

Á neyðarstundu er heimilt að gefa eiganda eða umráðamanni húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húsaskjól, svo og fæði, ef nauðsynlegt er.

Sveitarfélag, sem flutt er frá, greiðir kostnað vegna húsnæðis og fæðis, sem látið er í té, samkvæmt þessari grein, en á kröfu um endurheimt á hendur þeim, sem fyrirgreiðslunnar hafa notið.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

23. gr.

Stofnunum ríkis og sveitarfélaga er skylt að ljá til almannavarna hús sín og tæki, eftir því sem við verður komið og án sérstaks endurgjalds.

Ráðherra getur krafizt, að ríki eða sveitarfélagi verði fengið til afnota eða umráða lausafjármunir og fasteignir eða hluti af þeim, sem brýn þörf er á til almanna-

varna, enda komi sanngjarnt verð fyrir eftir samkomulagi eða að mati dómkvaddra manna. Heimilt er að gera þær breytingar á eignum, sem þörf er á, til þess að þær komi að tilætluðum notum. Um framkvæmd þessarar greinar skal farið eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917, eftir því sem við á.

24. gr.

Ákveða má með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku laga þessara, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða starfa. Húseigandi greiðir kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um.

25. gr.

Kostnaður samkv. 4. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Ríkissjóður greiðir kostnað samkvæmt 5. gr., en hlutaðeigandi sveitarstjórnum ber að endurgreiða þriðjung kostnaðarins. Nú hefur sveitarstjórn fyrir gildistöku laga þessara aflað sjúkrahúsgagna til almannavarna, og má þá sveitarfélagið greiða sinn hluta kostnaðarins með þeim.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. og 2. mgr., greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði, en endurgreiða skal úr ríkissjóði tvo þriðju hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum, en helming annars kostnaðar.

26. gr.

Dómsmálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi, nema þyngri refsing varði samkvæmt öðrum lögum.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög um ráðstafanir til loftvarna og annarra varna gegn hættum af hernaðaraðgerðum nr. 52 27. júní 1941, svo og breytingar á þeim lögum nr. 13 15. maí 1942 og nr. 103 15. desember 1951.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var til meðferðar á síðasta Alþingi. Vannst þá ekki tími til að ljúka afgreiðslu málsins og var skorað á ríkisstjórnina að leggja frumvarpið fyrir næsta þing, strax og það kæmi saman. Í samræmi við þetta er frumvarpið nú lagt óbreytt fyrir Alþingi á ný. Frumvarpinu fylgdu ýtarlegar athugasemdir og greinargerðir og þykir mega vísa til þeirra (sbr. þskj. 370).

Ed. 7. Frumvarp til laga [7. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða með auglýsingu í Stjórnartíðindum, að samningur sá, er undirritaður var í Osló 23. marz 1962 milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga, og prentaður er sem fylgiskjal með lögum þessum, skuli öðlast gildi.

2. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að setja frekari ákvæði, er kunna að vera nauðsynleg til að framfylgja greindum samningi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Samningur milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um innheimtu meðlaga.

1. gr.

Aðfararhæfum dómi, úrskurði stjórnvalds eða skriflegri skuldbindingu, sem lagt hefur einhverjum á herðar í einu samningsríkjanna að greiða meðlag maka sínum, fyrrverandi maka, skilgetnu barni, stjúpbarni, kjörbarni, óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns, og sé fullnusta heimil í því ríki, skal þegar fullnægt í öðru samningsríki, sé þess farið á leit. Sama gildir um þess háttar dóm, sem ekki er enn aðfararhæfur, og hvern þann úrskurð þess háttar, sem dómstóll, dómari eða „överexekutor" hefur kveðið upp og fullnægt verður eins og aðfararhæfum dómi.

Nú hefur með dómi eða úrskurði í ríki því, þar sem fullnustu er leitað, meðlag verið ákveðið lægra eða úrskurðað, að ekki sé um meðlagsskyldu að ræða, og verður þá ekki þar í gegn fullnustu krafizt í því ríki.

2. gr.

Beiðni um fullnustu skal senda yfirvaldi í samningsríki því, þar sem sá dvelst, er meðlagið á að fá, eða í samningsríki því, þar sem dómurinn eða úrskurðurinn var kveðinn upp eða skriflega skuldbindingin gerð.

Eigi fullnusta að fara fram í öðru samningsríki en því, þar sem beiðnin kom fram samkvæmt 1. mgr., skal senda beiðnina til fyrrnefnds ríkis. Í því tilviki er beiðnin send og móttekin af:

í *Danmörku* yfirstjórnvaldi (í Kaupmannahöfn „overpræsidenten", en annars hlutaðeigandi amtmanni) eða, ef óvíst er, hvert yfirstjórnvald á að fjalla um málið, dómsmálaráðuneytinu;

í *Finnlandi* hlutaðeigandi lénsstjórn eða, ef óvíst er, hver lénsstjórn á að fjalla um málið, utanríkisráðuneytinu;

á *Íslandi* dómsmálaráðuneytinu;

í *Noregi* hlutaðeigandi fylkismanni eða, ef óvíst er, hver fylkismaður á að fjalla um málið, félagsmálaráðuneytinu, þegar um er að ræða meðlag með óskilgetnu barni eða móður slíks barns, en annars dómsmálaráðuneytinu; og

í *Svíþjóð* hlutaðeigandi lénsstjórn eða, sé óvíst, hver lénsstjórn á um að fjalla, réttardeild utanríkisráðuneytisins.

Beiðni um innheimtu í öðru samningsríki á meðlagi, sem yfirvald hefur greitt fyrir fram, má það yfirvald senda beint til yfirvalds í því ríki, samkvæmt ákvæðinu í 2. mgr., þar sem innheimtan á að fara fram.

Skjali á finnsku eða íslenzku skal fylgja staðfest þýðing á dönsku, norsku eða sænsku, að því leyti sem þörf er á.

3. gr.

Yfirvald það, sem framkvæma skal innheimtuna, getur, ef nauðsynlegt þykir, krafizt vottorðs um, að dómurinn, úrskurðurinn eða skuldbindingin fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru í 1. mgr. 1. gr. fyrir fullnustu. Vottorð skal gefið út í því ríki, þar sem dómur eða úrskurður hefur verið kveðinn upp eða skuldbinding gerð, og af því yfirvaldi, sem um ræðir í 2. mgr. 2. gr.

Hafi upphæð meðlags ekki verið ákveðin í dóminum, úrskurðinum eða skuldbindingunni eða sé í beiðni um fullnustu farið fram á hærri upphæð en ákveðið hefur verið, má einnig krefjast vottorðs um upphæð meðlagsins samkvæmt 1. mgr.

4. gr.

Fullnustan fer fram í hverju ríki samkvæmt gildandi lögum þar.

Fullnustan fer fram án kostnaðar fyrir rétthafa, nema hún eigi að fara fram samkvæmt reglunum um aðför í fasteign.

Innheimt upphæð sendist þeim, sem beiðzt hefur fullnustu eða öðrum, sem hann ákveður.

5. gr.

Ákvæðin um meðlög ná einnig til meðgjafar vegna kostnaðar við fæðingu og sængurlegu og kostnaðar við sérstaka menntun barns og enn fremur skírn þess, fermingu, veikindi, greftrun og þess háttar.

6. gr.

Málskostnað, sem meðlagsskyldum er gert að greiða vegna ákvörðunar um meðlagsskyldu, má innheimta samkvæmt ákvæðum þessa samnings.

7. gr.

Samning þennan skal fullgilda og skal afhenda fullgildingarskjölin norska utanríkisráðuneytinu svo fljótt sem verða má.

Samningurinn tekur gildi hinn 1. janúar eða hinn 1. júlí næstan eftir afhendingu fullgildingarskjalanna. Með samningi þessum fellur úr gildi samningur frá 10. febrúar 1931 milli samningsríkjanna um innheimtu meðlaga, eins og honum var breytt með samkomulagi hinn 1. apríl 1953.

Sérhvert ríkjanna getur gagnvart hverju hinna sagt upp samningnum, og hættir hann þá að gilda hinn 1. janúar eða hinn 1. júlí næstan að liðnum sex mánuðum frá uppsögn.

Til staðfestingar hafa fulltrúar hlutaðeigandi ríkja undirritað samning þennan og sett á hann innsigli sín.

Gert í Osló, í einu eintaki á hverju þessara mála: íslenzku, dönsku, finnsku, norsku og sænsku, og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland, hinn fyrir Svíþjóð.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hefur farið fram á vegum dómsmálaráðuneyta Norðurlandanna endurskoðun á samningi þeirra í milli um innheimtu meðlaga frá 10. febrúar 1931 (sbr. lög nr. 30 8. september 1931) eins og honum hefur verið breytt með samkomulagi frá 1. apríl 1953 (sbr. lög nr. 61 21. apríl 1954). Er samningur sá, sem hér liggur fyrir til staðfestingar og undirritaður var í Osló 23. marz 1962, árangur þeirrar endurskoðunar. Breytingar þær, sem gerðar eru frá gildandi reglum, varða fyrst og fremst framkvæmdaatriði og miða þær að því að gera framkvæmd innheimtunnar einfaldari. Ekki þykir ástæða til að gera sérstaka grein fyrir einstökum breytingum að öðru leyti en því, að samkvæmt 3. mgr. 1. gr. gildandi samnings verður fullnustu ekki krafizt, ef meðlagsskylda gagnvart óskilgetnu barni eða móður óskilgetins barns er ákveðin með dómi eða úrskurði í ríki, þar sem meðlagsskyldur átti ekki ríkisborgararétt eða heimilisfang, nema því aðeins að hann haft mætt í málinu, eða stefnan eða úrskurðurinn hafi í tæka tíð orðið honum kunn. Er þetta ákvæði nú fellt niður, og er það m. a. í samræmi við Norðurlandasamning um félagslegt öryggi frá 1955.

Ed. **8. Frumvarp til laga** [8. mál]

um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Enginn má eiga, framleiða, flytja til landsins, selja eða láta af hendi geislavirk efni, hvort sem þau eru ómenguð, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, né heldur tæki, sem hæf eru til að framleiða jónandi geisla (röntgengeisla, gammageisla, betageisla, elektrónugeisla, alfageisla, nevtrónugeisla og aðra efnisgeisla), nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. veitir ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, að fengnum meðmælum landlæknis. Umsóknir um leyfi þessi skulu rituð á sérstök eyðublöð, er ráðherra lætur gera.

3. gr.

Eigi þarf leyfi samkvæmt lögum þessum til að eiga, framleiða, flytja til landsins, selja eða láta af hendi eftirtalin geislavirk efni og tæki, enda sé geislun frá þeim eigi hærri en 0.01 rem á viku í eins metra fjarlægð:

1. Úranium og efni, sem innihalda úranium, svo og efni, er innihalda ekki yfir tíu hundraðshluta af þóríum miðað við þunga, svo fremi að efni þessi hafi ekki með sérstakri meðferð verið auðguð að geislavirkum efnum fram yfir það, sem verður við eðlilegar kjarnabreytingar í jafnvægi.
2. Geislavirk frumefni í eðlilegu ástandi, þau sem ekki tilheyra úraníum-radíum-, úraníum-aktiníum- og þóríum-efnaflokkunum, svo og efnasambönd þessara frumefna, enda innihaldi þau ekki meira af geislavirkum ísótópum en gerist um efni þessi í náttúrunni.
3. Sjálflýsandi úr, vasaáttavita, mæla og önnur þess konar tæki, sem innihalda lítið magn af geislavirkum efnum.
4. Ratsjár, sveiflusjár, sjónvarpstæki, sendilampa og rafeindasjár og önnur slík tæki, enda séu þau eigi ætluð til að framleiða jónandi geisla.

4. gr.

Ráðherra setur reglur um nauðsynlegar öryggisráðstafanir um geymslu, notkun, framleiðslu, flutning og aðra meðferð geislavirkra efna og geislatækja og um eftirlit með því, að gætt sé hinna boðnu öryggisráðstafana.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú finnast geislavirk efni eða geislatæki, sem leyfi þarf til að eiga eða hafa undir höndum, en slík leyfi skortir, skulu þá efnin og tækin vera upptæk og eign ríkissjóðs.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sérhver sá, sem á eða hefur undir höndum geislavirk efni eða geislatæki, þau er leyfi þarf til að eiga eða hafa undir höndum samkv. 1. gr., sbr. 3. gr., skal innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara hafa sótt um tilskilin leyfi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið að frumkvæði Kjarnfræðanefndar Íslands og hefur hlotið rækilegan undirbúning sérfræðinga og meðmæli landlæknis.

Um langt skeið hafa röntgentæki verið notuð á sviði læknisfræði hér á landi til myndatöku og lækninga, en þó tiltölulega óvíða. Með aukinni notkun röntgentækja lækna, tannlækna og á öðrum sviðum, svo sem í málmiðnaði og verzlunum eykst hættan á misnotkun þeirra.

Geislavirk efni eru nú notuð í læknisfræði, landbúnaði, iðnaði og við almennar rannsóknir og gegna þar mikilvægu hlutverki, en að sama skapi vex hættan, sem stafar af geislun þeirra, ef ranglega er með farið.

Lagafrumvarp það, sem hér liggur fyrir, fjallar eingöngu um öryggisráðstafanir, sem nauðsynlegt er, að viðhafðar séu í nálægð geislavirkra efna og geislatækja. Jónandi geislar hafa þau áhrif á efni, sem þeir fara í gegnum, að þar myndast pósitivir og negativir jónar, þ. e. atóm, sem hafa glatað einni eða fleiri elektrónum. Nevtrónur og mjög orkumiklir geislar geta valdið kjarnabreytingum og orsakað þannig geislavirkni. Efnabreytingar, sem geislunin orsakar, geta valdið breytingum og skemmdum á lifandi vefjum, en hinar líffræðilegu breytingar eru tvenns konar:

þær, sem eingöngu snerta einstaklinginn,

þær, sem koma fram í breyttum erfðaeiginleikum.

Jónandi geisla er ekki hægt að varast nema með hjálp mælitækja, enda eru þeir ósýnilegir, en skaðsemi þeirra kemur yfirleitt ekki í ljós fyrr en að löngum tíma liðnum, ef geislaskammtarnir eru ekki því stærri, en breytingar á erfðaeiginleikum leynast og koma fyrst fram með ófæddum kynslóðum. Af þessum ástæðum er þjóðfélaginu nauðsynlegt, að viðhöfð sé gát við meðhöndlun geislavirkra efna og geislatækja.

Í fyrstu grein frumvarps þess, er hér liggur fyrir, segir, að leyfi þurfi til að eiga, framleiða, flytja til landisns, selja eða láta af hendi geislavirk efni og geislatæki, sem senda frá sér jónandi geisla. Greinin er mjög almennt orðuð, svo að undir hana falla ýmis tæki, sem notuð eru í daglegu lífi og varla er að óttast, þó að þau sendi frá sér lítið eitt af geislum, sem geta jónað. Nauðsynlegt er því að gera nokkrar undantekningar og um þær fjallar þriðja grein.

Önnur grein segir, að ráðherra sá, sem fer með heilbrigðismál, gefi út leyfi samkvæmt fyrstu grein.

Í þriðju grein eru taldar upp undantekningar frá ákvæðum fyrstu greinar. Þrátt fyrir almennt orðalag á undantekningunum, er sá fyrirvari hafður, að geislunin í eins metra fjarlægð frá tækinu, megi ekki fara fram úr 0.01 rem á viku, en það er einn tíundi hluti þeirrar hámarksgeislunar um allan líkamann, sem er leyfilegur fyrir sérstaka hópa fólks samkvæmt áliti ICRP, en er þó tíu sinnum hærri en leyfilegt er um heilar þjóðir, samkvæmt ráðleggingunum.

Efnin úranium og þóríum eru lítið eitt geislavirk en það þykir þó ekki ástæða til að meðhöndla þau sem geislavik efni (sjá þó ákvæði um þóríum). Efni þessi eru notuð sem eldsneyti í kjarnorkureaktora.

Geislavik frumefni í eðlilegu ástandi er yfirleitt ástæðulaust að meðhöndla sem geislavirk efni, enda hefur mannkynið lifað í návist þeirra frá upphafi.

Sjálflýsandi málning inniheldur stundum geislavirk efni og er algengt að nota hana á sjálflýsandi klukkuskífur, mæla o. s. frv., en magnið af geislavirkum efnum er þó venjulega svo lítið, að vart þarf að óttast það.

Í sumum elektróniskum tækjum eru notuð lofttæmd rör með hárri spennu og geta þau gefið frá sér röntgengeisla. Yfirleitt eru geislar þessir svo veikir, að þá þarf ekki að varast.

Í fjórðu grein segir, að ráðherra skuli setja nánari reglur um nauðsynlegar öryggisráðstafanir.

Fimmta grein fjallar um viðurlög við broti á lögunum.

Sjötta og síðasta greinin fjallar um gildistöku laganna.

Að lokum eru bráðabirgðaákvæði sett vegna þeirra, er þegar hafa röntgentæki og geislavirk efni undir höndum, um, að þeir þurfi að afla sér leyfa samkvæmt 1. gr.

Nd. 9. Frumvarp til laga [9. mál]

um breyting á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Jón Skaftason, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson, Ingvar Gíslason, Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Björn Pálsson, Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

31. gr. laganna orðist svo:

Vextir af afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, mega eigi vera hærri en þeir voru á árinu 1959 (5—5½%).

2. gr.

32. gr. laganna orðist svo:

Vaxtakjör og lánstími á lánum breytast og verða hin sömu og á árinu 1959 hjá eftirfarandi aðilum: Fiskveiðasjóði Íslands, Stofnlánadeild sjávarútvegsins, Stofnlánadeild landbúnaðarins (sams konar lán og veitt voru úr Byggingarsjóði sveitabæja og Ræktunarsjóði Íslands), Byggingarsjóði ríkisins (húsnæðismálastjórn), Byggingarsjóði verkamanna og raforkusjóði.

3. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

2.—4. málsgr. 11. gr. laga nr. 10 1961, um Seðlabanka Íslands, falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 58 28. júní 1960, um bann við okri, dráttarvexti o. fl. Samtímis koma í gildi lög nr. 73 1933, um bann við okri, dráttarvexti o. fl., og lög nr. 75 1952, um breyt. á þeim lögum.

Greinargerð.

Einn þáttur stjórnarstefnunnar síðan 1960 er innilokun sparifjár í Seðlabankanum og gífurleg hækkun vaxta. Jafnframt hafa lán úr Seðlabankanum út á afurðir verið minnkuð mikið.

Frysta sparifé í Seðlabankanum, sem haldið hefur verið frá umferð, nam 428 milljónum króna 1. ágúst og nálgast því 500 milljónir. En auk þess eru afurðalánin stórkostlega dregin saman.

Allt þetta fjármagn er dregið úr þeirri umferð, sem það ella væri í, jafnhliða því sem dýrtíðin hefur verið mögnuð með endurteknum gengislækkunum og nýjum stórfelldum tollaálögum. Fer því þó fjarri, að öll áhrif síðari gengislækkunarinnar (1961) á vöxt dýrtíðarinnar séu komin fram.

Sú stefna ríkisstjórnarinnar að magna dýrtíðina og draga jafnframt inn sparifé til frystingar, jafnhliða því sem afurðalán eru minnkuð, veldur almenningi ófyrirsynju stórfelldum erfiðleikum við nauðsynlega uppbyggingu og atvinnurekstur. Hafa þessar ráðstafanir alveg tvímælalaust haft áhrif í þá átt að draga úr framleiðslu frá því, sem ella hefði orðið, og ráðstöfunum til uppbyggingar og aukinnar framleiðni.

Stórfelldar nýjar ráðstafanir til uppbyggingar og aukinnar framleiðslu og framleiðni eru nú helzta leiðin til lausnar á þeim erfiðleikum, sem dýrtíðar- og kjaraskerðingarstefna ríkisstjórnarinnar hefur bakið öllum almenningi.

Verður þá að hverfa frá þeirri stefnu að leggja sparifé dautt í bankakerfið og taka það úr umferð, en snúa aftur inn á þá braut, sem bezt hefur gefizt: að hafa það fjármagn í eðlilegri umferð, sem í landinu myndast. Mun það þá sýna sig sem fyrr, hverju atorkumikið ráðdeildarfólk fær áorkað, ef því er trúað fyrir peningum.

Enn fremur ber brýna nauðsyn til að hverfa frá vaxtaokrinu á rekstrarlánum og taka upp aftur lægri vexti á stofnlánum til uppbyggingar á vegum almennings.

Gera verður ráðstafanir til að styðja einstaklingsframtak og félagsframtak hinna mörgu, sem vilja bjarga sér og vera efnalega sjálfstæðir, — nota í því skyni hiklaust það fjármagn, sem myndast í landinu. Það verður að snúa við og taka á ný að styðja uppbyggingu einstaklinga, almannafélaga og byggðarlaga með framkvæmd eðlilegrar og heilbrigðrar lána- og vaxtastefnu, í stað þess að leggja stein í götu þessara aðila, eins og nú er gert, m. a. með innilokun sparifjár og vaxtaokri, og jafnvel skattheimtu frá atvinnuvegunum í lán handa þeim sjálfum.

Þyrfti að gera ráðstafanir til að beina eðlilegum hluta af sparifjáraukningunni í landinu til stuðnings þeim framkvæmdum og þeirri uppbyggingu, sem mestu máli skiptir, — og ættu þær að koma í staðinn fyrir innilokun og frystingu sparifjárins, sem nú er framkvæmd.

Yrði þetta frumvarp samþykkt, mundi það knýja fram stefnubreytingu í lána- og vaxtamálum Efni þess er:

1. Að færa vextina í það horf, sem þeir voru, áður en efnahagsráðstafanir ríkisstjórnarinnar voru gerðar.

2. Að hætt verði að draga sparifé landsmanna til frystingar inn í Seðlabankann út úr sparisjóðunum, innlánsdeildum kaupfélaganna og viðskiptabönkunum. Þessi aðferð er nú notuð til að þrengja að einstaklingum og atvinnufyrirtækjum með tilbúnum lánsfjárskorti, sem byggist á því að frysta hluta af sparifjáraukningu landsmanna. Jafnframt því lætur ríkisstjórnin Seðlabankann lána miklu minna en áður út á verðmæti landbúnaðar- og sjávarafurða. Hefur þetta gengið svo langt, að Seðlabankinn er látinn lána sömu krónutölu út á sjávar- og landbúnaðarafurðir og áður þrátt fyrir verðhækkanirnar, og þar að auki er bannað að lána hærri heildarfjárhæð út á landbúnaðarafurðir en áður, þótt framleiðslan aukist.

Til þess að koma í veg fyrir, að viðskiptabankar, sparisjóðir og kaupfélög geti greitt úr fyrir mönnum, er þess krafizt, að þessar stofnanir skili til frystingar í Seðlabankanum verulegum hluta af öllum nýjum spariinnlögum og innlögum í innlánsdeildir. Þannig er sparifé landsmanna tekið úr umferð til að þrengja að lánveitingum.

Þegar ríkisstjórnin bætti vaxtahækkuninni ofan á gengislækkunina, nýju tollana og lánasamdráttinn, varð að afnema þýðingarmestu ákvæði okurlaganna til þess að koma vaxtahækkuninni í framkvæmd.

Þá voru einnig afnumin vaxtaákvæði allra þeirra lagabálka, sem upp höfðu verið byggðir um stofnlán til sjávarútvegs, landbúnaðar og til íbúðabygginga.

Nú er fram komið, svo að ekki verður um villzt, að engin framleiðsla né atvinnurekstur á Íslandi getur risið undir þessum okurvöxtum, hvað þá almenningur, sem þarf á lánsfé að halda til íbúðabygginga, framleiðslutækja og annarra brýnustu nauðsynja.

Að dómi þeirra, sem þetta frumvarp flytja, ber því að nema nú þegar úr

gildi þau lagaákvæði, sem sett voru til þess að innleiða vaxtaokrið, og einnig þau ákvæði seðlabankalaganna, sem misnotuð hafa verið til þess að draga hluta af öllum nýjum sparifjárinnlögum landsmanna inn í Seðlabankann og taka féð þannig úr umferð, á sama tíma og fjöldi einstaklinga er að missa alla fótfestu við atvinnurekstur og lífsnauðsynlegustu framkvæmdir, m. a. vegna vaxtakostnaðar og tilbúins lánsfjárskorts.

Verði frumvarpið samþykkt, gerist þetta m. a.:

1. Útlánsvextir fara niður í 8% hæst, eins og þeir voru.
2. Vextir af afurðavíxlum færast niður í 5—5½% úr 7—8½%.
3. Vextir og lánstími stofnlánasjóða landbúnaðarins (ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs), fiskveiðasjóðs, byggingarsjóðs fyrir kauptún og kaupstaði, raforkusjóðs og byggingarsjóðs verkamanna verða eins og áður.
4. Ríkisstjórnin verður að hætta að láta frysta í Seðlabankanum hluta af sparifjáraukningunni, og útlánamöguleikar aukast að sama skapi.

Sþ. 10. Tillaga til þingsályktunar [10. mál]

um jarðhitarannsóknir og jarðhitaleit í Borgarfjarðarhéraði og athugun á hitaveitu fyrir Borgarnes.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Ásgeir Bjarnason, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði gerð rannsókn á jarðhitasvæðum Borgarfjarðarhéraðs og víðtæk jarðhitaleit gerð í héraðinu. Leitin verði m. a. við það miðuð að athuga möguleika á hitaveitu fyrir Borgarnes.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum við þingmenn Vesturlandskjördæmis tillögu þá til þingsályktunar, sem hér er nú endurflutt. Mjög var á starfstíma Alþingis liðið, er tillagan kom á s. l. vetri, og mun það sennilega hafa verið ástæðan til þess, að hún hlaut þá ekki afgreiðslu, þar sem hliðstæð mál hafa hlotið skilning hv. alþingismanna.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni, er hún var flutt á s. l. vetri:

„Í Borgarfjarðarhéraði er mikill jarðhiti, svo sem kunnugt er. Notkun hans hefur farið vaxandi hin síðari ár. Nokkur hluti af skólum héraðsins er hitaður með jarðhita, og mikil gróðurhúsaframleiðsla á sér stað í héraðinu vegna jarðhitans. Mikill áhugi er fyrir því í Borgarfirði að auka notkun jarðhitans og fá vitneskju um það, hversu víðtæk jarðhitasvæðin í héraðinu eru.

Borgarnes er vaxandi kauptún, og áhugi er fyrir því þar að fá rannsakað, hvort jarðhiti er ekki svo nærri kauptúninu, að hagkvæmt reynist að hagnýta hann til hitaveitu fyrir Borgarnes. Nokkur ástæða er til að ætla, að svo sé, þar sem jarðhiti er vestur á Snæfellsnesi, að því er virðist í svipaðri línu og jarðhiti í Borgarfjarðarhéraði.

Möguleikar og þekking til skipulagðra jarðhitarannsókna og leitar eru nú mun meiri en fyrr og eðlilegt, að þetta verði eitt af fyrstu verkefnum jarðhitasjóðs.“

Nd. 11. Frumvarp til laga [11. mál]

um breyting á lögum nr. 37 1961, um ríkisábyrgðir.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „ganga í sjálfskuldarábyrgð“ í 2. gr. laganna komi: fyrir aðra aðila en sveitarfélög.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga.

Þá fylgdi frv. svo hljóðandi greinargerð:

„Á Alþingi 1961 voru sett lög um ríkisábyrgðir (lög nr. 37 1961). Í 2. gr. þeirra laga segir svo:

„Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slíkt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.“

Á það var bent, er frv. um ríkisábyrgðir var til afgreiðslu hér á Alþingi, að þetta ákvæði laganna mundi raunverulega þýða það, að þau ákvæði í lögum, svo sem lögum um vatnsveitur, hitaveitur, rafmagnsveitur og víðar, þar sem talað er um ríkisábyrgð án skilgreiningar, svo sem þar er gert, yrðu gerð að mestu þýðingarlaus með þessari lagagrein, sérstaklega mundi þetta bitna hart á sveitarfélögum, þar sem ekki væri hægt að ganga að þeim, einföld ábyrgð yrði þeim því lítils eða einskis virði. Það hefur komið í ljós, að þetta hefur reynzt rétt. Sveitarfélögum verður einföld ríkisábyrgð ekki að notum.

Með frv. þessu er lagt til, að það ákvæði laganna um ríkisábyrgðir, er kveður á um, að eingöngu skuli gefin út einföld ábyrgð, nema öðruvísi sé ákveðið í heimildarlögunum sjálfum, nái ekki til sveitarfélaga. Ef þetta frv. yrði að lögum, mundu sveitarfélög geta hagnýtt sér ákvæði laga um vatnsveitur, hitaveitur o. fl. laga um ríkisábyrgð og aðstoð ríkisvaldsins við uppbyggingu sveitarfélaga með eðlilegum hætti.“

Sþ. 12. Tillaga til þingsályktunar [12. mál]

um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum.

Flm.: Karl Guðjónsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Fr. Björnsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að greiða verðbætur á korn, sem ræktað er hér á landi, til jafns við niðurgreiðslu á innfluttu korni.

Greinargerð.

Kornrækt er nú tekin að ryðja sér til rúms hér á landi, og ætla má, að sú þróun haldi áfram á komandi árum, ef kornræktinni eru búin eðlileg skilyrði til vaxtar.

Eins og málum er nú háttað um verðlag á kornvöru, verður ekki séð, að veruleg aukning geti orðið í þessari búgrein, þótt vaxtarmöguleikar hennar að öðru

leyti væru hinir beztu. Íslenzka kornið verður án allra verðbóta að keppa við korn, sem flutt er inn frá útlöndum, en innflutta kornið fær sérstakar niðurgreiðslur úr ríkissjóði. Þær greiðslur nema 18.61% af fob-verði vörunnar. Erlent korn er því selt hér sem þessu nemur undir eðlilegu verði þess, en innlend kornframleiðsla hefur ekki við neina sambærilega stoð að styðjast og á því í vök að verjast í samkeppninni við hið erlenda og niðurgreidda korn.

Meðan niðurgreiðsla er aðeins látin ná til innflutta kornsins, verkar hún eins og verndartollur fyrir útlendu vöruna gegn hinni innlendu.

Það er augljóst mál, að í alla staði er óeðlilegt, að þannig sé að farið til að þröngva kosti íslenzkrar búgreinar, sem allir eru sammála um, að æskilegt væri, að ætti fyrir sér að vaxa og eflast.

Eðlilegt hefði verið, að ríkisstjórnin hefði bætt úr þessu misræmi með því að ákveða sömu verðbótagreiðslu á hið íslenzka korn og nemur niðurgreiðslunum á aðflutta kornið. En þetta hefur ekki verið gert, og því er hér lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að framkvæma þessa sanngjörnu leiðréttingu á verðbótakerfinu.

Mál þetta hefur legið fyrir tveim síðustu þingum, en ekki fengið neina afgreiðslu. En þótt ekki lægi fyrir þingssamþykkt tillögunnar, hefði ríkisstjórnin þó getað tekið málið til afgreiðslu, metið réttmæti þess og látið þá skipan koma til framkvæmda, sem tillagan gerir ráð fyrir, því að til þess hefur hún heimild 28. gr. laganna um efnahagsmál frá 1960. En þetta hefur ekki gerzt, og því kemur málið enn til þingsins. Flutningsmenn leggja áherzlu á, að ekki þurfi að velkja málið óhóflega lengi, áður en það kemur til afgreiðslu, enda verður eðlilegt að teljast, að sú ákvörðun, sem þingið væntanlega tekur um mál þetta, komi til framkvæmda einnig um þá uppskeru, sem á þessu hausti fæst af íslenzkum kornökrum.

Sþ. 13. Tillaga til þingsályktunar [13. mál]

um síldarleit.

Flm.: Jón Skaftason, Eysteinn Jónsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera ráðstafanir til þess, að síldarleit eigi sér stað allan ársins hring allt umhverfis landið.

Greinargerð.

Nú má telja, að örugg vitneskja sé fengin fyrir því, að síldin haldi sig á miðunum umhverfis landið árið um kring. Mikið ríður á því að afla sem mestrar vitneskju um göngu hennar og hvar hún hefst við á hverjum árstíma.

Reynsla undanfarinna ára hefur leitt í ljós, að viti menn um dvalarstaði síldarinnar, þá er unnt að veiða hana á hvaða tíma sem er með því að beita nýjustu tækjum og góðum skipum.

Stöðug síldarleit þarf því að eiga sér stað allt umhverfis landið. Rannsaka þarf síldargöngur út af Norður- og Austurlandi á haustin og veturna, jafnhliða því sem leitað er fyrir Suður-, Suðvestur- og Vesturlandi.

Síldarleitina verður að miða við, að síldarúthald geti átt sér stað sem lengst árlega frá sem flestum byggðarlögum og að menn geti stundað veiðarnar sem mest heiman að. Með því nýtast síldarverksmiðjurnar og söltunarstöðvarnar bezt og ættu að geta borgað hærra verð fyrir síldina.

Nauðsynlegt er að hafa nægilega mörg síldarleitarskip úti hverju sinni, til þess

að sem gleggst yfirlit fáist um síldargöngur og veiðihorfur. Sá kostnaður, er af því leiddi, fengist margfaldlega endurgoldinn með auknum afla.

Eðlilegt er, að ríkissjóður standi undir þeim kostnaði, er af þessari starfsemi kann að leiða.

Sþ. 14. Tillaga til þingsályktunar [14. mál]

um raforkumál.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson, Björn Pálsson, Ásgeir Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Jón Skaftason, Eysteinn Jónsson, Halldór E. Sigurðsson, Hermann Jónasson, Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Björn Fr. Björnsson, Þórarinn Þórarinsson, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta hraða áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, er miðist við það, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Séu gerðar áætlanir um ný orkuver, aðalorkuveitur og dreifilínur um sveitir, ásamt áætlunum um aðstoð við að koma upp einkastöðvum fyrir einstök heimili, sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínur til þeirra frá samveitum, og sé aðstoðin ákveðin með hliðsjón af þeim stuðningi, sem veittur er íbúum samveitusvæðanna.

Áætlunum þessum verði lokið fyrir 1. jan. 1963.

Greinargerð.

Í byrjun febrúar 1960 fluttu 7 þingmenn Framsóknarflokksins tillögu á Alþingi um raforkumál. Var þar lagt til, að ríkisstjórninni yrði falið að láta hraða áætlunum um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, og skyldi þar að því stefnt, að öll heimili gætu fengið rafmagn svo fljótt sem tök væru á.

Tillaga þessi hlaut ekki fullnaðarafgreiðslu á þinginu, og var málið því flutt í annað sinn á síðasta þingi, í marz 1962. Það var óafgreitt í þinglokin.

Í umræðum um mál þetta á Alþingi 2. marz 1960 skýrði ráðherra frá því, að ráðstafanir hefðu verið gerðar til að hraða áætlunum, eftir því sem unnt væri. Þrátt fyrir þá yfirlýsingu hefur enn ekki verið gengið frá áætlunum um áframhald rafvæðingarinnar, eftir að lokið er framkvæmd 10 ára áætlunarinnar, sem sem á að verða innan skamms, eftir því sem upphaflega var ákveðið. Er því hér enn borin fram tillaga um að skora á ríkisstjórnina að láta ljúka á þessu ári áætlunum um raforkuframkvæmdir, þ. e. ný orkuver, aðalorkuveitur og dreifilínur, og séu þær áætlanir miðaðar við það, að öll heimili á landinu hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir lok ársins 1968.

Raforkuframkvæmdirnar hafa að miklu leyti verið unnar fyrir lánsfé. En fjárveitingar úr ríkissjóði til þeirra hafa verið samkvæmt ríkisreikningum á árunum 1954—1961:

1. Til nýrra raforkuframkvæmda:

1954	kr.	5 860 000.00
1955	—	5 770 000.00
1956	—	9 860 000.00
1957	—	12 023 649.60
1958	—	12 000 000.00
1959	—	0.00
1960	—	10 000 000.00
1961	—	10 000 000.00
Alls	kr.	65 513 649.60

2. Til raforkusjóðs:

1954	kr.	5 000 000.00
1955	—	5 000 000.00
1956	—	5 150 000.00
1957	—	15 000 000.00
1958	—	17 000 000.00
1959	—	14 250 000.00
1960	—	14 250 000.00
1961	—	14 250 000.00
Alls	kr.	89 900 000.00

Í fjárlögum fyrir árið 1962 eru ætlaðar 10 millj. kr. til nýrra raforkuframkvæmda og kr. 14 250 000.00 til raforkusjóðs.

Samkvæmt framansögðu hafa fjárframlög úr ríkissjóði til rafvæðingarinnar verið allmiklu minni næstliðin 3 ár og á þessu ári heldur en á árunum 1957 og 1958. Hefur þó framkvæmdakostnaður hækkað mjög síðustu árin og fjárþörfin vaxið. Er því nauðsynlegt að auka ríkisframlögin, og svo þarf að sjálfsögðu að útvega lánsfé til áframhaldandi framkvæmda.

Enn er eftir að koma upp orkuverum og aðalorkuveitum fyrir allmörg byggðarlög samkvæmt 10 ára áætluninni, og þarf að vinda bráðan bug að því.

Raforkumálaskrifstofan mun hafa unnið að athugunum á vegalengdum milli býla í sveitum, sem hafa ekki enn fengið rafmagn. Þessu verki þarf að ljúka, og er þá hægt að gera áætlanir um raflínur um þau svæði. Við dreifingu raforkunnar um sveitirnar er nú fylgt þeirri reglu, að rafmagnið er lagt um þau svæði, þar sem línulengd frá aðalveitu er ekki meiri en ca. 1 km að meðaltali á hvert býli. En í síðari áfanga þarf að ganga lengra og leggja raflínur um byggðir, þó að meðallínulengd milli býla sé miklu meiri, því að sjálfsagt er að fullnægja rafmagnsþörfinni með samveitum, að svo miklu leyti sem frekast þykir fært, eða með byggingu vatnsaflsstöðva fyrir einstök býli, þar sem skilyrði eru til þess. En þar sem einstök heimili eru svo mjög afskekkt, að ekki þykir fært að leggja raflínur til þeirra, og ekki eru heldur skilyrði til vatnsaflsvirkjunar, þarf að grípa til annarra úrræða og koma þá helzt til greina dísilstöðvar, þó að miklu óhagkvæmari séu en vatnsaflsstöðvar og raflínur frá samveitum. Réttmætt er, að aukin aðstoð af opinberri hálfu verði veitt þeim, sem verða utan samveitusvæðanna og þurfa að koma upp smástöðvum til framleiðslu á rafmagni. Þar ætti að hafa til hliðsjónar þá fjárhagslegu aðstoð, sem ríkið hefur lagt fram í þágu þeirra, er njóta rafmagns frá rafveitum í eigu ríkis eða sveitarfélaga.

Mikill meiri hluti landsmanna hefur þegar fengið raforku til heimilisþarfa og annarra nota, að langmestu leyti frá virkjunum og orkuveitum, sem komið hefur verið upp af ríkinu eða með stuðningi þess. Hinir, sem njóta ekki enn þessara þæginda, eiga einnig rétt á því, að bætt verði úr þörfum þeirra í þessu efni, svo fljótt sem mögulegt er, og þeir eiga rétt á að fá án óþarfrar tafar vitneskju um, hvers þeir megi vænta.

Með flutningi þessarar tillögu er lögð áherzla á, að þetta þýðingarmikla mál verði tekið til skjótrar ákvörðunar og úrlausnar.

Nd. **15. Frumvarp til laga** [15. mál]

um útvegun lánsfjár til húsnæðismála og um breyting á lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson, Geir Gunnarsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Seðlabanka Íslands er skylt að lána nú þegar Byggingarsjóði verkamanna og Byggingarsjóði ríkisins þær upphæðir, sem fyrir er mælt um í 2. og 3. gr., og hafa greitt það lánsfé eigi síðar en 1. des. 1962. Skal bankinn taka fé þetta af bundnu sparifé, er lagt hefur verið til hliðar undanfarin ár samkvæmt heimild í 11. gr. laga um Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Seðlabanki Íslands skal lána Byggingarsjóði verkamanna 60 millj. kr. með 4% vöxtum til 42 ára og endurgreiðist upphæðin bankanum með jöfnum afborgunum. Skal stjórn byggingarsjóðsins síðan endurlána fé þetta með sömu lánskjörum til byggingarfélaga verkamanna. Skal stjórn byggingarsjóðsins hafa lokið þessum lánveitingum fyrir 1. febr. 1963.

Lánin skulu tryggð með 2. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir föstum lánum byggingarfélaga.

3. gr.

Seðlabanki Íslands skal lána Byggingarsjóði ríkisins 250 milljón kr. með 4% ársvöxtum til 25 ára, og endurgreiðist upphæðin bankanum með jöfnum afborgunum.

Húsnæðismálastjórn skal síðan endurlána þetta fé með sömu kjörum til þeirra umsækjenda, sem

1) hafið hafa framkvæmdir við íbúðabyggingar eftir 31. des. 1958 og fram til 1. okt. 1962,
2) fullnægja skilyrðum laga, — og
3) hafa eigi fullgert íbúðir sínar.

Skal þessum umsækjendum lánað þannig, að lán þeirra komist í það hámark, sem 4. gr. mælir fyrir um.

Húsnæðismálastjórn heimilast að lána af þessu fé með sömu kjörum þeim, sem fullgert hafa íbúðir sínar, en fullnægja að öðru leyti skilyrðum 2. málsgr. þessarar greinar, allt að 75 þús. kr. hverjum út á íbúðir sínar, ef þeir eru í miklum fjárhagslegum vandræðum með að halda þeim að dómi húsnæðismálastjórnar.

4. gr.

B-liður 6. gr. laga nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl., orðist svo:

Lánsupphæðin má nema allt að ⅔ hlutum verðmætis íbúðar samkvæmt mati trúnaðarmanna veðdeildar Landsbankans. Hámark lána út á íbúðir, sem byrjað var á fyrir 31. des. 1958, skal vera 100 þús. kr. Hámark lána út á íbúðir, sem byrjað var á eftir 31. des. 1958, skal vera 200 þús. kr. Hámark lána út á íbúðir, sem byrjað er á eftir 1. okt. 1962, skal vera 250 þús. kr.

Ef fleiri en ein íbúð eru í sama húsi, má lána út á hverja íbúð fyrir sig. Þó skal engum einstaklingi veitt lán nema út á eina íbúð.

5. gr.

Frá og með gildistöku þessara laga skulu vextir af A-lánum Byggingarsjóðs ríkisins lækka í 4% og gilda um öll lán, sem veitt eru út á íbúðir, sem byggingarkvæmdir eru hafnar við eftir 1. okt. 1962.

6. gr.

Seðlabanki Íslands skal lána Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1963 helming þeirrar fjárupphæðar, er nemur því sparifé, er hann bindur samkv. heimild í 11. gr. laga um Seðlabanka Íslands, en þó aldrei minna en 100 millj. kr.

Lán þessi skulu vera með 4% vöxtum. Lánstími skal vera 25 ár.

Lánin skulu endurgreiðast bankanum með jöfnum afborgunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er numin úr gildi 3. gr. laga nr. 56 4. apríl 1962.

Greinargerð.

Sú stefna, er tekin var upp 1959, hefur valdið þeim mönnum af alþýðustétt þungum búsifjum, sem reyna að eignast eigin íbúð, og er nú svo komið, að fleirum og fleirum þeirra reynist það ókleift.

Í fyrsta lagi hefur byggingarkostnaður við íbúðir hækkað svo, að t. d. byggingarkostnaður við 320 rúmmetra íbúð er samkvæmt vísitölu 139 þús. kr. hærri en hann var 1958.

Í öðru lagi hefur fjárhagsleg afkoma almennings versnað til að standa undir afborgunum og vöxtum af nýjum íbúðum, þar sem raunverulegur kaupmáttur tímakaups hefur minnkað frá áramótum 1958—59 um 20%.

Í þriðja lagi hafa vextir verið hækkaðir þannig, að vextir af íbúðalánum, sem áður fyrr voru 2½—5%, eru nú eða hafa undanfarin ár verið 7—9%. Er það nóg til þess að sliga hverja launþegafjölskyldu að eiga að standa undir slíkum vöxtum.

Afleiðingin af þessum harðvítugu ráðstöfunum ríkisvaldsins gegn því alþýðufólki, sem er að reyna að koma sér upp íbúð fyrir sig, er sú, að í sífellu hefur minnkað tala þeirra íbúða, sem ráðizt er í að byggja. 1959 var byrjað á 1597 íbúðum alls á landinu, 1960 á 1013 íbúðum, en 1961 á 770 íbúðum. Sama öfugþróunin kemur í ljós, ef athugað er sérstaklega, hve margar íbúðir voru fullgerðar í Reykjavík undanfarin ár, en það var sem hér segir:

1956	705	1959	740
1957	935	1960	642
1958	865	1961	541

Greinilegt er á öllu, að við svo búið má ekki standa.

Í fyrsta lagi:

Það verður að veita meiri aðstoð öllum þeim, sem nú berjast erfiðri baráttu við að fullgera íbúðir sínar. Er því óhjákvæmilegt, að jafnt byggingarfélögum verkamanna sem öllum þeim, er byggja og sækja til húsnæðismálastjórnar, verði veitt sérstök úrlausn nú þegar.

Að einu leyti er hins vegar ástandið miklu viðráðanlegra en áður. Það eru til nægir peningar til þess að leysa vandamál þessa fólks, en þeir hafa bara verið teknir úr umferð fyrir ranga fjármálapólitík manna, sem vilja gera það að tilgangi þjóðfélagsins að safna peningum í stað þess að vinna að velferð fólksins.

Í Seðlabanka Íslands eru nú „frystar“ á sérstökum reikningi yfir 400 millj. kr., sem teknar hafa verið frá viðskiptabönkum og sparisjóðum og þar með frá því fólki, sem nauðsynlega þarf þessara peninga með, m. a. sem lána til að skapa varanleg verðmæti handa þjóðinni, þar sem íbúðir eru.

Samkvæmt fyrirmælum þessara laga skal taka af þessu fé 310 millj. kr. og lána sem hér segir:

60 millj. kr. skal lána Byggingarsjóði verkamanna handa byggingarfélögum verkamanna. Hjá sjóðnum bíða nú umsóknir frá 200 manns, sem munu eiga lagalegan rétt á 300 þús. kr. láni hver. Væri lánsþörf þeirra fullnægt með þessu.

250 millj. kr. skal lána Byggingarsjóði ríkisins, og mundi það gera húsnæðismálastjórn kleift að hækka lán til allra þeirra, sem hafið hafa byggingarframkvæmdir á tímabilinu frá 31. des. 1958 til 1. okt. 1962, en eigi fullgert íbúðir sínar, upp í 200 þús. kr., ef þeir á annað borð eiga samkvæmt lögum rétt á lánum. Þá er og gert ráð fyrir, að af þessu fé væri hægt að lána þeim, sem byrjað hafa að byggja á sama tíma og fullgert íbúðirnar, allt að 75 þús. kr.

Þá eru og fyrirmæli um að lækka vextina niður í 4% af öllum þessum lánum.

Í öðru lagi:

Það þarf að örva menn til þess að auka íbúðabyggingar að nýju.

Því er lagt til að lækka vextina af lánum Byggingarsjóðs ríkisins framvegis niður í 4%, hækka hámark lána á íbúðabyggingum, sem hafnar eru eftir 1. okt. 1962, upp í 250 þús. kr. og skylda Seðlabankann til að lána Byggingarsjóði ríkisins á árinu 1963 a. m. k. 100 millj. kr., til þess að auðvelda honum að veita þessi lán.

Með þeim ráðstöfunum, sem í þessu frv. felast, er í senn aðstoð veitt þeim húsbyggjendum, sem ráðizt hafa í íbúðabyggingar undanfarin ár í góðri trú og orðið síðan fyrir erfiðleikum, sem ekki voru af þeirra völdum, — og ýtt undir menn að hefja nú íbúðabyggingar að nýju í stærri stíl en verið hefur undanfarin ár.

Hins vegar er þörfin á varanlegri, haldgóðri félagslegri lausn á því stórmáli, sem íbúðabyggingarnar eru, orðin mjög brýn, og það má ekki líða langur tími þar til slík lausn er fundin.

Ed. 16. Frumvarp til laga [16. mál]

um þinglýsingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

I. KAFLI
Þinglýsingardómarar.

1. gr.

Sýslumenn og bæjarfógetar og lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli eru þinglýsingardómarar, hver í sínu umdæmi.

Í Reykjavík er borgarfógeti þinglýsingardómari, en þó færir lögreglustjórinn í Reykjavík þinglýsingabækur um skjöl, er varða skrásettar bifreiðar þar í lögsagnarumdæmi, og er þinglýsingardómari í þeim efnum. Þurfi af þessum sökum að þinglýsa skjali í Reykjavík bæði hjá borgarfógeta og lögreglustjóra, skal þó aðeins greiða þinglýsingargjald þar, sem skjali var fyrr þinglýst, hafi fullt þinglýsingargjald verið tekið þar.

Nú er sérstakur lögreglustjóri í kauptúni, og getur þá dómsmálaráðherra ákveðið, að hann skuli vera þinglýsingardómari að nokkru eða að öllu leyti, eftir atvikum.

2. gr.

Þinglýsingardómari skal ekki greiða úr, hvort skjali skuli þinglýst, ef það veitir honum sjálfum rétt eða leysir hann undan skyldu eða slíku gegnir um ættmenni hans að feðgatali eða niðja eða jafnmægða. Sama er, ef þinglýsingin varðar hann eða greinda venzlamenn hans verulega fjárhagslega. Þó ber dómaranum jafnan að hlutast til um aðgerðir, sem nauðsynlegar eru til að varna réttarspjöllum.

Fulltrúi dómara getur leyst úr þinglýsingamáli, þótt dómara bagi þau atvik, er í 1. málsgr. greinir.

3. gr.

Úrlausn dómara á þinglýsingamáli eftir lögum þessum sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt meginreglum XV. kafla laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Rökstuddar ástæður dómarans fyrir úrlausninni skulu fylgja skjölum máls til Hæstaréttar. Úrlausn skal kærð innan fjögurra vikna frá því, að þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt hún eða tilkynning um úrlausnina var send honum. Dómara er þó kostur á að setja aðila rýmri frest, ef sérstakar ástæður mæla með því.

Nú kærir aðili úrlausn, og skal þá skrá athugasemd um það í þinglýsingabók.

II. KAFLI

Framkvæmd þinglýsinga og aflýsinga.

4. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, skal afhenda þar í umdæmi, sem þinglýsing á fram að fara, sbr. 20., 41., 43. og 47. gr.

5. gr.

Sá, sem beiðist þinglýsingar, skal afhenda dómara skjal í tvíriti, frumriti og samriti eða endurriti. Það eintak, sem dómara er ætlað, skal vera ritað á haldgóðan pappír, sem dómsmálaráðuneytið hefur löggilt í þessu skyni.

Ákveða má í reglugerð, að skjali, sem snertir fleiri eign en eina, skuli fylgja fleiri en eitt samrit eða endurrit, ef það yrði talið hentugt vegna breytingar á vörzlu þinglýsingarskjala.

Ef skjal, sem þinglýsa á, er ritað á erlendu máli, getur dómari krafizt þess, að því fylgi íslenzk þýðing, rituð á löggiltan þinglýsingapappír og gerð af löggiltum skjalaþýðara, sé þess kostur.

6. gr.

Nú er skjal afhent til þinglýsingar í röngu þinglýsingarumdæmi, eða eigi er ótvírætt við hvaða eign skjal á, eða hvert efni þess sé að öðru leyti, eða skjalið skortir undirritun útgefanda og vitundarvotta, eða annarra þeirra, er skjal geta staðfest, sbr. 22. gr., sé þessa þörf, eða skjal er aðeins afhent í einu eintaki, eða samrit eða endurrit er ekki ritað á löggiltan þinglýsingapappír, og skal þá vísa því frá þinglýsingu. Einnig má vísa skjali frá þinglýsingu, ef þinglýsing er bersýnilega óþörf til verndar rétti.

Vísa skal skjali frá þinglýsingu, ef lesmál skjals eða aðrar áletranir eru ógreinilegar eða letri er svo farið, að sérstök hætta er á, að það máist, svo og ef eintökin eru í verulegum atriðum ósamhljóða eða skjalið hefur aðra svo verulega galla, að ekki þykir fært að taka það til þinglýsingar og vörzlu.

Sömuleiðis skal vísa skjali frá þinglýsingu, ef útgefanda þess brestur heimild til eignar á þann veg, er skjalið greinir, sbr. þó 24., 25. og 52. gr., 3. málsgr.

Nú eru í skjali atriði, orðuð eða óorðuð, sem ekki eru í samræmi við efni þinglýsingabóka, en skjalið er þó tækt til þinglýsingar. Skal þá gerð athugasemd um það á skjölin, ef telja verður að ósamræmið geti skipt verulegu máli um rétt þann, sem skjalinu er ætlað að veita. Ef tvö eða fleiri skjöl um sömu eign eru afhent samtímis til þinglýsingar, sbr. 16. gr., og réttindunum, er þau mæla um, lýstur saman, skal og rituð athugasemd á skjölin um það atvik. Sama er, ef aðili, sem aðeins nýtur skilorðsbundinnar heimildar að eign, gefur út skjal án þess að greina skilorðið.

Nú verður skjali ekki þinglýst án athugasemdar, og skal þá þinglýsingabók bera með sér, að skjalinu hafi verið þinglýst með athugasemd.

7. gr.

Þegar þinglýsingardómara er afhent skjal til þinglýsingar, skal hann sannreyna, að eintök skjalsins séu samhljóða. Að því búnu ritar hann á skjalið móttökudag og

stund og merkir eintök skjalsins á sama hátt. Frumritið skal afhent, ef endurrit fylgir, en ella það eintakið, sem stimplað kann að vera. Ef hvorugt er stimplað, afhendir hann það, er honum sýnist.

Þinglýsingardómari skal greiða úr því svo fljótt sem föng eru á og eigi síðar en innan tveggja vikna frá því, er skjal barst til þinglýsingar, hvort það verði fært í þinglýsingabók. Skjal verður ekki afhent þinglýsingarbeiðanda, fyrr en þessari rannsókn er lokið. Sé þinglýsingar synjað, skal þinglýsingarbeiðanda þegar í stað tilkynnt um synjunina og rökstuddar ástæður fyrir henni í ábyrgðarbréfi eða á annan viðlíka tryggilegan hátt.

8. gr.

Þinglýsingardómarar færa þessar bækur:

1. Fasteignabók um skjöl, er varða fasteignir.
2. Skipabók um skjöl, er varða öll skip, sem skráningarskyld eru.
3. Loftfarabók um skjöl, er varða loftför.
4. Bifreiðabók um skjöl, er bifreiðir varða, og
5. Lausafjárbók um öll skjöl, er varða lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld, en skjöl um slík skip má þó einnig færa í skipabók samkvæmt 2. tölulið, ef dómara þykir það hentara.

Bækur þessar skulu allar vera lausblaðabækur, og skal dómsmálaráðuneytið ákveða nánari tilhögun þeirra.

Með heitinu þinglýsingabækur er í lögum þessum átt við bækur þessar, ef ekki er annars getið.

Í bókum þessum skal ætla hverri fasteign, skráningarskyldu skipi, loftfari og bifreið eitt eða fleiri blöð eftir þörfum. Enn fremur skal ætla þeim manni blað í lausafjárbók, sem stofnar til réttinda yfir lausafé, þ. á m. skipi, sem ekki er skráningarskylt. Þegar skjöl eru móttekin til þinglýsingar, skal þeirra getið á blaði hlutaðeigandi fasteignar, skips, loftfars, bifreiðar og réttsala almenns lausafjár, þannig að yfirleitt sé hægt að gefa eignar- og veðbókarvottorð eftir því, sem þar er skráð um fasteign, skip, loftfar og bifreið.

9. gr.

Þinglýsing fer fram með þeim hætti, að meginatriði úr skjali því, sem þinglýsa á, eru færð í þinglýsingabók rétta.

Þá er skjal hefur verið fært í þinglýsingabók, ritar þinglýsingardómari vottorð um þinglýsinguna á eintök skjalsins.

Vikulega skal gera skrá um þinglýst skjöl, og skal hún liggja frammi á skrifstofu þinglýsingardómara fulla viku. Í skrá þessari skal getið, hver sé útgefandi skjals, eigandi þess, tegundar og annars, sem þarf til þess að skjalinu sé lýst nægilega. Dómsmálaráðherra getur ákveðið birtingu slíkra skráa í opinberu blaði. Utan kaupstaða og staða, þar sem sérstakur lögreglustjóri er þinglýsingardómari, skal þinglýsingardómari enn fremur lesa á manntalsþingi ár hvert skrá um skjöl, sem færð hafa verið í þinglýsingabækur síðan síðasta manntalsþing var háð.

10. gr.

Þau eintök þinglýstra skjala, sem þinglýsingardómari heldur eftir, skulu geymd í sérstökum skjalahylkjum, og ákveður dómsmálaráðuneytið gerð þeirra.

Þegar skjali er aflýst, skal nema það úr skjalahylki og leggja það í skjalasafn dómara og síðar til annarra skjalasafna eftir því, sem lög mæla.

Með reglugerð getur dómsmálaráðherra ákveðið þann hátt um geymslu skjala, að hverri eign sé ætlað eitt hylki og séu þar lögð öll skjöl, er þá tilteknu eign varðar, og sé þessi háttur hafður annaðhvort í sumum þinglýsingaumdæmum eða öllum eftir því, sem henta þykir og fé verður til þess veitt.

11. gr.

Ef í einu og sama skjali er stofnað til fleiri réttinda en þeirra, sem skjalinu er aðallega ætlað að veita, skal athygli þinglýsingardómara sérstaklega vakin á því, annaðhvort með áritun á skjalið sjálft eða með undirstrikunum í texta skjalsins, til hvaða réttinda þinglýsingin eigi að taka.

12. gr.

Nú gefur veðhafi samkvæmt veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi eftir veðrétt sinn að nokkru eða öllu leyti (veðbandsleysing) eða hann samþykkir nýja veðsetningu eða tilfærslu á veðrétti sínum (veðleyfi) eða hann gefur einhverjar áþekkar yfirlýsingar vegna veðréttar síns. Verður þá slíkum yfirlýsingum ekki þinglýst, nema sjálft veðbréfið sé afhent með áritun um veðbreytinguna ásamt endurriti af henni, ritaðri á löggiltan skjalapappír, eða veðbréfið sé sýnt þinglýsingardómara um leið og slík yfirlýsing er afhent til þinglýsingar, svo að hann geti gengið úr skugga um, að hennar sé nægilega getið í veðbréfinu sjálfu.

Undanþegnir ákvæði 1. málsgr. eru bankar, sparisjóðir og opinberir aðilar.

13. gr.

Nú er kaupmáli, sem varðar skrásetta bifreið, afhentur til skrásetningar hjá borgarfógetanum í Reykjavík, og skulu þá samrit og endurrit eða tvö endurrit, rituð á þinglýsingapappír, fylgja þeim kaupmála. Þegar slíkur kaupmáli hefur verið skrásettur, skal borgarfógeti senda lögreglustjóranum í Reykjavík samrit eða staðfest endurrit af kaupmálanum og skal lögreglustjóri geta hans í bifreiðabók, en samritið eða endurritið geymir hann í sérstöku skjalahylki fyrir kaupmála. Um greiðslu skrásetningargjalds fer eftir reglum 1. gr., 2. málsgr.

14. gr.

Aflýsing skjals fer fram með þeim hætti, að dregið er strik yfir færslu skjalsins í þinglýsingabók og ber að geta þess, hvenær slík útstrikun fór fram og vitna til þess skjals, er heimilaði aflýsinguna. Útstrikun skal þannig gerð, að eigi séu nein vandkvæði á að lesa það síðar, er áður var skráð. Yfir texta þess eintaks af skjalinu, sem þinglýsingardómari varðveitti, skal draga lóðrétt strik og lokakvittun eða samþykki til aflýsingar rituð á skjalið. Síðan skal rita vottorð um aflýsinguna á bæði eintök skjalsins og geta þess, hvenær hún fór fram og hvar hennar sé getið. Að svo vöxnu skal skila aðila sínu eintaki.

III. KAFLI

Um forgangsáhrif þinglýsingar og grandleysi.

15. gr.

Ekki telst skjal afhent til þinglýsingar, nema dómara séu jafnframt gefnar þær upplýsingar, sem hann óskar eftir, og lögmæt greiðsla sé innt af hendi fyrir meðferð skjalsins.

Nú sendir eða afhendir sami aðili svo mörg skjöl samtímis, að það tæki dómara eða það starfsfólk hans, sem um þinglýsingar fjallar, verulegan hluta af afgreiðslutíma þess dags að kynna sér skjöl þessi, og má þá líta svo á, að þau séu ekki afhent fyrr en í lok afgreiðslutíma þess dags, er þau bárust.

Skjöl, sem berast eftir skrifstofutíma, teljast afhent næsta dag, og eins getur dómsmálaráðuneytið ákveðið í reglugerð, að skjöl, sem ekki berast fyrr en ein klukkustund er eftir af skrifstofutíma, skuli einnig teljast afhent næsta dag.

16. gr.

Skjali er þinglýst, þegar það hefur verið fært í þinglýsingabók, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast frá því, að skjal er afhent til þinglýsingar, sbr. þó 15. gr., 2. og

3. mgr., enda sé skjalið tækt til þinglýsingar. Nú eru tvö skjöl eða fleiri, sem ekki geta samrýmzt, afhent samtímis til þinglýsingar, og eru þau þá jafnstæð að þinglýsingargildi. Þó ganga aðfarargerðir og kyrrsetningar fyrir rétti, sem stafar af öðrum atvikum. Ef skjöl um tvær aðfarargerðir (kyrrsetningargerðir) eða fleiri eru afhent samtímis, er hin elzta þeirra rétthæst. Nú afhendir eigandi öðrum manni eign sína og hefur áskilið sér jafnframt réttindi yfir eigninni, svo sem veðrétt eða forkaupsrétt, og gengur þá sá réttur fyrir réttindum, sem yngri eigandinn kann að stofna til handa öðrum mönnum, ef heimildarskjal yngra eigandans ber með sér áskilnaðinn um rétt eldra eigandans og skjalið, sem gefur þetta til kynna, er afhent í síðasta lagi samtímis skjali því, sem heitir viðsemjanda yngra eigandans réttindum.

Um rétthæð fjárnáms gagnvart kyrrsetningu fer eftir reglum 19. gr. laga nr. 18/1949.

17. gr.

Nú telur þinglýsingardómari sig ekki geta ákveðið, hvaða gjald eða gjöld eigi að taka fyrir skjal, sem afhent hefur verið til þinglýsingar, án samráða við fjármálaráðuneytið. Skal hann þá færa skjalið til bráðabirgða í þinglýsingabók og geta þess, að færslan sé eigi endanleg. Jafnskjótt og svar ráðuneytisins hefur borizt dómara, tilkynnir hann þeim, er skjalið afhenti, með tryggilegum hætti um úrlausn ráðuneytisins um gjöld. Ef gjöldin eru greidd samkvæmt þessu innan tveggja vikna frá því, að tilkynning var send aðila, skal dómari bóka í þinglýsingabók, að færslan sé endanleg, enda teljast forgangsáhrif þinglýsingar þá frá því, er skjal var afhent til þinglýsingar. Að öðrum kosti dregur dómari strik yfir færslu skjals í þinglýsingabók, og falla þá brott áhrif þinglýsingarinnar.

18. gr.

Nú er efni skjals fært ranglega í þinglýsingabók, láðst hefur að færa skjalið í þinglýsingabók innan frests þess, er greinir í 7. gr., 2. málsgr., eða skjal, sem samrýmist ekki öðru skjali, er fyrr barst til þinglýsingar, er fært í þinglýsingabók á undan því. Er þá kostur að kveða svo á með dómi, að réttur sá, er skjal þetta veitir, skuli víkja fyrir rétti, sem síðar er þinglýst og styðst við samning, enda sé rétthafi grandlaus um þessi atvik. Skilyrði þessa eru:

a. að yngra rétthafanum væri bakað óverðskuldað tjón, ef hann hlyti að þoka, og
b. að tjónið yrði þeim rétthafa, ef hann þyrfti að vægja, miklum mun bagalegra en hinum eldra eða leiða myndi til verulegra raskana á síðar þinglýstum réttindum, ef réttur sá, er mistök urðu um, gengi fyrir.

19. gr.

Með grandleysi er í lögum þessum átt við það, að rétthafi eftir samningi eða löggerningi hvorki þekki eða ætti að þekkja hin óþinglýstu réttindi.

IV. KAFLI

Þinglýsing, er varðar fasteignir.

1. Skilyrði þess, að skjali verði þinglýst.

a. Efni þess og form.

20. gr.

Skjali, sem snertir fasteign, skal þinglýsa í umdæmi því, sem eignin er í.

21. gr.

Afsali verður ekki þinglýst sem eignarheimild, ef það er háð öðrum skilyrðum um yfirfærslu eignarréttar en greiðslu kaupverðs innan tiltekins frests.

22. gr.

Afsali eða veðbréfi, sem ekki er útgefið af stjórnvöldum eða öðrum opinberum aðilum, verður ekki þinglýst, nema undirskriftin sé staðfest af notario publico, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða fulltrúum þeirra, löggiltum fasteignasala, eða tveimur vitundarvottum. Það skal skýlaust tekið fram, að útgefandi hafi ritað nafn sitt eða kannast við undirskrift sína í viðurvist þess eða þeirra, er undirskriftina staðfesta, svo og að hann hafi verið fjárráða, er hann ritaði nafn sitt. Vitundarvottar skulu geta stöðu sinnar og heimilisfangs.

Ritun undir samþykki samkvæmt 24. gr. skal staðfesta með hliðstæðum hætti.

23. gr.

Skjal, sem þinglýsa á, má vera bundið skilorði, en efni þess skal vera endanlega ákveðið. Tryggingarbréfum má samt þinglýsa, þótt eingöngu sé greind hámarksfjárhæð skuldar, er bréf á að tryggja.

b. Um þinglýsta heimild að réttindum.

24. gr.

Nú hvílir skjal á löggerningi, og verður það þá eigi fært í fasteignabók, ef útgefanda þess brestur þinglýsta heimild til að ráðstafa eign þann veg, er í skjali greinir, eða hann skortir skriflegt samþykki þess, er slíkrar heimildar nýtur, sbr. þó 52. gr., 3. málsgr.

Aðfarargerð og kyrrsetningargerð í eign verður samt þinglýst, þótt gerðarþola skorti þinglýsta heimild til eignarinnar. Afsal, er stafar frá nauðungaruppboði, verður og fært í fasteignabók, þótt grundvöllur uppboðs sé veðréttur, er stofnaður var með löggerningi af þeim, sem ekki hafði eða hefur þinglýsta heimild eða eins var ástatt um þann, er aðför var gerð hjá.

Skiptaafsali fyrir eign verður ekki þinglýst, ef sá, er afsalið tjáir hafa átt eignina, er ekki þinglýstur eigandi hennar, en þetta gildir þó ekki um skiptaafsal samkvæmt nauðungaruppboði.

Dómi um réttindi til fasteignar verður ekki þinglýst, nema hann bindi þann, er nýtur þinglýstrar heimildar að eign, enda mæli lög ekki öðrum orðum.

25. gr.

Þinglýsta eignarheimild hefur sá, er þinglýsingabók nefnir eiganda á hverjum tíma. Sama er um þann, er færir sönnur á, að eignarréttur hafi flutzt til sín vegna andláts eiganda. Um þinglýsta heimild að öðrum réttindum gilda hliðstæðar reglur.

Nú skipta erfingjar búi einkaskiptum og þinglýsa skiptagjörð eða yfirlýsingu um, að fasteign hafi orðið eign þeirra eða einhvers þeirra, og er það nægileg eignarheimild fyrir þá, sbr. þó 3. málsgr. 24. gr. Ef maki situr í óskiptu búi, er nægilegt að þinglýsa leyfi skiptaráðanda til búsetu.

Nú er eign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhöfum, og skal þá uppboðsráðandi gera ráðstafanir til þess, að um það sé getið á blaði fasteignar í fasteignabók. Hliðstæð skylda hvílir á skiptaráðanda við upphaf gjaldþrotaskipta og opinberra skipta á búi og við upphaf nauðasamninga. Fyrir færslu slíkra tilkynninga skal ekki greiða þinglýsingargjald.

26. gr.

Sá, sem hefur þinglýsta eignarheimild að eign, nýtur einnig slíkrar heimildar að einstökum hlutum hennar, þ. á m. byggingum, sem reistar hafa verið eða reistar verða á eigninni, nema fasteignabók nefni annan rétthafa.

Nú er þinglýst gögnum, er veita öðrum eignarrétt að byggingu en lóðareiganda, og skal þá ætla byggingu sérstakt blað í fasteignabók.

Erfðafesturétti og öðrum varanlegum afnotarétti skal velja sérstakt blað í fasteignabók. Sá, sem nýtur heimildar að slíkum rétti, telst einnig hafa heimild að byggingum, sem standa á landi því, er leiguréttur tekur til, nema annars sé getið.

2. Leiðrétting á röngum færslum. Bráðabirgðavernd réttinda.

27. gr.

Nú verður dómari þess áskynja, að færsla í fasteignabók er röng eða mistök hafa orðið um þinglýsinguna ella, og skal hann þá bæta úr. Ef ætla má, að tilteknir aðilar hafi hlotið rangar upplýsingar um eign sakir mistakanna, skal dómarinn skýra þeim frá málavöxtum, ef gerlegt er, í ábyrgðarbréfi eða með jafntryggilegum hætti.

Nú staðhæfir maður, að færsla í fasteignabók sé efnislega röng og horfi sér til réttarspjalla, og er honum þá kostur að fá þinglýst kröfu sinni um leiðréttingu, ef hann færir veigamikil rök fyrir staðhæfingu sinni, að mati dómara, eða setur tryggingu eftir því, sem dómari kveður á um. Ef hann færir ekki sönnur fyrir staðhæfingu sinni innan frests, sem dómari setur honum, skal athugasemdin strikuð út í fasteignabókinni.

28. gr.

Ef mál, sem varðar réttindi yfir fasteign, er sótt fyrir dómstóli, getur dómurinn ákveðið með úrskurði, að stefnunni eða útdrætti úr henni megi þinglýsa. Nú synjar dómari þessa, og má þá kæra þá úrlausn til Hæstaréttar samkv. reglum XV. kafla laga nr. 85/1936.

Nú er málið hafið, eða dómur gengur sóknaraðila eigi í vil um heimt eða viðurkenningu réttinda yfir fasteigninni. Skal þá strika út athugasemd um stefnu í fasteignabókinni að beiðni varnaraðila eða annarra, er hagsmuna hafa að gæta, þá er mál hefur verið hafið, áfrýjunarfresti lýkur án áfrýjunar eða dómur æðsta dómstigs hefur gengið um málið.

3. Hvaða réttindi séu háð þinglýsingu og að hverju marki.

29. gr.

Réttindum yfir fasteign skal þinglýsa, til þess að þau haldi gildi gegn þeim, er reisa rétt sinn á samningum um eignina og gegn skuldheimtumönnum eiganda eða annars rétthafa að eign.

Samningur eða réttargerð, er skuldheimtumenn byggja á, fá ekki hrundið eldri óþinglýstum rétti, sem háður er þinglýsingu, nema gögnum þessum sé þinglýst sjálfum, ef þinglýsingar er þörf, enda sé rétthafi eftir samningi grandlaus um rétt þann, er hrinda á.

30. gr.

Nú er veðbréfi þinglýst, og þarf þá ekki að þinglýsa framsali veðbréfs eða gerningi (gerð), sem varðar annars konar yfirfærslu á réttindum að því. Sama er um veðsetningu veðbréfs, þegar til hennar er stofnað með því að setja bréfið að handveði.

31. gr.

Stofnun afnotaréttar og framsal á afnotarétti er ekki háð þinglýsingu:

1. Ef afnotatími er 12 mánuðir hið lengsta eða fært er að segja upp samningi með fyrirvara, sem eigi sé lengri en 3 mánuðir, miðað við almennan fardag, enda varði samningur íbúðarhúsnæði.
2. Ef afnotatími er eigi lengri en 2 ár eða heimilt er að segja upp samningi með fyrirvara, er eigi sé lengri en 6 mánuðir, enda varði samningur atvinnuhúsnæði.

Afnotasamningar, er lúta ákvæðum lagasetningarinnar um ábúð jarða, eru ekki háðir þinglýsingu.

Fyrirframgreiðsla á leigu fyrir lengri tíma en eitt ár og lækkun á leigu frá því, er segir í þinglýstum samningi, eru háð þinglýsingu, enda sé þessara atvika ekki sérstaklega getið í þinglýstum samningi.

32. gr.

Réttarvernd lögveðréttinda er ekki háð þinglýsingu, nema lög skilji annað til. Réttarvernd eignarnámsgerða er hins vegar háð þinglýsingu. Sama er um réttindi, sem fengin eru fyrir hefð.

4. Réttaráhrif þinglýsingar.

a. Gildi þinglýstra gerninga. (Gildisáhrif þinglýsingar).

33. gr.

Sá, er hlýtur réttindi með samningi við þinglýstan eiganda að eign, þarf ekki að sæta þeirri mótbáru, að heimildarbréf fyrirrennara hans sé ógilt, ef hann er grandlaus um ógildisatvikið, er hann öðlaðist réttindin.

Mótbára, er lýtur að því, að skjal samkvæmt 1. málsgrein sé falsað eða fengið með beitingu slíkrar nauðungar, er í 28. gr. laga nr. 7/1936 greinir, glatast þó ekki. Sama er um þá mótbáru, að skjal sé ógilt vegna lögræðisskorts útgefanda fyrir æsku.

Nú er þinglýst skjali, sem ógilt er að lögum. Ef annmarkinn eyðist síðar, er ekki þörf nýrrar þinglýsingar, en forgangsáhrif þinglýsingar teljast þá frá því, að annmarkanum létti.

b. Heimildaráhrif þinglýsingar.

34. gr.

Leiga, afgjöld og aðrar greiðslur verða inntar til þeirra, sem heimild hafa eftir þinglýsingabók til að veita þeim móttöku, svo að bindandi sé, enda sé greiðandi grandlaus um, að viðtökuheimild hafi síðar horfið á hönd öðrum manni. Hliðstæðu gegnir um uppsagnir og svipaðar aðgerðir.

Um afborgun af veðskuldabréfi og aðgerðir út af því fer samkvæmt sérreglum um viðskiptabréf.

5. Brottfall þinglýsingar.

a. Tímabundið gildi þinglýsingar.

35. gr.

Nú er þinglýst hafti eða kvöð á eign, og er þeim ekki ætlað að vera ævarandi. Falla þá brott þau áhrif, er greinir í 16. gr., þegar liðin eru 30 ár frá því, að haftinu var þinglýst, enda sé því ekki þinglýst að nýju, áður en frestur þessi er úti, sbr. þó 36. og 37. gr.

Þinglýsing áritunar á áður þinglýst skjal slítur ekki fresti þeim, er greinir í 1. málsgr., ef áritunin felur ekki í sér sérstaka viðurkenningu á tilvist haftsins. Í hækkun á fjárhæð veðbréfs telst fólgin slík viðurkenning.

36. gr.

Ef skjal tekur til ákveðið tímabil, sem því er ætlað að gilda um, eða er bundið við lífstíð rétthafa, eiga ákvæði 35. gr. ekki við.

Nú er lágmarkstími um gildi skjals nefndur, og falla þá réttaráhrif þinglýsingar aldrei brott, fyrr en þremur árum eftir lok þess tíma.

Um veðbréf eyðast áhrif þinglýsingar ekki fyrr en fimm ár hið skemmsta eru liðin frá þeim degi, er skuldin átti að vera greidd að fullu samkvæmt ákvæðum bréfsins eða skuldin gat fyrst orðið eindöguð fyrir uppsögn af hendi kröfuhafa, en gæta verður þó ávallt ákvæða 1. málsgr. 35. gr.

37. gr.

Áhrif þinglýsingar á veðrétt, er stofnast fyrir fjárnám, lögtak eða svipaðar réttargerðir, falla ekki brott, fyrr en full fimm ár eru liðin frá því, að réttargerðinni var þinglýst. Áhrif þinglýsingar um kyrrsetningargerð og lögbanns eyðast tveimur árum eftir að réttargerðinni eða dómsúrlausn um gildi hennar var þinglýst.

Ákvæði 1. málsgr. koma ekki til greina, ef þinglýst er tilkynningu frá rétthafa, áður en frestur er úti um, að haftið sé eigi niður fallið. Frá þeirri tilkynningu eða nýrri þinglýsingu hefjast nýir frestir, jafnlangir hinum fyrsta, frá síðustu þinglýsingu á undan að telja.

38. gr.

Dómari fylgist með því eftir föngum, hvort réttaráhrif tiltekinnar þinglýsingar séu fallin brott, og ber honum að má haftið úr fasteignabók, ef því er að skipta, að eigin frumkvæði. Sama máli gegnir, ef rétti er bersýnilega lokið. Dómari skal þó jafnan senda rétthafa sérstaka tilkynningu um væntanlega afmáningu, svo að rétthafa sé kostur að varna því, að áhrif þinglýsingar eyðist.

Nú eru horfur á, að eignarhafti, sem þinglýst hefir verið fyrir tuttugu árum hið skemmsta, sé lokið, og getur þá dómari að beiðni eiganda gefið út áskorun, sem birta skal þrisvar sinnum í Lögbirtingablaðinu, til væntanlegra rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar. Ef gerlegt er, skal sérstök tilkynning send í ábyrgðarbréfi þeim, er fasteignabók nefnir rétthafa. Gefi enginn sig fram, skal afmá eignarhaftið.

Nú er eignarhaft máð ranglega, og skal þá beita reglum 18. gr. eftir því sem við á.

Ef miða skal frest eftir 35.—37. gr. við þinglýsingu skjals, skal miða við færsludag í þinglýsingabók.

b. Aflýsingar.

39. gr.

Eignarhafti skal aflýsa, þegar þinglýst er sönnun fyrir brottfalli þess eða skjal er afhent með yfirlýsingu rétthafa um að því megi aflýsa.

Veðskuldabréfi eða tryggingarbréfi verður þó ekki aflýst, nema kvittun eða samþykki til aflýsingar sé ritað á bréfið sjálft.

Þegar þinglýst skjal hefur verið ógilt með dómi, má þó aflýsa því, ef lagt er fram endurrit af dóminum með áritaðri beiðni dómhafa um aflýsingu.

Nú er veðsett fasteign seld á nauðungaruppboði eða lögð út veðhafa til eignar, án þess að síðari veðhafar hafi fengið greiðslu úr fjárhæð þeirri, er fasteignin var seld eða lögð út fyrir, og skal þá má úr þinglýsingabók slík veðréttindi, þegar þinglýst er uppboðsafsali eða útlagningu, sem ber það með sér, að þau séu niður fallin. Til þess að slík veðskjöl verði máð úr þinglýsingabók, þarf ekki að afhenda þau, en geta skal þinglýsingardómari þess með áritun á það eintak skjalsins, er hann varðveitti, hvers vegna það hafi verið afmáð.

Ef sönnur þær, sem aflýsingarbeiðandi ber fyrir sig, eru ekki metnar fullnægjandi, skal synja um aflýsingu.

V. KAFLI

Þinglýsing um skip, 5 smálestir og stærri, og skrásett loftför.

40. gr.

Stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skipi, sem er 5 smálestir eða stærra, eða hluta slíks skips, lýtur reglunum um fasteignir, eftir því sem við verður komið. Hliðstæðar reglur gilda um skrásett loftför.

Nú er rétthöfum í fasteign veitt sérstakt hagræði í lögum við heimt krafna sinna, og njóta þá slíkir rétthafar í eignum þeim, er 1. málsgr. tekur til, hliðsetts hagræðis.

41. gr.

Þinglýsing skjala, er varða skip 5 smálestir eða stærra, svo og skrásett loftfar, skal fara fram þar í umdæmi, sem skipið eða loftfarið er skráð. 10. og 11. gr. siglingalaganna nr. 56/1914 halda þó gildi sínu eftir því sem við á.

42. gr.

Til nafnbreytingar og flutnings á skrásettu skipi, 30 smálesta eða stærra, þarf samþykki þeirra, sem eiga þinglýst réttindi yfir því. Sama gildir um skrásett loftför. Nafnbreytingu og flutning skips frá 5 allt að 30 smálestum skal dómari tilkynna óbeinum rétthöfum í skipinu, ef þeir eru kunnir. Tilkynningu um flutning annast dómari í þinglýsingaumdæmi því, sem skip er flutt úr.

Nú er skrásett flugfar eða skip, er þessi kafli laganna tekur til, flutt á milli umdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda dómara í umdæmi því, sem flytja á í, staðfest endurrit af öllum þinglýstum skjölum, sem í gildi eru um skipið eða loftfarið, og enn fremur eignar- og veðbókarvottorð. Ber dómaranum í hinu nýja umdæmi að færa skjölin í skipabók sína eða loftfarabók innan frests þess, er greinir í 7. gr., 2. málsgr.

Fyrir þinglýsingu samkvæmt 2. málsgr. greiðist ekkert gjald.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips eða loftfars milli umdæma, sbr. 35.—37. gr.

VI. KAFLI

Þinglýsing um skráningarskyld skip, sbr. lög nr. 17/1948, minni en 5 smálestir, og skrásettar bifreiðar.

43. gr.

Skjali, er varðar skrásett, skráningarskylt skip minna en 5 smálestir, svo og skrásetta bifreið, skal þinglýst þar, sem skipið eða bifreiðin er skráð.

Eignarheimild fyrir skráningarskyldu skipi, sem er innan við 5 smálestir, og eignarheimild fyrir bifreið þarf ekki að þinglýsa, heldur skal eignarheimild sú, sem greind er í skipaskrá eða bifreiðaskrá, talin nægur grundvöllur undir þinglýsingu skjala frá þeim, er þar eru skráðir eigendur. Ef útgefandi skjals er ekki skráður eigandi, skal vísa skjali frá þinglýsingu, nema fyrir liggi skriflegt samþykki hins skráða eiganda með staðfestri undirritun hans að hætti 22. gr.

Hvers konar eignarhafti í skráningarskyldu skipi og bifreið skal þinglýsa til þess, að það hafi gildi gagnvart þeim, sem í grandleysi gera samning við eigendur þeirra, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Veðbréf í eignum þessum skulu afhent til þinglýsingar með sama fresti og greinir í 1. málsgr. 48. gr., og skal undirskrift og lögræði útgefanda svo og rétt dagsetning staðfest að hætti 22. gr.

44. gr.

Veðbréf í skráningarskyldu skipi minna en 5 smálestir og í bifreið skal máð úr þinglýsingabók, þegar liðin eru 15 ár frá þinglýsingu bréfsins, enda hafi dómaranum ekki borizt tilkynning til þinglýsingar innan þessa frests um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

45. gr.

Nú er skráð skráningarskylt skip innan 5 smálesta eða skrásett bifreið flutt á milli skráningarumdæma. Skal þá þinglýsingardómari senda skráningarvaldsmanni í umdæmi því, sem flytja á í, staðfest endurrit af þeim þinglýstu skjölum, sem í

gildi eru um eignir þessar, og staðfest endurrit af eignarheimild svo og eignar- og veðbókarvottorð. Ber dómaranum í hinu nýja umdæmi að færa skjölin í bækur réttar.

Réttaráhrif þinglýsingar rofna ekki fyrir flutning skips eða bifreiðar, sbr. 35.—37. gr.

Dómari í skráningarumdæminu fyrra sendir óbeinum rétthöfum, ef þeir eru kunnir, tilkynningu um flutning skips eða bifreiðar milli umdæma.

46. gr.

Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda um eignir þær, sem þessi kafli fjallar um, 21.—23. gr., 25. gr. og, eftir því sem við á, ákvæði 27.—28. gr. og 29. gr., 2. málsgr. og 30.—39. gr. (sbr. þó 44. gr.).

VII. KAFLI

Þinglýsing, er varðar lausafé almennt, þ. á m. skip, sem ekki eru skráningarskyld, svo og skip og bifreiðar, sem ekki hafa verið skrásett.

47. gr.

Skjali, sem varðar lausafé, þ. á m. skip, sem ekki er skráningarskylt, skal þinglýsa á heimavarnarþingi eiganda þeirra eigna, sem haft er fellt á, eða þess, er hlíta verður takmörkun á rétti. Eigi hann ekki varnarþing hérlendis, má þinglýsa skjalinu í Reykjavík.

Nú er skrásett firma eða félag eigandi muna, og skal þá þinglýsa skjali, er þá varðar, í því þinglýsingaumdæmi, sem þau eru skrásett. Ef önnur félög eru eigendur muna, skal þinglýsa skjali á varnarþingi formanns félagsstjórnar. Ef um sérstaka sameign er að ræða, skal þinglýsa skjali á varnarþingi þess, sem er í fyrirsvari fyrir sameigninni, ella á varnarþingi allra sameigenda.

Nú flytur eigandi úr þinglýsingaumdæmi eða eigendaskipti verða að eign, og má þá þinglýsing fara fram að nýju, en hún er ekki nauðsynleg.

Af ákvæðum IV. kafla laga þessara gilda 22.—23. gr., 29. gr., 2. málsgr. og 30.—39. gr. (sbr. þó 48. gr.) eftir því, sem við á.

48. gr.

Veðbréf, sem veitir sjálfsvörzluveð í lausafé, þ. á m. skipi, sem ekki er skráningarskylt, skal afhent dómara til þinglýsingar innan þriggja vikna frá því að það var gefið út, ef í kaupstað er eða þinghá, þar sem dómari sá, er fjalla á um þinglýsinguna, hefur skrifstofu, ella innan fjögurra vikna. Auk staðfestingar á undirritun og lögræði útgefanda að hætti 22. gr. skal einnig votta, að dagsetningin sé rétt.

Þinglýsing er forsenda þess, að veðbréf haldi gildi gagnvart rétthöfum samkvæmt samningum, sem gerðir eru í grandleysi við eiganda veðsins um veðsetta lausafjármuni, og gagnvart skuldheimtumönnum.

Ef þinglýsing fer ekki fram innan frests þess, er grein þessi tekur til, hefur veðbréfið ekki gildi gagnvart aðiljum þeim, sem getur í 2. málsgrein.

Veðbréf, sem veitir sjálfsvörzluveð í tilteknum lausafjármunum, skal máð úr þinglýsingabók, þegar tíu ár eru liðin frá þinglýsingu bréfsins, hafi dómara ekki innan þessa frests borizt tilkynning til þinglýsingar um, að bréfið sé enn í gildi. Að öðru leyti gilda ákvæði 36. og 37. gr.

Réttaráhrif þinglýsingar á veðsetningu viðskiptabréfs gagnvart grandlausum framsalshöfum að bréfinu er háð áritun á bréfið sjálft um veðsetninguna.

VIII. KAFLI
Bótaákvæði.

49. gr.

Nú hlýtur maður tjón, sem telja verður sennilega afleiðingu af mistökum þinglýsingadómara, en bótakrefjandi á sjálfur ekki sök á því, og á hann þá rétt á bótum úr ríkissjóði, ef tjónið stafar af því:

a. að hann hefur treyst þinglýsingarvottorði dómara, sbr. 9. gr., eða vottorði dómara um efni þinglýsingabóka (veðbókarvottorði), enda sé aðili grandlaus.
b. að skjali, sem borizt hefur til þinglýsingar, hefur ekki verið þinglýst, eða þinglýst of seint.
c. að skjal verður að þoka fyrir síðar þinglýstu skjali samkvæmt 18. gr.
d. að heimildarskjali, sem greint er í 2. málsgr. 33. gr., er þinglýst og aðili hefur gert samning um fasteign, skrásett loftfar og skip, 5 smálestir eða stærra, í trausti þess, að skjalið væri gilt.

50. gr.

Mál til bóta eftir 49. gr. skal höfða á hendur ríkissjóði innan 6 mánaða frá því að aðila varð kunnugt eða gat orðið kunnugt um tjón sitt. Bætur samkvæmt þessari grein geta aldrei farið fram úr kr. 100 000.00, að því er hvert einstakt bótamál varðar.

IX. KAFLI
Gildistaka o. fl.

51. gr.

Nú fer maður með eignarumráð að tiltekinni eign við gildistöku laga þessara, en þinglýstri eignarheimild hans er nokkuð áfátt. Er honum þá rétt að snúa sér til þinglýsingardómara á varnarþingi eignar með yfirlýsingu um, að hann sé eigandi eignarinnar. Skilyrði þess, að hann fái óskoraða eignarheimild á grundvelli yfirlýsingarinnar eru þessi:

a. að hann hafi í höndum heimildarskjal, sem áfátt er og þinglýst hefur verið a. m. k. 5 árum áður en heimildar þessarar er neytt eða
b. hafi í höndum heimildarskjal frá manni, sem fengið hefur slíku skjali þinglýst fyrir 5 árum hið skemmsta.

Nú telur dómari, að skilyrðum þessum sé fullnægt, og gefur hann þá út áskorun til rétthafa um að halda fram rétti sínum innan fjögurra mánaða frá síðustu birtingu áskorunar, að viðlögðum réttarmissi. Áskorun þessi skal birt þrisvar í Lögbirtingablaðinu á kostnað beiðanda. Ef enginn gefur sig fram innan frests þessa, skráir þinglýsingardómari athugasemd í þinglýsingabók um, að eignarheimild sé ekki áfátt.

Nú brestur mann þinglýsta eignarheimild og jafnframt skilríki fyrir réttindum sínum, og skal þá með farið samkv. 220. gr. laga nr. 85/1936, ef réttindin varða þar greind verðmæti eða skrásett loftför.

52. gr.

Nú er stofnað að fullu fyrir gildistöku laganna til réttinda yfir fasteign, skráningarskyldu skipi, skrásettri bifreið eða loftfari og hefðu réttindin haldið gildi sínu gagnvart þriðja manni án þinglýsingar eftir eldra rétti, og eru þau þá gild með sama hætti til 1. janúar 1966.

Reglum 22. og 24. gr., sbr. 43. og 48. gr. laganna verður ekki beitt um skjöl, sem gefin eru út fyrir gildistöku þeirra.

Nú er húseign án þinglýstra lóðarréttinda vegna þess, að af sérstökum ástæðum vill lóðareigandi ekki gera tímabundinn afnota- eða leigusamning um lóðina, og

skal þá ákvæðum 1. og 3. málsgr. 24. gr. laganna ekki beitt um skjöl, sem slíkar húseignir varða. 51. gr. laganna tekur ekki til slíkra eigna.

1. málsgr. 33. gr. og d-liður 49. gr. taka aðeins til skjala, sem þinglýst er eftir gildistöku laga þessara og ekki gilda sérstakar undantekningar um.

53. gr.

Skjöl, sem þinglýst er fyrir 1. jan. 1935, skal ekki má úr þinglýsingabók eftir 35. gr., sbr. 38. gr., fyrir 1. jan. 1966.

Skjöl þau, er greinir í 37. gr., 44. gr. og 48. gr. og þinglýst er fyrir gildistöku laganna skulu ekki máð úr þinglýsingabók fyrir 1. jan. 1970.

Á næstu 5 árum eftir gildistöku laganna skulu þinglýsingardómarar rannsaka grandgæfilega þinglýsingabækur til úrlausnar um réttindi, sem kunna að hafa glatað gildi sínu. Um réttindi, sem bersýnilega eru fallin brott, fer samkv. 38. gr., 1. málsgr. Ef vafi er um gildi einstakra réttinda, ber dómara að leita upplýsinga hjá réttum aðilum. Honum er og kostur að beita ákvæðum 2. málsgr. 38. gr. eftir því, sem við á.

Þinglýsingabækur þær, sem færðar eru við gildistöku laganna, skal nota, unz dómsmálaráðuneytið skipar fyrir um nýjar bækur. Þegar nýjar þinglýsingabækur eru teknar í notkun, skal ekki færa í þær réttindi, sem bersýnilega eru niður fallin.

54. gr.

Dómsmálaráðuneytið setur í reglugerð ákvæði um framkvæmd laga þessara, m. a. um þinglýsingapappír, útlit skjala og efni, endurrit skjala, um geymslu skjala, fyrirkomulag þinglýsingabóka og færslu þeirra, um þinglýsingavottorð, og að hverju marki almenningi sé kostur að kynna sér efni þinglýsingabóka. Enn fremur skal kveða nánar á um birtingu skjala, sem sætt hafa færslu í þinglýsingabækur.

55. gr.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög um þinglýsing skjala og aflýsing nr. 30 7. maí 1928, 7. gr. veðlaga nr. 18 4. nóv. 1887, lög nr. 64 4. júlí 1942, 3. málsgr. 3. gr. laga nr. 98 23. des. 1961, lög nr. 11 25. febr. 1957, lög nr. 65 13. marz 1957 og 5.—9. gr. siglingalaga nr. 56 30. nóv. 1914.

56. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af þeim prófessor Ármanni Snævarr háskólarektor og Ólafi A. Pálssyni fulltrúa borgarfógetans í Reykjavík. Frumvarpið ásamt ýtarlegum athugasemdum var lagt fram á Alþingi 1958—1959. Frumvarpið er nú flutt á ný nær óbreytt. Breytt hefur verið orðalagi í upphafi 2. málsgr. 6. gr. frumvarpsins, fellt niður orðið „(útlagning)“ í 2. mgr. 24. gr. og breytt ártölum í 1. mgr. 52. gr. og 1. og 2. mgr. 53. gr.

Ed. 17. Frumvarp til laga [17. mál]

um breyting á lögum nr. 116 30. des. 1943, um ættaróðal og erfðaábúð.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

3. málsgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Yfirlýsingu um, að jörð sé gerð að ættaróðali, skal þinglýsa. Í yfirlýsingu skal sérstaklega getið fylgifjár, sem jörð er lagt til eftir 2. gr.

2. gr.

Lokaorð 30. gr. laganna orðist svo:
Gerningur þessi er háður þinglýsingu.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Er lagt til, að orðalagi á tveimur greinum í lögum um ættaróðal og erfðaábúð sé breytt til samræmis við reglur þær, er felast í greindu frv. til laga um þinglýsingar.

Ed. 18. Frumvarp til laga [18. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. júní 1924, um nauðasamninga.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

37. gr. 1. málsgr. 2. málsliður laganna orðist svo:
Yfirlýsing skiptaréttar um upphaf nauðasamninga skal einnig þinglýsa á varnarþingi fasteignar, skrásetts skips, bifreiðar eða loftfars, og hennar skal getið á verzlanaskrá, ef beiðandi á þessi verðmæti eða rekur atvinnu, sem getið er eða geta ber í verzlanaskrá.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til l. um þinglýsingar. Í því frv. er gert ráð fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð þinglýsingu, þ. á m. við ýmiss konar aðgerðir skuldheimtumanna, sbr. V. og VI. kafla frv. Þykir því rétt að leggja til, að 37. gr. laga nr. 19/1924 sé breytt til samræmis við þær reglur, er felast í frv. til þinglýsingarlaga.

Ed. 19. Frumvarp til laga [19. mál]

um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1941, um landskipti.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein svofelld:
Skiptagerðum samkvæmt lögunum skal þinglýsa.

2. gr.

Úr 2. málsgr. 16. gr. falla brott orðin:
Skiptagerð þessari skal þinglýsa.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til l. um þinglýsingar. Felst í því sú breyting ein, að skiptagerðir eftir landskiptalögunum séu yfirleitt háðar þinglýsingu, en gleggra þykir að haga orðalagi svo, sem hér er lagt til, heldur en er eftir lögunum, eins og þau eru nú.

Ed. 20. Frumvarp til laga [20. mál]

um breyting á lögum nr. 18 22. marz 1949, um kyrrsetningu og lögbann.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

18. gr. 2. málsl. laganna orðist svo:

Þó vinnur grandlaus þriðji maður rétt yfir fasteign, skrásettu skáningarskyldu skipi, skrásettu loftfari og bifreið, nema kyrrsetningin hafi verið þinglýst, og yfir viðskiptabréfum, nema athugasemd um kyrrsetninguna hafi verið á þau skráð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Hér er lagt til, að lögum um kyrrsetningu og lögbann verði breytt til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu.

Ed. 21. Frumvarp til laga [21. mál]

um breyting á lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

1. gr.

11. gr. 3. málsgr. 2. málsl. laganna orðist svo:

Ef sá, sem sviptur er fjárræði, á fasteign, skrásett skip, bifreið eða loftfar, eða hann rekur atvinnu, sem geta ber eða er getið í verzlanaskrá, þá skal skrá athugasemd um úrskurðinn eftir atvikum á varnarþingi fasteignar, skips, bifreiðar eða loftfars og í verzlanaskrá. Enn fremur skal skrá athugasemd um úrskurðinn á viðskiptabréf, sem eru í eigu hins lögræðissvipta manns.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar, og er efni þessa frv. að færa ákvæði laga um lögræði til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu. Aðalbreytingin er fólgin í því, að lagt er til, að greind verði í 11. gr. bæði bifreiðar og loftför, þannig að skrá skuli úrskurð á varnarþingi loftfars og bifreiðar, ef hinn fjárræðissvipti er skráður eigandi slíkra verðmæta. Þótt efnisbreytingin í 11. gr. 3. málsgr. laga 95/1947 sé tiltölulega lítil, hefur þótt gleggra að taka málsgreinina alla upp í 1. gr. frv. þessa.

Ed. 22. Frumvarp til laga [22. mál]

um breyting á lögum nr. 19 4. nóv. 1887, um aðför.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

46. gr. 2. málsgr. laganna orðist svo: Réttur samkvæmt fjárnámsgerð í fasteign, skráningarskyldu skipi, skrásettum bifreiðum og loftförum er háður þinglýsingu samkvæmt lögum um þinglýsingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í því frv., sbr. einkum V. og VI. kafla þess, er gert ráð fyrir því, að réttindi yfir þeim eignum, sem greinir í 1. gr. frv. þessa, séu háð þinglýsingu, þ. á m. þegar til réttinda er stofnað fyrir aðför. Þykir því rétt að leggja til, að 46. gr. aðfararlaganna sé breytt til samræmis við þær reglur, sem fram koma í frv. til þinglýsingarlaga.

Ed. 23. Frumvarp til laga [23. mál]

um breyting á lögum nr. 63 28. nóv. 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Nú er beiðzt þinglýsingar á skjali, er varðar afhending eigna, sem leyfis þarf til samkvæmt 1. gr., og er eigi sannað, að leyfis sé aflað. Skal þá synja þinglýsingar, unz sönnur eru færðar á, að leyfi sé veitt.

2. gr.

Orðin „borizt skýrsla samkv. 3. gr., eða hefir á annan hátt“ í upphafi 4. gr. sömu laga falli brott.

3. gr.

4. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Ákvörðun sinni um þetta efni lætur ráðherra þinglýsa á varnarþingi fasteignar svo fljótt sem unnt er.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í því frv. er reynt að sporna við því, að skjölum sé þinglýst með því að rita á þau athugasemdir um agnúa, sem eru á þeim. Er lagt til í frv. þessu, að lögum nr. 63/1919 verði breytt til samræmis við þær tillögur, sem felast í framangreindu lagafrumvarpi um þinglýsingar.

Ed. 24. Frumvarp til laga [24. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undangengins dóms eða sáttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Í stað orðanna „í viðurvist notarii publici eða tveggja vitundarvotta“ í 1. málsgr. 15. gr. laganna komi: í viðurvist notarii publici, héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanns eða fulltrúa þeirra, löggilts fasteignasala eða tveggja vitundarvotta.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í því frv., sbr. einkum 22. gr., er gert ráð fyrir því, að þinglýsingarskjöl verði staðfest af þeim aðilum, er greinir í 1. gr. frv. þessa, og þykir þá rétt að leggja til, að 15. gr. lögtakslaganna verði breytt til samræmis við þinglýsingarreglurnar almennu.

Ed. 25. Frumvarp til laga [25. mál]

um breyting á lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Lokaorð 2. gr. 1. málsgr. laganna orðist svo:

Skal hann athuga, hvort allir aðilar hafi ritað á hana samþykki sitt, og geta þess í skránni. Hann skal þegar í stað senda sýslumanni skrána til þinglýsingar.

2. gr.

4. gr. 2. málsgr. sömu laga orðist svo:

Dómi um landamerki skal dómhafi láta þinglýsa sem merkjaskrá. Dómur skal afhentur til þinglýsingar innan fjögurra mánaða frá dómsuppsögu, enda hafi hann ekki sætt áfrýjun.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í frv. er lagt til, að orðalagi sé breytt lítið eitt á tveimur ákvæðum laga nr. 41/1919, og er það nánast til samræmis við reglur þær, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu. Rétt er að benda á, að samkv. 2. gr. frv. er miðað við það, að dómi um landamerki sé þinglýst innan fjögurra mánaða frá uppsögu hans, og þykir sú regla heppilegri en regla 4. gr. laga 41/1919, eins og hún er nú.

Ed. 26. Frumvarp til laga [26. mál]

um breyting á lögum nr. 35 18. febr. 1953, um bæjanöfn o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

8. gr. 5. málsl. laganna orðist svo:

Leyfisbréfið sendir ráðherra þinglýsingardómara til þinglýsingar, og skal dómari skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingunni, ef þeir eru kunnir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er flutt samfara frv. til laga um þinglýsingar. Í frv. er lagt til, að efni laga um bæjanöfn o. fl. verði fært til samræmis við þær reglur, sem felast í þinglýsingarfrumvarpinu.

Ed. 27. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr., og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja tvær verksmiður til viðbótar, aðra á Akranesi og hina á Austur- eða Norðurlandi.

2. gr.

Fyrir orðin „allt að 5 milljónum króna“ í 6. gr. laganna komi: allt að 8 milljónum króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp til laga, samhljóða því frumvarpi, sem hér um ræðir, var lagt fyrir síðasta Alþingi. Hlaut það þá einróma samþykkt efri deildar, en fékk ekki endanlega afgreiðslu neðri deildar.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Á vegum Tunnuverksmiðja ríkisins hafa um allmörg undanfarin ár verið starfræktar tvær tunnuverksmiðjur, önnur á Siglufirði og hin á Akureyri. Hefur framleiðsla þeirra komið að góðum notum fyrir síldarsöltunina á Norður- og Austurlandi. Enn sem komið er hefur þó allmikið vantað á, að þörfinni hafi verið fullnægt.

Í gildandi lögum um Tunnuverksmiðjur ríkisins segir svo um verksvið fyrirtækisins: „Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í Tunnuverksmiðjum ríkisins.“ Auk þess er ráðgert, að tunnuverksmiðjurnar smíði tunnur fyrir saltkjötsframleiðsluna og aðrar framleiðsluvörur, eftir því sem henta þykir.

Svo sem fyrr segir, hefur allmikið á skort, að tunnuverksmiðjurnar hafi fullnægt þörfinni. Framleiðsla þeirra hefur s. l. 5 ár verið sem næst 130 þús. tunnur til jafnaðar á ári. Það er því í alla staði eðlilegt, að tunnuframleiðslan sé aukin og fleiri verksmiðjur stofnsettar. Vegna hins mikla dreifingarkostnaðar innanlands verður að telja eðlilegt, að verksmiðjurnar séu staðsettar þar eða sem næst því, sem aðalframleiðslumagnið er. Með það fyrir augum er lagt til, að tunnuverksmiðja fyrir Suðvesturland sé staðsett á Akranesi. Þar hafa um langan tíma verið hvað afkastamestar söltunarstöðvar, en auk þess er verstöðin þannig í sveit sett, að frá henni er nokkurn veginn jafnlangt með flutninga á tunnum til hinna ýmsu söltunarstöðva, hvort heldur er á Snæfellsnesi eða Reykjanesi.

Til þess að gera nokkra grein fyrir þörfinni á því að starfrækja tunnuverksmiðju á Suðurlandi skal hér greint frá, hver framleiðslan hefur verið s. l. 10 ár.

1950	eru	framleiddar	131 708	tunnur	Faxasíld
1951	—	—	65 214	—	—
1952	—	—	70 510	—	—
1953	—	—	56 257	—	—
1954	—	—	77 883	—	—
1955	—	—	89 406	—	—
1956	—	—	116 319	—	—
1957	—	—	50 282	—	—
1958	—	—	106 895	—	—
1959	—	—	52 065	—	—
			Samtals 816 539	tunnur	Faxasíld

Með þeirri reynslu, sem þegar er fengin um framleiðslu saltsíldar á Suðvesturlandi, má telja fullvíst, að hér sé um árvissan atvinnuveg að ræða, sem þegar er orðinn allstór þáttur í útflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Það er því ekki að ófyrirsynju, að frumvarp er flutt, sem heimilar ríkisstjórninni að setja á stofn tunnuverksmiðju á Akranesi með það fyrir augum að sjá fyrir þörfum síldarsaltenda á Suðvesturlandi. Þá má á það benda, að mestur hluti af sykursöltuðum og grófsöltuðum hrognum, sem framleidd eru hér á landi, er framleiddur á Suðvesturlandi. Er það allmikið magn, eða sem næst 30 þús. tunnur í meðalári.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum, sem að framan greinir, er augljóst mál, að hér er um ærið verkefni að ræða fyrir eina tunnuverksmiðju til viðbótar þeim tveim, sem fyrir eru.

Sþ. 28. Tillaga til þingsályktunar [28. mál]

um hagfræðilegar leiðbeiningar fyrir bændur.

Flm.: Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga í samráði við helztu stofnanir landbúnaðarins og samtök bænda, hvort eigi sé nauðsynlegt að gefa bændum kost á leiðbeiningum um skipulagningu búa sinna og öðrum hagfræðilegum upplýsingum um hina ýmsu þætti búrekstrar í samræmi við aðstæður á hverjum tíma, og þá hvernig þeirri leiðbeiningastarfsemi verði hagað.

Greinargerð.

Margvíslegri rannsókna- og leiðbeiningastarfsemi er nú haldið uppi í þágu landbúnaðarins, og bændur eigi kost á ráðleggingum um marga mikilvæga þætti bú-

skaparins. Ráðunautar á vegum Búnaðarfélags Íslands og héraðasambanda leiðbeina um ræktun, byggingar og kynbætur búpenings, og teiknistofa landbúnaðarins og landnám ríkisins veita veigamikla aðstoð. Mikilvægar tilraunir eru gerðar á vegum búnaðardeildar atvinnudeildar háskólans og tilraunaráða í jarðrækt og kvikfjárrækt, bændaskólarnir veita almenna búnaðarfræðslu og standa einnig að vissum rannsóknum, og rannsóknarstofa háskólans að Keldum vinnur ómetanlegt starf að vernd bústofnsins gegn sjúkdómum. Enn er margt óunnið og ófullkomið á sviði rannsókna, bæði á jarðvegi, áburðarnotkun og mörgum öðrum sviðum, en öll stefnir þessi starfsemi til meiri fullkomnunar.

Öll varðar leiðbeiningastarfsemi sú, sem nú er rekin, fyrst og fremst hina tæknilegu hlið búskaparins. Það sýnist því vera mikilvægt að gefa meir gaum hinni hagrænu hlið búskaparins en gert hefur verið til þessa. Nauðsynlegt er, að ungir menn, sem eru að hefja búskap, geti átt kost á leiðbeiningum um það, hvers konar búskapur sé fjárhagslega hagkvæmastur, miðað við aðstæður á hverjum tíma, og hvernig framkvæmdum við uppbyggingu búsins verði haganlegast fyrir komið.

Án sérstakrar athugunar er ekki auðið að gera sér til hlítar grein fyrir þessu viðfangsefni, en nauðsynlegt er að kanna það í einstökum atriðum. Virðist eðlilegast, að ríkisstjórnin hafi um það forgöngu, í samráði við helztu stofnanir landbúnaðarins og samtök bænda. Auðvelt ætti að vera að veita þessa þjónustu á vegum þeirra stofnana, sem þegar eru starfandi, svo að ný stofnun þarf hér ekki að koma til.

Sþ. 29. Tillaga til þingsályktunar [29. mál]

um opinbera rannsókn á sjóslysum við strendur Íslands undanfarin 2—3 ár.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa 5 manna nefnd og sé einn nefndarmaður tilnefndur af hverjum eftirtalinna aðila:

Slysavarnafélagi Íslands.
Alþýðusambandi Íslands.
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands.
Landssambandi íslenzkra útvegsmanna.

Ríkisstjórnin skipar einn mann án tilnefningar, og skal hann vera formaður nefndarinnar.

Verkefni nefndarinnar skal vera að rannsaka, eftir því sem frekast er unnt, orsakir hinna mörgu skipsskaða, sem orðið hafa við strendur landsins undanfarin 2—3 ár.

Rannsókn þessari verði hraðað, eftir því sem frekast er unnt.

Að henni lokinni verði, ef þurfa þykir, settar nýjar reglur um sjóhæfni íslenzkra fiskiskipa, um allar breytingar á skipum til stækkunar og um staðsetningu nýrra veiðitækja um borð.

Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Öllum landsmönnum hlýtur að vera það mikið alvörumál, hvað skipstapar hér við land hafa farið óhugnanlega mikið í vöxt undanfarin ár. Skip, sem talin voru í fullkomnu siglingarhæfu ástandi og búin fullkomnustu tækjum, hafa farizt, stundum í þolanlegu veðri, án þess að hægt hafi verið að fá fullnægjandi skýringu á því, hvaða orsakir hafi legið til þess.

Hér skulu nefnd nokkur dæmi þessu til sönnunar:

4. janúar 1960 fórst Rafnkell frá Sandgerði í Miðnessjó. Fórust þar 6 menn.

16. október sama ár sökk Straumey frá Reykjavík vegna leka 5 mílur austur af Vestmannaeyjum. Mannbjörg varð.

25. nóvember sama ár sökk Helga frá Reykjavík suður af Reykjanesi. Mannbjörg varð.

4. ágúst 1961 sökk Helgi Flóventsson frá Húsavík út af Langanesi. Skipshöfnin bjargaðist.

5. september sama ár sökk m/b Sleipnir frá Keflavík 170 mílur austur af Ingólfshöfða. Áhöfnin bjargaðist.

11. febrúar 1962 sökk togarinn Elliði 25 sjómílur norðvestur af Öndverðarnesi. 2 menn fórust.

12. febr. sökk Skarðsvík frá Rifshöfn norðvestur af Öndverðarnesi. Áhöfnin bjargaðist.

17. febrúar sama ár fórst Stuðlaberg frá Seyðisfirði milli Stafness og Garðskaga. 11 menn fórust.

4. maí sökk m/b Guðbjörg við Stapavík. Mannbjörg varð.

30. júní s. l. sökk v/b Hamar frá Sandgerði 30 sjómílur suðaustur af Jökli. Mannbjörg varð.

28. ágúst sökk Stella frá Grindavík norður af Eldey. Mannbjörg varð.

8. sept. sökk Gunnar Hámundarson frá Reykjavík norðaustur af Fonti á Langanesi. Áhöfnin bjargaðist.

Hér hafa verið talin 12 skip, sem farizt hafa á tæpum þrem árum, flest úti á rúmsjó. Þessi upptalning er þó á engan hátt tæmandi. Mörg fleiri skip hafa farizt á þessu tímabili, þó að þeirra sé hér ekki getið.

Við nánari athugun kemur í ljós, að mörg þessara sjóslysa hafa átt sér stað í þolanlegu sjóveðri, þar sem engin sérstök hætta átti að vera fyrir sæmilega góð og vel útbúin skip. Menn hljóta því að spyrja: Eru hin nýju fiskiskip okkar yfirleitt nægilega sjóhæf? Er yfirbygging ofviða miðað við stærð skipanna? Er kjölfesta of lítil? Er meiri lagt upp úr ganghraða skipanna en nauðsynlegum stöðugleika? Þannig er hægt að halda áfram að spyrja, án þess að fyrir liggi viðhlítandi svör. Hér er vissulega eitthvað meira en lítið að, sem að flestra dómi verður ekki komizt hjá að rannsaka, eftir því sem frekast er unnt, og þá verði jafnframt gerðar allar nauðsynlegar ráðstafanir til umbóta til öryggis fyrir alla þá, sem hlut eiga að máli. Flutningsmönnum er það fullljóst, að hér er á ferðinni mikið vandamál, sem krefst rannsóknar hinna færustu manna.

Þau félagasambönd, sem lagt er til að tilnefni menn í nefndina, eiga öll mikið í húfi í þessu efni og eru líkleg til að vinna af alefli að því, að sem mest öryggi fylgi íslenzkum skipum.

Slysavarnafélag Íslands er viðurkenndur aðili í öllu því, sem við kemur slysavörnum, og hefur á að skipa hinum reyndustu mönnum á því sviði.

Alþýðusamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eru fulltrúar íslenzkra sjómanna og hljóta því að láta þetta mál mjög til sín taka.

Félagar í Landssambandi íslenzkra útvegsmanna eru í langflestum tilfellum eigendur skipanna og hafa því óumdeilanlega mikilla hagsmuna að gæta.

Að síðustu skal það fram tekið, að í flutningi þessarar tillögu felast engar ásakanir á einn eða neinn aðila, og ekki er tillagan heldur fram komin af neinu einstöku slysatillfelli. En tjón þjóðarinnar á mönnum og verðmætum á undanförnum árum er svo mikið, að einskis má láta ófreistað um að stemma hér við stigu að öllu því leyti, sem það kann að standa í valdi forráðamanna þjóðfélagsins.

Sþ. 30. Fyrirspurn [30. mál]

til ríkisstjórnarinnar um mismun gjaldeyrisandvirðis samkv. 6. gr. laga nr. 28 1962.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Hve miklu nemur, í krónum talinn, sá mismunur á andvirði skilaðs gjaldeyris á eldra gengi og andvirði hans á hinu nýja gengi, er færa skyldi á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum samkv. 2. málsgr. 6. gr. laga nr. 28 17. apríl 1962?

2. Hve miklu af þessum mismun, í krónum töldu, er varið til þess að greiða hluta útflutningsgjalds samkv. 1. málsgr. 7. gr., hve miklu til þess að greiða hluta hlutatryggingasjóðsgjalds samkv. 2. málsgr. 8. gr. og hve miklu til greiðslu vátryggingargjalds samkv. 2. málsgr. 6. gr. laganna?

Nd. 31. Frumvarp til laga [31. mál]

um lántöku vegna Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar).

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gunnar Jóhannsson, Björn Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 15 millj. kr., til þess að greiða kostnað við lagningu Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar), og verði við það miðað, að vegargerð þessari verði lokið á árinu 1964.

2. gr.

Lán það, er tekið verður samkv. 1. gr., skal endurgreitt af árlegum fjárveitingum til vegarins á fjárlögum, eftir að vegargerðinni er lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Siglufjarðar. Er þar lagt til, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til lántöku, allt að 15 millj. kr., til framkvæmda við Siglufjarðarveg ytri (Strákaveg). Kostnaðarmesta framkvæmdin við vegargerðina er að gera jarðgöng, um 900 metra löng. Til þess þarf stórvirk tæki, og þarf að halda verkinu viðstöðulaust áfram, eftir að það er hafið, en talið er, að unnt sé að ljúka því á einu ári. Lánsfjáröflun er nauðsynleg í því sambandi, þar sem ekki er mögulegt að fá fjárveitingu til verksins í einu lagi.

Vegargerðin er eitt af mestu áhugamálum Siglfirðinga, enda mjög þýðingarmikil fyrir þá, en jafnframt hagsmunamál Skagfirðinga og fleiri landsmanna. Er brýn þörf að hrinda verkinu í framkvæmd sem allra fyrst.

Frumvarpið er flutt í samráði við Ólaf Jóhannesson, 3. þm. Norðurlandskjördæmis vestra, sem sæti á í efri deild.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu, enda var mjög liðið á þingtímann, þegar það var borið fram. Þá barst Alþingi svo hljóðandi bréf um málið:

„Undirritaðir Siglfirðingar skora hér með eindregið á hæstvirta ríkisstjórn og Alþingi að tryggja nægjanlegt fé til að ljúka vegarlagningu fyrir fjallið Stráka,

ásamt tilheyrandi jarðgöngum, á næstu 1—2 árum, og rjúfa þannig þá einangrun, sem er helzt orsök fólksflótta úr Siglufirði og háir eðlilegum vexti og samskiptum Siglufjarðarkaupstaðar og sveitanna austast í Skagafirði.“

Undir þetta áskorunarskjal rituðu 785 kjósendur í Siglufjarðarkaupstað.

Nd. 32. Frumvarp til laga [32. mál]

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Flm.: Ragnar Guðleifsson.

1. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðist svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 70 millj. kr., er endurgreiðist að ⅓ úr ríkissjóði og að ⅔ úr hafnarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Landshöfn Keflavíkur og Njarðvíkur varð til með lögum nr. 25 23. apríl 1946. Hafnarsvæðið var takmarkað milli Vatnsness, er liggur sunnan að Keflavíkurhöfn, og Hákotstanga, er liggur suðaustan að Njarðvíkurhöfn, eða Vatnsnesvík og Njarðvík, svo og strandlengjan þar á milli.

Á þessu svæði eru nú hafnarmannvirki við Vatnsnes og í Ytri-Njarðvík. Við Vatnsnes er um 200 m langur hafnargarður, sem skýlir fyrir norðan- og austanátt, en í suðaustanátt er höfnin illa varin og því engan veginn örugg. Í Ytri-Njarðvík er 100 m langur hafnargarður, er skýlir fyrir norðan- og austanátt, en höfnin er óvarin fyrir suðaustanátt, og þar sem hafnargarðurinn er ekki lengri, er lega við hann ekki örugg.

Síðan 1946, að landshöfnin keypti hafnarmannvirkin við Vatnsnes af Keflavíkurhreppi, hefur hafnargarðurinn þar verið lengdur um 70 m og bryggjur byggðar í höfninni. Á sama tíma hefur nokkuð verið unnið að hafnarmannvirkjum í Ytri-Njarðvík, en þó miklu minna.

Hafnarsvæði landshafnarinnar liggur í tveimur sveitarfélögum, og er því ekki að leyna, að það hefur átt sinn þátt í því, að framkvæmdir við að gera þessa landshöfn að veruleika hafa dregizt lengur en æskilegt hefði verið og upphaflega var ætlað.

En nú hefur verið brotið blað í sögu þessarar hafnar, því að aðilar þeir, sem hér eiga hlut að máli, landshafnarstjórn og sveitarstjórnir Keflavíkur og Njarðvíkur, hafa komið sér saman um framkvæmdaáætlun, er landshafnarstjórn samþykkti 1959 um byggingu hafnarinnar og kemur fram í eftirfarandi ályktun, er samþykkt var á sameiginlegum fundi landshafnarstjórnar, bæjarstjórnar Keflavíkur og hreppsnefndar Njarðvíkur, sem haldinn var í Keflavík 29. sept. s. l.

„Fundurinn lýsir einhuga stuðningi við verkáætlun landshafnarstjórnar frá 1959 um byggingu hafnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir, „að hægt verði að afgreiða samtímis við góð skilyrði: 1) þrjú flutningaskip, 2) tuttugu og fimm fiskibáta, af stærðum allt að 150 tonn, 3) að séð verði fyrir geymsluplássi innan hafnar fyrir allt að 150 fiskibáta af stærðum 75 til 150 tonn.“

Fundurinn telur ástand í hafnarmálum svo alvarlegt, að stefna verði að því að ljúka fyrrnefndri áætlun á næstu fjórum árum.

Til þess að svo megi verða, beinir fundurinn þeim eindregnu tilmælum til hæstvirtrar ríkisstjórnar, að hún taki þetta mikla hagsmunamál byggðarlaganna til skjótrar úrlausnar og útvegi fjármagn, um 50—60 milljónir króna, svo að uppbygging hafnarinnar geti hafizt af fullum krafti þegar á næsta vori.“

Þótt það komi ekki fram í þessari ályktun, þá sýnir tillöguuppdráttur, sem verkáætlun þessari fylgir, að aðalframkvæmdin er fólgin í því að gera örugga bátahöfn í Ytri-Njarðvík, jafnhliða því að bæta sem mögulegt er afgreiðsluskilyrðin innan hafnarinnar við Vatnsnes.

Sjómennirnir, sem sækja á miðin við Suðurnes og leggja upp aflann í þessari höfn, þekkja bezt, hve ófullkomin höfnin er og öryggi þar lítið. Auk þess er rými hafnarinnar mjög takmarkað. Einkum er það áberandi nú hin síðustu ár, er bátarnir hafa stækkað úr 40—50 smálestum í 70—250 smálestir. Bátunum fjölgar einnig árlega.

Það sýnir ljósast, hve þörfin er brýn á stærri og öruggari höfn, að þrátt fyrir hinar erfiðu aðstæður til löndunar mun óvíða meira aflamagn koma á land. Á árinu 1961 var landað í landshöfninni 50 þús. smálestum af nýjum fiski, þar með taldar 19 þús. smál. af síld. Er það 50% aukning frá árinu áður. Þetta magn er um 8.5% af heildarafla landsmanna það árið. Á síðastliðinni vetrarvertíð voru gerðir út 55 vélbátar frá Keflavík og Njarðvíkum, og daglega voru afgreiddir 70—105 bátar í höfninni. Þar sem eigi er hægt að afgreiða nema 10—12 báta samtímis við beztu skilyrði og við lakari skilyrði aðeins 3—6 báta, þá er auðsætt, að oft verða bátar að bíða eftir löndun tímum saman.

En höfnin er ekki aðeins löndunarhöfn fyrir fiskiflotann. Hún er einnig útflutningshöfn og þá ekki aðeins fyrir Keflavík og Njarðvíkur, heldur einnig fyrir öll Suðurnesin. Í höfninni við Vatnsnes eru svo að segja á hverjum degi flutningaskip, sem flytja út sjávarafurðir. Á síðastliðnu ári komu til hafnarinnar og fengu afgreiðslu 344 flutningaskip, sem fluttu út 33500 tonn, að útflutningsverðmæti 360 milljónir króna eða 12% af öllum útflutningi sjávarafurða landsmanna það árið.

Þær framkvæmdir, sem verkáætlun landshafnarstjórnar gerir ráð fyrir, eru áætlaðar kosta um 50—60 milljónir króna. Nú mun landshöfnin hafa notað þá heimild, sem veitt er í landshafnarlögunum, allt að 10 millj. kr., svo að vart verður komizt af með lægri lánsheimild en 70 millj. króna.

Nd. 33. Frumvarp til laga [33. mál]

um breyting á lögum nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

1. gr. laganna breytist þannig:

a. Niður falli orðin „og hefur hún ein rétt til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn“.
b. Í stað orðanna „Heimilt er þó“ komi: Heimilt er.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða frumvarp hefur verið flutt á tveimur undanförnum þingum, en ekki náð afgreiðslu.

Tilgangur frumvarpsins er að fella niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. Einkaréttur þessi var veittur fyrir

26 árum og þá miðaður við allt aðrar aðstæður en þær, sem nú eru. Að dómi margra þeirra, sem bezt þekkja til, er hann nú orðinn þröskuldur í vegi þess, að nægilega sé unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað. Ferðaskrifstofa ríkisins getur líka eftir sem áður unnið að þessari starfsemi, þótt fleiri aðilar geri það einnig. Auk þess hefur hún mörgum öðrum mikilvægum verkefnum að sinna. Hér er því ekki verið að takmarka neitt verkahring hennar, heldur aðeins stuðlað að því, að fleiri aðilar geti látið til sín taka og unnið að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga hingað.

Allar þjóðir keppa nú að því að greiða fyrir ferðalögum útlendinga, enda eru þau víðast vaxandi tekjulind. Íslendingar mega ekki láta hlut sinn liggja eftir í þessum efnum. Eins og nú er komið, mun það tryggja beztan árangur á þessu sviði að veita öllum þeim, sem hafa áhuga og getu, tækifæri til þess að vinna sem frjálslegast að þessum málum, en hefta ekki framtak þeirra með úreltum hömlum.

Sþ. 34. Tillaga til þingsályktunar [34. mál]

um endurskoðun laga um stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Eggert G. Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög og reglugerðir um stýrimannaskóla Íslands og inntökuskilyrði í hann. Við endurskoðun þessa skal sérstaklega hafa í huga, hvernig auka megi þekkingu væntanlegra nemenda í meðferð og notkun nýrra siglinga- og fiskileitartækja, sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða.

Jafnframt láti ríkisstjórnin fara fram athugun á, hvort ekki sé tímabært og þá hvernig:

1. að auka og taka upp kennslu í síðasttöldu greinunum við verknám gagnfræðastigsins,
2. að stofnsettur verði sérstakur sjóvinnuskóli, þar sem væntanlegir nemendur stýrimannaskólans og aðrir fái m. a. kennslu í sjóvinnu, fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmati og verkstjórn.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en varð eigi útrædd og er því endurflutt nú.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni, er hún var flutt á s. l. vetri:

Lög um stýrimannaskólann í Reykjavík eru frá 12. apríl 1945, nr. 69. Síðan þau voru sett, hafa verið gerðar nokkrar breytingar á þeim. Flm. þessarar tillögu finnst nú tímabært, að þessi lög verði endurskoðuð, vegna þeirra miklu breytinga, sem orðið hafa á búnaði skipa, svo sem siglingatækjum og fiskleitartækjum, og meðfram vegna laga þeirra, sem sett voru um ferskfiskeftirlit þann 31. maí 1960, en í þeim lögum var nokkuð komið inn á þau mál, sem þessi þáltill. fjallar um. Í lögum þessum kveður á um, hvaða verkefni skuli falin fiskmatsráði, en þar segir m. a.: „að það skuli endurskoða á næstu tveimur árum lög og reglugerðir um fiskmat“, og í skýringum segir: „Að undanförnu hafa verið uppi meðal manna, sem stunda fiskvinnslu og verzlun með fiskafurðir, mjög háværar raddir um, að gagnger endurskoðun þurfi að fara fram á gildandi lögum og reglugerðum um fiskmat.“

Frumvarpið um ferskfiskeftirlit var byggt á starfi og tillögum nefndar, sem skipuð var 15. sept. 1958, en samið af sjávarútvegsmálaráðuneytinu. Þessi nefnd

lét greinilega í ljós þá skoðun sína, að meðalgæðum framleiðsluvaranna hafi í mörgum greinum hrakað undanfarin ár, og hún taldi jafnframt, að ástæðnanna væri einkum að leita í hrakandi gæðum hráefnis, sem til vinnslunnar fer, en ekki í göllum á vinnslunni sjálfri.

Nefndin setti fram ákveðnar tillögur í þessu efni um, að fiskmatsráð „vinni að aukinni fræðslu um fiskverkun og meðferð aflans, enn fremur skipuleggi það og framkvæmi hvers kyns áróður til þess að auka skilning og tilfinningu fyrir vöruvöndun. — Það hlutist og til um að kennsla í fiskvinnslu verði hafin nú þegar í sjómannaskólanum og hún verði síðar gerð að skyldunámsgrein."

Þessir nefndarmenn virtust gera sér fulla grein fyrir þýðingu þess, að yfirmenn og verðandi yfirmenn á skipaflota okkar hafi kunnáttu og þekkingu auk ómetanlegrar reynslu í þessum málum. Sjávarútvegsnefndir Alþingis og aðrir alþingismenn komu svo á móti skoðunum undirbúningsnefndarinnar í þessu máli.

Á síðustu árum hefur tvisvar verið flutt þáltill. þess efnis, að ríkisstjórnin beitti sér fyrir setningu löggjafar um sérstakan skóla fyrir fiskmatsmenn, verkstjóra í fiskiðnaði og aðra leiðbeinendur um fiskverkun. Í grg. fyrir tillögu þessari sagði m. a.:

„Ef Íslendingar ætla að verða fyrirmyndar fiskiðnaðarþjóð, verður það ekki betur gert en með því að sérmennta fólk í þessari iðngrein. Undirstaða allrar iðnþróunar eru vel menntir starfsmenn og sérfræðingar í hverri þeirri grein, er að iðnaðinum lýtur. Þörf þjóðfélagsins fyrir sérfræðilega þekkingu eykst og stöðugt á öllum sviðum og þá ekki síður í fiskiðnaði en öðru."

Þá er og minnzt á í grg. þessarar tillögu, hve mikill voði sé á ferðum, ef á bresti, að ævinlega sé vandað til framleiðslunnar eins og unnt er, og bent á einstök dæmi þar um, bæði til lands og sjávar. Engum dylst, hveru alvarlegt vandamál er þarna drepið á.

Enginn vafi leikur á, að grundvöllur fjárhagslegrar afkomu þjóðarinnar í nútíð og næstu framtíð eru fiskveiðarnar og fiskiðnaðurinn. Það, að vel og skynsamlega sé á haldið og að vel takist til um framkvæmd allra þeirra mála, sem varða aðalútflutningsvöru okkar, — allt frá því að undirbúningur undir veiðarnar er hafinn og þar til fiskurinn er kominn í hendur neytandans, — er ekki aðeins hagsmunamál einstakra hópa eða stétta í þjóðfélaginu, heldur lífshagsmunamál íslenzku þjóðarinnar.

Í áðurnefndri greinargerð er minnzt á hin miklu og góðu áhrif, sem búnaðarskólarnir hafa haft fyrir íslenzkan landbúnað.

Áhugamönnum á því sviði þykir þó ekki nóg að gert, því að fyrir Alþingi hefur legið frv. um stofnun búnaðarháskóla.

Enginn skóli sambærilegur við búnaðarskólana er til í okkar höfuð-framleiðslugrein, enginn skóli, sem sérmenntar menn í fiskiðnaðinum, engin kennsla um meðferð afla og vinnslu í þeim skóla, er sérmenntar þá skipstjórnarmenn, er veiða og flytja fiskinn að landi.

Allir hljóta að vera sammála því, að æskilegasta lausnin væri sú, ef leysa mætti þau vandamál, sem hér hefur verið á drepið, sameiginlega og jafnframt fyndist úrbót á enn einu vandamáli, sem Alþingi hefur oft glímt við, en það er fólkseklan á fiskiskipunum og þá í þessu sambandi sérstaklega hvað viðvíkur þeim mönnum, sem við skipstjórn fást.

Sú staðreynd hefur verið ljós, a. m. k. fram að síðasta skólaári stýrimannaskólans, að fjöldi þeirra, sem lokið hafa prófi frá fiskimannadeild hans, hefur farið minnkandi með vaxandi skipastól landsmanna. Fyrir þá, sem til þekkja þarf vart að lýsa þessu vandamáli. En ekki þarf að fara mörg ár aftur í tímann til að minnast þess, að t. d. á mörgum togaranna voru hinir svokölluðu prófmenn meðal kjarnans í skipshöfninni, þótt eigi teldust til yfirmanna. Í þessum hópi voru framsæknir áhugamenn, sem urðu að sýna í starfi yfirburði sína til að teljast hlutgengnir í hinni hörðu samkeppni þeirra á milli um mannaforráð. Nú hefur þetta gerbreytzt.

Á móti hinni alhliða þróun mannekluvandamálsins á fiskiskipunum hefur ekki verið hamlað — fyrr en nú í seinni tíð með bættum kjörum fiskimannanna og aukinni aflasæld vélbátaflotans, þótt sorglega seint reynist unnt að færa hinn höfuðþátt útgerðarinnar þar til jafns.

En á móti skorti þeirra, sem hugðust leggja út í harða samkeppni um mannaforráð á skipaflota okkar, hefur ekki verið gengið af raunsæi, heldur gefið eftir og stuðlað að því á annan hátt, að af þessari öfugþróun yrði. Þótt allt það bezta megi segja um tilganginn, má þó fullyrða, að á þessu sviði sem svo mörgum öðrum hjá okkar þjóð hefur það, sem til bjargar átti að verða, beinzt að afleiðingum ríkjandi ástands, en ekki orsökum, og því verið leyst úr tímabundnu vandamáli, en framtíðarvandamál skapað í staðinn.

Flutningsmenn benda á þetta vegna þess, að Alþingi hefur beitt sér fyrir því að draga úr námskröfum og námstíma þessara manna, og mun stýrimannaskólinn vera eini skóli landsins, sem átt hefur þessa þróun á undanförnum árum, þótt hins vegar megi fullyrða, að í fáum skólum hefur verið meiri ástæða til hins gagnstæða, eins og æ fleiri mönnum er nú að verða ljóst.

Þessi þróun á sér stað á sama tíma og skólamál iðnaðarins taka stórstígum framförum og aðalágreiningur framámanna þriðja höfuðatvinnuvegarins í sínum skólamálum er um það, hvar háskóli þeirra eigi að vera staðsettur. Þessi þróun á sér stað á sama tíma og verðmæti skipa og tækja, sem skipstjórnarmenn bera ábyrgð á, þurfa að læra ekki aðeins að nota, heldur einnig að fara með, margfaldast að verðmæti og skiptir í öllum tilfellum milljónum króna og allt að milljónatugum.

Á sviði menntunar yfirmanna á fiskiskipum hefur verið látið undan síauknum kröfum útgerðarmanna um undanþágur vegna skorts á mönnum með réttindi stýrimanna og skipstjóra og ekki síður vegna óska mannanna sjálfra, sem eðlilega hafa ekki viljað eyða nema lágmarkstíma í nám, sem er svo algerlega sérhæft, að það er til lítilla nota sem sérnám, eftir að í land er komið, og gefur engin réttindi til vinnu þar fram yfir þann, sem engrar framhaldsskólamenntunar hefur notið. Allir aðrir skólar, sem sérmennta menn undir störf á skipum okkar, eiga því láni að fagna að geta veitt nemendum sínum menntun, sem þeir hafa sömu not af, hvort sem er á sjó eða landi. Má þar nefna vélstjóra, loftskeytamenn, matsveina og bryta. Benda má á, að dæmi finnast um það, að meginhluti sumra hópa, sem útskrifazt hafa frá stýrimannaskólanum, er horfinn í land til annarra starfa, frá sjómennskunni til hinna margvíslegustu fastra starfa — og hafa jafnvel lagt í nýtt, langt nám og þar með kastað á glæ þeim starfsárum, sem fóru í hið fyrra nám.

Þegar grennslazt er eftir, af hverju þetta stafi, er að vísu oftast minnzt á þá staðreynd, að störfin í landi séu betur launuð, miðað við vinnutíma, heldur en sjóstörfin, eða svo hafi a. m. k. verið. En veigamesta ástæðan kemur alltaf fram fyrr en síðar, sú, að í landi er um að ræða fast, öruggt starf án fjarvista frá heimilum sínum, minni efnalegar áhyggjur eða erfiði og vosbúð, starf, sem þeir geta stundað fram á elliár og verið vel hlutgengir til. Þeir vita vel, að tækifæri til að hljóta slík störf gefast ekki, eftir að komið er fram yfir miðjan aldur og starfsorkan jafnvel farin að bila.

Ef kennsla í fiskvinnslu og fiskmeðferð verður tekin upp við stýrimannaskólann, eins og lög mæla þegar fyrir um, vilja flm. þessarar þáltill., að athugað verði, hvort eigi megi leysa um leið þau vandamál, sem hér hefur verið drepið á, með stofnun sérstaks sjóvinnuskóla, sem hver og einn gæti fengið aðgang að, en kannske þó frekast þeir, er lokið hefðu undirbúningsnámi frá gagnfræðaskólum í sjóvinnu, fiskverkun og meðferð sjávarafurða. Í sjóvinnuskóla þessum væri kennd alls konar sjóvinna, fiskverkun, meðferð sjávarafurða, fiskmat og verkstjórn og fengju nemendur, er prófi lykju, réttindi í síðasttöldu námsgreinunum. Skóli þessi væri skyldunáfangi undir stýrimannaskóla, en á móti yrði felldur niður hluti af þeim siglingatíma, er skila verður, áður en í stýrimannaskólann er komið, og ætlaður er til verklegs náms.

Hér er minnzt á verkstjórn vegna þeirrar viðurkenningar, sem starf verkstjórnenda hefur fengið á seinni tímum sem einn af höfuðþáttum aukinnar hagkvæmni í rekstri og aukinnar framleiðni, en starf yfirmanns á skipi, bæði farskipi og fiskiskipi, er í mörgum tilfellum ekki annað en verkstjórn, sem að auki felur í sér ábyrgð margra mannslífa og mikilla verðmæta.

Þótt í stýrimannaskólanum sé einnig farmannadeild, er veitir mönnum rétt til stjórnar farskipa og varðskipa, er ekkert því til fyrirstöðu, að þeir ljúki slíkri skólagöngu fyrst á kostnað siglingatímans. Einnig má hugsa sér aðrar námsgreinar, þótt sjóvinna alls konar, verkstjórn, viðhald og umhirða skipa auk allrar meðferðar á farmi, bæði um borð og frá borði, væri sjálfsagt.

Að í tillögunni er getið um verknám gagnfræðaskólanna, kemur til af því að sjálfsagt er að taka slíka kennslu upp vegna þess, að fjöldi unglinga kynnist þá störfum þessa stóra atvinnuvegar, en yrði án hans ella. Margir fá við slíkt unglinganám slíkan áhuga á starfinu, að þeir leggja þetta nytjastarf fyrir sig. Og síðast, en ekki sízt, er hið almenna uppeldisgildi.

Nú um allangt skeið hafa farið fram á vegum áhugaaðila prófanir á sjóvinnunámskeiðum. Þessar prófanir hafa nú þróazt í föst sjóvinnunámskeið, sem haldin hafa verið 4 s. l. ár undir forustu sjóvinnunefndar Æskulýðsráðs.

Aðrir aðilar að þessari sjóvinnunefnd eru nú Landssamband ísl. útvegsmanna, Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda, Sjómannasamband Íslands og Vinnuskóli Reykjavíkur.

Kennarar þessara námskeiða, skipstjórnarmennirnir Ásgrímur Björnsson, Einar Guðmundsson og Hörður Þorsteinsson, hafa við mjög ófullkomnar aðstæður sýnt frábæran dugnað og þrautseigju, sem bezt lýsir sér í hinni stöðugt auknu aðsókn að námskeiðum þessum. Fyrir tveimur árum voru þátttakendur 85, s. l. ár voru þeir 100, en eru nú 140, er hljóta tilsögn 2 daga í viku 2 klst. í senn.

Með öðrum þjóðum, sem mun minna eiga undir sjósókn komið, annast fastar stofnanir slíka fræðslu og eru þá ávallt starfandi við sjó, þannig að það, sem kennt er í landi, er með stuttum fyrirvara prófað við raunhæfar aðstæður, úti á sjó, á skipum, sem slíkar stofnanir hafa yfir að ráða.

Óþarft er að fjölyrða um þessi mál umfram það, sem þegar er sagt í greinargerð þessari. Öllum landsmönnum ætti að vera augljós þörf á fastri og skipulagðri starfsemi um að glæða áhuga unglinga og annarra á nytsömum störfum við þann atvinnuveg, er nú skilar um 90% af útflutningsverðmætum þjóðarinnar, og er vart vansalaust, að þessi mál skuli ekki þegar hafa verið tekin fastari tökum.

Af þessum ástæðum er 2. töluliður þingsályktunartillögunnar til kominn.

Sþ. 35. Tillaga til þingsályktunar [35. mál]

um, hvernig daglega megi fylgjast með ferðum íslenzkra fiskiskipa.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Jón Árnason, Matthías Á. Mathiesen, Einar Ingimundarson, Guðlaugur Gíslason, Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að athuga og gera tillögur um, hvaða ráðstafanir þurfi að gera, til þess að samband megi hafa við íslenzk fiskveiðiskip á ákveðnum tímum sólarhringsins, og þannig verði fylgzt með, hvar þau eru stödd hverju sinni, svo að hjálp megi berast hið fyrsta, ef slys ber að höndum eða skipi hlekkist á.

Athugun þessa skal gera í samráði við Slysavarnafélag Íslands og samtök sjómanna og útvegsmanna.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var flutt tillaga sú til þingsályktunar, sem hér er nú endurflutt. Liðið var á starfstíma Alþingis á s. l. vetri, er tillagan kom fram, og varð hún því eigi útrædd.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi tillögunni, er hún var flutt á s. l. vetri:

Hin miklu sjóslys, sem orðið hafa hér við land á þessum vetri, hafa höggvið stórt skarð í sveit íslenzkra sjómanna. Við þessi slys eru mörg heimili harmi slegin. Það þekkir íslenzka þjóðin, sem svo oft hefur orðið að færa þungar fórnir á altari Ægis í sinni hörðu lífsbaráttu. Nú á aðeins tæpum mánuði hafa mörg heimili misst fyrirvinnu sína og þrjátíu börn orðið föðurlaus. Fyrir mannfáa þjóð er þetta mikil blóðtaka, sem aldrei verður bætt.

Þegar á þetta er horft, hlýtur sú spurning að vakna, hvort ekki sé hægt enn frekar en gert hefur verið að draga úr eða fyrirbyggja alveg sum þeirra slysa, sem orðið hafa að undanförnu.

Við hamfarir náttúrunnar ræður enginn, en nútímatækni þekkir margar leiðir, sem skapa aukið öryggi, ekki aðeins fyrir sjófarendur, sem lenda í kasti við náttúruöflin, heldur og þá, sem önnur slys hendir.

Engri þjóð er mannslífið jafnmikils virði og Íslendingum. Því má ekkert til spara, er verða mætti til að auka öryggi sjómanna okkar og annarra landsmanna, sem hættustörf vinna. Þegar vélskipið Stuðlaberg frá Seyðisfirði fórst með allri áhöfn, ellefu manns, undan Stafnesi nú fyrir skömmu, brá mörgum ónotalega við, fyrst og fremst vegna hins hörmulega mannskaða, en einnig vegna þess, að skip þetta ferst svo að segja við bæjardyr fjölbýlasta landshlutans, við fjölfarna siglingaleið, í veðri, sem sjómenn hafa sagt að ekki hafi verið tiltakanlega slæmt, og að margir dagar líða, unz sú staðreynd er ljós, að nýtt og glæsilegt skip, sem er á leið til hafnar, hefur farizt með allri áhöfn.

Hvað gerzt hefur, eftir að skipið verður fyrir því áfalli, er reið því að fullu, verður aldrei upplýst. En sú spurning hlýtur að vakna í hugum þeirra, er til sjómennskunnar þekkja, hvort einhverjum hefði mátt bjarga, ef fyrr hefði verið vitað um, að skipinu hefði hlekkzt á.

Komust einhverjir í gúmmíbát, á brak úr skipinu eða jafnvel til lands?

Við þessum spurningum fæst aldrei svar.

Flm. þessarar þáltill. er kunnugt um, að sjómenn og útvegsmenn hafa rætt um það í sínum röðum, hvort ekki mætti fylgjast betur með ferðum fiskiskipa okkar en raun beri vitni um, þannig að hjálp mætti berast sem fyrst, ef slys bæri að höndum eða skipi hlekktist á.

Till. er borin fram til þess að sameina þá krafta, sem bezta þekkingu hafa á þessum málum, í samráði við hann félagsskap, sem alla tíð hefur með ráðum og dáð stuðlað að auknu öryggi sjófarenda, Slysavarnafélag Íslands.

Í a. m. k. einni af stærri verstöðvum landsins er svokölluð „tilkynningarskylda“ bátaformanna við stöðvar í landi, sem þeir eru skyldugir að hafa samband við á ákveðnum tímum sólarhringsins. Sjálfsagt virðist, að athugun fari fram á því, hvaða ráðstafanir þurfi að gera til þess, að þessi venja verði ekki aðeins bundin við eina verstöð, heldur landið allt.

Nd. 36. Frumvarp til laga [36. mál]

um ferðaskrifstofur.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Heimilt er að reka ferðaskrifstofur að fengnu leyfi ráðherra.

2. gr.

Ákveða skal í reglugerð þau skilyrði, sem þeir, er fá leyfi til að reka ferðaskrifstofur, verða að fullnægja. Það skal varða leyfismissi, ef settum skilyrðum er ekki fylgt.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp um að fella niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn. Samgöngumálanefnd Nd. sendi það frv. til umsagnar ýmissa aðila, og bárust yfirleitt svör, þar sem mælt var með frumvarpinu. Jafnframt var bent á, að nauðsynlegt væri að setja reglur um, að ekki fái aðrir leyfi til að reka ferðaskrifstofur en þeir, sem leysa það starf sómasamlega af hendi. Sú ábending er vissulega rétt, og því er þetta frumvarp flutt.

Hér fara á eftir nokkur af áðurnefndum svörum, er samgöngumálanefnd Nd. bárust í fyrra í tilefni af frumvarpinu um að afnema sérréttindi Ferðaskrifstofu ríkisins.

Fylgiskjal I.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS H.F.

Reykjavík, 17. marz 1962.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið bréf hæstvirtrar samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis, dagsett 15. marz 1962, þar sem beiðzt er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 33 1. febrúar 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Það er álit vort, að gefa beri fleiri aðilum kost á því að veita viðtöku erlendum ferðamönnum en Ferðaskrifstofu ríkisins, og erum vér að því leyti samþykkir flutningsmanni frumvarpsins. Hins vegar lítum vér svo á, að gjalda beri varhug við að setja engar reglur fyrir því, hverjir slík réttindi hljóti. Augljóst má vera, að það er höfuðatriði, að þeir einir hafi réttindi til að annast viðtöku og fyrirgreiðslu erlendra ferðamanna, sem það geta leyst af hendi á hinn fullkomnasta hátt. Skoðun vor er sú, að setja verði strangar reglur um það, hverjir réttindi geti fengið til að reka ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, svo að tryggt sé, að tilgangi frumvarpsins verði náð.

Ef hið háa Alþingi telur rétt að gera breytingu á lögunum um Ferðaskrifstofu ríkisins, viljum vér að lokum láta í ljós þá skoðun, að heillavænlegt mundi vera að hafa hliðsjón af skipulagi ferðamála í nágrannalöndum vorum og ekki hvað sízt á Írlandi.

Virðingarfyllst,

Flugfélag Íslands h.f.

Birgir Þórhallsson.

Fylgiskjal II.

LOFTLEIÐIR

Reykjavík, 17. marz 1962.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið heiðrað bréf yðar, dags. 15. þ. m., þar sem beiðzt er umsagnar Loftleiða um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 33 frá 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins.

Vér minnum á umsögn, er send var samgöngumálanefnd 14. febr. 1961, þar sem einnig var leitað umsagnar um breytingar á lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins. Vér erum enn sömu skoðunar og þá, að fella beri niður einkarétt Ferðaskrifstofu ríkisins til að reka á Íslandi ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn, en samtímis er nauðsynlegt að tryggja með fjárframlögum, að Ferðaskrifstofu ríkisins verði gert kleift að halda uppi öflugri landkynningarstarfsemi, og reisa þarf við því skorður, að útlendingar verði ginntir hingað af loddurum, sem veita þeim ekki þá fyrirgreiðslu, sem seld hefur verið eða heitið, en fyrir því er nauðsynlegt, að þeir einir fái leyfi til að reka ferðaskrifstofur, sem ástæða er til að ætla að geri það sómasamlega. Afnám einkaleyfis Ferðaskrifstofu ríkisins er rétt spor í áttina, en ekki nema eitt af mörgum, er stíga þarf til þess að koma íslenzkum ferðamálum í sæmilegt horf.

Virðingarfyllst,

LOFTLEIÐIR H/F.

Sigurður Magnússon.

Fylgiskjal III.

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 28. marz 1962.

Samgöngumálanefnd neðri deildar Alþingis, Reykjavík.

Vér höfum móttekið bréf háttvirtrar samgöngumálanefndar, dags. 15. þ. m., þar sem óskað er umsagnar vorrar um frv. til l. um breytingu á l. nr. 33 1. febr. 1936, um Ferðaskrifstofu ríkisins, en í frv. þessu (þskj. 23) er lagt til, að felldur verði niður einkaréttur Ferðaskrifstofunnar til þess að starfrækja ferðaskrifstofu fyrir erlenda menn.

Vér erum sammála flutningsmanni þessa frv., að aðstæður allar eru gjörólíkar nú og þegar Ferðaskrifstofa ríkisins var stofnuð fyrir 26 árum, og virðist oss því rétt, að þessi einkaréttur Ferðaskrifstofunnar til þess að veita erlendum ferðamönnum fyrirgreiðslu sé felldur niður, enda mun ekki fyrir það að synja, að ýmsir einkaaðilar hafa óátalið stofnað til rekstrar ferðaskrifstofa hér á landi á undanförnum árum og ekki alltaf einskorðað sig við fyrirgreiðslu innlendra ferðamanna, þannig að einkaréttur Ferðaskrifstofu ríkisins hefur hin síðari árin verið meira í orði en á borði.

Hins vegar viljum vér benda á, að verði einkaréttur Ferðaskrifstofunnar felldur niður, er ástæða til þess, að fylgzt verði með því af hálfu hins opinbera, að ekki geti hver og einn, sem kynni að láta sér detta í hug að koma á fót ferðaskrifstofu fyrir erlenda og innlenda menn, án þess að hafa nokkur skilyrði til þess að geta annazt fyrirgreiðslu ferðamanna sómasamlega, stofnsett slíka skrifstofu.

Viljum vér í því sambandi benda á, að í frv. til l. um landkynningu og ferðamál, sem flutt hefur verið a. m. k. á tveim þingum af Gunnari Thoroddsen og fleirum (sjá þskj. 449 á Alþingi 1954—55), en hefur ekki náð fram að ganga, var lagt til, að stofnað yrði Ferðamálaráð Íslands, sem hefði umsjón og eftirlit með

öllu, er lýtur að ferðamálum, þ. á m. að þeir, sem gera vilja móttöku ferðamanna að atvinnu sinni, séu starfi sínu vaxnir um menntun og framkomu (sbr. 3. gr. 4. lið frv.).

Með tilliti til framanritaðs viljum vér láta í ljós það álit vort, að vér teljum rétt, að einkaréttur Ferðaskrifstofunnar verði felldur niður, svo sem lagt er til í frv., en að jafnframt sé komið á eftirliti af hálfu hins opinbera með ferðaskrifstofurekstri einkaaðila, a. m. k. þangað til fullkomnari skipan verði komið á ferðamál í landinu, svo sem lagt var til í frv. Gunnars Thoroddsens o. fl. frá 1954—55.

Virðingarfyllst,

H.F. EIMSKIPAFÉLAG ÍSLANDS.

G. Vilhjálmsson.

Ed. 37. Frumvarp til laga [37. mál]

um kornrækt.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Búnaðarfélag Íslands fer með stjórn þeirra mála, er lög þessi varða, undir yfirstjórn landbúnaðarráðherra.

2. gr.

Aðilum, sem mynda með sér félagssamtök um að gera kornrækt að framleiðslugrein, þar sem bygg, hafrar eða aðrar korntegundir eru ræktaðar svo, að þær nái þroska, skal gefinn kostur á sérstökum stuðningi samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Skilyrði fyrir því, að framlag sé veitt til kornræktar, eru:

1. Að akurlendið sé þar í sveit sett, að vænta megi í öllu venjulegu árferði, að korn nái fullum þroska.
2. Að aðilar myndi með sér félagssamtök, kornræktarfélag, er skuldbindi sig til að rækta um 10 ára tímabil korn á minnst 10 ha lands. Búnaðarsambönd, ræktunarsambönd eða búnaðarfélög geta gerzt aðilar að vélakaupum og leigt vélarnar kornræktarfélögum.

   Nú tekst einstaklingur á hendur skuldbindingar samkvæmt 1. málsgr., og skal þá veita honum sama stuðning og félagi, enda hlíti hann sömu skilyrðum og kornræktarfélag.
3. Að hlutaðeigandi félag eða einstaklingur ráði yfir landi, sem sé að minnsta kosti helmingi stærra en það land, sem samið er um að rækta korn á, og að allt landið sé nægilega þurrt og hæft til kornræktar.
4. Að aðilar skuldbindi sig til að hlíta reglum þeim, sem settar verða um vinnslu landsins, áburðarnotkun, tegundaval sáðkorns, uppskeru, meðferð alla og annað til tryggingar því, að framleiðslan verði sem bezt vara.
5. Að aðili geri skýrslur, sem fyrirskipaðar verða, um allt, er varðar reksturinn. Einnig geri hann uppskeruskýrslur og nákvæmt yfirlit um kornræktina og einstaka þætti hennar, svo að séð verði, á hvaða tíma hvert verk er unnið.
6. Að samningsaðili skili aftur til þess, er annast framkvæmd laga þessara, þeim vélum og tækjum, sem stofnstyrkur hefur verið greiddur á, ef kornrækt fellur niður, og skulu þá dómkvaddir menn meta endurgreiðslu.

4. gr.

Þeim, sem tekið hafa að sér samningsbundna kornyrkju, skulu árlega og í tæka tíð tryggð kaup á sáðkorni af þeim stofnum, er bezt hafa reynzt í hérlendum tilraunum, enda fylgi skilríki frá seljanda um uppruna sáðkornsins, og ber hann ábyrgð á gæðum þess, hreinleika og spírunarhæfni.

Samningsbundnir kornræktaraðilar skulu hafa forgangsrétt til að rækta útsæði af völdum stofnum, enda hlíti þeir reglum, er um þá ræktun gilda á hverjum tíma.

5. gr.

Framlög til eflingar kornræktar skulu vera sem hér segir:

1. Styrkur til kaupa á kornyrkjuvélum, allt að 50% af kaupverði þeirra, þar með talinn kostnaður við samsetningu vélanna og flutningskostnaðar til kaupanda, enda standi eitt félag eða fleiri að kaupunum. Sama gildir um einstaklinga, eftir því sem við á. Ræktunarsambönd, búnaðarfélög eða einstaklingar geta notið sömu hlunninda, sbr. 2. lið 3. gr. Heimilt er að veita framlag til kaupa á sáðvélum, sjálfbindurum og þreskivélum eða uppskeru- og þreskivélasamstæðu og kornmyllum, enn fremur til kaupa á þurrktækjum fyrir þreskt korn.
2. Greiða skal sama framlag úr ríkissjóði á hvern ha. við frumvinnslu lands til kornræktar og greitt er samkvæmt jarðræktarlögum vegna nýræktar og síðan árlega helming þess.
3. Heimilt er að verja árlega allt að kr. 10000.00 til viðurkenningar þeim, sem eru til fyrirmyndir um kornrækt.

6. gr.

Á fyrsta ári, eftir að lög þessi öðlast gildi, skal gefa 5 félögum bænda eða einstaklingum, sem vilja taka að sér árlega ræktun korns á minnst 10 ha. lands yfir áætlunartímabilið, kost á aðstoð löggjafar þessarar og síðan 5 félögum eða einstaklingum árlega.

Auglýsa skal eftir þátttöku fyrir 30. júní árið áður en ræktun hefst, og samningar skulu gerðir það tímanlega, að jarðvinnslu vegna kornræktar geti verið lokið fyrir 1. október haustið áður en ræktun hefst.

7. gr.

Gefa skal út leiðbeiningar um undirbúning og framkvæmd ræktunarinnar og um meðferð uppskerunnar og sé eintak af þeim afhent samningsaðila, um leið og samningur er gerður.

8. gr.

Stofnframlag til vélakaupa, sbr. 5. gr., má vera allt að kr. 200 000.00 til hvers samningsaðila. Almennt framlag samkvæmt jarðræktarlögum greiðist ekki á þá jarðvinnslu, sem samningar um kornyrkju ná til.

9. gr.

Landbúnaðarráðherra gefur út reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal endurskoða þau innan 10 ára frá gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frv. báru fram á síðasta þingi frv. til laga um kornrækt, en það hlaut þá ekki samþykki.

Frv. þetta er samhljóða því frv., sem flutt var í fyrra.

Sú reynsla, sem fengin er af kornrækt á Sámsstöðum og víðar, hefur sýnt, að unnt er víða í sveitum landsins að rækta korn, svo að það nái fullum þroska, og að kornrækt geti orðið ein af framleiðslugreinum landbúnaðarins.

Árlega eru fluttar inn fóðurvörur fyrir allháar fjárhæðir í erlendum gjaldeyri. Með aukinni ræktun korns mætti draga úr þeim innflutningi eða jafnvel fella hann niður og spara erlendan gjaldeyri sem því nemur. Það virðist því sjálfsagt, að ríkisvaldið hvetji bændur til að hefja kornrækt með því að veita þeim fjárhagslega aðstoð til þess.

Þessu frv. hefur áður fylgt allýtarleg greinargerð, og vísast til hennar um nánari skýringar.

Sþ. 38. Tillaga til þingsályktunar [38. mál]

um byggingarframkvæmdir og fornleifarannsóknir í Reykholti.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða undirbúningi næstu byggingarframkvæmda við Reykholtsskóla og staðsetja þær þannig, að sem fyrst verði unnt að ljúka fornleifarannsóknum á staðnum.

Greinargerð.

Á einum mesta sögustað þjóðarinnar, Reykholti í Borgarfirði, blasa við augum tvö verkefni. Annað er að búa héraðsskólann fullnægjandi húsakosti til allra greina starfsemi sinnar, en hitt er að ljúka fornleifagrefti á staðnum.

Þessi tvö verkefni kunna að virðast óskyld, en við nánari athugun kemur í ljós, að órjúfanlegt samhengi er á milli þeirra, og því eru þau tekin saman í einni og sömu ályktunartillögu.

Reykholtsskóli hefur íþróttahús, sem var reist sem alger bráðabirgðabygging fyrir rúmlega þrem áratugum, en hefur verið notað æ síðan. Er skólanum brýn nauðsyn að fá viðunandi íþróttahús, en jafnframt vanhagar hann um rúmbetri heimavist til að svara kröfum tímans, svo og smíðahús og fleira.

Hið gamla og ófullnægjandi íþróttahús stendur einmitt þar, sem göng Snorra lágu frá bæ hans til laugarinnar. Þess vegna hefur ekki verið unnt að ljúka uppgrefti á þessum merkilegu göngum, en fræðimönnum og leikmönnum er mikil forvitni að vita, hvað í ljós kemur, þegar unnt verður að ljúka þeim grefti og komið verður að sjálfum bæjarrústunum. Þegar þeim grefti lýkur, verður væntanlega unnt að ganga frá lauginni eftir göngunum í bæinn, sömu leið og Snorri fór, hvað sem annað kann að koma í ljós. Þessar fornleifaframkvæmdir er ekki hægt að vinna, fyrr en gamla íþróttahúsið verður fjarlægt, en það má skólinn ekki missa, fyrr en hann fær nýtt hús.

Af þessum staðreyndum verður ljóst, að hér er um veigamikið mál að ræða, sem þjóðin verður að hrinda í framkvæmd, þótt það taki óhjákvæmilega nokkur ár. Er tími til kominn að undirbúa málið og byrja á byrjuninni: reisa nýtt íþróttahús fyrir Reykholtsskóla.

Árið 1957 samþykkti Alþingi tillögu um, að hyggja skyldi að framtíðarskipan Reykholts, og var þá skipuð nefnd, sem fjallaði um þau mál. Var gert mikið átak fyrir skólann og sjálft skólahúsið endurbætt stórlega, enda var þess orðin rík þörf. Þá veitti Alþingi nokkurt fé til viðhalds sögulegum minjum í Reykholti, og hefur verið hægt að halda Snorralaug vel við og gæta hennar síðan, enda er það óhjákvæmilegt. Hins vegar varð nefndinni ljóst, að verkefni framtíðarinnar væru þau, sem í þessari tillögu eru greind, og fellur í skaut Alþingis að hrinda því máli áfram með framkvæmdum, þegar málið hefur verið nægilega undirbúið. Þess vegna er tímabært að hreyfa málefnum Reykholts á nýjan leik, og er vonandi, að þingið sýni sama skilning nú og áður, þannig að stöðugt miði áfram, unz Reykholt er þannig úr garði gert, að þjóðin hafi búið staðinn eins og sögu hans sæmir.

Sþ. 39. Tillaga til þingsályktunar [39. mál]

um endurskoðun skiptalaganna.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram endurskoðun á lögum nr. 3 frá 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl.

Greinargerð.

Tillaga þessi er samhljóða tillögu, er við flm. fluttum á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu.

Lög um skipti á dánarbúum og félagsbúum o. fl. eru frá árinu 1878. Á þeim rúmum 8 áratugum, sem liðnir eru frá gildistöku laganna, hafa orðið margvíslegar breytingar á fjölmörgum sviðum hér á landi. Það er því augljóst mál, að margvísleg atvik hafa komið fyrir við framkvæmd þessarar löggjafar, sem hinir framsýnu lagasmiðir sáu ekki fyrir á s. l. öld. Það er því skiljanlegt, að sum ákvæði þessarar löggjafar séu orðin úrelt, bæði vegna breyttra aðstæðna og breyttrar löggjafar á öðrum sviðum. Á það ekki sízt við um rétt konunnar, sem áður fyrr hafði mjög takmörkuð þjóðfélagsréttindi, sem hafa breytzt á þann veg, að nú njóta þær á flestum eða öllum sviðum sömu réttinda og karlmenn.

Á síðasta Alþingi var samþykkt frv. til erfðalaga, og var það samið af mjög hæfum mönnum. Lög þessi eru sniðin eftir erfðalöggjöf Norðurlanda, að svo miklu leyti sem hentar íslenzkum staðháttum. Inn í erfðalögin hafa verið tekin fyrirmæli um setu í óskiptu búi, sem áður voru í öðrum lögum. Milli erfðalaga og skiptalaga eru náin tengsl, þar sem hlutverk skiptalaganna er m. a. það að setja ákvæði um skipti bús milli erfingja.

Við flm. þessarar tillögu erum þeirrar skoðunar, að endurskoðun skiptalaganna eigi að sigla í kjölfar nýrra erfðalaga.

Nd. 40. Frumvarp til laga [40. mál]

um breyting á lögum nr. 43/1959, um breyting á lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Síðasta málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Til kostnaðar við hafnargerðir og lendingarbætur telst: hafnargarðar, bryggjur, dýpkanir, uppfyllingar, dráttarbrautir, þurrkvíar, kranar, innsiglingarmerki, hafnsögubátar, sjómannastofur og enn fremur verbúðir í viðleguhöfnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur í sér þá einu efnisbreytingu frá gildandi lögum, að við þau mannvirki, sem talin eru styrkhæf af hafna- og lendingarbótaframlagi ríkisins, bætast sjómannastofur.

Sú hefur verið þróun síðari ára, að hafnarmannvirkin sjálf — í þrengstu merkingu þess orðs — hafa ekki ein saman þótt veita þá aðstöðu til afgreiðslu og útgerðar skipa, sem nauðsyn krafði. Þess vegna hefur smám saman verið bætt á hafnalög sem styrkhæfum framkvæmdum ýmsu því, sem þarfirnar hafa kallað á og óhjákvæmilegt þótti að leggja í kostnað við, eftir því sem hlutverk hafnanna stækkaði og starfræksla þeirra færðist í nýtízkulegra horf.

Dráttarbrautir, bryggjukranar og hafnsögubátar voru ekki hafnargerðir eftir elztu hugmyndum. Engu að síður er allt þetta óhjákvæmilegt í hverri meiri háttar höfn nú, til þess að viðunanleg aðstaða fáist til greiðrar afgreiðslu báta og skipa og nauðsynlegs viðhalds skipanna og viðgerða.

Það hefur á hinn bóginn dregizt mjög úr hömlu, að gerðar væru af opinberri hálfu ráðstafanir til þess, að sjómennirnir á skipunum fengju sambærilega bót á sinni aðstöðu í höfnum, þar sem þeir dveljast fjarri heimilum sínum, eins og skipin sjálf og vinnan við þau hefur öðlazt.

Ef hafnaryfirvöldin á hverjum stað ættu það víst, að þau fengju þann kostnað uppi borinn að ⅔ hlutum úr ríkissjóði, sem lagður væri í það að koma upp góðum nútíma vistarverum fyrir aðkomna sjómenn, má líklegt telja, að því yrði betri gaumur gefinn en nú er að gera heimilislausum sjómönnum í fiskihöfnum landsins lífið ánægjulegra en nú er raunin á.

Úr ríkisfjárhirzlunni er stöðugt lagt fram aukið fé til löggæzlu í verstöðvunum. Þó er það flestra mál, að ekki fari löghlýðnin vaxandi með þeim ráðstöfunum.

Það er hins vegar flest, sem til þess bendir, að bætt aðbúð og aðstaða til uppbyggjandi tómstundaiðju og skemmtana — en upp á það yrðu nútíma sjómannastofur að bjóða — mundi binda endi á vöxt löggæzlukostnaðarins.

Það er því óséð, hvort lögtaka þessa frumvarps mundi hafa nokkurn kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð. En miklum mun væri það þjóðlífi okkar hollara og einstaklingunum ánægjulegra, að hinum mikla tilflutningi fólks, sem fiskveiðar okkar krefjast, væri mætt með uppbyggingu menningar- og skemmtistöðva fremur en fjölgun lögregluliðs og stækkun tugthúsa.

Mál þetta lá fyrir síðasta þingi, en fékk þá ekki afgreiðslu og er því endurflutt nú.

Sþ. 41. Tillaga til þingsályktunar [41. mál]

um baráttu gegn eiturlyfjanautn.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að rannsaka, hve mikil brögð eru í landinu að ofneyzlu eiturlyfja, annarra en áfengis og tóbaks. Skal jafnframt athugað, hvaða lyf eða eiturefni hér er helzt um að ræða, hvaðan þau berast á markaðinn og hvernig sölu þeirra og dreifingu er hagað. Í starfi sínu skal nefndin njóta fyrirgreiðslu opinberra aðila, — heilbrigðisyfirvalda, lögreglu og annarra, — eftir því sem hún telur þörf á. Rannsókninni skal hún hraða eftir föngum og skila, að henni lokinni, skýrslu um niðurstöður ásamt tillögum um aðgerðir til úrbóta.

Alþingi væntir þess, að ríkisstjórnin láti síðan á grundvelli þessarar rannsóknar gera allt, sem unnt er, til þess að hefta þessa eiturlyfjaneyzlu og til þess að veita fórnarlömbum hennar nauðsynleg skilyrði til lækningar.

Greinargerð.

Margir halda því fram, að eiturlyfjaneyzla hafi farið ört vaxandi hér á landi hin síðari ár og sé nú orðin ískyggilega mikil. Engar skýrslur eru þó til um þessa

tegund neyzlu, og því er ógerningur að fullyrða nokkuð um hana að svo stöddu. Hins vegar er ofnautn eiturlyfja svo alvarlegt mál, að minnstu líkur til útbreiðslu hennar hljóta að réttlæta tafarlausa rannsókn og síðan viðeigandi aðgerðir.

Íslenzk blöð hafa öðru hvoru gert eiturlyfjaneyzlu hér á landi að umtalsefni og þá ýmist greint frá einstökum dæmum eða rætt hana almennt. Þar hefur þeirri skoðun verið haldið fram, að eiturlyfjaneyzla breiðist hér mest út meðal ungs fólks og þá einkum meðal kornungra stúlkna.

Í fórum lögreglunnar munu vera til allmikil gögn, er snerta þetta óhugnanlega vandamál, enda ekki einsdæmi, að hún hafi verið fengin til að skakka leikinn á heimilum og í hófum eiturlyfjaneytenda á ýmsum aldri. Þá er og vitað um mörg lögbrot framin í því skyni að afla nautnalyfja og koma þeim út.

Læknar og lyfjafræðingar verða daglega varir við ásókn fólks í nautnalyf, og er sú ásókn talin hafa aukizt verulega á síðari árum. Virðist þar vera um að ræða fólk á öllum aldri og af báðum kynjum. Læknar hafa einnig á annan hátt kynnzt þessu vandamáli, því að til þeirra er leitað um hjálp handa hinum ógæfusömu eiturlyfjaneytendum, — hjálp, sem allajafna gengur erfiðlega að veita, enda aðstaðan hér á landi eins slæm og hún getur frekast verið.

Þótt ýmsir aðilar þekki þannig til einstakra eiturlyfjaneytenda, hefur enginn hugmynd um fjölda þeirra hér á landi, en líkur eru fyrir, að hann sé óhugnanlega mikill og fari vaxandi.

Það er vafi um tölu þessa ógæfufólks, en þó er ýmislegt annað í sambandi við vandamálið ekki síður óljóst. Hvar fá menn nautnalyfin? Er þeim smyglað inn í landið með skipum og flugvélum, eða berast þau frá hinu erlenda yfirráðasvæði í nánd við Keflavík? Er hugsanlegt, að læknar og lyfjafræðingar séu ekki nægilega vel á verði gagnvart misnotkun læknislyfja? Þessar og þvílíkar spurningar vakna eðlilega, en svör við þessu fást engin að órannsökuðu máli.

Sérstökum áhyggjum hlýtur sá grunur að valda, að útbreiðsla eiturlyfjaneyzlu sé sérlega mikil meðal unglinga og jafnvel að nautnalyfjum sé af ráðnum hug haldið að ungum stúlkum. Þessi grunur, svo ljótur sem hann er, hefur verið látinn í ljós opinberlega. Hefur hann við rök að styðjast eða ekki? Úr því verður að fást skorið með samvizkusamlegri og hlífðarlausri rannsókn.

Nákvæm athugun á að geta leitt í ljós staðreyndir þessa máls, og á þeim eiga aðgerðirnar síðan að byggjast. Baráttuna gegn eiturlyfjaneyzlu verður að heyja markvisst, og má í engu til spara. Þar verða allir að leggjast á eitt. Sölu og dreifingu nautnalyfja þarf að uppræta og jafnhliða að koma til hjálpar þeim, sem orðið hafa nautninni að bráð. Eins og sakir standa, er mjög erfitt fyrir um lækningu þessara sjúklinga, og kemur þar til greina m. a. alger skortur á stofnunum, sem því hlutverki geta gegnt. Úr þessu er tiltölulega auðvelt að bæta nú, ef viljann skortir ekki. Tveir stórspítalar eru í byggingu í Reykjavík, Landsspítalinn og Borgarsjúkrahúsið. Í báðum þessum stofnunum þurfa að vera geðlækningadeildir, sem ásamt öðru eiga að sinna því hlutverki að lækna eiturlyfjaneytendur.

Þess er vænzt, að Alþingi sýni þessu vandamáli fullan skilning. Það er þjóðfélagslegs eðlis og snertir lífshamingju fjölda heimila í landinu. Það, sem farið er fram á, er fyrst athugun og síðan ráðstafanir. Sé ástandið í þessu efni eins alvarlegt og af er látið, verður að bregða skjótt við og beita öllum tiltækum ráðum til úrbóta.

Sþ. 42. Tillaga til þingsályktunar [42. mál]

um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Magnús Jónsson, Matthías Á. Mathiesen.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka og gera tillögur um, hvar og hvernig megi bezt koma á hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulagi í atvinnurekstri Íslendinga og á hvern hátt þing og stjórn geti stuðlað að eflingu slíks fyrirkomulags. Skal ríkisstjórnin hafa samráð við fulltrúa frá samtökum atvinnurekenda og launþega um þetta undirbúningsstarf, er skal lokið eins fljótt og möguleikar eru á.

Greinargerð.

Tillaga um þetta efni hefur verið flutt á Alþingi nokkrum sinnum áður, en ekki hlotið lokaafgreiðslu. Á Alþingi árið 1937 fluttu þeir Jóhann G. Möller og Thor Thors tillögu svipaðs efnis og þá, er hér að ofan greinir. Skyldi samkvæmt henni skipuð 5 manna milliþinganefnd til þess að rannsaka og gera tillögur um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Tillaga þessi var samþykkt og nefndin kosin samkvæmt henni. En við það sat. Nefndin hélt aðeins einn fund, og engar tillögur komu frá henni.

Það er skoðun flutningsmanna þessarar tillögu, sem nú er flutt, að hér sé um svo merkilegt mál að ræða, að gera beri tilraun til að koma því á frekari rekspöl. Hagsmunaárekstrar eru tíðir milli vinnuveitenda og verkalýðs í hinu íslenzka þjóðfélagi. Efnahags- og afkomugrundvöllur þjóðarinnar verður við þessar deilur ótraustari. Engra úrræða má því láta ófreistað til þess að sætta vinnu og fjármagn, koma á friði milli þeirra, sem stjórna atvinnutækjunum, og þeirra, sem vinna við þau. Mjög líklegt verður að telja, að stórt spor væri stigið í þá átt með því að gera verkamennina, sjómennina og iðnaðarmennina að meðeigendum og meðstjórnendum í atvinnufyrirtækjunum, þar sem því verður við komið. Að því takmarki stefnir þessi tillaga.

Í greinargerð þeirri, sem fylgdi tillögu þeirra Jóhanns G. Möllers og Thors Thors árið 1937, var því skipulagi greinilega lýst, sem hér er um að ræða. Leyfa flutningsmenn þessarar tillögu sér að prenta þann kafla greinargerðar þeirrar upp hér á eftir. En þar var komizt að orði á þessa leið:

„Hér skal atvinnufyrirkomulagi þessu lýst nokkuð. Arðskiptifyrirkomulagið gengur út á það að veita starfsmönnum fyrirtækjanna hlutdeild í arði þeirra. Er það eitt út af fyrir sig mjög þýðingarmikið atriði og mjög til bóta frá því, sem nú er víða. Oft er samfara arðskiptingunni eftirlit og nokkur stjórnaríhlutun af hálfu verkamannanna. En hlutdeildarfyrirkomulagið sjálft (co-partnership) miðar að því að veita starfsmönnum fyrirtækjanna áhrifavald í fyrirtækjunum, ekki einungis með þeim hætti að gera þá hluttakandi í arði fyrirtækjanna, heldur með því að gera þá beinlínis að meðeigendum þeirra. Yfirleitt er það stefnumið þeirra manna, sem berjast fyrir þessu máli, að allir verkamenn fyrirtækjanna hafi hlutföku í arði þeirra, eignist hluti í þeim og hafi íhlutun um stjórn þeirra eða eftirlit með henni. Má í sem stytztu máli segja, að grundvallarsetningar þessa fyrirkomulags séu:

1. að verkamennirnir fái auk hinna föstu launa einhvern hluta í arðinum;
2. að þeim gefist kostur á að safna arðhluta sínum, eða einhverjum hluta hans, til þess með honum að eignast hluta í atvinnufyrirtækjunum;
3. að þeir fái hlutdeild í stjórn fyrirtækjanna, annaðhvort með því: a) að eignast hlutafé og verða á þann hátt aðnjótandi réttinda venjulegra hluthafa, eða með því: b) að nefnd verkamanna hvers fyrirtækis hafi íhlutun um rekstur þess.

Eru þetta þær grundvallarsetningar, sem sérstaklega hefur verið byggt á í þessu efni. En fjölbreytni fyrirkomulagsins er svo að segja takmarkalaus, enda

hægt að beita því við svo til allar greinar atvinnulífsins. Er fengin í þessum efnum mikil reynsla erlendis.

Það má vera augljóst mál af því, sem nú hefur verið sagt, hver er tilgangurinn með eflingu atvinnurekstrarfyrirkomulags þessa. Og ef kleift er að ná þessum tilgangi, er það auðsætt, að framkvæmd þessa máls er spor í áttina til lausnar eins höfuðvandamáls þjóðfélags vors og kippir fótum undan hinni skefjalausu áróðrarstarfsemi andstæðinga núverandi þjóðskipulags um, að atvinnuveitendur hljóti jafnan að vera andstæðingar, ef ekki fjendur verkamanna. Það er því ekki að ófyrirsynju, að vakin er athygli Alþingis á þessu máli og þess farið á leit, að löggjafarvaldið geri sitt til að efla framdrátt þessa máls með þjóð vorri, enda er það svo, eins og áður er drepið á, að þessari stefnu í atvinnumálum vex nú óðum fylgi. Hafa mörg stærstu og happadrýgstu fyrirtæki heimsins verið rekin á grundvelli þessa fyrirkomulags. En eitt höfuðeinkenni í rekstri þeirra er, að vinnudeilur koma þar aldrei fyrir, og flest eru þau annáluð fyrir snilldarlegan aðbúnað við verkamenn sína. Margir frægustu þjóðhagsfræðingar og heimsfrægir stjórnmálamenn hafa og séð í þessu atvinnurekstrarfyrirkomulagi lausn höfuðvandamála þjóðfélaga nútímans, og telja margir þeirra, að þegar menn taki að skilja hina dýpri merkingu hlutdeildarfyrirkomulagsins, þegar hún verði bæði verkamönnum og vinnuveitendum ljós, muni verða hægt að mynda hlutdeildarrekstur, sem geri launagreiðslur óþarfar nema sem úttekt á reikning. En þó að það sé langt undan landi, að svo verði, er málið þannig vaxið, að ástæða þykir til að athuga, hversu feikna stórt spor til heilbrigðrar þróunar efnahagslífsins væri hægt að stíga með framkvæmd þessa atvinnurekstrarfyrirkomulags."

Sþ. 43. Tillaga til þingsályktunar [43. mál]

um endurskoðun laga um lánveitingar til íbúðabygginga.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson, Jón Skaftason, Þórarinn Þórarinsson, Halldór Ásgrímsson, Halldór E. Sigurðsson, Ólafur Jóhannesson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna milliþinganefnd, hlutbundinni kosningu, til þess að endurskoða öll gildandi lög um lánveitingar til íbúðabygginga í landinu.

Nefndin skal gera tillögur að nýrri löggjöf í þessum efnum, er m. a. hafi það markmið:

að auka lánveitingar til byggingar nýrra íbúða, svo að unnt verði að lána til hverrar íbúðar af hóflegri stærð, hvar sem er á landinu, ⅔ hluta af byggingarkostnaði;

að jafna aðstöðu manna til lánsfjár þannig, að heildarlán geti orðið svipuð til hvers manns, miðað við sömu stærð íbúðar, hver sem hann er og hvar sem hann býr;

að greiða fyrir mönnum með lánveitingum til að endurbæta íbúðir svo og að kaupa íbúðir til eigin nota.

Nefndin leggi tillögur sínar fyrir næsta reglulegt Alþingi. Kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Allir þurfa á húsnæði að halda, engu síður en fæði og klæði. Siðferðileg skylda ríkisvaldsins til að gera mönnum mögulegt að eignast þak yfir höfuðið er engu minni en að stuðla að nægilegri atvinnu og viðunandi lífskjörum að öðru leyti.

Það verður jafnan eitt af fyrstu viðfangsefnum þeirra, er stofna heimili, að reyna að eignast íbúð. Flestir eru ungir að árum, þegar þeir mynda eigið heimili, og fæstir þeirra eru miklum efnum búnir. Hins vegar kostar íbúð fyrir fjölskyldu mikið fé, eins og nú er komið.

Samkv. skýrslum Hagstofu Íslands kostar nú 300 rúmmetra íbúð um 440—490 þús. kr. og hefur hækkað í verði á síðustu fjórum árum um 130—145 þús. kr. Skortir því mjög á, að lán úr byggingarsjóði ríkisins eða stofnlánadeild Búnaðarbankans hafi dugað til að greiða verðhækkun íbúðarinnar. Jafnvel þótt lán þessi hækki nú úr 100 þús. kr. á íbúð í 150 þús. kr., eru þau samt ekki nema rúmlega fyrir verðhækkuninni. Þótt lán úr lífeyrissjóðum séu nokkru hærri, njóta þeirra ekki aðrir en þeir, sem greiða til lífeyrissjóðanna. Af þessu leiðir, að eigið framlag hvers manns, sem byggir sér íbúð af fyrrnefndri stærð, þarf að vera 290—340 þús. kr., og er þá miðað við 150 þús. kr. lán. Nærri má geta, hversu auðvelt þetta reynist ungu og efnalitlu fólki. Óhjákvæmilegt er því að hækka lán til hverrar íbúðar frá því, sem nú er.

Þá er hagkvæmt að veita mönnum nokkurt lánsfé til endurbóta á gömlum húsum eða til að kaupa slík hús. Með því má hagnýta betur húsnæði, sem fyrir er, spara lánsfé, sem annars þyrfti í nýjar íbúðir, og koma í veg fyrir, að menn búi í óviðundandi íbúðum.

Þróun þessara mála hefur vægast sagt farið alvarlega úrskeiðis síðustu árin. Sem dæmi um samdrátt í íbúðabyggingum þrjú síðustu árin, í samanburði við þrjú næstu ár þar á undan, má nefna eftirfarandi um tölu íbúða, sem byrjað hefur verið að byggja tilgreind ár:

	1956—1958	1959—1961	Fækkun
Sveitir	406	246	160 — 39%
Kauptún	753	583	170 — 23%
Kaupstaðir	1341	1040	301 — 22%
Reykjavík	2347	1530	817 — 35%
Samtals	4847	3399	1448 29.9%

Framangreindar upplýsingar eru fengnar úr skýrslu Efnahagsstofnunar ríkisins.

Víða hefur húsnæðisleysi komið í veg fyrir stofnun heimila, — einnig staðið í vegi fyrir, að menn gætu notið heppilegra atvinnuskilyrða. Sums staðar mun vera eitthvað meira um það, að ráðizt hafi verið í íbúðabyggingar á árinu 1962 en hvert hinna þriggja ára næst á undan. Þetta mun stafa af því, að þrýstingurinn frá óþolandi ástandi í húsnæðismálunum er orðinn svo mikill, að menn reyna að hefja byggingu upp á von og óvon.

Hér er um þjóðfélagsvandamál að ræða, sem þolir ekki bið, en þarf að ráða bót á hið fyrsta, og í þeim tilgangi er tillaga þessi flutt.

Sþ. 44. Tillaga til þingsályktunar [44. mál]

um fiskiðnskóla.

Flm.: Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Geir Gunnarsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um fiskiðnskóla, er ætlað sé það hlutverk að búa menn undir fiskmatsstörf, verkstjórn, kennslu og leiðbeiningastarfsemi í fiskiðnaði.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis hefur verið flutt á undanförnum þingum án þess að ná fram að ganga. Er hún nú flutt enn einu sinni í þeirri von, að hún megi hljóta jákvæða afgreiðslu, því að varla getur verið ágreiningur um nauðsyn málsins.

Kunnugt er, að fiskmatsmenn hafa fyrr og síðar haft áhuga á stofnun skóla í sérgrein sinni, enda hefur fiskmatsstjóri, Bergsteinn Á. Bergsteinsson, ávallt talið það mikið nauðsynjamál. Þess má enn fremur geta, að aðalfundur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna 1960 ályktaði að skora á Alþingi að samþykkja þessa tillögu, þegar hún var fyrst til umræðu á Alþingi. Má því fullyrða, að þeir, sem kunnugastir eru þessu máli, séu þess hvetjandi, að ráðizt verði í stofnun sérstaks fiskiðnskóla, enda getur það ekki talizt nein ofrausn þeirri þjóð, sem byggir afkomu sína að verulegu leyti á sjávarafla og nýtingu hans.

Skipulagsbundin fræðsla fyrir fiskmatsmenn hófst hér á landi árið 1947 á vegum atvinnumálaráðuneytisins, og hefur Bergsteinn Á. Bergsteinsson frá fyrstu tíð verið forstöðumaður fiskmatsnámskeiðanna og hvatamaður þeirra. Munu yfir 500 manns hafa notið fræðslu á námskeiðum þessum frá upphafi. Hefur kennslan bæði verið bókleg og verkleg, eftir því sem kostur hefur verið á tiltölulega stuttum tíma. Auk þess hefur fiskmatið beitt sér fyrir svokölluðum „skyndinámskeiðum", aðallega úti um land, til þess að samræma störf matsmanna og kynna þeim nýjungar. Eins hafa samtök hraðfrystihúsanna, bæði SH og SÍS, haldið námskeið á eigin vegum fyrir starfsmenn sína. Öll þessi fræðslustarfsemi hefur orðið til mikils gagns, og ber að þakka þeim, sem haft hafa forgöngu um hana.

Námskeiðin ná þó of skammt. Fiskiðnaðurinn og fiskmatið þarfnast sérstaks skóla, og sýnist ekki óeðlilegt, að starfræksla hans sé að mestu eða öllu leyti á vegum ríkisins. Ekki virðist flutningsmönnum þessarar tillögu það endilega sjálfsagt, að skóli þessi sé deild í sjómannaskólanum né heldur að hann verði staðsettur í Reykjavík. Kann að vera, að aðrir staðir séu heppilegri sem skólasetur, og ber að kanna það ásamt öðrum þáttum þessa máls.

Fiskmats- og fiskiðnskóli mundi hafa fjölbreytta námsskrá í bóklegum og verklegum efnum. Um lengd námstímans skal ekkert fullyrt á þessu stigi, en námi mundi að sjálfsögðu ljúka með prófi, sem réttlátt væri að gæfi ákveðin réttindi í sambandi við fiskmatsstörf, verkstjórn, kennslu og leiðbeiningastarfsemi í fiskiðnaði. Æskilegt væri, að menn gætu sérhæft sig á vissum sviðum fiskiðnaðar, en skólinn yrði þó aðallega að stefna að því að veita almenna þekkingu.

Sþ. 45. Frumvarp til fjáraukalaga [45. mál]

fyrir árið 1961.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1961, eru veittar 171 792 086.75 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstur og sími ..... af kr. 37 795 167.96 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	kr.	36 359 218.88
2.	Ríkisútvarp ..... en tekjur fóru kr. 1 453 766.50 fram úr fjárlagaáætlun.	—	5 193 201.98
3.	Viðtækjaverzlun ..... af kr. 750 958.12 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	401 559.09
4.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg ..... en tekjur fóru kr. 687 750.47 fram úr fjárlagaáætlun.	—	868 176.53
5.	Landssmiðjan ..... af kr. 376 119.82 tekjum umfram fjárlagaáætlun.	—	223 497.40

6.	Tunnuverksmiðjur	kr.	1 025 219.27
	af kr. 1 025 219.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Innkaupastofnun ríkisins	—	1 171 116.63
	af kr. 1 571 833.45 tekjum framfram fjárlagaáætlun.		
8.	Bessastaðabú	—	402 834.55
	en tekjur fóru kr. 230 429.99 fram úr fjárlagaáætlun.		
9.	Vífilsstaðabú	—	58 721.18
	af kr. 99 649.01 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Kópavogsbú	—	30 853.85
	af kr. 54 338.33 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
11.	Kleppsbú	—	5 810.70
	af kr. 9 832.23 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
12.	Skólabúið á Hvanneyri	—	495 596.20
	en tekjur fóru kr. 405 805.24 fram úr fjárlagaáætlun.		
		Kr.	46 235 806.26
Til viðbótar í 8. gr.	eru veittar	—	130 094.21
— — - 10. — I.	— —	—	2 278 881.72
— — - 10. — II.	— —	—	2 873 251.15
Til viðbótar við gjöldin í 10. gr. III.	eru veittar	kr.	134 479.15
— — — — - 11. — A.	— —	—	4 124 804.03
— — — — - 11. — B.	— —	—	4 019 961.17
— — — — - 11. — C.	— —	—	202 243.61
— — — — - 12. —	— —	—	589 984.23
— — — — - 13. — A.	— —	—	5 351 310.50
— — — — - 13. — B.	— —	—	3 534 404.41
— — — — - 13. — C.	— —	—	1 091 063.57
— — — — - 13. — D.	— —	—	3 855 781.91
— — — — - 13. — E.	— —	—	430 862.35
— — — — - 13. — F.	— —	—	630 829.21
— — — — - 14. — A.	— —	—	597 486.85
— — — — - 14. — B.	— —	—	262 751.36
— — — — - 16. — B.	— —	—	321 199.09
— — — — - 16. — C.	— —	—	92 814.46
— — — — - 16. — E.	— —	—	240 789.31
— — — — - 18. —	— —	—	1 702 175.81
— — — — - 19. — 1	— —	—	2 905 062.26
— — — — - 19. — 2	— —	—	9 140 029.53
— — — — - 19. — 5	— —	—	5 149 058.60
		Kr.	95 895 124.75
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar		—	25 896 962.00
Inn fóru kr. 67 128 439.26 fram úr fjálagaáætlun.			
		Samtals kr.	171 792 086.75

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Yfirskoðunarmenn ríkisreikninganna hafa afhent ráðuneytinu tillögur sínar til fjárveitinga í fjáraukalögum fyrir árið 1961. Þeir leggja til, að aukafjárveitingar séu veittar fyrir öllum umframgreiðslum, sem ríkisreikningurinn 1961 sýnir.

Frumvarp þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1961.

Ed. **46. Frumvarp til laga** [46. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

Ríkisreikningurinn fyrir árið 1961 samþykkist með eftirgreindum niðurstöðutölum:

	Innborganir:			Áætlun		Reikningur:
1.	Tekjur samkvæmt 2. gr.	fjárlaga	kr.	1 268 100 000.00	kr.	1 368 573 577.66
2.	— — 3. — A.	—	—	290 000 000.00	—	271 279 050.11
3.	— — 3. — B	—	—	75 000.00	—	178 939.75
4.	— — 4. —	—	—	2 493 000.00	—	5 043 292.15
5.	— — 5. —	—	—	24 900 000.00	—	19 518 218.81
6.	Eignahreyfingar samkv. 20 gr.	fjárlaga,	—	3 100 000.00	—	70 228 439.26
			kr.	1 588 668 000.00	kr.	1 734 821 517.74

	Útborganir:			Áætlun:		Reikningur:
1.	Gjöld samkvæmt 7. gr.	fjárlaga	kr.	9 782 463.00	kr.	6 366 560.38
2.	— — 8. —	—	—	1 435 010.00	—	1 565 094.21
3.	— — 9. —	—	—	9 550 000.00	—	9 929 560.99
4.	— — 10. — I.	—	—	19 415 704.00	—	21 694 585.72
5.	— — 10. — II.	—	—	18 591 577.00	—	21 464 828.15
6.	— — 10. — III.	—	—	3 844 101.00	—	3 978 580.15
7.	— — 11. — A.	—	—	77 451 522.00	—	81 576 326.03
8.	— — 11. — B.	—	—	26 290 550.00	—	30 310 511.17
9.	— — 11. — C.	—	—	1 700 000.00	—	1 902 243.61
10.	— — 12. —	—	—	50 908 786.00	—	51 498 770.23
11.	— — 13. — A.	—	—	98 299 898.00	—	103 651 208.50
12.	— — 13. — B.	—	—	14 058 000.00	—	17 592 404.41
13.	— — 13. — C.	—	—	26 322 031.00	—	27 413 094.57
14.	— — 13. — D.	—	—	10 992 543.00	—	14 848 324.91
15.	— — 13. — E.	—	—	4 452 348.00	—	4 883 210.35
16.	— — 13. — F.	—	—	5 253 962.00	—	5 884 791.21
17.	— — 14. — A.	—	—	180 048 867.00	—	180 646 353.85
18.	— — 14. — B.	—	—	13 053 806.00	—	13 316 557.36
19.	— — 15. —	—	—	13 283 706.00	—	13 090 518.51
20.	— — 16. — A.	—	—	79 370 200.00	—	74 733 538.83
21.	— — 16. — B.	—	—	25 872 482.00	—	26 193 681.09
22.	— — 16. — C.	—	—	4 687 000.00	—	4 779 814.46
23.	— — 16. — D.	—	—	32 961 859.00	—	32 333 965.15
24.	— — 16. — E.	—	—	8 813 826.00	—	9 054 615.31
25.	— — 17. —	—	—	379 249 630.00	—	377 744 213.01
26.	— — 18. —	—	—	30 272 839.00	—	31 975 014.81
27.	— — 19. — 1.	—	—	302 900 000.00	—	305 805 062.26
28.	— — 19. — 2.	—	—	12 000 000.00	—	21 140 029.53
29.	— — 19. — 3.	—	—	3 000 000.00	—	2 750 292.15
30.	— — 19. — 4.	—	—	6 000 000.00	—	
31.	— — 19. — 5.	—	—	6 500 000.00	—	11 649 058.60
32.	Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga	—	111 876 355.00	—	191 677 521.37
	Mismunur		—	428 935.00	—	33 371 186.86
			kr.	1 588 668 000.00	kr.	1 734 821 517.74

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarpið er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1961, sem lagður verður fyrir þingið samtímis frumvarpinu.

Sþ. 47. Tillaga til þingsályktunar [47. mál]

um undirbúning geðveikralaga.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til þess að undirbúa frumvarp til geðveikralaga og að láta leggja slíkt frumvarp fyrir næsta þing.

Greinargerð.

Tillaga, efnislega samhljóða þessari, var flutt í fyrra, er skammt var til þingloka. Hún komst til nefndar, en þar vannst ekki tími til að afgreiða hana. Tillögunni fylgdi svofelld greinargerð:

Sérstök geðveikralög hafa um langt skeið verið til í flestum, ef ekki öllum menningarlöndum heims, nema á Íslandi. Í Noregi hafa slík lög verið í gildi allar götur síðan 1848, en skemur annars staðar á Norðurlöndum. Virðast flestar þjóðir láta sér annt um þessa löggjöf og vilja til hennar vanda. Það má marka m. a. á því, að víða hefur á seinustu árum verið lögð mikil vinna í að endurskoða hana og færa í það horf, sem hæfir síðari tíma þróun í félags- og heilbrigðismálum. Standa Norðurlöndin hér framarlega, eins og í menningarmálum yfirleitt. Þannig hefur þessi löggjöf nýlega hlotið endurskoðun frá grunni bæði í Noregi og í Svíþjóð. Í Bretlandi voru sams konar lög síðast endurskoðuð árið 1959.

Árið 1905 voru sett lög um stofnun geðveikrahælis hér á landi. Þau voru afnumin 1932, og segir svo í lögum um afnámið: „Þangað til sett verða sérstök geðveikralög, skal daggjald á hvorri deild“ o. s. frv. Af þessum orðum má ráða, að fyrir 30 árum hafi setning sérstakra geðveikralaga verið talin sjálfsögð, þótt þá hafi ekki bráður bugur verið undinn að henni. Síðan hefur þörfin á þeirri lagasetningu ekki verið í hámæli höfð, svo að mér sé kunnugt.

Þótt hér hafi ekki verið komið á neinni heildarlöggjöf um geðveikramál, hafa þó lög verið sett um nokkra þætti þeirra. Lög um fávitahæli hafa verið í gildi síðan 1936 og lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra síðan 1949. Í lögum um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla eru ákvæði um styrkveitingar til geðsjúklinga, og eru fávitar þar með taldir. Auk þess er í ýmsum lögum að finna ákvæði varðandi geðveikt fólk, og má þar nefna lög um lögræði, lög um stofnun og slit hjúskapar og refsilög.

Geðveikralög eru misjafnlega víðtæk í hinum ýmsu löndum, en sameiginleg þeim öllum eru ákvæði varðandi sjúklinga, sem geðveikir eru í þröngri merkingu þess orðs. Koma þar fyrst og fremst til greina reglur og fyrirmæli um vistun þessara sjúklinga í sjúkrahúsum og hælum og brottskráningu þaðan, um skyldur venzlamanna og yfirvalda gagnvart sjúklingum, um rannsóknir á geðheilsu manna o. fl. Yfirleitt er í þessum lögum safnað saman ákvæðum, er varða skerðingu persónufrelsis sökum geðveiki.

Slík geðveikralög vantar tilfinnanlega hér, og mun sá skortur einatt valda sjúklingum tjóni og venzlafólki þeirra og læknum ýmiss konar vandræðum. Hér þarf að setja fastari reglur að fara eftir en verið hafa til þessa og hafa þá að sjálfsögðu til fyrirmyndar það, sem bezt þekkist erlendis á þessu sviði og okkur

hentar. Á síðari árum hafa nokkrum sinnum risið málaferli, sem eiga rót sína að rekja til vantandi eða ófullnægjandi lagafyrirmæla um þessi efni. Hafa þau málaferli þegar bakað ríkissjóði nokkur útgjöld auk þeirra óþæginda, sem þau valda aðilum. Má gera ráð fyrir, að slíkum málaferlum fari frekar fjölgandi en fækkandi, ef ekkert verður að gert. Aðalatriðið er þó hitt, að sem tryggilegast sé í lögum kveðið á um allt, er varðar réttindaskerðingu þeirra, sem geðveikir teljast.

Sþ. 48. Tillaga til þingsályktunar [48. mál]

um endurskoðun veðlaga.

Flm.: Ólafur Jóhannesson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði löggjafarinnar um veð, sbr. lög nr. 18 4. nóvember 1887, ásamt síðari breytingum þeirra laga, og undirbúa nýja heildarlöggjöf um það efni.

Greinargerð.

Þegar veðlögin voru sett árið 1887, voru atvinnuhættir hér á landi harla fábreyttir og lánastarfsemi lítil. Veðsetningar skiptu þá eigi miklu máli. Í þeim efnum hefur orðið hér gerbreyting, eins og alkunnugt er. Atvinnuvegirnir hafa tekið miklum stakkaskiptum. Atvinnulífið er orðið fjölbreyttara og með allt öðru sniði en áður fyrr. Lánastarfsemi í ýmsum myndum hefur stóraukizt og margfaldazt. Veðsetningar hvers konar hafa að sama skapi færzt í aukana og eru nú snar þáttur viðskiptalífsins.

Það liggur í hlutarins eðli, að hin gömlu veðlög frá 1887 voru eigi miðuð við þvílíkar stórbreytingar. Þau hafa því eðlilega ekki getað fullnægt að öllu leyti nýjum kröfum viðskiptalífsins og breyttum aðstæðum. Reynt hefur verið að bæta úr aðkallandi þörf hverju sinni með breytingum á lögunum eða viðaukum við þau. Þær lagfæringar á lögunum hafa sjálfsagt verið óhjákvæmilegar, eins og á stóð, en hafa verið gerðar án þess að litið væri á veðmálaefnin í heild. Veðlögin eru því að ýmsu leyti úrelt orðin, og er vafasamt, að sumar þær veðsetningar til lánsstofnana, sem nú tíðkast, séu í fullu samræmi við þau. Það er því óefað orðið tímabært að taka lagaákvæðin um veð til rækilegrar endurskoðunar og setja nýja heildarlöggjöf um veðmálaefni. Verður þá um leið að taka til athugunar, hvort lögveðsákvæði eru ekki komin út í öfgar og farin að grafa undan gildi samningsveða. Til þessarar lagaendurskoðunar þarf vel að vanda, og verður því að ætla til hennar nægan tíma.

Fyrir tillögu þessari verður gerð nánari grein í framsögu.

Nd. 49. Frumvarp til laga [49. mál]

um breyting á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Félagsheimilasjóði, sem nokkur hluti skemmtanaskatts rennur í, sbr. lög nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og breyting á þeim lögum,

skal varið til þess að styrkja byggingar félagsheimila samkv. 1. gr. Ekki má þó styrkur til hvers félagsheimilis eins félags eða samtaka félaga þeirra, sem talin eru í 1. gr., nema hærri fjárhæð en svarar 40% af byggingarkostnaði þess, sbr. þó 3. mgr. þessarar greinar.

Menntamálaráðherra getur sett sem skilyrði fyrir styrk úr sjóðnum til félagsheimilis, að fleiri en eitt félag standi að byggingu þess, til þess að afnotaþörf verði sem bezt fullnægt og rekstur geti orðið sem hagkvæmastur.

Styrk má veita til sameiginlegs félagsheimilis, sem ætlað er að vera samhýsi — héraðsheimili — félaga og sveitarfélaga ákveðins héraðs, enda hafi 80% sveitarfélaga héraðsins og eigi færri en þrjú gert með sér samning um að reisa og reka félagsheimilið. Styrkur til slíks héraðsheimilis má nema allt að 50% af byggingarkostnaði þess.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 47 5. júní 1957.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum við Nd.-þm. Austurlands samhljóða frv. Menntamálanefnd deildarinnar lagði einróma til, að það yrði samþ. óbreytt, en sökum þess, hve málið var seint fram komið, vannst ekki tími til frekari afgreiðslu. Nú er málið endurflutt óbreytt, og vænta flm. þess, að það fái nú fullnaðarafgreiðslu. Svo hljóðandi greinargerð fylgdi málinu á síðasta þingi:

Síðan lögin um félagsheimili tóku gildi og farið var 1948 að starfa samkvæmt þeim, hafa félagsheimili verið reist víðs vegar um landið. Félagsheimilum þessum má skipta í þrjá stærðarflokka:

1. Lítil hús, 600—900 m³.
2. Miðlungshús, 1000—2400 m³.
3. Stór hús, 2500 m³ og stærri.

Ríkið viðurkennir þá nauðsyn byggðarlaga að eiga mannsæmandi samkomuhús með því, lögum samkvæmt, að leggja fram fé til byggingar félagsheimila, og breyting sú, sem hér er farið fram á að gerð verði á lögunum um félagsheimili, skerðir eigi þá aðstoð.

Af skiljanlegum ástæðum hafa víða verið reist félagsheimili, sem að nokkru hafa verið sniðin eftir þörf íbúa hlutaðeigandi sveitarfélags og einnig með tilliti til þess að geta samtímis tekið á móti fleira eða færra utansveitarfólki.

Rekstur þessara húsa hefur í sumum tilfellum reynzt mjög erfiður fyrir hlutaðeigendur, og veldur þar mestu um, að stofn- og rekstrarkostnaður er of mikill miðað við afnotamöguleikana.

Sums staðar hagar svo til, að sveitarfélögum er mikil þörf á að hafa yfir að ráða sameiginlegu samkomuhúsi til fundarhalda og mannfagnaðar, en til slíkra nota reynast eðlilega félagsheimili hinna einstöku sveita að jafnaði of lítil. Auk þess eru þau venjulega þannig staðsett, að illa hentar fyrir íbúa margra sveita að eiga þangað sameiginlega sókn, sérstaklega að vetrarlagi. Þar sem svona hagar til, hefur á síðustu árum nokkuð verið unnið að því að mynda samtök fleiri sveitarstjórna og annarra aðila hlutaðeigandi sveita, þeirra sem um ræðir í 1. gr. laganna um félagsheimili, til að reisa sameiginlegt héraðsheimili á hinum hentugasta stað innan héraðsins, sem væri svo stórt, að fullnægði sameiginlegri þörf. Er þá jafnframt gert ráð fyrir, að hin einstöku sveitarfélög innan héraðsins byggi sín félagsheimili, hæfilega stór til að fullnægja þeim með tilliti til mannfjölda.

Það, sem vinnst við þetta fyrirkomulag og byggingu héraðsheimila, þar sem slíkt á við, er m. a. þetta:

1. Meiri möguleikar til nánara menningarlegs og félagsmálalegs samstarfs sveita innan sama héraðs.

2. Minni stofnkostnaður vegna byggingar félagsheimila og því hagkvæmara fyrir hlutaðeigandi sveitir og félagsheimilasjóð.

3. Meiri hagkvæmni um heilbrigðan rekstur félagsheimilanna.

4. Héraðsheimili, sem byggt er samkvæmt þörfum heils héraðs, hefur m. a. skilyrði til að vera menningarmiðstöð héraðsins, þar sem héraðsbúar geta sameiginlega notið þess bezta, sem á boðstólum er á hverjum tíma, hvort sem það er flutt af heimamönnum eða aðkomufólki. Ljóst má vera, að það er miklum fjárhagslegum erfiðleikum bundið fyrir sveitarfélögin að koma upp slíkri menningarmiðstöð sem hér um ræðir jafnhliða því að byggja sín eigin félagsheimili, þótt þau að sjálfsögðu verði minni og ódýrari en ella, þar sem þau verða meir en áður sniðin eftir heimaþörf einni. Flm. telja því rétt og eðlilegt, að hið opinbera hlutist til um, að héraðsheimili fái nokkru hærri byggingarstyrk en félagsheimili einstakra sveitarfélaga og geri þannig stærri félagsheildum auðveldara um úrlausn verkefnis, sem líklegt er að efli félagslega samvinnu, betra samkomuhald og sparnað á fjármunum.

Flm. leggja svo að lokum til, að síðasta málsgrein 2. gr. laganna um félagsheimili verði felld niður. Reynslan hefur sýnt, að telji aðilar að byggingu félagsheimilis sig eiga rétt á auknum styrk úr ríkissjóði, hefur 4. gr. laganna verið beitt.

Nánara í framsögu.

Ed. 50. Frumvarp til laga [50. mál]

um afnám aðflutningsgjalda og söluskatts af vélum og tækjum til landbúnaðar.

Flm.: Ásgeir Bjarnason, Sigurvin Einarsson, Karl Kristjánsson, Páll Þorsteinsson, Hermann Jónasson, Ólafur Jóhannesson.

1. gr.

Vélar og áhöld til landbúnaðar og landbúnaðarframleiðslu, ót. a., og hlutar til þeirra í eftirtöldum köflum og númerum tollskrár eru undanþegin aðflutningsgjöldum:

1. Hjóladráttarvélar (þar á meðal ámoksturstæki) í nr. 12 í 72 kafla.
2. Sláttuvélar í nr. 13 í 72. kafla.
3. Rakstrarvélar og snúningsvélar í nr. 14 í 72. kafla.
4. Mjaltavélar í nr. 15 í 72. kafla.
5. Áburðardreifarar, kartöfluupptökuvélar og annað í nr. 21 í 72. kafla.

2. gr.

Endurgreiða skal aðflutningsgjöld af vörum til rafmagnsframleiðslu á sveitabæjum í eftirtöldum köflum og númerum tollskrár:

1. Bifvélar (mótorar) í nr. 30 í 72. kafla.
2. Mótorrafalar í nr. 3 í 73. kafla.
3. Rafalar (dýnamóar) í nr. 4 í 73. kafla.

3. gr.

Endurgreiða skal aðflutningsgjöld af hjóladráttarvélum, sem fluttar hafa verið inn eftir 20. febrúar 1960 og notaðar hafa verið til landbúnaðar.

4. gr.

Ákvæði 1., 2. og 3. gr. taka einnig til söluskatts af innfluttum vörum samkvæmt III. kafla og ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 10 1960, um söluskatt, með síðari breytingum á þeim lögum. Sama gildir um söluskatt samkv. II. kafla sömu laga.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú stétt, sem einna harðast er leikin af ráðslagi núverandi stjórnarvalda, er bændastéttin.

Í framkvæmdum landbúnaðarins er óþolandi og háskalegur samdráttur á mörgum sviðum og færist í aukana.

Þeir bændur, sem standa á gömlum merg, þannig að þeir voru búnir að rækta mikið land, byggja viðhlítandi húsakost á jörðum sínum, koma sér upp góðum bústofni og vélvæða sig til tæknibúskapar, þola mikið án þess að bugast eða láta í stórum stíl á sjá. Hinir, sem skemmra voru komnir, eiga í vök að verjast, — margir mjög þröngri, sem óðum frýs að þeim.

Afar torvelt er — eða ókleift með öllu — fyrir nýliða að stofna til búskapar sökum þeirrar óhemjulegu dýrtíðar, sem búið er að leiða til öndvegis. Ungt fólk, sem vildi stunda búskap, hverfur að öðrum verkefnum.

Haldi svo fram sem horfir í þessum efnum, skapast fljótt eyður í byggðum sveitanna. Og í stað þess að sveitirnar leggja nú til sína hollu og ljúffengu fæðu á borð allra landsmanna, verður þjóðin ekki sjálfri sér nóg um framleiðslu þeirra matvæla.

Það er frá öllum hliðum séð eitt af þýðingarmestu málefnum þjóðarinnar, að sveitabúskapurinn blómgist.

Ein af óhjákvæmilegum þörfum nútímabúskapar er vélakostur, sem kaupa verður erlendis frá. Það er tómt mál að tala um búskap án hans.

Frumvarp þetta er flutt til að greiða götu þess, að hægt verði að byggja landbúnaðinn upp tæknilega.

Með gengisfellingunum tveim: 1960 og 1961, hækkuðu vélar til landbúnaðarins stórkostlega í verði. Hefur sú hækkun orðið landbúnaðinum mikið áfall, — ekki síst byrjendum í búskap.

Hækkandi innkaupaverð þýðir, að óbreyttum tollum og sköttum til ríkisins, hækkandi tolla og skatta í krónum. Þar hefur hækkun hlaðizt á hækkun ofan.

Ómissandi tæki eins og dráttarvél (Massey Ferguson 35, standard gerð) kostar **nú kr. 106 000.00.** Þar af eru tollar og söluskattur til ríkissjóðs **kr. 27 000.00.** Um þá fjárhæð mundi þessi vél lækka í verði, ef frumvarp þetta yrði að lögum.

Frumvarpið felur fyrst og fremst í sér — í stuttu máli sagt — að afnema tolla og skatta, sem nú eru á vélum og tækjum, sem nauðsynleg eru við almennan búrekstur. Hér er því um stórfellt hagsmunamál að ræða fyrir bændastéttina og framþróun landbúnaðarins.

Hvers vegna ætti ríkið að láta hina hart leiknu bændastétt greiða tolla og skatta ofan á landbúnaðarvélainnkaupsverðið, sem gengisfellingarnar hafa hækkað svo gífurlega sem raun ber vitni?

Sjávarútvegurinn nýtur sambærilegra tolla- og skattakjara í ýmsum greinum og hér er farið fram á til handa landbúnaðinum.

Í öðru lagi er lagt til í frv. að endurgreiða alla tolla og skatta af dísilvélum (rafstöðvum) til nota á sveitabæjum, sem fá ekki rafmagn í náinni framtíð frá héraðsveitum ríkisins. En öllum, sem til þekkja, má ljóst vera, hversu gífurlegur munur er á því að hafa einkarafstöð og standa undir rekstri af henni eða njóta rafmagns frá samveitum, sem allajafna kostar miklu minna og skapar meira öryggi.

Þá er í þriðja lagi gert ráð fyrir því í frv., að endurgreiddir verði tollar og skattar af þeim hjóladráttarvélum, sem bændur hafa keypt eftir 20. febrúar 1960, þ. e. síðan fyrri gengisfellingin kom til framkvæmda.

Verður því ekki trúað að óreyndu, að þingmenn samþykki ekki þetta frumvarp, svo ljóst sem nú liggur fyrir, hve kreppir að bændum og mikil þjóðarnauðsyn er, að landbúnaðurinn geti vélvætt sig og fullnægt sívaxandi þörf þjóðarinnar fyrir landbúnaðarafurðir.

Sþ. 51. Fyrirspurnir. [51. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um misnotkun deyfilyfja hér á landi.

Frá Benedikt Gröndal.

1. Telur dómsmálastjórnin, að vaxandi misnotkun deyfilyfja hér á landi gefi tilefni til sérstakra gagnráðstafana af hálfu ríkisvaldsins?
2. Ef svo er, telur dómsmálastjórnin gildandi lagaákvæði í þeim efnum nægilega ströng?

II. Til landbúnaðarráðherra um lán út á landbúnaðarafurðir.

Frá Ásgeiri Bjarnasyni.

Hvað líður ráðstöfunum af hálfu landbúnaðarráðherra til að koma því til leiðar og tryggja það, að út á birgðir landbúnaðarafurða fáist bankalán, sem nemi a. m. k. 70% af heildsöluverði birgðanna?

Sþ. 52. Tillaga til þingsályktunar [52. mál]

um launabætur til starfsfólks af ágóða atvinnufyrirtækja.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort fært sé að setja löggjöf, er geri atvinnufyrirtækjum, sem rekin eru með hagnaði, skylt að verja hluta af ágóða sínum til launauppbóta handa verkamönnum, verkakonum og öðru starfsfólki, sem vinnur í þjónustu þeirra.

Greinargerð.

Mikið er um það rætt, að finna þurfi nýjar leiðir í kjaramálum til að tryggja hag verkafólks og launþega. Hin þrautreynda leið vinnudeilna og verkfalla með tilheyrandi hækkun kaupgjalds í krónutali hefur sýnt æ minni árangur, því að meiri hlutinn af þeirri kaupmáttaraukningu, sem af þess konar kjarabreytingum hefur leitt, hefur aðeins haldizt í mjög skamman tíma vegna eftirfarandi verðhækkana. Er sú saga öll of kunn til þess, að hana þurfi að rekja frekar. Krónufjölgunarleiðina, sem jafnframt skapar verðminni krónur, þyrfti því að reyna að leysa af hólmi með nýjum og árangursríkari aðferðum.

Í kjaradeilum er vinnuveitendum mjög tamt að vitna til þess, að atvinnuvegirnir geti ekki borið hærra kaupgjald. Stundum á þetta við rök að styðjast, en stundum ekki. Segja má, að þegar til lengdar lætur ákvarðist kaup og kjör launþega í meginatriðum af því, sem miðlungsatvinnufyrirtæki í höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar geta borgað. Er það algild regla hjá okkur, að sama kaup er greitt fyrir sömu störf hjá hinum ýmsu atvinnufyrirtækjum án tillits til fjárhagsafkomu þeirra. Verkamaðurinn hefur með öðrum orðum sama kaup, hvort sem hann starfar hjá vinnuveitanda, sem græðir eða tapar. Þótt svo kunni að vera á ýmsum tímum, að raunhæfur grundvöllur fyrir almennar kauphækkanir sé ekki fyrir hendi, geta samt einstök vel rekin atvinnufyrirtæki, er skila hagnaði, verið vel fær um að skila starfsfólki sínu hluta af hagnaðinum í launabætur.

Hlutdeild starfsfólksins í rekstrarhagnaði atvinnufyrirtækjanna væri spor í þá átt að finna réttlátan launagrundvöll án vinnudeilna og verkfalla og þeirra fórna, sem af þeim leiðir. Slíku fyrirkomulagi mundi fylgja nánara samstarf vinnuveitenda og verkafólks. Starfsfólk atvinnufyrirtækjanna mundi með þessa hagnaðarvon fyrir augum leggja sig fram um að bæta úr ágöllum í rekstrinum og benda á leiðir til að koma fyrirtækjunum á sem hagkvæmastan rekstrargrundvöll. Af þessu leiddi væntanlega, að verkafólk fengi íhlutunarrétt um stjórn og rekstur þess fyrirtækis, sem það starfar hjá, en það ætti að geta orðið öllum aðilum til góðs, enda réttmætt, að það séu ekki eingöngu sjónarmið fjármagnseigendanna, sem ríki í stjórn fyrirtækjanna.

Verði lögfestar reglur um hlutdeild starfsfólks í ágóða atvinnufyrirtækjanna, má ætla, að þar skapaðist grundvöllur til sannra launabóta fyrir þúsundir launþega í landi þessu.

Sþ. 53. Tillaga til þingsályktunar [53. mál]

um athugun á vinnslu grasmjöls í síldarverksmiðjunni á Skagaströnd.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga, hvort hagkvæmt sé að vinna grasmjöl í síldarverksmiðju ríkisins á Skagaströnd.

Greinargerð.

Á nýsköpunarárunum létu Síldarverksmiðjur ríkisins reisa stóra síldarverksmiðju á Skagaströnd, eins og kunnugt er. Verksmiðja þessi hefur mjög lítið verið nýtt vegna þess, hve sumarsíldarafli á vestursvæðinu hefur verið lítill og skammvinnur. Jafnvel í ágætum síldarárum eins og nú í ár og í fyrra, þegar mikið magn af síld hefur verið flutt með flutningaskipum frá austursvæðinu til síldarverksmiðjanna á Norðurlandi, hefur Skagastrandarverksmiðjan orðið mjög útundan, og er það mál út af fyrir sig. Frá því verksmiðjan á Skagaströnd var stofnsett, hefur hún að jafnaði aðeins brætt síld örfáa daga á ári hverju. Kunnugir menn telja mjög athugandi að láta vinna grasmjöl í verksmiðjunni, enda muni það vera hægt án nokkurra teljandi breytinga á verksmiðjunni og án þess að slík vinnsla þurfi að trufla síldarbræðsluna. Svo vel vill til, að í nágrenni Skagastrandar, í landi jarðanna Höfðahóla og Finnsstaða, er fyrir hendi stórt uppþurrkað landssvæði, um það bil 250 hektarar að stærð, sem er vel ræktanlegt, en með ræktun á landflæmi þessu væri hægt að afla nægilegra heyja til grasmjölsvinnslunnar í verksmiðjunni.

Er sjálfsagt að láta kanna til hlítar, hvort grundvöllur sé fyrir hendi til grasmjölsvinnslu í síldarverksmiðjunni á Skagaströnd, því ef svo reyndist vera, mundi nýting verksmiðjunnar stóraukast og atvinnuafkoma Skagstrendinga yfir sumarmánuðina verða mun tryggari en áður.

Nd. 54. Frumvarp til lyfsölulaga. [54. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Lyf eru samkvæmt lögum þessum hvers konar efni eða efnasambönd, lífræn eða ólífræn, sem ætluð eru til lækninga, fróunar eða varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum í mönnum eða dýrum, svo og efni eða efnasambönd, sem notuð eru til sjúkdómsgreininga (diagnostica).

Ákvæði laga þessara taka einnig til umbúða og áhalda, sem innihalda lyf. Efni teljast þó ekki lyf, ef þau eru notuð til að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma, svo sem til sótthreinsunar á verkfærum, áhöldum, sængurfatnaði, húsgögnum, herbergjum, baðvatni, andrúmslofti í húsum og þ. u. l. og til sýklaeyðingar í uppgangi, þvagi, saur og hvers konar útferð frá sjúklingum. Sama gildir um efni, sem notuð eru til annarra hreinlætisráðstafana.

Landlæknir hefur umsjá með rekstri lyfjaverzlana og öðrum lyfsölumálum, svo og þar til heyrandi störfum lyfsala, lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga, undir yfirstjórn ráðherra þess, er fer með heilbrigðismál.

2. gr.

Setja skal lyfjaskrá (pharmacopoea) með tilskipun, er forseti Íslands staðfestir. Í lyfjaskrá skal greina einkenni lyfja og segja fyrir um hreinleika þeirra, gerð, meðferð og geymslu. Ráðherra löggildir lyfseðlasöfn (dispensatoria), lyfjaforskriftir og sérlyfjaskrá með auglýsingu.

Lyfjaskrárnefnd, skipuð sex mönnum til sex ára í senn, gerir tillögur um lyfjaskrá, lyfseðlasöfn, svo og lyfjaforskriftir. Skal einn nefndarmanna vera prófessor í lyfjafræði, annar dósent (prófessor) í lyfjafræði lyfsala, hinn þriðji prófessor í lyflæknisfræði við háskólann, en hina þrjá skipar ráðherra samkvæmt tillögu landlæknis, einn úr hópi lyfsala, annan úr hópi starfandi lyfjafræðinga og hinn þriðja úr hópi starfandi lækna. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn til jafnlangs tíma eftir tillögu landlæknis. Kostnaður við störf lyfjaskrárnefndar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, er sé ákveðin árlega. Nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti lyfjaskrárnefndar skal setja í reglugerð.

3. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum landlæknis, bannað sölu lyfja:

a. ef ranglega eða á villandi hátt er greint frá samsetningu þeirra,
b. ef líklegt þykir, að þau hafi ekki þær verkanir, sem framleiðendur telja þau hafa, eða skaðlegar aukaverkanir,
c. ef ekki er hægt að ganga úr skugga um nothæfni þeirra,
d. ef verð þeirra er óhæfilega hátt.

4. gr.

Bannaðar eru hvers konar auglýsingar lyfja, lyfjavöru, læknis- og lækningaáhalda nema sérstaklega fyrir læknum (tannlæknum, dýralæknum) og lyfjafræðingum og þá á þann hátt, að ekki sé líklegt, að auglýsingin komi almenningi fyrir sjónir.

5. gr.

Nú eru í umburðarbréfi, á prentuðu máli, í lyfjaauglýsingum eða á annan hátt gefnar rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um nothæfni, aukaverkanir eða þær

varúðarráðstafanir, sem gæta skal við notkun lyfja, og getur ráðherra þá fyrirskipað framleiðanda eða auglýsanda að senda út leiðréttingar eða viðbótarskýringar. Nú sinnir framleiðandi eða auglýsandi ekki boði ráðherra innan frests, er ráðherra setur, og varðar það þá sektum samkvæmt 68. gr. Umburðarbréf og prentað mál skal dagsetja.

II. KAFLI

Um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi.

6. gr.

Forseti Íslands veitir heimild til stofnunar lyfjabúðar (apóteks), og eigi má leggja hana niður án samþykkis hans.

Lyfjabúð má stofnsetja, þar sem þess gerist þörf að dómi ráðherra, enda hafi hlutaðeigandi sveitarstjórn æskt þess.

Lyfjabúð má að jafnaði ekki stofnsetja annars staðar en þar, sem líkur eru til, að hún geti borið sig með eðlilegum rekstri.

Ráðherra ákveður lyfjabúð stað og veitir leyfi til flutnings hennar, að fenginni umsögn Apótekarafélags Íslands og Lyfjafræðingafélags Íslands.

7. gr.

Leyfi til að reka lyfjabúð (lyfsöluleyfi) verður aðeins veitt einstaklingum. Forseti Íslands veitir slíkt leyfi. Leyfishafa er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna, svo sem þau eru á hverjum tíma, um réttarstöðu hans og starfshætti, þ. á m. um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða.

Nú skal veita lyfsöluleyfi, og auglýsir ráðherra þá eftir umsóknum með þeim hætti, er segir í 5. gr. 1. málsgr. laga nr. 38/1954. Umsóknir skal senda landlækni.

Umsóknir skal leggja fyrir tveggja manna nefnd. Annar nefndarmanna skal kjörinn af Apótekarafélagi Íslands, en hinn af Lyfjafræðingafélagi Íslands. Varamenn eru kjörnir á sama hátt. Sæki nefndarmaður um lyfsöluleyfi, tekur varamaður sæti hans í nefndinni. Kjörtími nefndarmanna er 6 ár. Nefndin lætur landlækni í té rökstudda umsögn um þá umsækjendur, sem að hennar áliti eru hæfastir, og skipar þeim í töluröð, en þó aðeins þremur hinum hæfustu, ef umsækjendur eru þrír eða fleiri. Telji nefndin einhvern umsækjanda óhæfan, skal hún geta þess. Landlæknir sendir því næst ráðherra rökstutt álit um það, hverja af umsækjendum hann telur hæfasta í töluröð, og skal umsögn nefndarinnar fylgja áliti hans. Nefndin er ólaunuð.

Ákvæði 2. og 3. málsgr. gilda ekki um hlutbundið lyfsöluleyfi (Reykjavíkurapótek).

8. gr.

Lyfjabúð skal velja heiti, sem ráðherra samþykkir, og auðkenna á áberandi hátt. Lyfsölum einum er heimilt að nefna lyfjaverzlanir sínar og þær einar lyfjabúðir eða apótek. Læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjaverzlunar, skulu auðkenna lyfjasölur sínar með embættis- eða starfsheiti.

9. gr.

Skilyrði til að öðlast lyfsöluleyfi eru þessi:

1. Íslenzkur ríkisborgararéttur.
2. Lögræði og fjárforræði.
3. Andleg og líkamleg heilbrigði.
4. Umsækjandi skal hafa lokið lyfjafræðiprófi, sem metið er gilt hér á landi.
5. Umsækjandi skal hafa unnið 12 mánuði sem lyfjafræðingur í lyfjabúð eða við lyfjagerð hér á landi. Víkja má frá þessu skilyrði, þegar sérstakar ástæður mæla með því.

6. Heimilt er að synja manni um lyfsöluleyfi, ef ákvæði 2. málsgr. 68. gr. almennra hegningarlaga eiga við um hagi hans.

Samvinnufélög þau, er öðlazt hafa leyfi til að reka lyfjabúð fyrir gildistöku laga þessara, halda leyfi sínu í 25 ár frá gildistöku þeirra. Framlengja má leyfi til 25 ára í senn, enda mæli landlæknir með umsókn. Forstöðumaður slíkra lyfjabúða skal fullnægja ákvæðum 1. málsgr., og ber að auglýsa stöðu hans samkv. ákvæðum 7. gr., og skal ráðherra samþykkja ráðningu hans að fenginni umsögn samkv. 3. málsgr. 7. gr.

Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvizkusemi og í samræmi við landslög. Gildir þetta einnig um forstöðumann lyfjabúðar, sem rekin er af samvinnufélagi, forstöðumann lyfjaútibús, sbr. 43. gr., og lyfjagerðar, sbr. 13. gr. Ráðherra ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar.

10. gr.

Lyfsöluleyfi má ekki veita starfandi lækni, dýralækni eða tannlækni.

Starfandi læknir (tannlæknir, dýralæknir) má ekki, án leyfis ráðherra, vera eigandi eða starfsmaður fyrirtækis, sem framleiðir eða verzlar með lyf. Gefi ráðherra slíkt leyfi, skal það auglýst í Lögbirtingablaði.

11. gr.

Lyfsöluleyfi fellur niður, ef leyfishafi:

1. tekur ekki við rekstri lyfjabúðar, innan þess frests, sem tiltekinn er í 31. gr.,
2. deyr eða fullnægir ekki lengur skilyrðum 9. gr.,
3. hættir að veita forstöðu lyfjabúð án þess að hafa gert ráðstafanir um rekstur hennar samkvæmt 35. gr. eða getur ekki tekið við stjórn hennar á ný,
4. fær lyfsöluleyfi fyrir annarri lyfjabúð,
5. er sviptur leyfinu samkvæmt ákvæðum þessara eða annarra laga.

Lyfsöluleyfi fellur niður í lok þess árs, sem leyfishafi verður sjötugur, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða, 1. tölulið. Ákvæði þetta gildir þó ekki um hlutbundið lyfsöluleyfi.

Ef leyfishafi óskar, getur ráðherra hvenær sem er fellt úr gildi lyfsöluleyfi hans.

12. gr.

Nú tekur lyfsali við rekstri annarrar lyfjabúðar eða fær lausn frá starfi, og er honum þá rétt og skylt að reka lyfjabúðina, þar til hinn nýi leyfishafi tekur við, sbr. 31. gr., eða lyfjabúðin er lögð niður, þó ekki lengur en 2 ár.

Nú deyr lyfsali, og fer þá um réttindi og skyldur dánarbús til rekstrar lyfjabúðar sem hér segir:

1. Ef erfingjar taka að sér ábyrgð á skuldum, er búinu rétt og skylt að annast rekstur lyfjabúðarinnar í sex mánuði eftir lát lyfsala undir stjórn forstöðumanns, enda samþykki landlæknir ráðningu hans. Frest þennan má ráðherra lengja um allt að sex mánuði, ef sérstaklega stendur á.
2. Ef erfingjar taka ekki að sér ábyrgð á skuldum dánarbúsins, eða sé það tekið til gjaldþrotaskipta, ákveður ráðherra, hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar. Sama máli gegnir, ef ekki hefur verið veitt leyfi til rekstrar lyfjabúðar innan þess frests, sem um getur í 1. tölulið.

Þegar lyfsöluleyfi fellur niður vegna annarra orsaka, ákveður ráðherra, hvernig haga skuli rekstri lyfjabúðarinnar, og má þá um stundarsakir, að fengnum tillögum landlæknis, reka hana á kostnað ríkissjóðs.

13. gr.

Sjúkrahús, heilsuhæli og geðveikrahæli, sem rekin eru af opinberum aðilum, mega að fengnu leyfi ráðherra hafa með höndum lyfjagerð og afgreiðslu lyfja

handa sjúklingum sínum og starfsmönnum og öðrum hliðstæðum sjúkrastofnunum. Forstöðumaður slíkrar lyfjagerðar skal fullnægja skilyrðum 9. greinar.

Staða forstöðumanns slíkrar lyfjagerðar skal auglýst, og samþykki ráðherra ráðningu hans, að fenginni umsögn samkvæmt 3. málsgr. 7. gr.

Á öðrum sjúkrahúsum og hælum má einungis á ábyrgð yfirlæknis vega lyf og deila í sundur, þó ekki mjög áhrifamikil eða aðgæzluverð lyf, og skal það nánar skilgreint í reglugerð.

III. KAFLI
Starfsmenn lyfjabúða.

14. gr.

Rétt til að kalla sig lyfjafræðing og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra, enda mæli landlæknir með leyfisveitingunni að fenginni umsögn lyfjaskrárnefndar.

Til þess að öðlast slíkt leyfi þarf umsækjandi að hafa lokið lyfjafræðiprófi, sem metið er gilt hér á landi, og auk þess skal hann fullnægja skilyrðum 2. og 3. töluliðs 1. málsgreinar 9. gr., enda sé gætt ákvæða 6. töluliðs sömu málsgreinar.

15. gr.

Sá, sem lokið hefur prófi í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands eða jafngildu prófi erlendis eða lauk fyrri hluta prófi við Lyfjafræðingaskóla Íslands, á rétt á að nefna sig aðstoðarlyfjafræðing (examinatus pharmaciae) og starfa sem slíkur, enda komi leyfi ráðherra til með þeim hætti, er segir í 1. málsgr. 14. gr.

Til þess að öðlast slíkt leyfi þarf umsækjandi enn fremur að fullnægja skilyrðum 2. og 3. töluliðs 1. málsgr. 9. gr., enda sé gætt ákvæðis 6. töluliðs 1. málsgr. sömu greinar.

Um starfsréttindi aðstoðarlyfjafræðinga skulu sett ákvæði í reglugerð, sbr. 69. gr.

Fyrst um sinn, meðan skortur er á lyfjafræðingum, getur ráðherra, að fenginni umsögn landlæknis, veitt aðstoðarlyfjafræðingi leyfi til að veita lyfjabúð forstöðu um takmarkaðan tíma.

16. gr.

Setja skal í reglugerð ákvæði um nám, próf og starfsréttindi aðstoðarmanna við lyfjagerð og lyfjaafgreiðslu annarra en aðstoðarlyfjafræðinga.

IV. KAFLI
Vinnudeilur og kjarasamningar.

17. gr.

Skipa skal þriggja manna nefnd, sem fjallar um kjaradeilu milli félags lyfsala annars vegar og félags lyfjafræðinga og aðstoðarlyfjafræðinga hins vegar og sker úr um ágreiningsatriði gildandi samninga milli þessara aðila.

Samningsaðilar skipa sameiginlega formann og síðan hina tvo nefndarmennina. Nú geta þeir ekki komið sér saman um skipun formanns eða annarra nefndarmanna, og skal þá ráðherra fullskipa nefndina. Varamenn skal skipa á sama hátt og aðalmenn og samtímis. Nefndin er skipuð til þriggja ára í senn. Aðilar greiða kostnað við störf nefndarinnar.

18. gr.

Nefnd sú, er um ræðir í 17. gr., lætur mál til sín taka, er félög lyfsala, lyfjafræðinga, aðstoðarlyfjafræðinga eða ráðherra óska.

Þegar nefndin telur það henta, getur hún lagt fram miðlunartillögu, sem ekki má birta opinberlega án samþykkis nefndarinnar, fyrr en báðir samningsaðilar hafa tjáð sig um hana. Áður en nefndin leggur fram miðlunartillögu, skal hún ráðgast við fulltrúa beggja samningsaðila um form hennar og tilhögun.

Nefndin ákveður í samráði við samningsaðila, hve langan frest skuli veita til þess að svara, hvort þeir samþykki miðlunartillögu eða hafni henni.

Miðlunartillaga skal borin undir atkvæði óbreytt, eins og nefndin gekk frá henni, og henni svarað játandi eða neitandi. Atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu skal ávallt vera leynileg og skrifleg. Þegar úrslit atkvæðagreiðslu eru kunn, skal tafarlaust senda nefndinni skriflega tilkynningu um, hversu mörg atkvæði hafa verið greidd með og móti, svo og fjölda atkvæðisbærra félaga. Félögin skulu, eftir því sem unnt er, gæta þess, að öllum atkvæðisbærum félögum gefist kostur á að kynna sér miðlunartillöguna í heild, áður en atkvæðagreiðsla fer fram.

Eftirfarandi reglur gilda um úrslit atkvæðagreiðslunnar:

Miðlunartillaga telst felld, ef meira en 50% greiddra atkvæða eru á móti henni og a. m. k. 75% atkvæðisbærra félaga hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Fyrir hvern hundraðshluta, sem þátttaka í atkvæðagreiðslu er undir 75%, hækkar um einn sú hundraðstala greiddra atkvæða, sem þarf til þess að fella tillöguna.

Miðlunartillaga telst samþykkt, ef minna en 25% atkvæðisbærra félaga greiða atkvæði um hana.

Auðir og aðrir ógildir seðlar teljast ekki með í útreikningi.

Ekkert má birta opinberlega um úrslit atkvæðagreiðslu, fyrr en nefndin hefur greint frá heildarniðurstöðu.

Ekki má boða vinnustöðvun, fyrr en mál það, sem um er að ræða, hefur verið til meðferðar í nefndinni, og því hefur annað hvort verið lýst yfir, að nefndin muni ekki leggja fram miðlunartillögu eða miðlunartillaga hefur verið felld. Skal nefndin hafa 15 daga frest til að leggja fram miðlunartillögu.

Málsaðilar skulu leggja kröfur sínar fram skriflega, en þær skulu reifaðar munnlega. Nefndin getur kvatt aðila á sinn fund, og ber þeim þá skylda til að mæta og láta í té þær upplýsingar, sem nefndin telur nauðsynlegar.

Úrskurðir nefndarinnar um ágreiningsatriði gildandi samninga, sbr. 17. gr. 1. málsgr., eru fullnaðarúrskurðir, og þeim skal fullnægja eftir sömu reglum og um dóma samkvæmt réttarfarslögum. Aðfararfrestur er 15 dagar, ef ekki er annað ákveðið í úrskurðinum.

19. gr.

Nú stendur yfir deila milli lyfsala og lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga, og getur ráðherra þá, ef hann telur það nauðsynlegt vegna lyfjaþarfar almennings eða hins opinbera, leyst lyfsala um stundarsakir undan skyldunni til að hafa þá aðstoð, sem um ræðir í 36. gr. Þegar mjög brýna nauðsyn ber til, getur hann einnig veitt lyfsölum undanþágu frá öðrum ákvæðum þessara laga, svo að komizt verði hjá meiri háttar truflunum á dreifingu lyfja til almennings.

V. KAFLI

Missir starfsréttinda.

20. gr.

Nú telur landlæknir rekstri lyfjabúðar ábótavant vegna vanrækslu af hendi lyfsala eða annarra starfsmanna lyfjabúðarinnar, og skal hann þá áminna lyfsala um að bæta úr því, sem ábótavant þykir.

Nú telur landlæknir, að lyfsali, lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur ræki illa störf sín fyrir ódugnað og hirðuleysi eða vegna andlegs eða líkamlegs sjúkleika, misnotkunar áfengis, morfíns, kókaíns, svefnlyfja, annarra eiturlyfja eða annars, sem hætta er á, að geti leitt til slíks misferlis í starfi, að almenningi geti

stafað hætta af. Skal hann þá leggja til við ráðherra, að lyfsali verði sviptur lyfsöluleyfi og lyfsali (forstöðumaður), lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur starfsréttindum sínum og eftir atvikum, að lagt verði bann við því, að aðili starfi í lyfjabúð eða að lyfjagerð.

Aðilja skal gefinn kostur á að tjá sig skriflega eða munnlega um málið, áður en ráðherra ræður því til lykta.

Ráðherra er heimilt að svo vöxnu að svipta aðilja þá, er greinir í 2. málsgr., réttindum til bráðabirgða, ef almenningi stafar bráð hætta af starfsemi þeirra. Ef svipting á að standa til frambúðar, ber ráðherra að hlutast til um, að dómsmál sé höfðað gegn aðilja til réttindasviptingar samkvæmt lögum um meðferð einkamála í héraði, sbr. þó 21. gr. Hinu sama gegnir, ef ekki þykir rétt að beita réttindasviptingu til bráðabirgða af hálfu ráðherra. Nú verða lok framangreinds dómsmáls þau, að aðili skuli sviptur réttindum, og má þá kveða svo á í dómi, að áfrýjun fresti ekki framkvæmd þess dómsákvæðis.

Ráðherra má veita lyfsala, lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi aftur þau réttindi, sem hann hefur verið sviptur samkvæmt þessari grein, enda séu ástæður þær, er lágu til réttindasviptingar, ekki lengur fyrir hendi. Synjun ráðherra um endurveiting á réttindum má ekki bera undir dómstóla, fyrr en ár er liðið frá réttindasviptingu eða dómsuppkvaðningu um réttindamissi.

21. gr.

Nú fremur lyfsali, annar forstöðumaður lyfjabúðar, lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur refsiverðan verknað, og má þá með dómi í opinberu máli á hendur þeim svipta þá samkv. 68. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 31/1961, heimild til að stunda starfsemi eða rækja starfa. Sérákvæði laga um réttindasviptingu þeirra halda gildi sínu. Ákæruvaldi ber að gefa ráðherra þeim, er fer með heilbrigðismál, kost á að tjá sig um sakarefni, áður en mál er höfðað.

Nú er maður sviptur réttindum samkv. 1. málsgr., og ber saksóknara ríkisins þá að tilkynna það landlækni.

VI. KAFLI

Um lyfseðla og afgreiðslu lyfja.

22. gr.

Lyfseðill (recept) er eiginhandar lyfjaávísun undirrituð af lækni (tannlækni, dýralækni), er lækningaleyfi hefur hér á landi. Í bráðri lífsnauðsyn er lyfjaávísun í síma heimil, en staðfesta skal hana með samhljóða lyfseðli svo fljótt sem auðið er.

Lyfseðil skal stíla á nafn sjúklings eða eiganda dýrs og miða magn ávísaðs lyfs við þarfir sjúklings eða hins sjúka dýrs. Heimilt er þó að ávísa með lyfseðli nauðsynlegu magni tíðkanlegra heimilislyfja, án þess að um veikindi sé að ræða, og skal þá stíla lyfseðil á nafn húsbónda eða húsmóður.

23. gr.

Ráðherra mælir í reglugerð fyrir um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja og hvaða lyf megi einungis láta úti gegn lyfseðli frá læknum, tannlæknum eða dýralæknum og hve oft gegn sama lyfseðli og annað þess háttar. Enn fremur hvaða lyf megi afhenda gegn skriflegri pöntun frá öðrum, sem rétt hafa til að afla sér lyfja á þann hátt.

Ef um gagnkvæm réttindi er að ræða, getur ráðherra leyft að afgreiða megi lyf eftir lyfseðlum frá læknum, tannlæknum eða dýralæknum, sem hafa lækningaleyfi í öðru landi.

24. gr.

Læknar þeir, sem eiga rétt á að ávísa lyfjum samkvæmt 22. gr., mega ávísa sjálfum sér nauðsynlegu magni lyfja til læknisstarfa sinna. Á sama hátt er læknum sjúkrahúsa, heilsuverndar- og lækningastöðva og annarra slíkra stofnana heimilt að ávísa stofnunum sínum hæfilegu magni nauðsynlegra lyfja.

25. gr.

Lyfjabúðir skulu í hvívetna hlíta fyrirmælum löggiltrar lyfjaskrár. Þær skulu hafa nægar birgðir allra þeirra efna, sem löggilt lyfjaskrá, lyfseðlasöfn og lyfjaforskriftir greina, og auk þess jafnan hæfilegar birgðir annarra lyfja og lyfjaefna, hjúkrunarvarnings og sjúkragagna, sem almennum verzlunum er ekki heimilt að selja. Enn fremur skulu lyfjabúðir útvega eins fljótt og auðið er önnur lyf, sem er ávísað með lyfseðli.

Landlæknir ákveður, hverjar lyfjategundir útibúum lyfjabúða og læknum, sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, er jafnan skylt að hafa, og skal þess getið í hverri lyfjaverðskrá.

26. gr.

Ráðherra mælir í reglugerð fyrir um tilhögun lyfjagerðar og lyfjaafgreiðslu í lyfjabúðum og lyfjasölum, þar á meðal um geymslu og aðra meðferð lyfja og lyfjaefna, svo og um umbúðir lyfja og áritun. Í reglugerð skal enn fremur setja ákvæði til tryggingar gegn því, að í lyfjabúðum eigi sér stað viðskipti, er talizt geti einstaklingum eða almenningi hættuleg eða lyfjabúðum ósæmileg sem heilbrigðisstofnunum. Lyfsölum er ekki heimilt að afgreiða lyf gegn vafasömum lyfseðlum eða til tortryggilegs fólks.

27. gr.

Lyfsali er skyldur að afgreiða gegn staðgreiðslu þau lyf, sem tilgreind eru í 25. gr., þó einungis gegn lyfseðli þau lyf, sem aðeins má láta úti á þann hátt samkvæmt ákvæðum 23. gr. Ef læknir lætur þess getið á lyfseðli, að lyf eða sjúkragögn þurfi að afgreiða án tafar, og auk þess, hvern hann telji bera ábyrgð á greiðslunni, skal lyfsali afgreiða hið umbeðna svo fljótt sem auðið er, þótt greiðsla eða trygging sé ekki fyrir hendi, enda er honum þá heimilt að halda eftir lyfseðlinum.

VII. KAFLI
Verðlagning lyfja.

28. gr.

Verð á lyfjum til neytenda skal ákveðið í lyfjaverðskrá, sem ráðherra gefur út og staðfestir.

Fimm manna lyfjaverðlagsnefnd sér um samningu lyfjaverðskrár og breytingar á henni. Ráðherra skipar nefndina til sex ára í senn samkvæmt tilnefningu eftir því sem segir í næstu málsgrein. Skal nefndin leitast við að finna grundvöll til eðlilegs lyfjaverðs.

Hagstofa Íslands tilnefnir einn mann í nefndina, og sé hann hagfræðingur eða viðskiptafræðingur, landlæknir annan, og sé hann sérfróður um lyfsölumál, Tryggingastofnun ríkisins þriðja, og sé hann hagfræðingur, tryggingafræðingur eða lögfræðingur, félag lyfsala fjórða, og sé hann starfandi lyfsali, félag lyfjafræðinga fimmta, og sé hann starfsmaður í íslenzkri lyfjabúð. Varamenn eru skipaðir á sama hátt og aðalmenn og samtímis. Yfirdýralæknir tekur sæti fulltrúa Tryggingastofnunar ríkisins í nefndinni, þegar ákvarðanir eru teknar varðandi lyf, sem sérstaklega eru ætluð dýrum. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og skipar formann hennar. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfsmann og sé hann lyfja-

fræðingur. Þóknun til nefndarmanna, sem ákveðin sé árlega, svo og annar kostnaður við störf nefndarinnar, greiðist úr ríkissjóði.

Eftirtalin atriði skulu vera grundvöllur verðlagsins:

1. Innkaupsverð á lyfjum og lyfjaefnum.
2. Laun og kjör starfsfólks í lyfjabúðum, enda séu þau í samræmi við laun og kjör launþega með sambærilega menntun og við sambærileg störf.
3. Eðlilegur meðalrekstrarkostnaður lyfjabúða samkvæmt rekstrarreikningum þeirra og öðrum nauðsynlegum gögnum.

Verði ágreiningur innan nefndarinnar, skal greinargerð varðandi hann lögð fyrir landlækni og ráðherra til fullnaðarúrskurðar.

Lyfjaverðskrá skal gefin út svo oft, sem þurfa þykir að dómi nefndarinnar. Auk þess skulu leiðréttingar á sama hátt gefnar út, þegar nauðsyn krefur.

Framleiðendum og innflytjendum lyfja og lyfjaefna er í þessu sambandi skylt að veita allar upplýsingar varðandi lyfjaverð, sem óskað kann að verða eftir.

29. gr.

Um smásölu lyfja skal fylgja fyrirmælum lyfjaverðskrár. Lyf, sem afgreitt er samkvæmt lyfseðli, má hvorki selja við hærra né lægra verði en lyfjaverðskrá tilgreinir. Ef lyf er eigi greint í lyfjaverðskrá, skal það verðlagt samkvæmt almennum fyrirmælum lyfjaverðskrár og leitað staðfestingar ráðherra.

Í smásölu skal þó veita sjúkrahúsum, heilsuhælum og læknum (dýralæknum, tannlæknum) afslátt samkvæmt fyrirmælum lyfjaverðskrár, sbr. 42. gr. 4. málsgr.

Þótt lyf sé gert með sérstökum hætti, má ekki krefjast hærra verðs fyrir það en meginreglur lyfjaverðskrár ákveða.

Lyfjaheildverzlunum er óheimilt að selja lyf til starfandi lækna (dýralækna), sem ekki hafa leyfi til lyfjasölu, né heldur til tannlækna. Opinberar tilraunastofnanir mega þó selja þeim eigin framleiðslu. Einnig er Lyfjaverzlun ríkisins heimilt að selja þeim efni til ónæmisaðgerða.

Ákveða skal í lyfjaverðskrá aukagjald fyrir næturafgreiðslu í lyfjabúð, og renni gjaldið í Lífeyrissjóð apótekara og lyfjafræðinga. Aukagjald má þó ekki taka fyrir afgreiðslu lyfs eftir nýjum lyfseðli.

VIII. KAFLI

Um lyfjabúðir, rekstur þeirra og smásölu lyfja.

30. gr.

Ráðherra mælir með reglugerð fyrir um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða og annarra lyfjaverzlana, þar á meðal um þær bækur, sem lyfsölum er skylt að halda.

31. gr.

Aðili, er fengið hefur lyfsöluleyfi, skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt þennan frest, þó ekki lengur en eitt ár.

Nú er það ráðið, að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, og getur sá, er tekur við af honum, ekki krafizt þess að hefja reksturinn, fyrr en hinn fyrrnefndi hefur hafið rekstur lyfjabúðar þeirrar, er hann tekur við, enda hefjist sú starfræksla innan þeirra fresta, sem greindir eru í 1. og 2. málsgr.

32. gr.

Ef lyfsali, sem lætur af rekstri lyfjabúðar, eða bú hans krefst þess, skal lyfsala þeim, er við tekur, skylt að kaupa gegn staðgreiðslu vörubirgðir og áhöld lyfjabúðarinnar, að svo miklu leyti, sem þau eru nothæf og við hæfi rekstrarins.

Ráðherra getur, ef fráfarandi lyfsali eða bú hans krefst þess, skyldað lyfsala þann, er við lyfjabúð tekur, til þess að kaupa húseign þá, er lyfjabúðin er í, enda sé hún eingöngu ætluð til rekstrar lyfjabúðarinnar og íbúðar lyfsalans og viðunandi hæf til hvors tveggja. Þessarar kvaðar skal sérstaklega getið í auglýsingu um lyfsöluleyfi.

Ef fráfarandi lyfsali hefur haft húsnæði lyfjabúðarinnar á leigu, gengur lyfsalinn, sem við tekur, inn í leigusamninginn, allt að einu ári.

Ef ekki næst samkomulag milli lyfsala þess, sem við tekur, og hins fráfaranda eða bús hans um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein, skal ágreiningurinn úrskurðaður af gerðardómi, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

Ráðherra skipar þrjá menn í gerðardóm til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Skulu formaður og varaformaður fullnægja dómaraskilyrðum. Auk þess tilnefna málsaðilar sinn manninn hvor til setu í gerðardómi í hverju einstöku máli.

Gerðardómurinn ákveður, hvernig kostnaði af hverju máli skuli skipt milli málsaðila.

33. gr.

Leyfishafi samkvæmt ákvæðum fyrstu málsgreinar 9. greinar skal sjálfur annast forstöðu lyfjabúðar sinnar og bera ábyrgð á rekstri hennar, svo og útibúum, sbr. 43. gr.

Leyfishafi samkvæmt ákvæðum annarrar málsgreinar 9. greinar (samvinnufélög) ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðar. Hann skal fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns, sem einnig ber ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar.

Þegar ræðir um lyfsala í lögum þessum, er átt við leyfishafa samkv. 1. málsgr. 9. gr., svo og leyfishafa og forstöðumann lyfjabúðar samkv. 2. málsgr. sömu greinar, eftir því sem við á.

Lyfsala ber að sjá lyfjabúð sinni fyrir nægu og hæfu starfsliði.

Lyfsala ber að skipuleggja störf í lyfjabúð sinni á þann hátt, að sem tryggilegast sé girt fyrir misferli. Sérstaklega er lyfsala skylt að gæta þess um lyfjagerð, lyfjaafgreiðslu og hvers konar meðferð lyfja, að störfum og skráningu starfa sé þannig hagað, að jafnan sé auðrakið, hver starfsmaður eigi hlut að máli, ef misferli kynni að eiga sér stað.

Nú verða mistök um gerð eða afhending lyfs í lyfjabúð, og stafar mönnum eða skepnum heilsutjón af, en ekki sannast, hver persónulega er að misferlinu valdur eða ber ábyrgð á því, og skal þá refsing mæld lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar, ef misferlið má rekja til skorts á hæfu starfsliði, ónógs eftirlits, ófullkominnar vinnutilhögunar eða annarra skipulagsgalla á rekstri lyfjabúðarinnar, enda verði lyfsali (forstöðumaður) talinn eiga sök á því, sem aflaga fer í þessum efnum.

34. gr.

Um vistun lyfjafræðistúdenta til verklegs náms og skyldu lyfsala til að veita þeim viðtöku, skal mælt í reglugerð, að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands.

35. gr.

Nú getur lyfsali ekki annazt rekstur lyfjabúðar sinnar sökum sjúkdóms, fjarvistar eða annarra orsaka, sbr. 20. gr., og má ætla, að svo verði lengur en tvær vikur, þó eigi lengur en tvo mánuði, og má þá í samráði við landlækni fela lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi, sbr. 15. gr., að annast rekstur lyfjabúðarinnar á ábyrgð lyfsala.

Líði tveir mánuðir svo, að lyfsali geti ekki annazt rekstur lyfjabúðar sinnar, eða verði í upphafi að álíta, að svo muni fara, skal forstöðumaður annast rekstur inn á eigin ábyrgð. Leita skal samþykkis landlæknis um ráðningu forstöðumanns. Forstöðumanni má ekki fela rekstur lyfjabúðar lengur en eitt ár. Þó

getur ráðherra framlengt þann tíma um eitt ár, ef lyfsali er sjúkur og ætla má, að hann verði innan þess tíma fær um að taka við rekstri lyfjabúðarinnar. Forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 9. gr.

36. gr.

Í lyfjabúð skal starfa til aðstoðar lyfsala a. m. k. einn lyfjafræðingur. Ef í lyfjabúð starfar aðeins einn aðstoðarmaður, auk lyfsala, getur ráðherra þó leyft, að það sé aðstoðarlyfjafræðingur. Ráðherra getur og leyst lyfsala, sem rekur litla lyfjabúð, undan skyldu til að hafa aðstoðarlyfjafræðing, ef landlæknir mælir með því.

37. gr.

Eigi má ráða starfsmann í lyfjabúð, nema hann leggi fram heilbrigðisvottorð frá lækni, sem hefur eftirlit með berklavörnum. Starfsfólk lyfjabúðar skal og árlega rannsakað af þeim lækni, sem hefur eftirlit með berklavörnum í viðkomandi læknishéraði, sbr. 8. gr. berklavarnalaga nr. 66 frá 1939.

38. gr.

Lyfjabúðir skulu vera opnar til almennrar afgreiðslu eigi skemur en almennar sölubúðir. Á öðrum tímum sólarhrings skal þó vera aðgangur að lyfjabúð eða á annan hátt fyrir því séð, að almenningur geti jafnan náð til nauðsynlegustu lyfja og hjúkrunargagna. Skal kveða nánara á um það í reglugerð. Ef fleiri lyfjabúðir en ein eru í sama kaupstað, má landlæknir leyfa, að ein eða fleiri lyfjabúðanna séu lokaðar á ákveðnum tímum. Enn fremur má landlæknir leyfa, að lyfjabúð sé lokuð ákveðinn tíma dags, ef í henni starfar enginn aðstoðarlyfjafræðingur, sbr. 36. gr.

39. gr.

Lyfsali ber ábyrgð á, að vörur í lyfjabúð hans séu rétt greindar og fullnægi tilskildum kröfum um hreinleika og gæði.

Ef vara er keypt í órofnum, upprunalegum (original) umbúðum frá annarri lyfjabúð, rannsóknarstofnun eða heildverzlun, sem er undir opinberu eftirliti, er lyfsala heimilt að gera ráð fyrir, að varan fullnægi þeim kröfum, sem settar eru í 1. málsgr., þegar hún er afgreidd til hans. Lyfsalinn er þó ábyrgur, ef hann hafði eða átti að hafa grun um, að varan fullnægði ekki kröfum 1. málsgr., er hann tók við henni, eða að hún hafi breytzt síðar í það horf.

Í reglugerð má setja ákvæði um skyldu lyfsala til að sannprófa lyf eða lyfjaefni, áður en þau eru tekin til notkunar.

40. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð, hverjar lyfjavörur, hjúkrunar- og sjúkragögn lyfjabúðir einar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, megi hafa á boðstólum, selja eða afhenda.

Lyfjaskrárnefnd, sbr. 2. gr., gerir tillögur um reglugerð þessa. Hún getur kvatt sérfróða menn sér til ráðuneytis.

Auk þeirrar lyfjavöru, hjúkrunar- og sjúkragagna, sem um getur í 1. málsgr., mega lyfjabúðir selja hvers konar hjúkrunarvarning og sjúkragögn handa mönnum og dýrum, enn fremur sótthreinsunarlyf og snyrtivörur.

Aðrar vörur en þær, sem að framan greinir, má lyfsali eigi selja í lyfjabúð, nema samkvæmt sérstakri heimild í lögum eða að fengnu verzlunarleyfi.

41. gr.

Lyf, sem lyfjabúðum einum er heimilt að verzla með, má hvorki selja né afhenda til endursölu öðrum en þeim, sem réttindi hafa til að verzla með slíka vöru.

Ráðherra getur leyft, að þau lyf, sem lyfjabúðum einum er heimilt að selja, séu afhent læknum (tannlæknum, dýralæknum) ókeypis til reynslu, sbr. enn fremur 54. gr. 2. málsgr.

42. gr.

Í læknishéruðum, þar sem ekki er rekin lyfjabúð, hefur héraðslæknir á hendi einfalda samsetningu og sölu lyfja, hjúkrunarvarnings og annarra sjúkragagna.

Ráðherra getur og, ef sérstaklega stendur á, leyft héraðslæknum, svo og öðrum læknum, sem búsettir eru fjarri lyfjabúð í læknishéraði, að hafa á hendi lyfjagerð og lyfjasölu, svo sem segir í 1. málsgr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari tilhögun á lyfjagerð þeirri og lyfjasölu, sem um getur í þessari grein.

Aðrir læknar mega ekki án leyfis landlæknis afhenda lyf til sölu, þ. á m. lyfjasýnishorn. Þó er læknum í starfi sínu heimilt að hafa með sér lyf, sem keypt eru í lyfjabúð til notkunar í bráðri nauðsyn í sjúkravitjunum og á lækningastofum. Enn fremur er þeim heimilt að afla sér og nota ónæmisefni frá innlendum tilraunastofnunum og Lyfjaverzlun ríkisins.

Nú er lyfjasala héraðslæknis svo umfangsmikil, að hann getur ekki annazt hana án aðstoðarmanns í fullu starfi. Lætur landlæknir þá í samráði við viðkomandi sveitarstjórn fara fram athugun á því, hvort nauðsynlegt sé að stofna lyfjaútibú eða lyfjabúð á staðnum.

43. gr.

Ráðherra getur samkvæmt ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar heimilað lyfsala að setja upp lyfjaútibú í nágrenni sínu, þar sem þörf er sérstakrar lyfjasölu, en ekki er líklegt, að sjálfstæð lyfjabúð geti borið sig.

Leyfi þetta veitist til tiltekins tíma, þó ekki lengur en 10 ár í senn.

Ef stofnuð verður sérstök lyfjabúð, þar sem útibú hefur verið rekið, á eigandi lyfjabúðar þeirrar, er útibúið rak, kost á að velja á milli, hvort hann vill reka hina fyrri lyfjabúð áfram eða takast á hendur rekstur hinnar nýstofnuðu lyfjabúðar.

Ekki má fela öðrum forstöðu lyfjaútibús samkvæmt þessari grein en lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hvernig haga skuli búnaði og rekstri lyfjaútibús.

44. gr.

Ráðherra getur samkvæmt ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar veitt lyfjabúðum leyfi til að reka útsölu lyfja, þar sem slíkrar útsölu er þörf að dómi landlæknis, enda sé þar hvorki lyfjabúð, lyfjaútibú né læknir (dýralæknir), sem hefur rétt eða leyfi til lyfjasölu. Ef lyfjabúð sú, sem næst er, óskar ekki eftir að nota leyfið, má veita það héraðslækni (héraðsdýralækni) þeim, sem gegnir viðkomandi læknishéraði. Ef heimiluð verður sala annarra lyfja en lausasölulyfja í slíkum útsölum, skal afhending þeirra eingöngu leyfð í samráði við héraðslækni (héraðsdýralækni).

Ráðherra ákveður í reglugerð, hver lyf megi selja í útsölum, og hvernig haga skuli búnaði þeirra og rekstri.

45. gr.

Auk þess sem lyfsala eða forstöðumanni lyfjabúðar er skylt að haga bókhaldi lyfjabúðar sinnar í samræmi við lög nr. 62 frá 1938, um bókhald, ber honum að hlíta ýtarlegri fyrirmælum þar að lútandi, ef sett verða í reglugerð, samkvæmt 28. og 30. gr.

Skylt er þeim, sem selja lyf, að leyfa athugun á bókhaldi sínu og bókhaldsgögnum, sbr. 28. gr. 4. málsgr. og 47. gr., ef þess er krafizt í umboði ráðherra.

46. gr.

Lyfsalar, lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar eru bundnir þagnarskyldu um alla vitneskju eða grun, sem þeir í starfi sínu öðlast um sjúkdóma eða önnur einkamál, nema á þeim hvíli skylda samkvæmt lögum til að tjá sig, eða þeir hafi rökstuddan grun um, að einstaklingur eða almenningur sé í yfirvofandi hættu, enda láti þeir þá ekki uppi annað eða meira en minnst verður komizt af með til að afstýra hættu. Lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar skulu að jafnaði gera lyfsala viðvart, en lyfsali þeim, er í hlut á, eða yfirvöldunum, og þá að jafnaði landlækni.

Ákvæði þessarar greinar um þagnarskyldu ná einnig til annars starfsfólks lyfjabúða.

Um vitnaskyldu framangreindra aðilja fer eftir því, sem segir í réttarfarslögum, sbr. 94. gr. laga nr. 82/1961 um meðferð opinberra mála og 126. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

47. gr.

Framkvæma skal eftirlit með hverri lyfjabúð, lyfjagerð og lyfjaheildsölu a. m. k. einu sinni á ári og öðrum lyfjaverzlunum eftir ástæðum í samráði við landlækni. Skulu fyrirtæki þau, er greind voru, greiða eftirlitsgjald, er ráðherra ákveður, og sé því varið til greiðslu á kostnaði vegna eftirlitsins. Gjaldið er lögtakskræft. Að öðru leyti greiðist þessi kostnaður úr ríkissjóði.

Um eftirlitsmann lyfjabúða fer eftir því sem segir í 38. gr. laga nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Um störf og starfshætti við eftirlitið, svo og um eftirlitsgjald, skal nánara mælt í reglugerð.

48. gr.

Ráðherra setur í reglugerð fyrirmæli um geymslu og meðferð lyfja í sjúkrahúsum, lækningastofum og öðrum stofnunum, sem hafa lyf undir höndum.

49. gr.

Dýralæknar, sem búsettir eru í umdæmi, þar sem lyfjabúð eða lyfjaútibú er starfrækt, mega selja lyf handa dýrum, enda séu lyfin keypt í lyfjabúð innan umdæmis, eða ónæmisefni frá innlendum tilraunastofnunum eða Lyfjaverzlun ríkisins, sbr. 29. gr. 2. málsgr.

Ef ekki er rekin lyfjabúð í umdæmi héraðsdýralæknis, hefur hann á hendi einfalda samsetningu og sölu lyfja, hjúkrunarvarnings og annarra sjúkragagna handa dýrum.

Ráðherra getur og, ef sérstaklega stendur á, leyft héraðsdýralæknum og öðrum dýralæknum, sem búsettir eru fjarri lyfjabúð í dýralæknisumdæmi, að hafa á hendi lyfjagerð og lyfjasölu handa dýrum, sbr. 2. mgr.

Ráðherra setur í samráði við landlækni, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, nánari fyrirmæli í reglugerð um lyfjagerð og lyfjasölu dýralækna.

IX. KAFLI

Um lyfjagerðir, innflutning og heildsölu lyfja.

50. gr.

Þau fyrirtæki ein, sem hlotið hafa til þess meðmæli landlæknis og leyfi ráðherra, mega framleiða lyf og selja þau í heildsölu þeim aðilum, sem hafa rétt til lyfjasölu (sbr. 40., 41. og 42. gr.), enda fullnægi fyrirtækin eftirfarandi skilyrðum:

a. séu undir tæknilegri stjórn manns, sem fullnægir skilyrðum 9. gr., 1.—5. liðs, sbr. 6. lið, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið.

b. séu þannig búin að dómi landlæknis, að þau séu fær um að framleiða lyf, sem fullnægi kröfum lyfjaskrár.

Fyrirtæki þau, sem slíkt leyfi hljóta, skulu haga framleiðslu sinni þannig, að hún sé ávallt í samræmi við gildandi fyrirmæli um gerð og samsetning lyfjanna samkvæmt lyfjaskrá eða viðurkenndum lyfjaforskriftum og lyfseðlasöfnum, og áritun svari ávallt til viðkomandi lyfs eða lyfjasamsetningar.

Framleiðsluna skal selja með venjulegum greiðsluskilmálum.

Ráðherra getur afturkallað leyfi til lyfjagerðar, ef sett skilyrði hafa ekki verið haldin eða um er að ræða mikla eða endurtekna vanrækslu eða mistök í meðferð eða sölu lyfjanna.

Umrædd fyrirtæki skulu eingöngu selja og afhenda lyfjaframleiðslu sína í umbúðum með áletruðu nafni fyrirtækisins og nafni og framleiðslunúmeri lyfsins. Nú er um lyf að ræða, sem lyfjaskráin ákveður takmarkaðan geymslutíma á, og skal þá greina framleiðslu- og fyrningardag.

Nánari fyrirmæli um þessi atriði skal setja í reglugerð.

Slíkum lyfjagerðum er skylt að hlíta eftirliti, sem landlæknir ákveður, og fer um það eftir ákvæði 47. gr., þ. á m. um gjaldskyldu. Skýrslur um eftirlitið má birta í heilbrigðisskýrslum.

51. gr.

Lyfjabúðum og viðurkenndum lyfjagerðum (sbr. 50. gr.) er heimilt að flytja inn lyf og efni til lyfjagerðar vegna eigin þarfa.

Önnur fyrirtæki mega því aðeins flytja inn og selja lyf í heildsölu, að þau hafi til þess leyfi ráðherra, enda mæli landlæknir með leyfisveitingunni.

Fyrirtæki þessi skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. vera undir tæknilegri stjórn manns, sem fullnægir skilyrðum 9. gr., 1.—5. liðs, sbr. 6. lið, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið.
b. vera þannig búin að dómi landlæknis, að þau fullnægi kröfum um meðferð og geymslu lyfja.

Nú fullnægir fyrirtæki framangreindum skilyrðum, og ber þá að veita því leyfi samkvæmt 2. málsgrein.

Öllum öðrum er bannað að flytja inn lyf eða lyfjavörur.

Lyfjainnflytjendum er skylt að hlíta þeim reglum, er ráðherra kann að setja um eftirlit með innflutningi á lyfjum og efnum til lyfjagerðar, og greiða hæfilegt gjald vegna þess í ríkissjóð, sbr. 47. gr. Enn fremur getur ráðherra með reglugerð skyldað fyrirtæki til að sannprófa á eigin kostnað gæði og hreinleik hinna innfluttu lyfja og lyfjaefna.

Ráðherra getur afturkallað leyfi, sem um ræðir í þessari grein, ef sett skilyrði eru ekki haldin eða um er að ræða mikla eða endurtekna vanrækslu fyrirtækisins í sambandi við meðferð eða sölu lyfjanna.

X. KAFLI
Sérlyf.

52. gr.

Sérlyf (patentlyf) eru lyf, fullbúin til afhendingar og seld í umbúðum framleiðanda. Þau bera sérnafn eða samheiti, sbr. 59. gr., og nafn og heimilisfang framleiðanda og innflytjanda. Þau er heimilt að selja, ef þau eru greind á sérlyfjaskrá, sbr. þó 2. málgsr. þessarar greinar og 54. gr., lokamálsgr. 55. gr. og 2. málsgr. 66. gr.

Sala annarra lyfja, sem fullbúin eru til afhendingar í umbúðum framleiðanda og merkt honum, hvort heldur þau eru nefnd sérheiti eða samheiti, er bönnuð. Ákvæði þetta tekur þó ekki til lyfja, sem greind eru í lyfjaskrá, löggiltum lyfseðlasöfnum (dispensatoria) og lyfjaforskriftum, sbr. 2. gr.

53. gr.

Lyfjaskrárnefnd (sbr. 2. gr.) gerir tillögur um skráningu sérlyfja, og hvort endurnýja skuli skráningu sérlyfs. Þá gerir nefndin og tillögur um nafn sérlyfs, ef ástæða þykir til.

Yfirdýralæknir tekur sæti í nefndinni, þegar ákvarðanir eru teknar varðandi lyf, sem sérstaklega eru ætluð dýrum. Nefndin getur leitað álits og umsagnar sérfróðra aðila.

Enginn nefndarmanna má hafa sérstakra fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við framleiðslu eða innflutning sérlyfja.

Landlæknir semur sérlyfjaskrá að fengnum tillögum nefndarinnar. Ráðherra staðfestir skrána og gefur hana út.

Þóknun til nefndarmanna greiðist úr sérlyfjasjóði, sbr. 62. gr.

54. gr.

Þau sérlyf ein, sem skráð eru í sérlyfjaskrá, er heimilt að selja hér á landi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó blóðvatn (serum), bóluefni (vaccinum) og önnur ónæmisefni, sem framleidd eru hérlendis í opinberum tilraunastofnunum.

Heimilt er þó framleiðendum að láta sjúkrahúsum og hliðstæðum heilbrigðisstofnunum í té endurgjaldslaust takmarkað magn af óskráðum sérlyfjum í reynsluskyni.

Ef sérstaklega stendur á, getur ráðherra eftir tillögum landlæknis heimilað að flytja inn takmarkað magn af óskráðu sérlyfi, enda sé það þá aðeins látið úti gegn lyfseðli.

55. gr.

Lyf má setja á sérlyfjaskrá, ef það, að dómi lyfjaskrárnefndar, fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1. Er framleitt af fyrirtæki, sem fullnægir skilyrðum 58. gr.
2. Rannsóknum á tæknilegum atriðum varðandi framleiðslu, gerð, útlit og endingu lyfsins er lokið, og upplýsingar um verkanir þess gefa til kynna, að það sé gagnlegt við þeim sjúkdómum eða sjúkdómseinkennum, sem það skal nota við.
3. Fullnægi enn fremur einhverju neðangreindra skilyrða:
   a. Innihaldi sérlyfið aðeins eitt virkt efni, verður efnið að vera ófáanlegt á frjálsum markaði. Ef hið virka efni er svo líkt fáanlegu lyfi, að það sem skilur getur ekki haft teljandi þýðingu, skal ekki taka lyfið í sérlyfjaskrá.
   b. Innihaldi sérlyfið fleiri en eitt virkt efni, verður a. m. k. eitt þeirra að fullnægja skilyrði a-liðs. Enn fremur að umsækjandi hafi, að því er talið er, fyrstur sýnt fram á, að með blöndun hinna virku efna náist mjög góð verkun eða lyfið sé einkar handhægt til notkunar.
   c. Að lyfið sé fram komið vegna mikilvægrar, lyffræðilegrar uppgötvunar, sem umsækjandi hefur gert sjálfur eða annar aðili, enda hafi hann framselt umsækjanda rétt til að hagnýta sér uppgötvunina, eða að lyfið sé gert með óvenjulegum og betri hætti en áður hefur tíðkazt.
   d. Innihaldi sérlyf virkt efni, sem fáanlegt er á frjálsum markaði, en umsækjanda hefur hins vegar tekizt að framleiða það með hagkvæmara móti en áður þekktist, má heimila skráningu slíks sérlyfs.
   e. Ef umsækjandi, sem áður hefur framleitt virkt efni og fengið það skráð sem sérlyf, sækir um að fá sams konar lyf skráð, en í öðru formi, má heimila slíkt, enda þótt efnið sé fáanlegt á frjálsum markaði.

Sérlyfið skal koma á markað innan sex mánaða, frá því að umsækjanda var tilkynnt, að það væri sett á sérlyfjaskrá. Ráðherra getur lengt þennan frest, þegar sérstaklega stendur á.

Þótt lyf uppfylli framangreind skilyrði þessarar greinar, getur ráðherra neitað skráningu, ef skilyrðum 59. greinar um umbúðir o. fl. er ekki fullnægt.

Skráning gildir til 20 ára, sbr. þó næstu mgr. og 63. gr. Að skráningartímabili liðnu má framlengja skráninguna um fimm ár í senn samkvæmt umsókn, ef hlutaðeigandi lyf telst mikilsvert og framleiðsla sérlyfsins æskileg.

Lyf má setja á sérlyfjaskrá í skemmri tíma (eitt til tvö ár), ef sérstakar ástæður þykja til slíks, að dómi lyfjaskrárnefndar, svo sem vafi um eiturverkanir lyfsins. Framlengja má skráninguna, sbr. síðustu málsgrein, ef burtu eru fallnar ástæður þær, sem takmörkuðu skráninguna í upphafi.

Umsókn um að framlengja skráningartímann skal send í síðasta lagi tveimur árum áður en honum lýkur. Synji ráðherra umsókninni, fellur lyfið af sérlyfjaskrá, þegar skráningartímabili er lokið, þó eigi fyrr en 18 mánuðum eftir synjun.

56. gr.

Þau fyrirtæki ein, sem hlotið hafa til þess meðmæli landlæknis og leyfi ráðherra, mega framleiða sérlyf og selja þau í heildsölu þeim aðilum, sem hafa rétt til lyfjasölu (sbr. 40., 41. og 42. gr.), enda fullnægi fyrirtækin eftirfarandi skilyrðum:

a. séu undir tæknilegri stjórn manns, sem fullnægir skilyrðum 9. gr., 1.—5. liðs, sbr. 6. lið, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið.
b. séu þannig búin að dómi landlæknis, að þar sé hægt að framleiða lyf, sem fullnægi kröfum um sérlyf.

Innlent sérlyf má einungis bjóða og selja með heiti, sem ráðherra ákveður, og skal lyfið auðkennt með firmanafni eða merki framleiðanda. Ráðherra getur þó veitt leyfi til þess, að sérlyf sé selt með heiti, sem framleiðandi velur, ef í umsókn um skráningu sérlyfsins er skjallega sannað, að framleiðandi hafi með framleiðslu lyfsins leyst af hendi mikilvægt starf í þágu lyfjagerðar almennt, sbr. 63. gr. 4. mgr. Heiti sérlyfsins skal þó ávallt vera í samræmi við viðurkenndar lyfjanafngiftir, og má það ekki gefa til kynna, að lyfið eigi að nota við ákveðnum sjúkdómi. Þegar liðin eru 20 ár frá skráningu sérlyfs, fellur það af sérlyfjaskrá, ef hægt er að kaupa hin virku efni þess eða samsvarandi efni á frjálsum markaði, enda sé hliðstætt lyf framleitt í lyfjabúðum og selt við hæfilegu verði.

57. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um skráningu sérlyfs. Framleiðandi innlends sérlyfs sækir til ráðherra um skráningu þess, en umboðsmaður eða annar ábyrgur aðili, búsettur hér á landi, þegar um erlent sérlyf er að ræða.

Starfandi læknar (dýralæknar, tannlæknar), lyfsalar og aðrir starfsmenn lyfjabúða mega ekki vera umboðsmenn fyrir erlenda sérlyfjaframleiðendur.

58. gr.

Sérlyf má því aðeins skrá, að það sé framleitt af fyrirtæki, sem að dómi lyfjaskrárnefndar og landlæknis hefur í þjónustu sinni nægilega sérmenntað og þjálfað starfslið og fullnægir þeim kröfum um búnað og rekstur, að framleiðsla þess geti farið fram á öruggan hátt.

59. gr.

Á umbúðum sérlyfs skal standa skýrum stöfum:

1. heiti, sem lyfjaskrárnefnd og landlæknir hefur samþykkt,
2. heildarmagn lyfsins,
3. almenn, viðurkennd heiti virkra efna og magn þeirra og einnig magn virkra efna í afmældum skammti,
4. framleiðslunúmer, sem gefi til kynna framleiðsludag, þannig að auðvelt sé að rekja uppruna sérlyfsins,
5. firmanafn framleiðanda og heimilisfang og einnig nafn innflytjanda,
6. fyrirmæli um geymslu,

7. fyrningardagur, ef því er að skipta.

Gerð og frágangur sérlyfja skal vera þannig, að þau séu auðgreind, og að ekki sé hætta á, að villzt verði á mismunandi styrkleika eða óskyldum tegundum.

Áritun sérlyfs má ekki fela í sér aðrar upplýsingar en hér segir fyrir um, nema lyfjaskrárnefnd og landlæknir leyfi slíkt eða fyrirskipi. Þó má jafnan greina hjálparefni, sem notuð eru við framleiðsluna.

Lyfjaskrárnefnd og landlæknir geta krafizt þess, að einstakir skammtar afmælds lyfs séu sérstaklega áritaðir.

60. gr.

Verð á sérlyfjum skal vera hóflegt. Þegar meta skal verð á sérlyfi, ber að taka tillit til kostnaðar við framleiðslu og sölu þess og sambærilegrar vöru, sem framleidd er á hagkvæman hátt í vel búnu fyrirtæki. Í verði sérlyfs má reikna hæfilegt gjald vegna útgjalda fyrirtækis til rannsókna.

61. gr.

Ráðherra setur að fengnum tillögum landlæknis í reglugerð fyrirmæli um eftirlit með sérlyfjum. Eftirlitið skal einkum varða innihald og samsetningu sérlyfs, einnig nafn, verð, framleiðslu og sölu.

Fyrirtæki, sem framleiða eða búa um sérlyf hér á landi, skulu háð eftirliti samkvæmt ákvæðum, sem ráðherra setur í reglugerð. Eftirlitið skal einkum taka til lyfjagerðar, nothæfni og hreinleika efna, sem í sérlyfinu eru, og enn fremur skal þess gætt, að skilyrðum 58. gr. sé fullnægt.

Í reglugerð má krefjast drengskaparyfirlýsingar um, að fullnægt hafi verið skilyrðum fyrir skráningu sérlyfs.

Þeim, er annast eftirlit samkv. 2. málsgr., er heimilt, vegna fyrrgreinds eftirlits, að láta taka eða krefjast þess, að afhent séu ókeypis sýnishorn af sérlyfi og efnum þeim, sem í því eru, og að látnar séu í té nauðsynlegar upplýsingar, þ. á m. staðfest eftirrit af gjörðabókum, reikningum og rannsóknardagbókum. Þá geta þeir kvatt menn á sinn fund til þess að gefa munnlegar upplýsingar. Vegna eftirlits með verðlagi sérlyfs er heimill aðgangur að bókhaldi fyrirtækis, ef þess er krafizt í umboði ráðherra, og enn fremur er heimilt að framkvæma á staðnum nauðsynlegar athuganir.

Þegar um tæknileg leyndarmál er að ræða, getur aðili sá, sem greinir frá þeim, óskað þess við landlækni, að upplýsingarnar berist ekki fulltrúa lyfjafræðinga og lyfsala í lyfjaskrárnefnd. Landlæknir ákveður, að hve miklu leyti þessum óskum skuli sinnt.

Lyfjaskrárnefnd og nefndarmenn þeir, sem skipaðir eru samkvæmt 28. gr., svo og aðrir ráðunautar, eru, að viðlagðri ábyrgð samkv. 136. gr. almennra hegningarlaga, bundnir þagnarskyldu um allt það, er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu.

Landlækni er heimilt að birta skýrslu um eftirlitið í heilbrigðisskýrslum.

62. gr.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald, er ráðherra ákveður í reglugerð. Af hverju skráðu sérlyfi skal greiða árlegt gjald, er ákveðið er með sama hætti. Gjöld þessi renna í sérlyfjasjóð, og skal tekjum hans varið til að standa straum af kostnaði við störf lyfjaskrárnefndar samkv. X. kafla laga þessara og sérleyfiseftirlit. Nú hrökkva tekjurnar ekki fyrir þessum kostnaði, og greiðist það, sem á vantar, þá úr ríkissjóði.

Sérlyfjasjóður er í vörzlu landlæknis. Gjöld af sérlyfjum samkv. 1. málsgr. eru lögtakskræf.

63. gr.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum landlæknis og lyfjaskrárnefndar, tekið sérlyf af sérlyfjaskrá:

a. ef sérlyf svarar ekki að efni og samsetningu til áritana á umbúðum eða fylgiskjali,
b. ef samsetning sérlyfs er breytileg, efni þess ófullnægjandi að gæðum og hreinleika, eða það er ekki framleitt á öruggan hátt,
c. ef sérlyf telst ekki hafa þær verkanir, sem því voru eignaðar, eða það telst hafa heilsuspillandi verkanir,
d. ef sérlyf er óeðlilega dýrt með tilliti til verðs á efnum, sem í því eru, og framleiðslukostnaðar,
e. ef samsetningu sérlyfs er breytt án leyfis ráðherra, eða framleiðslan fer fram í fyrirtæki, sem fullnægir ekki ákvæðum 58. gr.,
f. ef ekki er fullnægt skilyrðum, sem sett voru fyrir skráningunni,
g. ef sérlyf kemur ekki á markaðinn, áður en liðinn er frestur sá, sem ákveðinn er í 55. gr.,
h. ef gjöld þau, sem ákveðin eru í 62. gr., eru ekki greidd á tilskildum tíma, eða ef framleiðandi eða innflytjandi neita að gefa fullnægjandi upplýsingar til þess að hægt sé að meta sérlyfið.
i. ef ákvæðum þessara laga er að öðru leyti ekki fullnægt, eða brotið er gegn fyrirmælum 4. gr. um auglýsingar eða sala sérlyfs brýtur í bág við settar reglur.

Komi í ljós, að innihald sérlyfs af virkum efnum víki óleyfilega mikið frá hinu tilgreinda magni, skal framleiðandi eða innflytjandi innkalla óseldar birgðir frá heildsölum og lyfjaverzlunum af hinni gölluðu framleiðslu.

Innan fimm ára frá því er sérlyf var tekið í sérlyfjaskrá skal lyfjaskrárnefnd meta, hvort fyrir hendi sé ein eða fleiri af ástæðum þeim, sem nefndar eru í 1. málsgr., og hvort taka beri lyfið af skránni.

Enn fremur skal meta á ný, hvort framleiðandi sérlyfs hafi innt af hendi svo mikilvægt starf í þágu lyfjagerðar almennt, að það réttlæti enn skráningu sérlyfsins undir upprunalegu heiti (sbr. 56. gr. 2. málsgr.).

64. gr.

Þegar tekin eru til meðferðar mál þau, sem greind eru í 4. málsgr. 55. gr., 2. málsgr. 56. gr. og 3. málsgr. 63. gr., svo og verðlagsatriði þau, sem nefnd eru í 60. gr. og 61. gr., skal leita umsagnar lyfjaverðlagsnefndar samkvæmt 28. gr. Ef ekki næst samkomulag um afgreiðslu máls, skal leggja það undir úrskurð ráðherra.

65. gr.

Í lyfjaverðskrá skal greina útsöluverð skráðra sérlyfja.

66. gr.

Innan sex mánaða frá gildistöku laganna skal senda ráðherra umsókn um sérlyf, sem óskað er eftir, að tekið verði á sérlyfjaskrá.

Sé slík umsókn ekki send, er óheimilt að verzla með hlutaðeigandi sérlyf, þegar átján mánuðir eru liðnir frá lokum umsóknarfrestsins. Ráðherra getur heimilað sölu á sérlyfi, sem sannanlega er keypt fyrir gildistöku laganna, í allt að 5 ár frá gildistöku þeirra, þótt hafnað hafi verið upptöku lyfsins á sérlyfjaskrá.

XI. KAFLI
Um málarekstur og refsingar.

67. gr.

Um mál, er rísa kunna út af brotum á lögum þessum, fer að hætti opinberra mála, nema öðru vísi sé fyrir mælt í lögunum.

68. gr.

Fyrir brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal refsa með sektum frá 100 til 200 000 krónum, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. Nú er brot ítrekað eða stórfellt, og getur refsing þá orðið varðhald eða fangelsi allt að 2 árum. Tilraun og hlutdeild í brotum samkv. lögum þessum eru refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga.

Lyf og lyfjaefni, sem inn eru flutt ólöglega eða seld eru ólöglega innanlands, má gera upptæk með dómi, og enn fremur ólöglega gerð lyf og ágóða af ólöglegri lyfjasölu. Andvirði hins upptæka rennur í ríkissjóð.

XII. KAFLI
Niðurlagsákvæði.

69. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara má setja í reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum landlæknis. Við samningu tillagna skal landlæknir kveðja til nefndarmenn lyfjaskrárnefndar, eftir því sem við á hverju sinni.

70. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963.

Með lögum þessum eru úr gildi felld:

Tilskipun 4. des. 1672, um lækna og lyfsala.

Kansellíbréf 16. sept. 1797, um lyfjasölu.

Lög nr. 7 4. júní 1924, um gjald af hálfu lyfsala vegna kostnaðar við eftirlit með lyfjabúðum o. fl.

Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 7. maí 1928, að því er varðar eftirlit með lyfjabúðum.

Lög nr. 37 28. jan. 1935, um heimild rannsóknarstofnana ríkisins til lyfjasölu í sambandi við rannsóknir sínar.

Lög nr. 124 22. des. 1947 um dýralækna, 11. gr.

Enn fremur eru úr gildi numin önnur fyrirmæli í lögum, er brjóta í bága við lög þessi.

Ákvæði í reglugerðum, auglýsingum og öðrum stjórnvaldsreglum um lyfjabúðir og afhending lyfja, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, og ekki fara í bága við ákvæði þeirra, skulu gilda áfram, unz þau hafa verið numin úr gildi með stjórnvaldsreglum, settum samkvæmt lögum þessum.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Lyfsali, sem er 67 ára eða eldri, er lög þessi ganga í gildi, heldur leyfi sínu í full 3 ár, en þó eigi lengur en til loka þess árs, er hann verður 75 ára.
2. Verzlanir, er verzlað hafa með vörur, sem þeim er gert óheimilt að selja, samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða þær mega því aðeins selja, að þær fullnægi sérstökum fyrirmælum laganna, halda rétti sínum óskertum í eitt ár frá gildistöku laga þessara. Slíkur frestur nær þó ekki til innflutnings þeirrar vöru, er lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, er einum heimilt að selja.

Ráðherra má þó veita undanþágu um einstök vörukaup, sem sannanlega hafa verið gerð áður en lög þessi gengu í gildi, enda sé tegund vörunnar hentug, gæði hennar óvefengjanleg, verð sanngjarnt og magn við hæfi. Vöruna má aðeins afhenda aðilum, sem rétt hafa samkv. lögum þessum til að verzla með viðkomandi varning, og þá gegn kostnaðarverði.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með bréfi, dags. 2. nóvember 1959, fól Friðjón Skarphéðinsson, heilbrigðismálaráðherra, dr. Sigurði Sigurðssyni, sjúkramálastjóra, núverandi landlækni, „að framkvæma endurskoðun á lyfsölulöggjöfinni í heild, þar á meðal sérstaklega reglum um verðlagningu lyfja." Til aðstoðar við þetta verk skipaði ráðherra þá Sverri Þorbjörnsson, forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og Sverri Magnússon, lyfsala í Hafnarfirði.

Í bréfi dómsmálaráðuneytisins til sama aðila, dags. 18. nóvember 1959, er nánar kveðið á um aðstoð starfsmanna heilbrigðisstjórnarinnar við þetta verk, og þar sérstaklega tilnefndir prófessor Kristinn Stefánsson, lyfsölustjóri og dr. Ívar Daníelsson, eftirlitsmaður lyfjabúða. Hafa báðir hinir síðastnefndu því einnig tekið þátt í endurskoðuninni.

Eftir nokkrar viðræður við ofangreinda aðila, svo og stjórn Apótekarafélags Íslands, var byrjað á samningu nýs frumvarps til lyfsölulaga í byrjun desembermánaðar árið 1959. Við verk þetta var á ýmsan hátt stuðzt við þau frumvörp til lyfsölulaga, sem á undanförnum árum hafa verið gerð og stundum lögð fyrir Alþingi. Eru hin helztu þeirra talin hér á eftir:

1. Hinn 15. janúar 1944 sendi 5 manna nefnd, sem skipuð var af heilbrigðismálaráðherra hinn 26. ágúst 1942, ríkisstjórninni frumvarp til lyfsölulaga, sem hún hafði samið. Frumvarp þetta var aldrei lagt fyrir Alþingi í upprunalegri mynd.
2. Með bréfi, dags. 22. nóvember 1945, sendi Apótekarafélag Íslands og Lyffræðingafélag Íslands heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis frumvarp til lyfjalaga með beiðni um, að nefndin flytti frumvarp þetta á Alþingi. Eigi mun hafa orðið af því, að nefndin flytti frumvarpið.
3. Með bréfi, dags. 6. desember 1945, sendi þáverandi heilbrigðismálaráðherra, Finnur Jónsson, frumvarp það, sem nefnt var undir lið 1, nokkuð breytt, til heilbrigðis- og félagsmálanefndar efri deildar Alþingis með ósk um, að nefndin flytti það á Alþingi. Af því mun þó ekki hafa orðið.
4. Sama frumvarp og um getur undir 3. lið hér að framan var svo flutt á Alþingi 1949, nokkuð breytt og endurskoðað, þskj. 357. Flutningsmaður var Haraldur Guðmundsson. Frumvarpið náði eigi fram að ganga.
5. Þá var sama frumvarp endurflutt á Alþingi 1950-51 með litlum breytingum, þskj. 112. Þá náði frumvarpið heldur eigi fram að ganga.
6. Á sama þingi var aftur flutt frumvarp það til lyfjalaga, sem áður getur, undir 2. lið hér að framan, þskj. 116. Var því einnig, ásamt síðastgreindu frumvarpi, vísað frá með rökstuddri dagskrá.
7. Loks árið 1958 var svo frumvarp það til lyfsölulaga, sem um getur undir lið 1, 3, 4 og 5 hér að framan, enn nokkuð breytt sent Alþingi til flutnings, en eigi var það flutt á þessu þingi (78. löggjafarþing).

Auk hinna ofangreindu frumvarpa hefur við endurskoðunina einnig mjög verið stuðzt við hina nýju lyfsölulöggjöf Dana (Lov nr. 209 af 11. juni 1954) ásamt breytingum á þeim lögum.

Hinn 10. ágúst 1960 var frumvarpsuppkastið sent eftirfarandi aðilum til umsagnar:

stjórn Apótekarafélags Íslands,
stjórn Lyfjafræðingafélags Íslands,

stjórn Læknafélags Reykjavíkur,
stjórn Dýralæknafélags Íslands,
Verzlunarráði Íslands,
forstöðumanni Rannsóknarstofu Háskólans,
forstöðumanni Tilraunastöðvar Háskólans að Keldum,
eftirlitsmanni lyfjabúða.

Svör bárust frá öllum aðilum, en sum eigi fyrr en á árinu 1961. Hafa þau öll verið gaumgæfilega athuguð og höfð til hliðsjónar við frekari samningu frumvarpsins.

Með bréfi, dags. 12. maí 1961, óskaði Sverrir Magnússon, lyfsali, eftir að vera leystur frá störfum við samningu frumvarpsins, og hefur hann síðan ekki neinn þátt tekið í störfum við samninguna.

Samkvæmt ósk landlæknis og í samráði við núverandi ráðherra hefur Ármann Snævarr, prófessor, yfirfarið frumvarpsuppkastið og gert við það nokkrar lögfræðilegar athugasemdir, sem allar hafa verið teknar til greina.

Þeim, sem sérstaklega kynnu að vilja kynna sér frekar tilraunir þær, sem á undanförnum 18—20 árum hafa verið gerðar til þess að koma hér á lyfsölulöggjöf, er að öðru leyti vísað til ýtarlegra greinargerða ýmissa ofangreindra lyfsölufrumvarpa. Í greinargerðum fyrir sumum þessara frumvarpa eru einnig nokkur drög til sögu lyfjalöggjafar og starfa lyfsala hér á landi. Verður sögulegum þáttum þessa máls ekki sinnt hér, og þykir nægja að vísa til greinargerða fyrir fyrri frumvörpum um það efni.

Um einstaka kafla frumvarps þessa og einstakar greinar þess skal að öðru leyti tekið fram:

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru ýmis almenn ákvæði: í 1. gr. er veitt nokkur skýrgreining á hugtakinu lyf, í 2. gr. eru fyrirmæli um lyfjaskrá, í 3. gr. er veitt heimild til að leggja bann við sölu lyfja, en í 4. og 5. gr. er rætt um auglýsingar um lyf.

Um 1. gr.

Í íslenzkum lögum er hvergi skýrgreining á hugtakinu lyfi, en nokkrum sinnum hefur reynt á það í dómum, hvernig hugtakið verði skýrt í íslenzkum lögum, einkum í sambandi við einkarétt lyfsala til lyfsölu, sbr. t. d. hæstaréttardóm frá 23. febr. 1959. Þar sem lyfjahugtakið er grundvallarhugtak samkv. frumvarpi þessu, þykir heppilegt að skýrgreina það þegar í 1. gr. frv., að svo miklu leyti sem slíkt er hægt.

Lyf eru í lögum þessum skilgreind með tilliti til notagildis viðkomandi efna. Þessi skilgreining er fjarri því að vera tæmandi, þar eð mörg efni, sem höfð eru til lyfja, eru einnig nýtt á annan hátt.

Samkvæmt framangreindu væri eðlilegt að telja sýklaeyðandi efni til lyfja, en vegna víðtækrar og daglegrar notkunar þeirra til hvers konar hreinlætisráðstafana, þykir ekki verða hjá því komizt, að undanskilja þau hinum ströngu fyrirmælum um sölu og afhendingu lyfja.

Um 2. gr.

Lyfjaskrá (Pharmacopoea) er eins konar lögbók, þar sem sagt er fyrir í meginatriðum um gæði lyfja og meðferð þeirra. Til þessa hefur hin danska lyfjaskrá (Pharmacopoea Danica) verið löggilt hér á landi, enda höfum vér Íslendingar ekki haft aðstæður til þess að semja eigin lyfjaskrá. Um 13 ára skeið hefur verið unnið að því að semja norræna lyfjaskrá (Pharmacopoea Nordica), og kom eitt bindi af henni út í ár, en hinna þriggja má vænta á næstu árum. Norræna lyfjaskráin er samin af norrænu lyfjaskrárnefndinni, sem skipuð er þrem aðalfulltrúum frá hverju landi, Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð, en áheyrnar-

fulltrúi (observatör) frá Íslandi hefur fylgzt með störfum nefndarinnar. Allir aðalfulltrúar eiga auk þess sæti í sérstakri lyfjaskrárnefnd í ættlandi sínu, en sú nefnd fer á ýmsan hátt með hið æðsta vald í lyfjamálum í umboði ríkisstjórnarinnar.

Þótt gert sé ráð fyrir, að norræna lyfjaskráin verði löggilt hér eins og á hinum Norðurlöndunum, verður ekki hjá því komizt, að meta ýmis atriði með tilliti til sérstöðu landsins. Er þetta einnig í samræmi við það, sem tíðkast í nágrannalöndunum. Af þessum ástæðum er lagt til, að stofnuð verði sex manna lyfjaskrárnefnd, er sé til ráðuneytis um lyfjamál og vinni að samningu reglugerðar um lyfsölumál. Þá er lyfjaskrárnefnd ætlað að gera tillögur um skráningu sérlyfja samkvæmt 53. gr. Á Norðurlöndum er sérstakri nefnd falið þetta starf, en þar sem ætla má, að starf lyfjaskrárnefndar verði takmarkaðra hér en þar, þykir rétt að ætla einni og sömu nefnd störf beggja nefndanna. Enn fremur er lyfjaskrárnefnd ætlað að vera til ráðuneytis við samningu reglugerðar samkv. 40. gr., svo og almennra reglugerða samkv. lögunum, sbr. 69. gr. Leita á einnig umsagnar nefndarinnar samkv. 14. gr.

Um 3. gr.

Nauðsyn getur borið til þess að stöðva sölu vafasamra lyfja og réttmætt reynzt að hindra óhæfilegar fjárkröfur fyrir lyf. Eru ákvæði greinarinnar miðuð við þau sjónarmið.

Um 4. gr.

Í gildandi lögum eru lyfjaauglýsingar fyrir almenningi bannaðar. Ákvæði þessi hafa gefizt vel, og er réttmætt, að þau standi óbreytt.

Um 5. gr.

Fyrirmæli þessarar greinar veita ráðherra nauðsynlega heimild til þess að krefjast leiðréttinga á vafasömum eða villandi lyfjaauglýsingum. Vegna skefjalítillar auglýsingastarfsemi erlendra lyfjaframleiðenda, þykir nauðsyn bera til þess að setja skýlaus lagafyrirmæli varðandi þessi atriði.

Um II. kafla.

Í þessum kafla frv. eru ákvæði um stofnun lyfjabúða og veitingu lyfsöluleyfa, þ. á m. hvaða aðilum veitt verði lyfsöluleyfi og hverjum skilyrðum þeir verða að fullnægja til þess að geta öðlazt slíkt leyfi. Ákvæði þessi eru að verulegu leyti staðfesting á reglum, sem nú er farið eftir í lagaframkvæmdinni, en þó gætir hér nokkurra nýmæla. Þar sem hér er um mjög mikilvæg atriði að tefla, þykir sjálfsagt, að þau verði beinlínis lögfest.

Um 6. gr.

Í greininni er fjallað um það, hver formlegur aðdragandi skuli vera að því, að lyfjabúð sé sett á stofn í öndverðu og svo lögð niður eða flutt úr stað. Áskilið er, að forseti Íslands veiti heimild til stofnunar lyfjabúðar og til þess að leggja hana niður, en ráðherra ákveður henni stað og veitir leyfi til flutnings hennar. Áður en lyfjabúð er sett á stofn, skal sveitarstjórn fjalla um málið, og er áskilið, að þessir aðiljar hafi æskt stofnunar lyfjabúðar. Er það gert til aukinnar tryggingar fyrir því, að í þessu efni ráði tillitið til þarfa almennings.

Um 7. gr.

Hér er fjallað um aðdraganda að veitingu lyfsöluleyfis, svo og að nokkru um efni lyfsöluleyfis. Í greininni er gert ráð fyrir, að forseti Íslands veiti lyfsöluleyfi, svo sem nú er. Að sjálfsögðu verða slík leyfi ekki bundin öðrum skilyrðum en þeim, sem stoð eiga í lögum, þótt ekki sé sérstakt ákvæði um það efni, svo sem er í dönsku lyfsölulögunum.

Í greininni er mælt fyrir um það, með hvaða hætti skuli auglýsa lyfsöluleyfi til umsóknar, og kveðið á um, að tveggja manna nefnd skuli gefa umsögn um umsækjendur og skipa þeim í röð eftir hæfni þeirra. Slík ákvæði eru ekki í lögum nú, en þau horfa til öryggis.

Eitt lyfsöluleyfi, leyfi til rekstrar Reykjavíkur apóteks, var veitt fyrir 1842, en þá varð meginbreyting á eðli slíkra leyfa. Verður að telja, að það leyfi sé hlutbundið, en ekki persónulegt. Eru ákvæði 7. gr. 4. mgr. og 11. gr. 2. mgr. frv. á því reist. Þegar þeim ákvæðum sleppir, gilda almenn ákvæði frv. um leyfi þetta, t. d. 7. gr. 1. mgr. og 9. gr. 1. mgr. Gert er ráð fyrir, að umsagnar landlæknis sé leitað um viðkomandi lyfsala áður en lyfsöluleyfi er veitt.

Um 8. gr.

Þessi grein fjallar um heiti lyfjabúða, en veitir lyfsölum jafnframt einkarétt á að nefna verzlanir sínar lyfjabúðir eða apótek.

Um 9. gr.

Hér er lagt til, sbr. 7. gr., að lyfjafræðingar einir fái lyfsöluleyfi, svo sem tíðkast á öllum hinum Norðurlöndunum. Í hinu upprunalega frumvarpi hinnar stjórnskipuðu nefndar, er tók til starfa 1942, var lagt til, að lyfjafræðingar einir fengju lyfsöluleyfi, þótt í síðar framkomnum frumvörpum hafi verið gerður sá viðauki, að lyfsöluleyfi megi veita félagsreknum fyrirtækjum.

Í lyfsölulöggjöf hinna Norðurlandanna þekkist yfirleitt ekki að veita félagssamtökum lyfsöluleyfi, og stéttarfélög lyfjafræðinga og lyfsala hafa tjáð sig mjög andvíg þess háttar veitingu lyfsöluleyfa.

Gert er ráð fyrir, að þau tvö samvinnufélög, sem fengið hafa lyfsöluleyfi, haldi þeim til frambúðar, að fullnægðum lagaskilyrðum á hverjum tíma eftir því sem nánar er lýst í greininni.

Um 10. gr.

Hér er kveðið svo á, að lyfsöluleyfi verði ekki veitt starfandi lækni, dýralækni eða tannlækni, þótt þeir kynnu að fullnægja skilyrðum 9. gr., svo og að starfandi læknir, dýralæknir eða tannlæknir megi ekki vera eigandi eða starfsmaður fyrirtækis, er framleiðir eða verzlar með lyf. Styðjast þau nýmæli við auðsæ rök.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að lyfsöluleyfi falli niður í lok þess árs, er lyfsali verður sjötugur. Er það nýmæli. Eru í því efni hafðar til hliðsjónar reglur þær, er gilda í Danmörku, svo og hliðstæð fyrirmæli um hámarksaldur opinberra starfsmanna hér á landi. Skv. bráðabirgðaákvæði 1. töluliðs í frv. þessu, er þó mælt fyrir um, að lyfsali, sem náð hefur ofangreindum aldri, er lög þessi öðlast gildi, haldi leyfi sínu í full 3 ár, en þó eigi lengur en til loka þess árs, er hann verður 75 ára.

Að öðru leyti þarfnast greinin ekki skýringar.

Um 12. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um skyldu og rétt lyfsala, sem tekur við annarri lyfjabúð eða fær lausn frá starfi, til að reka lyfjabúð þá, er hann hverfur frá, svo og um aðstöðuna, er lyfsali andast, eða lyfsöluleyfi fellur niður af öðrum ástæðum.

Við fráfall lyfsala þykir eðlilegast, að dánarbúið annist rekstur lyfjabúðarinnar, þótt ekki sé það ávallt skyldað til þess, bæði á meðan skipun er komið á fjárreiður búsins, og ráðið er fram úr því, hver taki við rekstri lyfjabúðarinnar framvegis.

Um 13. gr.

Hér er lagt til, að lögfestar verði þær höfuðvenjur, sem gilt hafa um lyfjagerð og lyfjasölu sjúkrahúsa, þó svo, að rétt þykir að takmarka í öryggisskyni rétt sjúkrahúsa til áhættusamrar lyfjagerðar. Hins vegar er gert ráð fyrir, að veita megi meiri háttar sjúkrahúsum og öðrum hliðstæðum sjúkrastofnunum leyfi til að reka fullgilda lyfjabúð til eigin þarfa.

Um III. kafla.

Í íslenzkum lögum skortir mjög ákvæði um starfsréttindi lyfjafræðinga og annarra starfsmanna lyfjabúða. Í þessum kafla eru bæði efnisákvæði um það, hvaða menntun slíkir menn þurfi að hafa, svo og, að lyfjafræðingar og aðstoðarlyfjafræðingar þurfi að fá leyfi ráðherra til starfa, enda mæli landlæknir með umsókn, að fenginni umsögn lyfjaskrárnefndar. Gert er ráð fyrir, að ákvæði 14. og 15. gr., er áskilur leyfi ráðherra, eigi við þá eina, er próf taka eftir gildistöku laga þessara eða taka þá til starfa fyrsta sinni.

Um 14. gr.

Með frumvarpinu er gert ráð fyrir, að þeir lyfjafræðingar einir geti öðlazt starfsréttindi, er hlotið hafa meðmæli landlæknis, en ráðherra veitir síðan réttindin. Um starfsréttindi lyfjafræðinga hefur undanfarið verið nokkuð á reiki, einkanlega að því er útlendinga varðar, og horfir ákvæðið til aukins öryggis.

Um 15. gr.

Vegna þess, hversu oft og einatt hefur reynzt erfitt að fá fullgilda lyfjafræðinga til starfa úti á landi, einkum í hinum smærri lyfjabúðum, hefur þótt nauðsyn bera til, að geta falið aðstoðarlyfjafræðingum forstöðu lyfjabúðar um takmarkaðan tíma.

Um 16. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að stofnað verði til námskeiða fyrir nýja stétt lyfjabúðarstarfsmanna, aðstoðarmanna við lyfjagerð. Er ætlunin, að þeir verði lyfjafræðingum (aðstoðarlyfjafræðingum) til aðstoðar við lyfjagerð, og megi eftir atvikum fela þeim að vinna sjálfstætt að áhættuminni störfum.

Um IV. kafla.

Í þessum kafla frv. er fjallað um vinnudeilur og kjarasamninga milli lyfjafræðinga og annarra starfsmanna lyfjabúða annars vegar og lyfsala hins vegar. Þjóðfélagsleg nauðsyn býður, að starfsemi lyfjabúða falli ekki niður vegna vinnudeilna, og þykir því bera brýna nauðsyn til að lögfesta sérstök úrræði, sem ætlað er að draga úr hættunni á því, að til vinnustöðvunar komi í lyfjabúðum. Sambærileg ákvæði við ákvæði þessa kafla frv. hafa ekki verið í fyrri frumvörpum til lyfsölulaga hér á landi, en þau eru samin að fyrirmynd dönsku lyfsölulaganna. Í Danmörku þykir slík tilhögun hafa gefizt vel.

Kjarni þeirrar tilhögunar, er felst í þessum kafla frv., er sá, að fastanefnd þriggja manna, sem deiluaðiljar koma sér saman um, ef þess er nokkur kostur, á að fjalla um ágreiningsatriði, sbr. 17. gr. Leggur hún fram miðlunartillögu, þegar henni þykir það líklegt til árangurs, og er boðið að hafa um hana skriflega og leynilega atkvæðagreiðslu, en síðan eru ákvæði um úrslit atkvæðagreiðslunnar, sbr. 18. gr., og er þar séð við því, að óeðlilegur minnihluti félagsmanna geti ráðið úrslitum mála. Á það skal bent, að nefnd sú, er um ræðir í 17. gr., er sáttanefnd, en ekki gerðardómur, sbr. þó um úrskurði hennar um skilning á gildandi samningum milli aðilja.

Í 19. gr. eru ákvæði um, að ráðherra geti leyst lyfsala undan skyldu til að hafa aðstoð í lyfjabúð, þegar deila stendur yfir milli lyfsala og lyfjafræðinga eða aðstoðarlyfjafræðinga, enda væri lyfsala þá að jafnaði ógerningur að fullnægja þeirri skyldu sinni.

Um V. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um sviptingu og missi réttinda þeirra manna, sem lögin taka til, og raunar einnig um áminningu af hendi landlæknis, sbr. 20. gr. 1. málsgr.

Um 20. gr.

Í henni eru ákvæði um viðbrögð við því, er nokkuð þykir ábótavant við rekstur lyfjabúðar, vegna vanrækslu af hendi lyfsala eða annarra starfsmanna lyfjabúðar, sbr. 1. málsgr. Í 2. málsgr. eru fyrirmæli um það, er landlæknir telur, að lyfsali, lyfjafræðingur eða aðstoðarlyfjafræðingur ræki illa störf sín fyrir ódugnað og hirðuleysi eða vegna andlegs eða líkamlegs sjúkleika, misnotkunar áfengis eða eiturlyfja, eða að öðru leyti sé hætta á misferli í starfi, svo að almenningi geti stafað hætta af. Er þá mælt fyrir bæði um fljótvirkar bráðabirgðaráðstafanir gagnvart aðila, og svo um það, með hverjum hætti málið verði lagt fyrir dómstóla. Er hér bæði reynt að tryggja skjótvirk úrræði og svo réttaröryggi, að því er þann varðar, sem sætir aðgerðum.

Í 20. gr. eru enn fremur ákvæði um endurveitingu réttinda.

Um 21. gr.

Í þeirri grein eru ákvæði um réttindasviptingu vegna refsiverðra brota. Ákvæði sérlaga, svo sem áfengislaga, halda gildi sínu. Um endurveitingu réttinda samkv. þessu ákvæði fer eftir almenna ákvæðinu í 68. gr. a almennra hegningarlaga.

Um VI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um lyfseðla, gerð þeirra og afgreiðslu, sbr. 22. og 23. gr., um það, hvaða lyf megi aðeins láta úti gegn lyfseðli og frá hverjum, sbr. 23. gr. og 24. gr., um skyldu lyfjabúða og annarra lyfsala til að hafa birgðir af lyfjavarningi, sbr. 25. gr., um tilhögun lyfjagerðar og lyfjaafgreiðslu og geymslu lyfja, sbr. 26. gr., og um skyldu lyfsala til að afhenda lyf, sbr. 27. gr.

Að meginstefnu til eru ákvæði þessa kafla frv. aðeins staðfesting á ákvæðum tilskipunar 4. des. 1672 og þó einkum reglugerða og annarra stjórnvaldsreglna um þessi efni, sbr. reglur nr. 273 30. des. 1950 varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja, auglýs. nr. 197 19. sept. 1950 um búnað og rekstur lyfjabúða, reglur nr. 196 19. sept. 1950, um nokkrar nafnabreytingar lyfja samkv. nýrri lyfjaskrá, gerð, geymslu, áritun og afhendingu lyfja o .fl., svo og lyfsöluskrá I, hin síðasta frá 1. sept. 1959, sem út var gefin í sérprenti árið 1959.

Í 22. gr. frv. er nýmæli um lyfjaávísanir í síma. Eru þær yfirleitt ógildar, og bann lagt við að afhenda lyf gegn þeim, en slíkt er þó heimilt, ef brýn lífsnauðsyn krefur.

Að öðru leyti þarfnast ákvæði þessa kafla ekki athugasemda.

Um VII. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um verðlagningu lyfja, sbr. 28. gr., og sölu lyfja og söluskilmála, sbr. 29. gr.

Um 28. gr.

Svo sem venja er til, skal verð á lyfjum fara eftir lyfjaverðskrá (lyfsöluskrá), er ráðherra staðfestir. Fimm manna lyfjaverðlagsnefnd, er ráðherra skipar, sér um samningu lyfjaverðskrár svo og breytingar á henni. Grein þessi er í öllum meginatriðum samhljóða fyrirmælum um skipun og störf lyfjaverðlagsnefndar, er sett voru 1960, þegar til nefndarinnar var stofnað, en áður hafði lyfsölustjóri samið lyfsöluskrá. Einn nefndarmanna er tilnefndur af félagi lyfsala, annar af félagi lyfjafræðinga og hinn þriðji af Tryggingastofnun ríkisins, en hinir tveir samkvæmt tilnefningu Hagstofunnar og landlæknis. Á þennan hátt er gert ráð fyrir, að gætt sé hagsmuna framleiðenda og neytenda, jafnframt því, sem tryggt sé hlutlaust mat.

Rétt hefur þótt að greina nokkur atriði, sem eiga að vera grundvöllur verðlagningar á lyfjum, sbr. 4. málsgr.

Nú verður nefndin sammála, og gefur þá ráðherra út verðskrá í samræmi við tillögur nefndar. Ef ágreiningur verður, liggur málið undir úrskurð ráðherra.

Um 29. gr.

Smásöluverð lyfja er ákveðið í lyfjaverðskrá (sjá einnig 65. gr. varðandi smásöluverð sérlyfja) og sömuleiðis afsláttur til sjúkrahúsa og lækna.

Lyfjaheildverzlunum og fyrirtækjum, sem framleiða sérlyf (56. gr. 1. málsgr.), er ekki heimilt að selja lyf til starfandi lækna, þ. e. lækna (dýralækna), sem ekki hafa leyfi til lyfjasölu, sbr. 42. gr., með þeim undantekningum, sem veittar eru opinberum tilraunastofnunum varðandi eigin framleiðslu og Lyfjaverzlun ríkisins um ónæmislyf.

Fyrirmæli greinarinnar miðast við það, að lyfjasala fari yfirleitt fram í lyfjabúðum, en sé einungis í höndum lækna (dýralækna), þar sem ekki næst til lyfjabúða, enda hafi viðkomandi læknar þá leyfi til lyfjasölu.

Aukagjald fyrir næturafgreiðslu í lyfjabúð er sett til þess að hindra óþarfa ásókn manna á þeim tíma sólarhrings, sem ætlazt er til, að einungis séu afgreidd bráðnauðsynleg lyf.

Um VIII. kafla.

Ákvæði þessa kafla fjalla um lyfjabúðir, rekstur þeirra og smásölu lyfja. Eru þau að verulegu leyti í samræmi við það, sem tíðkazt hefur, en nokkur nýmæli hafa þó verið felld í kaflann.

Um 30. gr.

Hér er heimilað að setja ákvæði í reglugerð um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða, þ. á m. um bækur, sem lyfsala er skylt að halda. Slík ákvæði eru nú í augl. nr. 197 19. sept. 1950 um búnað og rekstur lyfjabúða.

Um 31. gr.

Ákvæði þetta er nýmæli. Með því er stefnt að því að setja lyfsala hámarksfrest, sem líða má frá leyfisveitingu, unz hann hefur rekstur lyfjabúðar, sbr. 1. og 2. mgr. Í öðru lagi er svo lagt til, að sett séu skil á milli fráfarandi lyfsala og viðtakanda, sbr. 3. málsgr., til þess að taka af tvímæli um framkvæmd mála.

Um 32. gr.

Rétt þykir, að lyfsala, er tekur við lyfjabúð, sé gert skylt, er eigandi óskar þess, að kaupa fyrir sanngjarnt verð fyrst og fremst vörubirgðir og nothæf áhöld lyfjabúðarinnar, og þegar svo stendur á, eftir því sem nánar er greint í 32. gr., einnig fasteignir við hæfi fyrirtækisins.

Um 33. gr.

Í greininni er kveðið á um ábyrgð á rekstri lyfjabúða. Er gert ráð fyrir, að hér sé þessum málum svo skipað, að fullri ábyrgð verði komið fram, fyrir hvers konar vítaverð mistök, án þess að vikið sé frá þeim viðurkennda réttargrundvelli, að refsing sé ekki mælt öðrum en þeim, sem sök á með nokkrum hætti á hinu refsiverða athæfi.

Ábyrgðarreglur þessar varða fyrst og fremst refsingar, en þær eiga einnig við um fébótaábyrgð, þó svo að þær dragi ekki úr slíkri ábyrgð samkv. almennum bótareglum.

Um 34. gr.

Þarfnast ekki athugasemda.

Um 35. gr.

Ákvæði 35. gr., um fjarvistir lyfsala frá störfum, eru sett til tryggingar því, að rekstur lyfjabúðar lendi ekki í óreiðu vegna langvarandi fjarvistar hins ábyrga lyfsala. Er hér um sams konar ákvæði að ræða og gilda í Danmörku.

Um 36. gr.

Í greininni er lyfsala gert að skyldu að hafa a. m. k. einn lyfjafræðing starfandi í lyfjabúð. Víkja má þó frá þessu, ef í lyfjabúð starfar aðeins einn aðstoðarmaður, og getur ráðherra þá leyft, að aðstoðarmaðurinn sé aðstoðarlyfjafræðingur. Óhjákvæmilegt þótti að fara lengra í þessu efni vegna örðugrar aðstöðu lyfsala í hinum smærri lyfjabúðum, og er heimilað að leysa þá með öllu undan skyldu til að hafa lyfjafræðing eða aðstoðarlyfjafræðing, ef rekstur lyfjabúðar rís ekki undir slíkum kostnaði. Hér verður og jöfnum höndum að hafa í huga, að örðugt getur reynzt að fá lyfjafræðing eða aðstoðarlyfjafræðing til starfa úti á landi.

Um 37. gr.

Hér er mælt fyrir um heilbrigði og heilbrigðiseftirlit, að því er varðar starfsmenn lyfjabúða, en vitaskuld verður að gera strangar kröfur í því efni.

Um 38. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um það, hve lengi og hvenær lyfjabúðir skuli vera opnar til afgreiðslu, svo og um það, að læknar eigi aðgang að lyfjabúð, þegar nauðsyn krefur, þótt hún sé ekki opin. Sams konar ákvæði eru í gildi nú.

Um 39. gr.

Með frumvarpi þessu er ráð fyrir gert, að öll fyrirtæki, er selja lyfjabúðum lyf og annað, séu undir opinberu eftirliti. Er fyrirtækjum þessum gert að sannprófa vöru sína, áður en henni er dreift til kaupenda (lyfsala). Þykir því sanngjarnt að undanþiggja lyfsala fyrst um sinn þeirri kvöð að sannprófa öðru sinni sömu vöru, og heimila honum að gera ráð fyrir, að varan svari til áritunar umbúða, ef þær eru órofnar, þó ekki ef gruna má, t. d. af ytri einkennum (lit o. s. frv.), að um aðra vöru sé að ræða. Er það efni 39. gr. að mæla fyrir um þetta atriði. Sams konar ákvæði eru í gildi í Danmörku.

Um 40. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir, að sett verði ýtarleg ákvæði í reglugerð, er kveði á um, hverjar lyfjavörur lyfjabúðir og læknar, sem rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, mega einir verzla með. Hingað til hafa um þetta gilt almenn ákvæði tilskipunar 4. des. 1672 og kansellibréfs 16. sept. 1797.

Um 41. gr.

Ákvæði 41. gr. er til fyllingar 40. gr. og leggur bann við því, að kaupandi lyfjavöru, sem er háð einkaverzlunarrétti lyfsala, megi endurselja vöruna, nema hann hafi lyfsöluleyfi.

Um 42. gr.

Í greininni eru lögfestar þær venjur, er gilt hafa um lyfjasölu héraðslækna og annarra lækna. Jafnframt er gert ráð fyrir, að landlæknir geti hlutazt til um athugun á, hvort ekki sé tímabært að stofnsett verði sjálfstæð lyfjabúð á stöðum, þar sem lyfjasala héraðslæknis (læknis) er orðin svo umfangsmikil, að hún krefst sérstaks starfsmannahalds.

Um 43. gr.

Þar sem svo hagar til, að hlutaðeigandi héraðslækni má telja ofviða að reka nauðsynlega lyfjasölu ásamt læknisstörfum sínum, og þó hæpið, að þar gæti borið sig sérstök lyfjabúð, getur átt við að reka útibú frá nálægri lyfjabúð. Er heimilað í greininni að stofna til slíkra lyfjaútibúa.

Um 44. gr.

Á afskekktum stöðum, þar sem hvorki er lyfjabúð eða læknir, getur fólki orðið til mikilla þæginda, að eiga kost á afgreiðslu hversdagslegustu lyfja. Er nánar mælt fyrir í greininni um tilhögun slíkrar lyfjasölu.

Um 45. gr.

Ríkt aðhald um nákvæmt bókhald lyfsala, sem mælt er fyrir um í 45. gr., er óhjákvæmilegt, m. a. vegna verðútreikninga á lyfjum og eftirlits með lyfjabúðum almennt. Hliðstætt ákvæði er í dönsku lyfsölulögunum. Gert er ráð fyrir, að athugun á bókhaldi og bókhaldsgögnum samkv. 28. gr. verði framkvæmd af löggiltum endurskoðanda, en ekki nefndinni sjálfri. Með lokaorðum 2. málsgr., sbr. og 61. gr. 4. málsgr., er við það átt, að forsenda þess, að bókhaldsathugun fari fram sé sú, að mál sé hverju sinni borið undir ráðherra og hann fallist á, að slík athugun eigi sér stað.

Um 46. gr.

Um þagnarskyldu lyfsala og annars starfsfólks í lyfjabúðum eru hér svipuð ákvæði og í lögum nr. 47 23. júní 1932, 10. gr., um lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk. Um refsiábyrgð er mælt fyrir í 68. gr. frv.

Um 47. gr.

Hér er fjallað um eftirlit með lyfjaverzlunum. Ráð er fyrir gert, að fyrirtæki þessi greiði árlegt gjald vegna eftirlitsins, er standi að einhverju eða öllu leyti undir þeim kostnaði, er eftirlitinu fylgir. Til þessa hefur gjald það, er lyfjabúðum hefur verið gert að greiða, verið mjög óverulegt (kr. 250), og önnur fyrirtæki, er selja lyf, hafa ekkert gjald greitt. Um skipun eftirlitsmanns lyfjabúðar er ekki mælt í 47. gr., sjá hins vegar 38. gr. laga nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

Um 48. gr.

Ástæða þykir til að gera þeim, er reka sjúkrahús, lækningastofur o. s. frv., nokkurt aðhald, að því er meðferð og geymslu lyfja varðar. Eru ákvæði greinarinnar sett þessu til tryggingar.

Um 49. gr.

Ekki þykir hjá því komizt, eins og hér háttar til, að leyfa dýralæknum að selja lyf handa dýrum, en sanngjarnt verður þá að telja, að nærliggjandi lyfjabúð njóti viðskiptanna.

Ef sérstaklega stendur á, má jafnvel fela héraðsdýralækni (dýralækni) lyfjasölu og lyfjagerð, enda sé þá engin lyfjabúð í næsta nágrenni. Um slíkar lyfjasölur skulu sett sérstök fyrirmæli til tryggingar gegn slysum og misferli.

Um IX. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um lyfjagerðir, innflutning og heildsölu lyfja.

Um 50. gr.

Tímabært þykir, að setja fyrirmæli um framleiðslu lyfja hjá fyrirtækjum, sem einungis selja lyf í heildsölu, einkum með hliðsjón af því, að hér á landi muni rísa upp lyfjaverksmiðjur. Þess verður að krefjast, að sérfróðir menn stjórni framleiðslu lyfjanna, og útbúnaður til lyfjagerðar sé slíkur, að öruggt sé, að framleiðslu lyfjanna megi vanda í hvívetna, svo og, að slík lyfjagerð og lyfjasala hlíti opinberu eftirliti. Eru ákvæði 50. gr. við þetta miðuð. Fyrirmælin um merkingu lyfjanna eru í samræmi við viðteknar reglur þar að lútandi, og miða að því að tryggja vörugæði og hindra mistök.

Sérstakt leyfi er áskilið í 56. gr. um framleiðslu sérlyfja.

Um 51. gr.

Til þessa hafa ekki gilt önnur sérákvæði um innflutning lyfja en þau, sem takmarka innflutning ópíumlyfja og áfengislyfja. Í 51. gr. er lagt til, að lyfjainnflytjendum sé gert að skyldu að afla sér leyfis til innflutningsins, að hafa sérfróða menn í þjónustu sinni og útbúnað til að varðveita lyf á tryggilegan hátt. Mörg lyf eru vandmeðfarin og geta eyðilagzt við flutning og geymslu, ef þau hljóta ranga meðferð. Án sérþekkingar á þessu sviði og góðrar geymslu, verður innflutningur, varðveizla og dreifing lyfja ekki framkvæmd með viðhlítandi öryggi. Nauðsynlegt er, að fyrirtæki þessi hlíti opinberu eftirliti.

Í upphafi greinarinnar er lagt til, að lyfjabúðum og viðurkenndum lyfjagerðum sé heimilt að flytja inn lyf og efni til lyfjagerðar vegna eigin þarfa. Er byggt á því, að þessar stofnanir fullnægi fyrirmælum greinarinnar um sérþekkingu og aðstöðu að öðru leyti.

Um X. kafla.

Sú er venja, að skipta lyfjum í tvo megin flokka, skráð lyf (officinal lyf) og sérlyf (patentlyf, verksmiðjulyf). Í fyrri flokknum eru lyf, sem hlotið hafa viðurkenningu þeirra stjórnarvalda, sem fara með heilbrigðismál. Nafn skráðs lyfs og gerð er hið sama, hver sem framleiðandi er, og það er selt á einu og sama verði. Framleiðsla þessara lyfja fer að jafnaði fram í lyfjabúðum.

Sérlyf eru búin til í verksmiðjum. Að vísu er framleiðsla sérlyfja að jafnaði háð fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda, en nafn þeirra, gerð og samsetning er á valdi framleiðenda. Sérlyf, sem innihalda sömu efni, eru að jafnaði seld undir sérstöku nafni, sem lyfjaverksmiðjan velur, og þess eru mörg dæmi, að nöfn hliðstæðra sérlyfja skipta tugum. Verð þessara sérlyfja er oft óbreytilegt. Flest ný lyf koma í fyrstu sem sérlyf, en þau, sem vel reynast, eru síðar viðurkennd sem skráð lyf. Í flokki sérlyfja eru því að jafnaði hin nýrri lyf og þau, sem minni reynsla er fengin um. Oft er framleiðsla þeirra lögvernduð með einkaleyfi og verð hátt, miðað við það, sem verða vill, er stundir líða, og einkaleyfi (patent) falla úr gildi eða aðrar hagkvæmari framleiðsluaðferðir finnast.

Árlega berst fjöldi nýrra sérlyfja. Nokkur reynast vel og halda velli, en fleiri falla fljótlega í gleymsku. Hinar miklu framfarir í lyfjaframleiðslu munu valda meiri ásókn í lyf en efni standa til, en auk þess er óhemju fé og fyrirhöfn varið til þess að auglýsa sérlyf. Ætla má, að þessi áróður, sem einkum er beint að læknum, valdi ekki litlu um sívaxandi notkun lyfja, og með ári hverju vex hlutdeild sérlyfja í lyfjamergðinni, bæði að því er við kemur fjölda lyfseðla og verðmæti þeirra.

Ekki getur hjá því farið, að þeir, sem fylgjast með lyfjasölu, efist um, að sjálfsagðrar hagsýni sé gætt við innflutning lyfja. Vart getur það talizt hagkvæmt, að flytja inn eitt og sama lyf undir mismunandi heitum, þegar eitt eða örfá myndu nægja, einkum þegar þar við bætist, að verð þessara hliðstæðu lyfja er oft og einatt mjög mismunandi. Með hæfilegu aðhaldi mætti spara mikið fé, án þess að lyfjaneytendur misstu nokkurs í.

Í X. kafla frv. eru fyrirmæli um sérlyf, og miða þau að því, að takmarka innflutning óhæfilega margra hliðstæðra sérlyfja. Fylgt er fyrirmælum danskra lyfsölulaga að mestu leyti, en á öllum Norðurlöndum gilda svipaðar reglur um innflutning og sölu sérlyfja.

Þær takmarkanir á innflutningi sérlyfja, sem þar hafa gilt um áratugi, hafa gefizt vel, og víst er um það, að ekki mun heilbrigði manna betri eða læknisþjónusta fullkomnari en í þessum löndum.

Um 52. gr.

Hér er hugtakið sérlyf skýrgreint og mælt fyrir um, hvenær heimilt sé að selja lyf, sem lyfjabúð tekur við fullbúnum til afhendingar.

Ákvæði 2. málsgr. miða að því að koma í veg fyrir sölu annarra fullbúinna lyfja en þeirra, sem hlotið hafa staðfestingu ráðherra.

Um 53. og 54. gr.

Takmarkanir þær, sem gjört er ráð fyrir á innflutningi (og sölu) sérlyfja, yrðu framkvæmdar með sérstakri skráningu lyfjanna, og er yfirleitt óheimilt að selja óskráð sérlyf hér á landi, sbr. 54. gr. Sex manna lyfjaskrárnefnd (sbr. 2. gr. frv.) gerir tillögur um skrásetningu sérlyfja. Nefndin er skipuð með tilliti til faglegrar þekkingar varðandi lyf, notkun þeirra, meðferð, sem og lyfjaverzlun. Þá eru sett fyrirmæli um það í 53. gr., að enginn nefndarmanna megi hafa sérstakra fjárhagslegra hagsmuna að gæta varðandi framleiðslu og innflutning sérlyfja, svo að ekki þurfi að óttast, að fjárvon freisti nefndarmanna til hlutdrægni. Síðasta málsgr. 54. gr. er sett samkv. ósk stjórnar Læknafélags Reykjavíkur.

Um 55. gr.

Í þessari grein er að finna helztu kröfur, sem gera skal til sérlyfja, ef þau eiga að kallast skráningarhæf:

1. Að sérlyfið sé sannanlega nytsamt (2. tölul.).
2. Að ekki finnist samsvarandi, skráð lyf (officinal lyf), 3. tölul. a, en í b, c og d er að finna heimildir til undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með slíku.
3. Að framleiðsla sérlyfs fari fram við tryggilegar aðstæður, sbr. 56. gr. (innlend sérlyf) og 58. gr.

Fyrirmæli greinarinnar um 20 ára skráningartímabil eru í samræmi við það, sem tíðkast á Norðurlöndum. Að jafnaði þykir ekki verða hjá því komizt, að ætla lyfjaframleiðendum svo langan tíma, til þess að vinna upp kostnað við rannsóknir og tilraunir, auglýsingar o. s. frv.

Um 56. gr.

Greinin fjallar meðal annars um heiti sérlyfja, og miðar að því að skapa nauðsynlegt samræmi um nöfn innlendra sérlyfja, en slíkt auðveldar læknum og lyfjafræðingum meðferð lyfjanna, og dregur úr hættu á mistökum.

Um 57. og 58. gr.

Sérstök ákvæði eru í 57. og 58. gr. um skráningu sérlyfja og skilyrði þess, að sérlyf verði skráð, sbr. og 55. gr.

Um 59. gr.

Fyrirmæli greinarinnar um merkingu sérlyfja eru sett til tryggingar því, að við áritun sérlyfja sé þess gætt að greina nauðsynlegar upplýsingar um innihald og geymsluþol lyfsins, nafn framleiðanda o. s. frv.

Um 60. gr.

Ákvæði greinarinnar um hóflegt verð sérlyfja er ætlað að skapa aðhald um verð þeirra. Að óreyndu verður ekki sagt fyrir um, hvernig takast muni til um mat á verði sérlyfja, rétt þykir þó, að heimild sé til þess að krefjast slíks mats.

Um 61. gr.

Sennilegt er, að mestur hluti þeirra sérlyfja, sem notuð verða hér, verði framleiddur erlendis, og þau ein sérlyf verði skráð, sem framleidd eru af viðurkenndum lyfjaverksmiðjum í löndum, þar sem strangt eftirlit er með framleiðslu lyfjanna. Engu að síður er Íslendingum, sem öðrum þjóðum, nauðsynlegt að hafa vakandi eftirlit með þeim sérlyfjum, sem notuð verða hér, bæði erlendum og innlendum, og miða ákvæði 61. gr. að því, að slíkt eftirlit geti orðið sem öruggast, meðal annars með því að gera framleiðendum sérlyfja skylt að veita nauðsynlegar upplýsingar varðandi rannsóknir á lyfjunum.

Um 62. gr.

Skráning sérlyfja verður mikið starf og vandasamt, og mun hafa allmikinn kostnað í för með sér. Til þess að mæta útgjöldum, er í greininni gert ráð fyrir sér-

stöku skráningargjaldi í upphafi, og síðan árgjaldi af hverju skráðu sérlyfi. Líklegt má telja, að fjöldi skráðra sérlyfja skipti þúsundum. Framangreind gjöld þyrftu því ekki að verða svo ýkja há, að þau yrðu þungur baggi fyrir framleiðendur sérlyfja, enda eru þeir þegar vanir slíkum gjöldum í öðrum löndum.

Um 63. gr.

Í þessari grein eru fyrirmæli um það, hvenær taka megi sérlyf af lyfjaskrá. Enn fremur er lagt fyrir sérlyfjanefnd, að endurmeta innan 5 ára frá því, að sérlyf var tekið á skrá, hvort taka beri sérlyf af skrá, miðað við fengna reynslu og lyfjafræðilegar framfarir o. fl., sbr. 3. og 4. málsgr.

Um 64. gr.

Í þessari grein er mælt fyrir um meðferð ýmissa þeirra mála, sem um er fjallað í ákvæðum þessa kafla frv. og lúta að verðlagsþáttum. Skal í nánar greindum tilvikum leita umsagnar verðlagsnefndar samkv. 28. gr. frv., en ráðherra leysir til fullnustu úr máli, ef ekki næst samkomulag í verðlagsnefnd.

Um 65. gr.

Í þessari grein er kveðið á um, að í lyfjaverðskrá skuli greina útsöluverð sérlyfja.

Um 66. gr.

Í greininni er boðið að senda skuli heilbrigðisstjórn umsókn um sérlyf, sem óskað er eftir að tekið sé á sérlyfjaskrá, innan sex mánaða frá gildistöku laganna. Er heimilt að verzla með slík sérlyf, þótt umsókn sé ekki send, unz átján mánuðir eru liðnir frá gildistöku laganna. Er ætlandi, að með þessum ákvæðum sé veitt nægilegt svigrúm fyrir sérlyfjainnflytjendur og lyfsala, til að selja birgðir af sérlyfjum, er þeir kunna að hafa, sbr. og bráðabirgðaákvæði 2. tölul.

Um XI. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um meðferð mála út af brotum á lögunum, sbr. 67. gr., þar sem svo er fyrir mælt, að slík mál sæti yfirleitt meðferð opinberra mála, svo og um refsingar og eignarupptöku, sbr. 68. gr., en um réttindasviptingu er rætt í 21. gr., sbr. 20. gr. Þar eð brot á lögum þessum geta verið margvísleg og sum alvarleg, þykir nauðsynlegt að hafa rúm refsimörk, enda er ekki öruggt, að eignarupptöku verði ávallt við komið. Sektir renna í ríkissjóð samkv. almenna ákvæðinu í 49. gr. almennra hegningarlaga.

Við samningu þessa frv. hefur verið tekið til athugunar, hvort rétt þyki að kveða svo á í frv., að ákvæði almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, eða ákvæði þeirra um árásir og ærumeiðingar við opinbera starfsmenn, þ. e. ákvæði XII. og XIV. kafla alm. hegningarlaga, eigi við um lyfsala og lyfjafræðinga. Þótt störfum og réttarstöðu þessara manna svipi að vísu að ýmsu leyti til starfa og réttarstöðu opinberra starfsmanna, þá gætir þess verulega í störfum þeirra, að hér sé um einkaumsýslu að ræða. Er frv. á því reist, að þessum ákvæðum almennra hegningarlaga verði yfirleitt ekki beitt um lyfsala og lyfjafræðinga, en ljóst er, að ákvæði 186. og 187. gr. almennra hegningarlaga taka til þeirra, auk þess sem ýmis ákvæði í sérrefsilögum eiga við um störf þeirra, og loks ber á það að líta, að í 68. gr. frv. þessa eru allvíðtæk refsiákvæði.

Um XII. kafla og bráðabirgðaákvæði.

Í þessum ákvæðum er fjallað um samningu reglugerða (69. gr.) og brottfallin lög (70. gr.), svo og um nokkur framkvæmdaratriði (ákvæði til bráðabirgða). Um 1. tölulið í ákvæðum til bráðabirgða vísast til ákvæða 11. gr. 2. málsgr. frv. Um 2. tölulið í sömu ákvæðum vísast til sérákvæðisins um sérlyf í 66. gr. frv. Að öðru leyti þarfnast þessi ákvæði ekki skýringar.

Nd. **55. Frumvarp til laga** **[55. mál]**

um afnám innflutningsgjalds á heimilisvélum.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Rafmagnsvélar og rafmagnstæki, sem eru notuð á heimilum, svo sem eldavélar, hitunar- og suðutæki, strauvélar, hrærivélar, kæliskápar, bónvélar, ryksugur og loftræsar, skulu undanþegin innflutningsgjaldi, sem er ákveðið í 10. gr. laga nr. 4 1960, um efnahagsmál.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hafa flestar stéttir tryggt sér styttan og hagfelldari vinnutíma. Ein stærsta stétt þjóðfélagsins, húsmæðurnar, hefur hins vegar ekki fylgzt með í þessari þróun. Þvert á móti má segja, að vinnutími margra þeirra hafi lengzt. Nú er t. d. miklu örðugra fyrir heimilin að fá vinnuhjálp en áður. Jafnhliða þessu hafa svo störf húsmæðra orðið á ýmsan hátt fjölþættari en áður var. Afleiðing þessa alls er sú, að ekki hafa nú aðrir þegnar þjóðfélagsins erfiðari og lengri vinnutíma en húsmæðurnar, þótt þeim sé ætlað að annast þær stofnanir, sem þjóðfélaginu er mikilvægast að reynist vel og raunverulega eru þýðingarmesta undirstaða allra annarra stofnana þess, en hér er að sjálfsögðu átt við heimilin.

Þess er rétt að geta, að á síðustu árum hafa komið til sögu ýmsar heimilisvélar, sem bæði draga úr vinnu og erfiði. Löggjafinn hefur hins vegar litið svo furðulega á, að þessar vélar ætti að tollleggja sem lúxusvörur. Þess vegna eru nú mörg heimili alls ekki búin eða verr búin þessum vélum en vera skyldi, og það oft þau, sem hafa einna mesta þörf fyrir þær.

Á heimilisvélar þær, sem þetta frv. fjallar um, leggjast nú allir venjulegir tollar og skattar, eins og vörumagnstollur, verðtollur, innflutningssöluskattur og smásöluskattur. Auk þess leggst á þær 40% innflutningsgjald samkv. „viðreisnarlögunum“ frá 1960. Þetta innflutningsgjald er aðallega lagt á lúxusvörur eða þær, sem eru taldar minna nauðsynlegar en hinar, sem eru undanþegnar gjaldinu.

Í frv. þessu er ekki gengið lengra en að leggja til, að innflutningsgjaldið frá 1960, er leggst á umræddar vélar, falli niður. Til dæmis um þá verðlækkun, sem það mundi hafa í för með sér, má geta þess, að þvottavél, sem nú kostar 19200 kr. í heildsölu, mundi kosta 14200 kr. í heildsölu, ef gjaldið félli niður. Kæliskápur, sem nú kostar 18200 kr. í heildsölu, mundi kosta 13500 kr. í heildsölu, ef gjaldið félli niður.

Þrátt fyrir þessa verðlækkun mundi verð þessara véla verða talsvert hærra en það var haustið 1958. Þvottavél, sem kostar nú 19200 kr. í heildsölu, kostaði þá 13100 kr. Kæliskápur, sem kostar nú 18200 kr. í heildsölu, kostaði þá í heildsölu 12000 kr

Því ber að treysta, að Alþingi telji störf húsmæðra svo þýðingarmikil, að hætt verði að tollleggja sem lúxusvörur vélar og tæki, er létta þeim erfiðustu störfin og stytta hinn langa vinnutíma þeirra.

Ed. 56. Frumvarp til laga [56. mál]

um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Flm.: Hermann Jónasson, Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson.

1. gr.

Á árunum 1963—1967, að báðum árum meðtöldum, skal verja árlega 10 milljónum króna umfram fjárveitingar á fjárlögum til nýbyggingar þjóðvega á Vestfjörðum og Austurlandi.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán til vegagerðar samkvæmt lögum þessum.

3. gr.

Vegafé samkvæmt 1. gr. skal varið til þeirra byggðarlaga á Vestfjörðum og Austurlandi, sem lakast vegakerfi hafa að dómi vegamálastjóra.

4. gr.

Alþingi skiptir fjárframlögum samkvæmt 1. gr. milli einstakra þjóðvega að fengnum tillögum vegamálastjóra og þingmanna hlutaðeigandi kjördæma.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Flutningsmenn þessa frumvarps hafa á þremur undanförnum þingum flutt frumvörp sama efnis í meginatriðum og hér er flutt. Í tvö skipti var frumvarpið ekki útrætt, en á síðasta þingi var málinu, af þingmönnum stjórnarflokkanna, vísað til ríkisstjórnarinnar. Var það gert með þeirri röksemd, að endurskoðun á vegalögum á breiðum grundvelli stæði nú yfir af stjórnskipaðri nefnd, er skila mundi áliti fyrir næsta haust, þ. e. í haust.

Flutningsmönnum er ekki kunnugt um niðurstöður hinnar stjórnskipuðu nefndar. En ekki er vitað, að hún bendi á neina lausn á þeim vanda, sem leysa á með þessu frumvarpi. Verður því enn freistað að koma þessu máli í höfn, þar sem enn standa óhögguð þau rök, sem færð hafa verið fram fyrir nauðsyn þess, að málið gangi fram.

Síðast þegar frumvarp þetta var borið fram, fylgdi því eftirfarandi greinargerð:

„Ekki er þörf á miklum skýringum á því, hvers virði vegakerfið er byggðum þessa lands. Sjón er sögu ríkari um það, hversu einstakar bújarðir og jafnvel hálf eða heil sveitarfélög hafa lagzt í auðn, einkum vegna vegaleysis. Ýmis byggðarlög eru enn þá einangruð frá vegakerfi landsins, en önnur hafa aðeins ófullnægjandi bráðabirgðavegi.

Um langt skeið hafa fjárveitingar til hinna gömlu kjördæma tekið litlum breytingum og hlutföllunum milli héraðanna í þessum efnum ekki verið breytt að neinu ráði. Af þessu hefur leitt það, að byggðarlög, sem illa voru á vegi stödd með samgöngur á landi, eru það áfram í samanburði við önnur byggðarlög. Sýnilegt er, að ekki verður ráðin bót á þessu með venjulegum fjárveitingum.

Á árinu 1959 lét vegamálastjóri gera ýtarlega skýrslu yfir vegakerfi landsins, eins og það var í árslok 1958. Sú skýrsla er fróðleg til samanburðar á vegakerfinu í einstökum landshlutum, og munu þau hlutföll, er þar koma fram, ekki hafa breytzt síðan.

Samkv. þessari skýrslu kom í ljós, að tvö núverandi kjördæmi skáru sig úr í vegamálum. Voru það Vestfjarðakjördæmi og Austurlandskjördæmi. Nefnd skulu hér nokkur dæmi úr fyrrnefndri skýrslu.

Vegunum er skipt í þrjá flokka: lagðir vegir (þ. e. fullgerðir vegir), ruddir vegir (þ. e. bráðabirgðavegir) og óbílfærir vegir (þ. e. veglaust).

1. Af þjóðvegunum í Vestfjarðakjördæmi voru 22.2% óbílfærir, í Austurlandskjördæmi voru 10% þjóðveganna óbílfærir, en í öðrum kjördæmum voru það 1.9—5.9%.

2. Fullgerðir þjóðvegir voru í Austurlandskjördæmi 37.2% af þjóðvegunum þar, í Vestfjarðakjördæmi voru það 46.6%, en í öðrum kjördæmum 67.4—82.9%.

3. Óbílfærir þjóðvegir í Austurlands- og Vestfjarðakjördæmum báðum voru samtals 479.3 km, en í hinum 5 kjördæmunum (utan Reykjavíkur) voru þeir ekki nema 251.2 km samtals.

4. Ruddir þjóðvegir voru í Austurlands- og Vestfjarðakjördæmum samtals 1304.4 km, en í hinum 5 kjördæmunum (utan Reykjavíkur) voru þeir samtals 1179.5 km.

Af þeim dæmum, sem hér hafa verið nefnd, ætti að vera ljóst, hversu mikill munur er á vegasamgöngum í tveimur kjördæmum landsins borið saman við öll hin kjördæmin.

Á síðastliðnu ári var ný stefna upp tekin til þess að hraða vegagerð. Þá tók ríkisstjórnin 10 millj. kr. erlent lán til að leggja steinsteyptan veg milli Reykjavíkur og Keflavíkur. Þessi upphæð er þó ekki nema brot af því, sem áætlað er að sá vegur kosti. Þessi lántaka er viðurkenning á því, að réttmætt sé að afla lánsfjár til að hraða vegagerð, eins og flm. þessa frumv. lögðu til fyrir tveimur árum að gert yrði til að hraða vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi. Má því ætla, að þessi viðurkenning greiði fyrir því, að þetta frumv. fái jákvæða afgreiðslu á þessu þingi. Fyrst réttmætt þykir að leggja steinsteyptan veg fyrir erlent lánsfé til viðbótar vegi, sem fyrir er á sömu leið, verður að telja enn nauðsynlegra að leggja vegi fyrir lánsfé til þeirra byggðarlaga, sem enga eða algerlega óviðunandi vegi hafa."

Sþ. 57. Tillaga til þingsályktunar [57. mál]

um heyverkunarmál.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson, Björn Pálsson, Björn Fr. Björnsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa sex manna nefnd til þess að gera tillögur um almennar ráðstafanir með lögum eða á annan hátt, er að því miði að gera heyverkun bænda sem öruggasta og ódýrasta. Nefndarmenn skulu skipaðir eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda, tilraunastöðvar háskólans í meinafræði á Keldum, tilraunaráðs búfjárræktar, verkfæranefndar ríkisins og raforkumálaskrifstofunnar, einn tilnefndur að hverjum aðila. Nefndin kýs sér sjálf formann.

Nefndin athugi sérstaklega, hvernig auka megi súgþurrkun og votheysgerð sem allra mest, t. d. með því að hækka ríkisframlag og veita lán til þess að koma upp súgþurrkunartækjum, lofthitun í sambandi við blástur, votheysgeymslum, færiböndum og saxblásurum. Enn fremur láti hún uppi, að fengnum sérfræðilegum upplýsingum, álit sitt á möguleikum til þess að koma í veg fyrir tjón á sauðfé vegna votheysgjafar.

Nefndin ljúki störfum svo fljótt sem frekast er unnt og skili tillögum um lánveitingar til ríkisstjórnarinnar svo tímanlega, að unnt sé að taka tillit til þeirra á árinu 1963.

Kostnaður við nefndarstörf, þar á meðal við fræðilega aðstoð, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Fylgdi henni þá eftirfarandi greinargerð:

Íslendingar hafa, svo sem kunnugt er, stundað kvikfjárrækt, frá því að land byggðist. Hefur þessi atvinnuvegur byggzt á því, að heyja hefur að sumrinu verið aflað til vetrarfóðurs, og á hagnýtingu landsins til beitar fyrir búfé. Afkoma bændanna og efnahagur hefur frá fyrstu tíð farið eftir því, hvort vel heyjaðist eða illa. Ef grasspretta var góð og þannig viðraði, að hey nýttust vel, gat bóndinn horft ókvíðinn móti vetri og harðindum. Ef hins vegar voru annaðhvort grasleysisár eða óþurrkatíð um sláttinn, mátti gera ráð fyrir búsveltu og bjargarskorti fyrir heimili bóndans.

Þær eru margar til hrakfalla- og sorgarsögurnar, sem gerzt hafa í þessu landi vegna þess, að heyskapurinn brást. Fyrsta sagan af landnámi hér er um það meðal annars, að landnámsmennirnir urðu að yfirgefa þetta fagra land aftur vegna þess, að þeir höfðu ekki aflað heyja handa búfé sínu, svo að það féll af bjargarskorti. Saga landsins hefst á þessari sorglegu og dýrkeyptu reynslu hinna fyrstu landnámsmanna, og svo hefur hún endurtekið sig í fleiri eða færri skipti á æviskeiði flestra eða allra kynslóða, er landið hafa byggt síðan, og oft legið við, að þjóðin yrði af þeim sökum hungurmorða.

Nú er svo komið vegna hinnar hraðstígu tækni, að grasspretta þarf varla að bregðast. Hið mikla undraefni, tilbúni áburðurinn, sér fyrir því, ef hann er borinn á jörðina í réttum skömmtum fyrir næringarþörf jurtanna. Að vísu getur kal í túnum rýrt mjög uppskeru einstöku sinnum, en í slíkum tilfellum er sá möguleiki fyrir hendi að brjóta land til sáningar fyrir fljótsprottnar jurtir, svo sem hafra, fóðurkál eða aðrar jurtir, og bæta sér þannig upp að nokkru eða öllu það tap, sem kal í einstökum tilfellum kann að valda.

Þá er tæknin einnig komin á það stig, að oftast eða jafnvel alltaf má með aðstoð véla verka góð hey, þó að tíðarfar sé votviðrasamt. Er þar átt við súgþurrkun og votheysgerð.

Almennt kosta bændur nú eftir getu kapps um að nota tilbúna áburðinn þannig á landið, að það gefi fulla uppskeru. En því miður eru þeir margir, sem hafa ekki enn getað tryggt hjá sér góða og árvissa heyverkun. Þetta er ekki af því, að bændur vanti áhuga í þessu efni, heldur er hér um að ræða svo gífurlega kostnaðarsamar framkvæmdir, að margir hafa orðið að vera án þeirra, enda hvergi neina hjálp til slíks að fá, hvorki í formi styrkja né lána, nema ef nefna skyldi þann lítilfjörlega styrk og lán, sem fæst út á súgþurrkunarkerfi og votheysgeymslur.

Vélakaupin, súgþurrkunarblásarar og mótorar til að knýja þá og færibönd eða blásarar til þess að koma grasi í votheysgeymslur, eru svo kostnaðarsöm, að allur fjöldi bænda getur ekki ráðizt í slíkar framkvæmdir, þegar hvergi er lán að fá eða stuðning með fjárframlagi til slíkra hluta.

Með því verðlagi, sem nú er, mun kosta að koma súgþurrkun í 1000—1200 hesta hlöðu ekki minna en um 70 þúsund krónur, og er þá miðað við rafmagnsmótor og að óupphituðu lofti sé blásið.

Eins og nú háttar til orðið í sveitum landsins um vinnukraft, þá þurfa bændur að láta vélar vinna helzt öll þau störf, þar sem þeim verður við komið. Ekki munu liggja fyrir skýrslur um fjölda þeirra bænda, sem hafa súgþurrkunartæki, en samkvæmt upplýsingum frá raforkumálaskrifstofunni höfðu 464 bændur súgþurrkun frá héraðsrafmagnsveitum ríkisins 1961. Hvað þeir eru margir, sem nota aðra orku til súgþurrkunar, er ekki vitað. Þó er nokkurn veginn víst, að ekki er meira en þriðjungur bænda, sem hefur súgþurrkun. Mun þetta misjafnt eftir landshlutum og byggðarlögum.

Þá mun ekki liggja fyrir örugg vitneskja um það, hve margir bændur hafa votheysgeymslur, en vitað er, að á árunum 1950—1960 hafa verið byggðir 191689 m³, og að frá 1925 til 1948 voru 778634 m³ byggðir, en fróðir menn áætla, að ⅔ þeirra

bygginga séu nú úr sögunni. Það er þannig í hæsta lagi hægt að gera ráð fyrir 100 m³ votheysgeymslurúmi hjá hverjum bónda í landinu að meðaltali.

Oft heyrist rætt um það, að heyskapinn sé hægt að tryggja með því að hafa nægar geymslur fyrir vothey. Vissulega er fengin reynsla fyrir því, að þessi heyverkunaraðferð getur bjargað miklu. En til þess að hún sé möguleg í stórum stíl, þarf aukinn vélakost hjá flestum bændum. Blautt hey er þungt í meðförum, og það er illframkvæmanlegt fyrir þá, sem eru liðfáir við heyskapinn, að moka miklu magni — ef til vill mörg hundruð hestum — af blautu grasi fyrst upp á vagna og síðan af þeim aftur í votheysgeymslurnar, oftast við óhæga aðstöðu. Hér þurfa því til að koma vélar og tæki: blásarar og færibönd. En það er eins um þessi tæki og þau, sem þarf til súgþurrkunar, að þau eru dýr og flesta bændur skortir fé til að leggja í þann kostnað.

Hin erfiða vinna við votheyið bæði sumar og vetur á vissulega mikinn þátt í því, hvað þessi heyverkunaraðferð er enn tiltölulega lítið notuð, en þar kemur það einnig til, að margir bændur óttast vanhöld í sauðfé, ef vothey er gefið.

Til þess því að bændur geti aukið þessa heyverkunaraðferð, þarf meiri véltækni en nú er og bættar aðferðir við votheysverkunina, annaðhvort með efnaíblöndun í votheyið eða á annan hátt, sem tilraunir eða reynsla kunna að uppgötva, svo að ekki þurfi að óttast óhollustu af þess völdum fyrir búfé. Enn fremur kemur til greina lækning eða ónæmisaðgerðir.

Á þessari miklu vísinda- og tækniöld er það bæði skaði og skömm fyrir þjóðina, að bændur skuli ekki vegna fjárskorts geta notað þá véltækni, sem mundi gera atvinnuveg þeirra að mestu leyti áfallalausan af völdum hinna miklu og tíðu votviðra, sem úthafsloftslagið á eylandi þessu eðlilega skapar.

Með þingsályktunartillögu þessari vilja flutningsmenn leggja áherzlu á, að það verði kannað til hlítar, hvort til séu færar leiðir fyrir ríkið á einhvern hátt að hjálpa bændum til að tryggja heyverkunina. Þetta er svo stórt mál, í fyrsta lagi fyrir bændastéttina og í öðru lagi fyrir þjóðfélagið í heild, að óhjákvæmilegt er, að ríkið láti það til sín taka.

Það hefur komið fyrir hvað eftir annað, að bæta hefur þurft úr yfirvofandi neyðarástandi vegna óþurrka með skyndihjálp hins opinbera, sem — þótt góð sé — kemur aldrei að fullum notum. Það væri því hyggilegt af hálfu þjóðfélagsins að aðstoða bændastéttina við að koma í veg fyrir, að vandræðaástand skapist vegna votviðra.

Okkur flutningsmönnum finnst, að mál þetta þurfi allvíðtækrar athugunar við, svo að raunhæfar tillögur sé hægt að gera um það, hvernig málefni þetta verði farsællegast leyst. Nauðsynlegt er, að sú athugun sé gerð af þeim aðilum, sem gera má ráð fyrir að bezta og víðtækasta þekkingu hafi á þessu sviði. Stofnanir þær, sem gert er ráð fyrir að tilnefni menn í nefndina, eru allar tengdar landbúnaðinum sérstaklega nema raforkumálaskrifstofan, en hún er sjálfsagður aðili, þar sem raforka frá orkuveitum ríkisins er og verður í vaxandi mæli notuð til að knýja vélar við landbúnaðarstörf og ekki sízt til þeirra starfa, sem hér er um rætt.

Nd. 58. Frumvarp til laga [58. mál]

um breyting á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árunum 1962—1965, að báðum meðtöldum, skal greiða ½% viðbótargjald af söluvörum landbúnaðarins, sem um ræðir í 2. gr., og rennur það til Búnaðarfélags

Íslands og Stéttarsambands bænda til að reisa hús félaganna við Hagatorg í Reykjavík yfir starfsemi þeirra. Skal fénu skipt milli þeirra eftir hlutfallinu tveir á móti einum. Um álagningu og innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um búnaðarmálasjóðsgjald.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefndar Búnaðarbyggingarinnar. Einstakir nefndarmenn áskilja sér allan rétt í afstöðu sinni til málsins og hafa um það óbundnar hendur.

Þau bréf, er nefndinni hafa borizt varðandi málið, eru birt hér á eftir sem fylgiskjöl og til skýringar.

Fylgiskjal I.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 16. október 1962.

Á síðasta aðalfundi Stéttarsambands bænda var samþykkt eftirfarandi tillaga frá byggingarnefnd Búnaðarbyggingarinnar:

„Aðalfundur Stéttarsambands bænda, haldinn að Bifröst 4. og 5. september 1962, felur stjórn Stéttarsambandsins að vinna að því, að Alþingi framlengi um 4 ár, frá 1962 til 1965 að báðum árum meðtöldum, bráðabirgðaákvæði laga nr. 10 17. marz 1959, um breytingu á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs."

Greinargerð:

„Í ákvæði þessu frá 1959 felst það að innheimta ½% af söluvörum bænda til Búnaðarbyggingarinnar í 4 ár. Í árslok 1961 féll það úr gildi. Með tillögu þessari, sem hér er flutt, er þess farið á leit, að bráðabirgðaákvæði þetta verði framlengt til 4 ára í viðbót, þ. e. til ársloka 1965.

Ástæðan er sú, að líkur eru til þess, að lánsfé til byggingarinnar verði um 70% af öllum kostnaði, húsi, innanstokksmunum, vélum og áhöldum, og að lánin verði ekki svo hagstæð, að reksturinn geti staðið undir afborgunum auk vaxta fyrstu árin. Til þess þyrfti að vera um stórgróða að ræða.

Er því ýtrasta nauðsyn að halda búnaðarmálasjóðsgjaldinu um nokkur ár til að mæta afborgunum fyrstu árin, eftir að allt búsið verður tekið í notkun. Tillaga þessi var lögð fyrir síðasta búnaðarþing og samþykkt þar með atkvæðum flestra fulltrúa. Þess er vænzt, að aðalfundur Stéttarsambandsins líti eins á þetta mál."

Tillagan var samþykkt með 37 atkvæðum gegn 1.

Virðingarfyllst,

Sæm. Friðriksson. Kristján Karlsson.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal II.

BÚNAÐARBYGGINGIN

Reykjavík, 18. október 1962.

Með tilvísun til bréfs, dags. 16. þ. m., frá Stéttarsambandi bænda til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis um framlengingu á búnaðarmálasjóðsgjaldi til Búnaðarbyggingarinnar, óskum við undirritaðir eindregið eftir því, að háttvirt nefnd flytji mál þetta á Alþingi og vinni að framgangi þess.

Virðingarfyllst,

F. h. byggingarnefndar Búnaðarbyggingarinnar,

Þorsteinn Sigurðsson, formaður — Sæmundur Friðriksson, framkvæmdastj.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Fylgiskjal III.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 19. október 1962.

Landbúnaðarnefnd neðri deildar Alþingis,
Reykjavík.

Búnaðarþing 1962 samþykkti ályktun um framlengingu á bráðabirgðaákvæði laga um breytingu á lögum um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Ályktun þessi var svo hljóðandi:

„Búnaðarþing ályktar að skora á Alþingi að framlengja um 4 ár, 1962—1965 að báðum árum meðtöldum, bráðabirgðaákvæði laga nr. 10 17. marz 1959, um breytingu á lögum nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs, og felur stjórn Búnaðarfélags Íslands og byggingarnefnd að flytja málið við Alþingi, er nú situr."

Ályktun þessi var send síðasta Alþingi og stíluð til landbúnaðarnefndar neðri deildar með bréfi, dags. 24. marz s. l., með ósk um, að lögin yrðu framlengd. Eigi varð úr framkvæmd í því efni á því þingi, enda nægur tími til stefnu um framlengingu á lögunum á þingi því, er nú er hafið, þar sem lögin eru í gildi til næstu áramóta.

Með bréfi þessu leyfir stjórn Búnaðarfélags Íslands sér að endurnýja fyrri beiðni sína til landbúnaðarnefndar um, að hún beiti sér fyrir framlengingu á lögunum, um leið og stjórnin skírskotar til þeirra raka, sem fram eru færð fyrir beiðni þessari í fyrrnefndu bréfi frá 24. marz s. l.

Þá hefur byggingarnefnd Bændahallarinnar sent sams konar beiðni til landbúnaðarnefndar neðri deildar ásamt samþykkt síðasta aðalfundar Stéttarsambands bænda, sem mælti eindregið með því, að lögin yrðu framlengd.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands treystir því, að landbúnaðarnefnd verði við þeim tilmælum að flytja málið á Alþingi og stuðla að framgangi þess þar. Til þess ber nú brýna þörf, að byggingunni falli í skaut sá stuðningur, sem í framlagi þessu felst.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Sigurðsson. Pétur Ottesen. Gunnar Þórðarson.

Sþ. 59. Tillaga til þingsályktunar [59. mál]

um vegabætur á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gísli Jónsson, Birgir Finnsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela vegamálastjóra að láta gera áætlun um vegagerð á Vestfjörðum, er stefni að því takmarki, að lokið verði á sem stytztum tíma öllum aðalvegum um þennan landshluta og tryggt öruggt akvegasamband milli byggðarlaga hans meginhluta árs hvers.

Greinargerð.

Þrátt fyrir miklar umbætur í vegamálum Vestfjarða undanfarin ár brestur þó mikið á, að því takmarki hafi verið náð, sem að hlýtur að vera stefnt. Heil byggðarlög eru enn þá veglaus og án akvegasambands. Aðalvegir um þennan landshluta eru svo lélegir og ófullkomnir að óviðunandi verður að teljast. Í fyrstu snjóum lokast yfirleitt akvegasambandið við meginhluta Vestfjarða, og einstök byggðarlög eru einnig einangruð nær allan veturinn. Hefur þetta í för með sér margvíslegt óhagræði og erfiðleika fyrir atvinnu- og félagslíf fólksins.

Óhætt er að fullyrða, að Vestfirðir séu í þessum efnum verr settir en flest, ef ekki öll önnur byggðarlög landsins. Brýna nauðsyn ber þess vegna til þess að framkvæma skjótar umbætur í vegamálum Vestfirðinga.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu leggja því til, að vegamálastjóra verði falið að láta gera framkvæmdaáætlun um vegagerð á Vestfjörðum, er stefni að því takmarki að ljúka á sem skemmstum tíma öllum aðalvegum um þennan landshluta og tryggja jafnframt akvegasamband milli byggðarlaga hans meginhluta árs hvers. Að slíkri framkvæmdaáætlun gæti orðið verulegt gagn. Með henni fengist yfirlit um ástandið, eins og það er, og hina brýnu þörf aukinna vegaframkvæmda og fjáröflun vegna þeirra. Ætti það að stuðla verulega að meiri og markvísari vegaframkvæmdum.

Góðir og greiðfærir vegir og vegasamband milli héraða og landshluta er frumskilyrði atvinnu- og félagslífs. Við það verður því ekki unað, að einstakir landshlutar búi við skarðan hlut í þessum efnum. Á Vestfjörðum starfar svo að segja hver einasta vinnufær hönd að framleiðslu í einni eða annarri mynd. Það er þess vegna ekki aðeins hagsmunamál Vestfirðinga, heldur alþjóðar, að samgöngur séu þar góðar og öruggar og skilyrði til atvinnurekstrar eigi verri en annars staðar.

Í þessu sambandi má minnast þess, að ýmsar sveitir á Vestfjörðum eru nú að hefja mjólkurframleiðslu. Er óhjákvæmilegt, að vegum þeirra sé haldið opnum allt árið vegna afurðaflutninga. Ella er mjólkurframleiðsla þar dauðadæmd.

Nd. 60. Frumvarp til laga [60. mál]

um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Þóknun verkfræðinga fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu eða tímavinnu, skal eigi vera hærri en ákveðið er í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, að viðbættum lögleyfðum uppbótum.

Leggi verkkaupandi til vinnuaðstöðu verkfræðings, skal sú vinnuaðstaða teljast 40% þóknunar samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá, frá 19. apríl 1955.

2. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Ríkisstjórnin hefur tjáð mér, að greiðslur fyrir flest störf verkfræðinga í þágu ríkisins hafi undanfarið verið ákveðnar með hliðsjón af tímakaupi samkvæmt gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, með síðari verðlagsuppbótum samkvæmt lögum. Verkfræðingafélag Íslands hafi nú gefið út nýja gjaldskrá, sem gildi frá 1. þ. m., þar sem tímakaupi er ætlað að hækka allt að 320%, auk þess sem þóknun fyrir ákvæðisvinnu er ætlað að hækka verulega.

Slík hækkun á kaupi verkfræðinga myndi óhjákvæmilega valda stórkostlegri röskun á launamálum bæði hjá ríki og öðrum aðilum og auk þess óeðilegum kostnaðarauka við margvísleg rannsóknarstörf og framkvæmdir.

Því telur ríkisstjórnin, að brýna nauðsyn beri til, að komið verði í veg fyrir, að nefnd gjaldskrá komi til framkvæmda.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Þóknun verkfræðinga fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu eða tímavinnu, skal eigi vera hærri en ákveðið er í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, að viðbættum lögleyfðum uppbótum.

Leggi verkkaupandi til vinnuaðstöðu verkfræðings, skal sú vinnuaðstaða teljast 40% þóknunar samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá, frá 19. apríl 1955.

2. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 2. maí 1962.

Ásg. Ásgeirsson.

Ingólfur Jónsson.

Sþ. **61. Tillaga til þingsályktunar** [61. mál]

um tafarlausan brottflutning Bandaríkjahers af Íslandi vegna styrjaldarhættu.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir, Einar Olgeirsson.

Með sérstöku tilliti til þess ískyggilega ástands, sem skapazt hefur í heimsmálum, síðan Bandaríkin hófu hernaðaraðgerðir á Karíbahafi, og með tilliti til þess, að þær aðgerðir geta, áður en varir, leitt til þess, að Bandaríkin lendi í stórveldastyrjöld, telur Alþingi hersetu Bandaríkjamanna á Íslandi orðna svo hættulega lífsöryggi íslenzku þjóðarinnar og tilveru allri, að þegar í stað verði að grípa til þeirra gagnráðstafana, sem helzt duga.

Alþingi ályktar því að fela ríkisstjórninni að gera tafarlaust eftirfarandi ráðstafanir:

1. Að tilkynna ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku, að Alþingi Íslendinga krefjist þess, að allur herafli Bandaríkjanna á Íslandi verði tafarlaust fluttur burt.
2. Að lýsa síðan yfir því gagnvart öðrum löndum, að Ísland muni ekki veita neinum styrjaldaraðila aðstöðu í landinu og því sé heitið á öll ríki að virða hlutleysi þess og friðhelgi.

Greinargerð.

Mannkynið hefur undanfarna daga staðið á barmi stórstyrjaldar og stendur enn. Bandaríki Norður-Ameríku yrðu annar aðili slíkrar styrjaldar. Dvöl bandarísks hers á Íslandi veldur því, að stórkostleg hætta væri á, að Ísland yrði strax á fyrstu klukkustundum stríðsins styrjaldarvettvangur með þeim ægilegu afleiðingum, er það hefði fyrir þjóð vora. Það er því spurning um líf eða dauða þorra Íslendinga að reyna að bjarga þjóðinni frá slíkri styrjaldarhættu, **áður en** stríðið sjálft brytist út. Eini hugsanlegi möguleikinn er að losa landið tafarlaust við bandaríska herinn og herstöðvarnar, áður en styrjöld væri hafin.

Þetta er aðalatriði þessarar þingsályktunartillögu. Skyldan til að forða þjóð vorri frá fjörtjóni hlýtur þar að vera sterkari en allt annað. Því er lagt til að krefjast þess, að bandarískri herinn fari tafarlaust. Áður hefur Alþingi samþykkt uppsögn „hervarnarsáttmálans“ frá 1951, en hinn langi uppsagnarfrestur, sem þar er ákveðinn, mundi gera ómögulegt að bjarga þjóð vorri frá því að dragast inn í styrjöld, sem nú skylli á.

Sú styrjaldarhætta, sem nú vofir yfir, er til komin fyrir árásaraðgerðir Bandaríkjastjórnar, er hún hefur lýst sig munu framkvæma gagnvart skipum á hafi úti.

Íslendingar verða fyrst og fremst að móta aðgerðir sínar út frá því sjónarmiði að bjarga þjóðinni úr voða.

En jafnframt ber að leggja áherzlu á það, að vegna einhliða aðgerða Bandaríkjastjórnar á Karíbahafi er Ísland, ef til styrjaldar kæmi út af þeim aðgerðum, laust við skuldbindingar samkvæmt Atlantshafssáttmálanum frá 1949 og „hervarnarsamningnum“ frá 1951.

Haldi það hættuástand áfram, sem Bandaríkin nú hafa skapað, er framkvæmd þeirra ráðstafana, sem í þáltill. felast, óhjákvæmileg. Fari hins vegar svo, sem allir hljóta að vona, að afstýrt verði stríði og þessi þáltill. hafi eigi áður komið til framkvæmda, þá er ljóst orðið af því ástandi, sem nú skapaðist fyrir aðgerðir Bandaríkjastjórnar, að Ísland getur ekki þolað það að eiga líf þjóðarinnar undir aðgerðum slíkra manna sem þeirra, er nú hafa stofnað heimsfriðnum í hættu, — og hlýtur þá að fara þá leið, sem áður var samþykkt, 26. marz 1956, að segja upp „hervarnarsamningnum“ frá 1951 og láta flytja herinn úr landi.

Sþ. 62. Tillaga til þingsályktunar [62. mál]

um senditæki í gúmbjörgunarbáta.

Flm.: Ragnar Guðleifsson, Birgir Finnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða reglugerð um eftirlit með skipum með það fyrir augum að fyrirskipa, að gúmbjörgunarbátar verði búnir senditækjum.

Greinargerð.

Í gildandi lögum um eftirlit með skipum er svo fyrir mælt, að á hverju skipi skuli vera gúmbjörgunarbátur, einn eða fleiri, og sé stærð þeirra miðuð við, að þeir rúmi minnst þá, sem á skipinu eru.

Sú reynsla, sem fengizt hefur af gúmbjörgunarbátunum, hefur leitt í ljós, að þeir hafa ýmsa kosti fram yfir trébátana. Þeir eru léttari, auðveldara að koma þeim á flot og þola meira hnjask. Hins vegar sjást þeir verr á sjó, og einnig berast þeir hraðar með vindi en trébátarnir.

Því er það til, að þótt slysstaður sé tilkynntur frá sökkvandi skipi í hvassviðri, hafi gúmbátur borizt langt frá, þegar leitarskip kemur á staðinn eftir langan tíma.

Það mundi því oft geta orðið til hjálpar, að í gúmbátnum væri senditæki, svo að hægt væri að miða bátinn frá leitarskipum eða stöðvum í landi.

Nú eru komin á markaðinn tæki, sem taka hinum eldri fram að því leyti, að þau eru sérstaklega varin fyrir raka. Þau mundu því henta til þeirra nota.

Vildum við sérstaklega vekja athygli á þessum tækjum, ef verða mætti, að þau leystu hér mikið vandamál og gætu þannig orðið til þess að auka öryggi manna á sjónum.

Nd. 63. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til laga um almannavarnir.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frv. var tekið fyrir og rætt ýtarlega á fjórum fundum í nefndinni. Mætti hjá nefndinni til viðræðna Ágúst Valfells, sem ráðinn hefur verið af ríkisstjórninni til þess að undirbúa og skipuleggja almannavarnir, og gaf hann nefndinni margvíslegar upplýsingar um hættur af sprengjuárásum, sem kynnu að verða gerðar á landið eða umhverfis það, og hvernig helzt mætti draga úr því tjóni, er slíkar árásir hefðu í för með sér. Tjáði hann nefndinni, að hann hefði undanfarið unnið að því að kynna sér, svo sem frekast væri unnt, í hverju telja mætti hætturnar einkum fólgnar og hvaðan þeirra væri helzt að vænta, svo og hvaða vörnum yrði helzt við komið til þess að draga úr tjóni af sprengingum og geislavirkni, ef til árásar kæmi. Væri m. a. verið að vinna að því að skipuleggja varnaraðgerðir og semja reglur og leiðbeiningar fyrir almenning til þess að fara eftir, ef til árásar kæmi.

Lög um varnir gegn loftárásum voru fyrst sett af ríkisstjórninni 1940 og staðfest á Alþingi 1941. Lög þessi eru enn í gildi, en nokkrar breytingar voru gerðar á þeim 1942 og 1951. Öll meginákvæði þessara laga eru tekin upp í frv. það, sem nú er lagt fram um almannavarnir, með nokkrum viðauka til samræmis breyttum aðstæðum, m. a. vegna stóraukinnar áhættu sprengjuárása og tjóna af völdum þeirra. M. a. er í því gert ráð fyrir, að framkvæmd varnarmálanna sé undir stjórn eins manns, er skipuleggi og stjórni varnarmálunum í samráði við ýmsa embættismenn,

sem samkvæmt gildandi lögum eiga að hafa framkvæmd laganna á hendi, en vitað er, að eru önnum kafnir við embættisstörf sín. Þá er einnig í frv. allmikil breyting á skiptingu kostnaðar við varnirnar á milli ríkis og sveitarfélaga frá því, sem er í gildandi lögum, sveitarfélögunum til hagsbóta.

Frv. var lagt fram á síðasta þingi og fékk þá mjög rækilega athugun í heilbr.- og félmn. Ræddi nefndin þá við þá aðila, sem samkvæmt gildandi lögum hafa á hendi framkvæmdina, svo og aðra, sem málið varðar sérstaklega. Var frv. þá og sent til umsagnar Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem mælir með því, að það verði samþykkt, og er umsögnin birt hér með sem fylgiskjal. Með því að ekki gafst tími til að láta báðar deildir þingsins athuga frumv., svo sem til er ætlazt um jafnþýðingarmikið mál, en Alþingi hafði hins vegar með fjárveitingu til almannavarna sýnt vilja sinn í málinu, var það afgreitt með rökstuddri dagskrá og þar tekið fram, að frv. skyldi lagt á ný fyrir þetta þing. Er frv. því lagt fram nú óbreytt frá því, sem það var á síðasta þingi.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. (HV) leggur til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá, og mun því gefa út sérstakt nefndarálit. Meiri hl. telur, að skipa beri þessum málum í fastari skorður en gert er með gildandi lögum og að ástandið í heimsmálunum sé svo uggvænlegt, að nauðsynlegt sé og sjálfsagt að gera allt, sem unnt er, til að vernda líf og heilsu þegna þjóðfélagsins, ef til ófriðar kynni að koma, sem haft gæti í för með sér árás á Ísland eða sprengjuárásir í nálægð þess, og telur, að ákvæði frv. fari öll í þá átt að bægja hættum af slíkum árásum frá, og leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 17. gr. Aftan við 2. mgr. bætist:
   eftir mati dómkvaddra manna, hafi eigi tekizt samkomulag um skiptingu kostnaðar.
2. Við 25. gr. 3. málsgr. orðist svo:
   Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. og 2. málsgr. greiðist úr ríkissjóði, en endurgreiða skulu hlutaðeigandi sveitarsjóðir ⅓ hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum og helming annars kostnaðar.

Einn nefndarmanna (VG) áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við frv. eða fylgja öðrum. sem fram kynnu að koma, og skrifar því undir nál. með fyrirvara.

Alþingi, 26. okt. 1962.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Matthías Á. Mathiesen.	Valtýr Guðjónsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 9. apríl 1962.

Samkvæmt tilmælum heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar Alþingis var frumvarp til laga um almannavarnir, sem nú liggur fyrir Alþingi, lagt fyrir fulltrúaráðsfund Sambands íslenzkra sveitarfélaga til umsagnar, en fundur þessi stóð 6. og 7. þ. m. hér í Reykjavík.

Um málið var fjallað í sérstakri nefnd.

Fulltrúaráðsfundurinn samþykkti í einu hljóði eftirfarandi tillögu varðandi mál þetta:

„Fulltrúaráðsfundur Sambands ísl. sveitarfélaga 1962 telur frv. til laga um almannavarnir, sem liggur fyrir Alþingi, stefna í rétta átt, einkum að því leyti, að ríkisvaldinu er falið að skipa fyrir um varnarráðstafanir eða hafa þar forgöngu í samráði við sveitarfélögin, svo og að úr ríkissjóði er ætlað að greiða ríflegri hluta kostnaðar en skv. gildandi lögum.

Lýsir fundurinn því stuðningi við frv., en treystir því jafnframt, að ríkisstjórnin hafi nána samvinnu við sveitarstjórnir, er stofna skal til ráðstafana á kostnað sveitarsjóðanna."

Þetta leyfi ég mér hér með að tilkynna.

Virðingarfyllst,

Jónas Guðmundsson.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis,
Alþingi,
Reykjavík.

Nd. 64. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frumvarpið var tekið fyrir og rætt á einum fundi í nefndinni. Eins og fyrirsögn frv. ber með sér, er ákvæði frv. einungis það að heimila ríkisstjórninni að auglýsa, að samningur sá, sem undirritaður var um þetta efni á milli allra Norðurlandanna hinn 23. marz s. l., skuli taka gildi.

Var nefndin einróma sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 25. okt. 1962.

Gísli Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Hannibal Valdimarsson.
Matthías Á. Mathiesen. Valtýr Guðjónsson.

Nd. 65. Frumvarp til laga [63. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1963 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á íslenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lög sama efnis hafa gilt um langt árabil, og mæla sömu rök og fyrr með því að þau verði látin gilda áfram, því að fjárþörf þeirra, er skattsins eiga að njóta, er eigi minni en áður.

Nd. 66. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um útvegun lánsfjár til húsnæðismála og um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á tveimur fundum og ekki orðið ásátt um afgreiðslu þess.

Meiri hlutinn, þ. e. fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni, Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Matthías Á. Mathiesen, leggur til, að frumvarpið verði fellt, fulltrúi Framsóknarflokksins, Valtýr Guðjónsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt, og er því ekki vitað um afstöðu hans, en ég undirritaður legg til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Með frumvarpi þessu er Seðlabankanum gert skylt að lána Byggingarsjóði verkamanna fyrir 1. desember n. k. 60 millj. kr. með 4% ársvöxtum til 42 ára, og skal upphæðin endurgreiðast bankanum með jöfnum afborgunum. Fé þetta skal Seðlabankinn taka af hinu bundna eða frysta sparifé, er lagt hefur verið til hliðar á undanförnum árum samkvæmt heimild í 11. gr. laga um Seðlabanka Íslands. En frysta sparifé mun nú a. m. k. nema um 500 millj. kr.

Samkvæmt 2. gr. frumvarpsins skal stjórn Byggingarsjóðs verkamanna endurlána byggingarfélögum verkamanna fé þetta með sömu lánskjörum. Skal stjórn byggingarsjóðsins hafa lokið þessum lánveitingum fyrir 1. febr. 1963. Lánin ber að tryggja með 2. veðrétti og uppfærslurétti næst á eftir föstum lánum byggingarfélaganna.

Má ætla, að Byggingarsjóður verkamanna yrði þess megnugur, ef hann fengi nefndar 60 millj. kr. í viðbót við þær tekjur, er hann nú hefur, að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart þeim, sem nú eru að byggja verkamannabústaði og eiga rétt á lánum hjá Byggingarsjóði verkamanna.

Seinustu árin hefur starfsemi Byggingarsjóðs verkamanna lamazt sökum fjárskorts. Á árunum 1960—1961 voru aðeins veitt lán til 32 verkamannabústaða. Þetta er mikil afturför frá starfsemi sjóðsins á árunum 1957—1959, en þá voru reistir 260 verkamannabústaðir víðs vegar um landið. Á árinu 1957 fengu eftirtaldir staðir lán til verkamannabústaða:

Borgarnes 4 íbúðir. Stykkishólmur 2 íbúðir. Hólmavík 2 íbúðir. Sauðárkrókur 3 íbúðir. Siglufjörður 5 íbúðir. Ólafsfjörður 3 íbúðir. Akureyri 10 íbúðir. Dalvík 3 íbúðir. Húsavík 4 íbúðir. Neskaupstaður 5 íbúðir. Reyðarfjörður 2 íbúðir. Fáskrúðsfjörður 3 íbúðir. Djúpivogur 2 íbúðir. Stokkseyri 2 íbúðir. Sandgerði 2 íbúðir. Ytri-Njarðvík 4 íbúðir. Hafnarfjörður 10 íbúðir. Kópavogur 10 íbúðir. Reykjavík 32 íbúðir. Hnífsdalur 2 íbúðir. Samtals þetta ár lán til 110 íbúða.

Á árinu 1959 fengu þeir staðir, sem nú skal greina, lán til verkamannabústaða:

Akureyri 10 íbúðir. Akranes 12 íbúðir. Bolungarvík 8 íbúðir. Borgarnes 3 íbúðir. Búðareyri 2 íbúðir. Búðir 4 íbúðir. Dalvík 3 íbúðir. Hafnarfjörður 10 íbúðir. Hnífsdalur 3 íbúðir. Húsavík 4 íbúðir. Ísafjörður 10 íbúðir. Keflavík 8 íbúðir. Kópavogur 12 íbúðir. Neskaupstaður 5 íbúðir. Njarðvík 4 íbúðir. Ólafsfjörður 3 íbúðir. Reykjavík 32 íbúðir. Sauðárkrókur 3 íbúðir. Skagaströnd 3 íbúðir. Stykkishólmur 6 íbúðir. Stokkseyri 3 íbúðir. Þórshöfn 2 íbúðir.

Samtals voru þetta ár veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til 150 verkamannabústaða.

En á þessu ári, sem nú er að líða, hafa engin lán verið veitt enn sem komið er og á árunum 1960—1961 aðeins 32 lán, eins og fyrr segir. Hér er því um mikinn samdrátt að ræða. Liggur við, að segja megi, að lögin um verkamannabústaði séu óvirk, eins og stendur. Þetta er því tilfinnanlegra, þegar þess er gætt, að lánstími, lánsupphæð og vaxtakjör samkvæmt þessum lögum eru helzt við það miðuð, að efnaminna fólk geti ráðizt í að byggja yfir sig og sína samkvæmt þeim.

Ef frumvarp þetta yrði samþykkt, gæti bygging verkamannabústaða aftur komizt í eðlilegt horf, og væri á því mikil nauðsyn.

Annar meginþáttur frumvarpsins er svo um bráðabirgðafjárútvegun til Byggingarsjóðs ríkisins eða Húsnæðismálastofnunarinnar.

Samkvæmt 3. gr. frumvarpsins er Seðlabankanum skylt að lána Byggingarsjóði ríkisins af hinu frysta sparifé landsmanna 250 millj. kr. með 4% ársvöxtum til 25 ára. — Vextir af lánum Húsnæðismálastofnunarinnar eru nú nálega jafnháir og víxilvextir, og er því full þörf á, að þeir séu lækkaðir. Fé þetta skal Byggingarsjóður ríkisins eða húsnæðismálastjórn endurlána með sömu kjörum til þeirra, sem á tímabilinu 31. des. 1958 til 1. okt. 1962 hafa hafið byggingu íbúðarhúsa, en eigi lokið byggingu, og eiga rétt á lánum samkvæmt lögunum um húsnæðismálastofnun o. fl. Lánsupphæð til hvers íbúðareiganda skal við það miðast, að heildarlánveiting nemi allt að 200 þús. kr.

Þá er og gert ráð fyrir því, að af þessu fé sé einnig heimilt að veita viðbótarlán til þeirra, sem byrjað hafa að byggja á nefndu árabili, þótt þeir hafi lokið við íbúðir sínar, ef þeir eru í miklum fjárhagslegum vandræðum með að halda þeim að dómi húsnæðismálastjórnar. Lán til slíkra manna mega nema allt að 75000 krónum.

Í 4. gr. frumvarpsins er ákvæði þess efnis, að lán til íbúða, sem byrjað er á eftir 1. okt. síðastliðinn, megi vera allt að 250 000 kr. á íbúð. Til þess að auðvelda Byggingarsjóði ríkisins að veita þessi lán, skal Seðlabanki Íslands lána sjóðnum helming þeirrar fjárhæðar, sem hann kann að binda af sparifé landsmanna á árinu 1963, þó aldrei minna en 100 millj. kr.

Lán þessi skulu einnig vera með 4% ársvöxtum og lánstíminn 25 ár.

Í 5. gr. frumvarpsins er ákveðið, að frá og með gildistöku þessara laga skuli allir vextir af A-lánum Byggingarsjóðs ríkisins lækka í 4%, og skal vaxtalækkunin ná til allra lána, sem veitt eru út á íbúðir, sem bygging er hafin á eftir 1. okt. síðastliðinn.

Skýrslur sýna, að mjög hefur dregið úr byggingu íbúðarhúsnæðis síðan 1959, er núverandi stjórnarstefnu tók að gæta fyrir alvöru. Á árinu 1959 var byrjað á 1597 íbúðum. Á árinu 1960 var tala nýju íbúðanna 1013. Fækkun frá árinu áður 584 íbúðir. Á árinu 1961 var svo aðeins byrjað á einum 770 íbúðum á öllu landinu. Fækkun miðað við 1959 827 íbúðir, eða húsnæði fyrir rúmlega 4000 manns.

Þó að samdrátturinn í byggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík sé á umræddu tímabili ekki eins mikill og í landinu öllu, fer þróunin þar samt í sömu átt.

Á árinu 1959 voru fullgerðar í Reykjavík 740 íbúðir, árið 1960 642 og 1961 aðeins 541 íbúð.

Á þessu sviði er því stofnað til mikilla skulda við framtíðina, því að þessi íbúðatala er miklu lægri en svo, að fullnægi húsnæðisþörf vegna fólksfjölgunar og viðhalds eldra húsnæðis, sem úr sér gengur.

Segja má, að í húsnæðismálunum hafi „viðreisnin“, þ. e. samdráttarstefnan, heppnazt ágætlega. Þessi þróun húsnæðismála er bein og rökrétt afleiðing stjórnarstefnunnar, — stefnu minnkaðrar kaupgetu fjöldans, hækkaðra vaxta og stórhækkaðs verðlags.

Kaupmáttur tímakaupsins var 109 stig í ársbyrjun 1959, en er nú um 80 stig. Vextir af íbúðalánum voru frá 2½—5%, en hafa nú um sinn verið 7—9%, þ. e. a. s.

á mörkum þess, sem áður voru að lögum refsiverðir okurvextir, og þó í flestum tilfellum yfir þeirri markalínu.

Þá styður það einnig drjúgum að samdrættinum í húsnæðismálunum, að lítil íbúð, um 300 rúmmetrar, er nú a. m. k. 139 000 kr. dýrari en verið hafði um áramótin 1958 og 1959.

Þannig hefur allt lagzt á eitt um að loka öllum leiðum fyrir fólki með venjulegar launatekjur til að geta eignazt eigin íbúð. — Þokkaleg þjónusta við einstaklingsframtakið það!

Segja má, að verði frumvarp þetta að lögum, hafi verið gerð allmyndarleg bráðabirgðaúrlausn í húsnæðismálunum. En engum er það ljósara en flutningsmönnum, að fullnægjandi og varanleg lausn fæst engin í þessum málum, nema horfið sé frá núverandi stjórnarstefnu: Stefnu minnkaðrar kaupgetu, hraðvaxandi dýrtíðar og okurvaxta, sem ekkert heilbrigt atvinnulíf fær undir risið.

Alþingi, 29. okt. 1962.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 67. Nefndarálit [15. mál]

um frv. til l. um útvegun lánsfjár til húsnæðismála og um breyt. á l. nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga o. fl.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta frv. og ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Minni hl. nefndarinnar, HV, leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Við undirritaðir teljum, að frv. feli ekki í sér raunhæfar tillögur til lausnar á vandamálum húsbyggjenda, og leggjum til, að það verði fellt.

Einn nefndarmaður, Valtýr Guðjónsson, var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 29. okt. 1962.

Gísli Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 68. Frumvarp til laga [64. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Halldór Ásgrímsson, Eysteinn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. Á eftir A. 68 komi nýr liður:
   Salthöfðavegur: Af Suðurlandsvegi hjá Fagurhólsmýri að flugvelli.
2. Á eftir A. 69 komi nýr liður:
   Borgarvegur: Af Mýravegi hjá Árbæ, um Einholt, Baldurshaga, Nípugarða og Borg á Mýraveg hjá Hólmsárbrú.

3. Á eftir D. 2 komi nýir liðir:
   a. *Gunnarsstaðavegur:* Af Strandavegi austan við Hölknárbrú í Gunnarsstaði.
   b. *Eyjavegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi við Fögruhlíð, um Árteig og Eyjasel á sama veg hjá Bakkagerði.
   c. *Másselsvegur:* Af Stranda- og Jökulsárhlíðarvegi milli Kaldár og Sauðár að Másseli.
4. Aftan við D. 5 bætist: með álmu frá Oddsgili í Hauksstaði.
5. Á eftir D. 5 komi nýr liður:
   Hlíðarvegur: Af Strandavegi hjá Torfastöðum um Ljótsstaði, Vakursstaði og Hlíðarbæi og þaðan á Vesturdalsveg sunnan ár.
6. D. 7 orðist svo:
   Sunnudalsvegur: Af Strandavegi austan við Hofsá að Síreksstöðum, þaðan yfir Hofsborgartungu um Þorbrandsstaði að Einarsstöðum.
7. Á eftir D. 6 komi nýr liður:
   Selárdalsvegur: Af Strandavegi norðan Selárbrúar, um Fagurhól, Ljótsstaði á Strandaveg hjá Torfastöðum.
8. Við D. 7 bætist: og þaðan á Vopnafjarðarveg utan við Þorbrandsstaði.
9. D. 9 orðist svo:
   Jökuldalsvegur eystri: Af Austurlandsvegi í Dimmadal, í Heiðarenda inn Jökuldal, yfir Hákonarstaðabrú og á Jökuldalsveg hjá Hákonarstöðum.
10. Á eftir D. 11 komi nýr liður:
    Brekkubæjavegur: Af Hróarstunguvegi eystri um Litla-Steinsvað, Kleppjárnsstaði, Brekku, Lindarhól, á Kirkjubæjarveg, með álmu í Galtastaði fremri.
11. Aftan við D. 12 bætist: og þaðan á Hróarstunguveg nyrðri nálægt Geirastöðum.
12. Á eftir D. 12 komi nýir liðir:
    a. *Lagarfljótsvegur:* Af Úthéraðsvegi hjá Fljótskletti, um Tjarnarland og Steinsvað á Hróarstunguveg eystri hjá Lagarfossi.
    b. *Rauðholtsvegur:* Af Úthéraðsvegi um Hreimsstaði, Rauðholt og á Hjaltastaðaveg austan Selfljótsbrúar.
13. Í stað orðanna „að Hóli í Fljótsdal“ í D. 13 komi: að Kleif í Fljótsdal.
14. Á eftir D. 14 komi nýr liður:
    Skógargerðisvegur: Af Austurlandsvegi hjá Urriðavatnsfæti um Urriðavatn, Skógargerði, Rangá og á Hróarstunguveg eystri.
15. D. 17 orðist svo:
    Loðmundarfjarðarvegur: Frá Vestdalseyri um Brimnes, Stakkahlíð og Húsavík til Borgarfjarðar.
16. D. 20 orðist svo:
    Fjallabæjavegur: Af Úthéraðsvegi hjá Eiðum um Gilsárteig, Brennistaði, Hjartarstaði, Ánastaði, og þaðan á Hjaltastaðaveg nálægt Hjaltastöðum. Af Fjallabæjavegi um Ormsstaði, Ásgeirsstaði, Tókastaði og á Úthéraðsveg hjá Mýnesi.
17. D. 28 orðist þannig:
    Skóga- og Fljótsdalsvegur: Af Austurlandsvegi hjá Úlfsstöðum á Völlum, um Skóga og Fljótsdal og á Upphéraðsveg nálægt Valþjófsstað með álmum að Víðivallagerði, um Keldárbrú að Glúmsstöðum.
18. Á eftir D. 28 komi nýr liður:
    Jaðarsvegur: Af Skógavegi í Víkingsstaðablá að Jaðri.
19. D. 29 orðist svo:
    Skriðdalsvegur: Af Skógavegi vestan Grímsár inn Skriðdal um brýr á Geitdalsá og Múlaá á Austurlandsveg, með álmu vestan Geitdalsárbrúar að Geitdal. Frá Múlaárbrú um Múlastekk, Birkihlíð og Borg að Hjarðarhlíð.
20. D. 36 orðist svo:
    Norðurdalsvegur: Af Austurlandsvegi í Breiðdal um Norðurdal að Þorvaldsstöðum og af Norðurdalsvegi um Skarð í Tóarsel.

21. Á eftir D. 38 komi nýir liðir:
    a. *Kambsnesvegur:* Af Stöðvarfjarðarvegi að Heyklifi á Kambsnesi.
    b. *Hofsvegur:* Af Austurlandsvegi við Hofsárbrú í Álftafirði að Hofi.
    c. *Þvottárvegur:* Af Austurlandsvegi við Starmýri að Þvottá.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vegir þeir, sem hér er lagt til að teknir verði í þjóðvegatölu, eru allir í Austurlandskjördæmi og tillögurnar í samræmi við síendurteknar óskir hlutaðeigandi sveitarstjórna á undanförnum árum.

Viðtekin venja hefur verið sú, að vegalögunum hefur smátt og smátt verið breytt, gjarnan einu sinni á kjörtímabili, en stundum með nokkru fleiri ára millibili, og þá teknir í þjóðvegatölu vegastúfar víðs vegar um land, sem áður heyrðu til sýslu- eða hreppavegum. Þessar breytingar voru byggðar á þeirri staðreynd, að sveitarfélögunum hefur ætíð verið talið um megn að annast á viðunandi hátt uppbyggingu og viðhald allra þeirra vega, sem þau lögum samkvæmt hafa átt að annast. Þetta sjónarmið hafa flestir þingmenn viðurkennt, hvar í flokki sem þeir hafa staðið, enda ljós sú lífsnauðsyn hinna dreifðu byggða víðs vegar um land að búa við góð vegasambönd innan sveitar og utan og auðskilið, hve gott vegasamband er mikilsverður þáttur og undirstöðuatriði um eðlilegt og æskilegt viðhald hinna dreifðu byggða. Þegar á þetta er litið og jafnframt, að vegalögum hefur ekki verið breytt síðan 1955, og einnig haft í huga, hve allur kostnaður við vegagerð — nýbyggingu og viðhald — hefur vaxið gífurlega á síðustu árum, þá virðist sú nauðsyn að létta nú verulega á sveitarfélögunum vera óhjákvæmileg, ef ekki á illa að fara í þessu efni.

Á það ber einnig að líta, að áður var talið viðunandi í bili að ryðja bílvegi um mela og móa, þar sem slíks var kostur, til að gera akfæra sumarvegi. En með aukinni mjólkurframleiðslu er slíkt ekki nægilegt fyrir mörg byggðarlög, heldur þarf þar að byggja upphlaðna vegi til að gera vetrarflutninga auðveldari. Sveitarfélögunum er auðvitað algerlega um megn og það nú þegar að umbæta þannig hreppa- og sýsluvegakerfið eins og nauðsyn krefur.

Öll byggðarlög landsins eiga við meiri og minni erfiðleika að stríða vegna ófullkomins vegakerfis, og úr því verður ekki bætt nema með síauknu fjárframlagi og útfærslu á þjóðvegakerfinu. Þetta á ekki síst við um vegakerfi Austurlands, enda mun óvíða vera meiri þörf vega vegna víðáttu og landslags. Þar hefur lengi sótt í horfið til umbóta þar til á síðustu árum. En vegna ríkjandi ástands í þessum málum fjórðungsins er þetta frv. borið fram í þeirri trú, að verði það samþykkt, sé von um umbætur í þessum efnum á næstu árum.

Sþ. 69. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um tunnuverksmiðju á Austurlandi.

Flm.: Eysteinn Jónsson, Halldór Ásgrímsson, Jónas Pétursson, Lúðvík Jósefsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að reisa og reka tunnuverksmiðju á Austurlandi samkvæmt heimild í lögum nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Greinargerð.

Tunnuverksmiðjur ríkisins hafa allmörg ár rekið tvær verksmiðjur, aðra á Siglufirði, hina á Akureyri. Framleiðsla þeirra hefur einkum verið notuð til síldarsöltunar á Norður- og Austurlandi, og hefur hún komið að góðum notum.

Allmikið hefur þó vantað á, að með tunnusmíði innanlands sé fullnægt þörf á tunnum undir saltsíld. Og því gjöfulli sem síldarmiðin eru og meira er saltað af síld, þeim mun meira hefur orðið að flytja til landsins af tunnum.

Í lögum er svo fyrir mælt, að stefnt skuli að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í Tunnuverksmiðjum ríkisins.

Samkvæmt lögum er Tunnuverksmiðjum ríkisins einnig ætlað það verkefni að smíða tunnur vegna fleiri framleiðslugreina en síldarsöltunar, eftir því sem henta þykir.

Enn vantar því mikið á, að Tunnuverksmiðjur ríkisins hafi svo vítt starfssvið sem þörf er á og leysi til fulls þau verkefni, sem þeim er ætlað samkvæmt lögum.

Í 5. gr. laga nr. 49 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins, segir svo: „Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr. (þ. e. á Siglufirði og Akureyri), og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja þriðju verksmiðjuna á Austur- eða Norðausturlandi.“

Hér er lagt til, að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að nota þessa lagaheimild og láta reisa tunnuverksmiðju á Austurlandi, svo og að hún verði rekin af Tunnuverksmiðjum ríkisins.

Að undanförnu hefur verið mjög mikil síldveiði á miðunum úti fyrir Austurlandi. Hagkvæmast er að sigla með þennan mikla síldarafla á Austfjarðahafnir og hagnýta hann þar í útflutningsvörur, enda hafa síldarsöltunarstöðvar á Austfjörðum verið endurbættar og þeim fjölgað.

Þar sem engin tunnuverksmiðja hefur enn verið reist á Austurlandi, verður að flytja þangað frá Norðurlandi eða frá útlöndum allar tunnur, sem þörf er á vegna síldarsöltunar.

Þetta er kostnaðarsamt og óhagkvæmt, og á þessu þarf að verða sú breyting, að á Austurlandi verði eftirleiðis framleiddar árlega svo margar tunnur, að það fullnægi að mestu eða öllu leyti eftirspurn eftir þeim í þessum landsfjórðungi.

Rekstur tunnuverksmiðju á Austfjörðum yrði jafnframt ný iðngrein þar til eflingar atvinnulífinu í fjórðungnum.

Ed. 70. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nm. með samþykkt þess, BjörnJ þó að því tilskildu, að ákvæði 5. gr. frv. um framlengingu 8% viðbótarsöluskatts á innfluttum vörum verði fellt niður. Aðrir nm., er að þessu áliti standa, mæla hins vegar með því, að það verði samþykkt óbreytt. KK mun skila séráliti.

Alþingi, 30. okt. 1962.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Björn Jónsson, með fyrirvara.
Magnús Jónsson.

Nd. **71. Breytingartillögur** [64. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingvari Gíslasyni og Gísla Guðmundssyni.

Á eftir 2. tölul. 1. gr. bætast nýir töluliðir:

1. Fyrir orðin „til Akureyrar“ í C. 1 komi: um Akureyri.
2. C. 47 orðist þannig:
   Hörgárdalsvegur ytri: Af Dalvíkurvegi hjá Möðruvöllum um brú á Hörgá á Helguhyl á Hörgárdalsveg innri, með álmu um Sörlatungu á Hörgárdalsveg innri utan við Þúfnavelli.
3. C. 49 orðist svo:
   Hauganesvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Stærra-Árskógi að Hauganesi, með álmu að Árskógssandi.
4. C. 51 orðist svo:
   Svarfaðardalsvegur: Af Dalvíkurvegi hjá Árgerði að Skallá.
5. Á eftir C. 52 komi nýr liður:
   Skíðadalsvegur: Af Hrísavegi vestan Skíðadalsárbrúar að Skíðadalsárbrú norðan við Kóngsstaði.
6. Á eftir C. 53 komi tveir nýir liðir:
   a. *Ósvegur:* Af Hjalteyrarvegi á móti barnaskóla sveitarinnar um Búland og Ós á Dalvíkurveg norðan við Hof.
   b. *Brekkutorfuvegur:* Frá Hörgárbrú á Staðarhyl um Björg og Möðruvelli á þjóðveginn hjá Hofi.
7. C. 54 orðist svo:
   Dagverðareyrarvegur: Af Norðurlandsvegi fyrir innan Moldhauga að Dagverðareyri og ofan við tún á Gæsum og Skipalóni um Hlaðir á Dalvíkurveg sunnan Hörgárbrúar.
8. Á eftir C. 55 komi nýr liður:
   Efribyggðarvegur: Af Eyjafjarðarbraut við Hólshús, um Finnastaði, Möðrufell og Miklagarð á Djúpadalsveg við Litla-Garð.
9. C. 57 orðist svo:
   Vatnsendavegur: Af Eyjafjarðarbraut hjá Saurbæ austur yfir brú á Eyjafjarðará þar, um Hóla að Vatnsenda og vestur yfir Eyjafjarðará þar á Eyjafjarðarbraut.
10. Á eftir C. 57 komi nýr liður:
    Sölvadalsvegur: Af Vatnsendavegi hjá Gnúpufelli, fram Sölvadal að Þormóðsstöðum.
11. Á eftir C. 60 komi nýr liður:
    Vaglaskógarvegur: Af Norðurlandsvegi við Fnjóskárbrú að austan um Vaglaskóg að Lundi.
12. Á eftir C. 64 komi nýr liður:
    Fremstafellsvegur: Af Kinnarvegi hjá Landamóti um Fellsenda, Fremstafell og Hriflu á Norðurlandsveg hjá Kvíslarbrú.
13. Á eftir C. 65 komi tveir nýir liðir:
    a. *Hvammavegur:* Af Reykjahverfisvegi hjá Laxárvirkjun um Hvamma að Yztahvammi og þaðan að Haga.
    b. *Sandsbæjavegur:* Af Þingeyjarsýslubraut nálægt Knútsstöðum um Hraunkot að Sandi.
14. C. 67 orðist svo:
    Bárðardalsvegur vestri: Af Norðurlandsvegi við Kvíslarbrú, vestan Skjálfandafljóts að Halldórsstöðum, með álmu frá Stóruvöllum yfir Skjálfandafljótsbrúna þar á Bárðardalsveg eystri sunnan Sandvíkur.

15. Á eftir C. 69 komi tveir nýir liðir:
    a. *Uppsveitarvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut norðan við Meiðavelli í Kelduhverfi um Tóvegg og Hlíðargerði að Undirvegg.
    b. *Vestur-Sandsvegur:* Af Þingeyjarsýslubraut hjá Lindarbrekku um Vestur-Sand að Bakkahlaupi.
16. C. 74 orðist svo:
    Austur-Sandsvegur: Af Kópaskersvegi nálægt Skinnastað um Sandárbrú og Austur-Sand að Bakka.
17. Á eftir C. 76 komi nýr liður:
    Frambæjavegur: Af Axarfjarðarheiðar- og Þistilfjarðarvegi hjá Svalbarðsárbrú um Svalbarðssel og Fjallalækjarsel að Kúðá.
18. Á eftir C. 77 komi nýr liður:
    Tunguselsvegur: Af Þistilfjarðarvegi við Hafralónsá um Hallgilsstaði að Tunguseli.

Sþ. 72. Tillaga til þingsályktunar [66. mál]

um landshafnarframkvæmdir í Keflavík og Njarðvík.

Flm.: Valtýr Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, með útvegun lánsfjár og á annan hátt, að unnt verði á næsta vori að hefja fyrirhugaða mannvirkjagerð í landshöfn Keflavíkur og Njarðvíkur.

Greinargerð.

Í greinargerð fyrir frumvarpi til laga um breyting á lögum um landshöfn í Keflavík og Njarðvík, nr. 23 1955, sem liggur fyrir þessu þingi á þingskjali 32, — en frumvarpið fjallar um hækkun heimildar fyrir ríkissjóð til lántöku vegna hafnarinnar, — er gerð nokkur grein fyrir upphafi og sögu landshafnar í Keflavík og Njarðvík.

Í greinargerðinni kemur réttilega fram, hversu brýna nauðsyn ber til þess, að hafnarskilyrði landshafnarinnar verði stórum bætt, enda fer afgreiðslu- og þjónustuþörf fyrir fiski- og flutningaskip í höfninni vaxandi í stórum stíl með hverju ári, sem líður.

Stjórn landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur samþykkti árið 1959 verkáætlun um byggingu hafnarinnar. Þegar sú áætlun er fullunnin, verður hægt af afgreiða í höfninni samtímis við góð skilyrði: 1) þrjú flutningaskip, 2) tuttugu og fimm fiskibáta að stærð allt að 150 tonn. Geymslupláss verður innan hafnarinnar fyrir allt að 150 fiskibáta að stærð 75—150 tonn.

Verkáætlun þessi lá fyrir sameiginlegum fundi bæjarstjórnar Keflavíkur, hreppsnefndar Njarðvíkur og landshafnarstjórnar hinn 29. sept. s. l. og var samþykkt þar einróma. Fundurinn ályktaði einnig í framhaldi af þessu:

> „Fundurinn telur ástand í hafnarmálum svo alvarlegt, að stefna verði að því að ljúka fyrrnefndri áætlun á næstu fjórum árum. Til þess að svo megi verða, beinir fundurinn þeim eindregnu tilmælum til hæstvirtrar ríkisstjórnar, að hún taki þetta mikla hagsmunamál byggðarlaganna til skjótrar úrlausnar og útvegi fjármagn, um 50—60 millj. kr., svo að uppbygging hafnarinnar geti hafizt af fullum krafti þegar á næsta vori."

Með frumvarpi því á þskj. 32, sem áður er getið, er stefnt að því að lögheimila hækkun lántöku til landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur.

Með þingsályktunartillögu þessari er ríkisstjórninni falið að útvega lánsfé til framkvæmda í höfninni og undirbúa þær framkvæmdir á hvern þann hátt, er þurfa þykir, til þess að þær geti hafizt á næsta vori.

Nd. **73. Frumvarp til laga** [67. mál]

um Kvikmyndastofnun ríkisins.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Á vegum ríkisins skal reka stofnun, er ein hefur með höndum innflutning kvikmynda svo og rekstur kvikmyndahúsa, með þeim takmörkunum, er í lögum þessum greinir.

Stofnunin heitir Kvikmyndastofnun ríkisins.

2. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins skal rekin sem sjálfstætt fjárhagsfyrirtæki á ábyrgð ríkisins, en að því stefnt, að hún standi undir sér sjálf án útgjalda fyrir ríkissjóð. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán vegna stofnkostnaðar fyrirtækisins. Rekstrarhagnaði Kvikmyndastofnunar ríkisins skal varið til eflingar menningarstarfsemi þeirri, sem henni er gert að hafa með höndum samkvæmt ákvæðum 4. gr. þessara laga.

3. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins er undanþegin hvers konar sköttum til ríkis og sveitarfélaga.

4. gr.

Kvikmyndastofnun ríkisins skal keppa að því að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki, hliðstæðu útvarpi og skólum. Í þessu skyni skal kvikmyndastofnunin m. a.:

1. Reka kvikmyndahús sem víðast um landið, en halda uppi ferðasýningum kvikmynda, þar sem ekki eru skilyrði fyrir rekstri fastra kvikmyndahúsa.
2. Sjá skólum landsins fyrir fræðslukvikmyndum og aðstoða þá við sýningar slíkra kvikmynda.
3. Vanda sem bezt val þeirra erlendra kvikmynda, sem fluttar eru inn í landið til sýningar, með tilliti til þess að bægja burt siðspillandi, óþjóðhollum og menningarsnauðum kvikmyndum.
4. Gera íslenzka texta við erlendar kvikmyndir, eftir því sem föng verða á.
5. Efla innlenda kvikmyndagerð og gera íslenzkar kvikmyndir.
6. Af rekstrarhagnaði Kvikmyndastofnunar ríkisins er heimilt að styrkja leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinar.

5. gr.

Sameinað Alþingi kýs fimm manna kvikmyndaráð að nýloknum almennum alþingiskosningum.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Kvikmyndastofnunar ríkisins, kvikmyndastjóra ríkisins, að fengnum tillögum kvikmyndaráðs. Menntamálaráðherra skipar aðra starfsmenn að fengnum tillögum kvikmyndastjóra.

Menntamálaráðherra ákveður laun kvikmyndaráðsmanna og starfsmanna, að svo miklu leyti sem þau verða ekki ákveðin í launalögum.

6. gr.

Kvikmyndaráð hefur yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi Kvikmyndastofnunar ríkisins og ræður vali kvikmynda, svo og gerð þeirra kvikmynda, sem

stofnunin sjálf lætur gera, hvort tveggja í samráði við kvikmyndastjóra. Þess skal stranglega gætt um alla starfsemi kvikmyndastofnunarinnar, að fyllsta hlutleysi ríki, enda verði starfseminni aldrei beitt til einhliða áróðurs fyrir ákveðnar stefnur eða flokka.

7. gr.

Kvikmyndastjóri hefur yfirstjórn fjárhagsmála Kvikmyndastofnunar ríkisins og annast framkvæmdastjórn hennar. Hann semur í tæka tíð ár hvert fjárhagsáætlun um rekstur stofnunarinnar, og skal áætlunin send menntamálaráðuneytinu til staðfestingar.

8. gr.

Frá þeim tíma, er Kvikmyndastofnun ríkisins hefur starfsemi sína, er einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, hvar sem er á landinu, óheimilt að reka kvikmyndahús, nema sérstaklega standi á og kvikmyndaráð samþykki.

Menntamálaráðherra er heimilt að láta taka eignarnámi handa Kvikmyndastofnun ríkisins kvikmyndahús þau, sem rekin eru, þegar lög þessi taka gildi. Koma þar einungis til greina við eignarnámið húseignirnar sjálfar ásamt vélum, innanstokksmunum og öðrum tækjum, og skal miða matið við það eitt. Að öðru leyti fer um framkvæmd eignarnámsins eftir lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Kvikmyndastjóra ríkisins er heimilt að semja um rekstur einstakra kvikmyndahúsa, sem nú eru í opinberum eða hálfopinberum rekstri, þannig að sú skipun haldist áfram um ákveðinn tíma gegn gjaldi til stofnunarinnar, er um semst, en menntamálaráðherra staðfestir slíka samninga.

9. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og skal Kvikmyndastofnun ríkisins hefja starfsemi sína eigi síðar en í ársbyrjun 1965.

Greinargerð.

Frumvarp þetta hefur áður verið flutt á Alþingi og er að þessu sinni flutt óbreytt að kalla.

Þegar það var flutt í fyrsta sinn, voru Gamla bíó og Nýja bíó einustu kvikmyndahúsin hér í Reykjavík, en nú eru hér rekin 8 kvikmyndahús, og auðvitað fer þeim jafnt og þétt fjölgandi á næstu árum. Nú hafa og risið allstór kvikmyndahús víða um land.

Má af þessu sjá, hversu auðvelt og umfangslítið það hefði verið, þegar frumvarpið um Kvikmyndastofnun ríkisins var fyrst flutt, að taka þáverandi kvikmyndahús eignarnámi. En af þessu er þá líka ljóst, að óhyggilegt er að láta það dragast lengi úr hömlu að koma á ríkisrekstri kvikmyndahúsa. Framkvæmd málsins verður æ því umfangsmeiri sem lengra líður.

Annar meginþáttur frumvarpsins er sá að tryggja menningarlegt gildi þeirra erlendu kvikmynda, sem fluttar eru til landsins, og stuðla að því að bægja burt siðspillandi, óþjóðhollum og menningarsnauðum kvikmyndum. Þá er og ætlunin sú, að Kvikmyndastofnun ríkisins geri íslenzka les- og talmálstexta við erlendar kvikmyndir, og síðast, en ekki sízt, að efla innlenda kvikmyndagerð og gera íslenzkar kvikmyndir eftir íslenzkum bókmenntaverkum, fornum og nýjum.

Er ekki ólíklegt, að einhverjir kunni að hafa komið auga á, hverju áorka mætti í íslenzkri kvikmyndagerð, þegar íslenzka kvikmyndin „79 af stöðinni“ var frumsýnd fyrir skemmstu, ef verulegum hluta kvikmyndagróðans yrði varið til að brjóta þessari listgrein braut hér á landi.

Hingað til hefur innflutningi kvikmynda og sýningu þeirra hér á landi verið hagað þannig, að þetta stórmerkilega menningartæki — kvikmyndin — yrði fyrst og fremst eins konar gróttakvörn og gróðamylla fyrir örfáa einstaklinga. Þetta hefur

vafalaust vel tekizt, þegar litið er á málið frá þeirri hlið, að það eitt eigi að vera hlutverk kvikmyndanna að mala nokkrum Íslendingum auð og allsnægtir. — En á það svo að vera, ef rétt er á málin litið?

Á þeim röskum fimmtíu árum, sem liðin eru, síðan farið var að hafa hér fastar kvikmyndasýningar, hafa það þó ekki einvörðungu verið Íslendingar, sem setið hafa að því að gera sér kvikmyndareksturinn að féþúfu. Allt fram að seinasta stríði var stærsta og elzta kvikmyndahús landsins í eigu og rekstri erlends manns. Síðar fluttist hann úr landi til kóngsins Kaupmannahafnar. Og þar var um skeið notið gróðans af 35 ára bíórekstri í Reykjavík. — Svona á þetta áreiðanlega ekki að vera, um það mundu sennilega flestir geta orðið sammála. Nokkru skárra er það óneitanlega, að slíkur gróði lendi í höndum Íslendinga. En þó er engin vissa fyrir því, að þeir gætu ekki líka tekið sig upp einn góðan veðurdag, eftir að hafa setið að góðum gróðahlut í heilan mannsaldur, og hreiðrað síðan um sig erlendis, t. d. vestur í Ameríku, eins og nú er mikil tízka þeirra, sem mest hafa grætt á seinustu árum. — Slíkur hreyfanleiki auðsöfnunar er nú einu sinni einkenni einkarekstrarins.

Fjöldamargir hafa því þegar sannfærzt um, að kvikmyndarekstur eigi alls ekki að vera í einkarekstri. Hann eigi með einhverjum hætti að vera í hendi þess opinbera, og hafa menn þá einkum hallazt að bæjarrekstri kvikmyndahúsa. Með því móti sáu menn, að gróðinn af kvikmyndarekstrinum gat runnið í sameiginlegan sjóð borgaranna, og þar var hægt að verja honum í þágu almennra menningarmála eða til líknarstarfsemi — eða þá til nytsamra og aðkallandi framkvæmda, allt eftir geðþótta og vild bæjaryfirvaldanna á hverjum stað.

Í þessu frumvarpi er líka ráð fyrir því gert, að þau kvikmyndahús, sem þegar eru í opinberum eða hálfopinberum rekstri, geti verið það áfram, þar til allur einstaklingsrekstur á þessu sviði sé horfinn og kominn undir það skipulag, sem hér er lýst.

Það er furðulegt, en þó ómótmælanleg staðreynd, að hingað til virðist af mörgum hafa verið litið á kvikmyndir líkt og áfengi eða tóbak, þ. e. sem hverja aðra þjóðfélagsógæfu, er þó verði að þola, af því að fólkið vilji þetta. Það er miklu tíðara að heyra menn ræða af fjálgleik um siðspillandi áhrif kvikmynda en heyra rætt um menningarlegt gildi þeirra eða mátt þeirra til mannbætandi áhrifa. Og eins og sá hugsunarháttur er nú næsta útbreiddur, að sjálfsagt sé að maka krók ríkissjóðs sem allra bezt á áfengisgróða, er það allt of almenn skoðun, að af kvikmyndasýningum eigi að taka a. m. k. 20% skatt í ríkissjóð, annað eins í bæjarsjóð í sætagjöldum og bæta síðan 200—300% álagi á hvort tveggja. Þetta geri þá ekki annað en draga e. t. v. svolítið úr bíóástríðu unga fólksins, segja menn. Og verður ekki annað skilið en það sé hliðstætt því, ef hátt verð á brennivíni kunni að aftra einhverri sínkri sál frá svartadauðakaupum.

En eru kvikmyndirnar þá í raun og sannleika hliðstæða við eiturlyf, eins og brennivín og tóbak?

Það er að vísu rétt, að af því að bæði kvikmyndagerð og kvikmyndarekstur hafa yfirleitt fallið í ræningja hendur í veröldinni og orðið að einhverju mesta auðsöfnunartæki, sem heimurinn þekkir, þá er reynslan sú, að oft er þessi dásamlega uppfinning, sem helzt mætti þó líkja við sjálfa prentlistina og útvarpið, notuð í menningarfjandsamlegum tilgangi. En því fer fjarri, að þetta þurfi svo að vera.

Gróðasjónarmiðið eitt hefur fram að þessum tíma ráðið því, hvaða kvikmyndir væru fluttar hingað til lands og sýndar almenningi í kvikmyndahúsum. Og slíkt sjónarmið tryggir sízt af öllu gæðin. Myndirnar hafa því oft verið valdar með það fyrir augum, að þær höfðuðu til lægstu hvata fólks og væru umfram allt æsandi og tryllandi, eins og áfengt vín.

En þetta **þarf** ekki heldur svo að vera. Mikið er til af fögrum, göfgandi og fræðandi kvikmyndum í veröldinni. Og enn fleiri gætu orðið til, ef fyrst og fremst væri litið á kvikmyndir sem menningartæki. Spurningin er því aðeins sú, hvernig hægt sé að tryggja það, að þær myndir verði fyrir valinu til sýningar í íslenzkum

kvikmyndahúsum, en ekki hinar, sem oft eru allt í senn, óþjóðhollar, siðspillandi og menningarsnauðar.

Flutningsmaður þessa frumvarps hugsar sér, að til þess sé sú leið fær, að ríkið reki stofnun, er beint heyri undir menntamálastjórnina, eins og skólar og útvarp. Og sé það hlutverk stofnunarinnar að hafa með höndum hvort tveggja: **allan innflutning kvikmynda og rekstur vel flestra eða jafnvel allra kvikmyndahúsa.** Slíkri stofnun ætti að vera til þess trúandi að velja kvikmyndir fyrst og fremst með tilliti til listræns og menningarlegs gildis yfirleitt, en ekki út frá einsýnu gróðasjónarmiði. Slíkri stofnun ætti að vera til þess trúandi að beita þessu einstaka menningartæki í þjónustu allrar þjóðarinnar, en einskorða ekki reksturinn aðeins við fjölmennustu kaupstaði landsins, þar sem bezt eru skilyrði fyrir auðfenginn ágóða af slíkri starfsemi. Er í frumvarpinu gert ráð fyrir ferðasýningum kvikmynda, þar sem vegna strjálbýlis eða samgangnaerfiðleika væri ekki unnt að halda uppi rekstri fastra kvikmyndahúsa (samanber farskóla sveitanna fyrrum).

Það er svo eitt grundvallaratriði þeirrar hugmyndar, sem hér er fram borin, að rekstrarhagnaði þeim, sem skapist við kvikmyndarekstur ríkisins, **skuli einungis varið til eflingar menningarstarfsemi þeirri, sem stofnuninni er ætlað að hafa með höndum.** Að því skuli t. d. stefnt að gera kvikmyndir að sem almennustu og þjóðlegustu menningartæki. Við merkar erlendar kvikmyndir á þannig auðvitað að gera **íslenzka texta,** áður en þær fara í hringferð sína um allar byggðir Íslands. Getur það naumast verið þeim sársaukalaust, sem meta íslenzkt þjóðerni og tungu ofar öllum öðrum andlegum verðmætum, að sjá hér sjaldnast nokkurt orð á móðurmálinu í fylgd með kvikmyndum þeim, sem æskulýður landsins tileinkar sér með opnum hug af áfergju og hrifni á degi hverjum ár eftir ár og áratug eftir áratug. Yrðum vér ekki argir ofan í tær, æstir í skapi og fullir réttlátrar reiði, ef hér væri prédikað í kirkjunum á ensku eða öðrum erlendum tungum? Og mundum vér ekki óttast, að það hefði spillandi áhrif á tungu vora og þjóðerniskennd? Jú, vissulega mundum vér óttast það, og sjálfsagt ekki að ástæðulausu. Og þó væri sú hætta margfalt minni en sú hætta, sem nú stafar af erlendum textum kvikmyndanna. Kirkjurnar eru ekki fylltar mörgum sinnum á dag alla daga vikunnar, eins og kvikmyndahúsin, og auk þess eru biógestir að langmestu leyti fólk í mótun, áhrifagjarnt og lausara í rás en kirkjugestir eru yfirleitt. Áhrifavald kvikmyndanna væri e. t. v. áþekkast því, ef kennslan í skólunum færi fram á erlendu máli. Má því nærri geta, hvort við slíkt yrði unað. — Nei, það er vaninn einn, sem sættir okkur við, að flestar kvikmyndir skuli vera sýndar hér með erlendum textum. En óviðunandi er það, og það vitum við, að á því verður ekki breyting, meðan á það eitt er litið að græða sem allra mest á sýningu kvikmynda. Meðan svo er, verður ávallt reynt að komast þá þeim útgjaldaliðum, sem ekki eru annaðhvort óhjákvæmilegir eða beinlínis líklegir til að skila auknum gróða.

Þá er eitt þeirra verkefna, sem Kvikmyndastofnun ríkisins er ætlað, það **að efla innlenda kvikmyndagerð og láta sjálf gera íslenzkar kvikmyndir.** Þar mætti sérstaklega hugsa sér gerð fréttakvikmynda af merkisatburðum líðandi stundar, almennar fræðslukvikmyndir, bæði fyrir skólana og til alþýðufræðslu, kvikmyndir úr sögu þjóðarinnar, myndir úr atvinnulífinu, menningarlífinu o. s. frv. **Einnig ætti kvikmyndastofnunin að hafa forgöngu um kvikmyndun öndvegisskáldverka íslenzkra bókmennta,** svo að ekki þurfi í framtíðinni að velja slíkri starfsemi svið norður á Lapplandi, eins og eitt sinn var gert, þegar íslenzkt skáldverk var valið til kvikmyndagerðar.

Hér er sem sé um það að ræða að verja nokkru af fé kvikmyndastofnunarinnar til þess **að gera kvikmyndirnar sjálfar íslenzkari,** auk þess sem ætlunin er að kippa þeim úr þjónustu auðsöfnunar og ómenningar í þjónustu menningarstarfs. Á það er bent í frumvarpinu, að af rekstrarhagnaði sínum sé kvikmyndastofnuninni heimilt, utan við starf sitt beinlínis, **að styrkja íslenzka leiklist, hljómlist og aðrar skyldar listgreinar.** Gæti t. d. kvikmyndahúsrekstur í þjóðleikhúsinu yfir sumarmánuðina létt þar verulega undir. Yfirstjórn hinnar menningarlegu starfsemi Kvikmynda-

stofnunar ríkisins er hugsuð í höndum fimm manna kvikmyndaráðs, er kosið sé af sameinuðu Alþingi að afloknum almennum alþingiskosningum. Er þetta svipað fyrirkomulag og um stjórn útvarpsins, enda væri hér um svipaða menningarstarfsemi að ræða.

Hins vegar væri fjármálastjórnin í höndum kvikmyndastjóra, sem skipulegði kvikmyndahúsareksturinn úti um allt land og sæi um útsendingu allra kvikmynda frá einni miðstöð í Reykjavík.

Auðvitað á svo stofnunin öll að heyra undir menntamálaráðherra, eins og útvarp og skólar.

Það er auðskilið mál, að til þess að koma rekstri Kvikmyndastofnunar ríkisins af stað, þyrfti mikið fé, og færi það þó eftir því, hvernig byrjunarstarfinu væri hagað. Þess vegna er ráð fyrir því gert, að ríkisstjórninni sé í upphafi heimilt að ábyrgjast lán vegna stofnkostnaðarins. Kvikmyndahús, sem fyrir eru, verður að taka eignarnámi og greiða þau út við hæfilegu verði, — e. t. v. að einhverju leyti með ríkisskuldabréfum, — eða þá að byggja ný hús, og reyndar hvort tveggja þetta um margra ára skeið, meðan byggt væri upp samfellt kvikmyndahúsakerfi um land allt. Hér koma þó hin vönduðu félagsheimili, sem víða eru risin, að góðu gagni. Þessi uppbygging kostaði að sjálfsögðu marga milljónatugi. En auðvitað verður að ætla rekstrinum það að leggja árlega fram fé til þessa hlutverks, jafnframt því sem rækt yrði hið menningarlega hlutverk stofnunarinnar.

Nýmæli þau, sem í þessu frumvarpi felast, eru einkum þessi:

1. Yfirstjórn menntamálanna fær yfirráð yfir öllum innflutningi kvikmynda — ber ábyrgð á og ákveður menningargildi kvikmyndanna.
2. Öllu því fjármagni, sem streymir gegnum kvikmyndahús landsins, skal varið til almennrar menningarstarfsemi í þjónustu allra landsmanna.
3. Stefnt sé að því að gera kvikmyndir, sem sýndar eru hér á landi, þjóðlegri, bæði með gerð íslenzkra texta við erlendar kvikmyndir **og með upptöku og gerð alíslenzkra kvikmynda.**
4. Samstarf sé milli kvikmyndarekstrarins og skólahaldsins í landinu.
5. Byggt sé upp samfellt kvikmyndahúsakerfi um land allt og þar með bætt úr samkomuhúsaþörf fámennari kauptúna og byggðarlaga, að svo miklu leyti sem það mál er ekki þegar leyst með félagsheimilunum.
6. Þá er kvikmyndarekstrinum lögð sú skylda á herðar að styrkja og efla skyldar listgreinar, **svo sem leiklist og hljómlist.**

Nd. 74. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhgsnefndar.

Frumvarp um sama efni var borið fram á síðasta þingi, í neðri deild. Fjárhagsnefnd hafði málið til athugunar, og frá henni komu tvö nefndarálit um það seint á þinginu. Lengra var afgreiðslu málsins ekki komið, þegar þingi lauk í síðastliðnum aprílmánuði. Hefur það því verið tekið upp aftur með flutningi þessa frv.

Í frumvarpinu er ákvæði um, að vextir af svonefndum afurðavíxlum, sem endurkeyptir eru af Seðlabankanum, megi ekki vera hærri en þeir voru á árinu 1959, þ. e. 5—5½%, enn fremur, að vextir af öðrum lánum skuli lækka og að lögin um bann við okri, dráttarvexti o. fl., sem í gildi voru í upphafi ársins 1960, skuli aftur taka gildi, en nýrri lagaákvæði um það efni falla niður.

Gengislækkunin mikla árið 1960 hafði í för með sér gífurlega hækkun á kostnaði við byggingar og aðrar verklegar framkvæmdir og á verði framleiðslutækja. En gengislækkuninni fylgdi ákvörðun um mikla vaxtahækkun, sem einnig varð til

þess að hækka mjög kostnað við framkvæmdir og atvinnurekstur. Vaxtagreiðslur hafa því síðan hvílt mjög þungt á fjölda einstaklinga og fyrirtækja, bæði vegna vaxtahækkunarinnar og einnig vegna þess, að stóraukinn framkvæmdakostnaður hefur aukið skuldir þeirra.

Því er haldið fram, að menn óski síður eftir lánum, þegar vextirnir eru háir. En svo er um marga, að þeir geta ekki dregið úr notkun lánsfjár, þó að vextir séu hækkaðir, og verða því að taka á sig þann gjaldaauka, sem vaxtahækkunin hefur í för með sér. Um þetta vitnar t. d. ályktun, sem samþykkt var á fundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna 14.—17. febr. s. l. Þar segir, að þörf framleiðslufyrirtækja sjávarútvegsins fyrir lánsfé sé svo mikil, að notkun þess sé ekkert minni þrátt fyrir háa vexti, og fjárþörfinni þó hvergi nærri fullnægt, og enn fremur, að ekki verði séð, að það þjóni hag þjóðfélagsins að íþyngja framleiðslunni með háum vöxtum á framleiðsluvíxlum sjávarafurða, er teknir eru af fyrirtækjum, sem fjárhagslega berjast í bökkum, en stunda þá framleiðslu, er afkoma þjóðarinnar byggist á.

Lagt er til í frv., að niður falli það ákvæði úr lögum frá 1960 um efnahagsmál, að ríkisstjórnin geti ákveðið vaxtakjör og lánstíma á lánum hjá stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs, byggingarsjóði ríkisins, byggingarsjóði verkamanna og raforkusjóði, og að vaxtakjör og lánstími hjá þessum sjóðum verði hin sömu og á árinu 1959, en lánakjörin eru nú, samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar, miklu óhagstæðari fyrir lántakendur. Rétt þykir, að Alþingi ákveði lánakjörin með lögum, eins og áður var, bæði vexti og lánstíma. Það voru aðalatriði laganna, því að í lánakjörunum kom fram aðstoð þjóðfélagsins við þær framkvæmdir og umbætur, sem sjóðirnir veita lán til. Þörfin fyrir slíka aðstoð er mikil nú vegna mjög aukinnar dýrtíðar og möguleikarnir til stuðnings af hálfu hins opinbera sízt minni en áður.

Þegar útlánsvextirnir voru hækkaðir árið 1960, varð einnig hækkun á innlánsvöxtum. Var talið, að það mundi bæta hag sparifjáreigenda og hvetja til sparnaðar. En útkoman hefur orðið sú, að hagur sparifjáreigenda hefur verið mjög fyrir borð borinn á þeim tíma, sem síðan er liðinn. Verðgildisrýrnun sparifjárins hefur orðið miklu meiri á þessu tímabili en sem vöxtunum nemur. Eigendur sparifjárins hafa tapað vegna aukinnar dýrtíðar, eigi aðeins vaxtahækkuninni, heldur öllum vöxtunum af eign sinni og þar að auki verulegum hluta af höfuðstólnum. Reynslan hefur þannig sýnt, að hagsmunir þeirra verða ekki tryggðir með vaxtahækkun.

Enn er ákvæði í frumvarpinu um, að numin verði úr lögum heimild Seðlabanka Íslands til að heimta fé af innlánsstofnunum inn á bundinn reikning. Viðskiptamálaráðherra skýrði nýlega frá því á Alþingi, að um síðustu mánaðamót hefði heildarupphæð bundins sparifjár í Seðlabankanum verið um það bil 490 millj. kr.

Á sama tíma, sem fé þessu hefur verið safnað inn á bundna reikninga, hafa afurðalán Seðlabankans, sérstaklega út á landbúnaðarafurðir, verið hlutfallslega minni en áður, miðað við magn og verðmæti framleiðslunnar.

Tvær gengislækkanir með stuttu millibili, 1960 og 1961, hafa valdið stórkostlegri hækkun á kostnaði við framkvæmdir og atvinnurekstur, eins og áður er að vikið. Af þeim sökum er fjárþörfin nú miklu meiri en áður, og til þess að fullnægja lágmarksþörfinni fyrir lán til nauðsynlegrar uppbyggingar og framleiðslustarfsemi á næstu tímum þarf stórfé. Áður en annarra úrræða er leitað til að bæta úr þeirri þörf, virðist eðlilegt að hætta að taka hundruð milljóna kr. af sparifénu til bindingar í Seðlabankanum.

Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 31. okt. 1962.

Skúli Guðmundsson.

Ed. 75. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að framlengingarfrumvarp þetta verði samþykkt að öðru leyti en því, að úr 5. gr. þess verði fellt ákvæðið um að framlengja 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum, en sá viðbótarskattur var tekinn upp með bráðabirgðaákvæði við lög nr. 10/1960, um söluskatt, og gekk í gildi 22. marz 1960.

Þessi 8% skattur var einn liður í efnahagsaðgerðum núverandi ríkisstjórnar. Hún hafði að vísu tilkynnt í hinni hvítu bók sinni: „Viðreisn" hátíðlega, orðrétt:

„Ekki er áformað að breyta núgildandi söluskatti á innflutningi."

En við þetta áform stóð ríkisstjórnin ekki. Aðalástæðuna fyrir því, að hún vék frá **áforminu**, taldi hún þá vera, að hinn almenni 3% söluskattur sinn á vörusölu og þjónustu innanlands kæmi ekki til framkvæmda nema þrjá seinni fjórðunga ársins 1960. Skarð fyrsta ársfjórðungsins átti viðbótarsöluskatturinn á innflutningi að fylla, og var hann því **áformi** til staðfestingar settur sem bráðabirgðaákvæði.

Framsóknarmenn leyfðu sér að draga í efa, að við það **áform** yrði staðið að láta þessa skatthækkun falla niður í árslok 1960. Það þótti þeim, sem settu traust á ríkisstjórnina og stefnu hennar, ljótar getsakir og ekki spámannlegar.

Hvað kom svo á daginn?

Fyrir árslokin 1960 framlengdi ríkisstjórnin með atbeina stuðningsflokka sinna 8% viðbótarsöluskattinn um eitt ár eða til ársloka 1961.

Sú saga endurtók sig í árslokin 1961, svo að skatturinn hefur haldizt árið 1962 án nokkurrar linunar.

Voru stjórnarflokkarnir þó í bæði skiptin rækilega minntir á hin gömlu, góðu **áform** sín um afnám skattsins.

Og nú vakir fyrir ríkisstjórninni að fá skattinn framlengdan enn um ár, eða til ársloka 1963, með samþykkt 5. gr. þessa frumvarps.

Norski efnahagsmálasérfræðingurinn Per Dragland, sem fenginn var til Íslands sumarið 1960 til þess að athuga efnahagsmálin og gaf út um þá athugun skýrslu, sem ríkisstjórnarblöðin birtu, sagði í skýrslu sinni:

> „Er hækkun söluskatts á innflutningi úr 7.7% í 16.5% skoðuð sem bráðabirgðaráðstöfun. Þegar hægt verður að lækka skattinn aftur, mun það eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið, hafa í för með sér 3% sparnað fyrir vísitölufjölskylduna."

Þessi tilvitnuðu orð úr skýrslu sérfræðingsins bera vitni um þrennt:

Í fyrsta lagi, að hann hefur litið á hækkun söluskattsins sem vandræðaráðstöfun, enda kom það víðar fram í skýrslunni.

Í öðru lagi, að honum hefur verið sagt, að viðbótarskatturinn ætti aðeins að gilda til bráðabirgða.

Í þriðja lagi, að sérfræðingurinn telur, að afnám viðbótarskattsins muni „hafa í för með sér 3% sparnað fyrir vísitölufjölskylduna". Enginn hefur, mér vitanlega, vefengt þann útreikning. Er því ljóst, að hér er um málefni að ræða, sem skiptir almenning miklu.

Ríkisstjórnin hefur í mörgu ekki skeytt um að standa við áform sín og fyrirheit frá byrjunardögunum. Saga viðbótarsöluskattsins er eitt dæmið um vanefndir stjórnarinnar. Tvisvar hefur hún framlengt hann, þó að hann ætti upphaflega aðeins að gilda til ársloka 1960.

Ég tel, að Alþingi eigi ekki að samþykkja fyrirliggjandi tillögu ríkisstjórnarinnar um að framlengja umræddan skattauka í þriðja sinn, heldur knýja ríkisstjórnina til að bæta ráð sitt í þessu máli.

Fjárlagafrumvarpið fyrir 1963 er enn á frumstigi athugunar í Alþingi, svo að

nægur tími er til að athuga breytingar á því til samræmingar við afnám skattaukans.

Breytingartillaga mín við frumvarp þetta felur það eitt í sér, að viðbótarsöluskatturinn verði ekki framlengdur. Hún er á þskj. 76.

Alþingi, 31. okt. 1962.

Karl Kristjánsson.

Ed. 76. Breytingartillaga [2. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

Við 5. gr. Greinin orðist þannig:
Lög nr. 90/1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, skulu gilda til ársloka 1963.

Ed. 77. Breytingartillaga [2. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá Birni Jónssyni.

Við 5. gr. Greinin orðist svo:
Gilda skulu til ársloka 1963 lög nr. 90/1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

Sþ. 78. Tillaga til þingsályktunar [68. mál]

um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir leggist í eyði.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, á hvern hátt unnt er að koma í veg fyrir, að hlunnindajarðir, sérstaklega laxveiðijarðir, verði keyptar vegna hlunnindanna og síðan látnar leggjast í eyði. Verði tillögur, er að þessu lúta, lagðar fyrir Alþingi eins fljótt og unnt er.

Greinargerð.

Á síðari árum hefur áhugi á laxveiðum aukizt gífurlega hér á landi. Hafa veiðiréttindi í samræmi við það hækkað í verði. Er þetta í heild hagstæð þróun, sem veitir bændum auknar tekjur, laxveiðimönnum þýðingarmikla hvíld og útivist og er auk þess veruleg framleiðsla matvæla, að nokkru leyti til útflutnings.

Hins vegar hafa verið brögð að því, að jarðir hafi verið keyptar eingöngu vegna laxveiðiréttinda og allmargar þeirra lagzt í eyði. Þegar um er að ræða jarðir í miðjum blómlegum byggðum, er þetta hættuleg þróun. Bæði er framleiðslutap, ef jarðirnar eru ekki nýttar að fullu, og alvarlegt tjón fyrir byggðirnar, ef fólki

fækkar þar, sem aðstæður til búskapar eru hinar beztu. Hafa slíkir atburðir slæm áhrif á fólk í sveitum og draga að óþörfu úr trú þess á landbúnaðinn og byggðir sínar.

Mál þetta er engan veginn auðvelt úrlausnar. Þess vegna hefur þótt rétt, að Alþingi léti í ljós áhyggjur sínar yfir þessari þróun með því að fela ríkisstjórninni að láta athuga málið og leita úrræða.

Ed. 79. Frumvarp til laga [69. mál]

um breyting á lögum nr. 30 frá 27. júní 1921, um erfðafjárskatt.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Ásgeir Bjarnason.

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fjárhæð erfðafjárskattsins er ákveðin þannig:

A. Af erfðafé, sem hverfur til þess hjóna, er lifir hitt, til niðja hins látna, kjörbarna og fósturbarna, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:
   1. Af fyrstu 100 000.00 kr. 5 af hundraði.
   2. Af fjárhæð þeirri, sem þar er fram yfir, 10 af hundraði.

B. Af erfðafé, sem rennur til foreldra hins látna eða niðja þeirra, er ekki heyra undir staflið A, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:
   1. Af fyrstu 100 000.00 kr. 10 af hundraði.
   2. Af þeirri fjárhæð, sem þar er fram yfir, 25 af hundraði.

C. Af erfðafé, sem hverfur til afa eða ömmu hins látna eða niðja þeirra, er eigi heyra undir stafliðina A og B, eða til fjarskyldari erfingja eða óskyldra, skal svara af arfi hvers erfingja um sig:
   1. Af fyrstu 100 000.00 kr. 25 af hundraði.
   2. Af þeirri fjárhæð, sem þar er fram yfir, 50 af hundraði.

D. Af erfðafé, sem hverfur til kirkna, opinberra stofnana eða gjafasjóða, sem styrkja eiga menningarstarfsemi, vísindalegar rannsóknarstofnanir eða líknarstarfsemi, eða á annan hátt á að verja til almenningsnota, skal greiða 5 af hundraði.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Nú nemur fjárhæð sú, sem til hvers erfingja á að renna, eigi 1000 krónum, og skal þá enginn erfðafjárskattur greiddur af henni.

Undanþegin erfðafjárskatti eru handrit, bókasöfn, listaverk og minjagripir, sem verðmætir eru fyrir sögu landsins, listir eða vísindi, ef munir þessir eru gefnir opinberum söfnum hér á landi eða alþjóðlegum stofnunum.

Heimilt er ráðherra að fella með öllu niður erfðafjárskatt af erfðafé því, er getur í D-lið 2. greinar þessara laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Skattákvæði laganna um erfðafjárskatt eru óþarflega margbrotin og eru auk þess nú að sumu leyti orðin úrelt. Úr þeim ágöllum er frumvarpi þessu ætlað að bæta. Auk þess er erfðafjárskattur lækkaður af arfi, sem ráðstafað er til menningarmála, vísindalegra rannsókna, líknarstarfsemi eða á annan hátt til almennings-

nota. Samkvæmt frumvarpinu er ráðherra einnig heimilað að fella niður með öllu erfðafjárskatt af slíku gjafafé, en í núgildandi lögum er aðeins heimild til lækkunar skattsins í þeim tilvikum.

Það er út af fyrir sig eðlilegt, að nokkur hluti erfðafjár renni til hins opinbera, einkanlega þegar um mikla fjármuni er að ræða og útarfar eiga í hlut. Hins vegar er auðvitað álitamál, hversu stór sá hluti eigi að vera. Hér er þó ekki hreyft neitt við hámarki erfðafjárskattsins. Erfðafjárskatturinn rennur nú í erfðafjársjóð samkvæmt lögum nr. 12/1952 og gegnir því góðu og nytsömu hlutverki. Samt sem áður sýnist ekki rétt að setja erfðafjársjóðinn ofar en sjóði þá og aðrar þær opinberu þarfir, sem getið er í D-lið 1. greinar þessa frumvarps.

Nd. 80. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Þrír nefndarmenn, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, vilja láta fella frumvarpið, en ég og Skúli Guðmundsson viljum samþykkja það.

Aðalefni frumvarpsins er um lækkun vaxta á ýmsum stofnlánum og afurðalánum. Auk þessa er svo lagt til að fella niður heimild Seðlabankans til þess að skylda banka, sparisjóði og innlánsdeildir til þess að geyma hluta af innistæðufé sínu á bundnum reikningi í Seðlabankanum.

Það atriði frumvarpsins, sem mestu máli skiptir, er tillagan um lækkaða vexti. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að vextirnir verði almennt færðir í það horf, sem þeir voru árið 1959, eða áður en viðreisnarstefnan kom til sögunnar. Ég tel slíka vaxtalækkun sjálfsagða á almennum lánum, en hins vegar ekki nægilega mikla á afurðalánum og sumum stofnlánum. Vextir af afurðalánum hafa lengi verði allt of háir, og hið sama er að segja um vexti af stofnlánum sjávarútvegs og landbúnaðar. Ég tel þó, að lækkun vaxta, eins og frumv. þetta gerir ráð fyrir, yrði til verulegra bóta, og vil því samþykkja frumvarpið.

Alþingi, 1. nóv. 1962.

Lúðvík Jósefsson.

Nd. 81. Frumvarp til laga [70. mál]

um stuðning við atvinnuvegina.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Karl Guðjónsson.

1. gr.

Í þeim tilgangi að hækka fiskverð til sjómanna og útgerðarmanna og kaupgjald þeirra, sem vinna að framleiðslustörfum, skulu gerðar þær ráðstafanir til stuðnings atvinnuvegunum, sem lög þessi mæla fyrir um.

2. gr.

Frá 1. janúar 1963 skulu vextir Seðlabanka Íslands af afurðalánum eigi vera hærri en 2% og útlánsvextir viðskiptabankanna á þeim lánum eigi hærri en 2½% fyrstu 6 mánuði lánstímans, en mega hækka úr því um ½%.

Seðlabankinn skal veita afurðalán, sem nema ⅔ af áætluðu útflutningsverði vörunnar.

3. gr.

Frá 1. janúar 1963 skulu almennir innláns- og útlánsvextir banka og sparisjóða og vextir af öllum föstum lánum færast í það, sem þeir voru, áður en efnahagslögin frá 20. febrúar 1960 voru sett.

4. gr.

Frá 1. janúar 1963 skal Seðlabanka Íslands skylt að greiða útflytjendum fullt verð útfluttra íslenzkra framleiðsluvara eigi síðar en einum mánuði eftir að varan hefur verið flutt úr landi, enda sé frá þeim tíma óheimilt að flytja úr landi óseldar framleiðsluvörur.

Þá er Seðlabankanum einnig skylt að greiða framleiðendum fullt útflutningsverð þeirrar vöru, sem þeir sanna með vottorði matsmanns eða á annan fullnægjandi hátt að tilbúin hafi verið til útflutnings í einn mánuð og sölusamningur hefur verið gerður um.

5. gr.

Frá 1. janúar 1963 skulu öll útflutningsgjöld sjávarafurða, þar með talin gjöld til hlutatryggingasjóðs, lækka í það, sem þau voru fyrir setningu bráðabirgðalaga nr. 80 frá 3. ágúst 1961.

6. gr.

Frá 1. janúar til 1. júlí 1963 skal ríkissjóður sjá um vátryggingu allra íslenzkra fiskiskipa, og skal iðgjaldsgreiðsla (hundraðshluti iðgjalds) hvers skips vera sem svarar helmingi þess iðgjalds, sem greitt var fyrir það árið 1961. Iðgjöld nýrra skipa skulu ákveðin tilsvarandi.

Fyrir 1. júlí 1963 skal ríkisstjórnin hafa stofnsett nýtt vátryggingarfélag fiskiskipa, sem tryggi sem hagkvæmust vátryggingarkjör.

Eigendur fiskiskipa skulu hafa rétt til þess að segja upp gildandi tryggingarsamningum við íslenzk tryggingarfélög með tveggja mánaða fyrirvara.

7. gr.

Árið 1963 skal öllum íslenzkum vátryggingarfélögum skylt að lækka gildandi vátryggingariðjöld sín á íslenzkum framleiðsluvörum um 25%.

8. gr.

Árið 1963 skulu flutningsgjöld íslenzkra skipa á útflutningsafurðum lækka um 20% frá því, sem var árið 1961.

9. gr.

Frá 1. janúar 1963 skal útflutningsfélögum framleiðenda og þeim aðilum öðrum, sem hafa með höndum umboðssölu á íslenzkum framleiðsluvörum, óheimilt að taka hærri þóknun fyrir störf sín við söluna en 1% af fob-verði. Óheimilt er að greiða erlendum umboðsaðilum hærri umboðslaun vegna sölu útfluttra vara en 2%.

10. gr.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið getur með reglugerð ákveðið nánar um allt, sem varðar framkvæmd þessara laga.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi felld öll lagaákvæði, sem fara í bága við þau.

Greinargerð.

Enginn hugsandi maður getur lengur verið í vafa um það, að stefna ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum leiðir út í beint öngþveiti.

Síðan ríkisstjórnin tók við völdum, eða á tæpum þremur árum, hefur allt verðlag í landinu farið stórhækkandi og lífskjör vinnandi fólks versnandi.

Samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands hefur verð á öllum vörum og þjónustu, sem reiknað er með í vísitölunni, hækkað á valdatíma núverandi ríkisstjórnar, fram til 1. október s. l., um 41%. Hækkun vísitölunnar fyrir vörur og þjónustu nemur 41 stigi í hinni nýju vísitölu. Þessi hækkun samsvarar 82 vísitölustigum í þeirri vísitölu, sem áður gilti. Séu verðhækkanir þessar bornar saman við verðhækkanir áranna 1956—1959, kemur í ljós, að verðhækkanirnar þá voru smávægilegar borið saman við það, sem nú hefur orðið á tæpum þremur árum.

Verðhækkanir þessar stafa auðvitað af því, að á valdatíma núverandi ríkisstjórnar hafa verið samþykktar tvennar gengislækkanir, hækkun á söluskatti, hækkun vaxta og reglur um hámarksálagningu afnumdar í mörgum tilfellum. Nú í byrjun þessa vetrar er fyrirsjáanlegt, að kaupgjald hlýtur almennt að hækka til mikilla muna á næstu mánuðum.

Mörg verkalýðsfélög hafa sagt upp kjarasamningum sínum, og samtök annarra launþega hafa einnig gert kröfur um launahækkun. Það væri fullkomið skilningsleysi af hálfu stjórnarvalda landsins að ætla að neita launastéttunum um bætt launakjör, eins og verðlagsmálunum í landinu er nú komið.

En hvað verður þá um hag útflutningsframleiðslunnar, ef hún á að taka á sig miklar kauphækkanir án þess að fá hækkaðar tekjur á móti? munu ýmsir spyrja.

Með flutningi þessa frumv. viljum við flutningsmenn benda á, að það er unnt að gera útflutningsatvinnuvegunum kleift að greiða hærra kaup en þeir geta nú, með því að létta ýmsum þeim útgjöldum af framleiðslunni, sem nú hvíla á henni og telja verður óeðlilegt að hún beri.

Það hefur löngum verið leikur núverandi ríkisstjórnar að halda því fram við verkamenn, að ekki sé hægt að hækka kaup þeirra af því, að útgerðin þoli það ekki. Útgerðinni er aftur sagt, að hennar hagur sé þröngur af því, að sjómenn taki of stóran hlut af aflanum. Og frystihúsin geta ekki hækkað fiskverðið til sjómanna og útgerðarmanna af því, að kaup verkafólks er talið vera of hátt. Þannig er hverjum stefnt gegn öðrum og þar með sannað, að ekkert sé hægt að gera við vandanum.

En samanburður á kaupgjaldi og fiskverði í Noregi og hér hefur brugðið nokkru ljósi á þessa svikamyllu ríkisstjórnarinnar. Í Noregi er kaupgjald verkafólks hærra en hér, þar er fiskverð miklu hærra en hér, og þar virðist afkoma fiskkaupenda einnig vera miklu betri en hér. Íslenzki fiskurinn er þó seldur á eins háu og jafnvel hærra verði á heimsmörkuðum en sá norski.

Hvað er það þá, sem veldur? Málið er augljóst, þegar betur er að gáð.

Í Noregi eru útflutningsgjöld á sjávarafurðum svo að segja engin, eða um 0.075%, en hér eru þau orðin samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 7.4%. Slík útflutningsgjöld þekkjast hvergi hjá nokkurri annarri þjóð. Núverandi ríkisstjórn hefur hækkað þessi gjöld úr 2.9% í 7.4%. Í Noregi býr sjávarútvegurinn og atvinnuvegir landsins almennt við lága vexti, 2—3%, en hér á landi eru vextirnir hærri en í nokkru öðru landi í Evrópu. Hér eru vextir nú 7—9½% og á föstum lánum 6½—8½%. Vaxtabyrðin hér er tvisvar til þrisvar sinnum meiri en í Noregi. Vátryggingargjöld fiskiskipa eru tvisvar til þrisvar sinnum hærri hér á landi en í Noregi. Flutningsgjöld vöruflutningaskipa eru hér miklu hærri en í Noregi fyrir sambærilega flutninga. Hér á landi skattleggja bæði ýmsir milliliðir og ríkisvaldið sjálft útflutningsframleiðsluna miklum mun meir en gert er í Noregi. Og hér á landi er kostnaður við fisksölusamtök fiskframleiðenda og söluumboð miklum mun hærri en almennt þekkist annars staðar. Það eru þessir og fleiri aðilar, sem hér á landi taka svo stóran hluta af útflutningsverðmætinu, að hér þarf að greiða verkafólkinu lægra kaup og sjómönnum og útgerðarmönnum lægra fiskverð en sömu aðilum er greitt t. d. í Noregi.

Það, sem hér þarf að gera og við Alþýðubandalagsmenn höfum margsinnis bent á, er að ráðast að rótum meinsins og létta vaxtaokrinu af framleiðslunni, að

létta milliliðaokrinu af útflutningnum, lækka vátryggingar, lækka flutningsgjöld og stórlækka álögur þær, sem ríkisstjórnin hefur lagt á framleiðsluna í formi útflutningsgjalda.

Með þessu frumvarpi bendum við á nokkur atriði, sem gera þarf útflutningsatvinnuvegunum til stuðnings. Væru þessi atriði framkvæmd, mætti hækka kaup verkafólks, sem við framleiðsluna vinnur, um 20% og fiskverðið um 25—30% og bæta þó hag fiskvinnslustöðvanna frá því, sem nú er.

Hér skal nú gerð nokkru nánari grein fyrir því, hvað samþykkt þessa frumvarps mundi létta miklum útgjöldum af sjávarútveginum.

Vaxtalækkun.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til, að vextir á afurðalánum lækki um 4.5% frá því, sem nú er. Jafnframt er gert ráð fyrir að lækka vexti af öðrum rekstrarlánum útgerðarinnar um 2% og vexti af öllum öðrum lánum um 2%.

Telja má víst, að þessi vaxtalækkun nemi á ári fyrir sjávarútveginn sem heild að minnsta kosti *100 milljónum króna.*

Lækkun vátryggingargjalda.

Samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir, að eigendum fiskiskipa verði gert mögulegt að fá vátryggingu skipa sinna fyrir helmingi lægra gjald en þeir hafa þurft að greiða. Árleg iðgjaldagreiðsla fiskiskipaflotans er um 140 milljónir króna. Væri hér því um að ræða útgjaldalækkun, sem næmi um *70 milljónum króna.*

Lækkun útflutningsgjalda.

Samkvæmt frumv. er lagt til, að útflutningsgjöld af sjávarafurðum verði lækkuð úr 7.4% í 2.9%, eða í það sama og þau voru, áður en ríkisstjórnin setti bráðabirgðalögin um sérstakar ráðstafanir vegna gengislækkunarinnar 1961. Lækkun þessi á útflutningsgjöldunum mundi nema um *160 milljónum króna á ári.*

Lækkun flutningsgjalda.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að flutningsgjöld íslenzkra skipa á útflutningsvörum verði lækkuð um 20% árið 1963. Sú lækkun mundi sennilega nema um *20 milljónum króna.*

Aðrar ráðstafanir.

Þá er lagt til í frumvarpinu að lækka nokkuð önnur vátryggingargjöld, sem hvíla á framleiðslunni, og umboðslaun sölufélaga og umboðsaðila.

Einnig er lagt til, að gerðar verði ráðstafanir til þess að tryggja framleiðendum greiðslu á útflutningsvörum hraðar en nú á sér stað. Slík skipan mundi spara framleiðendum mikil og margvísleg útgjöld.

Talið er líklegt, að þessi atriði mundu létta beinum útgjöldum af sjávarútveginum, sem nema um *50 milljónum króna á ári.*

Lækkun útgjalda sjávarútvegsins yrði því að minnsta kosti um 400 milljónir króna á ári, ef frumvarp þetta yrði samþykkt. Slík lækkun heildarútgjalda sjávarútvegsins gerði mögulegt að hækka fiskverðið innanlands um 25—30%.

Enginn vafi getur leikið á því, að auðvelt væri að framkvæma öll þau atriði, sem frumvarp þetta fjallar um.

Lækkun vaxtanna er sjálfsagt mál, sem flestir landsmenn viðurkenna að framkvæma eigi sem fyrst. Seðlabankinn mundi að vísu missa nokkurn hluta af sínum mikla gróða, en slíkt er eðlilegt, því að seðlabönkum er ekki ætlað það hlutverk að græða á atvinnuvegunum.

Lækkun vátryggingargjalda er möguleg, og hefur samanburður á vátryggingargjöldum fiskiskipa í Noregi og hér á landi leitt í ljós, að unnt ætti að vera að lækka gjöldin hér um helming, ef rétt er að farið.

Útflutningsgjöld sjávarafurða má auðveldlega lækka í það, sem þau voru fyrr

á yfirstandandi ári. Hækkun ríkisstjórnarinnar á þeim gjöldum var ákveðin af skammsýni og skilningsleysi á þörfum sjávarútvegsins.

Lækkun flutningsgjalda íslenzkra skipa er auðveld, þar sem vitað er, að þau hafa grætt mikið að undanförnu. Flutningsgjöld erlendra skipa á íslenzkum afurðum mundu fljótlega lækka á eftir, þar sem vitað er, að það eru taxtar íslenzku skipanna, sem ráða um flutningstaxtana hér við land.

Í frumv. er gert ráð fyrir því, að Seðlabankinn verði skyldaður til þess að greiða útflytjendum, einum mánuði eftir að útflutningsvara er flutt úr landi, fullnaðarverð vörunnar, enda er þá við það miðað, að útflutningsvörur séu ekki fluttar úr landi, nema þær séu fyrir fram seldar.

Þá er einnig gert ráð fyrir því í frumv., að Seðlabankinn greiði framleiðendum fullt verð þeirrar útflutningsvöru, sem legið hefur tilbúin til afskipunar í heilan mánuð og fastur sölusamningur hefur verið gerður um. Seðlabankinn tekur allan erlendan gjaldeyri fyrir útfluttar vörur, og er þá ekki óeðlilegt, að hann hafi nokkrar skyldur varðandi þau gjaldeyrisverðmæti, sem þannig eru tilbúin til útflutnings og sala er tryggð á.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að lækka nokkuð þóknun þá, sem sölufélög framleiðenda og íslenzkir umboðssalar taka fyrir umboðsstörf sín. Félögin taka nú yfirleitt 2% þóknun. Enginn vafi er á, að þau gætu unnið nauðsynleg umboðssölustörf fyrir 1%, og er það því sett sem hámark í frumv.

Sala á íslenzkum framleiðsluvörum erlendis fer að verulegu leyti fram á vegum erlendra umboðssala. Ýmis dæmi eru um það, að þeir taki orðið 4% í umboðslaun. Rétt hefur því þótt að girða fyrir slíka okurstarfsemi með því að banna hærri greiðslu til erlendra umboðssala en 2%.

Í greinargerð þessari hefur aðallega verið vikið að þeim hagsbótum, sem sjávarútvegurinn hefði af samþykkt frumvarpsins. En augljóst er þó, að aðrir atvinnuvegir landsins mundu einnig njóta góðs af samþykkt þess. Þannig mundi almenna vaxtalækkunin ná til allra, og lækkun vaxta á afurðalánum mundi einnig koma landbúnaðinum til góða. Ýmis önnur ákvæði frumvarpsins, sem varða útflutning, mundu koma öllum útflutningsgreinum til hagsbóta.

En eins og verðlagsmyndunin er í landinu, skiptir mestu máli, að þannig sé búið að sjávarútveginum, sem algerlega er háður erlendu verðlagi, að hann geti starfað með eðlilegum hætti.

Nd. 82. Nefndarálit [9. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp efnislega samhljóða frv. þessu var flutt á síðasta þingi af 9 þm. Framsóknarflokksins í Nd. Tveir þm. Framsóknarfl. í Nd. hafa nú bætzt í hópinn.

Undirritaður meiri hl. fjárhagsnefndar lagði til á síðasta þingi, að frv. yrði fellt. Afstaða meiri hl. er óbreytt, en nú sem fyrr hnígur efni frv. að því að gerbreyta veigamiklum þáttum í efnahagsmálalöggjöf núverandi ríkisstjórnar frá 1960 og síðari löggjöf um Seðlabanka Íslands.

Nefndarálit meiri hl. fjárhagsnefndar um sama efni á síðasta þingi er að finna á þskj. 763, og þykir nægja að vísa til þess hér, ásamt tveim fskj. Hið fyrra er bréf Seðlabanka Íslands, dags. 14. febr. 1962, og hið síðara bréf Stéttarsambands bænda, dags. 13. des. 1961. Verður nánar að þessu vikið í framsögu af hálfu meiri hl. fjárhagsnefndar.

Alþingi, 1. nóv. 1962.

Birgir Kjaran, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Ed. 83. Frumvarp til laga [71. mál]

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Flm.: Alfreð Gíslason læknir, Björn Jónsson.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar.

Ef örorkan er 50% eða meira, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

Örokulífeyrir er jafnhár ellilífeyri, sbr. 13. gr., og greiðist samkv. sömu reglum, eftir því sem við getur átt.

Tryggingayfirlæknir metur örorku þeirra, sem sækja um örorkubætur.

2. gr.

16. gr. laganna orðist svo:

Fjölskyldubætur skulu greiddar með öllum börnum innan 16 ára aldurs. Fjölskyldubætur greiðist foreldrum barnsins, en séu þau ekki samvistum, þá því foreldri, sem foreldraréttinn hefur. Dveljist barn hjá hvorugu foreldra, skulu fjölskyldubætur greiddar þeim aðila, sem uppeldi barnsins annast.

Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera kr. 2600.00.

3. gr.

a-liður 59. gr. laganna orðist svo:

Fjölskyldubætur og hvers konar aðrar bætur.

4. gr.

Á eftir 71. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara, eins og þær eru í júlí 1962, skulu teljast grunnupphæðir, miðað við vísitölu framfærslukostnaðar 1. marz 1959, og greiðast mánaðarlega með verðlagsuppbót í samræmi við vísitölu næsta mánaðar á undan.

5. gr.

Aftan við lögin bætist ný grein, svo hljóðandi:

Frá 1. janúar 1963 skal landið allt vera eitt verðlagssvæði og bætur hvarvetna hinar sömu og þær yrðu samkvæmt ákvæðum 1. verðlagssvæðis.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þingmenn Alþýðubandalagsins hafa áður, og m. a. á síðasta þingi, flutt þær breytingartillögur, sem þetta frv. felur í sér. Þær breytingar, sem lagt er til að gerðar verði á lögum um almannatryggingar, eru þessar:

1. Sami örorkulífeyrir skal greiddur fyrir sömu örorku, ef hún er 50% eða meira, án tillits til þess, hvort sjúkdómur eða slys hefur valdið henni.
2. Fjölskyldubætur skulu greiddar með öllum börnum innan 16 ára án undantekningar.
3. Fjölskyldubætur geta farið saman með hvers konar öðrum tryggingarbótum.
4. Allar bótagreiðslufjárhæðir almannatrygginga skulu vísitölutryggðar.

5. Landið skal vera eitt verðlagssvæði og bætur í samræmi við ákvæði um 1. verðlagssvæði.

Það sýnist ekki réttlátt að gera mun á örorku, hvað bætur snertir, eftir því, hvort slys eða sjúkdómur hefur valdið henni. Þetta er þó gert í lögum um almannatryggingar. Ef slys hefur valdið örorkunni, skal lífeyrir greiddur eftir vissum reglum, svo framarlega sem hún er metin 50% eða meira. Sé örorkan hins vegar af völdum sjúkdóms, eiga öryrkjarnir ekki lagalegan rétt á lífeyri, nema örorkun sé 75% eða þar yfir. Að vísu er Tryggingastofnuninni heimilt að verja vissri fjárhæð til styrkja handa þeim, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar, en heimild er ekki sama og skylda. Þessi mismunun er óviðfeldin og til þess fallin að vekja réttmæta óánægju. Í 1. gr. frumvarpsins er þetta misræmi leiðrétt og þar ákveðið, að lífeyrir skuli greiddur eftir sömu reglum, hvort heldur örorkan er orðin til fyrir sjúkdóm eða slys.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að með öllum börnum innan 16 ára aldurs séu greiddar fjölskyldubætur, en það er ekki gert samkvæmt gildandi lögum. Ef foreldrar eru samvistum og hafa börn sín hjá sér, fá þau fjölskyldubætur með hverju barni, hversu tekjuhá eða auðug sem fyrirvinnan er. Hins vegar fær einstæð móðir engar fjölskyldubætur með sínum börnum og það enda þótt hún berjist í bökkum fjárhagslega. Úr þessu misrétti þarf að bæta hið bráðasta. Fjölskyldubætur á að greiða með hverju barni, og virðist eðlilegast, að heimilið, sem barnið annast, njóti þeirra.

Í 59. gr. tryggingalaganna er ákvæði um, að fjölskyldubætur megi aðeins fara saman með dagpeningum, en ekki neinum öðrum bótum. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til, að þessu verði breytt þannig, að fjölskyldubætur megi fara saman með hvers konar öðrum bótum. Yrði sú breyting gerð, mundu fjölskyldubætur falla í hlut einstæðra mæðra, ekkna, mæðra ófeðraðra barna og mæðra, sem taka endurkræfan barnalífeyri, auk elli- og örorkulífeyrisþega, sem barnalífeyri fá. Þessi breyting er sjálfsögð, ef fallizt er á réttmæti þess, að fjölskyldubætur séu greiddar með hverju barni í þjóðfélaginu.

Í 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir verðtryggingu allra bóta almannatrygginga, þannig að þær breytist mánaðarlega í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.

Árið 1960 var tenging kaups við vísitölu numin úr lögum, og voru tryggingabætur þá látnar sæta sömu meðferð og atvinnutekjur. Það var mjög misráðið, einkum vegna þess, hve allur lífeyrir almannatrygginga er lágur. Hann hefur aldrei náð því að jafnast á við þurftartekjur og fjarlægist það nú æ því meir sem dýrtíð vex. Bótaþegum er brýn nauðsyn á verðtryggingu lífeyrisins, eigi hann að vera þeim nokkur hjálp. Sú viðbára, að vísitölutrygging þessara bóta auki á verðbólgu, er fjarstæða, sem ekki ætti að heyrast, en hefur þó verið haldið fram.

Síðasta breytingartillagan í frv. þessu er um það, að landið allt skuli gert að einu verðlagssvæði og bætur hvarvetna vera hinar sömu og þær eru á 1. verðlagssvæði. Fyrir þessari lagabreytingu hafa þingmenn Alþýðubandalagsins lengi barizt, og nú lítur svo út sem sú barátta muni ætla að bera tilætlaðan árangur. Munu flestir alþingismenn orðnir sannfærðir um það nú, að skipting landsins í tvö verðlagssvæði geti ekki talizt réttmæt og eigi að afnemast. Skal þess vegna ekki fjölyrt frekar um þessa tillögu, sem felst í 5. gr. frumvarpsins, en á það treyst, að hún nái fram að ganga á þessu þingi.

Það skal fram tekið að lokum, að flutningsmenn sjá þörf fleiri endurbóta á lögunum um almannatryggingar en hér eru raktar. Fáist þessar samþykktar, verður auðveldara um framhaldið, sem fela verður í sér stöðuga framþróun á sviði almannatrygginga sem og annarra félagsmála.

Sþ. 84. Tillaga til þingsályktunar [72. mál]

um bankaútibú á Snæfellsnesi.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita áhrifum sínum til þess, að einhver ríkisbankanna setji upp útibú á Snæfellsnesi.

Greinargerð.

Undanfarin misseri hefur mátt sjá ýmis merki þess, að bankar þjóðarinnar vildu auka og bæta þjónustu sína við almenning og atvinnuvegi. Hafa verið stofnuð mörg ný útibú, enda þótt flest þeirra hafi verið staðsett þar, sem bankaþjónusta var bezt fyrir.

Á Snæfellsnesi eru margar blómlegar framleiðslubyggðir, sem árlega skapa útflutningsverðmæti fyrir tugi milljóna króna. Munu fá eða engin svæði á landinu þurfa að sækja svo langt til banka. Veldur þetta miklum óþægindum, og ferðalög til höfuðstaðarins í bankaerindum taka óhóflega mikinn tíma frá ráðamönnum fyrirtækja og stofnana. Af þessum sökum eru uppi mjög almennar óskir um bankaútibú á nesinu. Þar eð hreyfing er á þessum málum, hefur þótt rétt að flytja tillögu þessa nú.

Nd. 85. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til l. um almannavarnir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumvarp þetta, um almannavarnir, var lagt fram á seinasta þingi. Um það urðu þá þegar allmiklar umræður, en með því að þá var skammt til þingloka, kaus ríkisstjórnin heldur að hverfa frá að knýja málið gegnum þingið. Lét hún þá afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, og var því frestað til næsta þings.

Það brást heldur ekki, að frumvarpið var lagt fram meðal fyrstu þingmála á þessu þingi og hefur þegar hlotið afgreiðslu í nefnd.

En heilbrigðis- og félagsmálanefnd hefur klofnað um málið. Meiri hlutinn, þeir Gísli Jónsson, Birgir Finnsson og Matthías Á. Mathiesen, leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með tveimur smábreytingum, en Valtýr Guðjónsson ritar undir nefndarálit meiri hlutans með fyrirvara, er hann mun gera grein fyrir við umræður málsins. — Undirritaður leggur til, að frumvarpið verði, eins og á seinasta þingi, afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Efni frumvarpsins.

Frumvarpi þessu er skv. ákvæðum 1. gr. ætlað mikið hlutverk, nefnilega *að koma í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna af völdum hernaðaraðgerða.*

Almannavarnakerfið á svo einnig að veita aðstoð, ef tjón vofir yfir eða hefur orðið af náttúruhamförum eða annarri vá, eins og í frv. segir.

Skal hér nú stuttlega gerð grein fyrir meginefni frumvarpsins og þeim víðtæku heimildum, sem í því felast:

Almannavarnir heyra undir dómsmálaráðherra. Hann skipar forstöðumann almannavarna. Hefur það embætti þegar verið stofnað og almannavarnastjórinn skipaður frá 21. júní s. l. Þessi embættismaður skal sjá um heildarskipulagningu al-

mannavarna, annast framkvæmd þeirra þátta, sem undir ríkisvaldið falla, þ. á m. fjarskipti milli umdæma, mælingu á geislavirkni, viðvörun, fræðslustarfsemi, kennslu yfirmanna og leiðbeinenda, skipulagningu og yfirstjórn á flutningi fólks af hættusvæðum. Hann skal einnig hafa umsjón með almannavörnum sveitarfélaga.

Fjögurra manna almannavarnaráð skal vera almannavarnastjóranum til ráðuneytis.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir stofnun og rekstri varasjúkrahúsa.

Lögreglustjórar fara með stjórn almannavarna hver í sínu umdæmi. Hefja skal ráðstafanir til almannavarna hvarvetna þar, sem ríkisstjórnin ákveður, í samráði við sveitarstjórn eða sýslunefnd. Ráðherra getur ákveðið, að grannhéruð eða bæir skuli hafa samstarf um almannavarnir, t. d. Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogskaupstaður og Hafnarfjörður.

Í kaupstöðum skulu skipaðar almannavarnanefndir. Í Reykjavík skal almannavarnanefndin hafa sérstakan framkvæmdastjóra.

Almannavarnanefndirnar eigi að koma upp viðvörunarkerfi. Þær eiga að sjá um skipulagningu hvers konar hjálparstarfsemi svo og þjálfun manna í einstökum greinum almannavarna: eldvörnum, björgun og sjúkraflutningum, ruðningsstarfi, hjálparstarfi vegna tjóns af völdum geislavirkni, sýkla eða eiturefna, löggæzlu, fjarskiptaþjónustu, tækniþjónustu og félagslegu hjálparstarfi.

Þær eiga einnig að hafa eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, atvinnufyrirtækjum og stofnunum og skulu leiðbeina í þeim efnum.

Almannavarnanefndirnar eiga líka að sjá um byggingu, búnað og rekstur opinberra öryggisbyrgja, birgðageymslur og birgðavörzlu og undirbúning og aðstoð vegna brottflutnings og móttöku fólks af hættusvæðum.

Þetta virðist vera allfjölþætt og ábyrgðarmikið starf, og skal það allt unnið án endurgjalds.

Í 10. gr. frv. segir, að það sé borgaraleg skylda allra á aldrinum 18—65 ára að gegna án endurgjalds starfi í þágu almannavarna samkvæmt fyrirmælum lögreglustjóra.

Þeir, sem starfa eiga í hjálparliðum, skulu taka þátt í námskeiðum og æfingum, sem þeir eru kvaddir til. Ber þeim skilyrðislaust að hlýða fyrirmælum og er óheimilt að hverfa úr starfi án leyfis. Ef hætta er talin yfirvofandi, má starfsmaður ekki fara úr lögsagnarumdæminu án samþykkis lögreglustjóra eða fulltrúa hans. — Ráðherra ákveður hámarkstíma fyrir skyldunám og æfingar í þágu almannavarnanna. — Allt er þetta án endurgjalds.

Er hér óneitanlega kominn nokkur keimur af herskyldu og heræfingum, og er vandséð, hvernig allt þetta fær samrýmzt daglegum störfum manna.

Með ákvæðum 15. gr. frumvarpsins um skyldu atvinnufyrirtækja til einkavarna mun einkum átt við, að þeim beri að láta gera loftvarnabyrgi, er taki allt starfsfólkið. — Getur slíkt orðið allkostnaðarsamt, því að traust og vönduð verða slík byrgi að vera til að veita öryggi, og einnig verður ávallt að vera þar nægur forði matvæla.

Ef fyrirmælum almannavarnanefndar um ráðstafanir til einkavarna er ekki hlýtt, má framkvæma þær á kostnað eiganda eða umráðamanns.

Ekki er fullljóst, hvaða mannvirki er við átt í 17. gr. frumvarpsins, né heldur hvaða öryggisráðstafana skuli krafizt. En þar segir:

„Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þátt í kostnaði“ „samkvæmt mati dómkvaddra manna“, leggur meiri hlutinn til að bætist við.

Sagt hefur verið, að hér sé sennilega átt við stofnanir eins og áburðarverksmiðjuna og olíu- og benzínstöðvarnar, sem dreift er víðs vegar um alla Reykjavík og Hafnarfjörð.

En hvaða öryggisráðstöfunum verður hér við komið? Ekki er það auðséð í fljótu bragði.

Þá kemur að 5. kafla frumvarpsins, er fjallar um flutning fólks af hættusvæðum. Er þar um hinar víðtækustu heimildir að ræða, og mundu margar þeirra reynast ærið kostnaðarsamar, ef til framkvæmda kæmi.

Þar segir, að ríkisstjórnin geti, ef brýna nauðsyn beri til, ákveðið brottflutning fólks af hættusvæði og skipað því að koma sér fyrir á öruggari stöðum. Er öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður.

Engum er heimilt án sérstaks leyfis að flytja frá þeim stað, sem honum hefur verið vísað á.

Til að greiða fyrir brottflutningi fólks getur ríkisstjórnin tekið leigunámi skip, bíla, flugvélar, svo og lendur og hvers konar húsnæði. Gefa má eiganda húsnæðis fyrirmæli um að taka við fólki, sem flutt hefur verið af hættusvæði, veita því húsaskjól og fæði, ef nauðsynlegt er. Gert er ráð fyrir að greiðsla geti e. t. v. komið fyrir húsnæði og fæði, sem þannig er tekið með valdboði.

Ákveða má með reglugerð, að í húsi af tiltekinni stærð, sem byggt er eftir gildistöku laga þessara, skuli vera gert öryggisbyrgi fyrir þá, sem í húsinu búa eða starfa. Húseigandi skal bera allan kostnað vegna byrgisins, og skal það fullnægja þeim lágmarkskröfum um öryggi, sem reglugerðin kveður á um.

Hér er sjálfsagt átt við, að breytt verði byggingarsamþykktum kaupstaða með reglugerð og húsbyggjendum hér eftir gert að skyldu að gera gluggalausan kjallara með þykkum veggjum og halda þessu húsrými ónotuðu. Einnig virðist húseigandi eiga að hafa þar ávallt nægan matvælaforða. Bætist hér enn einn pinkill á herðar húsbyggjendum ofan á allt annað.

Í 25. gr. frumvarpsins er rætt um, hverjir skuli greiða kostnaðinn af framkvæmd þess. Ríkissjóður greiðir laun almannavarnastjórans og ber kostnað af vissum þáttum almannavarnanna. Af byggingu og rekstri varasjúkrahúsa virðist hlutaðeigandi sveitarsjóðum ætlað að bera þriðjung kostnaðar, og yfirleitt mun ætlunin, að ríkissjóður beri ⅔ kostnaðar af almannavörnunum, en sveitarsjóðirnir ⅓. Fram er tekið, að sveitarsjóðir skuli greiða kostnað við opinber öryggisbyrgi, en ríkissjóður endurgreiði ⅔ af kostnaðinum, en helming annars kostnaðar. — Um hlutskipti einstaklinganna hefur verið getið á nokkrum stöðum hér að framan.

Enginn skyldi efa, að það mundi kosta tugi, ef ekki hundruð milljóna að framkvæma þær heimildir, sem í frumvarpinu felast. Frumvarpið er því ein samfelld játning um, að Ísland sé í miklum háska, ef til styrjaldar dragi.

Þess skal hér getið, að í frumvarp það til fjárlaga fyrir árið 1963, sem fram hefur verið lagt, er tekin *1 milljón króna* til almannavarna. Má vissulega gæta fyllstu hagsýni, ef hún á að endast til að framkvæma heimildir þessa frumvarps og fullnægja þeim tilgangi almannavarna að koma í veg fyrir, að almenningur verði fyrir líkamstjóni eða eigna, ef til atómstyrjaldar skyldi draga.

Stjórnin skýrir viðhorf sín.

Með frumvarpinu um almannavarnir voru 4 fylgiskjöl, þegar það var lagt fram á Alþingi í fyrravetur. Þessi fylgiskjöl voru:

1. Skýrsla loftvarnanefndar Reykjavíkur.
2. Bréf loftvarnanefndar Rvíkur, dags. 4. okt. 1961.
3. Álitsgerð Holtermanns hershöfðingja, forstjóra almannavarna í Noregi.
4. Álitsgerð C. Toftemarks yfirlæknis hjá dönsku heilbrigðisstjórninni.

Er margar athyglisverðar upplýsingar að finna í þessum skjölum.

Loftvarnanefnd Reykjavíkur keypti mikið af teppum og dýnum, fatnaði, sjúkrabörum, sáraumbúðum, rúmfatnaði og margt fleira, og er þetta geymt á ýmsum stöðum í bænum. Einnig lét hún gera mikið af steinbitum, sem raða á fyrir kjallaraglugga. Sagt er, að mest af þessum varningi haldi lengi gildi, en þó er nú upplýst af for-

stöðumanni almannavarna, að *steinbitarnir séu ónýtir* við núverandi aðstæður. Alls fór nokkuð á tíundu milljón króna í loftvarnaaðgerðir nefndarinnar.

Danski læknirinn Toftemark getur þess í sinni álitsgerð, að ráðstafanir til umönnunar særðra og sjúkra hafi þegar kostað 100 milljónir danskra króna, þ. e. um 630 milljónir íslenzkra. 17 milljónir segir hann hafa farið til lyfjakaupa, en einnig hafi verið keypt nokkur varasjúkrahús. Tuttugu milljónir segir hann hafa farið í að gera eldri sjúkrahús styrkari.

Vitnisburður reynslunnar.

Í skýrslu loftvarnanefndar Reykjavíkur kemur það fram, að nefndin hafi lengi haft augastað á því, að sprengt yrði öryggisbyrgi inn í Arnarhól. Fékk hún verkfræðinga Almenna byggingarfélagsins til að gera áætlanir um mannvirki þetta. Og í viðbótarskýrslu hennar er frá því skýrt, að lokið hafi verið við uppdrætti og verkfræðilegar athuganir vegna byggingar loftvarnaskýlis undir Arnarhóli.

Ekki hefur forstöðumaður almannavarna getað veitt upplýsingar um niðurstöður þessara kostnaðaráætlana, og væri það þó gagnleg vitnskja um kostnað við gerð öryggisbyrgja yfirleitt. — Auk þess kemur svo til rekstrarkostnaður slíkra mannvirkja, a. m. k. á stríðstímum.

Í skýrslu loftvarnanefndarinnar eru talin upp margvísleg aðkallandi verkefni, er sinna þurfi með tilliti til venjulegrar styrjaldarhættu. Þar á meðal er nefnt:

Bygging loftvarnabyrgja.

Skipun hjálparsveita, búnaður þeirra og æfingar.

Áætlanir um brottflutning fólks úr bænum og nágrenni, einkum af svæðinu suður á Reykjanesskaga, og viðbúnað í því sambandi.

Máltíðaúthlutun o. s. frv.

Og að síðustu nefnir nefndin: *Ráðstafanir, sem einkum þættu tiltækilegar til varnar almenningi í kjarnorkustríði, enn viðtækari en leiðir af hinum almennu ráðstöfunum.*

Að lokum skal aðeins getið þess úr skýrslu loftvarnanefndar, er hún segir um erfiðleika á að fá fólk til að mæta til æfinga. Um það segir orðrétt svo í skýrslunni:

„Athuganir um það efni leiddu í ljós, að menn virtust mjög tregir til að sinna kalli til æfingastarfa, og hefur nefndin ekki haft trú á neins konar þvingunarráðstöfunum í þessum efnum, enda vafasamur árangur af þess háttar æfingum, nema fullur hugur þáttakenda fylgi máli."

Þannig var nú reynslan af þeim þætti í starfi loftvarnanefndar Reykjavíkur.

Holtermann hershöfðingi leiðbeinir Íslendingum.

Eins og að líkum lætur, hefur hinn lærði hershöfðingi, Holtermann, ýmsan nýstárlegan fróðleik að færa oss óherfróðum Íslendingum.

Í álitsgerð sinni segir hann, að ef til styrjaldar dragi, verði að gera ráð fyrir, að hún verði *algjör*. — Líklegustu skotmörk í upphafi stríðs segir hann vera: Aðsetur æðstu stjórnvalda, flugvelli, flotastöðvar, stór forðabúr (olíustöðvar), mikilvægar innflutningshafnir (Reykjavíkurhöfn), samgöngumiðstöðvar og stór iðnaðarhverfi.

Hershöfðinginn játar strax í upphafi máls síns, að í kjarnorkustyrjöld geti almannavarnir hvorki hindrað eyðileggingu né tortímingu mannslífa, en þær geti að nokkru dregið úr tjóni og hindrað, að það hafi úrslitaþýðingu.

Hershöfðinginn segir, að byrja eigi á að koma upp loftvarnalúðrum í öllum kaupstöðum með 2000 íbúum og fleiri, en síðar beri að setja upp viðvörunarkerfi hvarvetna þar, sem íbúar eru fleiri en 1000.

Þá segir hann: „Það er álitið höfuðnauðsyn, að öryggi æðstu stjórnvalda sé borgið, meðan styrjöld er háð. Þess vegna verður að tryggja, *að forsetinn, ríkisstjórn og Alþingi geti flutt á örugga staði,* og gera þarf áætlun um flutning þangað."

Sjálfsagt er það mikils vert að skapa æðstu mönnum þjóðarinnar öryggi, en ég leyfi mér að efa, að þau stjórnvöld yrðu mikils virt af íslenzku þjóðinni, sem sjálf skriðu í öruggt skjól, en létu ekki eitt yfir sig og aðra þegna ganga. Hugmyndin er í engu samræmi við norrænar drengskaparhugsjónir.

„Það minnsta, sem gera verður til að byrja með," segir hershöfðinginn, „er að útvega skýli, sem veita vörn gegn geislavirku úrfalli."

Mundi margur ófróður vilja fá að vita, hvernig slík skýli skuli útbúin.

Það næst nauðsynlegasta segir Holtermann hershöfðingi vera það að *„undirbúa allsherjarflutning fólks frá a. m. k. 5 km svæði umhverfis Keflavíkurflugvöll.* — Flytja verður allt fólk, sem ekki hefur lífsnauðsynlegum störfum að gegna á þessu svæði, til annara staða, einnig ber að leitast við að flytja húsdýr á brott."

Og enn heldur hann áfram: „Athuga þarf, hvort ekki sé rétt að undirbúa svipaðan brottflutning fólks frá svæðinu umhverfis Hvalfjörð, sem e. t. v. yrði notaður af Atlantshafsbandalaginu sem flotahöfn."

Hér er ekkert um að villast, að hershöfðinginn telur Keflavíkurflugvöll skapa umhverfi sínu ógnþrungna hættu. Það mundu a. m. k. verða 7—8 þúsund manns, sem þessi „allsherjarflutningur" næði til. Og munu fæstir hafa gert sér í hugarlund, hvað slíkir flutningar mundu kosta ásamt sköpun lífsskilyrða fyrir þetta fólk á nýjum stað. — Yrði þar áreiðanlega um milljónatugi að ræða.

Það vekur athygli, að hér er Hvalfjörður í fyrsta sinn nefndur í opinberum gögnum sem hugsanleg flotastöð Atlantshafsbandalagsins. Flutningar fólks úr firðinum yrðu að vísu auðveldari sökum fámennis, aðeins nokkur hundruð manns, en samt mundi það reynast allkostnaðarsamt fyrirtæki.

En hershöfðinginn ráðleggur miklu meiri fólksflutninga en þetta. Næst segir hann:

„Undirbúa þarf brottflutning *úr sjúkrahúsunum í Reykjavík.*"

Og nú kemur að því stærsta, því að Holtermann hershöfðingi bætir við sem næsta lið í tillögum sínum:

„Undirbúa þarf brottflutning fólks úr Reykjavík á ófriðatímum. Hve mikinn hluta íbúanna ætti að flytja þannig á brott, er undir því komið, hve mörgum er hægt að útvega samastað á þeim svæðum, sem ætlað er að taka við fólkinu. ... *Til að byrja með verður að gera áætlun um brottflutning eftirgreindra hópa: Barna innan 18 ára aldurs, fólks yfir 70 ára, mæðra með börn, kennara fyrir börnin og að öðru leyti fólks, sem ekki hefur lífsnauðsynlegum störfum að sinna í bænum.*"

„Koma verður á fót *sérstakri brottflutningamiðstöð* til að annast flutninginn," segir hershöfðinginn.

Varla getur hjá því farið, að í þessum lágmarkstillögum sé gert ráð fyrir brottflutningi fast að þriðjungi borgarbúa, eða um 25—27 þúsund manns. — Hvað mundi slíkt kosta, og hvert ætti að flytja það? Hvernig ætti að búa öllu þessu fólki dvalar- og lífsskilyrði annars staðar? Ein spurningin rekur aðra, en svörin láta áreiðanlega á sér standa.

Nú víkur hershöfðinginn máli sínu að næsta þætti almannavarnanna: útbúnaði öryggisbyrgja, og telur hann það eitt árangursríkasta skrefið til að vernda almenning á styrjaldartíma. Segir hershöfðinginn það taka tiltölulega langan tíma að koma slíkum varnarbyrgjum á fót, og svo bætir hann við: *„Þau eru tiltölulega dýr í byggingu."* — Síðan segir hann:

„Ég legg til, að það fyrsta, sem gert verður, sé eftirfarandi:

a. Í bæjum með meira en 2000 íbúa skal koma fyrir einkavarnarbyrgjum í nýbyggingum af tiltekinni stærð." (Slíkt mundi ná til Reykjavíkur, Akureyrar, Hafnarfjarðar, Kópavogskaupstaðar, Keflavíkur, Vestmannaeyja, Akraness, Ísafjarðar og Siglufjarðar). „Slík varnarbyrgi *verða að þola yfirþrýsting, sem nemur tveimur loftþyngdum.*" Þá skýla þau nægilega gegn hita og veita mjög góða vernd gegn geislun. Húsbyggjandi á að greiða allan kostnað við að koma slíkum varnarbyrgjum á fót, segir Holtermann hershöfðingi.

b. Í öðrum bæjum en þeim, sem nefndir voru að framan, skal í nýbyggingum útbúa varnarskýli til að verjast geislavirku úrfalli. Skýli þessi segir hershöfðinginn ekki eins kostnaðarsöm, en þau á einnig að gera á kostnað húsbyggjanda.

c. „Í eldri húsum á öllu landinu sé húseiganda gert að skyldu að afla þess efnis, sem þörf er á, til að gera í húsinu bráðabirgðavarnarskýli gegn geislavirku úrfalli."

d. Í Reykjavík skulu útbúin *almenn varnarbyrgi* fyrir 10% af íbúum bæjarins (þ. e. 7—8 þús. manns). Byrgi þessi eru fyrst og fremst ætluð þeim, sem eru úti við, þegar árás er gerð, og þeim, sem ekki hafa einkabyrgi, er þeir geta leitað til.

„Þessi varnarbyrgi verða að þola yfirþrýsting, sem nemur minnst 6 loftþyngdum. Ef unnt er að byggja varnarbyrgin í klöpp — en að því ber að keppa — ætti að gera kröfu um 10 loftþyngda þol."

Sérstakir verðir skulu gæta hinna almennu varnarbyrgja.

Um skipulagningu almannavarna segir Holtermann hershöfðingi meðal annars: „Í dómsmálaráðuneytinu ætti að koma á fót sérstakri skrifstofu fyrir almannavarnir. ... Gerð sé áætlun um sérstakt ráð fyrir almannavarnastjórann, er starfi á grundvelli ofangreindrar skrifstofu almannavarna. Á ófriðartímum ætti almannavarnastjórinn og ráð hans að vera staðsett í nánd við dómsmálaráðherra."

Þessu næst segir hershöfðinginn, að setja beri á stofn *skóla* fyrir almannavarnir, og hafi hann það hlutverk að annast menntun foringja og leiðbeinenda almannavarna. Skólinn á að heyra beint undir dómsmálaráðherrann.

Koma skal á hjálparliði, og segir Holtermann, að í því þurfi að vera 4—5% íbúanna, þ. e. um 4000 manns. Þetta lið virðist eiga að vera einkennisbúið, einnig eru nefndar gasgrímur í sambandi við það.

Þá segir hershöfðinginn, að mælingar geislavirkni þurfi að skipuleggja fyrir allt landið, en það, hve þétt mælistöðvar verði settar, fari eftir íbúatölu landssvæðanna. Hann gerir ráð fyrir, að í upphafi nægi 80—100 stöðvar.

Enn segir hann, að þegar á friðartímum þurfi að útvega almenningseldhús og koma upp matvælabirgðum, helzt í afmældum skömmtum.

Í lok álitsgerðar sinnar dregur Holtermann hershöfðingi saman ráðleggingar sínar og fyrirmæli, því að auðvitað verði alltaf áleitin spurningin um það, hvað eigi að sitja í fyrirrúmi. Hann kveðst vilja skipa verkefnunum í eftirfarandi röð eftir mikilvægi framkvæmdanna:

Áætlanir um flutning æðstu stjórnvalda landsins.

Almannavarnaskrifstofa í dómsmálaráðuneytinu og ráðning framkvæmdastjóra ásamt starfsliði við almannavarnirnar í Reykjavík.

Fræðsla foringja og óbreytts liðs.

Aukning geislunarþjónustunnar.

Bygging varnarbyrgja.

Útvegun tækja vegna hinna ýmsu almannavarnagreina.

Áætlun um brottflutning.

Þetta er meginefnið í leiðbeiningum hins norska hershöfðingja, sem hingað var kvaddur til ráða um það, hvað gera beri til almannavarna hér á landi. Hygg ég, að lítið verði úr einnar milljón króna árlegri fjárveitingu til að framkvæma forskriftir hans.

Herlæknir kynnir nýstárleg viðhorf.

Þá þykir rétt að skýra frá nokkrum atriðum, sem fram komu í 4. fylgiskjalinu, sem frumvarpinu fylgdi, er það var fyrst lagt fram á Alþingi s. l. vetur, en til þessara fylgiskjala er nú vitnað í stuttorðum athugasemdum með frumvarpinu við endurflutning þess. Það er álitsgerð C. Toftemarks yfirlæknis hjá dönsku heilbrigðisstjórninni, sem ríkisstjórnin fékk hingað til lands sem sérfræðing í framkvæmd almannavarna.

Toftemark læknir er sammála Holtermann hershöfðingja um, að ef til styrjaldar dragi, verði hún þegar í upphafi *algjör*.

„Það virðist eðlilegt," segir læknirinn, „að stofna *„samræmingarráð"* milli ráðuneytanna til að styðja og efla þessa viðleitni innan ráðuneytanna, hvort sem um er að ræða á sviði heilbrigðismála, landbúnaðarmála, viðskiptamála, samgöngumála eða á öðrum sviðum."

Toftemark yfirlæknir leggur áherzlu á sérstaklega vandað og fullkomið varnarbyrgi fyrir æðstu menn landsins. Um það segir hann:

„Öryggisbyrgi, sem byggð eru og innréttuð nægilega snemma og í hæfilegri fjarlægð frá hugsanlegum skotmörkum, þar sem hægt er að hafa samband við útvarp, blöð og aðra fréttaþjónustu, eru bráðnauðsynleg. *Í þeim þarf að vera unnt að hýsa þjóðhöfðingjann, ríkisstjórnina og a. m. k. einhverja fulltrúa á þingi.*" (sennilega þingmenn stjórnarflokkanna). — Þaðan þarf einnig að vera auðvelt að hafa samband við önnur æðstu stjórnvöld, fyrst og fremst almannavarnastjórann. Almannavarnastjórinn verður vegna viðvörunar og af öðrum ástæðum að hafa beint samband við heryfirvöld bandamanna."

Læknirinn segir, að öll sjúkrahús ættu að lúta stjórn *„sjúkrahúsaráðs"*. Einnig verður honum tíðrætt um þörf *varasjúkrahúsa*. Vel varin öryggisbyrgi á að innrétta í kjallara hvers sjúkrahúss, og er mikilvægt, að þar sé á friðartíma séð fyrir vatnslögn, ljósi, hita og skolprörum — og helzt vararafstöð og varavatnsbirgðum.

Læknirinn segir, að greina eigi hina særðu aðallega í fjóra hópa:

I. Lítið særða, sem aðstoðarhjúkrunarlið sjúkrahússins getur séð um.

II. Fólk, sem verður að komast strax undir læknishendur.

III. Sært fólk með byrjandi einkenni taugaáfalls, en getur þó beðið nokkuð aðgerðar.

IV. Fólk, sem hefur slasazt svo mikið og alvarlega, að ekki megi vegna ríkjandi ástands sjá af hjúkrunarliði (og tækjum) handa því til tímafrekra aðgerða, sem útlit er fyrir, að ekki beri árangur. Í þessum hóp er m. a. fólk með brunasár, er þekja meira en 40% líkamans, opin sár á brjósti og kviði, og enn fremur sjúklingar, sem hver um sig hefur hlotið margs konar alvarleg meiðsli.

Toftemark yfirlæknir segir, að um 20% — þ. e. fimmti hver sjúklingur — muni verða í þessum seinasta hópi, *sem látinn verður bíða dauða síns án umhirðu og læknisaðgerðar.*

Ýmislegt fleira furðulegt er í skýrslu þessa danska læknis, svo sem þetta:

„Ákveða verður og merkja þegar á friðartíma, hvaða hlutverki hvert einstakt herbergi sjúkrahúss á að þjóna — en til merkingarinnar má nota sjálflýsandi málningu.

Sérstakt herbergi þarf að vera fyrir látið fólk, og e. t. v. annað fyrir geðtruflað fólk."

Þarna virðist jafnvel gert ráð fyrir, að eitt og sama herbergi megi nota fyrir hvort tveggja, líkin og geðbilaða fólkið. — Síðan segir:

„Sjá þarf fyrir þjónustu sálusorgara."

Varasjúkrahúsin, segir læknirinn, að vera þurfi „í hæfilegri fjarlægð frá þeim svæðum sem einkanlega er ógnað, þ. e. a. s. í 20—50 (eða fleiri) kílómetra fjarlægð."

Í sjúkrahúsunum þarf að koma upp viðbúnaðarbirgðum, sem í er bæði útbúnaður og nauðsynjar. Sjá verður um, að skipti fari fram á lyfjum, sem einungis þola stutta geymslu.

Að lokum segir sá danski læknir þetta:

„Enda þótt skipulagning greftrunar sé ekki hlutverk hjúkrunarliðsins, er mikilvægt, að á slysavarðstöðvunum séu upplýsingar um, hvernig þær geta losnað við látið fólk."

Menn hafi í huga, að allt, sem hér hefur verið tilgreint, er tekið úr opinberum skjölum, sem ríkisstjórnin taldi ástæðu til að láta fylgja frumvarpinu til skýringar hugmyndum sínum á almannavörnum og efni frumvarpsins.

Afgreiðsla málsins í nefnd.

Að lokum tel ég rétt að skýra nokkuð frá afgreiðslu málsins í heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Meiri hluti nefndarinnar lagði mikið kapp á að hraða afgreiðslu málsins sem allra mest. Var ósk minni um, að hinn nýskipaði almannavarnastjóri, Ágúst Valfells, yrði kvaddur á fund nefndarinnar til að gefa upplýsingar um málið, fremur þunglega tekið í fyrstu, en þó var á það fallizt.

Mætti forstöðumaður almannavarna á þeim fundi nefndarinnar, sem afgreiddi málið. Gaf hann ýmiss konar upplýsingar um hættur af kjarnorkusprengingum og svaraði fjölda spurninga, sem til hans var beint varðandi stöðu Íslands, ef til kjarnorkustyrjaldar drægi.

Meðal annars voru lagðar fyrir hann eftirfarandi spurningar:

1. Hafa sérstakar ráðstafanir þegar verið gerðar til framkvæmda á heimildum frumvarpsins til almannavarna, og ef svo er, þá hverjar?
2. Álítur forstöðumaðurinn jafnmikla ástæðu til almannavarna *um allt landið*, eða er yfirvofandi hætta meiri á Suðvesturlandi eða á Reykjanesskaga, og þá hvers vegna?
3. Í V. kafla frumvarpsins er sérstaklega gert ráð fyrir svonefndum *hættusvæðum*. Verður ekki, með tilliti til varnarráðstafana, að reyna að sjá fyrir, *hvar á landinu* þessi hættusvæði yrðu? — Hvar eru þau að dómi forstöðumannsins?
4. Hve mikill mannfjöldi er á þessu svæði eða svæðum, sem gera verður ráð fyrir, að yrði að flytja burt, og hvað mundi kosta að sjá þeim mannfjölda fyrir lífsskilyrðum?
5. Verður ekki að miða almannavarnir á Íslandi við *algjöra* kjarnorkustyrjöld?
6. Telur forstöðumaðurinn ekki, að miða verði varnirnar við það, að jafnvel stærstu kjarnorkusprengjum, sem þekkjast, verði beitt, t. d. gegn þeim herstöðvum, sem nú eru hér á landi, þar sem eru Keflavíkurflugvöllur og olíubirgðastöðin í Hvalfirði?
7. Verður ekki að miða allar ráðstafanir til almannavarna á Reykjanesskaga við það, að stærstu sprengjum, 50—100 megatonna, verði beitt gegn herstöð eins og Keflavíkurflugvelli, sem íslenzkir ráðherrar hafa jafnvel talið geta haft úrslitaþýðingu í hugsanlegri heimsstyrjöld?
8. Hver er eyðileggingarmáttur slíkra stórsprengna? 20 megatonna — 50 megatonna — 100 megatonna?
   a. Er það rétt, að *gjöreyðingarmáttur* (blastradíus) *20 megatonna sprengju* nái yfir hringsvæði, sem hefur 16 km radíus eða 32 km að þvermáli, — en að *íkveikjumáttur* hennar nái yfir svæði, sem er allt að 50 km í radíus?
   b. Er það rétt, að 50 megatonna sprengja eyðileggi allt í hring með 20 kílómetra radíus (40 km þvermál), en kveiki í öllu, sem brunnið getur, í hring með 80 km radíus (160 km þvermál)?
   c. Er það rétt, að íkveikjuhættan vaxi svo gífurlega með stærð sprengjunnar, að 100 megatonna sprengja kveiki í öllu brennanlegu í hring með 110 km radíus og 1000 megatonna sprengja kveiki í öllu í hring með 320 km radíus?
   d. Er það yfirleitt rétt, að aðalhætta af kjarnorkusprengjum, eins og nú er reiknað með þeim í styrjöld, sé fyrst og fremst:
      1. íkveikjuhætta og brunahætta af eldbyl á gífurlega stóru svæði, ef sprengjan er sprengd í lofti, en
      2. hætta af helryki, ef sprengjan er sprengd á jörðu niðri?
9. Verður ekki að miða almannavarnirnar hér á landi við þessar staðreyndir — gera ráð fyrir því versta, nefnilega, að slíkum stórsprengjum kunni að verða beitt gegn herstöðinni á Keflavíkurflugvelli og jafnvel í Hvalfirði?
10. Hver telur forstöðumaðurinn þá hættusvæðin vera á Reykjanesskaga miðað við þetta og ákveðnar stærðir kjarnorkusprengna, t. d. 20—50 og 100 mega-

tonna? Mundi ég vilja bera fram þá ósk við forstöðumanninn, að hann marki hættusvæðin með sirkli á landabréf.

11. Hvað má ætla að kosta mundu öruggar ráðstafanir, er tryggi líf fólks, sbr. megintilgang frumvarpsins — t. d. á Reykjanesskaga, og hverjar yrðu helztu ráðstafanirnar, sem gripið yrði til?
    a. Öryggisbyrgi?
    b. Brottflutningur fólks?
12. Hvað telur forstöðumaðurinn að fyrst beri að gera til almannavarna t. d. á þessu og næsta ári?
    Hvað áætlar hann, að þessar byrjunarráðstafanir muni kosta?
13. Hafa verið gerðar eða rætt um að gera nú þegar nokkrar ráðstafanir til almannavarna vegna núverandi hættuástands í heimsmálum?
14. Hvaða fyrirætlanir eru uppi um byggingu opinberra öryggisbyrgja? Hvað þurfa þau að vera stór og hvernig búin til þess að vera sannkölluð *„öryggisbyrgi"*, en ekki gildrur fyrir fólkið?
    Hvað mundu slík öryggisbyrgi, er fullnægðu íbúum Reykjavíkur, kosta?

Svör almannavarnastjóra, herra Ágústs Valfells.

1. Það hefur verið ráðinn forstöðumaður, sem unnið hefur að athugunum á þeim vandamálum, sem snerta almannavarnir hér á landi. Þessi vandamál eru flókin og krefjast mikils undirbúnings, áður en hægt er að hefjast handa um verklegar framkvæmdir, er að gagni geta komið. Mörg þeirra eru einmitt athuganir á þeim spurningum, sem háttvirtur alþingismaður lagði fyrir forstöðumann almannavarna, og engin nákvæm svör fengin við þeim enn þá.

2. Ef kjarnorkusprengjum yrði beitt á Ísland, væri enginn staður á landinu, þar sem geislavirkt úrfall gæti ekki komið niður, hvar sem sprengjan yrði sprengd. Því verða gagnráðstafanir fyrst og fremst að miðast við að veita minnstu nauðsynlega skýlingu alls staðar á landinu, en þar má miða við 100-falda skýlingu við gammageislum.

Hvort eða hvar búast mætti við sprengju, færi að sjálfsögðu eftir hernaðaraðstæðum hvers tíma (strategiskum aðstæðum).

3. Hættusvæðin eru fyrst og fremst högg- og hitaáhrifasvæði sprengna af þeirri stærð, er þyrfti til að eyðileggja líkleg skotmörk. Keflavíkurflugvöllur er eitt líklegasta skotmarkið hér á landi vegna þeirrar þýðingar, sem hann sökum stærðar og legu hefur fyrir stórar flugvélar.

4. Mannfjöldinn, sem flytja þyrfti burt af hættusvæði, fer eftir vörnunum, sem fyrir eru. Kostnaður hefur ekki verið athugaður enn.

5. Þær varnir, sem gera mögulegan skaða sem minnstan í algjörri styrjöld, koma að sjálfsögðu einnig að gagni í takmarkaðri styrjöld. Því ber að miða við hið fyrrnefnda tilfelli.

6. Í algerri styrjöld yrði vopnunum beitt á þann hátt, að heildarvopnaforðinn mundi valda sem mestum heildarskaða. Því má búast við, að stærð sprengju, sem beint er gegn ákveðnum skotmörkum, verði slík, að hún dugi til að eyðileggja skotmarkið. Stærstu sprengjur, sem nú þekkjast, eru 100 MT, en þeim mun fyrst og fremst ætlað að eyðileggja niðurgrafnar eldflaugastöðvar. Þar sem fáar slíkar sprengjur eru til, er svo til útilokað, að þeim yrði eytt á skotmörk, er þola lítinn yfirþrýsting.

Það væri algjörlega út í loftið, að eyða slíkum sprengjum á nokkur skotmörk hér á landi, olíubirgðastöðin í Hvalfirði hefur lítið hernaðargildi og þyldi ekki sprengju nema af kílótonna styrkleik.

7. Það hefur enga hernaðarlega þýðingu að beita 20 — 50 og 100 MT sprengjum á flugvelli. Varnir gegn slíkum sprengjum yrðu óhemjudýrar. Hins vegar mætti bjarga miklum meiri hluta fólks, er gæti verið háski búinn af þeim sprengj-

um, er dygðu til að eyðileggja hvaða flugvöll sem er. Því verða varnirnar að miðast við, hvað líklegt sé að þurfi að gera og hvað er fjárhagslega hægt að gera.

8. Svarið við þessari spurningu er að finna í meðfylgjandi töflum.

Tölurnar, sem nefndar eru í spurningunni, miðast við lægri yfirþrýsting en flest íslenzk hús þola. (Tölurnar miðast við rúmlega 7 punda yfirþrýsting á fertommu).

Þessar tölur eiga við timbur- og múrsteinshús. Enn fremur fer íkveikjuhættan eftir eldfimi efna á áhrifasvæði sprengjunnar. T. d. getur kviknað í þurrum pappír miklu lengra frá sprengistaðnum heldur en t. d. gluggatjöldum eða timburhúsum. 80 km radíusinn, sem nefndur er í spurningunni, samsvarar rúmlega 10 kalóría hitaskammti á hvern fersentimetra fyrir 50 megatonna sprengju, og gæti það komið af stað eldsvoða og eldbyl í þéttbyggðri stórborg í hverfum, þar sem mikið er um rusl að húsabaki. Þurr viður þolir meira en 12 kalóríur/cm² frá 50 megatonna sprengju. (Hitaþolið fer eftir stærð sprengjunnar, því að stórar sprengjur eru lengur að gefa frá sér sama kalóríufjölda).

Ofangreindar athugasemdir gilda almennt fyrir 100 MT sprengjur.

Viðvíkjandi síðasta lið (d) 8. spurningar má segja þetta:

Fyrir íbúa þéttbyggðra borga gildir atriði 1. Því skal bent á, að ef meðalbilið milli húsa er meira en 16 metrar, eru líkurnar fyrir eldbyl minni en 50%. Fyrir steinhús er þetta enn minna.

Viðvíkjandi 1000 MT sprengjum, þá er ekki vitað, að nein slík vopn séu til, enda mundi þungi þeirra vera slíkur, að engin núverandi vopnaflutningstæki gætu flutt slík vopn á sprengistað. 1000 MT sprengja er um 20 sinnum stærri en nokkur sprengja, er sprengd hefur verið. Um það, hvort sama samband gildir milli sprengjuafls og áhrifa fyrir slíka sprengju og sprengjur af „reyndum" stærðum, veit forstöðumaðurinn ekki. Verið gæti, að einhver áður óþekkt áhrif kæmu fram í sambandi við svo gífurleg vopn.

9. Það er sama, hve vopnin eru stór; það verður alltaf hægt að bjarga einhverjum með vörnum, en því færri, sem vopnin verða stærri. Það yrði Íslendingum að sjálfsögðu fjárhagslega ofviða að ætla sér að koma á vörnum gegn slíkum vopnum, er gætu tryggt vörn gegn höggi og hita nálægt sprengjustaðnum. Hins vegar er álit forstöðumannsins, að það verði vel hægt að draga að mestu úr skaða af vopnum af þeim stærðum, er kynni að verða beitt hér á landi. Því verða varnirnar að miðast við, hvaða sprengjustærð er líkleg og hvaða vörnum verður við komið til að draga sem mest úr þeim skaða, er slík vopn gætu valdið.

10. Hættusvæðin fara eftir stærð þeirra sprengna, er ef til vill yrði beitt hér á landi, svo og hvaða varnir eru fyrir hendi.

Höggeyðingarsvæði sprengju og hitaáhrifin fara eftir högg- og hitaþoli mannvirkja. Því fer hættusvæðið eftir því, hvaða yfirþrýstilínu og jafnhitalínu verður að miða við. Vísað er í töfluna viðvíkjandi þessum áhrifum. Tími til kortateikninga vannst því miður ekki.

11. Kostnaðaráætlanir eru eitt af því, sem verður athugað af almannavörnum eins fljótt og unnt er. Það hefur enginn tími unnizt til þess enn þá, því að þær áætlanir verða að byggjast á grundvallarathugunum, sem nú er unnið að.

Brottflutningur fólks hefur því aðeins þýðingu, að hægt sé að koma því í byrgi, er verji gegn geislum frá úrfalli.

Byrgi gegn geislum frá úrfalli er sú ráðstöfun, sem er áhrifamest í að draga úr mögulegum skaða.

12. Fræða fólk um geislavirkni og hvernig má verjast henni. Hraða grundvallarundirbúningi eins og unnt er, en til þess þarf enn langan tíma.

Á grundvallarathugunum byggjast svo aftur aðrar athuganir um nauðsynlega skýlingu o. s. frv., því næst að gera kostnaðaráætlanir og hefja framkvæmdir.

Það er ekki hægt að kaupa tíma fyrir peninga nema að takmörkuðu leyti,

grundvallarathugunum verður ekki hraðað fram úr vissu marki. Þó má hraða þeim allverulega með því að auka starfslið, er vinnur að tæknilegum útreikningum.

Því mundi álitið, meðan ekki eru hafnar verklegar framkvæmdir, heldur einungis unnið að athugunum, að 1—2 milljónir króna mundu nægja til undirbúnings. Strax og hafizt væri handa um verklegar framkvæmdir, mætti búast við, að kostnaður færi fram úr þessu, ef að gagni ætti að koma.

13. Vegna þess, hve seint var hafizt handa með almannavarnir hér á landi, hefur ekki verið unnt að gera nema allra takmörkuðustu ráðstafanir. Það eina, sem hægt hefur verið að gera, er að hafa tiltækilegar upplýsingar um neyðarráðstafanir, er fólk gæti gripið til, og vera því viðbúinn að koma þessum upplýsingum til almennings með stuttum fyrirvara.

14. Ekkert væri æskilegra en að þessar upplýsingar væru þegar fengnar, en eins og áður getur, er einungis hægt að byggja slíkar niðurstöður á athugunum, er enn eru á byrjunarstigi og hljóta að verða svo um skeið.

Bandaríkjamenn áætla, að unnt sé að byggja lítið öryggisbyrgi (4—5 menn) fyrir $50/mann. Fyrir stærri byrgi lækkar kostnaðurinn á einstakling.

Um áhrif kjarnorkusprengna.

I. Hitageislun.

Hitaáhrifa gætir í *nokkrar sekúndur* eftir að sprengjan springur. Eftirfarandi tafla sýnir stærð áhrifaradíuss hitageislunar fyrir mismunandi stórar sprengjur, sprengdar á yfirborði.

Stærð sprengju	Íkveikufjarlægð fyrir eldfim efni (km)
20 KT	2.6 km
100 —	5.5 —
1 MT	14.0 —
5 —	29.0 —
10 —	35.0 —
20 —	45.0 —
50 —	64.0 —
100 —	80.0 — t. d. gluggatjöld

Varnir.

Hvert það skjól, er veitir vernd gegn öðrum hættuáhrifum kjarnorkusprengju, veitir einnig vörn gegn hitageislun.

II. Höggáhrif.

Íslenzk steinhús þola sennilega allt að 12 punda yfirþrýsting á fertommu (12 p. s. i.). Eftirfarandi tafla sýnir, í hve mikilli fjarlægð þessa yfirþrýstings gætir fyrir mismunandi sprengjustærðir:

Stærð sprengju	Fjarlægð 12 p.s.i. yfirþrýstilínu
20 KT	0.76 km
100 —	1.29 —
1 MT	2.82 —
5 —	4.8 —
10 —	6.1 —
20 —	7.7 —
50 —	10.5 —
100 —	13.3 —

Varnir.

Með þar til gerðum bylgjum má verjast 30—100 p.s.i. yfirþrýstingi.

III. Kjarnageislun.

Stærð hættusvæðis, er stafar af geislavirku úrfelli, fer eftir stærð sprengju og hraða háloftavinda.

Úrfelli fyrir stærstu sprengjur getur komið niður á svæði, sem er allt að því hundruð km á lengd og tugir km á breidd.

Þetta er því víðtækasta hættan af kjarnorkusprengingum við yfirborð jarðar og sú hættan, sem varir lengst (geislastyrkleikinn er 14 daga að minnka 1000falt).

Varnir.

Með tiltölulega einföldum vörnum má minnka geislunaráhrif á lifandi verur 50—100-falt.

Af þessum svörum er í fyrsta lagi ljóst, að ægileg hætta vofir yfir Íslandi og íslenzku þjóðinni, ef kjarnorkustyrjöld brytist út. Þá er jafnljóst, að bráðasta hættan er bein afleiðing af því, að erlent stórveldi hefur *herstöð og herlið* í landinu. Þetta kemur berlega í ljós í álitsgerð Holtermanns hershöfðingja, sem ráðleggur brottflutning fólks og fénaðar af Keflavíkursvæðinu og jafnvel úr Hvalfirði, — hið sama er og viðurkennt í skýrslu Toftemarks yfirlæknis, og enn er þetta sama rækilega staðfest með svörum hins unga embættismanns, almannavarnastjórans, hér að framan. „Varnarliðið" svokallaða er *hættuvaldurinn*. Hinn „varði" hluti Íslands, *er hættusvæðið*, sem ráðgert er að flytja fólkið frá — eða grafa það í jörð niður. Ef hér væri engin herstöð, væri engu meiri hætta vofandi yfir Reykjanesskaga og Reykjavík *en yfir þeim stöðum, sem nú er rætt um að flytja fólkið til.* Það skal játað, að í kjarnorkustyrjöld væri Ísland ekki öruggt fyrir hættu helryksins af sprengingum í öðrum löndum og álfum. Sú hætta vofir yfir öllu mannkyni á vorum dögum. Og þeim háska ber að verjast með öllum tiltækum ráðum. En það, sem gerir Ísland líklegt skotmark í upphafi kjarnorkustríðs, *er Keflavíkurflugvöllur*, um það verður ekki deilt. Það er því hersetan, sem leiðir bráðustu hættuna yfir þjóðina.

Þetta vita núverandi valdhafar Íslands mætavel. Og þeir hafa samvizkubit af því að hafa leitt þessa tortímingarhættu yfir land og þjóð. Þess vegna segja þeir nú: Við viljum skapa þjóðinni öryggi. Við viljum setja upp víðtækt almannavarnakerfi. Við setjum lög, sem *koma skulu í veg fyrir, „að almenningur verði fyrir líkamstjóni."* Við skulum sem sagt sjá ykkur borgið!

En hér er farið með viðurstyggilegt fals og blekkingar. Meðan Keflavíkurflugvöllur er herstöð, er það á engra manna færi að skapa þjóðinni öryggi á stríðstímum og því síður *að koma í veg fyrir*, „að almenningur verði fyrir líkamstjóni", eins og komizt er að orði í 1. gr. frumvarpsins. Það er heiðarlegum mönnum sæmst að játa, *að í algeru kjarnorkustríði eru engar varnir til, sem verndað geti mannslífin og komið í veg fyrir tortímingu og dauða.*

Þingmenn Alþýðubandalagsins vilja a. m. k. ekki taka neinn þátt í þeim blekkingaleik að leiða fyrst hættuna yfir þjóðina, eins og gert hefur verið, en hjala síðan *um öryggisráðstafanir*, eins og einkabyrgi og opinber byrgi, byggingu og rekstur varasjúkrahúsa, brottflutning fólks af hættusvæðum tugþúsundum saman o. s. frv., o. s. frv., sem augljóslega eru engin tök á að framkvæma og auk þess vafasamt, að hverju gagni kæmi, þótt framkvæmt yrði.

Auk alls þessa er nú augljóst mál, að engin alvara er hjá stjórnarvöldum landsins um framkvæmd almannavarna. Embætti hefur að vísu verið stofnað og ein milljón tekin á fjárlög, en það er líka allt og sumt. Getur nokkur maður talið, að þetta skapi þjóðinni öryggi?

Lög um almannavarnir, sem væru pappírsgagn eitt, eru verra en ekkert. Slík lagasetning gerir varnablekkinguna aðeins enn grófari og ódrengilegri.

Ég legg því til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem augljóst er, að bráðasta hættan, sem yfir Íslandi og íslenzku þjóðinni vofir, ef til kjarnorkustyrjaldar drægi, er bein afleiðing af staðsetningu þýðingarmikillar herstöðvar og veru erlendis herliðs í landinu, en hins vegar allsendis óvíst, hvort nokkrar varnir geti að gagni komið í atómstyrjöld, verður ekki annað séð en sá kostur sé einn fyrir hendi að krefjast þess þegar, að orsök tortímingarhættunnar verði fjarlægð með niðurlagningu herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli og herinn tafarlaust fluttur úr landi.

Í trausti þess, að svo verði gert samkvæmt skýlausri samþykkt Alþingis frá 28. marz 1956, sem enn er í fullu gildi, og enn fremur með tilliti til þess, að í lögum eru fullnægjandi heimildir til allra tiltækra varnaraðgerða á styrjaldartímum, tekur þingdeildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 1. nóv. 1962.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 86. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 37 1961, um ríkisábyrgðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., og leggja undirritaðir nefndarmenn til, að það verði fellt, sökum þess að síðan greind lög voru nýverið samþykkt vegna reynslu undanfarinna ára á nauðsyn aukins aðhalds varðandi ábyrgðarskuldbindingar ríkisins, hafa engar þær ástæður komið fram, sem tilefni gefi til nefndrar breytingar.

Alþingi, 2. nóv. 1962.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Jóhann Hafstein.

Nd. 87. Breytingartillögur [64. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni, Guðlaugi Gíslasyni og Karli Guðjónssyni.

Framan við 1. tölulið 1. gr. komi nýir töluliðir:

1. Aftan við A. 13 kemur nýr liður:
   Hraunsheiðarvegur: Af Austurvegi norðan Vindheima um Hraunsheiði á Hafnarskeiðsveg á Óseyrartanga.
2. Á eftir A. 14 kemur nýr liður:
   Hvammsvegur: Af Suðurlandsvegi vestan Ingólfsfjalls um nýbýlahverfið, fram hjá Hvammi, Gljúfri og Sogni á Suðurlandsveg hjá Gljúfurholti.
3. Á eftir A. 19 kemur nýr liður:
   Búrfellsvegur: Af Sogsvegi hjá Ásgarði um Búrfell, Hæðarenda og Klausturhóla á Biskupstungnabraut austan Seyðishóla.

4. A. 21 orðist svo:
Sólheimavegur: Af Biskupstungnabraut hjá Minni-Borg, um Sólheima, Kringlu og Bjarnastaði, á Biskupstungnabraut austan Svínavatns.
5. Á eftir A. 30 koma nýir liðir:
a. *Skarðsvegur:* Af Gnúpverjavegi sunnan Geldingaholts, um Ásbrekku og Skarð á Skeiða- og Hreppaveg hjá Laxárholti.
b. *Laxárdalsvegur:* Af Gnúpverjavegi neðan Hamarsheiðar, hjá Mástungum og Skálabúðum að Laxárdal.
6. Á eftir A. 32 kemur nýr liður.
Urriðafossvegur: Af Suðurlandsbraut skammt frá Þjótanda um Urriðafoss, Egilsstaðahverfi á Villingaholtsveg hjá Villingaholti.
7. Á eftir A. 37 kemur nýr liður:
Háfsósabraut: Af þjóðveginum hjá Fífilbrekku um Kálfholt, hjá Sauðholti á þjóðveginn hjá hjá Sandhólaferju.
8. Á eftir A. 39 kemur nýr liður:
Bugavegur: Af Vetleifsholtsvegi við Vetleifsholt um Hellatún á þjóðveginn við Ás.
9. Á eftir A. 41 koma nýir liðir:
a. *Útkróksvegur:* Af Landvegi að Hjallanesi, Flagbjarnarholti og Vindási.
b. *Lækjarvegur:* Af þjóðvegi við Stúfholt um Læk að Akbraut.
c. *Hvammsvegur:* Af þjóðveginum hjá Múla um Hellur að Hvammi.
d. *Bjallavegur:* Af þjóðveginum við Bjallalæk, um Bjalla og Hrólfsstaðahelli að Húsgarði.
10. Á eftir A. 46 kemur nýr liður:
Keldnavegur: Af þjóðveginum austan við Reyðarvatn um Keldur að Reynifelli.
11. Á eftir A. 47 kemur nýr liður:
Árgilsstaðavegur: Af þjóðveginum við Völl að Árgilsstöðum.
12. Á eftir A. 49 kemur nýr liður:
Sigluvíkurvegur: Af þjóðveginum við Fljótsveg um Sigluvík að Skúmsstöðum.
13. Á eftir A. 50 koma nýir liðir:
a. *Krossvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Sel og Hildisey að uppþurrkunarskurðinum sunnan Kross.
b. *Affallsvegur:* Af þjóðveginum hjá Voðmúlastöðum um Kanastaði á þjóðveginn hjá Úlfsstaðahverfi.
14. A. 53 orðast svo:
Fljótshliðarvegur: Af Suðurlandsvegi á Hvolsvelli inn Fljótshlíð, um Múlakot og Barkarstaði að Fljótsdal.
15. Á eftir A. 53 koma nýir liðir:
a. *Vatnsdalsvegur:* Af þjóðveginum við Torfastaðagróf um Tumastaði og Tungu að Vatnsdal.
b. *Markarfljótsvegur:* Frá Markarfljótsbrú vestan Dímonar á Fljótshlíðarveg hjá Árkvörn.
16. Á eftir A. 54 kemur nýr liður:
Hólmabæjavegur: Frá vegamótum á Markarfljótsaurum um Dalsel, Borgareyrar og Svanavatn á Landeyjaveg syðri norðan Miðeyjar.
17. Á eftir A. 57 kemur nýr liður:
Raufarfellsvegur: Af Suðurlandsvegi sunnan Lambafells um Raufarfells- og Rauðafellsbæi á Suðurlandsveg vestan Kaldaklifsár.
18. Á eftir A. 59 kemur nýr liður:
Pétureyjarvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Pétursey, með byggðinni sunnan Péturseyjar á Suðurlandsveg vestan við eyna.

19. Á eftir A. 65 kemur nýr liður:
Meðallandsvegur syðri: Af Meðallandsvegi austan við Efri-Ey um Bakkakot, Sandhól, Háu-Kotey, Lágu-Kotey, Nýjabæ, Rofabæ, Strönd á Meðallandsveg ofan Strandar.
20. A. 66 orðast svo:
Holtsvegur á Síðu: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti, inn Holtsdal, um Skaftárdal að Búlandi í Skaftártungu.
21. Á eftir A. 73 kemur nýr liður:
Dalavegur í Vestmannaeyjum: Frá Kirkjutorgi til flugvallar.

Nd. 88. Frumvarp til laga [73. mál]

um opinbera aðstoð við varanlega gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Geir Gunnarsson, Karl Guðjónsson, Gunnar Jóhannsson.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist gatnagerðarsjóður. Tilgangur sjóðsins er að stuðla að varanlegri gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum hér á landi með því að veita sveitarfélögum styrk til þeirra framkvæmda.

Varanleg gatnagerð telst lagning nýrra vega og gangstétta með slitlagi úr steinsteypu eða hverju öðru efni, sem metið er jafngildi hennar, svo og lagning varanlegs slitlags á eldri götur eða gangstéttir.

2. gr.

Í gatnagerðarsjóð skulu árlega renna 40 aurar af innflutningsgjaldi því af benzíni, sem ákveðið var með 17. gr. laga nr. 4 frá 19. febrúar 1960, og 20% af þungaskatti bifreiða.

3. gr.

Framlög gatnagerðarsjóðs til framkvæmda, sem um ræðir í 1. gr. laga þessara, ákvarðast af sjóðsstjórn í samráði við Samband íslenzkra sveitarfélaga og skulu miðast við rúmmetra slitlags og mega ekki nema meira en helmingi af heildarkostnaði við gatnagerðina.

Heimilt er þó að taka tillit til þess, ef aðstæður við gatnagerð eru sérstaklega slæmar, og hafa þá framlagið hærra en almennt er, allt að 60% heildarkostnaðar.

4. gr.

Stjórn gatnagerðarsjóðs skal kosin af Alþingi hlutbundinni kosningu til fjögurra ára í senn. Í sjóðsstjórninni eru fimm menn, og skipar ráðherra formann sjóðsstjórnarinnar úr hópi þeirra.

5. gr.

Gatnagerðarsjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis-, bæjar- eða sveitarfélaga.

6. gr.

Bæjar- og sveitarstjórnir, sem hyggjast njóta framlaga úr gatnagerðarsjóði, skulu fyrir 1. desember ár hvert senda sjóðsstjórn umsóknir sínar ásamt áætlunum um væntanlegar gatnagerðarframkvæmdir næsta árs, þar sem m. a. skal gerð grein fyrir því, hvernig séð verður fyrir þeim hluta heildarkostnaðarins, sem ekki er greiddur úr gatnagerðarsjóði.

Þegar sjóðsstjórnin hefur metið umsóknirnar og fjárhagslegan og tæknilegan undirbúning framkvæmdanna, skal hún ákvarða framlög úr sjóðnum fyrir 1. febrúar varðandi yfirstandandi ár og tilkynna umsækjendum það án tafar.

Framlög úr sjóðnum greiðast bæjar- og sveitarfélögunum, eftir því sem verkinu miðar áfram samkvæmt staðfestingu trúnaðarmanna sjóðsins.

7. gr.

Ef fjárhagur gatnagerðarsjóðs leyfir, er sjóðsstjórninni heimilt að lána bæjar- og sveitarfélögum fé úr sjóðnum til þess að standa undir þeim hluta kostnaðarins við hina varanlegu gatnagerð, sem þessir aðilar eiga sjálfir að greiða.

Lánskjör skulu miðast við það, að sjóðurinn sé ætíð fær um að sinna verkefnum sínum samkvæmt 1. gr. þessara laga. Ríkisstjórninni er heimilt f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast slík lán.

8. gr.

Heimilt er að veita fé úr gatnagerðarsjóði til rannsókna í sambandi við gatnagerð.

9. gr.

Vegamálastjóri er framkvæmdastjóri stjórnar gatnagerðarsjóðs og sér um vörzlu sjóðsins, bókhald og fjárreiður.

Í reglugerð skal samgöngumálaráðherra setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum árum hefur bifreiðaeign landsmanna mjög aukizt, en vegabætur á sama tíma eru engan veginn samsvarandi. Lagning varanlegs slitlags á þjóðvegi er á byrjunarstigi, og í kaupstöðum og kauptúnum eru vegir að mestu án varanlegs slitlags. Slæmir vegir í þéttri byggð valda öllum aðilum óþægindum og tjóni, jafnt fótgangandi fólki, þegar vegir eru eðja eða rykkóf, sem bíleigendum, er verða fyrir stórfelldu fjárhagstjóni vegna óeðlilegs slits á farartækjum, og sveitarfélögum vegna mikils viðhaldskostnaðar. Það veldur og þjóðfélaginu í heild fjárhagslegu tjóni, hversu miklu þarf að kosta til viðhalds ökutækja og hve mikill fjöldi manna er bundinn við þau störf. Sýnt er, að á allan hátt er dýrt að búa við núverandi ástand fjölförnustu veganna og það fjármagn, sem lagt er fram til þess að leggja varanlegt slitlag á fjölfarna vegi, fæst til baka í minni viðhalds- og endurnýjunarkostnaði ökutækja og vega.

Þar sem stofnkostnaður við gatnagerð úr varanlegu efni er mikill, hefur sveitarfélögum reynzt um megn að sinna þeim framkvæmdum sem skyldi, og við því er ekki að búast, að unnt sé að gera átak í þessum efnum á þeim grundvelli, að einungis komi til fjármagn af árlegum útsvarstekjum. Þó hafa nokkur bæjarfélög hafið framkvæmdir við varanlega gatnagerð, en orðið að reyra sér þunga fjárhagsbagga vegna þess.

Af bifreiða- og benzínskatti svo og af innflutningi ökutækja og varahluta til þeirra renna í ríkissjóð milljónatugir króna, sem eigendur og notendur ökutækja greiða einir. Frá sjónarmiði þeirra væri því sanngjarnt, að einhver hluti þessara skatta færi til varanlegrar gatnagerðar, þótt sleppt sé að telja upp önnur rök, sem mæla með því. Ríkisvaldið, sem skattana fær, hefur ekki sinnt þessum málum sem skyldi. Fjárveiting í gildandi fjárlögum til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum og verzlunarstöðum nemur 95 þús. kr. og er beinlínis út í hött, en sú fjárhæð hefur verið á fjárlögum um árabil.

Sanngjarnt og eðlilegt hlýtur að teljast, að ríkið veiti hluta af þeim skatttekjum, er til þess falla af ökutækjum og benzíni, sem styrk til bæjar- og sveitar-

félaga við framkvæmd varanlegrar gatnagerðar, en að því miðar það lagafrumvarp, sem hér er lagt fram.

Með lögum um efnahagsmál, nr. 4 frá 19. febr. 1960, var innflutningsgjald af benzíni hækkað um kr. 1.16 á hvern lítra. Reikna má með því, að hver eyrir þessa innflutningsgjalds gefi ríkissjóði um hálfa milljón króna. Lagt er til, að 40 aurar af innflutningsgjaldinu renni í sérstakan gatnagerðarsjóð, sem aðstoði bæjar- og sveitarfélög við varanlega gatnagerð samkvæmt nánari reglum. Miðað við benzínnotkunina 1961 munu þannig renna um 20 millj. kr. til gatnagerðarsjóðs.

Jafnframt er lagt til, að 20% af þungaskatti bifreiða, sem er sérstök skattlagning dísilbifreiða í stað benzínskatts, renni í gatnagerðarsjóð, og munu sjóðnum þar bætast um 5 millj. kr.

Að öðru leyti skýrir frumvarpið sig sjálft.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á síðasta Alþingi, en varð eigi afgreitt.

Sþ. 89. Tillaga til þingsályktunar [74. mál]

um fullnaðarrannsókn á brúargerð yfir Lagarfljót við Lagarfoss.

Flm.: Jónas Pétursson.

Alþingi ályktar að fela samgöngumálaráðherra að hlutast til um, að gerð verði fullnaðarkostnaðaráætlun um brúargerð yfir Lagarfljót við Lagarfoss, og sé þeirri áætlun lokið haustið 1963.

Greinargerð.

Óðum er nú unnið að því um allar byggðir landsins að brúa vatnsföll til þess að greiða fyrir samgöngum um landið þvert og endilangt og innbyrðis um byggðarlögin.

Fljótsdalshérað er klofið í þrennt af tveim stórám, Jökulsá á Dal og Jökulsá í Fljótsdal og síðan Lagarfljóti. Frá innstu byggð með Jökulsá í Fljótsdal til ósa Lagarfljóts munu vera 90—100 km. Á þessari vegalengd er nú brúað á tveim stöðum: í Fljótsdal nálægt Valþjófsstað og um Egilsstaði. En mikil vegalengd er enn frá Egilsstöðum og til sjávar og byggð um allt Hérað beggja vegna Lagarfljóts. Um eða rétt ofan við Lagarfoss er brúarstæði ágætt. Lengd brúar þar ekki talin verða mikið yfir 70 m. Þetta brúarmál er búið að vera á dagskrá um skeið, en enn mun þó ekki vera gengið frá teikningum og áætlunum um mannvirkið. En það er mikið áhugamál Héraðsbúa, að sem fyrst fáist brú á Lagarfljót við Lagarfoss, en naumast er hægt að telja, að hún geti verið á næstu grösum, meðan ekki er gengið frá teikningum og áætlunum.

Fljótsdalshérað er víðlent með mikil búskaparskilyrði. En það er fremur strjálbýlt og samgöngukerfið enn of frumstætt. Slíkt er að vísu mjög eðlilegt, þegar litið er á fámenni þjóðarinnar, víðáttu landsins og á það, hve skammt er liðið frá því, að vega- og brúagerð hófst í landinu. Má raunar segja, að síðastliðin 60 ár hafi skilað þjóðinni frá allsleysi til velmegunar. Samgöngukerfið í landinu er einn liður í framfarasókninni, sem sífellt fær meira gildi með breyttum þjóðlífsháttum.

Nú er engin byggð hugsanleg án vega, og hvar sem land skyldi nema, yrðu samgöngurnar frumskilyrði. Á sama hátt helzt ekki byggð, nema samgöngukerfið sé gert viðunandi. Þessi þáltill. fjallar aðeins um eitt tiltekið atriði í samgöngum á Fljótsdalshéraði, brúargerð við Lagarfoss. En með samþykkt hennar lýsir Alþingi vilja sínum til þess, að þessi hlekkur í samgöngukeðju Fljótsdalshéraðs verði undirbúinn.

Við Lagarfoss eru að ýmsu leyti ákjósanleg virkjunarskilyrði til rafmagnsfram-

leiðslu. Þar er einn sá staður, sem er ofarlega á blaði um næstu raforkuver í landinu. Þess vegna er nauðsynlegt, að staðsetning brúar og áætlun um hana sé gerð í fullu samráði við stjórn raforkumálanna.

Ég treysti því, að Alþingi vilji samþykkja þessa tillögu.

Ed. 90. Frumvarp til laga [75. mál]

til lausnar á síldveiðideilunni sumarið 1962.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Óheimilt skal að hindra lögskráningu skipverja á síldveiðiskip á sumarsíldveiðum 1962 upp á væntanlega kjarasamninga eða hindra á nokkurn hátt afgreiðslu síldveiðiskipanna.

2. gr.

Nú takast ekki samningar milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og stéttarfélaga sjómanna innan Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar um kaup og kjör skipverja í sumarsíldveiðum 1962 fyrir 10. júlí 1962, eða sáttasemjari ríkisins lýsi því yfir fyrir þann tíma, að áframhaldandi viðræður séu þýðingarlausar, þá skulu þau ákveðin af gerðardómi.

3. gr.

Gerðardóminn skipa formaður og fjórir meðdómendur. Hæstiréttur skipar formann dómsins og tvo meðdómendur. Landssamband íslenzkra útvegsmanna skipar einn meðdómanda og Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa sameiginlega einn meðdómanda.

Nefni deiluaðilar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ekki mann í dóminn af sinni hálfu innan þess tíma, sem dómsformaður tiltekur, skal hæstiréttur nefna í dóminn í þeirra stað.

4. gr.

Dómsformaður kveður dóminn saman og annast um, að störfum hans sé hraðað svo sem verða má. Skyldir eru deiluaðilar að láta dóminum í té skýrslur og upplýsingar, sem dómurinn kann að æskja og aðilar geta í té látið.

Ráðningarkjör þau, sem dómurinn úrskurðar að gilda skuli milli deiluaðila, skulu vera bindandi fyrir aðila sumarið 1962 á sama hátt og þau hefðu verið ákveðin með samningi þeirra á milli. Kjörin skulu einnig vera bindandi fyrir þau útgerðarfyrirtæki og útgerðarmenn, sem ekki eru félagar í Landssambandi íslenzkra útvegsmana.

5. gr.

Allur gerðardómskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

til lausnar á síldveiðideilunni sumarið 1962.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Sjávarútvegsmálaráðherra hefur tjáð mér, að þrátt fyrir margra vikna samningsumleitanir milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og stéttarfélaga sjómanna innan Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar, um kaup og kjör sjómanna á síldveiðum á þessu sumri, hafi samningar ekki tekizt. Þetta muni hafa í för með sér stöðvun flestallra síldveiðiskipa og mundi valda óbætanlegu tjóni.

Það beri því brýna nauðsyn til að koma í veg fyrir slíka stöðvun síldveiðiskipanna án tafar og gefa út bráðabirgðalög, sem geri veiðiskipunum mögulegt að hefja veiðar nú þegar, og að kjör síldveiðisjómanna verði ákveðin síðar.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Óheimilt skal að hindra lögskráningu skipverja á síldveiðiskip á sumarsíldveiðum 1962 upp á væntanlega kjarasamninga eða hindra á nokkurn hátt afgreiðslu síldveiðiskipanna.

2. gr.

Nú takast ekki samningar milli Landssambands íslenzkra útvegsmanna annars vegar og stéttarfélaga sjómanna innan Alþýðusambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hins vegar um kaup og kjör skipverja í sumarsíldveiðum 1962 fyrir 10. júlí 1962, eða sáttasemjari ríkisins lýsi því yfir fyrir þann tíma, að áframhaldandi viðræður séu þýðingarlausar, þá skulu þau ákveðin af gerðardómi.

3. gr.

Gerðardóminn skipa formaður og fjórir meðdómendur. Hæstiréttur skipar formann dómsins og tvo meðdómendur. Landssamband íslenzkra útvegsmanna skipar einn meðdómanda og Sjómannasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Alþýðusamband Íslands skipa sameiginlega einn meðdómanda.

Nefni deiluaðilar, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, ekki mann í dóminn af sinni hálfu innan þess tíma, sem dómsformaður tiltekur, skal hæstiréttur nefna í dóminn í þeirra stað.

4. gr.

Dómsformaður kveður dóminn saman og annast um, að störfum hans sé hraðað svo sem verða má. Skyldir eru deiluaðilar að láta dóminum í té skýrslur og upplýsingar, sem dómurinn kann að æskja og aðilar geta í té látið.

Ráðningarkjör þau, sem dómurinn úrskurðar að gilda skuli milli deiluaðila, skulu vera bindandi fyrir aðila sumarið 1962 á sama hátt og þau hefðu verið ákveðin með samningi þeirra á milli. Kjörin skulu einnig vera bindandi fyrir þau útgerðarfyrirtæki og útgerðarmenn, sem ekki eru félagar í Landssambandi íslenzkra útvegsmana.

5. gr.

Allur gerðardómskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varðar sektum, enda liggi ekki þyngri refsing við samkvæmt öðrum lögum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 24. júní 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

Emil Jónsson.

Nd. 91. Frumvarp til laga [76. mál]

um áætlunarráð ríkisins.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Alþingi kýs að loknum hverjum alþingiskosningum 5 manna nefnd, er nefnist áætlunarráð ríkisins. Ríkisstjórnin skipar formann úr hópi nefndarmanna.

2. gr.

Hlutverk ráðsins er að semja heildaráætlanir um þjóðarbúskap Íslendinga, er gerðar skulu í samráði við ríkisstjórn.

Áætlanir þessar skulu vera tvenns konar:

1. Heildaráætlanir um þróun atvinnulífsins og fjárfestingu þjóðarinnar fyrir 5—10 ára tímabil.
2. Áætlanir fyrir eitt ár í senn um allan þjóðarbúskapinn.

3. gr.

Heildaráætlanir þær, sem um ræðir í 1. tölulið 2. gr., skulu miðaðar við eftirfarandi:

1. Að öll framleiðslugeta landsmanna sé hagnýtt til fulls og öllum verkfærum mönnum tryggð næg og örugg atvinna.
2. Að auðlindir lands og þjóðar verði sem bezt hagnýttar í þágu þjóðarheildarinnar til þess að auka velmegun og tryggja afkomu þjóðar og einstaklinga og varðveita og efla sjálfstæði þjóðarinnar.
3. Að atvinnuvegir landsmanna verði efldir og nýir skapaðir, til þess að þjóðin eignist sem fjölbreytilegast atvinnulíf, en þó einbeitt að því að efla fyrst og fremst þær atvinnugreinar, er veita í senn beztu hagnýtingu á auðlindum þjóðarinnar, mestu afkastagetu landsmanna og beztu nýtingu fáanlegra markaða og skapa þannig forsendur fyrir sem beztum lífskjörum þjóðarinnar.

Í þessum heildaráætlunum skal áætluð þróun hverrar atvinnugreinar, eins og bezt samrýmist heildarhagsmunum þjóðarinnar, svo og hver höfuðatvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita til þess að tryggja, að þeim tilgangi, sem vinna skal að samkvæmt þessari grein, verði náð.

Áætlunarráðið skal og gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar, byggðarþróun og aðrar framkvæmdir í því sambandi.

4. gr.

Áætlanir þær, sem um ræðir í 2. tölulið 2. gr., skal gera um allan rekstur þjóðarbúskaparins fyrir ár hvert, bæði rekstur og þróun hinna einstöku atvinnugreina innanlands og viðskipti þjóðarinnar út á við.

Áætlanir þær, sem fjalla um tekjur og gjöld þjóðarinnar í viðskiptum við önnur lönd, skulu gerðar í samráði við ráðherra þann, sem fer með viðskiptamál, og skal síðan leggja þær til grundvallar fyrir viðskiptin á næsta ári. Þessar áætlanir skulu gerðar með það mark fyrir augum að ná sem hagstæðustum viðskiptum og greiðslujöfnuði við önnur lönd, skapa þjóðinni öruggt fjárhagslegt sjálfstæði út á við og gera henni kleift að framfylgja heildaráætlunum um uppbyggingu atvinnulífsins og þeim fyrirætlunum um örugga og batnandi lífsafkomu almennings, sem unnið er að hverju sinni.

Á sama hátt skal áætlunarráð og við samningu áætlana sinna hafa samráð við hin einstöku ráðuneyti um hinar ýmsu atvinnugreinar, er undir þau heyra.

5. gr.

Til þess að ná þeim tilgangi, er lög þessi mæla fyrir um að stefna skuli að með framkvæmd áætlana þessara, skal áætlunarráð vinna að því að sameina og efla framtak jafnt einstaklinga, samvinnufélaga, sveitarfélaga og ríkisins.

Þá skal og áætlunarráð gera sér sem gleggsta grein fyrir þörf íslenzks atvinnulífs á sérmenntuðum mönnum á hverjum tíma og vinna að því í samstarfi við hlutaðeigandi stofnanir, að ráðstafanir séu gerðar til að sérmennta íslenzka menn og tryggja þjóðfélaginu starfskrafta þeirra.

Til þess að skapa sem bezta samstöðu meðal þjóðarinnar og hagnýta sem bezt þekkingu og hugvit einstaklinga, skal áætlunarráð a. m. k. ársfjórðungslega boða til fundar með fulltrúum, er kosnir séu af eftirfarandi samtökum og stofnunum eða stjórnum þeirra til þess að mæta í slíku fulltrúaráði: Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Félagi ísl. iðnrekenda, Landssambandi iðnaðarmanna, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Verzlunarráði Íslands, Seðlabanka Íslands, atvinnudeild háskólans, raforkumálastjórn ríkisins og Fiskifélagi Íslands. Þá hefur og áætlunarráð rétt til að bjóða fleirum þátttöku. Á slíkum fundum skal áætlunarráð kynna hugmyndir og fyrirætlanir sínar og gefa fulltrúunum tækifæri til athugasemda, gagnrýni, tillagna og hvers konar ábendinga og leiðbeininga.

Höfuðmarkmiðið í öllu starfinu skal vera að reyna að sameina þjóðina sem bezt um að tryggja sem skynsamlegasta hagnýtinu á auðlindum landsins, framleiðslutækjum, vinnuafli og fjármagni þjóðarinnar í hennar eigin þágu á grundvelli beztu rannsókna á hinum ýmsu sviðum, sem hægt er að gera á hverjum tíma.

6. gr.

Í þeim hlutum áætlananna, sem fjalla um vinnuafl og fjármagn til atvinnurekstrar og nýrra framkvæmda, skal eigi aðeins gerð grein fyrir, hver nauðsyn sé á hvoru tveggja og í hve ríkum mæli, heldur og hvernig útvega skuli, ef fyrirsjáanlegur skortur er á vinnuafli eða fjármagni. Skal áætlunarráð um þessi efni kappkosta að hafa gott samráð við verkalýðssamtökin, samtök atvinnurekenda og fulltrúa atvinnurekstrar, bankana og önnur þau samtök og stofnanir, sem framkvæmd áætlananna í þjóðarbúskapnum kemur síðan sérstaklega til að byggjast á.

7. gr.

Áætlunarráð skal við gerð fyrstu 10 ára áætlunarinnar hafa þá höfuðstefnu, er hér segir:

Á fyrri hluta þessa tímabils skal einbeita sér að því að koma á sem mestri fullvinnslu sjávarafurða og landbúnaðarafurða og annarra hráefna og afurða íslenzkra með það fyrir augum, að þjóðin megi verða iðnaðarþjóð, er flytur framleiðslu sína fullunna úr landi. Samtímis skal efla þá atvinnuvegi, er fyrir eru, og stuðla að uppkomu nýrra atvinnutækja, er ætla má að hafi heilbrigðan grundvöll.

Á fyrri hluta tímabilsins skal undirbúa áætlanir um að framkvæma á síðari hluta tímabilsins stórvirkjun fallvatna og rannsaka til hlítar, hvers konar iðnaði í

allstórum stíl yrði bezt upp komið á því skeiði til hagnýtingar raforkunnar, þannig að slík fyrirtæki séu í senn undir yfirráðum Íslendinga, hagnýti vinnuafl og fjármagn haganlegast í þágu þjóðar og einstaklinga og hægt sé um leið að tryggja sem allra mesta sölu á framleiðslu þeirra úr landi til langs tíma, svo að áhætta þjóðarinnar verði sem minnst.

Áætlunarráð skal setja sér það sem mark að vinna að, að framleiðsla þjóðarinnar vaxi að raunhæfu verðmæti um 10% á ári að meðaltali á næstu 10 árum.

8. gr.

Þegar áætlunarráð hefur lokið samningu þeirra áætlana, er um ræðir í 2. gr., skulu þær lagðar fyrir ríkisstjórnina til staðfestingar.

Ríkisstjórn skal kunngera Alþingi hina staðfestu áætlun, að jafnaði með því að láta eins árs áætlanir fylgja fjárlögum sem fylgiskjal, en áætlanir til lengri tíma séu lagðar fram með sérstakri þingsályktun til samþykktar.

Þegar áætlanir hafa hlotið endanlega samþykkt, er það síðan verkefni ríkisstjórnar, hinna einstöku ráðuneyta, Seðlabankans og allra annarra stofnana ríkisins undir yfirstjórn ríkisstjórnarinnar að sjá um framkvæmd á þessum áætlunum til fulls, og skal öll stjórn á lánsfjármálum þjóðarinnar og öll afskipti hins opinbera af atvinnu- og verzlunarlífinu við þetta miðuð.

9. gr.

Ríkisstjórnin skipar framkvæmdastjóra áætlunarráðs að fengnum tillögum þess.

Áætlunarráði er heimilt að ráða innlenda sem erlenda sérfræðinga að fengnum tillögum framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri ræður starfsfólk.

Fela skal áætlunarráði þau verkefni, sem Framkvæmdabanki Íslands nú hefur að lögum um áætlanir í fjárfestingarmálum og ráðleggingar til ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Fela má áætlunarráði starf þeirra milliþinganefnda, sem nú eru starfandi að svipuðum verkefnum: atvinnumálanefndar ríkisins og rannsóknarnefndar á milliliðagróða, og skulu þá nefndir þessar lagðar niður.

Menn þeir, sem Alþingi kýs í ráðið, skulu vera fastir starfsmenn ríkisins, meðan þeir gegna því starfi.

Kostnaður við störf áætlunarráðs greiðist úr ríkissjóði.

10. gr.

Nánari fyrirmæli um starf áætlunarráðs skal setja í reglugerð.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. svipað þessu hef ég lagt fyrir Alþingi ár eftir ár í hálfan annan áratug, án þess að samþykkt hafi verið, og legg ég það nú fram í dálítið breyttri mynd. Samþykkt þess er nú orðin brýnni en nokkru sinni fyrr, því að óhætt er að fullyrða, að nú verðum vér Íslendingar annaðhvort að koma á áætlunarbúskap eða eiga á hættu að missa efnahagslegt sjálfstæði vort og verða innlimaðir í annað ríki.

Eins og málum nú er stillt á Íslandi, virðumst vér aðeins eiga tveggja kosta völ:

Annar kosturinn er sá að koma á heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, fyrst og fremst á fjárfestingunni, en helzt á öllum þjóðarbúskapnum, samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum til 5 og 10 ára, svo og eins árs áætlunum. Þetta er sá háttur, sem nú er að ryðja sér til rúms í gervöllum heimi, fyrst og fremst í þeim löndum, er komið hafa á hjá sér sósíalisma, — og þar er auðveldast og öruggast að skapa skjótar efnahagslegar framfarir með áætlunarbúskapnum, — en einnig þær þjóðir, sem nú eru að öðlast frelsi og hingað til hafa fyrst og fremst verið hráefnaframleiðendur, hefja nú

margar hverjar áætlunarbúskap til þess að koma upp hjá sér afkastamiklum iðnaði og tryggja efnahagslegt sjálfstæði sitt.

Ef vér Íslendingar leggjumst á eitt, þá getum vér unnið stórvirki í krafti áætlunarbúskapar, en ef vér ætlum að dreifa kröftunum í stjórnleysi og skipulagsleysi, þá miðar oss illa áfram og eigum á hættu að verða að lokum erlendum auðhringum að bráð. Vér erum það fáir, Íslendingar, að vér megum ekki við glundroðanum. Allir íslenzkir verkamenn til samans eru ekki fleiri en þeir verkamenn, sem vinna hjá stærsta fyrirtæki Svíþjóðar, rafmagnsfyrirtækinu ASEA. Ef vér ætlum að halda sjálfstæði voru á þessari öld hinna miklu samsteypna, þá verðum vér Íslendingar sjálfir að vera sameinaðir um einn áætlunarbúskap Íslands. En innan þeirrar heildar geta þrifizt hin ýmsu form atvinnurekstrar: einstaklinga, samvinnufélaga, hlutafélaga, bæjarfélaga og ríkisins. Og mér er nær að halda, að það frelsi og öryggi, sem smáir atvinnurekendur (og það eru þeir flestir á Íslandi á alþjóðlegan mælikvarða) yfirleitt geta fengið í auðvaldsþjóðfélagi, gætu þeir fyrst og fremst fengið í íslenzkum áætlunarbúskap, því að væri landið innlimað í stærri heild, þá yrðu þeir brátt troðkaðir niður undir járnhæl auðhringanna.

Hinn kosturinn er að gefast upp við að stjórna Íslandi sem sjálfstæðu ríki og innlima land vort sem nokkurs konar dreifbýlishrepp í Efnahagsbandalag Evrópu. Þá verður það fyrst og fremst komið undir geðþótta og gróðafíkn auðhringanna í Vestur-Evróu, hvort hér verða reist fyrirtæki og hvers konar, — og þá munu þeir setja skilyrðin. Skal þessi kostur eigi ræddur frekar, enda hefur Alþingi Íslendinga stofnað lýðveldi á Íslandi til þess að halda sjálfstæðinu eftir 600 ára nýlendukúgun, en ekki til að farga því.

Skulu nú rædd nokkur einstök atriði varðandi þetta frumvarp.

Það er lagt til, að sérstakt áætlunarráð, kosið af Alþingi, vinni að áætlanagerðinni, auðvitað í samráði við ríkisstjórn, sem og ýmsa aðra aðila. Ástæðan til þess, að lagt er til, að Alþingi kjósi áætlunarráðið, er sú, að með því að allir þingflokkar hefðu menn í því, yrði samhengið í starfi og stefnu áætlunarráðs betur tryggt, og slíkt er hin brýnasta nauðsyn. Það er ekki hægt að ráðast í t. d. að reisa mikið stóriðjufyrirtæki eða mörg við mikið raforkuver, sem áætlað væri að byggja, og eiga svo á hættu, að við næstu stjórnarskipti væri þessu gerbreytt og miklum fjármunum ef til vill kastað á glæ. Þess vegna er nauðsynlegt, að stjórnarandstaða eins kjörtímabils, er verða kann ríkisstjórn þess næsta, sé sem mest með í áætlanagerð hverrar ríkisstjórnar.

Það kæmi mjög til mála að láta áætlunarráðið um leið vera hina eiginlegu bankastjórn Seðlabankans og jafnvel afnema bæði bankaráð og bankastjórn þess banka, eins og þær stofnanir eru samkvæmt lögum nú. Ég lagði það til 1957 í tillögum til þáverandi ríkisstjórnar, að svipaður háttur yrði hafður á, en því var þá ekki sinnt. Kosturinn við slíkt fyrirkomulag væri sá að tryggja hiklausa framkvæmd áætlananna eftir á og koma í veg fyrir allan reipdrátt milli slíks áætlunarráðs og Seðlabankans, en einmitt slík andstaða seðladeildar Landsbankans gegn fyrirætlunum nýbyggingarráðs tafði fyrir nýsköpun atvinnulífsins 1945—46 og skemmdi ýmsar góðar fyrirætlanir í framkvæmd.

Framkvæmdabankinn ætti, að öllu öðru leyti en hvað lánveitingastarfið snertir, að falla undir þá stofnun, sem áætlunarráð yrði, því að einmitt þar starfar mikið af þeim sérfræðingum, sem áætlunarráð þarf, enda eru ýmis af þeim verkefnum, sem þeim banka voru falin í lögum, skyld því hlutverki, sem áætlunarráð á að vinna, þótt tilgangur með honum hafi verið allur annar en með áætlunarráði.

Í frv. er sett fram í aðaldráttum, hvað Alþingi ætlast til að áætlunarráð — og þar með þjóðin og ríkisstjórnin — setji sér sem takmark og lágmark. Er þar talað um 10% aukningu þjóðarframleiðslunnar á ári. Þetta er sæmilega hátt mark og þó vel fært, ef allir leggjast á eitt. (Fylgiskjal III sýnir, hvað aðrar þjóðir hafa komizt í þessum efnum á síðasta áratug.)

Slík framleiðsluaukning, sem hér er lögð til, mundi með svipaðri skiptingu milli

fjárfestingar og neyzlu og verið hefur veita neyzluaukningu, er næmi 7.8% á mann á ári.

Ísland á að hafa góða möguleika til þess að ná þessu marki, ef vel er stjórnað og allir leggjast á eitt. Vér erum nú fyrst og fremst hráefna- og matvöruframleiðendur, og ef vér leggjum höfuðáherzlu á að koma upp iðnaði, sem fullvinnur úr hráefnum vorum og matvöru, þá er reynslan sú, að stökkin, sem þjóð, er þróast frá hráefnaframleiðslu til iðnaðarþjóðar, tekur, eru mjög stór. Ef að þessu ráði yrði horfið, mundu margar niðursuðu- og niðurlagningarverksmiðjur, ullarverksmiðjur o. s. frv. rísa upp á næstu fimm árum og verðmæti útflutningsins margfaldast. Sama yrði á síðara fimm ára tímabilinu, ef íslenzk stóriðja yrði undirbúin á því fyrra og framkvæmd á því síðara. Það yrðu líka gífurleg stökk fram á við í framleiðslu. Og með uppkomu slíks fullvinnsluiðnaðar og íslenzkrar stóriðju hyrfi um leið að miklu leyti hin gífurlega óvissa, er fylgir allri þróun þjóðarbúskapar, sem á allt sitt undir afla og gæftum, „sól og regni". Þáttur iðnaðar (líka sjávarútvegs- og landbúnaðariðnaðar) yrði þá miklu meiri hluti þjóðarframleiðslunnar en nú og þar með kæmi miklu meiri festa í alla framleiðsluna, ef menn kunna þá list að forðast þær kreppur og sveiflur, sem auðvaldsþjóðfélagið veldur.

Til þess að tryggja örugga þróun þjóðarframleiðslunnar er hin brýnasta þörf á að tryggja markaði til langs tíma. Undirstaða slíks öryggis er mikil viðskipti við lönd sósíalismans, sem hægt er að semja við um ákveðið magn til margra ára. Reynslan sýndi, að meðan Ísland hafði þriðjung allra utanríkisviðskipta sinna við þau lönd, þá var full atvinna handa öllum og framleiðsla freðfisks fór sívaxandi, en freðfiskflökin nálgast það mest að vera fullunnin vara af okkar höfuðútflutningsvörum nú. (Ársframleiðsla freðfisks mun hafa vaxið úr ca. 30 þús. smálestum 1952 upp í 85 þús. 1958, en minnkað svo, síðan farið var að brjóta niður viðskiptin við lönd sósíalismans.)

Þá verður og að gera sér vel ljóst, að til þess að íslenzk stóriðja væri rækilega og örugglega undirbúin og gæfi þjóðinni aukna neyzlumöguleika, þá þarf m. a. að fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Vanda hinn tæknilega undirbúning mjög, svo að siglt verði fram hjá þeim mörgu skerjum, sem vér höfum rekið oss á við stofnun ýmissa nýrra allstórra iðnfyrirtækja á undanförnum áratug.
2. Tryggja afkomu íslenzkrar stóriðju fram í tímann með sölusamningum til margra ára og geta m. a. greitt upp andvirði raforku- og iðnaðarvéla, svo og erlends hráefnis, þegar þess þarf, með afrakstri verksmiðjanna.
3. Tryggja, að það fjármagn, er að láni yrði tekið, fengist með eigi hærri en 2½% vöxtum, því að það gerir allan mun á því, hvers afraksturs þjóðin sjálf nýtur af slíkum fyrirtækjum, hve háa vexti þarf að greiða út úr landinu.

Tilgangurinn með öllum áætlunarbúskap, með allri framleiðsluaukningu, á auðvitað að vera sá að bæta lífskjör þjóðarinnar, létta af henni þeim mikla vinnuþrældómi, sem hún nú býr við, en tryggja hana um leið gegn vágesti atvinnuleysisins. Af því leiðir, að auðvitað verður að stjórna svo, að eigi verði verðbólga, heldur aukist í sífellu kaupgeta launa eða þau hækki (nema hvort tveggja sé) og samtímis vaxi einnig sá þáttur tekna almennings, sem fram kemur í auknum þjóðfélagsfriðindum. Undanfarna áratugi hefur hins vegar hluti af atvinnurekendastéttinni og verðbólguflokkarnir legið á því lúalagi að svipta með síaukinni verðbólgu launþega hluta þeirra kauphækkana, er þeir áunnu sér með baráttu sinni. Þess vegna hefur kaupgeta tímakaups í 18 ár hjakkað í sama farinu og svo lækkað að lokum nú niður í það lægsta, sem hún hefur komizt. (Var 100 árið 1945 og 100 aftur nóv.—des. 1958, en var í maí 1962 komin niður í 82 stig og er í sept. 1962, eftir kaupdeilurnar s. l. sumar, 87 stig). Þetta hefur yfirstéttin og flokkar hennar getað gert, af því að þeir höfðu ríkisvaldið í sínum höndum. Á sama tíma sem alþýða varð að bæta sér upp minnkaða kaupgetu dagkaups með þrotlausum eftirvinnuþræl-

dómi, ef hann fékkst, eða skorta ella, hefur verðbólgugróðinn safnazt fyrir í höndum sérréttindamanna til bankalána. Það leiðir því af sjálfu sér, að eigi það, sem þjóðarbúinu áskotnast í auðlegð og auknum afköstum með áætlunarbúskap, að verða launþegum og alþýðu manna til aukinnar hagsældar, þá verða eigi aðeins samtök alþýðu að verða enn sterkari og samhentari en hingað til, heldur verða og áhrif alþýðu á ríkisvaldið að verða nógu sterk til þess að fá áorkað beitingu þess í almenningsþágu.

Þróun kaupgetu tímakaupsins er sýnd á fskj. II, og gefur hún til kynna, hvílík óvissa launþega er, þegar þeir hafa ekki úrslitaáhrif á ríkisvaldið, heldur atvinnurekendur og jafnvel beinir verðbólgubraskarar.

Saga þessa máls, baráttunnar fyrir áætlunarbúskap á Íslandi, er rakin að nokkru í fskj. I, en þetta mál hefur verið eitt brýnasta úrlausnarefni íslenzks þjóðfélags, allt frá því að auðvaldsskipulagið ruddi sér til rúms á Íslandi, en þó sérstaklega síðan hin ægilega kreppa þess eftir 1930 sýndi og sannaði almenningi hræðilegar afleiðingar þess: atvinnuleysi, afturför í atvinnulífi og öryggisleysi þjóðarheildarinnar.

Nú er hins vegar svo komið um þetta mál, að svo virðist sem annaðhvort taki þjóðin upp áætlunarbúskap og sameinist um hann eða Ísland verði innlimað í stórveldi það, sem nú rís upp undir nafni Efnahagsbandalagins, og missi sjálfstæði sitt. Þriðji kosturinn: að Ísland reyni að halda sjálfstæði sínu með því, að íslenzkir auðmenn braski hver sem betur getur í stjórnleysi og með afskiptaleysi ríkisvaldsins, virðist útilokaður, því að þeir, sem fyrir þremur árum boðuðu slíkt ófremdarástand sem fagnaðarboðskap „frelsisins", virðast ekki einu sinni lengur hafa trú á því úrræði, heldur halda sér að innlimun.

Að öðru leyti verður mál þetta nánar skýrt í framsögu.

Fylgiskjal I.

Saga þessa máls, sniðin upp úr eldri greinargerð um málið.

Frumvarpið um áætlunarráð felur í sér ákvörðun um að stíga eitt spor áfram til að koma á heildarstjórn á íslenzkum þjóðarbúskap samkvæmt fyrir fram gerðum áætlunum. Og til þess að það skiljist til fulls, hvað við er átt með þeirri skipulagsbreytingu, er rétt að líta nokkuð aftur í tímann til þess að sjá, hvernig efnahagsmálin hafa þróazt til þessa dags, einkum að því er varðar afstöðu ríkisins til atvinnulífsins — og þá fyrst og fremst afskiptin af sjávarútvegi og gjaldeyrisverzlun.

1. Kreppa auðvaldsskipulagsins knýr fram höftin.

Afskipti ríkisins af gjaldeyris- og atvinnumálunum byrja fyrir alvöru, eftir að öldur heimskreppunnar bárust til Íslands eftir 1930. Kreppan mikla leiddi í ljós, hve ófært auðvaldsskipulagið var að sjá fólkinu fyrir öruggri atvinnu og sæmilegri afkomu. Verkamenn gengu hundruðum saman atvinnulausir, bændur og útvegsmenn fengu ekki selt afurðir sínar og söfnuðu stórskuldum, heilum atvinnustéttum lá við gjaldþroti, markaðirnir hrundu, vöruverð útflutningsvaranna féll, útflutningurinn minnkaði stórum, og gjaldeyrisvandræðin margfölduðust.

Yfirvöldin gripu til hafta, því að gjaldeyrisframleiðslan varð miklu minni en eftirspurnin, og samtímis var gripið til þess ráðs að lögskipa útflytjendum að skila ríkinu gjaldeyrinum. Samtímis gripu bankar og ríkisstjórn til þess ráðs að veita stærstu útflutningsfyrirtækjunum eins konar ríkisverndaða einokun á saltfisksútflutningnum til þess að verja þau gjaldþroti.

Þessi „þjóðnýting" gjaldeyrisins hefur staðið síðan og stendur enn þrátt fyrir talið um viðskiptafrelsi. Það var gripið til hennar og gjaldeyrishaftanna sem neyðarráðstafana af borgaralegum yfirvöldum, þegar kreppan leiddi allt gjaldþrot auðvalds-

skipulagsins í ljós og hin svokallaða „frjálsa samkeppni“ hafði beðið sitt endanlega skipbrot. Höftin voru neikvæð ríkisafskipti, neyðarrúrræði til að bjarga að einhverju leyti úr öngþveiti og hruni samkeppniskerfis auðvaldsskipulagsins. Hins vegar hafði verzlunarauðmagnið í landinu hagsmuni af að viðhalda þessum höftum, því að í framkvæmdinni þýddu þau að „þjóðnýta“ gjaldeyrinn, er tekinn var af sjávarútveginum, fyrst og fremst í þágu verzlunarauðvaldsins.

2. Alþýðan krefst heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum.

Þegar þessi haftastefna var kerfisbundin frá 1934, reyndi Alþýðuflokkurinn, sem þá var stjórnarflokkur, að hafa áhrif í þá átt að stíga sporið til heildarstjórnar á þjóðarbúskapnum. Í „4 ára áætlun“ hans 1934—39, stefnuskrá hans í kosningunum 1934, var höfuðtillaga hans og stefna þessi:

„Að hrundið verði þegar í stað í framkvæmd með löggjöf og framtaki hins opinbera auknum atvinnurekstri og framleiðslu *eftir nákvæmri áætlun*, er gerð sé til ákveðins tíma (4 ára) og hafi það markmið að útrýma með öllu atvinnuleysinu og afleiðingum kreppunnar og færa nýtt fjör í alla atvinnuvegi þjóðarinnar með aukinni kaupgetu og neyzlu hinna vinnandi stétta og auknum markaði innanlands.

Stofnuð sé ráðgefandi nefnd sérfróðra manna, þingi og stjórn til aðstoðar, er geri nákvæmar áætlanir um allar opinberar framkvæmdir á tímabilinu og stjórni vísindalegum rannsóknum til undirbúnings þeim og geri jafnframt tillögur um, *hvernig komið verði fastri stjórn og skipulagi á allan þjóðarbúskapinn*, jafnt opinberar framkvæmdir og fyrirtæki sem atvinnurekstur einstaklinga, svo að þau verði sem hagkvæmast rekin og aukin með hagsmuni almennings fyrir augum (Planökonomi).

Smáatvinnurekstur í framleiðslu, iðnaði og verzlun, sem starfar á samkeppnisgrundvelli eða með samvinnusniði og eigendur starfa að sjálfir, skal verndaður gegn einokunarhringum og að honum hlúð, enda sé haft með honum nauðsynlegt eftirlit.“

Þótt sú nefnd, er skipuð var til að gera tillögur um skipulag atvinnulífsins — „Rauðka“, ynni mjög merkilegt starf um skýrslusöfnun, varð ekkert úr framkvæmd áætlunarbúskapar. Framsóknarflokkurinn mun ekki hafa haft mikinn áhuga fyrir þessu höfuðmáli Alþýðuflokksins, sem þá var.

„Þjóðnýtingin“ á gjaldeyrinum, þessum afrakstri sjávarútvegsins, hefði eðlilega átt að leiða til þess, að ráðamönnum þjóðfélagsins skildist, að nú varð framtak þjóðarheildarinnar um eflingu sjávarútvegsins, útvegum nýrra skipa, að taka við af því „framtaki“ útvegsmanna, er kreppan hafði drepið niður og gjaldeyrishöftin síðan lamað á sinn hátt. Slíku framtaki hins opinbera var hins vegar ekki að fagna.

Það er ekki fyrr en með „nýsköpun“ atvinnulífsins 1944, að ráðamenn þjóðfélagsins sýna það í verki, að þegar þjóðfélagið sjálft tekur til sín gjaldeyrinn af sjávarútveginum, þá verður líka þjóðfélagið sjálft að hafa fyrirhyggju og framtak um eflingu sjávarútvegsins, sem allt atvinnulífið byggist á.

Með lögum um nýbyggingarráð 27. nóv. 1944 var svo ákveðið í 2. gr. laganna: „Ríkisstjórnin skipar fjögurra manna nefnd, er nefnist nýbyggingarráð. — Hlutverk þess er að búa til heildaráætlun, fyrst um sinn miðaða við næstu fimm ár, um nýsköpun íslenzks þjóðarbúskapar. Skal þar áætlað, hver atvinnutæki, samgöngutæki, byggingar og annað þurfi til sjávar og sveita, til þess að allir Íslendingar geti haft vinnu við sem arðbærastan atvinnurekstur, svo og hvernig bezt verði fyrir komið innflutningi fáanlegra tækja og efnis á næstu árum með það fyrir augum að hagnýta sem bezt vinnuafl þjóðarinnar og auðlindir landsins. — Þá skal nýbyggingarráð gera áætlanir um, hvar tækin skuli staðsett, og tillögur um byggingar og aðrar framkvæmdir í því sambandi. Nýbyggingarráð hlutast til um,

að slík tæki verði keypt utanlands eða gerð innanlands svo fljótt sem auðið er, og hefur milligöngu fyrir þá aðila, sem þau vilja kaupa og þess óska.“

Með þessu framtaki hins opinbera var þeim ríkisafskiptum af atvinnulífinu, sem áður voru neikvæð, beitt á jákvæðan, skapandi hátt. Það var stigið skref til þess að reyna að tryggja öllum Íslendingum vinnu við sem arðbærastan rekstur, þjóðfélagið sjálft gert ábyrgt fyrir útvegun framleiðslutækja og fyrsta spor stigið til þess að koma heildarstjórn á íslenzkan þjóðarbúskap. Og þótt þessi tilraun stæði aðeins tæp þrjú ár, tókst á þeim tíma að kaupa mestallan togaraflotann, bátana og millilandaskipin, sem enn eru aðalundirstaða íslenzks atvinnulífs. — Jafnvel eftir að nýbyggingarráð var afnumið, voru sett inn í lögin um fjárhagsráð ákvæði um, að stefnt skyldi að áætlunarbúskap á Íslandi, en þau ákvæði urðu einungis pappírsákvæði, þegar áhrif ameríkskrar auðvaldsstefnu uxu á landi voru næstu árin.

Allar tillögur Sósíalistaflokksins veturinn og vorið 1946—47 um, að undirbúa skyldi 10 ára áætlun um þróun atvinnulífsins, voru felldar. Í þeim fólst að fullkomna nýsköpun sjávarútvegs og iðnaðar á grundvelli hans á næstu 5 árum, en undirbúa samtímis fimm ára áætlun um íslenzka stóriðju, er framkvæma skyldi á síðari hluta 10 ára áætlunarinnar. Ef þessum tillögum hefði verið sinnt, hefði verið búið að vinna mikið af því verki, sem nú er óunnið, árið 1957. En afturhald og þröngsýni varð þá ofan á í skjóli ameríkskra auðvaldsáhrifa.

Síðan nýsköpunin var stöðvuð og hugmyndin um áætlunarbúskap á Íslandi drepin í framkvæmd, hefur þó enginn árætt aftur það glapræði að ætla að sleppa að öllu leyti eftirliti og afskiptum ríkisins af gjaldeyrismálum. Í áratug var búið við það millibilsástand, að ríkið tók að vísu til sín allan gjaldeyri af sjávarútveginum og neyddist því til þess að ábyrgjast rekstur hans að meira eða minna leyti, en hins vegar hafði lengst af verið vanrækt að efla svo sjávarútveginn eins og þjóðarnauðsyn bauð. Þvert á móti var farið að gera tilraunir með að láta framboð og eftirspurn, hin blindu, „eðlilegu lögmál viðskiptalífsins“, ráða, hvaða tæki Íslendingar keyptu, með þeim afleiðingum, að á 8 árum (1948—56) voru keyptir 5000 bílar, en enginn togari.

Það hefur allan þennan tíma verið höfuðkrafa verkalýðshreyfingarinnar, að atvinna væri tryggð handa öllum Íslendingum með heildarstjórn á þjóðarbúskapnum.

3. Krafan um áætlunarbúskap á tímum vinstri stjórnarinnar.

Þegar vinstri stjórnin var mynduð 24. júlí 1956, var svo ákveðið í stjórnarsáttmálanum:

„Ríkisstjórnin mun láta gera heildaráætlun um framkvæmdir á næstu árum og nýmæli í því sambandi og birta hana þjóðinni.“

Var í því sambandi ákveðið að kaupa 15 nýja togara. — Hvorugt var efnt. Þrátt fyrir sífellda baráttu Alþýðubandalagsins og verkalýðshreyfingarinnar fyrir þessu hvoru tveggja fékkst hvorugt framkvæmt.

25. þing Alþýðusambands Íslands samþykkti í nóvember 1956 einróma eftirfarandi ákvörðun:

„Til þess að tryggja, að fjárfestingu þjóðarinnar verði fyrst og fremst varið til þess, sem þjóðhagslega séð er nauðsynlegast, og til þess að hægt verði að bæta kjör alþýðunnar, telur þingið, að eftirfarandi sé nauðsynlegt:

1. Tekin verði upp heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, þannig að gerðar verði heildaráætlanir um þróun þjóðarbúskaparins, bæði fyrir eitt ár í senn og 5—10 ára tímabil.“

Vorið 1957 lagði Einar Olgeirsson til, að við endurskipulagningu bankamálanna yrði áætlunarbúskapur tekinn upp og stjórn Seðlabankans yrði um leið áætlunarráð. Því var ekki sint.

Vorið 1958 var því heitið í sambandi við þau lög, er þá voru samþykkt um efnahagsmál, að koma á áætlunarráði. Það heit var ekki efnt.

Vinstri stjórnin sat að völdum frá 24. júlí 1956 til 4. des. 1958. Alþýðubandalagið og verkalýðshreyfingin höfðu lagt á það áherzlu að koma upp áætlunarráði, er gerði heildaráætlun um íslenzkan þjóðarbúskap, en það fékkst ekki fram. — Nýsköpunarstjórnin hafði setið frá 21. okt. 1944 til 5. okt. 1946, en framkvæmt ákvörðunina um nýbyggingarráð mánuði eftir valdatöku sína og unnið síðan að nýsköpun atvinnulífsins þannig, að tímamótum olli í Íslandssögunni.

1958—59 stóð þjóðin enn á vegamótum í atvinnusögu sinni.

Það hafði tekizt með baráttu og verkum Alþýðubandalagsins í vinstri stjórnarsamvinnunni að afnema atvinnuleysið að mestu um land allt, eins og sakir stóðu þá. En til þess að tryggja atvinnu handa öllum Íslendingum til frambúðar og það atvinnu, sem væri sam hagnýtust fyrir þjóðfélagið, þurfti að skipuleggja fjárfestingu þjóðarinnar í framtíðinni á grundvelli ýtarlegra rannsókna.

Af 4900 millj. kr. framleiðslutekjum þjóðarinnar var á árinu 1957 varið 1600 millj. kr. til fjárfestingar, og 700 mill. kr. fóru til rekstrar ríkis og bæja. Aðeins 2600 millj. kr. voru eftir til neyzlu landsmanna. Það er lægra hlutfall en víðast hvar annars staðar. Og skýrslur sýna, að fjárfestingin í hlutfalli við þjóðarframleiðslu hefur farið vaxandi, en neyzla í hlutfalli við þjóðarframleiðslu farið minnkandi:

Neyzla í hlutf. við þjóðarframl.	1948	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957
(einstakl. og stjórnarvalda)	79.3	80.6	86.0	81.7	77.4	74.0	71.6	72.9	70.4
Myndun fastra fjármuna í hlutfalli við þjóðarframl.	24.3	23.9	22.6	22.9	25.8	26.9	29.1	32.0	34.3

Og hið hörmulega var, að þessi fjárfesting var tilviljanakennd og stjórnlaus, óhugsuð og laus við að vera skipulögð frá því sjónarmiði að bæta lífskjör þjóðarheildarinnar sem mest með því að auka hagnýta framleiðslu hennar og vann því ekki nema að nokkru leyti það verk, sem er höfuðtilgangur fjárfestingar: að bæta og tryggja lífskjörin til frambúðar.

Hér fer á eftir skýrsla um ráðstöfun á þjóðarframleiðslu Íslendinga í krónum á hvern íbúa landsins á verðlagi 1957:

	1948	1950	1951	1952	1953	1954	1955	1956	1957
Neyzla einstakl.	16640	14030	14470	13350	14730	15300	16100	16780	15590
Neyzla stjórnarvalda ..	3490	3770	3380	3160	3390	3510	3660	4030	4290
Fjármunamyndun	6160	5290	4700	4720	6150	6780	8860	8770	9630

Það er jafnnauðsynlegt fyrir þjóðina að ákveða fyrir fram á grundvelli ýtarlegra rannsókna, hvernig hún ver þeim fjármunum, sem hún festir í framleiðslutækjum og framkvæmdum, eins og að setja sér fjárlög um ríkisbúskap sinn.

4. Sporin aftur á bak 1959 til 1961.

Þegar ekki hafði tekizt að koma á áætlunarbúskap í tíð vinstri stjórnarinnar, notuðu afturhaldsöflin sér óþolinmæði og óánægju meðal þjóðarinnar með ríkisafskipti án jákvæðrar skipulagningar og lofuðu „frelsi“ á öllum sviðum efnahagslífsins.

Reynzlan af því varð sú á árunum 1959—61, að að vísu varð nokkurt frelsi um innflutning vara — í krafti útlendra lána, sem urðu þjóðinni dýr, en einokunin á útflutningnum hélzt, — „þjóðnýtingin“ á gjaldeyri útvegsins hélzt, — og harðstjórn og kúgun var tekin upp gagnvart launþegum, ríkisvaldinu beitt með tveim gengislækkunum til þess að ræna verkamenn og aðra launþega, með þeim árangri, að kaupgeta tímakaups var í desember 1961 83 stig (miðað við 100 árið 1945), eða hin lægsta, sem hún hefur verið í 20 ár.

Slík stjórnarstefna dæmir sig sjálf, enda virðist nú svo komið, að ýmsir fyrri formælendur hennar séu að gefast upp við að reyna að stjórna sjálfstæðu Íslandi samkvæmt henni og ætli sér nú að innlima Ísland sem hrepp í hið rísandi stórveldi auðhringanna í Vestur-Evrópu.

Það er ótvírætt, að stjórn eða stjórnleysi á fjárfestingu landsmanna hefur úrslitaáhrif jafnt á launakjör allra launþega sem á verðbólguna í landinu.

Skýrslur um launakjör verkamanna sýna, að kaupmáttur tímakaups Dagsbrúnarverkamanns er minni en hann hefur verið nokkru sinni síðan 1945 (sbr. fylgiskjal II. Meðaltal 9 mánaða 1962 er 84.7 eða jafnlágt og árið 1951, sem áður var lægst). Það þýðir, að þrátt fyrir alla baráttu verkalýðsins frá 1948 til þessa dags hefur verkamaðurinn ekki megnað nema rétt að verjast áföllum að miklu leyti, en ekki getað bætt kaupmátt tímakaups síns. Það er þrennt, sem veldur þessu: Í fyrsta lagi lætur auðvaldið aldrei neitt af sínum gróða, hvernig sem barizt er, — það bara veltir af sér afleiðingum kauphækkana yfir á þjóðfélagið með því að hækka verð framleiðslunnar og auka þannig verðbólgu. Í öðru lagi þjarmar of mikil og oft röng og óhagsýn fjárfesting að lífskjörum launþega. Tafla sú, sem birt er hér að framan, sýnir, hvernig fjárfestingin hefur vaxið á kostnað neyzlu allra landsmanna. Í þriðja lagi hefur svo á löngum tímabilum verið vanrækt að kaupa framleiðslutæki til atvinnuaukningar, og hefur það einnig verið svo undanfarið.

Jafnt ráðstafanir atvinnurekenda til þess að velta af sér kauphækkunum yfir á almenning í hækkuðu vöruverði sem og ráðstafanir ríkisvalds og bæjarfélaga undanfarinn áratug til að auka í sífellu álögur á almenning, bæði til aukinnar eyðslu og fjárfestingar (taflan hér að framan sýnir, hvernig álögur ríkis og bæja vaxa á kostnað neyzlunnar) — eru höfuðundirrót verðbólgunnar á Íslandi.

Til þess að kjör alþýðu fari raunverulega að batna og verðbólgan sé stöðvuð, þarf samfara baráttu verkalýðshreyfingarinnar fyrir bættum kjörum að fara skynsamleg heildarstjórn á þjóðarbúskapnum, fyrst og fremst að því er varðar fjárfestingarstefnuna, þannig að af framsýni sé ákveðið, hvaða atvinnugreinar skuli efla, í hvaða hlutfalli og hvernig.

Fylgiskjal II.

Hér birtist tafla yfir kaupmátt dagvinnukaups Dagsbrúnarmanna árin 1945—1961 og enn fremur tafla um mánaðarlegar breytingar árin 1947, 1955 og 1958—1962.

Kaupmáttur Dagvinnukaups Dagsbrúnarmanna.

	Dagvinnukaup, taxti I.		Vísitala	Kaupmáttur
	Kr.	Vísitala	neyzluvöru	tímakaups
Að meðaltali fyrir árið:	(1)	(2)	(3)	(4)
1945	7.04	100.0	100.0	100.0
1946	7.92	112.5	112.5	100.0
1947	8.88	126.1	122.8	102.7
1948	8.74	124.1	125.9	98.6
1949	9.17	130.3	129.0	101.0
1950	10.39	147.6	159.8	92.4
1951	12.59	178.8	211.1	84.7
1952	14.30	203.1	239.1	84.9
1953	15.26	216.8	236.8	91.6
1954	15.34	217.9	239.7	90.0
1955	17.04	242.0	250.9	96.5
1956	19.12	271.6	279.3	97.2
1957	19.67	279.4	291.6	95.8
1958	21.31	302.7	312.5	96.9
1959	22.20	315.3	314.8	100.2
1960	21.91	311.2	344.7	90.3
1961	23.02	327.0	383.0	85.4

Mánaðarlegar breytingar kaupmáttar dagvinnukaups árin 1947, 1955 og 1958 til 1962.

(1945 = 100.)

Í byrjun hvers mánaðar:	1947	1955	1958	1959	1960	1961	1962
Janúar	100	90	97	109	99	85	83
Febrúar	99	90	97	97	99	85	83
Marz	103	91	96	99	98	85	83
Apríl	101	92	96	99	94	85	82
Maí	101	102	96	100	92	84	82
Júní	101	101	100	100	89	85	89
Júlí	107	100	97	99	89	92	88
Ágúst	106	100	95	99	88	91	86
September	107	102	97	99	88	89	87
Október	103	97	97	99	86	84	–
Nóvember	105	96	96	99	86	83	–
Desember	104	100	104	99	85	83	–

Skýringar:

Dagvinnukaup: Miðað við lægsta Dagsbrúnartaxta. Sjúkrapeningar og orlofsfé er innifalið.

Vísitala neyzluvöru. Miðað við gömlu vísitöluna án húsnæðisliðar til marz 1959, eftir þann tíma við A-lið nýju vísitölunnar, þ. e. a. s. *án* húsnæðisliðar og *án* beinna skatta og fjölskyldubóta.

Kaupmáttur dagvinnukaups: Með því að deila vísitölu verðlags í vísitölu kaups fæst mælikvarði á kaupmátt þess.

Töflur þessar hefur gert Torfi Ásgeirsson hagfræðingur, fulltrúi Alþýðusambands Íslands í kauplagsnefnd.

Fylgiskjal III.

Vöxtur iðnaðarframleiðslu í nokkrum löndum.

Árlegur meðalvöxtur *iðnaðar* á árunum 1951—1959, hjá sumum til 1960, var þessi (Heimild: International Affairs, 6. hefti 1961):

Bretland, Sviþjóð	3.0	Tékkóslóvakía	10.9
Belgía	3.1	Austur-Þýzkaland	11.4
Bandaríkin	3.8	Sovétríkin	11.7
Kanada	4.6	Pólland	12.9
Noregur	5.1	Rúmenía	13.1
Indland	5.0	Mongólía (frá 1953)	14.7
Holland	6.0	Búlgaría	14.8
Frakkland	6.6	Albanía	19.7
Grikkland	8.8	Norður-Kórea	22.6
Ítalía	9.0	Norður-Víetnam	24.5
Vestur-Þýzkaland	9.5	Kína (frá 1957 til 1959)	28.4
Ungverjaland	10.3		

Meðalvöxtur samkvæmt þessu var á þessu tímabili 4.9% á ári í auðvaldslöndum, en 13.6% á ári í löndum sósíalismans.

Ed. 92. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og borið saman við ríkisreikninginn. Leggur nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. nóv. 1962.

Ólafur Björnsson, form. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Karl Kristjánsson. Björn Jónsson.

Nd. 93. Nefndarálit [11. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 37 1961, um ríkisábyrgðir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Samkvæmt raforkulögum, nr. 12/1946, lögum um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947, og lögum um hitaveitur utan Reykjavíkur, nr. 3/1953, er ríkisstjórninni heimilt f. h. ríkissjóðs að ábyrgjast lán, er sveitarfélög kunna að taka vegna framkvæmda, er um getur í framannefndum lögum. Í lögunum er þess ekki getið, hvort ganga megi í sjálfskuldarábyrgð eða einfalda ábyrgð, en eftir gildistöku laga nr. 37/1961, um ríkisábyrgðir, mun ríkisstjórnin telja, að ekki sé heimilt að ganga í sjálfskuldarábyrgð fyrir þessum lánum. En verði þetta frumvarp samþykkt, getur ríkisstjórnin f. h. ríkissjóðs gengið í sjálfskuldarábyrgð fyrir lánum, er sveitarfélög taka til vatnsveitu- og hitaveituframkvæmda, byggingar rafstöðva og rafmagnsveitna, samkvæmt þeim lögum, sem nefnd eru í upphafi þessa nál. Eftir þeim upplýsingum, sem minni hl. hefur fengið, mundi samþykkt frumvarpsins ekki hafa viðtækari áhrif til breytinga á framkvæmd laganna um ríkisábyrgðir.

Eins og fram er tekið í greinargerð, er frv. fylgir, munu sveitarfélög ekki geta fengið lán gegn einfaldri ríkisábyrgð til þeirra framkvæmda, sem um getur hér að framan. Minni hl. telur því rétt, að heimild verði veitt til sjálfskuldarábyrgðar fyrir slíkum lánum.

Við athugun á ríkisreikningum síðustu ára kemur í ljós, að greiðslur, er fallið hafa á ríkissjóð vegna ábyrgða fyrir sveitarfélög, eru að langmestu leyti vegna vanskila á öðrum lánum en þeim, sem hér hafa verið nefnd. Verður því ekki séð, að samþykkt frv. muni hafa í för með sér mikla áhættu fyrir ríkissjóð. Má í því sambandi vekja athygli á ákvæðum 5. gr. ríkisábyrgðarlaganna, er veita fjármálaráðuneytinu heimild til að taka fjárupphæðir, er sveitarfélög og aðrir aðilar eiga að fá frá ríkissjóði, til lúkningar skuldum, er myndazt hafa hjá þeim, vegna þess að ábyrgðargreiðslur hafa fallið á ríkissjóð.

Við mælum með því, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 3. nóv. 1962.

Skúli Guðmundsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 94. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um rannsókn á aðferðum til upphitunar húsa.

Flm.: Björn Jónsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka til hlítar stofn- og rekstrarkostnað sem og framtíðarmöguleika þeirra aðferða, sem tíðkaðar eru hérlendis við upphitun húsa, með sérstöku tilliti til þess, hvort ekki sé þjóðhagslega rétt og einnig hagkvæmast fyrir viðkomandi aðila — ekki síst í dreifbýlinu — að stefna að því í sambandi við vatnsaflsvirkjanir næstu áratugi að hita hús hérlendis með raforku.

Greinargerð.

I.

Upphitun húsa, íbúðarhúsa sem annarra, er mjög þýðingarmikið fjárhagsatriði hér norður við heimskautsbaug, bæði fyrir einstaklinga og þjóðarheildina. Mikils er um vert, að hitunaraðferðir fullnægi kröfum tímans um þægindi og byggist á skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu þeirra orkulinda, sem fyrir eru í landinu. Aðferðir þær, sem tíðkaðar eru hér á landi, eru aðallega ferns konar:

1. Upphitun með kolum.
2. **Upphitun með olíu:**
   a) Svartolíu (óhreinsaðri),
   b) dísilolíu.
3. Upphitun með jarðhita (heitu vatni).
4. **Upphitun með rafmagni:**
   a) næturhitun,
   b) þilofnar,
   c) rafgeislahitun.

Alkunna er, að við hitum nú að mestu leyti hús okkar — og höfum lengi gert — með innfluttri orku, kolum og olíu. Kolin eru að mestu að hverfa af sjónarsviðinu, og liggja til þess augljósar ástæður. Um olíuna er allt aðra sögu að segja. Notkun hennar til upphitunar húsa hefur farið mjög vaxandi á undanförnum árum, og er hún nú mest notuð allra orkulinda hérlendis í þessu skyni. Tvær tölur staðfesta þessa þróun. Á síðasta áratug hefur innflutningur brennsluolíu aukizt um 228%:

Ár	Innfluttar brennsluolíur	Verðmæti
1950	137.9 þús. tonn	47.3 millj. kr.
1959	313.8 — —	142.5 — —

Þetta magn hefur að vísu ekki allt farið til upphitunar húsa, en aukningin sýnir, hvert stefnt hefur.

Jarðhiti er talsvert notaður og í vaxandi mæli. Hitaveitur eru í Reykjavík, Sauðárkróki, Ólafsfirði og Selfossi og víðar á einstökum bæjum.

Rafmagn er tiltölulega lítið notað til upphitunar hérlendis og hefur ekki farið vaxandi miðað við heildarraforkunotkun landsmanna á síðasta áratug, enda þótt rafhitun hafi tvöfaldazt að magni til á þeim tíma.

Fylgiskjal I með þingsályktunartillögu þessari er um orkuneyzlu Íslendinga og skiptingu hennar á orkutegundir.

Fylgiskjal II er um raforkuneyzlu í Evrópu og Bandaríkjunum og neyzluaukninguna á tímabilinu 1952—1957. Það fylgiskjal sýnir, að raforkuneyzla okkar á íbúa hefur farið mjög vaxandi, en aðallega á fyrri hluta tímabilsins, en t. d. á

árinu 1957 óx raforkuneyzlan hér minnst allra þessara landa eða aðeins um 2.3% frá árinu 1956.

Flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu eru þeirrar skoðunar, að í framtíðinni munum við Íslendingar þurfa að byggja á innlendri orku til upphitunar húsa, en að notkun hinnar erlendu orku, aðallega olíu, fari dvínandi, bæði af því að framleiðslu hennar eru takmörk sett og af beinum fjárhags- og hagkvæmnisástæðum. Innlendu orkutegundirnar eru tvær, jarðhiti og rafmagn. Nýting jarðhitans til upphitunar hérlendis er mjög staðbundin, en órannsakað er með öllu, hversu mikill þáttur jarðhitinn gæti orðið í sambandi við framtíðarlausn þessa vandamáls á landsmælikvarða. Meðal annars er enn ósvarað þeirri spurningu, hvort ekki sé hagkvæmt að framleiða rafmagn með jarðhitanum. Um raforkuna eru menn ekki sammála. Sumir sérfræðingar halda því fram, að raforkan sé svo dýr, að útilokað sé að framleiða hana til upphitunar húsa. Þó halda aðrir fram, að slík notkun raforkunnar eigi fyllilega rétt á sér, a. m. k. að vissu marki samhliða iðnaðar- og heimilisnotkuninni, og jafnframt, að hún sé fyllilega samkeppnisfær við olíu í þessari notkun, sé miðað við svipað verð á raforkunni og til iðnaðar. En um þetta megum við ekki vera í neinum vafa. Þetta þarf að rannsaka ýtarlega með tilraunum og glöggri skýrslugerð (statistik) og samanburði á stofn- og rekstrarkostnaði þessara hitunaraðferða. Að því stefnir þingsályktunartillagan.

Flutningsmönnum þykir rétt að láta koma fram í greinargerð nokkur atriði, sem þeim þykir benda til þess, að raforka hljóti í framtíðinni að verða einmitt hérlendis notuð til upphitunar húsa.

II.

Engin þjóð í heimi býr í landi með jafnmikið virkjanlegt vatnsafl miðað við íbúa og við Íslendingar. Talið er, að við gætum virkjað vatnsafl okkar til framleiðslu á rafmagni allt að tæpum 120 þús. kwst. á hvern íbúa á ári. Norðmenn koma næstir okkur í Evrópu með tæpar 30 þús. kwst. á hvern íbúa á ári. Fylgiskjal III með þingsályktunartillögu þessari er um virkjanlegt vatnsafl í Evrópu. Af vatnsafli okkar höfum við aðeins virkjað um 3%. Ef við förum út í stórvirkjanir, höfum við vegna smæðar þjóðarinnar meiri möguleika en ella til notkunar á raforku til upphitunar.

Rétt er að benda á, að Norðmenn hafa virkjað 25% af vatnsafli sínu, en hlutfall notkunar til upphitunar húsa af heildarnotkuninni þar í landi er margfalt hærra en hér.

Í Danmörku og Englandi er rafhitun að ryðja sér mjög til rúms, og er þó rafmagnið þar framleitt með olíu. Sjónvarpshúsið í Kaupmannahöfn er hitað með rafmagni, og svo er um fleiri stórhýsi, skóla og íbúðarhús. Frægt er stórhýsið í Nyropsgade, sem byggt var 1955 og hitað er með rafmagni, sem kostar 15 aura danska hver kwst., eða tæpa 1 krónu íslenzka, og fullyrt, að engin hitunaraðferð væri samkeppnisfær um verð miðað við gæði.

Nýting á afkastagetu raforkuveranna er eitt höfuðatriði þessa máls frá þjóðhagslegu sjónarmiði. En rafhitunin eykur mjög nýtinguna.

Raforka til almennra nota, þ. e. hin svokallaða forgangsorka, er seld án allra skilyrða og á tiltölulega háu verði. Þörfin fyrir forgangsorkuna er mjög breytileg. Hún er meiri vetur en sumar, að degi til en að nóttunni og ávallt langmest á tímunum frá 11—12 og 19—20. Orkuverin verður hins vegar að miða við mesta álag. Ef aðeins væri seld forgangsorka, yrði nýtingartími raforkuveranna óhæfilega stuttur og full nýting aðeins hugsanleg í tæpa tvo tíma á dag nokkra köldustu daga ársins. Meginhluta ársins væru þessi verðmætu raforkuver hálfnýtt eða ekki það og vatnið rynni óhindrað fram hjá virkjununum. Raforkusala á lægra verði en forgangsorkan byggist á því að nýta það afl, sem ekki nýtist sem forgangsorka. Hún er því venjulega háð skilyrðum um, að strauminn megi rjúfa, þegar forgangsálagið er mest, t. d. með klukkurofum. Það gefur auga leið, að slík nýting hlýtur að vera hagkvæm.

Nýting íslenzkra raforkuvera er léleg, þótt áburðarverksmiðjan sé talin með, en hún eyðir meiri raforku en öll Reykjavík með úthverfum og Kópavogi. Bezt nýting er í Írafossvirkjuninni, og var hún þó ekki nema 85% (1959). Fylgiskjal IV er yfirlit um orkuvinnslu, mesta álag og nýtingu helztu íslenzku raforkuveranna fyrri helming áranna 1958—1959. Nýting Laxárvirkjunarinnar fyrri helming ársins 1959 varð aðeins 60%, eða fullnýtt aðeins 2603 klst. af 4380 klst.

Annað mikilvægt atriði frá þjóðhagslegu sjónarmiði er nýting dreifikerfisins, en nýting þess er mun lakari en raforkuveranna.

Rafveitur sveitarfélaganna, sem kaupa raforkuna hjá raforkuverum og selja hana aftur neytendum í gegnum dreifikerfi sitt, búa við þröngan fjárhag og verða að selja orkuna háu verði vegna þess, hve nýting dreifikerfisins er slæm. Rafmagnsveita Reykjavíkur keypti 141 þús. megawattstundir árið 1958 á 21 millj. kr., en seldi 127 þús. megawattstundir á 69 millj. kr., enda nýtti hún ekki dreifingarkerfi sitt nema um liðlega þriðjung miðað við fullnýtingu. Enn verra er þetta hjá rafveitum úti á landi, sem fara allt niður í 25% nýtingu. Fylgiskjal V er um orkukaup, orkuvinnslu og nýtingu rafveitna sveitarfélaga 1958. Samsvarandi tafla fyrir sveitarafveiturnar er ekki fyrirliggjandi, en óhætt er að fullyrða, að þar er nýtingin enn verri.

Dreifikerfið er miðað við hæsta álag, en þegar álagið fellur vegna minnkandi forgansorku, verður flutningsgeta kerfisins illa nýtt langmestan hluta sólarhringsins. Betri nýting mundi auðvitað jafna kostnaðinn við dreifikerfið á miklu fleiri kwst. seldrar orku og bæta hag rafveitnanna. Sérstaklega er þetta þýðingarmikið fyrir dreifbýlið, þar sem dreifingarkostnaðurinn er mun stærri hlutur rafvæðingarkostnaðarins en í þéttbýlinu. Það sýnist því brýnt hagsmunamál dreifbýlisins og rafmagnsveitnanna, að hin blundandi orka raforkuveranna verði flutt um dreifikerfið milli álagstoppanna til upphitunar sveitabæja, með sérstöku tilliti til þess, að mesta álagið í dreifbýlinu er að sumri til, en ekki að vetri eins og í þéttbýlinu. Ef nýtingin yrði bætt með sölu raforku til upphitunar sveitabæja, mundi hagur rafveitnanna lagast, en hann er mjög bágborinn, enda þótt þeim sé ekki gert að standa undir nema 20% stofnkostnaðar.

Með vísun til tveggja síðustu atriðanna, þ. e. nýtingar orkuvera og dreifikerfis, sýnist augljóst, að rétt sé að bæta nýtingu hvors tveggja með sölu afgangsraforku til upphitunar, sem tryggja má, að hækki ekki álagshámarkið.

Hitt er svo annað mál, hvort tiltækilegt sé og svari kostnaði fjárhagslega séð að stofna til vatnsaflsvirkjana hérlendis til framleiðslu á raforku til upphitunar. Um það vilja flutningsmenn ekki tjá sig og geta raunar ekki, en vilja láta athuga það mál af nefnd þeirri, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Hins vegar eru settar hér fram eftirfarandi athugasemdir:

Raforkumálastjóri hefur tjáð sig opinberlega um það, að stórvirkjanir hér á landi verði ekki gerðar nema í sambandi við stóriðju. Má vel vera. En við hvaða verði mun og getur stóriðjan (t. d. alúmíníumverksmiðja) keypt raforkuna? Það mun álitið, að stóriðjan þyrfti að fá orkuna (forgangsorku) á 15—20 aura kwst. í hæsta lagi, og svo mikið er víst, að erlendir alúmíníumhringar mundu ekki vilja kaupa raforku hér dýrara en í Noregi eða Svíþjóð.

Stærsta iðnfyrirtæki Íslands, áburðarverksmiðjan, notar að vísu afgangsorku að mestu leyti (108.2 millj. kwst. af 142 millj. kwst. í heild árið 1960), en greiðir fyrir þá orku aðeins hálfan annan eyri á kwst. Engin virkjun stendur undir slíkri stóriðju. Meðalverðið er um það bil 4 aurar.

Annað stærsta iðnfyrirtæki landsins, sementsverksmiðjan, notar miklu minni orku eða um 12 millj. kwst. á ári. Það er bæði forgangsorka og afgangsorka. Lætur nærri, að sementsverksmiðjan greiði um 20 aura meðalverð á kwst. fyrir þessa orku (1958 14 aura).

Afgangsorka til hitunar er seld á 14—18 aura kwst. (næturhitun) og 22—32 aura kwst. (daghitun).

Ein af þeim spurningum, sem nefndin þarf að leysa úr, er sú, hvort ekki sé

rétt að gera ráð fyrir markaði fyrir rafhitun í sambandi við væntanlegar vatnsaflsvirkjanir (stórvirkjanir), ef stóriðjan verður svo stór kaupandi, að hægt sé að selja henni kílówattstundina á 15—20 aura.

III.

Þá er eftir sá þáttur þessa máls, er snýr að notendum. Hitunarkerfi er þáttur byggingarkostnaðar, og því veldur miklu, að stofnkostnaður hitunarkerfis sé sem lægstur.

Um stofnkostnað hitakerfanna geta flutningsmenn ekki dæmt, en nefnd sú, sem ályktunin gerir ráð fyrir, þarf að rannsaka hann og gera í því efni ýtarlegan samanburð. Þó er rétt að benda á, að við olíukyndingu er kynditæki og kyndiklefi stofnkostnaður, sem ekki er í sambandi við hitaveitu eða rafhitun. Á hinn bóginn er heimtaugargjald hitaveitu stofnkostnaður sem þátttaka í dreifikerfi heita vatnsins, en rafmagnsheimtaug þarf ekki að vera dýrari, þótt hitað sé upp með rafmagni.

Um rekstrarkostnað hafa flutningsmenn fengið eftirfarandi upplýsingar, miðað við núverandi verðlag. Upplýsingar þessar eru mjög umdeilanlegar og spurning, hvort þær eru sambærilegar. Þær eru hafðar eftir kunnáttumönnum þessara þriggja hitunaraðferða.

Olíukynding:

Bezta nýting á meðalíbúð í sambýlishúsi með 2 útveggjum og óaðfinnanlegri einangrun er 10 lítrar á hvern rúmmetra á ári. (430 rúmmetra íbúð eyðir 4300 lítrum á ári). Miðað við núverandi verð á olíu, kr. 1.55 hver lítri, kostar upphitun hvers rúmmetra íbúðar með olíkyndingu kr. 15.50 á ári.

Hitaveita:

Skýrslur eru til, sem sýna, að miðað við núverandi verðlag á heitu vatni í Reykjavík, kr. 4.93 tonnið, sé hitakostnaðurinn 65—70% af kostnaði við olíukyndingu. Miðað við lægri töluna kostar upphitun hvers rúmmetra íbúðar með jarðhita kr. 10.07 á ári.

Rafhitun:

Nákvæm skýrslugerð í eitt ár er til yfir eyðslu í tiltekinni íbúð í Reykjavík, sem er 430 rúmmetrar að stærð, vel einangruð og hefur afgangsorku (daghitun) á 22 aura hverja kwst. Eyðslan mæld af rafmagnsveitunni nam 16300 kwst. á ári eða tæpum 38 kwst. á hvern rúmmetra. Upphitun hvers rúmmetra íbúðar með rafmagni kostar kr. 8.30 á ári.

IV.

Með þingsályktunartillögu þessari er ekki kveðinn upp neinn dómur um það, hvort rafhitun sé eða geti verið hagkvæmust aðferð til upphitunar húsa eða ekki. Þó er það grunur flutningsmanna, að svo geti verið, að rafhitun húsa á Íslandi sé framtíðarlausn. Vegna mikilvægis þessa máls, bæði frá sjónarmiði einstaklinga og þjóðarheildarinnar, kveða flutningsmenn upp úr með það að láta fara fram hlutlæga og gaumgæfilega rannsókn þess. Það er ekki í fyrsta sinn, sem á þetta er minnzt, og fylgir hér á fylgiskjali VI útdráttur úr grein Sigurðar Jónassonar í Tímanum 24. nóv. 1956 um þetta efni.

Er það von flutningsmanna, að tillaga þessi verði samþykkt og þess eigi langt að bíða, að hinar þýðingarmiklu niðurstöður nefndarinnar liggi fyrir.

Fylgiskjal I.

Orkuneyzla Íslendinga og skipting hennar á orkutegundir.

Hráorka	1959 Tonn	1959 GWh[1])	1959 %	1960 Tonn	1960 GWh[1])	1960 %
Innflutt orka:						
Kol	28087	225	3.6	21475	172	2.8
Koks	2218	18	0.3	2292	18	0.3
Brennsluolía ..	313894	3767	60.0	313307	3760	61.4
Benzín, alm. ..	46618	559	8.9	41285	495	8.1
Flugvélabenzín	13386	161	2.5	14794	178	2.9
Flugvélaelds-neyti: annað	18374	220	3.5	8597	103	1.7
Alls	422577	4950	78.8	401750	4726	77.2
Innlend orka:						
Vatnsorka	„	630	10.0	„	700	11.4
Jarðhiti	„	700	11.2	„	700	11.4
Alls	„	1330	21.2	„	1400	22.8
Öll orka samtals	„	6280	100.0	„	6126	100.0

Fylgiskjal II.

Virkjanlegt vatnsafl í Evrópu.

Löndum raðað eftir minnkandi neyzlueiningum á íbúa.

Land	Verg heildarneyzla 1957 GWh	Verg heildarneyzla 1957 kWh/íbúa	Aukning, % á ári 1952—57	1955—56	1956—57
Noregur	25840	7390	6.4	4.7	8.8
Svíþjóð	28515	3870	7.0	7.6	6.6
Lúxemborg	1182	3760	7.7	7.3	3.3
Sviss	15240	2980	4.7	3.1	5.1
Ísland	450	2740	14.1	7.1	2.3
Saar	2511	2500	5.9	6.3	5.2
Bretland	99977	1940	7.0	7.5	4.4
Finnland	7710	1780	10.2	÷ 2.7	16.0
V.-Þýzkaland	87392	1730	9.8	11.0	7.1
Austurríki	11222	1600	9.8	8.3	6.8
Belgía	12507	1390	6.1	7.6	4.9
Frakkland	57890	1320	7.1	9.2	6.8
Tékkóslóvakía ...	16223	1220	„	9.5	„
Holland	12564	1140	8.6	9.1	6.8
Sovétríkin	196250	960	11.9	12.6	9.3
Danmörk	4120	920	7.9	2.8	6.4
Ítalía	43175	890	7.0	7.0	5.8
Pólland	19657	700	11.9	10.0	8.6
Írland	„	„	„	5.4	„
Ungverjaland	5272	540	6.3	÷ 2.3	4.0
Spánn	14588	500	9.2	13.1	7.6
Búlgaría	2478	320	14.4	9.8	15.8

1) Fullt hitagildi innfluttrar orku.

Land	Verg heildarneyzla 1957 GWh	kWh/íbúa	Aukning, % á ári 1952—57	1955—56	1956—57
Júgóslavía	5820	320	17.9	15.9	22.3
Rúmenía	5408	300	13.6	13.8	10.3
A.-Þýzkaland	„	„	„	8.8	„
Portúgal	2169	„	„	13.6	„
Grikkland	1708	210	12.6	11.2	10.4
Tyrkland	2060	80	15.1	15.2	13.2
Evrópa, samtals	717000	1110	9.0	10.0	7.0
Bandaríkin	719380	4200	9.2	8.9	4.4
Jörðin	1781300	„	„	„	„

Fylgiskjal III.

Virkjanlegt vatnsafl í Evrópu 1957.

Löndum raðað niður eftir minnkandi stærðum virkjanlegs vatnsafls.

Land	Virkjanlegt vatnsafl GWh á ári	kWh á íbúa	Virkjað vatnsafl í % af virkjanlegu
Noregur	104500	29890	25
Tyrkland	90000	3530	1
Svíþjóð	80000	10860	34
Frakkland	76270	1730	41
Júgóslavía	66500	3690	7
Ítalía	55000	1140	58
Austurríki	40000	5720	24
Sviss	32300	6310	54
Spánn	31500	1070	31
Rúmenía	27000	1510	1
V.-Þýzkaland	25165	480	43
Ísland	20000	120000	3
Finnland	17000	3920	41
Pólland	13300	470	6
Portúgal	13200	1480	15
Tékkóslóvakía	12000	900	17
Bretland	11470	220	26
Búlgaría	11100	1450	7
Albanía	5000	3420	1
Grikkland	4260	530	10
Ungverjaland	3350	3410	1
A.-Þýzkaland	2000	110	24
Írland	1050	360	65
Belgía	545	60	28
Lúxembúrg	65	210	5
Danmörk	50	10	54
Evrópa, samtals[1])	757625	1770	24

1) Sovétríkin ekki meðtalin.

GWh = Gigawattstund = 1 milljón kílówattstunda.
kWh = kílówattsund.

Fylgiskjal IV.

Vélaafl, orkuvinnsla og nýting helztu almenningsrafstöðva.

Heiti eða staður	Ástimplað afl 30/6 kW	Fyrri árshelmingur 1959 Orkuvinnsla	Mesta álag	Nýtingartími	Fyrri árshelmingur 1958 Orkuvinnsla	Mesta álag	Nýtingartími
Vatnsaflstöðvar:							
Írafossvirkjun	31000	117785	31900	3692	111231	32200	3423
Ljósafossvirkjun ..	14600	55046	15950	3451	53288	16050	3320
Elliðaárvirkjun	3160	5180	2960	1750	2931	3050	961
Andakílsárvirkjun .	3520	13010	3800	3420	11289	3800	2970
Rjúkandavirkjun ..	840	1657	920	1800	1595	980	1625
Mjólkárvirkjun	2400	2183	1100	1985	„	„	„
Reiðhjallavirkjun ..	400	535	388	1380	214	184	„
Fossavirkjun og Nónh.v.virkjun ...	1160	1468	„	„	765	„	„
Þverárvirkjun ...	560	593	350	1690	526	355	1482
Laxárvatnsvirkjun	464	1242	490	2535	1104	470	2350
Gönguskarðsárvirkj.	1064	1495	1020	1465	1429	890	1605
Skeiðsfossvirkjun .	3200	5078	2500	2031	3777	2650	1425
Laxárvirkjun	12560	25195	9680	2603	24286	8680	2800
Grímsárvirkjun	2800	2570	1730	1486	138	„	„
Aðrar vatnsaflsst.[1])	886	433	„	„	1191	„	„
Samtals	78654	233470	„	„	213764	„	„
Gufuaflsstöð:							
Varast. við Elliðaár	7500	1086	8200	132	339	8250	42
Dísilstöðvar:							
Vestmannaeyjar ..	2560	2739	1890	1449	2474	1700	1455
Aðrar dísilstöðvar[2])	6262	2583	„	„	6718	„	„
Allar rafst. samtals	94976	239878	„	„	223295	„	„

Klukkustundafjöldi ársins 8760 og hálfs árs 4380.

1) Vatnsaflsstöðvar 7 almenningsveitna.
2) Dísilstöðvar 30 almenningsveitna.

Fylgiskjal V.

Orkukaup, orkuvinnsla og orkusala rafveitna sveitarfélaga 1958

	Mesta álag kW	Orku-vinnsla MWh	Orkukaup MWh	Orkukaup 1000 kr.	Nýtingar-tími h/ári	Verð keyptrar orku aur/kWh	Íb.fj. orkuv. svæðis	Orkusala MWh	Orkusala 1000 kr.	Orku-notkun á íbúa kWh
Rafmagnsveita Reykjavíkur ..	36250	6856.3[1])	141957.0	21039.9	3920	14.8	76942	127000	69533	1660
Rafveita Hafnarfjarðar	5247	„	24330.0	3686.8	4640	15.8	7166	22380	7919	3120
— Voga- og Vatnsleysustr.hr.	230	„	694.5	234.0	3020	33.7	370	585	407	1580
— Njarðvíkur	863	„	2718.0	884.1	3150	32.5	1228	2250	884	1860
— Keflavíkur	2605	„	9598.1	2749.5	3680	28.7	4377	8448	4357	1925
— Gerðahrepps	479	„	1496.6	490.4	3120	32.8	658	1250	„	1900
— Miðneshrepps	847	„	2125.7	835.9	2510	39.3	689	1750	1303	2540
— Grindavíkur	750	„	2466.5	773.7	3290	31.3	689	2050	1210	2980
— Hveragerðis	332	„	863.0	304.5	2600	35.3	625	733	519	1170
— Selfoss	870	„	3069.4	911.3	3530	29.7	1597	2607	1791	1635
— Stokkseyrar	184	„	805.8	201.6	4360	25.0	393	635	350	1615
— Eyrarbakka	330	„	1190.8	346.9	3610	29.1	480	933	472	2065
Rafmagnsstöðin í Vík	130	350.0	„	„	2720	„	330	300	136	858
Rafveita Vestmannaeyja	1740	4702.0	„	„	2700	„	4425	3601	4161	815
— Akraness	„	„	17211.8	2408.0	„	14.0	3644	15580	4260	2340
— Borgarness	661	„	3180.0	458.0	4810	14.4	838	2521	827	3010
— Patreksfjarðar	380	826.2	25.0	10.2	2180	40.6	843	750	616	890
— Ísafjarðar	1680	4427.9	„	„	2630	„	2975	3900	2857	1310
— Sauðárkróks	573	„	1806.1	587.1	3150	32.5	1105	1571	1150	1420
— Siglufjarðar	„	8735.5	1455.3	750.0	„	51.5	2691	7926	3059	2940
— Akureyrar	7681	„	34186.0	6604.0	4450	19.7	8422	30184	10666	3585
— Húsavíkur	754	„	3553.2	841.0	4710	23.7	1411	3188	1523	2260
— Vopnafjarðar	100	210.0	„	„	2100	„	361	174	256	480
— Bakkagerðisþorps	50	100.0	„	„	2000	„	186	90	134	485
— Reyðarfjarðar	210	1000.0	5.0	3.2	4760	64.2	417	799	296	1910
— Stöðvarfjarðar	76	191.0	„	„	2515	„	173	155	171	895
— Búlandshr., Djúpavogi ...	100	275.0	„	„	2750	„	309	220	220	710
— Hafnarhr., Hornafirði ...	210	571.3	„	„	2720	„	573	504	612	995

1) Talan innifalin í orkukaupum.

Fylgiskjal VI.

Útdráttur úr erindi Sigurðar Jónassonar, sem birtist í Tímanum 24. nóv. 1956.

Eins og kunnugt er, er orka sú, sem vér notum, framleidd með fallvötnum, jarðhita, olíu og kolum. Einnig mætti telja rekavið og vindafl til orkulinda, en það er í svo smáum stíl, að varla er þörf að telja með, þótt mór og rekaviður verði ef til vill nothæf efni til rekstrar á gastúrbínum til orkuframleiðslu á afskekktum stöðum hér á landi.

Þá er talið, að vinna megi úranium úr ljósgrýti (líparíti). Málmgrýti það, sem úranium er nú unnið úr, hefur svo margfalt meira inni að halda af úranium en ljósgrýtið, að varla yrði „praktískt" að vinna úr því á næstu tímum. Þó gætu þeir tímar komið, að Baula og Móskarðshnjúkar og önnur ljósgrýtisfjöll yrðu aðalorkulindir Íslands.

Orkugjafar Íslendinga.

Árið 1955 notuðu Íslendingar um 265000 tonn af olíu, um 60000 tonn af kolum, um 390 milljónir kílówattastunda af rafmagni. Mest af raforkunni var framleitt í vatnsaflsstöðvum, en dálitill hluti hennar með olíu. Um jarðhitaorkuna er erfiðara að segja, en talið er, að áætla megi, að notkun hennar samsvari 60000 kílówöttum.

Það mun láta nærri, að erlendi orkugjafinn (olía og kol) samsvari um það bil helmingi meiri orku en jarðhiti og vatnsorka, sem í notkun er nú hér á landi. Dæmi um hina afskaplega hraðvaxandi notkun á orku hér á landi síðustu árin skulu hér nefnd:

1936	var	olíunotkun	rúm	.....	17000 t
1946	—	—	—	.....	51000 t
1947	—	—	—	.....	80000 t
1949	—	—	—	.....	128000 t
1950	—	—	—	.....	163000 t
1951	—	—	—	.....	181000 t
1952	—	—	—	.....	200000 t
1953	—	—	—	.....	217000 t
1954	—	—	—	.....	241000 t
1955	—	—	—	.....	265000 t

Notkunin á olíu hefur því 15-faldazt á síðustu 20 árum, en 5-faldazt á síðustu 10 árum. Þess ber þó að gæta, að notkun steinkola hefur minnkað um rúm 100000 tonn á síðustu 10 árum.

Raforkuframleiðslan var 25 milljónir kwst. 1938, en 390 millj. 1955 (þar af 116 millj. kwst. til áburðarverksmiðjunnar).

Á síðustu 18 árum hefur því raforkuframleiðslan aukizt 16-falt, og er framleiðsla okkar þó ekki nema 2200 kwst. á mann, en Norðmenn framleiða 5150 kwst. á mann.

Stóraukin rafmagnsþörf.

Talið er, að auka þurfi raforkuframleiðsluna um a. m. k. helming á næsta tíu árum, miðað við eðlilegan vöxt. Nú eru virkjuð um 73000 vatnsorkukílówött, en 14500 kílówött í varmaorkuverum. Til þess að mæta eðlilegum vexti þurfum vér að virkja 90000 kílówött á næstu tíu árum. Í þessu sambandi má geta þess, að um 7500 kílówött eru í byggingu og áætlað að ljúka við á næstu 2 árum. Þá liggur fyrir áætlun um 27000 kílówatta virkjun í Soginu, sem allt er enn óvíst um, hvenær hafin verður.

Af því, sem að framan greinir, má auðveldlega gera sér í hugarlund, hverjar þarfir vorar verði að 10 árum og að 20 árum liðnum.

Það mætti nú segja, að vér værum ekki í mikilli hættu um að vanta orku, þar sem ekki sé annað en að flytja inn olíu og kol til að jafna metin. Því er nú fyrst við þessu að svara, að olía og kol kosta peninga. En svo kemur til greina sú geigvænlega spurning, hvort vér getum fengið keypta olíu og kol í framtíðinni, þótt vér höfum peninga til þess í höndunum. Nýjustu vísindalegar rannsóknir á þessum málum sýna að það er ekki líklegt að til sé meira af olíu í jörðu en sem svarar 20 ára notkun heimsins. Er þá reiknað með tæknilegum framförum í olíuvinnslu og notkun véla, svo sem að gastúrbínur komi að miklu leyti í stað stimpilvéla o. s. frv.

Um kolin er það að segja, að ekki er búizt við, að þau endist út öldina. Eftir það verði menn að sætta sig við verri og dýrari kol, sem þó muni endast í aðeins stuttan tíma.

Álit sérfræðinga.

Einn af helztu sérfræðingum Bandaríkjanna, Eugene Ayres, ritar í síðasta októberhefti tímaritsins „Scientific American“: „Vér getum nú séð það fyrir með fullri vissu, að framleiðsla á olíu fer að minnka í Bandaríkjunum eftir næstu 10 eða 15 ár og annars staðar í heiminum ekki löngu seinna. Það virðist öruggt, að ársframleiðsla á olíu í heiminum verði komin langt aftur úr eftirspurn árið 1965. Það er ekki hugsanlegt, að svo mikið finnist af nýjum olíulindum, að það geti lengi frestað olíuþurrð.“ Þá segir hann, að olía unnin úr olíubornum jarðlögum (shale oil) eða úr olíubornum sandi (tar sands) muni ekki endast nema stutta stund og að gaslindir Bandaríkjanna muni byrja að ganga til þurrðar árið 1970. Um kol í Bandaríkjunum segir þessi sérfræðingur, að kolanámur í Austur-Bandaríkjunum verði svo úr sér gengnar árið 1970, að Bandaríkjamenn verði annaðhvort að greiða hærra verð fyrir kol en nú eða læra að nota kol, sem séu lakari að gæðum. Að lokum segir hann: „Allt bendir til þess, að vér sjáum nú fyrir endann á notkun olíu og kola á þessum hnetti og að tæknivísindin verði að hafa hraðan á til að finna og nota aðrar orkulindir í tæka tíð.“ Enn fremur, að afar þýðingarmikið sé, að rannsóknarstofnanir og uppfinningamenn leggi sig í líma til þess að nota á sem hagkvæmastan hátt það, sem eftir sé enn þá af kolum og olíu. Í þessu sambandi er þess að geta, að stórveldin gæta að sjálfsögðu eigin hags umfram annarra, og getur því vel verið, að þau fari að skammta olíu og kol til landa, sem hvorki eigi olíulindir né kolanámur, innan t. d. 10 ára.

Mál er að hefja undirbúning.

Mér finnst þetta mál vera svo alvarlegt umhugsunarefni, að ekki dugi annað en að fara að gera ráðstafanir nú þegar til þess að búa sig undir að mæta þeim mikla vanda, sem oss verður áreiðanlega á höndum í þessu efni innan 10—20 ára.

Fyrst verður manni þá fyrir að hugsa til jarðhitans og vatnsaflsins. Raforkumálaskrifstofan gerir ráð fyrir, að unnt sé með fjárhagslega hagkvæmu móti að virkja á Íslandi vatnsafl, sem framleiðir 10—15 milljarða kílówattstunda, en aðrir hafa reiknað með 25 eða jafnvel upp í 35 milljarða kwst. mögulegri framleiðslu á raforku.

Þá kemur jarðhitinn, þar sem hagkvæmt er að virkja hann, auðvitað að miklu gagni til þess að spara kol, olíu og rafmagn til hitunar, enda þótt meira en vafasamt sé, hvort borgar sig að virkja jarðhitann til raforkuframleiðslu. Vér virðumst því umfram ýmsar aðrar þjóðir eiga þarna yfir möguleikum að ráða til þess að bjarga okkur að nokkru leyti frá hættunni af olíu- og kolaskorti. En hvernig eigum vér þá að fara að því að koma þessu í framkvæmd? Stór lán virðist erfitt að fá nú sem stendur, og varla batna lánsmöguleikar, ef vér höldum áfram að reka mikið af aðalatvinnuvegum vorum með halla.

Er hér þarf, eins og Einar Benediktsson sagði einu sinni: „Stórfé, það dugar ei minna“.

Nd. 95. Frumvarp til laga [8. mál]

um breyting á lögum nr. 4 1960, um efnahagsmál.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson, Ingvar Gíslason, Valtýr Guðjónsson.

1. gr.

Á eftir 1. málslið 1. málsgr. 16. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi: Landbúnaðarbifreiðar (jeppar), læknabifreiðar, leigubifreiðar og vörubifreiðar skulu undanþegnar þessu gjaldi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í 16. gr. laga nr. 4 1960, um efnahagsmál, er heimild til handa ríkisstjórn til að leggja sérstakt innflutningsgjald á bifreiðar. Má gjald þetta vera allt að 135%. Ríkisstjórnin hefur notað þessa heimild. T. d. hefur verið lagt 80% innflutningsgjald á bifreiðar, sem notaðar eru til fólksflutninga (leigubifreiðar).

Rétt þykir og sanngjarnt, að ekki sé lagt sérstakt innflutningsgjald á tæki slík sem þessi, sem notuð eru í atvinnuskyni. Frv. þetta gerir ráð fyrir því, að gjald þetta falli niður að öllu leyti af bifreiðum, er notaðar eru sem atvinnutæki.

Ed. 96. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, eins og það liggur fyrir á þskj. 8.

Alþingi, 2. nóv. 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Karl Kristjánsson.

Auður Auðuns. Alfreð Gíslason.

Sþ. 97. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]

um endurskoðun girðingalaga.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta endurskoða girðingalög, nr. 24 1. febr. 1952. Endurskoðun þessari skal lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, en náði þá ekki fram að ganga. Tillagan er nú endurflutt í þeirri von, að hún fáist nú afgreidd.

Tillögunni fylgdi svo hljóðandi greinargerð, er hún var flutt á síðasta þingi:

Á Alþingi 1956—57 flutti fyrri flutningsmaður þessarar þingsályktunartillögu ásamt Sveinbirni Högnasyni frv. til l. um breyt. á girðingalögum frá 1952. Mál þetta varð þá ekki útrætt. Það var endurflutt af sömu mönnum 1957—58, en þá einnig án árangurs. Síðan hefur málið legið niðri.

Við flutningsmenn þessarar þingsályktunartillögu teljum að athuguðu máli rétt að taka þetta mál allt til gagngerðrar endurskoðunar. Við þá athugun viljum við benda á eftirfarandi atriði, er ber að athuga meðal annarra.

Tímabært er orðið að telja vélgrafna skurði sem hluta af girðingu, þ. e. fullkominni vörzlu, og ber að meta þá samkvæmt því. Þá ber að endurskoða skyldur þær, sem á vegagerðina eru lagðar gagnvart landeiganda, þegar vegur er lagður í gegnum afgirt lönd, hvort sem þau eru ræktuð eða eigi. Ákvæði núgildandi girðingalaga um skyldur vegagerðar, þegar um óræktuð lönd er að ræða, sem vegur er lagður um, eru með öllu úrelt og ósanngjörn gagnvart landeiganda. Nú fer fram endurskoðun á lögum um opinbera vegi. Ber því brýna nauðsyn til að láta endurskoðun á girðingalögum fara fram jafnhliða, m. a. vegna þess, er á hefur verið bent. Ýmis fleiri atriði girðingalaga má benda á, sem nauðsyn ber til að endurskoða og færa til þeirrar reynslu, sem nú er fengin, og til þess viðhorfs, sem nú er í þessu máli.

Ed. 98. Frumvarp til laga [80. mál]

um fræðslustofnun launþega.

Flm.: Eggert G. Þorsteinsson, Friðjón Skarhéðinsson.

1. gr.

Stofna skal og starfrækja Fræðslustofnun launþega. Hlutverk stofnunarinnar er að veita trúnaðarmönnum og öðru félagsfólki verkalýðsfélaga, félaga opinberra starfsmanna og annarra launþegasamtaka raunhæfa fræðslu um hlutverk slíkra samtaka í nútíma þjóðfélagi, sögu þeirra, skipulag og starfshætti. Einnig skal stofnunin veita almenna fræðslu um efnahagslíf, atvinnu- og félagsmál þjóðarinnar og aðrar greinar, er stjórn stofnunarinnar telur samrýmast tilgangi hennar. Aðsetur stofnunarinnar skal vera í Reykjavík, en umdæmi hennar allt landið.

2. gr.

Stofnunin skal gegna hlutverki sínu á eftirfarandi hátt:

1. Með því að reka **Félagsmálaskólann**, er starfa skal í stuttum eða löngum námskeiðum, er halda má á ýmsum stöðum í landinu, eftir því sem henta þykir. Kennsluefni skal vera í samræmi við 1. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar Fræðslustofnunar launþega hverju sinni.
2. Með því að gangast fyrir almennu fræðslustarfi, t. d. fyrirlestraferðum, öflun og sýningu myndræma, skuggamynda eða kvikmynda, útgáfu fræðslurita, blaða og bóka, stofnun og rekstri bókasafns viðkomandi verkefni stofnunarinnar, samvinnu við blöð og útvarp.

3. gr.

Stjórn Fræðslustofnunar launþega skipa fimm menn. Skulu þrír þeirra kjörnir af miðstjórn Alþýðusambands Íslands, einn kjörinn af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og einn skipaður af menntamálaráðherra. Stjórnin kýs sér formann. Stjórnin skal kjörin til fjögurra ára í senn.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra, er jafnframt sé skólastjóri Félagsmálaskólans, svo og annað starfslið og setur því erindisbréf.

Stjórn stofnunarinnar semur reglugerð um starfsemi Fræðslustofnunar launþega, en staðfest skal hún af menntamálaráðherra.

4. gr.

Kostnaður við stofnunina greiðist úr ríkissjóði, eftir því sem fé er veitt til hennar á fjárlögum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hefur mikið verið rætt um almenna fræðslu til aukins skilnings á högum og háttum íslenzkra verkalýðssamtaka, tilgangi þeirra og starfsháttum, m. a. til þess að auðvelda samskipti vinnuseljenda og atvinnurekenda, og flutt hafa verið frumvörp og þingsályktunartillögur um þessi efni.

Frumvörp um verkalýðsskóla hafa áður verið lögð fram á Alþingi, og í málefnasamningi vinstri stjórnarinnar svonefndu var stofnun slíks skóla heitið. Er flutningsmönnum kunnugt, að menntmálaráðuneytið hefur safnað víðtækum gögnum til undirbúnings því máli. Engin ákvörðun mun þó hafa verið tekin um framkvæmdir.

Með flutningi þáltill. 1958 var máli þessu hreyft á nokkuð öðrum grundvelli en áður hefur verið gert á Alþingi, þar sem gert er ráð fyrir almennri fræðslustofnun í stað venjulegs skóla. Þykir flutningsmönnum ólíklegt, að enn sé grundvöllur fyrir verkalýðsskóla hér á landi, og óvíst, að nemendur fáist til að setjast á skólabekk í 1—2 vetur til að búa sig undir störf, sem hljóta með fáum undantekningum að verða ólaunuð aukastörf. Þykir slík stofnun sem hér er gert ráð fyrir mun líklegri til árangurs, enda gæti hún strax og aðstæður leyfa haldið námskeið, er næðu tilgangi áðurnefndrar skólahugmyndar.

Fyrirmyndir að slíkri fræðslustofnun launþega má finna víða um heim, og er höfuðþáttur í starfi þeirra að efna til stuttra og langra námskeiða, oft í nánu samstarfi við ýmsa skóla. Hér á landi mætti halda slík námskeið að sumarlagi í skólabyggingum um land allt, bæði í sveit og bæ, og vafalaust tengja sum þeirra námskeiða við orlof. Stutt námskeið, 1—3 daga, fara mjög í vöxt erlendis. Einnig mætti halda margra vikna námskeið, t. d. í samvinnu við háskólann, er þörf reynist fyrir þau.

Þá mundi fræðslustofnun launþega senda fyrirlesara um land allt til að mæta á fundum launþegasamtaka. Þyrfti stofnunin í því sambandi að eignast myndræmur, skuggamyndir og kvikmyndir til stuðnings fyrirlestrum eða til sjálfstæðra sýninga.

Enn er hugsanlegt, að fræðslustofnunin gefi út í samvinnu við heildarsamtök launþega ýmiss konar fræðslurit, blöð og jafnvel bækur, er stuðla að takmarki stofnunarinnar. Bókasafn þarf hún sjálf að eignast, er fram líða stundir, og safna þar sem flestum heimildum um sögu og starf launþegasamtaka hér á landi og erlendis.

Æskilegt væri, að launþegasamtökin gætu sjálf annazt þá fræðslu, sem hér ræðir um, en þau hafa ekki bolmagn til slíks starfs í nægilega stórum stíl. Hins vegar er það þjóðfélagsleg nauðsyn, að starfsemi launþegasamtaka sé sem farsælust og þau nái höfuðtilgangi sínum, að bæta kjör félagsmanna sinna, eftir því sem efni standa til og án þess að mikil vinna og verðmæti tapist í verkföllum. Öruggasta leiðin til að ná slíku marki er aukinn félagsþroski og skilningur á heilbrigðu hlutverki og starfsháttum samtakanna. Fræðslustofnun eins og sú, sem hér er lagt til að koma á fót, gæti lagt fram þýðingarmikinn skerf í þá átt.

Nd. **99. Frumvarp til laga** [81. mál]

um áfengisvarnasjóð.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

Hlutverk áfengisvarnasjóðs er að styrkja áfengisvarnir, fræðslu um skaðsemi áfengis og bindindisstarf, einkum meðal ungs fólks. Sjóðurinn má styrkja önnur æskulýðssamtök en bindindisfélög, ef þau annast starfsemi, sem vinnur gegn áfengisnautn, og hindra fullkomlega alla áfengisneyzlu á samkomum sínum.

2. gr.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins greiðir áfengisvarnasjóði árlega framlag, er nemur 3% af hagnaði hennar af áfengissölu næsta ár á undan.

3. gr.

Áfengisvarnaráð ríkisins stjórnar áfengisvarnasjóði og ákveður, hvernig tekjum hans skuli varið.

Kostnaður við störf áfengisvarnaráðunautar, áfengisvarnaráðs og áfengisvarnanefndar skal greiddur úr áfengisvarnasjóði.

Reikningar áfengisvarnasjóðs skulu birtir opinberlega.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er kunnara en segja þurfi, að áfengisneyzla fer nú mjög vaxandi í landinu, einkum meðal ungs fólks. Óþarft á að vera að ræða það, hve mikil hætta er hér á ferðum.

Margar ástæður valda því að sjálfsögðu, að áfengisneyzlan eykst. Tvímælalaust er þó, að ríkisvaldið á ekki minnstu sökina. Dregið hefur verið úr hömlum gegn áfengissölu, t. d. með fjölgun vínsöluhúsa, og löggæzla ekki nægilega efld til að framfylgja settum reglum. Reykjavík er t. d. að verða sú höfuðborg, þar sem mest ber á ölvuðum mönnum á skemmtistöðum og götum úti. Þá færist ölvun við akstur ískyggilega í vöxt.

Um það má vitanlega deila, hve heppilegar séu strangar áfengishömlur eða hvort unnt sé að framkvæma þær, meðan aðrar reglur gilda í nágrannalöndum okkar. Hitt er hins vegar augljóst, að það er hættulegt, eins og líka er komið á daginn, að slaka á hömlunum án þess að gera jafnhliða ráðstafanir til að vega á móti, t. d. með aukinni fræðslu og bindindisstarfi og strangari löggæzlu til þess að framfylgja þeim hömlum, sem allir hljóta að vera sammála um, eins og t. d. að hindra ölvun við akstur og að láta ekki ölvaða menn setja ómenningarsvip á samkvæmisstaði og götur höfuðborgarinnar.

Áhrifamesta vopnið gegn áfengisneyzlunni er tvímælalaust eindregið og vakandi almenningsálit, er byggir afstöðu sína á hleypidómalausum forsendum og glöggum rökum. Það er skylda ríkisvaldsins að efla og styrkja slíkt almenningsálit með aukinni bindindisfræðslu og auknu bindindisstarfi. Alveg sérstaklega er áríðandi, að slíkt álit skapist meðal hinnar uppvaxandi kynslóðar.

Þetta var ljóst þeirri nefnd, sem vann að undirbúningi áfengislaganna frá 1954, en hana skipuðu: Gústaf A. Jónasson ráðuneytisstjóri, Brynleifur Tobíasson áfengisvarnaráðunautur, Jóhann G. Möller forstjóri, Ólafur Jóhannesson prófessor og Pétur Daníelsson hótelstjóri. Nefndin lagði til, að nokkuð yrði dregið úr ýmsum áfengis-

hömlum, m. a. í sambandi við veitingahús, en það kæmi svo á móti, að bindindisfræðsla yrði stórlega aukin og nægilegt fjármagn tryggt til þeirrar starfsemi. Í frv. nefndarinnar var lagt til, að stofnaður skyldi sérstakur áfengisvarnasjóður, er styrkti áfengisvarnir, bindindisfræðslu og bindindisútbreiðslu, og skyldu árlega renna í hann 3% af hagnaði áfengisverzlunar ríkisins. Illu heilli felldi Alþingi þetta ákvæði úr frv. nefndarinnar. Niðurstaðan við afgreiðslu áfengislaganna frá 1954 varð því sú, að dregið var úr áfengishömlum, en bindindisfræðsla skyldi aukin, en ekki tryggt neitt fjármagn til að tryggja hana. Ákvæði áfengislaganna frá 1954 um bindindisfræðslu í skólum og aðra bindindisstarfsemi hafa því að mestu orðið dauður bókstafur. Féð til starfseminnar hefur skort.

Það er af þessum ástæðum, sem hér er tekin upp tillaga nefndarinnar, sem undirbjó áfengislögin 1954, um stofnun sérstaks áfengisvarnasjóðs. Ef þetta frv. yrði að lögum, mundi það tryggja slíkum sjóði um 4½ millj. kr. tekjur árlega, miðað við hagnaðinn af áfengissölunni 1961 og 1962. Þessi fjárveiting er þó sízt of há, þar sem ætlazt er til samkv. frumvarpinu, að hún fari ekki aðeins til að styrkja hina beinu bindindisfræðslu og bindindisstarfsemi, heldur einnig ýmsa æskulýðsstarfsemi, er vinnur gegn áfengisneyzlu, eins og t. d. þá, sem Æskulýðsráð Reykjavíkur hefur með höndum, en það skortir mjög fé til hinnar merku starfsemi sinnar.

Það má öllum vera ljóst, að ekki má horfa aðgerðalaust á hina vaxandi áfengisneyzlu í landinu og hið mikla böl, sem af henni hlýzt. Það verður að hefja raunhæfa sókn gegn þessum háska. Slíkt verður ekki sízt gert með aukinni bindindisfræðslu og auknu bindindisstarfi. Þess vegna ætti að mega vænta þess, að tillögunni um áfengisvarnasjóð verði nú vel tekið.

Sþ. 100. Breytingartillögur [59. mál]

við till. til þál. um vegabætur á Vestfjörðum.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Páll Þorsteinsson, Hermann Jónasson.

1. Tillögugreinin orðist svo:
Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta Vestfirði og Austurland njóta jafnréttis um lánsfé til vegagerðar við þann landshluta, þar sem að tilhlutan ríkisstjórnarinnar er nú þegar unnið að vegagerð fyrir lánsfé.
2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um lánsfé til vegagerðar.

Sþ. 101. Fyrirspurnir. [82. mál]

I. Til sjávarútvegsmálaráðherra varðandi skipulagningu fiskveiða með netjum.

Frá Jóni Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þeirrar þingsályktunar, er Alþingi samþykkti 15. febr. 1961, um skipulagningu fiskveiða með netjum?

II. Til raforkumálaráðherra um rannsókn á virkjunarskilyrðum Jökulsár á Fjöllum o. fl.

Frá Karli Kristjánssyni, Jónasi G. Rafnar og Birni Jónssyni.

1. Hversu langt er á veg komin framkvæmd á ályktun Alþingis 22. marz 1961 „um að undirbúa virkjun Jökulsár á Fjöllum til stóriðju“?

2. Hve miklu fé hefur verið varið til rannsókna vegna virkjunar Jökulsár á Fjöllum og áætlunargerðar í því sambandi:
   a. áður en þingsályktunin var samþykkt,
   b. eftir að ályktunin var samþykkt?
3. Hefur verið rannsakað, hvar hagfelldust er útflutningshöfn fyrir vöru, er unnin yrði með orku frá virkjun Jökulsár?
4. Hve miklu fé hefur verið kostað til rannsókna og áætlunargerðar um virkjun einstakra vatnsfalla hérlendis — hvers fyrir sig — annarra en Jökulsár á Fjöllum, síðan þingsályktunin 22. marz 1961 var samþykkt?

Sþ. 102. Tillaga til þingsályktunar [83. mál]

um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að rannsaka, hvort ekki sé rétt að setja löggjöf um þjóðaratkvæði í mikilvægum löggjafarmálefnum, svo og hvort ekki sé rétt að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skal nefndin, ef hún telur ástæðu til, semja lagafrumvörp um það efni. Nefndin skal kynna sér sem rækilegast öll atriði varðandi þjóðaratkvæðagreiðslu, þar á meðal reynslu annarra þjóða í þeim efnum, en einkum ber nefndinni að athuga eftirtalin atriði:

a. hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvæðagreiðslu;
b. hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu, t. d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þingmanna eða ákveðnum fjölda kjósenda; og
c. hvort úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu eigi að vera bindandi eða aðeins til ráðgjafar.

Greinargerð.

Í ýmsum löndum gætir þjóðaratkvæðis talsvert sem löggjafaraðila. Þjóðaratkvæði mun t. d. allmikið notað í Sviss, Kanada og sumum öðrum brezku samveldislöndunum og í einstökum fylkjum Bandaríkjanna. Heimild til þjóðaratkvæðis er í stjórnlögum margra ríkja, svo sem Austurríkis, Tékkóslóvakíu, Danmerkur o. fl. Í sumum löndum er beinlínis stjórnarskrárbundið, að almenn atkvæðagreiðsla kjósenda skuli fara fram um tiltekin lög eða lagafrumvörp. Annars staðar veita stjórnarskrár skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis, þ. e. a. s. veita tilteknum aðilum svo sem ákveðinnni tölu þingmanna eða tilteknum fjölda kjósenda, rétt til að krefjast þjóðaratkvæðis um nánar tilgreind lög eða lagafrumvörp. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar geta ýmist verið ákvarðandi um gildi þeirra laga eða lagafrumvarpa eða aðeins til leiðsagnar fyrir löggjafann.

Í þessum tilvikum byggist bein þátttaka kjósenda í löggjafarstarfi — hvernig svo sem henni er nánar fyrir komið — á stjórnarskrárákvæðum. En auk þess mun sums staðar nokkuð tíðkast, að svo sé mælt fyrir í einstökum lögum, að þau skuli ekki koma til framkvæmda eða jafnvel ekki öðlast gildi, fyrr en þau hafa verið samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu.

Hér á landi hefur kveðið lítið að þjóðaratkvæði. Samkvæmt stjórnarskránni er þó skylt að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um löggjafarmál í tveimur tilvikum. Í öðru tilvikinu er um að ræða þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvarp, sem horfir til breytinga á kirkjuskipuninni, sbr. 2. mgr. 79. gr. og 62. gr. stjskr. Í hinu tilvikinu er um að tefla lög, sem forseti hefur synjað staðfestingar samkvæmt 26. gr.

stjskr. Á hvorugt þessara tilvika hefur reynt í framkvæmd, og hefur þjóðaratkvæðagreiðsla því aldrei farið fram samkvæmt þeim. Engin ákvæði eru til í stjórnarskránni um skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis. Hafa slík heimildarákvæði aldrei verið í íslenzku stjórnarskránni.

Það er að ýmissa dómi illa farið, að þjóðaratkvæði skuli ekki hafa verið notað hér meir en raun ber vitni. Eru sumir þeirrar skoðunar, að við getum þar lært af þeim þjóðum, sem áður eru nefndar. Hér skal að svo stöddu enginn dómur á það lagður, hvort aukin notkun þjóðaratkvæðis muni henta hér á landi. En það er ástæða til að taka það efni til rækilegrar rannsóknar. Og það er vissulega athugandi, hvort ekki sé rétt að breyta hér um stefnu og nota þjóðaratkvæði meira í framtíðinni en að undanförnu til þess að kanna afstöðu landsmanna til mikilvægra þjóðmála. Þjóðaratkvæði getur, ef vel tekst til, verið mikilsverður þáttur í lýðræðislegum stjórnarháttum. Má raunar segja, að í því sé fólgið hið fyllsta lýðræði að veita kjósendum þannig beina þátttöku í löggjafarstarfi. Það virðist að minnsta kosti fullkomin ástæða til að athuga, hvort ekki sé skynsamlegt að taka upp í stjórnarskrána skilorðsbundna heimild til þjóðaratkvæðis. En þá rís sú spurning, hverjum nánari skilyrðum sú heimild eigi að vera bundin. Og þegar hér á að athuga möguleika til aukinnar notkunar þjóðaratkvæðis, þarf margs að gæta. Það þarf meðal annars að kynna sér löggjöf og reynslu annarra þjóða í þessu efni. Það þarf að átta sig á, hvort heppilegra sé, að þjóðaratkvæði sé ákvarðandi eða aðeins ráðgefandi. Enn fremur er spurningin, hvaða aðilar eigi að hafa rétt til að krefjast þjóðaratkvæðagreiðslu. Þá koma og auðvitað til athugunar hin neikvæðu atriði í sambandi við þjóðaratkvæðagreiðslu, svo sem fyrirhöfn, kostnaður, dreifing ábyrgðar o. fl., o. fl.

Það er af greindum ástæðum tímabært að dómi flutningsmanna þessarar tillögu, að fram fari rækileg rannsókn á þessu sviði. Það er eðlilegt, að sú rannsókn sé framkvæmd af þingkjörinni nefnd, sem vitaskuld yrði að njóta aðstoðar sérfróðra manna.

Fyrir tillögu þessari verður gerð nánari grein í framsögu.

Nd. 103. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um almannavarnir.

Frá Valtý Guðjónssyni.

1. Við 7. gr. 2. málsgr. orðist svo:

Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja þar, sem ríkisstjórnin ákveður með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

2. Við 8. gr. Fyrri málsliður síðari málsgr. orðist svo:

Í Reykjavík er borgarstjóri formaður nefndarinnar, en borgarstjórn er heimilt að skipa nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra.

Nd. 104. Frumvarp til laga [84. mál]

um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Skúli Guðmundsson, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson.

I. KAFLI
Um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar.

1. gr.

Tilgangur þessara laga er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með rannsóknarstörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað undanfarið eða er talin yfirvofandi.

2. gr.

Sameinað Alþingi kýs að loknum alþingiskosningum hverju sinni fimm manna jafnvægisnefnd og jafnmarga til vara. Nefndin velur sér formann og ritara. Nefndinni er heimilt að ráða menn í þjónustu sína, eftir því sem nauðsyn krefur og ríkisstjórnin samþykkir. Kostnaður við nefndarstörfin greiðist úr ríkissjóði.

3. gr.

Jafnvægisnefnd heldur fundi a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þört krefur.

4. gr.

Jafnvægisnefnd lætur gera áætlanir samkvæmt 7. gr. Hún stjórnar jafnvægissjóði og ráðstafar eignum hans samkvæmt II. kafla þessara laga.

5. gr.

Jafnvægisnefnd safnar efni til skýrslugerðar og lætur árlega gera skýrslur um þau atriði, sem þykja máli skipta í sambandi við verksvið hennar.

6. gr.

Opinberar stofnanir skulu, ef jafnvægisnefnd óskar þess, hver á sínu sviði, láta henni í té aðstoð og upplýsingar, sem henni eru nauðsynlegar til skýrslugerðar samkv. 5. gr. og áætlanagerðar samkv. 7. gr.

7. gr.

Jafnvægisnefnd lætur, þegar þörf þykir til þess, gera áætlanir um framkvæmdir í einstökum byggðarlögum, enda séu þær við það miðaðar, að með þeim sé stuðlað að jafnvægi í byggð landsins. Áætlanir þessar skulu að jafnaði gerðar í samráði við sýslunefnd, bæjarstjórn eða hreppsnefnd, eina eða fleiri. Lán og framlög úr jafnvægissjóði, sbr. II. kafla, skulu ákveðin með hliðsjón af slíkum áætlunum, séu þær fyrir hendi.

II. KAFLI
Um jafnvægissjóð.

8. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist jafnvægissjóður, og sé hann undir stjórn jafnvægisnefndar. Hlutverk jafnvægissjóðs er að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda

og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna samkvæmt 1. gr. Framkvæmdabanki Íslands annast dagleg afgreiðslustörf og reikningshald sjóðsins eftir nánari fyrirmælum jafnvægisnefndar, gegn þóknun, sem ráðherra ákveður.

Endurskoðendur Framkvæmdabankans annast endurskoðun reikninga jafnvægissjóðs. Skulu reikningarnir birtir árlega í Stjórnartíðindum ásamt skrá um lántakendur og upphæðir lána svo og um óafturkræf framlög á sama hátt.

9. gr.

Tekjur jafnvægissjóðs eru:

1. 1½% af árlegum tekjum ríkissjóðs samkvæmt ríkisreikningi, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1962.
2. Vaxtatekjur.

10. gr.

Úr jafnvægissjóði má veita lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins samkv. 1. gr., þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum, enda séu aðrir lánsmöguleikar fullnýttir. Skal áður leitað álits hlutaðeigandi sveitarstjórnar, sé hún ekki sjálf umsækjandi. Veita má sveitarfélögum lán til að koma upp íbúðum. Um tryggingu fyrir láni, vexti og afborganaskilmála fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar (jafnvægisnefndar) hverju sinni.

11. gr.

Óafturkræf framlög má veita, ef sérstaklega stendur á og a. m. k. fjórir nefndarmenn samþykkja.

12. gr.

Sé sveitarfélögum veitt lán til íbúða, er jafnvægisnefnd heimilt að afla sjóðnum lánsfjár í því skyni, ef hún telur þess þörf, og endurlána það sjóðnum að skaðlausu, að því er lánskjör varðar.

13. gr.

Nú ákveður hreppsnefnd, bæjarstjórn eða sýslunefnd, ein eða fleiri saman, að koma upp sérstökum jafnvægissjóði til starfa í umdæmi sínu og að leggja fram fé til þess, og getur þá jafnvægisnefnd, ef stofnandi eða stofnendur óska, löggilt slíkan sjóð sem jafnvægissjóð þess svæðis, sem um er að ræða. Hafi sjóður fengið slíka löggildingu, er jafnvægisnefnd heimilt að veita honum lán, enda veiti hún þá yfirleitt ekki önnur lán til framkvæmda á starfssvæði hans. Stjórn slíks sjóðs ber að fylgjast með áætlunum jafnvægisnefndar um framkvæmdir á hlutaðeigandi landssvæði, enda þarf, ef nefndin hefur veitt honum lán, samþykki hennar til lánveitingar úr honum samkvæmt reglum, er hún setur.

14. gr.

Heimilt er jafnvægisnefnd, ef sérstaklega stendur á, að gerast fyrir hönd sjóðsins meðeigandi í atvinnufyrirtæki, sem hún telur nauðsynlegt að koma á fót í samræmi við tilgang þessara laga, enda séu a. m. k. 4 nefndarmenn því samþykkir og að þeirra dómi og hlutaðeigandi sveitarstjórnar ekki unnt að koma fyrirtækinu á fót á annan hátt.

15. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal jafnvægisnefnd kosin í fyrsta sinn á Alþingi því, er setur lögin.

Greinargerð.

Það mun almennt talið, að þá sé jafnvægi í byggð landsins, ef íbúum einstakra landshluta fjölgar á tilteknum tíma um sama eða svipaðan hundraðshluta og þjóðinni í heild. Með landshluta er þá yfirleitt átt við landsfjórðung eða stóran hluta úr

landsfjórðungi, sbr. mannfjöldaskýrsluna hér á eftir. Einnig mætti segja, að jafnvægi í byggð landsins sé sú dreifing þjóðarfjölgunarinnar, að öll lífvænleg byggð haldist og eflist um land allt, að þjóðin haldi áfram að byggja alla björgulega staði í landi sínu.

Árið 1940, við aðalmanntal, var mannfjöldinn á öllu landinu 121474. Hinn 1. des. 1961 var hann 180058. Fjölgun 58584, eða 48.2%. Í einstökum landshlutum var mannfjöldinn þessi 1940 og 1961:

	1940:	1961:		
Kjalarnesþing (vestan Fjalls) ..	47460	100447	Fjölgun	ca. 112%
Vesturland sunnan Gilsfjarðar ..	9936	12098	—	— 22%
Vestfirðir	12953	10560	Fækkun	— 18%
Norðurland	27406	30376	Fjölgun	— 11%
Austurland	10123	10504	—	— 4%
Suðurland (austan Fjalls)	13596	16073	—	— 18%
	121474	180058		

Þessar tölur bera glöggt vitni um hina gífurlegu röskun, sem enn hefur orðið síðustu áratugi á jafnvæginu í byggð landsins. Á Vestfjörðum var bein fólksfækkun um ca. 18%. Í fjórum landshlutum var fjölgunin aðeins 4%, 11%, 18% og 22%, á sama tíma sem þjóðinni fjölgaði um rúml. 48% — þ. e. hlutafallsleg fólksfækkun. Jafnvel í höfuðstað Norðurlands, Akureyri, var um hlutfallslega fólksfækkun að ræða á síðasta áratug. En í Kjalarnesþingi (vestan Fjalls) hækkaði fólkstalan um ca. 112% á tímabilinu 1941—61. Í sex samliggjandi sveitarfélögum við innanverðan Faxaflóa hækkaði íbúatalan úr ca. 43400 upp í ca. 90600. Á því litla landsvæði á nú rúmlega helmingur þjóðarinnar heima.

Þessi þróun er mjög varhugaverð, svo að ekki sé meira sagt, fyrir land og þjóð, ekki aðeins þá landshluta, sem eiga við beina eða hlutfallslega fólksfækkun að stríða, heldur einnig fyrir höfuðborgina og nágrenni hennar, sem á erfitt með að valda sumum þeim verkefnum, sem á hana hlaðast vegna of mikils vaxtarhraða, og getur af þeim sökum orðið örðugra en ella að byggja þar upp nægilega traust atvinnulíf í framtíðinni. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra landsmanna að stuðla að því, að fólksfjölgunin dreifist meir um landið en hún hefur gert hingað til á þessari öld. En til þess að svo megi verða, þarf fyrst og fremst að útvega fjármagn til að efla atvinnulíf hinna einstöku landshluta og stuðla að því, að skortur á íbúðarhúsnæði hamli því ekki, að fólk setjist að í þessum landshlutum, t. d. faglærðir menn eða sérfróðir á einhverju sviði, sem víða vantar tilfinnanlega um þessar mundir.

Alllangt er nú síðan byrjað var að komast svo að orði á Alþingi og víðar á opinberum vettvangi, að nauðsyn bæri til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og hefja á vegum ríkisvaldsins sérstaka og sjálfstæða starfsemi í því skyni. Það var um það leyti kunnugt orðið, að Norðmenn höfðu gert framkvæmdaáætlun mikla fyrir Norður-Noreg, sem þá var orðinn hlutfallslega mun mannfærri en aðrir landshlutar þar og hafði dregizt aftur úr á ýmsum sviðum. Framkvæmd þessarar Norður-Noregs-áætlunar er nú lokið, en ráðstafanir af sama tagi hafa verið gerðar á breiðara grundvelli. Mikilvægi þessa máls virðist vera ráðamönnum Noregs vel ljóst, og sýna þeir það í verki.

Sú var á síðasta áratug framkvæmd þessara mála hér á landi, að tekin var upp sú regla að veita á fjárlögum sérstakt fjárframlag úr ríkissjóði til „atvinnu- og framleiðsluaukningar“, sem aðallega var notað til lánveitinga í sambandi við uppbyggingu atvinnulífs í sjávarplássum á Norður-, Austur- og Vesturlandi. Í sveitunum var að sjálfsögðu haldið áfram að framkvæma hina eldri löggjöf um nýbýli og aðstoð við ræktunarsambönd, svo og aðrar ráðstafanir, sem Landnám ríkisins hefur um-

sjón með og að því áttu að miða að koma í veg fyrir eyðingu býla, en af sjálfu atvinnuaukningarfénu hefur lítið runnið til sveitabyggðanna. Atvinnuaukningarfjárveitingin varð hæst árið 1957, þá 15 millj. kr., en var í fjárlögum fyrir árið 1962 aðeins 10 millj. kr. Stjórnskipaðar nefndir störfuðu um skeið að rannsóknum á aðstöðu einstakra landshluta og byggðarlaga, einkum á sviði atvinnumála, og gerðu skýrslur og áætlanir um þau efni. Jafnvægismálið hefur legið fyrir Alþingi í ýmsum myndum, um það verið rætt þar og stundum gerðar um það ályktanir. Af hálfu Framsóknarflokksins voru á Alþingi 1959—1960 og 1960—1961 flutt frv. um framleiðslu- og atvinnuaukningarsjóð og ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, en fengu ekki afgreiðslu. Á síðasta þingi voru sett lög um atvinnubótasjóð. Með þeim lögum var í rauninni ákveðið, að atvinnuaukningarféð skyldi vera 10 millj. kr. á ári í 10 ár, sem er mjög lág upphæð, miðað við það, sem áður var, og núverandi verðlag, og það lagt í sjóðinn ásamt útistandandi lánum af atvinnuaukningarfé frá öndverðu, en þau lán hafa a. m. k. til skamms tíma verið innheimt vægilega. Yfir sjóðinn var sett sérstök stjórn, er Alþingi kýs í upphafi kjörtímabils, en síðustu árin þar áður hafði þingið kosið nefnd ár hvert til þess að úthluta atvinnuaukningarfénu. Framkvæmdin mun vera á þá leið, að sjóðsstjórnin kemur saman nokkra daga ár hvert, lítur yfir þann mikla fjölda umsókna, sem borizt hefur — án þess að eftir þeim sé auglýst —, og úthlutar 10 milljónunum — aðallega í einni lotu. Um skipulagða jafnvægisstarfsemi, byggða á fyrirframgerðri áætlun, er varla að ræða. Tilgangur sjóðsins er ekki glöggt markaður í lögunum. Sum ákvæði þeirra benda til þess, að hér sé aðallega um að ræða ráðstafanir gegn atvinnuleysi — eins konar útibú frá atvinnuleysistryggingasjóðnum —, en reyndin virðist vera sú í bili, að meiri hluti úthlutunarfjárins sé lánaður til fiskiskipa um land allt, út á síðari veðrétt, án sérstaks tillits til jafnvægissjónarmiðs. Er það út af fyrir sig gagnleg starfsemi, enda ekki við henni hróflað í þessu frumvarpi. En í lögunum um atvinnubótasjóð og framkvæmd þeirra felst engin ný skapandi lausn þessara mála, enda varla vakað fyrir stjórnarvöldum, að svo yrði, heldur aðeins lögfest aðferð til að úthluta atvinnuaukningarfénu og upphæð þess ákveðin 10 ár fram í tímann, á þann hátt, sem þarna er gert.

Frv. það, sem hér liggur fyrir, er byggt á þeirri skoðun, að ekki megi lengur dragast að koma á fót sjálfstæðri og skipulagðri starfsemi til frambúðar í því skyni að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að sú starfsemi hafi við það fjárframlag að styðjast, að verulegs árangurs megi vænta. Hér er um svo stórt og umfangsmikið verkefni að ræða, að engin von er til þess, að venjuleg úthlutunarnefnd, sem kemur saman á 1—2 skyndifundi árlega og skortir aðstöðu til að afla sér þekkingar á högum byggðarlaganna víðs vegar um land, geti innt það af hendi, svo að viðhlítandi sé, með þeim takmörkuðu fjármunum, sem lögin um atvinnubótasjóð gera ráð fyrir. Hér þarf að koma til föst stofnun með starfsmanni eða starfsmönnum, sem geta helgað sig viðfangsefninu, og sjóðsstjórn, sem innir af hendi annars konar starf en nú er gert ráð fyrir. Nauðsynlegrar þekkingar verður að afla á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa í atvinnulífinu á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni.

Gert er ráð fyrir, að jafnvægissjóður fái til umráða 1½% af tekjum ríkissjóðs ár hvert, í fyrsta sinn af tekjum ársins 1962. Miðað við áætlun fjárlaga fyrir 1962 yrðu tekjur jafnvægissjóðs í fyrsta sinn um 26 millj. kr., en breytast síðan í hlutfalli við tekjur ríkissjóðs, sem á að tryggja það, að starfsgeta sjóðsins haldist, þótt verðlag breytist. Einhverjum kann að þykja þetta há upphæð við fyrstu sýn, en að vel athuguðu máli verður það varla talið frekt í sakirnar farið, þó að lagt sé til, að ríkið verji árlega þessum lága hundraðshluta af tekjum sínum til að skipuleggja á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, sókn gegn þeirri öfugþróun, sem tölurnar hér að framan bera vitni um, og tryggja framtíð þeirra byggða, sem alið hafa

upp mikinn hluta þess fólks, sem starfað hefur að uppbyggingu landsins til þessa eða nú er á starfsaldri. Rétt er líka að hafa það í huga, að framlög ríkisins til verklegra framkvæmda víðs vegar um land hafa farið hlutfallslega lækkandi í seinni tíð, miðað við umsetningu fjárlaga.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, er í tveim köflum. Fjallar fyrri kaflinn, sem að miklu leyti er sniðinn eftir frv., er efri deild Alþingis samþykkti árið 1956, um tilgang laganna og störf jafnvægisnefndar, sem gert er ráð fyrir, að kjörin verði af Alþingi og haldi fund a. m. k. einu sinni í mánuði og oftar, ef þurfa þykir. Nefndinni er heimilað að tryggja sér starfskrafta, eftir því sem nauðsyn krefur, enda komi til samþykki ríkisstjórnar. Yrði það sennilega gert í félagi við Framkvæmdabankann. Á það skal minnt, að sú ríkisstofnun þykir víst ekki stór í sniðum nú á tímum, sem engan fastan starfsmann fær að hafa í þjónustu sinni. Jafnvægisstofnunin á samkvæmt frumvarpinu að hafa með höndum rannsóknarstörf, áætlanagerð og ráðstöfun fjármagns til uppbyggingar á þann hátt, sem frv. gerir ráð fyrir. Í því skyni eru henni fengin umráð yfir jafnvægissjóði, en um hann er II. kafli frumvarpsins. Gert er ráð fyrir, að fjárframlög úr jafnvægisssjóði verði aðallega veitt sem lán, þegar aðrir lánsmöguleikar hlutaðeigandi aðila eru fullnýttir, og að stjórn sjóðsins ákveði sjálf lánskjörin hverju sinni. Geta þau þá farið að verulegu leyti eftir greiðslugetu. Samkvæmt frumvarpinu má veita slík lán til hvers konar framkvæmda, sem að dómi jafnvægisnefndar eru til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, þ. á m. til kaupa á atvinnutækjum. Er þá að sjálfsögðu gert ráð fyrir, að sveitir landsins geti einnig notið þar góðs af, að því leyti sem stuðningur sá, sem veittur er samkvæmt landbúnaðarlöggjöfinni, leysir ekki þau viðfangsefni, sem um er að ræða. Meðal annars er gert ráð fyrir, að jafnvægisnefnd geti aðstoðað sveitarfélög við að koma upp íbúðum, þar sem íbúðaskortur kemur í veg fyrir æskilega fólksfjölgun og það mál verður ekki leyst á annan hátt, — er áður að því efni vikið, — og að sjóðurinn megi afla sér lánsfjár í því skyni, sér að skaðlausu. Sjóðsstjórninni er heimilt að gerast meðeigandi í atvinnufyrirtæki, ef sérstaklega stendur á og fullnægt er tilteknum skilyrðum.

Rétt þykir að gera ráð fyrir þeim möguleika, að einstakar sveitarstjórnir eða sýslunefndir, ein eða fleiri saman, kunni að hafa hug á og telja sér fært að leggja sjálfar fram fé til þeirrar uppbyggingar á sínu svæði, sem frumvarp þetta tekur til, og hafa þá sjálfar meiri forustu en yfirleitt er gert ráð fyrir í frumvarpinu. Þykir þá sanngjarnt og eðlilegt, að þær geti, ef þannig er að farið, fengið til þess aðstoð jafnvægisnefndar á þann hátt, sem nánar er tiltekið, enda verði þá yfirleitt ekki um aðrar beinar lánveitingar úr jafnvægissjóði að ræða á því svæði, sem hér er um að ræða.

Lagt er til, að Framkvæmdabanki Íslands annist daglega afgreiðslu og reikningshald fyrir jafnvægissjóð.

Að svo stöddu er að dómi flm. ógerlegt að setja með lögum nákvæmar reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frv. eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en a. ö. l. verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum jafnvægisnefndar. Hér er um að ræða ráðstafanir, sem verða munu allri þjóðinni til hagsbóta. — Einnig sá landshluti, sem fjölmennastur er eða verður, mun — eins og fyrr var að vikið — njóta hér góðs af í ríkum mæli, ef takast mætti að stöðva, eða minnka fólksstrauminn þangað, því að hið mikla aðstreymi fólks, sem þar hefur átt sér stað áratugum saman, hefur skapað þessum landshluta ýmiss konar erfiðleika og ekki verið honum hentugt, enda á sumum sviðum haft í för með sér mikil fjárútlát fyrir borgarana. — Í öðrum landshlutum mundi jafnvægissjóður með beinum fjárframlögum og þá einkum útlánum styðja þá uppbyggingarstarfsemi, sem að undangenginni athugun telst til þess fallin á hverjum tíma að draga úr fólksstraumnum þaðan eða stöðva hann. Hér er ekki um það að ræða, að hvergi megi leggja niður byggt ból eða flytja á hagkvæmari stað. Uppbygging-

una ber að miða við það að hagnýta sem bezt gæði náttúrunnar til lands og sjávar, þar sem þau eru til staðar. Björgulega staði ætti ekki að yfirgefa, heldur stefna að því þar að gera mönnum kleift að koma atvinnurekstri sínum og aðstöðu í samræmi við það, sem hæfilegt má teljast og óhjákvæmilegt á hverjum tíma. En jafnframt ber að hafa það í huga, að ráðið til þess að hindra beina eða hlutfallslega fólksfækkun í einhverjum landshluta getur verið meðal annars í því fólgið að koma þar upp þéttbýlishverfum eða efla kaupstaði og kauptún, sem fyrir eru, og ber þá jafnvægisstofnuninni að sjálfsögðu að greiða fyrir uppbyggingu og vexti slíkra staða, jafnhliða annarri uppbyggingu þar um slóðir. Aukning fólksfjölda á slíkum þéttbýlisstöðum, þótt hún í bili dragi til sín eitthvað af fólki úr umhverfi sínu, getur verið brýnt hagsmunamál hlutaðeigandi landshluta, ef hún ræður úrslitum um það, að hann sem heild haldi sínum hlut. Í bæjum og þorpum skapast líka markaður og ýmsir aðrir slíkir möguleikar fyrir nálægar sveitir. Af þessu leiðir, að jafnvægismálið verður ekki leyst, svo að vel sé, nema á það sé litið frá heildarsjónarmiði hinna stóru landshluta, en þá jafnframt haft í huga, að björgulegar byggðir, þótt nú séu af einhverjum ástæðum fámennar og eigi í vök að verjast, dragist ekki aftur úr í sókn þjóðarinnar til bættra atvinnuhátta og betri lífskjara. Jafnvægisstarfsemin á ekki að vera fólgin í „atvinnuleysisráðstöfunum“ eða örvun þjóðhagslega óhagkvæmrar framleiðslu með stuðningi við hana, heldur í því, að gera börnum landsins kleift — með aðstoð fjármagns og tækni — að grundvalla búsetu sína, lífsafkomu og menningu á náttúrugæðum til lands og sjávar, hvar á landinu sem þau eru, — að koma með skynsamlegum ráðum í veg fyrir, að landsbyggðin eyðist eða dragizt svo aftur úr, að framtíðarvonir hennar verði að engu gerðar. Koma þarf í veg fyrir þann misskilning, sem stundum ber á, að hin fámennari byggðarlög og atvinnurekstur þeirra sé yfirleitt byrði á þjóðarbúskapnum. Athuganir hafa leitt í ljós, að í sumum fámennum sjávarplássum t. d. skilar hver íbúi að meðaltali svo mikilli gjaldeyrisvöruframleiðslu í þjóðarbúið, að athygli vekur við samanburð. Víða í sveitum er framleiðslan líka án efa mjög mikil, ef reiknað er á þennan hátt. En þar sem fjármagn skortir og tækni er af skornum skammti, verður þetta á annan veg. Þess ber einnig að geta, að engin stétt í þjóðfélaginu mun leggja hlutfallslega eins mikið fram af eigin tekjum og með vinnu sinni til uppbyggingar í landinu og bændastéttin. Óhætt mun að gera ráð fyrir, að hagnýt þjóðarframleiðsla minnki ekki, heldur vaxi við aukið jafnvægi í byggð landsins.

Sþ. 105. Tillaga til þingsályktunar [85. mál]

um ábyrgðartryggingar atvinnurekenda vegna slysa, er verða kunna á starfsfólki þeirra við vinnu.

Flm.: Karl Guðjónsson, Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga, sem geri atvinnurekendum að skyldu að kaupa fullnægjandi ábyrgðartryggingu fyrir slysabótum, sem á atvinnureksturinn kunna að falla.

Greinargerð.

Þegar slys verða á fólki við störf, er atvinnurekandi oft skaðabótaskyldur lögum samkvæmt.

Flest meiri háttar atvinnufyrirtæki munu tryggja sig fyrir slíkum skaðabótagreiðslum, svo að sá, sem skaðabótarétt öðlast, fær sínar greiðslur, eins og lög

standa til. Á hinn bóginn eru margir atvinnurekendur ótryggðir fyrir öllum slíkum skakkaföllum og oft vanmegnugir til að leysa af hendi þær skyldur, sem á þá falla, þegar slys ber að höndum í atvinnurekstri þeirra.

Þegar svo illa tekst til, gerist hvort tveggja í senn: Hinn slasaði verður af þeim bótum, sem hann á lögum samkvæmt, eða greiðsla þeirra dregst óhæfilega, og atvinnurekandinn verður upp frá því með dómkröfu vegna slyssins á herðum sér, þar til slysið er bætt, sem máske getur aldrei orðið.

Hver sá maður, sem tekur bifreið í notkun, verður áður að kaupa ábyrgðartryggingu fyrir því tjóni, sem hann kann að valda með bifreiðinni. Víst er, að þetta fyrirkomulag er almennt talið sjálfsagt og veita að ákveðnu marki fullvissu fyrir því, að tjón, sem bifreiðin kann að valda, fáist bætt.

Flutningsmenn telja eðlilegt, að hliðstæð skylda og á bíleigendum hvílir til kaupa á ábyrgðartryggingu verði einnig lögð á atvinnurekendur varðandi slys og tjón, sem hljótast kunna af atvinnurekstri þeirra. Slík trygging mundi báðum henta, atvinnurekendum og starfsmönnum þeirra.

Nd. 106. Frumvarp til laga [86. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þó eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Siglingamálaráðherra hefur tjáð oss, að h/f Hvalur eigi nú kost á að kaupa erlendis hvalveiðiskip, sem henti mjög vel til hvalveiða hér við land, en nauðsynlegt sé að endurnýja hvalveiðiskipaflotann, og enn fremur, að þar sem hið umrædda skip sé eldra en 12 ára, en vandkvæðum bundið að kaupa yngri skip til hvalveiða, beri brýna nauðsyn til að heimild sé veitt til innflutnings skipsins, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

Vegna þessa gefum vér út bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ráðherra skal heimilt að leyfa h/f Hval innflutning á einu hvalveiðiskipi, þó eldra sé en 12 ára, sbr. 35. gr. laga nr. 50/1959.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 1. júní 1962.

Ólafur Thors. **Friðjón Skarphéðinsson.** **Jónatan Hallvarðsson.**

(L. S.)

Emil Jónsson.

Nd. 107. Frumvarp til laga [87. mál]

um breyting á lögum nr. 43 frá 9. maí 1947, um innlenda endurtryggingu, stríðsslysatryggingu skipshafna o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

8. gr. 5. töluliður orðist svo:

Skírteinið veitir rétt til hlutdeildar í arði félagsins samkvæmt því, sem félagsstjórn ákveður á hverjum tíma, sbr. 2. tl. og 2. mgr. 3. tl. 10. gr.

2. gr.

10. gr. 2. töluliður orðist svo:

Til arðgreiðslu af innborguðu áhættufé eigi yfir 6%. Nú hafa innlánsvextir sparisjóðsdeildar Landsbanka Íslands, viðskiptabanka, af sparifé á almennum innlánsbókum án sérstaks uppsagnarfrests, verið hærri en 4% yfir árið á því ári, sem arður er miðaður við, og er þá heimilt að greiða arð, er sé 2% -tveimur af hundraði- hærri en innlánsvextirnir voru.

10. gr. 2. málsgr. 3. töluliðar orðist svo:

Ef arður verður eigi greiddur af tekjuafgangi og ekki heldur úr arðjöfnunarsjóði, getur stjórn félagsins ákveðið að nota megi arð, er síðar fellur til, til þess að jafna arðgreiðslur fyrri ára, þannig að arðurinn nái því hámarki, sem leyft er samkvæmt 2. tölulið þessarar greinar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 12/1955, um breyting á lögum nr. 43/1947.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Starfsemi sú, sem lög nr. 43/1947 fjalla um, var fyrst mörkuð með lögum nr. 106/1943. Í þeim lögum var hámarksarður ákveðinn 6% af innborguðu áhættufé. Í lögum nr. 43/1947 var hámarksarður ákveðinn 5%. Hámarkið var aftur fært upp í 6% með lögum nr. 12/1955.

Það var sameiginlegt með þeim þremur ákvæðum um hámarksarð, sem vísað er til hér að framan, að hámarkið var nokkuð yfir innlánsvöxtum á almennum sparisjóðsbókum án sérstaks uppsagnarfrests hjá sparisjóðsdeild Landsbanka Íslands. Nú hafa vextir almennt hækkað svo, að sparisjóðsvextir hafa um skeið ver-

ið hærri en hæsti leyfilegur arður hjá Íslenzkri endurtryggingu. Þar sem áhættufjáreigendur hafa mjög takmarkaðan umráðarétt yfir áhættufénu og starfsemi félagsins, vekur það nokkra óánægju, þegar vextir eru almennt svo háir sem nú, að ekki skuli vera heimilt að greiða nema 6% arð. Breytingin miðar að því, að heimila dálítið hærri arðgreiðslu, þegar sparisjóðsvextir eru yfir 4% p. a.

Nd. 108. Frumvarp til laga [88. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Hinn 1. janúar 1963 fellur úr gildi 10. gr. laganna.

Allar bætur skulu frá sama tíma greiddar samkvæmt ákvæðum laganna um bætur á 1. verðlagssvæði.

Ákvæði þessarar greinar skulu ekki hafa áhrif á aðrar reglur laganna en þær, er snerta bætur, iðgjöld og framlög.

2. gr.

Við skiptingu framlags sveitarfélaga á umdæmi kaupstaða og sýslufélaga árið 1963, skal áætla útgjöld lífeyristrygginga í hverju umdæmi, sem var á öðru verðlagssvæði árið 1962, miðað við að þau hefðu þá verið á fyrsta verðlagssvæði.

3. gr.

Ellilífeyrir skv. 13. gr. laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, svo og örorkulífeyrir skv. 14. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 13 31. marz 1960, um breyting á þeim lögum, lög nr. 86 28. desember 1960, um bráðabirgðabreyting sömu laga, svo og lög nr. 95 8. desember 1961, um hækkun á bótum almannatrygginga, skal hækka um 7% frá 1. júní 1962.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd þeirri, sem starfar að heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar og Emil Jónsson, félagsmálaráðherra, skipaði hinn 12. september 1960.

Í nefndinni eru: Gunnar J. Möller, hæstaréttarlögmaður, Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem er formaður nefndarinnar, frú Jóhanna Egilsdóttir, frú Sigríður J. Magnússon og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri.

Þar eð heildarendurskoðun laganna um almannatryggingar er enn eigi lokið, svo að frumvarp til heildarlaga getur ekki legið fyrir nú fyrir áramótin, en nefndin hefur hins vegar orðið sammála um veigamiklar breytingar á lögunum, sem hún leggur til, að komi til framkvæmda nú þegar og 1. janúar n. k., hefur nefndin samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir, um bráðabirgðabreyting á lögunum um almannatryggingar.

Í frumvarpinu eru tvær breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til, að verðlagssvæðaskipting landsins í 1. og 2. verðlagssvæði verði felld úr gildi og að bætur almannatrygginga verði frá 1. janúar hinar sömu eins og þær eru á 1. verðlagssvæði hvar-

vetna í landinu. Engar skýrslur liggja fyrir um það, að verðlag sé lægra á einum stað í landinu en öðrum, og engar ástæður eru til þess að ætla, að svo sé.

Í raun og veru er því enginn grundvöllur fyrir slíkri skiptingu landsins í verðlagssvæði, sem verið hefur í gildi frá 1946. Við endurskoðun þá, sem fram fór á almannatryggingalögum, þegar lög nr. 24/1956 voru sett, var mjög rætt um afnám verðlagssvæðanna. Þá lágu hins vegar fyrir neikvæðar afstöður flestra sveitarfélaga til málsins, svo að ekki þótti þá ráðlegt að knýja þessa breytingu fram gegn vilja mikils þorra sveitarfélaganna. Nú hafa verið sett ný lög um tekjustofna sveitarfélaga, sem mjög hafa bætt fjárhagslega afkomu þeirra, svo að eigi þykir ástæða til, vegna þeirra, að fresta lengur þeirri leiðréttingu gagnvart bótaþegum, sem felst í frumvarpinu um afnám verðlagssvæðanna.

Í öðru lagi hafa laun opinberra starfsmanna nú verið hækkuð um 7% frá 1. júní 1962. Þeirri reglu hefur ætíð verið fylgt um elli- og örorkulífeyri, að hann hefur hækkað í sama hlutfalli og frá sama tíma og launagreiðslur til þeirra starfsmanna hins opinbera, sem lægst laun hafa haft. Er því lagt til í frumvarpinu, að elli- og örorkulífeyrir hækki frá 1. júní 1962 um 7%.

Enn er í athugun hjá nefndinni hlutfallið milli hinna ýmsu annarra bótategunda almannatrygginganna með tilliti til betra samræmis en nú er. Þykir því ekki tímabært að svo stöddu að hagga við þeim bótagreiðslum. Áður hafa líka þær hækkanir, sem orðið hafa á launum opinberra starfsmanna í sumum tilfellum verið takmarkaðar við aðalbæturnar, nefnilega elli- og örorkulífeyri.

Á fylgiskjali því, sem fylgir frumvarpinu, er gerð grein fyrir þeim kostnaði, sem frumvarp þetta hefur í för með sér, ef að lögum verður, og vísast til þeirrar greinargerðar.

Fylgiskjal.

Útgjaldaaukning lífeyristrygginga 1963 vegna fyrirhugaðrar lagabreytingar.

	7% bótahækkun Millj. kr.	Verðlagssvæðabreyting Millj. kr.	Samtals Millj. kr.
Ellilífeyrir	13.7	24.8	38.5
Örorkulífeyrir	3.5	5.2	8.7
Örorkustyrkir	0.2	0.2	0.4
Barnalífeyrir óekr.	—	2.6	2.6
Mæðralaun	—	0.7	0.7
Ekkjubætur og lífeyrir	0.2	0.4	0.6
Varasjóðstillag	0.4	0.7	1.1
Samtals	18.0	34.6	52.6

Útgjöld þessi skiptast:

Ríkissjóður	kr.	18.9 millj.
Hinir tryggðu	—	16.8 —
Sveitarsjóðir	—	9.5 —
Atvinnurekendur	—	7.4 —
Samt.,	kr.	52.6 —

Nd. **109. Frumvarp til laga** [89. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

I. KAFLI
Orðaskýringar.

1. gr.

Í lögum þessum merkir:

Gistiheimili: Þeir gististaðir, er selja gistingu og greiða í atvinnuskyni, en eru að einhverju eða öllu leyti í sambandi við heimili gestgjafa.

Gistihús (hótel): Gististaður af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við gistingu og veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.

Gistiskáli: Staður, þar sem er aðstaða til gistingar, en takmörkuð þjónusta látin í té.

Gististaður: Samheiti um alla þá staði, þar sem seld er næturgisting.

Greiðasala: Sala á veitingum, rekin í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem látin er í té takmörkuð þjónusta.

Skemmtistaður: Veitingahús, þar sem seldar eru veitingar, en sem ekki er opið alla daga vikunnar.

Söluskýli: Staður, þar sem seldir eru gosdrykkir, öl og sælgæti og salan er ekki háð reglum sölubúða um lokunartíma og annað.

Tækifærisveitingar: Veitingar, sem eru ekki látnar í té að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri.

Veitingastofa: Veitingastaður, þar sem seldir eru heitir og kaldir drykkir, brauð og kökur, en ekki heilar máltíðir.

Veitingahús: Veitingastaður (restaurant) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té alla venjulega þjónustu við veitingasölu, hefur fyrirskipaðan búnað og er opinn alla daga vikunnar.

Veitingastaður: Samheiti um alla þá staði, þar sem seldar eru veitingar.

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

2. gr.

Lög þessi taka til gististaðahalds og veitinga matar og drykkja fyrir endurgjald, hvort sem þær fara fram í veitingastöðum eða öðrum stöðum, undir þaki, í tjaldi eða undir berum himni. Lögin taka þó ekki til áfengisveitinga.

3. gr.

Enginn má gera sér gistihúsahald né veitingasölu að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.

Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu í skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annarra óviðkomandi.

4. gr.

Leyfi samkvæmt lögum þessum er óheimilt að veita, ef umsækjandi fullnægir ekki eftirgreindum skilyrðum:

1. Er fjárráða.
2. Hefur forræði á búi sínu.

3. Er heimilisfastur á Íslandi og hefur verið það síðasta ár.

Áður en lögreglustjóri veitir leyfi, skal hann leita álits bæjar- eða sveitarstjórnar og heilbrigðisnefndar (héraðslæknis, þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Lögreglustjóri getur þó, ef sérstaklega stendur á, veitt leyfi til tækifærisveitinga, án þess að leitað sé um þau álits, og utan kaupstaða getur hreppstjóri á sama hátt veitt slík leyfi. Leyfi skulu bundin við nafn og eru óframseljanleg. Synjun eða veitingu leyfis má skjóta til ráðuneytis.

5. gr.

Nú sækir félag um leyfi samkvæmt lögum þessum, og er þá því aðeins heimilt að gefa leyfið út, að formaður stjórnar og þeir, sem firmað rita, og þeir, sem bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, ef einhverjir eru, fullnægi skilyrðum 4. gr.

6. gr.

Leyfi má ekki veita opinberum starfsmönnum né heldur maka þeirra, ef hjón búa saman, nema ráðuneytið hafi áður úrskurðað að atvinnan samrýmist stöðu þeirra.

7. gr.

Lögreglustjóra er heimilt að afturkalla leyfi, er hann hefur veitt:

1. Ef skilyrðum 4. gr. er ekki lengur fullnægt, eða skilyrðum 5. gr., sé um félag að ræða.
2. Ef leyfishafi hefur verið dæmdur til refsingar fyrir brot gegn lögum þessum eða reglum, sem settar verða samkvæmt heimild í lögum þessum.

Úrskurði lögreglustjóra um afturköllun leyfis má skjóta til ráðuneytis, innan 14 daga frá uppkvaðningu, og heldur leyfishafi rétti sínum óskertum, þar til úrskurður ráðuneytisins er fenginn. Kærufrestur telst frá þeim degi, er leyfissvipting var tilkynnt leyfishafa skriflega.

8. gr.

Þrotabúi leyfishafa er heimilt að halda starfsemi áfram, meðan á skiptum stendur, enda hafi forstöðumaður réttindi samkvæmt 12. gr., ef um gistihús er að ræða.

Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda áfram atvinnu arfleifanda í eitt ár eftir dauða hans án nýs leyfis. Eftir þann frest verður forstöðumaður að hafa réttindi samkvæmt lögum þessum.

9. gr.

Skylt er gisti- og veitingastöðum að færa verzlunarbækur svo sem fyrir er mælt í lögum um bókhald.

III. KAFLI
Um gististaði.

10. gr.

Gistihúsleyfi veitir leyfishafa leyfi til að reka gistihús og veitingastarfsemi innan takmarka þessara laga og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim.

Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á rekstri gistihússins (eiganda).

Nú er forstöðumaður gististaðar ekki eigandi starfseminnar né ber á henni fjárhagslega ábyrgð, og er þá heimilt að gefa út gistihúsleyfi á hans nafn, með samþykki þeirra, sem bera fjárhagslega ábyrgð á starfseminni.

Leyfi heimilar eingöngu starfsemi á þeim stað og með því nafni, sem tiltekið er í leyfisbréfi.

11. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 10. gr. eru:

1. Að húsakynni og búnaður sé í samræmi við reglur, sem ráðuneytið setur. Gistihús skulu ekki hafa færri en 20 rúm fyrir gesti.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi.
4. Að í gistihúsinu starfi að staðaldri við daglega stjórn maður, er fullnægir skilyrðum 12. gr.
5. Að tryggt sé að fullnægt verði ákvæðum 9. gr.

Leyfishafa er skylt að tilkynna lögreglustjóra og eftirlitsmanni samkvæmt VI. kafla laga þessara, hver sé forstöðumaður hverju sinni og hver af starfsmönnum gistihússins hafi sérþekkingu samkvæmt 12. gr.

12. gr.

Hver sá, er öðlast vill viðurkenningu á því að hafa sérþekkingu til að starfa í gistihúsi, skal fullnægja eftirgreindum skilyrðum:

1. Hann skal hafa lokið brottfararprófi í matreiðslu, framreiðslu eða gistihúsastjórn frá innlendum eða erlendum skóla, sem ráðuneytið viðurkennir.
2. Hann skal fullnægja skilyrðum 1.—3. töluliðs 4. gr.

Ráðuneytið gefur út leyfisbréf til handa þeim umsækjendum, sem fullnægja framangreindum skilyrðum.

13. gr.

Óheimilt er að nota í nafni gisti- og veitingastaða orðið „gistihús“ eða önnur heiti, sem gefa til kynna slíkan rekstur, svo sem „hótel“, nema eigandinn hafi áskilin leyfi.

Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanns, að flokka gistihús eftir gæðum og auðkenna þannig, að hægt sé að átta sig á, í hvaða flokki þau eru. Um þetta setur ráðuneytið reglur, svo og um aðbúnað gesta og búnað gistiherbergja á einkaheimilum, sem leigð eru gestum fyrir milligöngu gistihúsa eða annarra aðila.

14. gr.

Leyfi til rekstrar gistiskála eða gistiheimilis veitir einnig réttindi til veitingastarfsemi.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanns, að krefjast þess, að í gistiskálum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

IV. KAFLI

Um veitingastaði.

15. gr.

Veitingaleyfi veita réttindi til veitingastarfsemi og eru þessi:

1. Leyfi fyrir veitingahús, er veitir rétt til allrar veitingasölu, sem stunduð er að jafnaði alla daga vikunnar fyrir allar máltíðir. Veitingahús skulu eigi hafa færri en 30 sæti.
2. Leyfi fyrir skemmtistað, er veitir rétt til veitingasölu, sem þó er ekki stunduð alla daga vikunnar.

3. Leyfi fyrir veitingastofu, er veitir rétt til sölu á heitum og köldum drykkjum, brauði og kökum, en ekki á heitum máltíðum.
4. Leyfi fyrir söluskýli, er veitir rétt til sölu á gosdrykkjum, öli, sælgæti og tóbaksvörum.
5. Leyfi til greiðasölu, er veitir rétt til sölu veitinga í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem aðeins er látin í té takmörkuð þjónusta.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um flokka veitingaleyfa og gististaðaleyfa og þær kröfur, sem gerðar eru til hvers um sig. Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfseminni (eiganda).

Nú er forstöðumaður veitingastaðar ekki eigandi starfseminnar né ber á henni fjárhagslega ábyrgð, og er þá heimilt að gefa út veitingaleyfi á hans nafn, með samþykki þeirra, sem bera fjárhagslega ábyrgð á starfseminni.

Leyfi heimilar eingöngu rekstur í þeim húsakynnum, sem til er tekið í leyfinu.

16. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 14. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú rís ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanna, að krefjast þess, að í veitingahúsum og á skemmtistöðum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

V. KAFLI
Um matstofur á vinnustöðum.

17. gr.

Matstofur á vinnustöðum, sem ætlaðar eru til matseldar að staðaldri fyrir 30 manns eða fleiri, skulu háðar eftirliti samkvæmt lögum þessum og skulu uppfylla sömu kröfur um hreinlæti og vinnuaðstöðu sem gerðar eru til veitingahúsa af svipaðri stærð.

18. gr.

Heimilt er, auk hinnar venjulegu starfsemi, að nota slíkar matstofur fyrir starfsfólk það, sem þær eru ætlaðar, til samkomuhalds og veitinga, utan venjulegra matmálstíma, án sérstaks leyfis, en ekki má leigja þær til annars samkomuhalds með veitingasölu, nema að fengnu veitingaleyfi samkvæmt lögum þessum.

VI. KAFLI
Gisti- og veitingastaðaeftirlit.

19. gr.

Ráða skal sérfróðan mann til þess að hafa á hendi eftirlit með starfsemi gisti- og veitingastaða, og starfar eftirlitsmaður undir stjórn landlæknis. Heimilt er landlækni að fela sérstökum heilbrigðiseftirlitsmönnum, sem starfandi eru í kaupstöðum, eftirlit þar.

Eftirlitsmaður skal leita aðstoðar heilbrigðisnefnda og héraðslækna, þar sem hann eða landlæknir telja þess þörf. Ákvörðunum eftirlitsmanns (svo og heilbrigðiseftirlits) má skjóta til ráðuneytis.

20. gr.

Eigendum og forstöðumönnum gisti- og veitingastaða er skylt að hlíta fyrirmælum eftirlitsmanns og heilbrigðisnefnda um lagfæringar til samræmis við kröfur laga þessara og reglugerða, sem settar verða samkvæmt þeim. Veita skal hæfilegan frest til framkvæmdanna.

Lögreglustjóra er heimilt að stöðva starfsemi, er fellur undir lög þessi, um stundarsakir, eftir kröfu landlæknis, ef ekki er bætt úr ágöllum, að gefinni aðvörun.

VII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

21. gr.

Ráðuneytið gefur út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti, hollustuháttu og annað, er varðar gisti- og veitingastaði. Í fyrirmælum þessum má ákveða sameiginlegan opnunar- og lokunartíma fyrir alla veitingastaði eða fyrir hverja einstaka grein veitingastarfsemi.

Sveitarstjórn getur ákveðið opnunar- eða lokunartíma fyrir veitingastaði innan síns umdæmis, aðra en ákveðið kann að vera í fyrirmælum þeim, sem ráðuneytið setur samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar. Leita skal staðfestingar ráðuneytis á slíkum ákvæðum.

Ákvæði þau, er gilt hafa innan bæjar eða sveitar fyrir gildistöku laga þessara, um opnunar- og lokunartíma veitingastaða, falla úr gildi, er ráðuneytið gefur út fyrirmæli samkvæmt 1. mgr. um almenna skipun þessara mála, nema ráðuneytið ákveði annað.

22. gr.

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

1.	Gistihúsleyfi, veitingahúsleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	kr. 3000.00
2.	Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi, söluskýlisleyfi	— 1500.00
3.	Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	— 1000.00
4.	Leyfi til tækifærisveitinga og bráðabirgðaleyfi samkv. 24. gr.	— 150.00
5.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis	— 150.00

Þeir aðilar, sem hafa öðlazt veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., nr. 21, 15. júní 1926, skulu aðeins greiða endurnýjunargjald af fyrsta leyfi, sem þeir kunna að fá útgefið samkvæmt lögum þessum.

Nú er starfsemi flutt í ný húsakynni og þarf af þeim orsökum að gefa út nýtt leyfi, og skal þá greiða jafn hátt gjald og við venjulega endurnýjun leyfis, enda sé starfsemin á hinum nýja stað sams konar og á hinum fyrri.

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá greiðast gjald fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fjögurra ára fresti gegn gjaldi samkv. 21. gr., 5. tl. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá eftirlitsmanni eða heilbrigðiseftirliti um alvarlegar misfellur á rekstrinum, unz úr hefur verið bætt.

23. gr.

Lögreglustjóri skal gera skrá yfir leyfi samkvæmt lögum þessum, önnur en leyfi til tækifærisveitinga, og skal þar vera nafn leyfishafa, hvar starfsemin sé rekin, hvenær leyfið var afhent, hvenær það gekk úr gildi og annað það, er ráðuneytið kann að ákveða.

Lögreglustjóri sendir ráðuneytinu og eftirlitsmanni, fyrir 1. marz ár hvert, eftirrit af því, sem skráð var undanfarandi ár.

24. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, getur fengið útgefið sér til handa bráðabirgðaleyfi til að halda rekstri áfram á sama stað, enda þótt gistihúsið fullnægi ekki skilyrðum 11. gr., allt til ársloka 1966.

Frest þennan getur ráðuneytið lengt, ef sérstaklega stendur á.

25. gr.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara rekur gistihús með eigi færri en 20 rúmum fyrir gesti, má nota gistihúsleyfi sjálfur, enda þótt hann hafi ekki í þjónustu sinni mann, sem fullnægir skilyrðum 12. gr., ef eigandi hefur haft starfsemina með höndum minnst síðustu 12 mánuðina fyrir gildistöku laganna.

Hver sá, sem við gildistöku laga þessara hefur unnið við gistihús í minnst 10 ár, unnið við stjórn gistihúss minnst 5 ár eða verið forstöðumaður gistihúss minnst 2 ár, getur næstu 5 árin eftir gildistöku laga þessara, þrátt fyrir ákvæði 12. gr., fengið útgefið sér til handa leyfi, er veitir réttindi samkvæmt 12. gr., enda fullnægi hann skilyrðum 1.—3. tölul. 4. gr. og sanni fyrir ráðuneytinu, að hann hafi öðlazt nægilega þekkingu á gistihúsastarfsemi.

26. gr.

Öll gistihúsa- og veitingaleyfi samkvæmt lögum nr. 21 15. júní 1926 falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

27. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum allt að 100 þús. kr.

28. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, og jafnframt falla úr gildi lög nr. 21 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., ásamt síðari breytingum á þeim lögum, svo og önnur ákvæði, sem í bága fara við lög þessi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 10. október 1961 skipaði samgöngumálaráðherra fimm manna nefnd til þess að endurskoða lög nr. 21, 15. júní 1926, um veitingasölu, gistihúsahald o. fl. Skyldi við endurskoðunina höfð hliðsjón af frumvörpum til nýrra veitingalaga, sem legið hafa fyrir Alþingi 1951, 1957 og 1958, en ekki náð fram að ganga, svo og til umræðna um frumvörp þessi á Alþingi. Hinn 5. desember var sjötta manninum bætt í nefndina, að beiðni Sambands Matreiðslu- og framreiðslumanna.

Í nefndinni áttu sæti þessir menn, sem hafa orðið sammála um tillögur nefndarinnar: Brynjólfur Ingólfsson, ráðuneytisstjóri, sem var formaður nefndarinnar, Benedikt Gröndal, alþm., dr. Jón Sigurðsson, borgarlæknir, Pétur Daníelsson, veitingamaður, Símon Sigurjónsson, framreiðslumaður og Þorvaldur Guðmundsson, forstjóri.

Tillögur nefndarinnar ganga að mestu leyti í sömu átt og hin eldri frumvörp, en þó er tekið tillit til eindreginna óska samtaka veitinga- og gistihúsaeigenda um breytingar á nokkrum atriðum, svo og ábendinga, sem fram komu í umræðum um málið á Alþingi á sínum tíma, um ýmsa efnisgalla og formgalla á frumvarpinu, eins og það lá fyrir.

Stærsta nýmæli tillagna nefndarinnar er það, að hún leggur til, að eftirlit með gisti- og veitingahúsum, sem í eldri frumvörpunum var lagt til að falið yrði Ferða-

skrifstofu ríkisins, jafnhliða heilbrigðiseftirliti, verði falið sérstökum eftirlitsmanni, sem starfar undir yfirstjórn landlæknis.

Skulu nú skýrðar einstakar greinar frumvarpsins:

I. KAFLI

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

II. KAFLI

Um 2. gr.

Grein þessi er að efni til sama og 1. gr. gildandi veitingalaga.

Um 3. gr.

Grein þessi er eins og 2. gr. veitingalagafrumvarpsins 1951 og 3. gr. frumvarpsins 1957 og 1958, nema hér er tekin upp sú viðbót við 2. gr. gildandi laga, sem gerð var með lögum nr. 33/1937, um veitingar í skipum í höfn.

Í eldri frv. var greinin skýrð þannig:

Lagt er til að gististaðahald og veitingasala verði áfram bundin leyfi, eins og nú er samkvæmt gildandi lögum, enda skiptir miklu máli, að vandaðir menn og heiðvirðir veljist til þessara starfa. Samkvæmt þessari grein er aðalreglan sú, að útgáfa leyfa er á sömu hönd og verið hefur hjá lögreglustjórum á hverjum stað, þó með þeirri undantekningu, er um getur í 3. gr., 2. mgr.

Túlkun á því, hvenær menn teljast „gera sér að atvinnu“ sölu þá, er frumvarpið fjallar um, hlýtur að fara mjög eftir atvikum í hverju einstöku tilfelli. Ljóst er þó, að hér fellur ekki undir, þótt menn hýsi gesti við og við og þiggi greiðslu fyrir. Til þess að um „atvinnu“ í skilningi frumvarpsins geti verið að ræða, verður starfsemin að vera rekin að staðaldri. Ekki fellur heldur hér undir leiga á herbergjum í venjulegri fjölskylduíbúð.

Um 4. gr.

Hér eru talin þau persónulegu skilyrði, sem sá, er leyfi vill fá útgefið, verður að fullnægja. Eru skilyrðin svipuð og í eldri frv., en þó fellt niður ákvæði um óflekkað mannorð, með hliðsjón af almennri stefnubreytingu íslenzkrar löggjafar, sbr. l. 34, 24. marz 1961, og einnig ákvæði 5. liðs 3. gr. í frv. 1951, sem er 5. liður 4. gr. í frv. 1957 og 1958, um að umsækjandi hafi ekki verið dæmdur til refsingar fyrir óleyfilegan innflutning eða sölu áfengis síðustu 3 árin. Var þetta skilyrði fellt niður vegna eindreginna tilmæla Sambands veitinga- og gistihúsaeigenda, sem töldu meiðandi fyrir veitingamenn að ákvæði þetta væri í lögum og töldu ákvæðið geta orðið túlkað þannig, að veitingamenn væru öðrum líklegri til þeirra brota, sem að er vikið í umræddum tölulið. Nefndin taldi ekki ástæðu til að halda umræddu ákvæði í frumvarpinu áfram, með hliðsjón af hinum ýtarlegu ákvæðum VIII. kafla áfengislaga, nr. 58 24. apríl 1954, sbr. einkum 40. gr.

Að öðru leyti er hliðstæð grein í eldri frv. skýrð þannig í greinargerð þeirra:

Í gildandi veitingalögum (3. gr. 5. tl.) er það eitt skilyrði fyrir útgáfu leyfis, að umsækjandi hafi „meðmæli“ bæjar- og sveitarstjórnar. Í frumvarpinu er ekki gengið lengra en að krefjast þess, að álit þessara aðila liggi fyrir, ásamt áliti heilbrigðisnefndar (héraðslæknis þar sem heilbrigðisnefnd er ekki starfandi). Ætti að vera tryggt, að með umsögn heilbrigðisnefndar um húsnæðið og umsögn bæjar- eða sveitarstjórnar um ástæður umsækjanda og annað, er máli gæti skipt, sé lögreglustjóri allvel undir það búinn að úrskurða, hvort veita skuli hið umbeðna leyfi eða ekki. Þá má einnig benda á, að minna væri í húfi en áður, þótt eitthvað bregði út af með veitingu leyfis, ef á kemst eftirlit það, sem frumvarpið felur í sér, og einnig stað- og tímabundið gildi leyfanna. Þá er heimilað að skjóta til ráðuneytis úrskurði lögreglustjóra um veitingu eða synjun leyfis.

Loks er lagt til að heimild hreppstjóra til að leyfa tækifærisveitingar (sbr. 2. gr. gildandi laga) haldist og enn fremur að lögreglustjóri geti leyft slíkar veitingar í sínu umdæmi, án þess að leita þar um umsagnar á venjulegan hátt. Tækifærisveitingar eru þær veitingar nefndar, sem ekki fara fram að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri, t. d. í réttum, þar sem almennur mannfagnaður er o. s. frv.

Um 5. gr.

Hér er gerð nokkur efnisbreyting frá eldri frv. Þar var skilyrði fyrir útgáfu leyfis til félags, að meiri hluti stjórnar þess, þ. á m. allir þeir, er firmað rituðu, uppfylltu hin almennu skilyrði, sem lagt var til að sett væru fyrir útgáfu leyfa til einstaklinga.

Hér er ekki gengið lengra en að leggja til að formaður stjórnar og þeir, er firmað rita, eða bera ábyrgð á skuldbindingum félagsins, uppfylli hin almennu skilyrði. Er því gengið nokkru skemmra en í eldri frv., þó án þess að þetta ákvæði verði áhrifaminna en nú, þvert á móti.

Nú hefur lögreglustjóri mjög slæma aðstöðu til að fylgjast með, hvort félag, sem leyfi hefur fengið, fullnægir settum skilyrðum, nema þegar leyfi er gefið út. Endurnýjun leyfanna, sem hér er gert ráð fyrir (sbr. 21. gr. 3. mgr.) opnar lögreglustjóra leið til að fylgjast með því, að ákvæði þessarar greinar séu virt, að viðlagðri afturköllun leyfis (sbr. 7. gr. 1. tl.).

Um 6. gr.

Grein þessi er orðrétt eins og 5. gr. frv. 1951 og 6. gr. frv. 1957 og 1958.

Í greinargerðum eldri frumvarpa var greinin skýrð þannig:

Grein þessi er að efni til sama og 4. gr. gildandi laga, nema hér er fellt niður bann við að veita skipstjórum leyfi. Virðist ekki meiri ástæða til að undanskilja þá en t. d. flugmenn eða jafnvel alla farmenn og aðra sjómenn, er sigla milli landa.

Um 7. gr.

Grein þessi er samhljóða 6. gr. frv. 1951 og 7. gr. frv. 1957 og 1958, að því undanskildu, að felldir hafa verið niður tveir töluliðir greinarinnar, þar sem annar fólst einnig í skilyrðum 4. gr. og féll því undir 1. tl. þessarar greinar, en um efni hins eru nú lögfest ákvæðin og strangari ákvæði, með VIII. kafla áfengislaga nr. 58 24. apríl 1954.

Afturköllun leyfis mundi oftast koma til greina, þegar leyfishafi fullnægir, af einhverjum orsökum, ekki lengur einhverju þeirra skilyrða, sem sett eru fyrir útgáfu leyfisins.

Um 8. gr.

Grein þessi er orðrétt samhljóða 7. gr. frv. 1951, og 8. gr. frv. 1957 og 1958.

Í greinargerð eldri frumvarpa var greinin skýrð þannig:

Verði leyfishafi gjaldþrota, er búinu heimilt að nota leyfi þrotamannsins áfram, meðan skipti standa yfir. Forstöðumaðurinn verður þó að hafa leyfi til gistihússtjórnar, ef starfsemin hefur verið rekin með gistihúsleyfi, þá geta einnig eftirlifandi maki og lögerfingjar leyfishafa gengið inn í rétt arfleifanda samkvæmt leyfinu og rekið starfsemina í heilt ár frá dauða leyfishafa, án forstöðumanns með réttindum. Þykir rétt að létta undir með erfingjum þeim, sem við rekstrinum taka, með því að gefa þeim þennan frest. Í 7. gr. gildandi laga er að finna skyld ákvæði.

Um 9. gr.

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.

III. KAFLI

Í kafla þessum eru nú sameinuð flest sérákvæði frumvarpsins um gististaði, einnig ákvæði um gistiskála, sbr. 14. gr., en áður voru þau ákvæði á fleiri en einum stað í næsta kafla. Þykir þessi efnisskipan eðlilegri. Í samræmi við þetta er fyrirsögn kaflans breytt, en heiti hans í eldri frumvörpunum var „gistihús (hótel)", en er nú „Um gististaði". Gististaður er samnefni um þá staði, þar sem gisting er seld, sbr. orðaskýringar 1. gr. frumvarpsins.

Að öðru leyti er efni kaflans samhljóða tilsvarandi köflum eldri frumvarpanna, en þar voru gefnar eftirfarandi skýringar á kaflanum:

Rökin, sem færa má fram fyrir því að flokka gististaði eftir stærð og búnaði eru aðallega þau, að slíkt sé til þæginda fyrir ferðamenn. Óhætt ætti að vera að treysta því, að gististaður, sem hefur orðið „gistihús" eða „hótel" í nafni sínu, fullnægi vissum lágmarkskröfum um stærð og aðbúnað. Hefur þessi háttur verið hafður á, í sumum mestu ferðamannalöndum Evrópu, t. d. Noregi. Sérfróðir menn hafa fullyrt, að Ísland eigi mikla framtíð fyrir sér sem ferðamannaland, ef réttilega er á málunum haldið. Veltur þá ekki hvað minnst á, að aðbúnaður sé sómasamlegur á þeim gististöðum, sem erlendir ferðamenn eru líklegir til að heimsækja. Það má því með sanni segja, að framtíð Íslands sem ferðamannalands velti á því, hvernig á gistihúsmálum vorum er haldið.

Um 10. gr.

Gert er ráð fyrir, að aðalreglan verði sú sama og lagt var til í eldri frumvörpunum, að leyfi verði gefið út til þess, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfseminni, þ. e. oftast eiganda. Hér er þó lagt til, að heimilt sé að gefa leyfi út á nafn forstöðumanns starfseminnar, ef fyrir liggur samþykki eiganda eða þess, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfseminni. Athugandi er, að jafnframt því að heimila gistihúsarekstur, felur gistihúsleyfi einnig í sér leyfi til veitingasölu í sambandi við gistihúsið.

Í frv. 1951 voru að öðru leyti gefnar eftirtaldar skýringar við 11. gr. frv., sem fjallaði um sama efni og 10 gr. þessa frumvarps:

Í gildandi veitingalögum eru leyfi ekki staðbundin að öðru leyti en því, að þau gilda aðeins í ákveðnum hreppi eða kaupstað (sbr. 9. gr. laganna). Í frumvarpinu er lagt til að leyfin verði bundin við ákveðinn stað og einnig tímabundin. Nýr eigandi mundi þannig þurfa að afla sér nýs leyfis og einnig mundi leyfishafa verða leyfi ónýtt, ef hann flytti starfsemina í annað húsnæði og vildi hefja rekstur þar. Ekkert er þó því til fyrirstöðu, að sami eigandi geti rekið mörg gistihús, en til þess þarf hann jafn mörg gistihúsleyfi og auk þess fullnægja ákvæðinu um forstöðumann með réttindum á hverjum stað.

Oft nær sama gistihús yfir fleiri en eina byggingu og er nauðsynlegt, ef þær eru aðskildar, að taka greinilega fram til hvaða bygginga starfsemin taki.

Um 11. gr.

Grein þessi samsvarar 12. gr. frv. 1951 og 11. gr. frv. 1957 og 1958. Í frumvarpinu 1951 var lagt til, að það skilyrði væri sett fyrir notkun gistihúsleyfis, að forstöðumaður starfseminnar hefði hin sérstöku réttindi, sem lagt var til í frumvarpinu, að áskilin væru til stjórnar gistihúss. Í frumvörpunum 1957 og 1958 var sú breyting gerð á, að í stað kröfunnar um að forstöðumaður hefði umrædd réttindi, var aðeins krafizt að í gistihúsinu starfaði maður, sem hefði þessi réttindi. Þetta þykir ekki nægilegt og er því lagt til hér, sbr. 4. tl., að þess verði krafizt, að maður með þessi réttindi starfi „að staðaldri við daglega stjórn" í gistihúsinu.

Samkvæmt þessu frumvarpi er það því skilyrði fyrir notkun leyfisins, að maður með réttindi samkvæmt 12. gr. eða samkvæmt 25. gr. 2. mgr. starfi að staðaldri við daglega stjórn í gistihúsinu.

Í 3. tl. er það skilyrði sett, að ekki þyki óheppilegt „af sérstökum ástæðum", að fyrirtækið starfi. Er hér fyrst og fremst átt við, að óheppilegt gæti verið af félagslegum orsökum, að leyfa starfsemina á þeim stað, sem óskað er eftir, t. d. í nágrenni sjúkrahúss, skóla, elli- eða barnaheimilis. Þá gæti einnig hugsazt að einhverjir þeir annmarkar væru á högum umsækjanda, sem gerðu hann óhæfan til að hafa ábyrgð á gistihússtarfsemi, og myndi þá heimilt að beita þessu ákvæði.

Sá sem telur sig órétti beittan, getur skotið máli sínu til ráðuneytisins, sbr. niðurlag 4. gr., og ætti það að vera aukin trygging fyrir því, að umrætt ákvæði verði ekki misnotað.

Um 12. gr.

Grein þessi er samhljóða 13. gr. frv. 1951 og 12. gr. frv. 1957 og 1958.

Störf þeirra manna, er annast stjórn gistihúss eru ærið margbrotin og vandasöm, en enginn skóli hérlendis til þess ætlaður að búa menn sérstaklega undir þau. Þykir þó rétt að krefjast þess, að þeir menn, sem stjórna eiga gistihúsi, hafi öðlazt nokkra þekkingu á slíkri starfsemi, annað hvort lokið prófi í sérskóla, sem ráðuneytið viðurkennir, eða lokið sveinsprófi í þeim iðngreinum, sem veita ættu að nokkru leyti hliðstæða þekkingu, enda hafi í öllum tilfellum bætzt við nokkur reynslutími umsækjanda við þau gistihússtörf, sem ráðuneytið telur fullnægjandi. Er sér í lagi ætlazt til að umsækjandi hafi kynnzt sem flestu, er að rekstri gistihúss lýtur.

Samkvæmt 24. gr. 2. mgr. munu auk þeirra, sem öðlast réttindi samkv. þessari grein, margir geta fengið sömu réttindi án sérstaks prófs.

Um 13. gr.

Grein þessi er efnislega svipuð og tilsvarandi greinar eldri frumvarpanna, en bætt hér inn í heimild fyrir ráðherra til að setja reglur um aðbúnað gesta og búnað gistiherbergja á einkaheimilum eða annars staðar utan gististaða ef leigð eru gestum fyrir milligöngu gistihúsa eða annarra, t. d. flugfélaga eða ferðaskrifstofa.

Þykir þessi viðbót eðlileg, þar sem slík leiga herbergja tíðkast í vaxandi mæli og ekki er síður ástæða til að lögin og reglur, sem settar verða samkvæmt þeim, nái til slíkrar leigustarfsemi en til almennra gististaða.

Um 14. gr.

Efni þessarar greinar er tekið úr ákvæðum þess kafla eldri frumvarpanna, sem fjallaði aðallega um veitingastaði. Þykir fara betur á, að þessi ákvæði um gistiskála og gistiheimili séu í sama kafla og ákvæði um gistihús.

IV. KAFLI

Um 15. gr.

Efni þessarar greinar er svipað og 16. gr. frv. 1951 og 14. gr. frv. 1957 og 1958. Þó er hér gert ráð fyrir, að veitingaleyfin verði flokkuð eftir því hvers konar þjónusta er í té látin og einnig eftir því hvort veitingastaðurinn er opinn alla daga eða ekki.

Í sjálfu frumvarpinu hefur þessi flokkaskipting ekki áberandi þýðingu, en gert er ráð fyrir, að ef það nær fram að ganga, verði sett nánari ákvæði í reglugerð um það, hverjar kröfur skuli gera til hvers flokks, að því er að húsrými, húsbúnaði og öðru slíku lýtur.

Eins og gististaðaleyfin, eru veitingaleyfin bundin við tiltekinn stað.

Um 16. gr.

Grein þessi er að efni nær samhljóða 17. gr. frv. 1951 og 15 gr. frv. 1957 og 1958. Þó er fellt niður lágmarksákvæði um sætafjölda veitingahúss úr 1. tl. grein-

arinnar, þar sem eðlilegra þykir, að það komi í reglugerð með öðrum skyldum ákvæðum, sem sett verða samkvæmt heimild í 15. gr.

Um skilyrði 3. tl. greinarinnar vísast til skýringa við 11. gr. hér að framan, á sams konar ákvæði þar.

Í frumvarpinu er ekki, fremur en með eldri frumvörpunum, lagt til að skylt verði að hafa mann með ákveðna sérþekkingu starfandi nema í gistihúsi (hóteli), en hins vegar er augljóst að ekki er síður ástæða til að gera slíkar kröfur, ef um stór veitingahús er að ræða. Er hér sem fyrr lagt til, að lögreglustjóri meti það, að fengnum tillögum eftirlitsmanns, hvort ástæða sé til að setja það skilyrði fyrir notkun veitingaleyfis, að þar starfi að staðaldri matreiðslumaður eða maður með sambærilega menntun, ef um það umfangsmikla starfsemi er að ræða, að líkur eru til að hún beri þann aukna kostnað, sem þessu fylgir.

Sams konar ákvæði eru í 2. mgr. 14. gr., að því er að gistiskálum lýtur.

V. KAFLI

Í kafla þessum er nýmæli, sem lýtur að matstofum á vinnustöðum, sem ætlazt er til að sum ákvæði þau, sem frumvarpið felur í sér, nái til.

Slíkar matstofur eru nú starfræktar mjög víða og í vaxandi mæli og er síður en svo ástæða til að amast við því eða torvelda slíka starfsemi með opinberum afskiptum. Hins vegar er full ástæða til þess að tryggja eftir megni, að heilbrigðis-öryggis sé gætt hér sem annars staðar, enda þótt ekki sé um veitingahús að ræða í skilningi frumvarps þessa.

Í nefnd þeirri, er þetta frumvarp samdi, voru nokkuð skiptar skoðanir um þetta mál. Sumir nefndarmanna vildu gjarnan ganga lengra í opinberum afskiptum með matstofum á vinnustöðum, en aðrir helzt ekki leggja til, að þær væru að neinu leyti teknar með.

Varð loks samkomulag um þær tillögur, sem felast í 17. og 18. gr. frumvarpsins.

Í nágrannalöndunum, t. d. Danmörku, er í veitingalögum kafli um matstofur á vinnustöðum og að því stefnt að tryggja hreinlæti og öryggi þeirra, sem þar matast, og einnig að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni slíkra matstofa við veitingastaði.

Um 17. gr.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði þessarar greinar nái aðeins til matstofa, sem ætlaðar eru til matseldar að staðaldri fyrir 30 manns eða fleiri. Því falla hér ekki undir t. d. matstofur í verbúðum, sem starfræktar eru aðeins meðan á vertíð eða veiðitíma stendur og að sjálfsögðu ekki vinnuflokkar, t. d. við vegagerð eða slíka vinnu, né heldur skip.

Rétt er að leggja áherzlu á, að afskipti eftirlitsins beinast eingöngu að hreinlæti og vinnuaðstöðu, en ekki öðru. Er að sjálfsögðu ekki langt gengið með þessu og full ástæða til að þar sem svo margt fólk matast að staðaldri, sé litið eftir, að matargeymslur og fyrirkomulag í eldhúsi sé fullnægjandi, svo og aðbúnaðar starfsfólks á vinnustað.

Um 18. gr.

Ekki þykir rétt að matstofur séu þannig starfræktar, að þær verði keppinautar veitingahúsa. Matstofur eru ætlaðar til mötuneytis starfsfólks og til að starfsfólk eigi þar athvarf með félagslíf sitt og skemmtanir innbyrðis en ekki til almenns samkomuhalds með veitingum, nema almennt veitingaleyfi sé fengið.

VI. KAFLI

Um 19. gr.

Í gildandi lögum um Ferðaskrifstofu ríkisins er til þess ætlazt, að Ferðaskrifstofan haldi uppi eftirliti með gisti- og veitingastöðum. Hefur þessi skipan

haldizt allt frá því 1936, að lögin um Ferðaskrifstofu ríkisins voru sett, l. nr. 33, 1. febrúar 1936.

Af ýmsum orsökum er hér lagt til, að breytt skipan verði upp tekin og eftirlitið falið sérstökum, föstum starfsmanni, undir stjórn landlæknis. Jafnframt er þó gert ráð fyrir, að þar sem sérstakt heilbrigðiseftirlit er starfandi, sé heimilt að fela því eftirlitið þar og einnig, að eftirlitsmaður skuli leita samvinnu við héraðslækna og heilbrigðisnefndir.

Við athugun á greinargerð veitingalagafrumvarpsins frá 1951 sést, að það er fyrst og fremst af sparnaðarástæðum, að lagt er þar til, að Ferðaskrifstofa ríkisins hafi eftirlitið með höndum áfram. Verður að fallast á það, að nokkur aukinn kostnaður hlýtur að verða samfara hinni nýju skipan, sem hér er lagt til að tekin verði upp. Hins vegar hefði verið óhjákvæmilegt, ef eftirlitið á að vera meira en nafnið tómt, að ætla til þess meira fé en gert hefur verið undanfarið, jafnvel þótt Ferðaskrifstofa ríkisins hefði haft það með höndum áfram, enda var sérstaklega bent á það í greinargerð frv. 1951, að nauðsynlegt væri að ætla eftirlitinu hærri fjárveitingu en gert hefði verið undanfarin ár á fjárlögum.

Nú verður því ekki neitað, að Ferðaskrifstofa ríkisins á mikil viðskipti við gisti- og veitingastaði. Ferðamannahópar á vegum skrifstofunnar ferðast víða um land og fararstjórar Ferðaskrifstofu ríkisins annast uppgjör við gisti- og veitingastaði. Virðist því óeðlilegt, að þessum viðskiptaaðila gisti- og veitingastaðanna sé jafnframt falið eftirlit með starfsemi þeirra.

Samband Veitinga- og gistihúseigenda hefur eindregið mælzt til að hér yrði breyting á gerð, í þá átt, sem frumvarpið gengur.

Um 20. gr.

Hingað til hefur eftirlit með gisti- og veitingastöðum ekki haft nægileg áhrif og liggja til þess ýmsar orsakir. Bæði er, að eftirlitsmenn hefur skort vald til að fylgja eftir aðfinnslum sínum og einnig er óljóst, hvaða kröfur gildandi lög heimila að gerðar séu til gisti- og veitingastaða. Úr síðarnefnda atriðinu mun verða bætt, ef frumvarp þetta verður að lögum og gefnar verða út reglugerðir þær, sem hér er gert ráð fyrir. Fyrrnefnda atriðinu ræður frumvarpið einnig bót á. Eftirlitinu er gert kleift að knýja fram kröfur sínar um lagfæringar og breytingar til samræmis við ákvæði frumvarpsins og reglugerðar. Er á valdi lögreglustjóra að meta, hvort stöðva skuli reksturinn, eftir kröfu landlæknis, að gefinni aðvörun eða ekki, eða grípa til annarra ráða, t. d. neita um endurnýjun leyfisins, næst er endurnýja skal, unz aðfinnslur eftirlitsins hafa verið teknar til greina.

Um 21. gr.

Grein þessi er samhljóða 18. gr. eldri frumvarpanna og var skýrð þannig í greinargerð 1951:

Hér er lagt fyrir ráðherra að gefa út fyrirmæli um almenna reglu, hreinlæti og hollustuháttu þeirrar starfsemi, sem frumvarpið fjallar um. Verða ekki bornar brigður á nauðsyn þessa, þar sem ýmis þeirra ákvæða, sem setja þarf, hljóta að verða reglugerðarákvæði, t. d. um gerð herbergja og stærð, húsgögn, uppþvott o. fl.

Ákvæðin um opnunar- og lokunartíma eru nýmæli. Er talið nauðsynlegt að hægt sé að tryggja að gisti- og veitingastaðir loki ekki almennt t. d. á hátíðisdögum, en að því hafa verið nokkur brögð, viðskiptavinum til mikils óhagræðis. Ekki er síður ástæða til að setja ákvæði um lokunartíma slíkra staða.

Um 22. gr.

Hér eru ákveðin gjöld þau, sem greiða ber í ríkissjóð fyrir leyfi þau, sem lögin gera ráð fyrir.

Verður ekki sagt að gjöldin séu óeðlilega há, samanborið við hliðstæð gjöld önnur. Samkvæmt l. nr. 40, 14. apríl 1954, um aukatekjur ríkissjóðs, með síðari

breytingum, kosta gistihúsleyfi nú kr. 3000.00 en veitingaleyfi kr. 1500.00. Hér er lagt til að það gjald verði aðeins lagt á leyfi fyrir umfangsmestu starfsemina, en síðan fara gjöldin stiglækkandi, eftir því um hvaða starfsemi er að ræða. Fyrir tækifærisveitingar og endurnýjun leyfis er gert ráð fyrir 150 króna gjaldi, sem er jafnt hinu almenna leyfisbréfagjaldi, eins og það nú er.

Nýmæli er það, að þeir sem nú hafa veitingaleyfi samkvæmt gildandi veitingalögum, skuli aðeins greiða sem svarar endurnýjunargjaldi fyrir fyrsta leyfi, sem þeir kunna að fá útgefið samkvæmt nýju ákvæðunum. Fyrir önnur leyfi þurfa þeir síðan að greiða hin almennu gjöld.

Þá er það einnig nýmæli, sem ekki var í eldri frumvörpunum, að er starfsemi er flutt í ný húsakynni og gefa þarf út nýtt leyfi af þeim sökum, skuli gjald fyrir það leyfi aðeins vera sama og endurnýjunargjald, þ. e. 150 krónur. Þar sem gert er ráð fyrir að leyfin gildi aðeins til starfsemi í þeim húsakynnum, sem til er tekið í leyfinu, þarf að gefa út nýtt leyfi, ef starfsemin er flutt í ný húsakynni. Þykir ekki sanngjarnt að ætla nema lága greiðslu fyrir slík leyfi.

Lagt er til, að leyfin verði endurnýjuð á fjögurra ára fresti og er það gert til þess að koma á lífrænna sambandi milli leyfishafa og lögreglustjóra en verið hefur og opna lögreglustjóra leið til að fylgja aðfinnslum eftirlitsins eftir, án þess að nota þá heimild, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, til stöðvunar starfsemi.

Um 23. gr.

Grein þessi hnígur efnislega í sömu átt og 8. gr. gildandi laga, þó með þeim breytingum, sem leiða af skipulagsbreytingum þeim, sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 24. gr.

Grein þessi er samhljóða 21. gr. eldri frumvarpanna, sem 1951 var skýrð þannig í greinargerð:

Grein þessi stefnir að því að veita þeim, sem nú reka gististaði undir nafninu gistihús eða hótel og ekki fullnægja, um stærð eða annað, þeim kröfum, sem gerðar eru um gistihús í frumvarpinu og reglugerð, sem sett verður, ef frumvarpið verður að lögum, nokkurn frest til að ráða bót á því, sem á skortir, eða að öðrum kosti breyta nafni fyrirtækisins.

Um 25. gr.

Í 24. gr. var lagt til að fyrirtækjum, sem veitingalög ná til, og starfað hafa ákveðinn tíma fyrir gildistöku hinna nýju ákvæða, verði veittur nokkur frestur til að koma húsnæði og búnaði í það horf, sem lagt er til að krafizt verði, eða ákveðið verður með reglugerð.

Í þessari grein er aftur á móti vikið að því, hvernig fari um persónuleg réttindi þeirra manna, sem starfandi eru við gistihús við gildistöku hinna nýju ákvæða og starfað hafa ákveðinn tíma. Er lagt til að slíkir menn fái ótímabundin réttindi samkvæmt 12. gr. frv. Gildir þetta bæði um þá, sem reka gistihús með eigi færri en 20 rúmum, og hafa gert síðustu 12 mánuðina áður, og um þá, sem unnið hafa við stjórn gisthúss ákveðinn tíma. Þessir menn þurfa þó að uppfylla skilyrði 1.—3. tölul. 4. gr. Hætti leyfishafi að uppfylla eitthvert hinna persónulegu skilyrða, myndi leyfi hans afturkallanlegt, sbr. 7. gr. 1. tl.

Tilgangurinn með grein þessari er sá, að gera þeim mönnum, sem byggt hafa afkomuvon sína á þessari atvinnugrein, varið til þess fé eða unnið að slíkum störfum árum saman, kleift að halda áfram á sömu braut.

Um 26., 27. og 28. gr.

Greinar þessar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 110. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „fermingar eða affermingar“ síðast í fyrra málslið komi: eða þar, sem skipið hættir siglingu.

b. Í stað orðanna „til ráðningarslita í fermingar- eða affermingarhöfn erlendis“ síðast í síðara málslið komi: til ráðningarslita í erlendri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu erlendis.

2. gr.

2. málsgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Ef skipstjóri hefur leynt veikindunum eða meiðslunum með sviksamlegum hætti, er hann réðst á skipið, á hann ekki rétt á launum lengur en hann gegnir starfi sínu. Sama gildir, ef hann hefur sjálfur átt sök á sjúkdóminum eða meiðslunum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi, eftir að hann réðst á skipið.

3. gr.

7. gr. laganna orðist svo:

Um skipstjóra skulu og gilda eftirfarandi ákvæði um skipverja, eftir því sem við á:

1. Um umönnun og heimsendingu, þegar um sjúkdóm eða slys er að ræða, sbr. 28. gr.
2. Um kaupgreiðslu, er skipstjóri deyr, um greftrun eða líkbrennslu og um meðferð eftirlátinna muna hans, sbr. 24. gr., 29. gr. og 30. gr.
3. Um skyldu til að ganga undir læknisskoðun, sbr. 3. málsgr. 10. gr.

4. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Skipstjóri ræður fyrir hönd útgerðarmanns stýrimenn, vélstjóra, bryta, loftskeytamenn og aðra skipverja og segir þeim upp störfum.

Skipstjóri skal, ef því verður við komið, ráðgast við yfirvélstjóra um ráðningu skipverja til starfa við vélgæzluna, við fyrsta stýrimann um ráðningu háseta og við bryta um ráðningu aðstoðarmanna hans.

5. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og ekki yngri konur en 18 ára við vinnu á skipi.

Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og ekki mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu.

Enginn má hefja starf á skipi, nema hann hafi gengið áður undir læknisskoðun.

6. gr.

Á eftir orðunum „ferma skal það eða afferma“ síðast í 12. gr. laganna komi: eða þar, sem það hættir siglingu.

7. gr.

13. gr. laganna orðist svo:

Ef eigi er annað ákveðið um lengd ráðningartíma, getur hvor aðili um sig sagt samningnum upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi á ráðningarstað, í fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu. Nú er skipverji íslenzkur og ráðinn á skipið í íslenzkri höfn, og geta aðilar þá aðeins sagt samningi upp, þannig að skipverji fari úr skiprúmi í íslenzkri fermingar- eða affermingarhöfn eða þar, sem skipið hættir siglingu hérlendis.

Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenzkum fiskiskipum sjö dagar.

8. gr.

Á eftir orðunum „fermingar- eða affermingarhöfn skipsins“ í 15. gr. laganna komi: eða þar, sem það hættir siglingu, hafi hann áður sagt skiprúmssamningnum upp með þeim fyrirvara, sem greinir í 2. málsgr. 13. gr.

9. gr.

Orðin „eða ef skipið er seglskip, í 4 daga“ í 16. gr. laganna falli burt.

10. gr.

Í stað 2. og 3. málsgr. 18. gr. laganna koma þrjár nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Skipverji tekur kaup til þess dags og að honum meðtöldum, er starfa hans á skipi lýkur, eða, ef hann er skráður úr skiprúmi, þá til afskráningardags og að honum meðtöldum.

Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, á hann rétt til kaups, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um er að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, eða einn mánuð, ef skipverji gegnir annarri stöðu á skipi, og þó aldrei í fleiri daga en skipverji hefur verið í þjónustu útgerðarmanns.

Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur þagað sviksamlega um við ráðningu sína. Sama gildir, ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

11. gr.

2. málsliður 2. málsgr. 19. gr. laganna orðist svo:

Um rétt til greiðslu í erlendri mynt fer eftir því, sem landslög ákveða á hverjum tíma.

12. gr.

Aftan við 23. gr. laganna komi ný málsgr., svo hljóðandi:

En bændur hafa marga hildi háð við óblíð náttúruöfl án þess að æðrast. Þegar vorið nálgast, vaknar athafnaþráin á ný, og bóndinn fer að hugleiða, hvernig hann eigi að græða þau kalsár, sem tún hans hefur orðið fyrir s. l. ár.

Í mörgum tilfellum verður ekki um annað að ræða en endurvinna verstu kalsléttурnar. Í núgildandi jarðræktarlögum eru ekki nein ákvæði, sem heimila, að greiddur sé styrkur út á slíka endurrækt. Frumvarp þetta til laga um breytingu á jarðræktarlögunum er borið fram í því skyni að ráða bót á þessu.

Nú kann einhver að slá því fram, að bændur geti oft eftir þessa lagabreytingu fengið styrk út á sömu sléttuna.

Því er til að svara, að jarðræktarstyrkurinn er rúmar 1200 krónur á ha. árið 1962, eða liðlega helmingur af þeirri upphæð, er fræið kostar á ha. Hjá Landnámi ríkisins reyndist kostnaður við ræktun 1962 8—12 þús. kr. á ha. eftir því, hvers konar land var um að ræða.

Enginn bóndi mun því, nema af brýnni nauðsyn, endurvinna tún sitt vegna hins mikla kostnaðar, sem það hefur í för með sér.

Ed. 114. Frumvarp til laga [94. mál]

um löggildingu bifreiðaverkstæða.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Dómsmálaráðuneytinu er heimilt að ákveða, að í tilteknum kaupstöðum og kauptúnum megi ekki inna af hendi, gegn greiðslu, viðgerðar- eða viðhaldsstörf á bifreiðum eða bifhjólum, hvorki almennar viðgerðir né sérviðgerðir, nema á verkstæðum, sem öðlazt hafa til þess löggildingu Bifreiðaeftirlits ríkisins. Úrskurðum Bifreiðaeftirlitsins í slíkum málum má áfrýja til ráðuneytisins.

2. gr.

Löggildingu samkvæmt fyrstu grein þarf þó ekki til reksturs þjónustustöðva, sem annast daglegt eftirlit og minni háttar viðhald bifreiða og bifhjóla.

3. gr.

Bifreiðaeftirlit ríkisins skal hafa eftirlit með því, að löggilt bifreiðaverkstæði fullnægi þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir löggildingu.

4. gr.

Löggildingar verður ekki krafizt, nema a. m. k. tvö bifreiðaverkstæði í viðkomandi kaupstað eða kauptúni uppfylli skilyrði til löggildingar.

Þó skal bifreiðaverkstæði, hvar sem er á landinu, eiga rétt til löggildingar, ef það óskar hennar, enda uppfylli það skilyrði til löggildingar.

5. gr.

Löggilding bifreiðaverkstæðis felur ekki í sér heimild til þess að láta aðra en þá, sem iðnréttindi hafa, vinna þau störf, sem vernduð eru með lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað, með síðari breytingum.

6. gr.

Með reglugerð, er ráðherra setur, að fengnum tillögum Bifreiðaeftirlits ríkisins, Félags bifvélavirkja, Félags ísl. bifreiðaeigenda, Félags sérleyfishafa, Landssambands vörubifreiðarstjóra og Sambands bílaverkstæða á Íslandi, skal kveða á um, hvaða skilyrði löggilt bifreiðaverkstæði skuli uppfylla, að því er varðar starfslið, verkstjórn, húsnæði, búnað, verklýsingu, sundurliðun reikninga og reikningshald, um form löggildingarumsóknar og meðferð, afturköllun löggildingar og annað það, er við kemur framkvæmd laga þessara, þar á meðal, hvaða starfsemi falli undir 2. gr. laganna, svo og um sérstök skilyrði varðandi sérgreinaverkstæði, samkv. 1. gr.

7. gr.

Nú hefur dómsmálaráðuneytið ákveðið, að heimild til löggildingar í kaupstað eða kauptúni skuli beitt og skulu þá bifreiðaverkstæði í viðkomandi kaupstað eða kauptúni hafa öðlazt löggildingu eigi síðar en einu ári eftir birtingu auglýsingar þar að lútandi.

Heimilt er þó að veita einstökum bifreiðaverkstæðum lengri frest til þess að laga sig að breyttum aðstæðum, ef sérstök ástæða er fyrir hendi.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 10 þúsund krónum, sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem iðnaðarmálaráðuneytið skipaði hinn 30. desember 1961, til að semja frumvarp til laga um löggildingu bifreiðaverkstæða.

Tillögum nefndarinnar fylgdi eftirfarandi greinargerð:

„Frumvarp þetta er samið af nefnd, sem þáverandi iðnaðarmálaráðherra, Jóhann Hafstein, skipaði með bréfi, dags. 30. des. 1961. Í nefndinni áttu sæti: Gunnar Vagnsson, deildarstjóri í iðnaðarmálaráðuneytinu, og var hann formaður nefndarinnar, Sveinn Björnsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Iðnaðarmálastofnun Íslands, Þórir Jónsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Sambandi bílaverkstæða á Íslandi, Ólafur Þorláksson, fulltrúi, tilnefndur af Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Sigurgestur Guðjónsson, bifvélavirki, tilnefndur af Félagi bifvélavirkja, Guðmundur Kristmundsson, framkvæmdastjóri, tilnefndur af Landssambandi vörubifreiðastjóra og Ágúst Hafberg, tilnefndur af Félagi sérleyfishafa.

Nefndin hefur orðið sammála um frumvarp þetta.

Frumvarp til laga um löggildingu bifreiðaverkstæða var flutt á Alþingi haustið 1960, en var þá eigi útrætt.

Frumvarp þetta er í meginatriðum svipað hinu eldra frumvarpi, en þó nokkrar efnisbreytingar. Hér er t. d. lagt til, að heimild til að krefjast löggildingar sé bundin við kaupstaði og kauptún, en í eldra frumvarpinu var heimildin miklum mun víðtækari og gert ráð fyrir, að hún gæti náð til einstakra staða á landinu eða landsins alls.

Þá er einnig í 4. gr. ákvæði, sem ekki var í eldra frumvarpinu, svo og í 7. grein. Eru þau ákvæði nánar skýrð í sambandi við athugasemdir við þær greinar hér á eftir.

Forsenda þessa máls er, að síðari ár hefur, eins og kunnugt er, skapazt síaukin þörf fyrir viðhaldsþjónustu bifreiða hér á landi. Enda þótt bifreiðaverkstæðum hafi fjölgað til muna, hefur í heild verið beinlínis um afturför að ræða tæknilega. Fjöldi viðgerðarverkstæða er nú starfandi, vanbúinn að tækjum og húsakosti, sem vart geta talizt fær um að veita viðskiptamönnum viðhlítandi þjónustu, og starfsaðstöðu fyrir þá, sem að bifreiðaviðgerðum vinna, er víða mjög ábótavant.

Er höfuðtilgangur þessa frumvarps að stuðla að lausn þessa vandamáls, með því að veita heimild til að gera ákveðnar lágmarkskröfur til bifreiðaverkstæða í kaupstöðum og kauptúnum.

Í athugasemdum við frumvarp það, er flutt var um þetta efni á Alþingi 1960, var m. a. gerð grein fyrir málinu með eftirfarandi rökstuðningi:

„Nýlega hafa verið sett umferðarlög, þar sem lögfestar eru mun meiri kröfur en áður til gerðar og búnaðar skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Hefur slíkt óhjákvæmilega í för með sér, að einnig verður að gera meiri kröfur til þeirra fyrirtækja, er taka að sér viðgerðir fyrir almenning og eftirlit með slíkum tækjum. Koma hér bæði til hagsmunir eigenda tækjanna og almennt öryggi í umferðarmálum.

Því þykir rétt að leggja til, að nokkurt eftirlit verði haft með verkstæðum, er taka að sér slík viðfangsefni fyrir almenning og reynt að tryggja, að þau séu búin nauðsynlegum tækjum og rekstri þeirra að öðru leyti hagað þannig, að sem bezt samrýmist hagsmunum almennings."

Fyrir atbeina Iðnaðarmálastofnunar Íslands fór fram á árunum 1959 og 1960 athugun á rekstri bifreiðaverkstæða og skipulagningu bifreiðaviðhalds hér á landi. Síðari hluta árs 1959 var gerður um það samningur við Johan Meyer, vélaverkfræðing, forstöðumann tæknideildar Sambands norskra bifreiðaverkstæða, að hann framkvæmdi hér á landi skipulega athugun á þessu efni. Sú athugun fór fram í nóvember og desember 1959. Skilaði Johan Meyer ýtarlegri skýrslu um verkefni þetta, sem Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur birt. (Iðnaðarmálastofnun Íslands: Bifreiðaverkstæði og viðgerðarþjónusta á Íslandi, 1960). Niðurstöður athugana ráðunautarins eru í mörgum liðum, en um löggildingu bifreiðaverkstæða segir m. a.:

„Í bifreiðaeign Íslendinga eru fólgin tiltölulega mjög mikil innflutt verðmæti. Telja verður heildarmarkaðsverðið yfir þúsund milljónir íslenzkra króna. Varðveizla þessarar miklu eignar er mjög komin undir viðhaldi. Það hefur einnig mikla þýðingu fyrir örugga landflutninga og góða hagnýtingu bifreiðanna. Sérstaklega skal undirstrikað, hversu mikilvægt það er, fyrir öryggi í umferðinni, að bifreiðum sé vel haldið við. Síaukin umferð og hraði veldur vaxandi slysahættu. Aukinn hraði er að þakka framvindu í bifvélatækni, en samtímis hafa bifreiðarnar orðið miklu flóknari og háðari réttu viðhaldi en áður. Til dæmis má nefna stýrisbúnað, hemla, fjaðrir og hjólabúnað.

Það er þannig áríðandi þjóðfélagslegt hagsmunamál að tryggja örugga bifreiðaviðgerðarþjónustu, ... má telja það sérstaklega þýðingarmikið á Íslandi. Þar sem bifreiðaverkstæðin annast þessa þjónustu, hefur rekstur þeirra mikla þjóðfélagslega þýðingu, ... verður að telja, að mörg íslenzk bifreiðaverkstæði fullnægi ekki þeim kröfum, sem gera verður um örugga viðgerðarþjónustu, en það sem sérstaklega er íhugunarvert í þessu sambandi, er mjög ískyggileg aukning frumstæðra smáverkstæða. ... Til þess að stöðva þessa óheppilegu þróun og bæta þjónustuna, er nauðsynlegt að gera ýmsar ráðstafanir, sem áður eru nefndar í þessari skýrslu. Þessar ráðstafanir eru þó ekki nægilegar til þess að koma í veg fyrir, að ófullkomin verkstæði haldi uppi rekstri, sem hlýtur að vera þjóðfélagslega varhugaverður. Eins og málum er háttað á Íslandi virðist þess vegna nauðsynlegt að koma á opinberu eftirliti með því, að verkstæði, sem taka að sér bifreiðaviðgerðir gegn greiðslu, fullnægi vissum lágmarkskröfum. Þessu þyrfti að framfylgja með löggildingu bifreiðaverkstæða.

Í Noregi var ástandið eftir lok síðustu heimsstyrjaldar furðanlega líkt því, sem nú er á Íslandi, og ofangreind sjónarmið leiddu til þess, að Stórþingið samþykkti árið 1947 lög um löggildingu bifreiðaverkstæða. Eintak af þessum lögum og núgildandi reglugerðum samkvæmt þeim er til sýnis hjá IMSÍ. Löggildingin er falin Bifreiðaeftirlit ríkisins, sem hefur sér til aðstoðar ráðgefandi nefnd skipaða einum fulltrúa frá samtökum bifreiðaverkstæða og einum frá samtökum bifvélavirkja. Vegna bráðabirgðaákvæða eru lögin enn ekki komin fyllilega til framkvæmda í Noregi, en hafa stuðlað mjög að settu marki, þ. e. að bæta þjónustuhæfni verkstæðanna almennt. ...

... Til þess að tryggja sem fyllst samræmi í framkvæmd laganna, þyrfti einn og sami starfsmaður bifreiðaeftirlitsins að annast eftirlit með verkstæðum alls staðar á landinu. Lágmarkskrafa um tæknilegan verkstjóra verður að vera, að hann sé löggiltur meistari, og um fagkunnáttu viðgerðarmanna, að tiltekið lágmarkshlutfall sé milli tölu faglærðra og ófaglærðra. Lögin verða að heimila setningu ákvæða í reglugerð um ákveðnar kröfur til húsakynna verkstæðanna og tækjakosts. Æskilegt er einnig að setja lagaheimild um viss skilyrði varðandi fjárhagsstjórn verkstæðanna, bókhald, slysavarnir og brunavarnir. Slík ákvæði kunna að vera fyrir hendi í öðrum lögum og reglugerðum, (sem þá er vísað til), en reynslan sýnir, að eftirlit brestur oft með að slíkum ákvæðum sé framfylgt af frumstæðum fyrirtækjum, en það eru þau, sem eru fyrst og fremst þjóðhagslega varhugaverð.

Í lögunum ber einnig að heimila setningu ákvæða í reglugerð um sérstök skilyrði varðandi sérgreinaverkstæði. Nokkur hluti þeirra verkstæða, sem fyrir verða, þegar lögin ganga í gildi, munu ekki fullnægja þeim lágmarkskröfum, sem settar verða. Það er því nauðsynlegt að setja bráðabirgðaákvæði, sem veita hæfilegan frest til þess að fullnægja þessum kröfum."

Um einstakar greinar frumvarpsins skulu gefnar eftirfarandi skýringar:

Um 1. gr.

Heimild til löggildingar er bundin við kaupstaði og kauptún, og er það nokkuð þrengra en í frumvarpinu 1960, sem gerði ráð fyrir, að heimildin gilti „á tilteknum stöðum á landinu eða á landinu öllu".

Gert er ráð fyrir, að dómsmálaráðuneytið ákveði, hvar heimild til löggildingar skuli beitt, þar sem eðlilegt þykir, að ráðherra sá, sem fer með bifreiða- og umferðamál, fjalli um þessi mál einnig enda heyrir Bifreiðaeftirlit ríkisins undir dómsmálaráðuneytið.

Með orðinu „sérviðgerðir" er átt við t. d. viðgerðir á rafkerfi bifreiða o. þ. h., og er lagt til, að til slíkra sérviðgerða sé einnig heimilt að krefjast löggildingar verkstæðis.

Gert er ráð fyrir, að Bifreiðaeftirlit ríkisins veiti bifreiðaverkstæðum löggildingu, enda hvíli eftirlit með framkvæmd laganna á þess herðum.

Vegna tilmæla Sambands bílaverkstæða á Íslandi, Félags bifvélavirkja og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, óskaði Iðnaðarmálaráðuneytið á sínum tíma sérstaklega eftir áliti Johans Meyer, sem starfað hafði hér við athugun þessara mála, á því, hvort löggildingarskyldan ætti að hans dómi einnig að hvíla á verkstæðum, sem gerðu við eigin bifreiðar. Svar Johans Meyer var á þá leið, að þar sem tilgangur löggjafar sem þessarar væri sá, að stuðla að auknu öryggi, væri til bóta að krefjast einnig löggildingar einkaverkstæða, þar sem þær bifreiðar, sem þar er gert við, væri mikill þáttur í umferðinni, og ástand þeirra skipti verulegu máli. Taldi ráðunauturinn rétt, að orðin „gegn greiðslu" væru felld niður úr frumvarpinu.

Ekki hefur náðst samkomulag um það í nefnd þeirri, er þetta frumvarp samdi, að fella niður orðin „gegn greiðslu". Fulltrúar Félags bifreiðaeigenda, Félags sérleyfishafa og Landssbands vörubifreiðastjóra gátu ekki á það fallizt, og varð því samkomulag um að halda orðunum „gegn greiðslu" í frumvarpinu nú, eins og í

frumvarpi um sama efni 1960, fremur en stofna málinu í heild í tvísýnu með klofningi í nefndinni.

Um 2. gr.

Eðlilegt þykir að undanþiggja þjónustustöðvar, sem annast daglegt eftirlit ökutækja og vandalitla viðhaldsvinnu svo sem smurningu, áfyllingu brennsluefnis, sýru eða vatns á rafhlöðu, hreinsun bifreiða og annað slíkt, sem telja verður vanalegt, að eigandi bifreiðar eða bifreiðarstjóri vinni, en er þó gert á sérstökum þjónustustöðvum.

Um 3. gr.

Gert er ráð fyrir því, að nánar verði kveðið á um framkvæmd eftirlits með bifreiðaverkstæðum í reglugerð, sbr. 6. gr. frumvarpsins.

Eðlilegt virðist, að sá maður, sem eftirlitið annast, sé meistari í bifvélavirkjun og hafi reynslu sem starfsmaður á fullkomnu bifreiðaverkstæði, eða tæknimenntaður maður, sem sérstaklega hefur öðlazt menntun og starfsreynslu í bifreiðaviðgerðum.

Um 4. gr.

Samkvæmt þessari grein verður löggildingar ekki krafizt í kaupstað eða kauptúni, nema a. m. k. tvö bifreiðaverkstæði þar uppfylli skilyrði til löggildingar. Er talið að slíks sé ekki þörf af almennum ástæðum, enda hefur hvert það bifreiðaverkstæði, sem uppfyllir skilyrði til löggildingar, rétt til þess, samkvæmt síðari málsgrein þessarar greinar, að öðlast slíka löggildingu, og skiptir í því sambandi ekki máli, hvort aðeins eitt eða fleiri bifreiðaverkstæði eru starfandi á staðnum. Ákvæði síðari málsgreinarinnar lýtur auk þess að því, að bifreiðaverkstæði, utan kaupstaða og kauptúna, getur öðlazt löggildingu. Er með því fyrir því séð, að bifreiðaverkstæði, t. d. í þéttbýli, eða þar sem umferð er mikil, geti öðlazt löggildingu, ef það telur sér það hagkvæmt. Þessu ákvæði laganna er ætlað að tryggja, að bifreiðaverkstæði, utan kaupstaða og kauptúna, sem þannig er staðsett, verði ekki fyrir óhagræði vegna samkeppni við bifreiðaverkstæði, þar sem löggildingu hefur verið beitt.

Um 5. gr.

Löggilding sú, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, hnígur fyrst og fremst í þá átt, að gerðar verði strangari kröfur til húsnæðis og tækja á verkstæðunum sjálfum, en að sjálfsögðu felur frumvarpið ekki í sér neina breytingu á einkarétti faglærðra iðnaðarmanna til þess að leysa af hendi hin faglegu störf, né er heldur ætlunin að takmarka þá möguleika, sem verkstæðin nú hafa til þess að láta ófaglærða menn leysa af hendi einföld störf.

Um 6. gr.

Í reglugerð þeirri, sem gert er ráð fyrir í greininni, myndu meðal annars verða ákvæði um menntun og réttindi starfsmanna, húsrými og lágmarkskröfur um véla- og tækjabúnað löggiltra bifreiðaverkstæða. Einnig yrði þar nánar skilgreint hvaða starfssemi fellur undir 2. gr. frv. og hver mörk eru milli þjónustustöðva og bifreiðaverkstæða. Með „verklýsingu“ og „sundurliðun reikninga“ er átt við að tryggja eigi, að reikningur sé þannig úr garði gerður, að verkkaupi sjái af reikningi, hvað unnið hefur verið, hvaða efni eða varahlutir notaðir og sundurliðaðan vinnustundafjölda.

Gert er ráð fyrir, að reglugerð um þetta efni verði sett, að fengnum tillögum þeirra aðila, sem löggilding bifreiðaverkstæða snertir helzt.

Nokkuð var rætt um það í nefnd þeirri, er frumvarp þetta samdi, hvort hin löggiltu verkstæði gætu létt af Bifreiðaeftirliti ríkisins störfum þess við lögboðna skoðun bifreiða, að einhverju eða öllu leyti.

Með bættum vélabúnaði bifreiðaverkstæða og allri aðstöðu þeirra til þess að framkvæma viðgerðir á bifreiðum, ættu að skapast skilyrði til þessa. Væri helzt hægt að

hugsa sér, að Bifreiðaeftirliti ríkisins væri veitt heimild til þess að taka skoðunarvottorð löggiltra bifreiðaverkstæða gild, að því marki, sem það teldi hæfilegt.

Var talið, að slíkt samstarf myndi geta létt störf eftirlitsins og komið að nokkru á móti þeim kostnaðarauka, sem leiðir af ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður.

Ekki náðist samkomulag um þetta í nefndinni, enda talið vafasamt, að það væri í verkahring nefndarinnar að gera tillögur um þetta efni, sem krefst breytingar á umferðarlögum.

Um 7. gr.

Nauðsynlegt þykir að gefa verkstæðum í kaupstöðum og kauptúnum, þar sem löggilding kann að verða ákveðin, frest til að uppfylla skilyrði þau, sem sett eru fyrir löggildingu.

Er talið, að eitt ár frá birtingu auglýsingar sé hæfilegur frestur, en þó lagt til, að ráðuneytinu sé heimilt að gefa lengri frest, ef sérstaklega stendur á.

Gert er ráð fyrir, að þau verkstæði, sem öll skilyrði uppfylla geti fengið löggildingu, áður en hinn almenni frestur er liðinn, ef þau óska eftir.

Um 8. og 9. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 115. Tillaga til þingsályktunar [95. mál]

um úrbætur í rafmagnsmálum Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Alfreð Gíslason bæjarfógeti.

Alþingi ályktar að fela raforkumálaráðherra að láta fram fara, svo fljótt sem auðið er, úrbætur á rafmagnsveitum Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps til þess að leysa úr þeim vandræðum, sem nú eru á flutningi rafmagns til þessara byggðarlaga.

Greinargerð.

Um alllangt skeið hafa átt sér stað mjög miklar rafmagnstruflanir í Kjalarneshreppi og Kjósarhreppi, sem valdið hafa miklum erfiðleikum og tjóni. Truflanir þessar munu stafa af því, að saman hafa verið tengdar rafmagnsveitur þessara tveggja hreppa. Rafmagnslína sú, sem flytur rafmagn eftir Kjalarnesi og er eign Reykjavíkurborgar, er ófullnægjandi til þess að flytja einnig rafmagn til byggðanna í Kjósinni. Við lagningu línunnar var að sjálfsögðu ekki gert ráð fyrir því mikla álagi, sem nú er orðið vegna tengingar rafmagnsveitunnar í Kjósarhreppi svo og vaxandi notkunar rafknúinna tækja við heimilis- og landbúnaðarstörf.

Með flutningi þessarar tillögu og væntanlegri samþykkt hennar er þess freistað að koma í veg fyrir frekari vandræði en orðið er í rafmagnsmálum þessara tveggja hreppa.

Sþ. **116. Tillaga til þingsályktunar** [96. mál]

um jarðhitarannsóknir, jarðhitaleit og áætlanir um hagnýtingu jarðhita á Norðurlandi eystra.

Flm.: Karl Kristjánsson, Magnús Jónsson, Gísli Guðmundsson, Valtýr Kristjánsson, Jónas G. Rafnar, Björn Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson, Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá um, að á vegum jarðhitasjóðs verði hið fyrsta rannsókn gerð á jarðhitasvæðum þeim, sem vitað er um á Norðurlandi eystra og ekki hafa enn þá verið rannsökuð nægilega, en ætla má að hagfellt geti verið að nytja.

Enn fremur, að framkvæmd verði í þeim landshluta rækileg jarðhitaleit á þeim stöðum, sem líklegt þykir, að hagnýtur jarðhiti sé finnanlegur með viðráðanlegum kostnaði.

Í sambandi við þessar athafnir verði svo jafnóðum gerðar bráðabirgðaáætlanir um hagnýtingu jarðhitans á hverjum stað.

Greinargerð.

Mikill hluti Norðurlands eystra er í aðaljarðhitabelti Íslands eða rétt við það belti. Víða eru þar snarpheitar laugar og volgar lindir ofanjarðar. Einnig bæði vatnshverir og gufuhverir. Jarðblettir eru þar sums staðar, sem bræða af sér snjó á vetrum, svo að sýnt er, að hiti býr undir, þó að ekki verði hans í öðru vart á yfirborðinu.

Enn þá hafa ekki rækilegar rannsóknir og skipulegar farið fram í þessum landshluta á jarðhitasvæðunum eða áætlanir verið gerðar, nema á stöku stað, um hagnýtingu hans. Jarðboranir hafa óvíða verið gerðar og aðeins á einum stað til úrslita að kalla má; það er í Ólafsfirði.

Ólafsfjarðarkaupstaður hefur látið bora eftir heitu vatni hjá sér með góðum árangri og virkjað vatnið til híbýlahitunar.

Nokkrir skólar hafa verið reistir með aðstöðu til að hagnýta auðfenginn jarðhita. Einstök býli hafa notfært sér slíkan jarðhita til upphitunar. Á fáeinum heitum stöðum hafa gróðurhús verið byggð og gefið góða raun.

Húsavík er þegar búin að kosta allmiklu til rannsókna hjá sér á skilyrðum til að fá heitt vatn úr jörðu. Þar eru nú í þann veginn að hefjast boranir eftir heitu vatni með hinum svonefnda Norðurlandsbor, sem ríkið á.

Fyrirhugað er því næst, að ríkið láti Norðurlandsborinn starfa um tíma á gufuhverasvæðinu við Námafjall vegna væntanlegrar kísilgúrvinnslu við Mývatn.

Akureyri mun hafa hug á að fá Norðurlandsborinn þessu næst til að leita með honum að heitu vatni hjá sér.

Allt þetta er ágætt út af fyrir sig og stórlega mikilsvert, en þó langt frá því að vera fullnægjandi, af því að verkefni jarðhitarannsókna og jarðhitaleitar á Norðurlandi eystra eru geysilega mikil og mörg og víðs vegar. Þau verða flest ekki unnin, svo að lag sé á og að gagni komi, nema fyrir atbeina hins opinbera og á vegum þess.

Jarðhitarannsóknunum og jarðhitaleitinni þurfa að vera samfara áætlanagerðir og leiðbeiningar um hagnýtingu jarðhitans á hverjum stað. Fólkið, sem þarna býr — eða vill búa, — þarf sem allra fyrst að vita, hvort og hvernig þessar auðlindir geta orðið því til hagræðis og lífsþæginda.

Vitneskja í þessum efnum getur haft stórkostlega þýðingu á mörgum stöðum í þessum landshluta, t. d. þegar koma skal upp byggðahverfum eða iðjuverum, staðsetja einstök nýbýli, endurbyggja og færa til gamla bæi, velja skólahúsum og félagsheimilum staði o. s. frv.

Fyrsti flutningsmaður tillögu þessarar mæltist til þess fyrir hönd tillögumanna, að raforkumálastjóri ríkisins, hr. Jakob Gíslason, léti þeim í té skrá um jarðhitastaði, sem jarðhitadeildin vissi um á Norðurlandi eystra. Varð hann vel við tilmælunum. Láta flutningsmenn fylgja greinargerð þessari bréf, dags. 29. okt. 1962, frá raforkumálastjóranum, og skrár, er bréfinu fylgdu, um jarðhitastaði í Eyjafjarðarsýslu (ásamt Ólafsfirði) og í báðum Þingeyjarsýslum. Samkvæmt skránum er þarna um að ræða samtals rúmlega 90 jarðhitastaði, sem jarðhitadeildin veit um.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild.

29. okt. 1962.

Hr. alþingismaður Karl Kristjánsson,
Alþingi, Reykjavík.

Samkvæmt ósk yðar, hr. alþingismaður, hefur jarðhitadeildin tekið saman skrár um jarðhitastaði í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum eftir þeim gögnum, sem nú liggja fyrir á deildinni. Af eðlilegum ástæðum geta þessar skrár ekki talizt tæmandi, því að fleiri jarðhitastaðir kunna að koma í ljós, sem deildin hefur ekki vitneskju um enn þá.

Getið er um hitastig vatns á flestum stöðum og sömuleiðis um rennsli, þar sem slíkar upplýsingar eru fyrir hendi. Hafa verður í huga, að rennslistölurnar eru aðeins í fáum tilfellum byggðar á öruggum mælingum, og verður því að nota þær með varúð.

Umræddar skrár fylgja bréfi þessu.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Jarðhitastaðir í Eyjafjarðarsýslu.

Staður	Hreppur	Hiti °C	Rennsli lítrar/sek
Glerárgil, Akureyri		55	
Hámundarstaðaháls	Árskógsströnd	20	
Laugaland í Hörgárdal	Glæsibæjarhreppur	77.1	
— (borhola)	—	78	3.5
Grísará	Hrafnagilshreppur	41	
Syðri-Hrafnagilslaug	—	57	
Hrafnagil, a	—	55	0.6
Hrafnagil, b	—	32—35	0.33
Hrafnagil (sundlaug)	—	35	0.5
Ytri-Hrafnagilslaug	—	46	
Kristnes	—	58	1
Kristnes (Reykhúsalaug)	—	75	1.5
Reykhús	—	74	1.4
Ytra-Gil	—	47.5	0.33
Yzti-Bær	Hrísey	39	0.05
Yzti-Bær	—	62	0.4

Staður	Hreppur	Hiti °C	Rennsli lítrar/sek
Bakki	Ólafsfjörður	17	
Karlsstaðir	—	27	
Kleifarhorn	—	33.4	
Ósbrekka	—	30.8	
Reykir	—	50	0.4
Reykir	—	52	4
Skeggjabrekka	—	49	12
Vatnsendi	—	36	0.05
Hleiðargarður	Saurbæjarhreppur	15	0.3
Djúpidalur	—	15—16	0.45
Hólsgerði	—	21	0.1
Hólsgerði	—	43	0.5
Hamar	Svarfaðardalshreppur	39.5	
Tjarnargarðshorn (Laugahlíð)	—	27	
Sundlaugin við Gullbringu	—	25	5
Björk	Öngulsstaðahreppur	28	0.4
Brúnalaug (Brúnshús)	—	66.5	2
Garðsá	—	19.4	
Grýta	—	32	0.8
Hóll	—	46.5	0.8
Laugaland	—	55	1—1.5

Jarðhitastaðir í Þingeyjarsýslum.

Presthvammsdalur	Aðaldælahreppur	43.2	
Grýtubakki	Grýtubakkahreppur	26	0.25
Sundlaug v/Gljúfurá	—	18	
Draflastaðir (í Fnjóskadal)	Hálshreppur	44	0.4
Reykir í Fnjóskadal	—	90	1.2
Húsavíkurkaupstaður		63	0.20
—		36	
Laugardalur			
Litlaá	Kelduhverfi	15	
Krafla við Litla-Víti			(gufa)
Krafla við Stóra-Víti			—
Leirhnjúkur (Gufuauga)			
Hrútfjallahitur			
Stóru-Tjarnir	Ljósavatnshreppur	53	0.66
Birningsstaðir	Reykdælahreppur	52	0.7
Brettingsstaðir	—	22.9	
Hjalli	—	45	0.25
Kasthvammsdalur	—	24.3	
Laugaból	—	46	0.43
Laugar í Reykjadal	—	55	
Litlu-Laugar	—	57.5	0.7
Stafn	—	27.5	0.2
Stóru-Laugar	—	52	1.2
Öndólfsstaðir	—	27	0.10
Hveravellir (Uxahver)	Reykjahreppur	100	16
Hveravellir (Yztihver)	—	100	27

Staður	Hreppur	Hiti °C	Rennsli lítrar/sek
Syðstihver	Reykjahreppur	100	
Hveravellir, Strokkur	—		(gufa)
Reykir (Þvottahver)	—	82	3.5
Reykir	—	90.4	
Hofstaðir í Laxárdal	Skútustaðahreppur	22	6
Gunnarsstaðir	Svalbarðshreppur v/Þistilfjörð		
Laxárkrókur	—	ca. 23	
Kollavík	—		
Tunga	Svalbarðsstrandarhr.	20	
Svalbarðseyri	—	33	
Brennisteinsþúfa, Námafjall	Skútustaðahreppur		(gufa)
Gufuauga, Námafjall	—		—
Hverarönd, leirhver, Námafjall	—		
Hverarönd, brennisteinsþúfa	—		
Hraunbrún, brennisteinsþúfa	—		
Vatnssprunga, Námafjall	—		—
Hverir á háfjalli, Námafjall	—		—
Námaskarð	—	100	—
Reykjahlíð við Mývatn	—	27	
Vogar við Mývatn, Grjótagjá	—	41	
Þeistareykir			—
Skógar	Axarfjarðarhreppur		
Ærlækjarsel	—		—
Ytri-Bakki	Kelduneshreppur		
Arnanes	—		
Við Lónsós	—		
Skeiðsöxl	—		

Nd. 117. Breytingartillaga [6. mál]

við rökstudda dagskrá á þskj. 85 [Almannavarnir].

Frá Guðmundi Í. Guðmundssyni.

Úr síðari málsgrein hinnar rökstuddu dagskrár falli niður orðin: „samkvæmt skýlausri samþykkt Alþingis frá 28. marz 1956, sem enn er í fullu gildi.“

Nd. 118. Frumvarp til laga [97. mál]

um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Karl Guðjónsson.

1. gr.

3. gr. laganna breytist þannig:

a. Á eftir orðunum „Þar sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún“ bætist í greinina orðin: og ætla má, að umferð farartækja um hann sé að meiri hluta til í þágu íbúa viðkomandi sveitarfélags.

b. Aftan við greinina bætist:

Þar sem þjóðvegur liggur um kaupstað eða kauptún og ætla má, að umferð farartækja um hann sé að meiri hluta til í þágu annarra aðila en íbúa viðkomandi sveitarfélags, skal um kostnað við umbætur og viðhald hans gilda sama ákvæði og aðra þjóðvegi. Þegar í ljós kemur, að meðalumferð um þjóðveg í kaupstað eða kauptúni er yfir 400 farartæki á dag að sumarlagi, skal á þá gera slitlag úr varanlegu efni, svo fljótt sem fé er til þess veitt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í gildandi vegalögum er fortakslaust gert ráð fyrir því, að hvar sem þjóðvegur liggur í gegnum þorp eða kaupstað, þá skuli viðkomandi sveitarfélag bera kostnað af viðhaldi og umbótum vegarins innan þeirra takmarka, sem kaupstaðarlóðin eða verzlunarlóð þorpsins markar, en þar sem annmarkar eru á að fara eftir þessari reglu, eigi ráðherra að úrskurða endamörk þess vegar, er vegagerð ríkisins sér um.

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir því, að þessi regla haldist, þar sem umferð farartækja er að meiri hluta til í þágu þorps- eða kaupstaðarbúa sjálfra, en þar sem umferðin er á hinn bóginn að meiri hluta í þágu annarra en íbúa staðarins, sem um er ekið, skuli kostnaður af veginum greiðast með sama hætti og annar þjóðvegakostnaður.

Þá er og í þessu frumvarpi það nýmæli, að þar sem þjóðvegur liggur um þorp eða kaupstað og umferð á honum er orðin yfir 400 farartæki á dag að meðaltali aðalumferðarmánuðina, þá skuli sá þjóðvegur gerður með slitlagi úr varanlegu efni, þegar fé er til þess veitt.

Það orkar varla tvímælis, að hæpin sanngirni er að skylda sveitarfélag til að kosta þjóðveg í umdæmi sínu, ef notkun hans er aðeins að minni hluta til í þágu íbúa staðarins.

Til eru þeir staðhættir, að umferð þjóðvega í þorpum er aðeins að litlu broti þorpinu sjálfu viðkomandi. Engu að síður leggja vegalög þorpsbúum slíkra staða á herðar fjárhagsbyrðarnar af viðhaldi og endurbótum vegarins.

Með hinni sívaxandi notkun vélknúinna ökutækja sýnir reynslan, að ógerningur er að viðhalda malarvegum sómasamlega, eftir að umferð á þeim er orðin mikil. Ryk og önnur óþrif frá vondum malarvegum verða óþolandi í þéttbýli, og verður ekki umflúið öllu lengur að steypa slitlag fjölförnustu þjóðveganna í þorpum landsins.

Þess er á hinn bóginn ekki að vænta, að einstök sveitarfélög með ótal verkefni á sínum snærum og þrönga tekjuöflunaraðstöðu geti sinnt því að leysa hin kostnaðarsömustu vandamál þjóðvegakerfisins, eins og varanleg vegagerð er, einnig þótt á takmörkuðum eða smærri svæðum sé. Þá verður ekki heldur talið eðlilegt af ríkisvaldsins hálfu að láta sig það engu skipta, þótt þjóðvegur valdi verulegum óþrifum og óþægindum á fjölbyggðum stöðum. En þessi vandamál verða ekki leyst á nálægum tímum, nema hin almenna vegagerð landsmanna verði með skipulegum hætti látin glíma við lausn þeirra verkefna, er hér bíða, og ríkið leggi fram fjármuni í því skyni.

Að þessu frumvarpi samþykktu yrði það fjárlagamál að ætla fé til varanlegra þjóðvega í þorpum og kaupstöðum. En með því að telja má, að ekki yrði á örfáum árum ætlað til þeirra þarfa allt það fé, er til þyrfti, þá er hér aðeins miðað við varanlega gerð vega með yfir 400 farartækja meðalumferð á dag á sumarmánuðum, og væri þá eðlilegt að miða við það 4 mánaða tímabil, sem bezt er til samgangna, t. d. júní—september.

Á meðan aðeins væri hægt að sinna hluta þeirrar skyldu, sem vegagerðinni sköpuðust með ákvæðum þessa frumvarps, yrði að teljast eðlilegt, að verkefnunum yrði sinnt þar fyrst, sem umferðin reyndist mest, og síðan áfram í þeirri röð, sem umferðarþunginn segði til um, unz fullnægt væri skyldum, en þá væri komið að nýrri athugun á meðalumferðarmarkinu.

Ed. 119. Frumvarp til laga [98. mál]

um breyting á lögum nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Við 4. tölulið 29. gr. laganna bætist svo hljóðandi málsliður:
Þó skulu ákvæði um kjör sjúkrahúslækna gilda frá 1. ágúst 1962.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkomulag varð um lausn á þeim vanda, er skapaðist vegna ágreinings varðandi launakjör sjúkrahúslækna, með þeim hætti, er um ræðir í tveim fréttatilkynningum ríkisstjórnarinnar, sem hér fara á eftir:

Fréttatilkynning frá ríkisstjórninni 10. nóvember 1962: „Í dag hélt heilbrigðismálaráðherra fund með formönnum Læknafélags Íslands, Læknafélags Reykjavíkur og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og nokkrum forystumönnum heilbrigðismála.

Ráðherra skýrði frá því, að ríkisstjórnin væri reiðubúin að beita sér fyrir lausn læknadeilunnar svokölluðu á þeim grundvelli, að læknum þeim, sem hlut eiga að máli, reiknist nú þegar þau kjör, sem um kann að semjast milli ríkisstjórnarinnar og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða ákveðin verða af kjaradómi samkvæmt l. nr. 55 28. apríl 1962 í stað þess, sem aðrir starfsmenn verða væntanlegra breytinga ekki aðnjótandi fyrr en 1. júlí 1963, enda lýsi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja því yfir, að það sé samþykkt þessari sérmeðferð umræddra lækna og muni ekki byggja kröfur til annarra starfshópa á henni. Læknarnir taki þegar í stað upp sína fyrri vinnu og fái þær hækkanir, sem um kann að semjast eða kjardómur ákveður, greiddar eftir á jafnskjótt og samningar hafa tekizt eða ákvörðun kjaradóms liggur fyrir.

Formenn læknafélaganna og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja tóku að sér að koma þessum boðum áleiðis."

Fréttatilkynning frá ríkisstjórninni 13. nóvember 1962: „Læknadeilan svokallaða hefur nú verið til lykta leidd á grundvelli tilboðs ríkisstjórnarinnar frá 10. nóvember með þeirri breytingu, að væntanlegar kjarabreytingar skuli reiknast frá 1. ágúst s. l., enda hefur stjórn B. S. R. B. lýst yfir, að það mun ekki gera kröfur fyrir hönd annarra starfsmanna þótt ríkisstjórnin samþykki að greiða sjúkrahúslæknum fyrr en öðrum laun samkvæmt væntanlegum kjarasamningi eða dómi, og samkomulag tekizt um nokkur framkvæmdaatriði lausnarinnar."

Nauðsynlegt er að fá staðfesta með lögum þá lausn, sem um ræðir hér að framan, og er þetta frumvarp borið fram í því skyni.

Ed. 120. Frumvarp til laga [99. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að fjárhæð allt að 2 milljónum sterlingspunda.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal varið til framkvæmda á vegum ríkisins, sem eru mikilvægar fyrir þjóðarhag, eða endurlánað öðrum aðilum í sama skyni gegn fullnægjandi tryggingum.

Ríkisstjórnin ákveður skiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda. Skal um skiptinguna farið eftir mikilvægi framkvæmdanna og þeim möguleikum öðrum til fjáröflunar, sem fyrir hendi eru.

Fénu skal einkum varið til að efla útflutningsiðnað, til hafnargerða, raforkuframkvæmda og annarra framkvæmda, sem stuðla að aukningu þjóðarframleiðslunnar og gjaldeyrisöflun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Ríkisstjórnin hefur að undanförnu unnið að ýmsum áætlunum um framkvæmdir, sem ráðgert er að hrinda af stað á næstunni. Enn fremur hefur verið leitað stuðnings hennar við nauðsynlegar framkvæmdir, sem í undirbúningi eru á vegum annarra aðila. Er nú verið að vinna að athugun og samræming þessara áætlana í ljósi þess, hvað áætla má, að hægt verði að ráðast í með tilliti til fjármagns og vinnuafls, sem þjóðarbúið hefur yfir að ráða.

Meðal mikilvægustu framkvæmdanna eru þær, sem stuðla að auknum útflutningstekjum. Er þar annars vegar um að ræða beina aukningu framleiðslugetu, einkum í fiskiðnaði, en hins vegar bætta aðstöðu, t. d. með því að stækka hafnir og bæta önnur skilyrði til útgerðar. Þá eru og ráðgerðar verulegar raforkuframkvæmdir á næsta ári í sambandi við framkvæmd 10 ára áætlunarinnar og vegna undirbúnings stærri virkjanaframkvæmda síðar.

Til þessara framkvæmda, sem nú hafa verið nefndar, og margra annarra, þarf mikið fjármagn, og er ljóst, að verulegur hluti þess þarf að fást erlendis. Möguleikar eru nú fyrir hendi til að afla fjár erlendis til langs tíma með viðunandi kjörum. Til þess að hægt sé að vinna frekar að því máli er ríkisstjórninni nauðsynlegt að afla heimildar Alþingis til lántökunnar.

Ríkisstjórnin telur ekki mögulegt að framkvæma endanlega skiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda nú þegar. Áður en slík skipting getur farið fram er nauðsynlegt að kanna þær fjárfestingaráætlanir, sem fyrir liggja nánar, og þá ekki síst hverjar þeirra skuli framkvæmdar með aðstoð þess erlenda lánsfjár, sem hér um ræðir, og hverjar skuli fá fé af opinberum framlögum eða því innlenda lánsfé, sem til ráðstöfunar verður.

Sþ. 121. Tillaga til þingsályktunar [100. mál]

um leit að heitu vatni á Selfossi og að Laugardælum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að á vegum jarðhitasjóðs verði gerð leit að heitu vatni í Selfosshreppi og að Laugardælum, og verði sú leit við það miðuð, að möguleikar finnist til að auka hitaveitu til hitunar íbúðarhúsa og iðnaðarframkvæmda á Selfossi.

Greinargerð.

Á Selfossi hefur um alllangt skeið verið hitaveita, sem Kaupfélag Ársnesinga lét byggja. Í nágrenni Selfoss er hin mikla jörð Laugardælir með hjáleigum, og er Laugardælatorfan öll eign kaupfélagsins. Heit laug er í landi hjáleigunnar Þorleifskots. Var þar borað eftir heitu vatni, og var það leitt til Selfoss og í íbúðarhúsin austan Ölfusár. Mjólkurbú Flóamanna hefur einnig haft not af hitaveitu þessari við mjólkuriðnaðinn.

Vestan Ölfusár er hluti Selfosshrepps, og þar er allmikil byggð. Í þeim hluta hreppsins er engin hitaveita, en hins vegar verður þar vart nokkurs hita við yfirborð jarðar. Yfirborðsmælingar hafa nú farið fram og borun til reynslu á einum stað. Er hola sú, sem boruð hefur verið, orðin um 90 metra djúp, og hitinn hefur mælzt um 58° C í botninum. Vatn hefur hins vegar ekki komið fram í holu þessari enn þá. Gera má ráð fyrir, að á fleiri stöðum þurfi að bora. Æskilegast væri, að svo öflug lind fyndist vestan árinnar, að hún nægði byggðinni, sem þar er, og væri auk þess aflögufær til annarra nota.

Samfara jarðhitaleit vestan Ölfusár á Selfossi er einnig mikil nauðsyn, að kannað verði, hvort unnt muni að auka magn heita vatnsins austan árinnar, t. d. frá Þorleifskoti. Er með tillögu þessari gert ráð fyrir slíkri rannsókn þar.

Rannsóknir af því tagi, sem hér um ræðir, og síðan hitaveitufranikvæmdir eru mjög fjárfrekar. Á Selfossi búa innan við 2000 manns, og er hætt við, að ekki fjölmennara sveitarfélagi geti orðið ofviða svo fjárfrekar framkvæmdir sem hér er um að ræða.

Ekki þarf að lýsa því, hversu dýrmætt það er að finna heitt vatn eða gufu í jörðu og virkja slíka orku. Á Selfossi er mikill og almennur áhugi á því, að takast megi að finna þar hita í jörðu og á þann hátt skapist skilyrði til aukinnar og fjölbreyttari atvinnu. Ef meira heitt vatn næst þar úr jörðu, má telja slíkt undirstöðu þess, að þorpið geti vaxið og blómgazt og íbúum fjölgað á komandi tímum. Mætti slík þróun einnig verða hinum frjósömu nágrannasveitum Selfoss til stuðnings á mörgum sviðum.

Ed. 122. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. nóv. 1962.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Björn Jónsson.
Karl Kristjánsson.
Magnús Jónsson.

Sþ. 123. Tillaga til þingsályktunar [101. mál]

um rannsókn á kali í túnum o. fl.

Flm.: Valtýr Kristjánsson, Ásgeir Bjarnason, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við atvinnudeild Háskóla Íslands, landbúnaðardeild, að sérfræðingar hennar í jarðrækt einbeiti sér að rannsóknum á orsökum kals í túnum.

Rannsóknunum sé m. a. beint að eftirfarandi atriðum:

1. Að hve miklu leyti má rekja orsakir kals til veðurfarsáhrifa, svo sem snjóa- og svellalaga, og við hvaða aðstæður kal myndast af þeim sökum.
2. Hvort eðlisfræðilegt ástand jarðvegsins, jarðvinnsluaðferðir, þurrkunarásigkomulag ræktunar, haust- og vetrarvatnsstaða í jarðvegi hafa áhrif í sambandi við kalhættu.
3. Hvort misnotkun áburðar, svo sem stórir skammtar köfnunarefnis, og áburðartími, t. d. áburðargjöf seint á sumri milli slátta, eigi sinn þátt í auknum kalskemmdum.
4. Hvort notkun túnanna, svo sem haustbeit og sláttur síðsumars og á hausti, auki kalhættu.
5. Rannsókn á þoli stofna, sem notaðir eru í fræblöndur.

Að framkvæmd lokinni, sem kostuð verði með sérstöku fjárframlagi til landbúnaðardeildarinnar, séu gefnar út niðurstöður rannsóknanna og leiðbeiningar byggðar á þeim.

Greinargerð.

Á s. l. sumri voru kalskemmdir í túnum með mesta móti víða um land. Kalið — ásamt lágu hitastigi á sprettutímanum — veldur miklu um það, að heyfengur að þessu sinni er ekki meiri en raun er á, og bændur því ekki eins vel undir það búnir og æskilegt væri að mæta þessum vetri, sem nú hefur sagt til sín í fyrra lagi.

Kal í túnum er því miður ekki nýlunda. Hvað eftir annað hefur það valdið fjölda bænda þungum búsifjum. Þarf ekki að lýsa því nánar, hvílíkt áfall það er fyrir hvern þann bónda, sem fyrir því verður, að meiri eða minni hluti af túni, sem komið hefur verið upp með ærnum tilkostnaði, ber engan ávöxt það ár, sem kal verður, þótt borið hafi verið á það eins og annað ræktað land, og er stundum langan tíma að ná sér aftur. Yfirleitt standa menn uppi ráðalitlir gagnvart þessari plágu, þegar hún skellur á, enda vita menn ógerla, af hverju hún stafar, nema þá í sumum tilfellum, eða hvaða ráð sé til að hefta hana eða draga úr henni.

Þó er ljóst, að nýræktir, sem gerðar hafa verið á síðari árum, hafa minna þol gegn kali en eldri tún. Veldur þar nokkru um, að fræblöndur þær, sem notaðar hafa verið, eru af erlendum uppruna og þola ekki allar jafnvel íslenzkt veðurfar í köldum árum.

Stefna þarf að því að rækta fræ af innlendum grasstofnum með það fyrir augum, að á boðstólum verði grasfræ af harðgerðum jurtum, er væru í senn góðar fóðurjurtir og þolmeiri gegn kali.

Það er álit flm., að ekki megi dragast að leggja meiri áherzlu en verið hefur á ýtarlegar rannsóknir og tilraunir í því skyni að reyna að finna orsakir kalsins og þá um leið, ef unnt er, ráð til að koma í veg fyrir þær eða draga úr þeim.

Á það má jafnframt benda, að kal, jafnvel þótt lítils háttar sé, getur valdið því, að sveppir og bakteríur fái aðstöðu til sýkingar.

Gróður, sem verður fyrir kalskemmdum, hefur minna þol gegn sýkingu en hann ella hefði haft. Á þessu sviði er líka um rannsóknarefni að ræða.

Landbúnaðardeildin hefur á að skipa sérfræðingum, sem að rannsóknum þessum ættu að vinna. En þótt að þeim sé unnið þar, hlýtur að verða af þeim talsverður aukakostnaður, sem gert er ráð fyrir, að greiddur verði úr ríkissjóði.

Nd. 124. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Í stað orðanna „minnst 6.5 millj. kr.“ í síðari málsgrein 27. gr. laganna komi „minnst 7.15 milljónir kr.“

2. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrsta málslið 39. gr. laganna komi „15 ha“.

3. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrstu málsgrein 47. gr. laganna komi „15 ha“.

4. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í 50. gr. laganna komi „15 ha“.

5. gr.

60. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1963—1970, að báðum árum meðtöldum, er heimilt að veita jörðum, er hafa véltæk tún undir 15 ha óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð. Ákvæði þetta nær til lögbýlisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðunum og komi í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.

Framræslukostnaður og framlag til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

6. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 7.6 milljónir króna árlega á árunum 1963—1970, að báðum árum meðtöldum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þá er lögin um landnám, ræktun og byggingar í sveitum voru sett 1946, var gert ráð fyrir því, að fjárhagsstuðningur væri veittur til nýbýla frá Landnámi ríkisins á fyrstu 5 hektara, sem nýbyggjandi ræktaði á býli sínu, og að í byggðahverfum væri hverjum nýbyggjanda skilað af Landnámi ríkisins 5 hekturum fullræktuðum.

Þá er lögin voru endurskoðuð 1957, voru viðhorf orðin breytt, framkvæmdakostnaður við stofnun býla hafði aukizt mjög, svo að ljóst var, að það þurfti stærra bú til að tryggja lífsafkomu frumbýlinga en verið hafði fyrir 10 árum, og voru þá

auknar kröfur gerðar, þannig að hverju býli skyldi fylgja minnst 25 hektarar af ræktunarhæfu landi auk beitilands, og jafnframt var hækkað markið fyrir framlagsskyldri ræktun upp í 10 hektara.

Samhliða þessu ákvæði var í lögunum frá 1957 ákveðið, að þær byggðar jarðir, sem minna tún hefðu en 10 hektara, fengju tímabundna aðstoð til að ná þessum áfanga, en þá voru yfir 3000 jarðir í landinu með véltæk tún undir 10 hektara að stærð.

Við þessa ráðstöfun hefur það áunnizt, að um 1000 jarðir, sem voru með tún innan við 10 hektara, hafa náð þessari og meiri túnstærð fyrir árslok 1961, og 1387 jarðir, sem áður voru með túnstærð undir 5 hekturum, eru þá með túnstærð frá 5,1 hektara til 9.99 hektara. 438 jarðir eru með 2.5 til 5.0 hektara túnstærð. Þessum jörðum hefur þokað hægt í átt til aukinnar ræktunar, en reynslan sýnir að eftir því sem túnin stækka og búin samhliða aukast, vex getan til stærri ræktunarátaka árlega. Loks eru 198 jarðir með minni tún en 2.5 hektara, og eru það yfirleitt persónulegar ástæður, sem því valda. Þarf ekki að gera ráð fyrir aukinni ræktun á þeim jörðum að óbreyttri ábúð.

Það er ljóst, að með framangreindum ráðstöfunum ríkisins hefur náðst mikill árangur í aukinni ræktun og auknum bústofni og jafnframt verið fyrirbyggt, að jarðir fari í eyði sökum skorts á afstöðu til fóðuröflunar. Eftirfarandi skýrsla um breytingar bústærða sýnir glöggt, hverju þessar ráðstafanir hafa þokað áleiðis í þessu efni.

Skipting byggðra lögbýlisjarða eftir bústærðum 1955—1962 (kúgildum).

Ár	0.0—5.0	5.1—7.5	7.6—10.0	10.1—12.5	12.6—15.0	15.1—20.0	Yfir 20.0	Tala jarða
1955—1956	500	545	795	798	720	925	846	5129
1957—1958	446	499	680	788	674	1035	1046	5168
1958—1959	433	442	651	747	690	1040	1075	5078
1959—1960	439	397	618	687	717	1111	1190	5159
1960—1961	486	385	574	579	683	1128	1426	5261

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því, að framlag til frumbýlinga á nýbýlum verði greitt á fyrstu 15 hektarana, sem ræktaðir eru á býlunum, í stað 10 áður og að býlum í byggðahverfum verði afhentir 15 hektarar af véltæku túni, er ábúendur taka við býlunum.

Gert er ráð fyrir hækkun á framlagi samkvæmt 27. grein um 650 þúsund krónur, til að standa straum af þessari auknu ræktun.

Þá er gert ráð fyrir, að þeim byggðum lögbýlisjörðum, er nú hafa tún undir 15 hekturum, verði veitt tilsvarandi framlag og verið hefur, þar til túnstærð hefur náð þessu marki.

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir hendi eru, nemur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins framlagsskyld túnaukning 17654 hekturum á 2023 jörðum til að ná 15 hektara takmarkinu og áætlað er að á jörðum með 10 til 15 hektara tún verði framlagsskyld ræktun 3500—4000 hektarar. Heildarræktunarþörfin nemur því allt að 21654 hekturum.

Árlega má því gera ráð fyrir, að framlag þurfi að veita á 2700 hektara. Nemur því fjárþörfin til þessarar ræktunar árlega 6 750 000 krónum. Samkvæmt ákvæðum 63. greinar er svo fyrir mælt, að framlög skuli veitt til íbúðarhúsabygginga á lögbýlisjörðum á sama hátt og nýbýlastofnendum eru veitt. Þessi styrkur hefur verið greiddur af því fé, er 64. grein gerir ráð fyrir, og er því framlag samkvæmt 64. grein ákveðið 7.6 milljónir króna.

Meðalbústofn byggðra lögbýlisjarða hefur aukizt hin síðustu ár, en tæknibúinn landbúnaður krefst stærri búseininga. Meðaláhöfn á jörð, miðuð við tölu byggðra

lögbýlisjarða, en þá er ekki tekið tillit til fleirbýlis eða félagsbúrekstrar á jörðum, sem sameiginlega eru metnar í fasteignamati, er þessi:

Ár	Tala jarða	Meðaláhöfn, kúgildi
1955—1956	5175	13.8
1957—1958	5168	14.9
1958—1959	5078	15.0
1959—1960	5159	15.2
1960—1961	5261	16.0

Þegar þess er gætt, að á þessum jörðum eru búin rekin af nær 6400 fjölskyldum, ætti að vera ljós nauðsyn þess, að búin stækki. Aukin ræktun og þar með stóraukin og bætt fóðurframleiðsla er grundvöllur þess, að svo geti orðið.

Með þetta fyrir augum er frumvarp þetta borið fram.

Um einstakar greinar frumvarpsins skulu eftirfarandi athugasemdir gerðar:

Um 1. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að framlag samkvæmt 27. gr. hækki um 650 þúsund krónur á ári. Það er byggt á því, að framlagsskyld ræktun sé aukin úr 10 hekturum á hvert nýbýli á einstaklingsbýlum, þar sem ræktun er framkvæmd með aðstoð ræktunarsambanda. Jafnframt verði þeim býlum, sem reist eru í byggðahverfum, afhent 15 hektara ræktað tún í stað 10 áður.

Fjárhæðin er áætluð með tilliti til þess, að framlag á hvern hektara sé hið sama og verið hefur á árunum 1961 og 1962. Fyrstu 5 hektararnir, sem ræktaðir eru á býlinu, eru styrktir með 6 000 krónum. Síðari 5 hektararnir, sem ræktaðir eru, eru styrktir með 3 000 krónum á hektara. Frumvarpið gerir ráð fyrir, að 10 hektarar verði styrktir með 3 000 krónum á hektara. Það þýðir 15 000 króna útgjaldaaukningu fyrir Landnám ríkisins á hvert fullræktað býli. Hækkunarfjárhæðin myndi tryggja möguleika til fullnaðargreiðslu á aukinni ræktun á rúmlega 40 býlum.

Um 2. gr.

Gert er ráð fyrir, að í byggðahverfum verði ræktaðir 15 hektarar fyrir hvert býli í stað 10 áður. Ekki er í frumvarpinu áætluð hækkun framlags úr ríkissjóði vegna þessarar framkvæmdaaukingar sérstaklega.

Um 3. gr.

Greinin tekur til nýbýla utan byggðahverfa og er skýrð með athugasemd um 1. grein frumvarpsins.

Um 4. gr.

Ákvæði greinarinnar taka til þess, að ekki skuli heimilt við skiptingu jarða, sem nýbýli eru stofnuð frá, að jörðin láti af hendi ræktað land, ef tún hennar, þegar skipting fer fram, er undir 15 hekturum.

Um 5. gr.

Greinin gerir ráð fyrir, að jarðir, sem í árslok 1961 hafa túnstærð undir 15 hekturum, fái sama fjárframlag á hektara og verið hefur þar til 15 hektara túnstærð er náð.

Þessi viðbótarframlög nema 2 500 krónum á hektara. Til þessa hefur árleg fjárveiting verið 6 milljónir krónur, en eftir gildistöku laga nr. 49 frá 11 júní 1960 hafa af fjárhæð þessari verið greidd byggingarframlög til íbúðarhúsa á jörðum, sem hafa óíbúðarhæfan húsakost.

Þessi framlög námu á árinu 1961 yfir 1.8 milljón krónum og má vænta þess, að á næstu árum verði byggingarþörfin eigi minni en verið hefur tvö síðustu árin. Með hliðsjón af þessum tveimur útgjaldaliðum, eins og þeir hafa verið á undanförnum árum, er aukin fjárþörf áætluð 1.6 milljónir krónur, eða framlagið alls 7 600 000

krónur árlega. Til ræktunar 6 750 000 krónur og 850 000 krónur til íbúðarhúsa á jörðum með ónothæfar íbúðir, og er þá gert ráð fyrir því, að nokkuð dragi úr umsóknum frá því, sem nú er, sem telja má eðlilegt með hliðsjón af varanleik þeirra bygginga, sem byggðar hafa verið síðustu þrjá áratugi.

Ed. 125. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki getað náð samkomulagi um afgreiðslu þess.

Undirritaður meiri hluti nefndarinnar leggur til, að það verði samþykkt með brtt. þeim, er hér fara á eftir, en þeir KK og FRV munu skila sérálitum.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „2 milljónum sterlingspunda“ bætist: með þeim kjörum og til þess tíma, er um semst.
2. Við 2. gr. 1. málsl. 2. mgr. orðist svo:
   Ríkisstjórnin ákveður skiptingu lánsfjárins í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, áður en reglulegu Alþingi 1962 lýkur.

Alþingi, 20. nóv. 1962.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Ed. 126. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég mæli með því, að ríkisstjórnin fái heimild til þess að taka þetta framkvæmdalán.

Hins vegar er ég því ekki samþykkur, sem segir í fyrsta málslið 2. gr. frumvarpsins, að **ríkisstjórnin ákveði skiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda.**

Ég geti ekki heldur átt samleið með meiri hl. fjárhagsnefndar, sem hefur gengið inn á að leggja til, að ríkisstjórnin skipti lánsfénu í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis.

Ég tel, að Alþingi sjálft eigi að ráðstafa lánsfénu fyrir opnum tjöldum með lagasetningu. Sú venja hefur tíðkazt, og frá henni er ekki rétt að víkja, — og allra sízt þegar um miklar fjárhæðir er að ræða.

Hlutverk fjárveitinganefndar er að vera ráðgefandi, en ekki löggefandi.

Í frumvarpinu segir: „Fénu skal einkum varið til að efla útflutningsiðnað, til hafnargerða, raforkuframkvæmda og annarra framkvæmda, sem stuðla að aukningu þjóðarframleiðslunnar og gjaldeyrisöflun.“

Þessum sjónarmiðum um lánsfjárskiptinguna er ég fyllilega samþykkur. En margt kallar að einmitt í þessum efnum, og skipting fjárins getur þar af leiðandi

orðið vandasöm, ef hún á að vera réttlát og svo heppileg sem verða má fyrir þjóðarhag.

Hér er um að ræða 240 milljónir króna, sem er álíka há fjárhæð og sú upphæð er, sem skv. fjárlagafrumvarpinu fyrir árið 1963 á að verja samtals til raforkumála, vegamála, samgangna á sjó, vitamála og hafnargerða, flugmála og sjávarútvegsmála.

Þetta er því stórt mál, sem eðlilegast er í alla staði, að Alþingi sjálft fjalli um, svo að öllum þingheimi gefist kostur á að gera tillögur um skiptinguna, eins og á sér ófrávíkjanlega stað, þegar ráðstafað er framkvæmdafé fjárlaga.

Vel er skiljanlegt, að ríkisstjórnin hafi ekki á takteinum, eins og sakir standa, tillögur um skiptingu lánsfjárins við afgreiðslu þessa frumvarps, sem hraða þarf afgreiðslu á.

Þeir þingmenn, sem ekkert vissu, hvað til stóð, fyrr en ríkisstjórnin lagði þetta lántökufrumvarp fram, hafa auðvitað enn síður skilyrði til að hafa skiptingartillögur á reiðum höndum. En þetta þarf ekkert að saka. Frumvarp um heimild til lántökunnar má vitanlega afgreiða strax, en setja lög um skiptinguna seinna í vetur á þessu þingi.

Leyfi ég mér að flytja á sérstöku þingskjali brtt. við 2. gr. frumvarpsins. Felur sú tillaga í sér, að lánsfénu skuli ráðstafað með sérstökum lögum.

Alþingi, 20. nóv. 1962.

Karl Kristjánsson.

Sþ. 127. Fyrirspurn [103. mál]

til ríkisstjórnarinnar um endurskoðun á lögum um vátryggingu fiskiskipa.

Frá Birni Pálssyni.

Hvað líður endurskoðun laga um vátryggingu fiskiskipa?

Ed. 128. Breytingartillaga [99. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

Frá Karli Kristjánssyni.

Við 2. gr. Fyrsti málsliður 2. málsgr. orðist svo:
Alþingi ákveður með sérstökum lögum skiptingu lánsfjárins.

Ed. 129. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég er ekki andvígur þeirri heimild til lántöku til handa ríkisstjórninni, sem í frumvarpinu felst. En ég tel það höfuðatriði í málinu, að ríkisstjórninni verði ekki gefið einræðisvald um skiptingu lánsfjárins, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Ég hef í fjárhagsnefnd lýst þeirri skoðun minni, að ég gæti til samkomulags fallizt á að samþykkja frv. með þeirri breytingu, að tryggt yrði, að haft yrði samráð við fjárveitinganefnd Alþingis um fullnaðarskiptingu fjárins milli einstakra framkvæmda, áður en reglulegu Alþingi 1962 lýkur. Fullnaðarsamkomulag náðist ekki í nefndinni um þessa breytingu á frv.

Ég vil enn ganga til samkomulags um þetta á þessum grundvelli. Þess vegna legg ég til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. málsl. 2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis fullnaðarskiptingu lánsfjárins milli einstakra framkvæmda, áður en reglulegu Alþingi 1962 lýkur.

Alþingi, 20. nóv. 1962.

Finnbogi R. Valdimarsson.

Nd. 130. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 20. nóv. 1962.

Gísli Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Guðlaugur Gíslason.	Jón Skaftason.

Hannibal Valdimarsson.

Nd. 131. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til laga um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Mæla undirritaðir nefndarmenn með samþykkt þess óbreytts. SkG mun skila sérálíti. LJós var fjarverandi við afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 20. nóv. 1962.

Birgir Kjaran, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Davíð Ólafsson, frsm.

Nd. 132. Frumvarp til laga [6. mál]

um almannavarnir.

(Eftir 2. umr. í Nd., 20. nóv.)

Samhljóða þskj. 6 með þessum breytingum:

17. gr. hljóðar svo:

Húseigendum er skylt, hinu opinbera að kostnaðarlausu, að hafa í húsum sínum nauðsynleg björgunar- og eldvarnatæki, eftir því sem almannavarnanefnd ákveður nánar.

Nú er mannvirki þannig háttað, að eyðing þess eða skemmdir á því geta haft í för með sér verulega hættu fyrir umhverfið, og getur ráðherra þá fyrirskipað eiganda eða umráðamanni þess að gera viðeigandi öryggisráðstafanir, enda taki ríkissjóður þá þátt í kostnaði eftir mati dómkvaddra manna, hafi eigi tekizt samkomulag um skiptingu kostnaðar.

Trúnaðarmönnum almannavarna er heimill aðgangur að fasteignum til eftirlits með ráðstöfunum til einkavarna.

25. gr. hljóðar svo:

Kostnaður samkv. 4. gr. laga þessara greiðist úr ríkissjóði.

Ríkissjóður greiðir kostnað samkvæmt 5. gr., en hlutaðeigandi sveitarstjórnum ber að endurgreiða þriðjung kostnaðarins. Nú hefur sveitarstjórn fyrir gildistöku laga þessara aflað sjúkrahúsgagna til almannavarna, og má þá sveitarfélagið greiða sinn hluta kostnaðarins með þeim.

Kostnaður af öðrum ráðstöfunum til almannavarna en um getur í 1. og 2. málsgr. greiðist úr ríkissjóði, en endurgreiða skulu hlutaðeigandi sveitarsjóðir ⅓ hluta kostnaðar af opinberum öryggisbyrgjum og helming annars kostnaðar.

Ed. 133. Frumvarp til laga [99. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

(Eftir 2. umr. í Ed., 20. nóv.)

1. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka lán að fjárhæð allt að 2 milljónum sterlingspunda með þeim kjörum og til þess tíma, er um semst.

2. gr.

Lánsfé skv. 1. gr. skal varið til framkvæmda á vegum ríkisins, sem eru mikilvægar fyrir þjóðarhag, eða endurlánað öðrum aðilum í sama skyni gegn fullnægjandi tryggingum.

Ríkisstjórnin ákveður skiptingu lánsfjárins í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, áður en reglulegu Alþingi 1962 lýkur. Skal um skiptinguna farið eftir mikilvægi framkvæmdanna og þeim möguleikum öðrum til fjáröflunar, sem fyrir hendi eru.

Fénu skal einkum varið til að efla útflutningsiðnað, til hafnargerða, raforkuframkvæmda og annarra framkvæmda, sem stuðla að aukningu þjóðarframleiðslunnar og gjaldeyrisöflun.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 134. Nefndarálit [2. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í 1.—4. gr. þessa frv. eru ákvæði um framlengingu á heimild ríkisstjórnarinnar til að innheimta með viðauka ýmis gjöld til ríkissjóðs og til að fella niður aðflutningsgjöld af nokkrum vörutegundum. Samhljóða ákvæði hafa undanfarið verið framlengd fyrir eitt ár í senn, og mæli ég með því, að svo verði einnig gert að þessu sinni.

Í fyrri málslið 5. gr. frv. er lagt til, að enn á næsta ári skuli innheimta viðbótarsöluskatt af innfluttum vörum, en skattur þessi var fyrst tekinn í lög árið 1960. Er þetta í þriðja skiptið, sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir framlengingu skattsins. Um þetta ákvæði frv. er ágreiningur í fjárhagsnefndinni.

Frumvarp þetta hefur þegar hlotið afgreiðslu í hv. efri deild. Í nefndaráliti á þingskjali 75 hefur fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd þeirrar þingdeildar, Karl Kristjánsson, rakið sögu viðbótarsöluskattsins, og vísa ég til þess, er þar segir.

Viðbótarsöluskatturinn er þáttur í efnahagslegum ráðstöfunum núverandi ríkisstjórnar og stuðningsflokka hennar. Þær ráðstafanir hafa aukið dýrtíðina ákaflega og valdið stórfelldum hækkunum á ríkisútgjöldum, tollum og sköttum.

Ég legg til, að ákvæðið um framlengingu viðbótarsöluskattsins verði fellt úr frumvarpinu. Sú tillaga felur í sér mótmæli gegn aðgerðum ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum.

Samkvæmt framansögðu er það tillaga mín, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

5. gr. orðist svo:

Lög nr. 90/1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, skulu gilda til ársloka 1963.

Alþingi, 21. nóv. 1962.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 135. Frumvarp til laga [104. mál]

um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

1. gr.

Rétt til að kalla sig verkfræðinga eða heiti, sem felur í sér orðið verkfræðingur (civil-ingeniör, diplom-ingeniör), hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

2. gr.

Engum má veita leyfi það, er um ræðir í 1. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í verkfræði við fjöllistaskóla eða tekníska háskóla, sem stéttarfélag verkfræðinga hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags verkfræðinga hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu verkfræðistörf eigi skemur en sex ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig verkfræðinga, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig verkfræðinga.

3. gr.

Rétt til að kalla sig húsameistara (arkitekt) hafa hér á landi þeir menn einir, sem hafa fengið til þess leyfi ráðherra.

4. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 3. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í byggingarlist við listaháskóla eða tekníska háskóla, sem stéttarfélag húsameistara hér á landi viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Að fengnum meðmælum stéttarfélags húsameistara hér á landi má þó veita mönnum, sem stundað höfðu húsameistarastörf eigi skemur en 6 ár, áður en lög nr. 24/1937 tóku gildi, leyfi til að kalla sig húsameistara, enda þótt þeir fullnægi eigi prófskilyrðum þeim, sem um ræðir í 1. mgr. þessarar greinar.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í fyrstu málsgrein þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig húsameistara.

5. gr.

Rétt til að kalla sig tæknifræðinga (ingeniör) eða heiti, sem felur í sér orðið tæknifræðingur, hafa þeir menn einir hér á landi, sem fengið hafa til þess leyfi ráðherra.

6. gr.

Engum má veita leyfi það, sem um ræðir í 5. gr., nema hann hafi lokið fullnaðarprófi í tæknifræði frá teknískum æðri skóla, sem Tæknifræðingafélag Íslands viðurkennir sem fullgildan skóla í þeirri grein.

Þeir menn, sem fullnægja skilyrðum þeim, sem sett eru í 1. mgr. þessarar greinar, eiga rétt á, að þeim sé veitt leyfi til að kalla sig tæknifræðinga.

7. gr.

Ráðherra sker úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun starfsheita, sem fela í sér orðið „ingeniör“.

8. gr.

Hver, sem kallar sig heiti, er leyfi þarf til samkv. lögum þessum, án þess að hafa fengið slíkt leyfi, skal sæta sektum frá 1000 til 10000 krónum. Sektirnar renna í ríkissjóð.

9. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga.

Greinargerð.

Iðnaðarmálaráðuneytið hefur sent iðnaðarnefnd frumvarp þetta með tilmælum um, að nefndin kynnti sér það og flytti á yfirstandandi Alþingi, ef hún teldi sér það fært.

Nefndin hefur samþykkt að flytja frv., en einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð fylgdi frv. af hálfu ráðuneytisins:

Höfuðnýmæli þessa frumvarps er það, að hér er lagt til, að heitið tæknifræðingur verði tekið upp sem starfsheiti þeirra manna, sem nú nefnast iðnfræðingar, samkvæmt lögum nr. 24 13. júní 1937, um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða iðnfræðinga. Enn fremur, að tæknifræðingar megi nota orðið „ingeniör“ í sambandi við starfstitil sinn, en verkfræðingar noti samsvarandi erlent starfsheiti: „diplom-ingeniör“ eða „civil-ingeniör“.

Þar sem breyta þurfti meira en helmingi greina í lögum nr. 24/1937 vegna þessara nýmæla og annars, sem minna máli skiptir, sbr. 8.—9. gr., og auk þess fyrirsögn laganna, þótti henta betur að orða frumvarp þetta sem frumvarp til heildarlaga fremur en breytingu við lög nr. 24/1937.

Frumvarpið er samið að beiðni Tæknifræðingafélags Íslands, en bæði Verkfræðingafélag Íslands og Arkitektafélag Íslands hafa lýst andstöðu sinni gegn breytingum þeim, sem því fylgja.

Um 1. gr.

Grein þessi er samhljóða 1. gr. laga nr. 24/1937, að því undanskildu, að fellt er niður orðið „ingeniör“, sem nú er í 1. gr. laganna, á eftir orðinu „verkfræðingur“, en í staðinn kemur „diplom-ingeniör, civil-ingeniör“.

Flestir þeirra manna hér á landi, sem leyfi hafa fengið samkvæmt lögum nr. 24/1937 til að kalla sig iðnfræðinga, hafa lokið prófi í Danmörku, Noregi, Svíþjóð eða Þýzkalandi frá tækniskólum, sem í þessum löndum útskrifa menn, sem þar mega nota starfsheitið „ingeniör“, en verkfræðingar nota þar titilinn civil-ingeniör eða diplom-ingeniör. Breyting sú, sem í þessari grein felst, er því aðeins sú, að hér á landi skuli þeim, sem lokið hafa prófi frá viðurkenndum tækniskólum erlendis, heimilt að bera það starfsheiti, sem þarlendir menn mega nota að loknu sama prófi.

Um 2.—4. gr.

Greinar þessar eru efnislega samhljóða 2.—4. gr. gildandi laga. Sex ára tímabilið í 2. mgr. 2. og 4. gr. miðast við gildistökudag laga nr. 24/1937 eins og nú.

Um 5. gr.

Lagt er til, að sérfræðingar þeir, er 5.—6. gr. fjalla um, fái lögvernd á starfsheitinu „tæknifræðingur“ í stað heitisins „iðnfræðingur“ nú.

Tæknimenntaðir menn, sem 5.—6. gr. taka til, hafa stofnað stéttarfélag, er þeir nefna Tæknifræðingafélag Íslands, og eindregið óskað eftir, að þessi breyting yrði gerð. Fyrirsvarsmenn félagsins halda því fram, að bann við að nota starfsheiti það, sem sams konar námi fylgir erlendis, hafi mjög dregið úr áhuga ungra manna hér á landi til tæknifræðináms erlendis. Enda þótt ekki sé lagður dómur á þessa skoðun, er ljóst, að skortur er hér tilfinnanlegur á tæknifræðingum (iðnfræðingum), en slík menntun er millistig milli menntunar verkfræðinga og faglærðra iðnaðarmanna, og við margs konar störf eru tæknifræðingar mjög nauðsynlegir.

Verkfræðingar munu nú vera nær fjórfalt fleiri en tæknifræðingar hér á landi, og er það hlutfall milli þessara starfsgreina mjög á annan veg en æskilegt er talið, miðað við reynslu annarra þjóða. Það ber því nauðsyn til að stuðla að því, að fleiri ungir menn leiti sér tæknifræðimenntunar.

Um 6. gr.

Grein þessi er að efni til hliðstæð 6. gr. gildandi laga, nr. 24/1937, en samræmd nýmælum 5. greinar frumvarpsins.

Um 7. gr.

Ekki er til þess ætlazt, að tæknifræðingum sé heimilt að nota orðið „ingeniör“ þannig í samsettum starfsheitum, að valdið geti villu, og ekki þannig, að stæld séu þau heiti, sem verkfræðingar einir mega bera.

Ekki er unnt að sjá slíkt fyrir eða setja tæmandi ákvæði í lögum því til varnar, og er því lagt til, að ráðherra skeri úr ágreiningi, sem rísa kann um notkun orðsins „ingeniör“ í samsettum starfsheitum.

Um 8. gr.

Vegna breytinga á verðgildi peninga, frá því að gildandi lög voru sett, árið 1937, þykir rétt að hækka sektarákvæðin verulega.

Um 9.—10. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 136. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og eru undirritaðir nefndarmenn samþykkir því. Lúðvík Jósefsson áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum. Skúli Guðmundsson mun gefa út sérstakt nefndarálit.

Alþingi, 21. nóv. 1962.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Davíð Ólafsson.	Lúðvík Jósefsson.

Nd. 137. Nefndarálit [99. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Ég legg til, að Alþingi veiti ríkisstjórninni heimild til að taka það framkvæmdalán, allt að 2 millj. sterlingspunda, sem um getur í frv.

Ég tel ekki vafa á því, að full þörf sé fyrir þetta lánsfé. Ráðstafanir í efnahagsmálum, sem gerðar hafa verið á þessu kjörtímabili, hafa valdið gífurlegum vexti dýrtíðarinnar, og af þeim sökum hrekkur innlent fjármagn miklu skemmra en áður til að mæta þörfinni fyrir framkvæmdafé. Er því enn meiri þörf en áður fyrir erlent lánsfé til nauðsynlegra framkvæmda og uppbyggingar atvinnuveganna. Og þó að hér sé um mikið fé að ræða, sem áformað er að taka að láni erlendis, er hætt við, að það reynist ófullnægjandi til að mæta þörfinni fyrir stofnfé til þýðingarmestu framkvæmda næstu árin.

Upphaflega var gert ráð fyrir því samkvæmt frumvarpinu, að ríkisstjórnin ein skipti lánsfénu milli einstakra framkvæmda. En í efri deild var frv. breytt þannig, að skipting lánsfjárins skyldi ákveðin í samráði við fjárveitinganefnd Alþingis, áður en reglulegu Alþingi 1962 lýkur. Ég tel breytingu efri deildar á frumvarpinu til bóta, en þó ekki fullnægjandi. Eina eðlilega aðferðin við skiptingu lánsfjárins er sú, að Alþingi ákveði skiptinguna með lögum. Þetta er auðvelt að gera síðar á þessu þingi.

Það er því tillaga mín til þingdeildarinnar, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Við 2. gr. Fyrsti málsliður 2. málsgr. orðist svo:
Alþingi ákveður með sérstökum lögum skiptingu lánsfjárins.

Alþingi, 22. nóv. 1962.

Skúli Guðmundsson.

Ed. 138. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd tók mál þetta til umræðu og afgreiðslu á fundi sínum 19. þ. m. Meiri hl. nefndarinnar, þ. e. þingmenn stjórnarflokkanna, leggur til, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir, er skipum minni hl. nefndarinnar, leggjum til, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Um mál þetta hefur staðið nokkur styr milli framsóknarmanna og stjórnarflokkanna undanfarin þrjú þing. Tvö fyrstu þingin var málið svæft í nefnd að tilhlutan stjórnarflokkanna. Á síðasta þingi var málinu vísað til ríkisstjórnarinnar með atkv. þm. stjórnarflokkanna undir því yfirskyni, að stjórnskipuð nefnd væri að endurskoða vegalög. Á þessu fjórða og síðasta þingi kjörtímabilsins leggja stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í samgmn. til, að enn verði málinu vísað til ríkisstj. Nú varð ekki við komið þeirri ástæðu, að verið væri að endurskoða vegalög, því að þeirri endurskoðun er lokið.

Á síðastliðnu ári hófst ríkisstjórnin handa um að leggja steinsteyptan veg milli Reykjavíkur og Keflavíkur fyrir lánsfé. Ekki hafði ríkisstjórnin neina lagaheimild til þeirrar lántöku, og hefði þó verið auðvelt að afla hennar, þar sem ekki er kunnugt um neina andstöðu á Alþingi gegn því, að sú vegagerð verði framkvæmd með lánsfé. En stjórnarflokkunum mun ekki hafa þótt gott til afspurnar að samþykkja lántöku til vegagerðar á Reykjanesi, en fella sams konar lántöku til vegagerðar á Vestfjörðum og Austurlandi. Þó er það þetta, sem stjórnarflokkarnir hafa gert með framkvæmd sinni í þessum málum.

Fyrir fjórum árum gerði vegamálastjóri ýtarlega skýrslu yfir ástand allra vega í landinu. Sú skýrsla sýndi, að Vestfirðir og Austurland skáru sig úr með bágborið vegakerfi. Þá voru 29.9% af öllum vegum á Vestfjörðum ólagðir með öllu, 12.7% á Austurlandi, en í öðrum kjördæmum voru það 5% til 11%. Þessi hlutföll milli landshluta munu ekki hafa breytzt síðan. Þrátt fyrir þessar staðreyndir telja þingmenn stjórnarflokkanna, að þessir tveir landshlutar, sem verst eru settir, hafi engan rétt á lánsfé til bættra samgangna, þótt réttmætt sé að steypa vegi annars staðar fyrir lánsfé.

Þetta er fjórða árið í röð, sem mál þetta kemur fyrir Alþingi.

Ef tillaga stjórnarliðsins í samgmn. verður samþykkt, ættu Vestfirðingar og Austfirðingar að fara að sjá, svo að ekki verður um deilt, hvers má vænta af núverandi stjórnarflokkum í samgöngumálum þessara landshluta.

Alþingi, 22. nóv. 1962.

Sigurvin Einarsson, frsm. Jón Kjartansson.

Nd. 139. Breytingartillaga [99. mál]

við frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 2. gr. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:

Ríkisstjórnin ákveður skiptingu lánsfjárins að fengnum tillögum fjárveitinganefndar Alþingis o. s. frv.

Ed. **140. Frumvarp til laga** [105. mál]

um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Flm.: Magnús Jónsson, Friðjón Skarphéðinsson, Karl Kristjánsson, Bjartmar Guðmundsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
3. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla.
4. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.
6. Barðastrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
7. Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Árneshreppur í Strandasýslu.
8. Húnaþingsumdæmi: Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.
9. Skagafjarðarumdæmi: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
10. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík, Hrísey.
11. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
12. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
13. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði.
14. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.
15. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
16. Rangárvallaumdæmi: Rangárvallasýsla að Austur-Eyjafjallahreppi.
17. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.
18. Laugarásumdæmi: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt, án sérstakra launa úr ríkissjóði, að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum, samkvæmt ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, lög nr. 7/1959, um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947,

og lög nr. 38/1960, um breyting á lögum nr. 7/1959, um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, um dýralækna.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að skipta Eyjafjarðarumdæmi í tvö dýralæknisumdæmi. Er orðið algerlega ófullnægjandi að hafa einn dýralækni í þessu umdæmi. Hefur um nokkurt skeið annar dýralæknir verið starfandi í umdæminu, en þar sem dýralæknalögin gera ekki ráð fyrir nema einum lækni í hverju umdæmi, hefur ekki verið talið heimilt að greiða honum laun úr ríkissjóði. Eru því starfsskilyrði þessa læknis með öllu óviðunandi, en héraðsdýralæknirinn telur sig ekki geta gegnt starfi sínu, ef þessi læknir verði að hverfa á brott.

Skýrust rök fyrir málinu er að finna í bréfi yfirdýralæknis til fyrsta flm. þessa frumvarps, en þar segir svo:

„Í umdæmi þessu eru nú á níunda þúsund nautgripir, þar af um 6000 mjólkandi kýr og sauðfé 40—50 þúsund.

Allir, sem til þekkja, munu samdóma um, að það er algerlega ofviða einum dýralækni að sinna nauðsynlegum dýralæknisstörfum í svo gripamörgu héraði, sem að auki er allvíðlent. Raunin hefur líka verið sú, að um nokkurt árabil hafa tveir dýralæknar starfað í umdæmi þessu og haft báðirærið starf.

Virðist því ekki óeðlilegt, þó að umdæmi þessu væri skipt í tvennt.

Að fengnum tillögum dýralækna þeirra, er nú starfa í Eyjafirði, og Sigurðar E. Hlíðar, fyrrverandi yfirdýralæknis, er þar starfaði um 30 ára skeið, tel ég eðlilegast, að skiptingin yrði sem hér segir:

Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík, Hrísey.

Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur, Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandar- og Hálshreppur í S.-Þingeyjarsýslu.

Tala nautgripa og sauðfjár í þessum umdæmum var 1961 sem hér segir:

	Kýr	Geldneyti	Kálfar	Ær	Hrútar	Gemlingar
V.-Eyjafj.umd.	3296	566	527	21927	545	3262
A.-Eyjafj.umd.	2725	725	720	24623	638	4064

Fjöldi hrossa og alifugla mun vera svipaður í þessum tveim umdæmum.

Framangreind skipting er landfræðilega talin heppileg, og sama máli gegnir t. d. um símaþjónustu, sem er mikilvæg í þessu sambandi.“

Nokkrar breytingar hafa á undanförnum árum verið gerðar á skipan dýralæknisumdæma. Sýnist vera heppilegast að sameina allar þær breytingar í eitt og fella viðkomandi lög úr gildi.

Nd. 141. Lög [99. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka framkvæmdalán.

(Afgreidd frá Nd. 22. nóv.)

Samhljóða þskj. 133.

Nd. 142. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (PS) var fjarstaddur, þegar nefndin afgreiddi málið.

Alþingi, 23. nóv. 1962.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Geir Gunnarsson.

Gísli Guðmundsson.

Sþ. 143. Tillaga til þingsályktunar [106. mál]

um fullgildingu á tveimur bráðabirgðasamningum Evrópuríkja um félagslegt öryggi og samþykkt Evrópuríkja um framfærsluhjálp og læknishjálp.

(Lögð fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd:

a. Bráðabirgðasamning Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur.
b. Bráðabirgðasamning Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau, er varða elli, örorku og eftirlifendur.
c. Samþykkt Evrópuríkja um framfærsluhjálp og læknishjálp, ásamt viðaukum, eins og þessir gjörningar liggja fyrir á fylgiskjölum þeim, sem prentuð eru með ályktun þessari.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Samkvæmt stofnskrá Evrópuráðsins er það markmið þess að koma á nánari einingu meðal þátttökuríkjanna í þeim tilgangi m. a. að stuðla að framförum þeirra á sviði félagsmála. Einn þátturinn í þessari viðleitni Evrópuráðsins er sá að vinna að því, að sú regla komist á, að útlendingar njóti sama réttar á sviði félagsmála og eigin þegnar dvalarlandsins njóta, og gerði ráðherranefndin árið 1949 ályktun um þetta efni. Benti nefndin á þá lausn í þessu máli að láta ákvæði svonefnds Brüsselsamnings taka til allra Evrópuráðsríkjanna, en sá samningur var gerður af fimm ríkjum, þ. e. Belgíu, Bretlandi, Frakklandi, Hollandi og Luxemborg.

Sérfræðingar, sem komu saman til þess að athuga þetta mál nánar, komust að raun um, að þessi tillaga mundi hafa í för með sér, að komið yrði á fót fjölda tvíhliða samninga, sem tæki langan tíma að koma í kring. Sérfræðingar þessir lögðu því til, sem fljótvirkustu lausn þessa máls til bráðabirgða, að gerðir yrðu bráðabirgðasamningar með aðild margra ríkja. Féllst ráðgjafanefndin á þessa lausn málsins.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) var þá beðin að gera uppkast að slíkum samningum, og gerði hún uppkast að tveim samningum. Fjallar annar þeirra um tryggingar vegna elli, örorku og eftirlifenda, en hinn tekur til annarra greina almannatrygginganna svo og greiðslna vegna sjúkdóma, meðgöngu og barnsburðar, slysatrygginga, atvinnuleysistrygginga og fjölskyldubóta.

Ráðherranefnd Evrópuráðsins setti þá á fót nefnd sérfræðinga í tryggingamál-

um til þess að fjalla um samningsuppköst þessi. Sérfræðinganefndin lagði til við ráðherranefndina að einnig yrði gerð samþykkt um framfærslu- og læknishjálp og að við samningu hennar yrði hafður til fyrirmyndar samningur um þetta efni milli Brüsselsamningsríkjanna frá 1949. Ráðherranefndin féllst á þessa tillögu og skipaði sérfræðinganefnd til þess að semja uppkast að slíkri samþykkt. Fulltrúi Íslands í báðum þessum nefndum var Jónas Guðmundsson fyrrverandi skrifstofustjóri í félagsmálaráðuneytinu.

Markmiðið með þessum samningum er að tryggja það, að sérhver meðlimur Evrópuráðsins veiti þegnum annarra meðlima þess jafnrétti við sína eigin þegna, að því er tekur til réttinda á þeim sviðum, sem samningarnir taka til, og enn fremur að þegnar Evrópuríkjanna njóti góðs af tilteknum réttindum samkvæmt gildandi samningum milli ríkjanna.

Í samningunum er kveðið á um skilyrði fyrir því, að annarra ríkja þegnar njóti þessara réttinda. Eru þau skilyrði mismunandi eftir því, hvort hinn tryggði á að greiða til trygginganna eða ekki. Auk þess eru skilyrði þessi nokkuð mismunandi fyrir hinar ýmsu greinar trygginganna.

Að því er tekur til trygginga vegna elli, örorku og eftirlifenda, sem ekki eru gjaldskyldar, þ. e. tengja ekki bótagreiðslu við iðgjaldagreiðslu, verður hlutaðeigandi maður að hafa verið búsettur í landinu a. m. k. 15 ár eftir að hann varð tvítugur og ennfremur að hafa átt heima í landinu óslitið síðustu fimm árin. Um aðrar tryggingagreinar, sem ekki byggjast á iðgjaldagreiðslu, er krafizt sex mánaða búsetu í landinu til þess að öðlast rétt til bóta. Þegar um er að ræða tryggingar, sem byggjast á iðgjaldagreiðslu, er nægilegt að bótaþeginn sé búsettur í landinu. Að því er tekur til trygginga, sem veita bætur vegna sjúkdóma, barnsburðar og atvinnuleysis, hafa samningarnir að geyma ákvæði, sem koma í veg fyrir það, að þegnar samningsríkjanna geti grætt á samningunum með því að flytja til lands með hærri bótagreiðslur en þeirra heimaland.

Sé framangreindum skilyrðum fullnægt, kveða samningarnir á um þá grundvallarreglu, að þegnar Evrópuráðsríkjanna skuli njóta jafnréttis.

Í fylgiskjali I með hvorum þessara samninga um tryggingamál eru talin þau tryggingaréttindi, sem samningarnir taka til.

Að því er Ísland varðar taka þeir til eftirtalinna tryggingagreina:

ellilífeyris,
örorkulífeyris,
barnalífeyris,
ekkjulífeyris,
læknishjálpar,
sjúkradagpeninga,
fæðingarstyrks og ekkjubóta,
slysatrygginga,
fjölskyldubóta og
mæðralauna.

Síðan undirskrift samninganna fór fram, hafa verið sett lög um atvinnuleysistryggingar, og samningurinn um félagsleg tryggingalög önnur en þau, er varða elli, örorku og eftirlifendur, mun taka til þeirra laga, nema þau verði sérstaklega undanskilin.

Í viðaukum við samningana segir svo um Ísland, að fjórar fyrst töldu tryggingagreinarnar skuli taldar gjaldfrjálsar, en hinar síðari gjaldskyldar.

Skylt er að tilkynna framkvæmdastjóra Evrópuráðsins gildistöku nýrra laga og reglugerða um þau efni, sem samningarnir taka til, en gera má fyrirvara um að slík lög eða reglugerðir skuli ekki falla undir samningana.

Í viðauka við samningana er svo kveðið á, að þeir skuli einnig taka til flóttamanna, eins og þeir eru skilgreindir í Genfarsamþykktinni frá 23. júlí 1951, um stöðu flóttamanna.

Í fylgiskjali II með samningunum um tryggingamál eru taldir þeir samningar milli tveggja eða fleiri aðildarríkja, sem samningar þessir skuli taka til. Skylt er einnig að tilkynna Evrópuráðinu alla nýja samninga á þessu sviði, en jafnframt má undanskilja þá ákvæðum þessara samninga.

Fylgiskjal III greinir þá fyrirvara, sem aðildarríkin hafa gert. Hefur Ísland gert svohljóðandi fyrirvara:

„Ákvæði almannatryggingalaganna nr. 55/1946, um fjölskyldubætur, skulu undanþegin samningunum, nema í gildi sé í hlutaðeigandi ríki ákvæði um fjölskyldubætur, sem íslenzkir þegnar geti notið góðs af."

Samþykktin um framfærslu- og læknishjálp felur í sér tryggingu fyrir því, að sérhvert aðildarríki veiti þegnum annarra aðildarríkja, sem löglega dvelja í landi þess, sama rétt til framfærslu- og læknishjálpar sem veitt er þess eigin þegnum.

Í samþykktinni eru ítarlegar reglur um það, hvenær senda megi mann til heimalands hans vegna veittrar hjálpar. Samþykktin tekur einnig til flóttamanna, en um heimsendingu þeirra, vegna veittrar hjálpar, er ekki að ræða.

Eftir að ráðherranefnd Evrópuráðsins hafði fallizt á uppköstin að samningunum, voru þau lögð fyrir ráðgjafanefndina, sem ekki hafði neitt við þá að athuga.

Samningarnir voru undirritaðir af dr. Kristni Guðmundssyni þáverandi utanríkisráðherra í París 11. des. 1953, með fyrirvara um fullgildingu.

Nú munu öll Evrópuráðsríkin hafa fullgilt samningana nema Grikkland, Tyrkland og Ísland.

Evrópuráðið hefur nú óskað þess, að fullgildingu verði hraðað og jafnframt athugaðir möguleikar á niðurfellingu fyrirvara þess, sem hér að framan er getið.

Með þingsályktunartillögu þessari er því leitað samþykkis Alþingis til fullgildingar, og jafnframt telur félagsmálaráðuneytið rétt að fella niður umræddan fyrirvara, sem ekki hefur lengur raunhæfa þýðingu.

Fylgiskjal I.

SAMÞYKKT EVRÓPURÍKJA um framfærslu- og læknishjálp.

Með því að ríkisstjórnir þær, sem hér rita undir og eru aðilar að Evrópuráðinu,

líta svo á, að það sé markmið Evrópuráðsins að skapa meiri einingu á meðal aðildarríkja þess, til þess, meðal annars, að greiða fyrir félagslegum framförum,

og með því að þær, í samræmi við þenna tilgang, hafa ákvarðað að efla félagslega samvinnu sína með því að gera að grundvallarreglu jafnan rétt þegna þessara ríkja að því er varðar framkvæmd þeirra laga, er kveða á um framfærslu og læknishjálp, og

með því að gera með sér samþykkt um þetta efni,

hafa þær komið sér saman um það, er hér fer á eftir: —

EUROPEAN CONVENTION on Social and Medical Assistance.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its Members for the purpose, among others, of facilitating their social progress;

Being resolved, in accordance with this purpose, to extend their co-operation in the social field by establishing the principle of equal treatment for the nationals of each of them in the application of legislation providing for social and medical assistance; and

Desiring to conclude a Convention to this end,

Have agreed as follows:

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Sérhver aðili að samþykkt þessari tekst á hendur að annast um, að þeir þegnar annarra aðildarríkja, sem með löglegum hætti eru innan þeirra landsvæða hans, sem samþykkt þessi tekur til, og ekki eru nægilega efnum búnir, skuli til jafns við þegna hans eigin ríkis og með sömu skilyrðum eiga rétt til framfærslu og læknishjálpar (hér framvegis nefnt „aðstoð") eftir því sem hún er ákveðin í lögum þeim, sem á hverjum tíma gilda í þeim hluta landsins.

2. gr.

(a) Að því er til samþykktar þessarar tekur, skulu orðin „aðstoð", „þegnar", „landsvæði" og „upprunaland" hafa þær merkingar, er nú skal greina:

(i) „Aðstoð" táknar, að því er varðar hlutdeild hvers aðildarríkis, hverja þá aðstoð, sem veitt er samkvæmt lögum þeim og reglugerðum, er gilda í hverjum hluta landsvæðis þess, sem farið er eftir við veitingu styrks til framfærslu þeirra manna, sem ekki eru nægilega efnum búnir og þeirrar umönnunar, er kringumstæður þeirra útheimta, að undanskildum lífeyri, sem lífeyrisþeginn hefur ekki áunnið sér með iðgjaldagreiðslu, og bótum vegna meiðsla er hlotizt hafa af völdum stríðs eða setu erlends herliðs.

(ii) Orðin „þegnar" og „landsvæði" aðildarríkis skulu hafa þá merkingu, er það ríki hefur ákveðið þeim með yfirlýsingu til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til þess að hann tilkynnti það öllum hinum aðildarríkjunum, að því tilskildu, að maður, sem misst hefur þegnrétt sinn með öðrum hætti en að vera sviptur honum, og hefur þar með orðið þegnréttindalaus, skal halda áfram að vera meðhöndlaður sem þegn ríkisins unz hann hefir öðlazt þegnrétt annars staðar.

(iii) „Upprunaland" táknar það land þar sem sá maður, er kemur undir á-

SECTION I

General Provisions.

Article 1

Each of the Contracting Parties undertakes to ensure that nationals of the other Contracting Parties who are lawfully present in any part of its territory to which this Convention applies, and who are without sufficient resources, shall be entitled equally with its own nationals and on the same conditions to social and medical assistance (hereinafter referred to as „assistance") provided by the legislation in force from time to time in that part of its territory.

Article 2

(a) For the purposes of this Convention the terms „assistance", „nationals", „territory" and „country of origin" shall have the following meanings, that is to say:

(i) „Assistance" means in relation to each Contracting Party all assistance granted under the laws and regulations in force in any part of its territory under which persons whithout sufficient resources are granted means of subsistence and the care necessitated by their condition, other than non-contributory pensions and benefits paid in respect of war injuries or injuries due to foreign occupation.

(ii) The terms „nationals" and „territory" of a Contracting Party shall have the meaning assigned to them by such a Party in a declaration addressed to the Secretary-General of the Council of Europe for communication to all other Contracting Parties, provided that a person who has lost his nationality otherwise than by deprivation and has thereby become stateless shall, until he has acquired another nationality, continue to be treated as a national.

(iii) „Country of origin" means the country of which a person covered

kvæði þessarar samþykktar, er ríkisborgari.

(b) Þau lög og þær reglugerðir, sem eru í gildi á landsvæðum aðildarríkjanna og þessi samþykkt nú tekur til, og undanfellingar, sem aðildarríkin hafa gert, eru hvort um sig talin í fylgiskjali I og fylgiskjali II.

3. gr.

Sönnun fyrir þjóðerni manns, sem hlut á að máli, skal færð fram í samræmi við þær reglur, er um slík efni gilda í lögum uprunalandsins.

4. gr.

Kostnað við aðstoð veitta þegni hvers sem helzt af aðildarríkjunum skal það aðildarríki bera, sem aðstoðina lét í té.

5. gr.

Aðildarríkin takast á hendur, eftir því sem lög þeirra og reglugerðir leyfa, að aðstoða hvert annað við endurheimtu alls kostnaðar vegna veittrar aðstoðar eftir því sem unnt er, annað hvort frá þriðja aðila vegna þess að hann hafi fjárhagslegrar skyldu að gæta gagnvart styrkþega, eða úr hendi þeirra manna, sem eru réttir aðilar til þess að taka þátt í framfærslu hans.

II. KAFLI

Um sendingu manns til heimalands síns.

6. gr.

(a) Aðildarríki, þar sem þegn annars aðildarríkis er löglega búsettur, skal ekki senda hann til heimalands síns fyrir þá eina sök að hann þarfnast aðstoðar.

(b) Ekkert í samþykkt þessari skal vera því til fyrirstöðu, að manni sé vísað úr landi fyrir hverja sem helzt sök aðra en þá eina, sem um ræðir í næstu málsgrein hér á undan.

7. gr.

(a) Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., mgr. (a), skal aðildarríki heimilt að senda þegn annars aðildarríkis til heimalands síns, þann sem búsettur sé í landi þess, fyrir þá eina sök, sem um ræðir í 6. gr., mgr. (a), ef fullnægt er eftirgreindum skilyrðum:

by the provisions of the present Convention is a national.

(b) The laws and regulations in force in the territories of the Contracting Parties and to which the present Convention applies, and the reservations formulated by Contracting Parties, are set forth in Annex I and Annex II respectively.

Article 3

Proof of the nationality of the person concerned shall be provided in accordance with the regulations governing such matters under the legislation of the country of origin.

Article 4

The cost of assistance to a national of any of the Contracting Parties shall be borne by the Contracting Party which has granted the assistance.

Article 5

The Contracting Parties undertake, so far as their laws and regulations permit, to help each other to recover the full cost of assistance as far as possible either from third parties under financial obligation to the assisted person or from persons who are liable to contribute to the cost of maintenance of the person concerned.

SECTION II

Repatriation

Article 6

(a) A Contracting Party in whose territory a national of another Contracting Party is lawfully resident shall not repatriate that national on the sole ground that he is in need of assistance.

(b) Nothing in this Convention shall prejudice the right to deport on any ground other than the sole ground mentioned in the previous paragraph.

Article 7

(a) The provisions of Article 6 (a) notwithstanding, a Contracting Party may repatriate a national of another Contracting Party resident in its territory on the sole ground mentioned in Article 6 (a) if the followning conditions are fulfilled:

(i) að hinn umræddi maður hafi ekki verið að staðaldri búsettur á landsvæði þess aðildarríkis um að minnsta kosti fimm ára skeið, ef hann kom þangað áður en hann varð 55 ára gamall, eða í minnst tíu ár, ef hann var yfir þann aldur, er hann kom þangað;
(ii) að heilsufar hans leyfi, að hann sé fluttur; og
(iii) að hann hafi engin náin sifjatengsli á því landsvæði, sem hann dvelur í.

(b) Aðildarríkin samþykkja að beita ekki heimsendingu nema mjög svo hóflega og því aðeins að engar mannúðarástæður mæli á móti því, að svo sé gert.

(c) Í sama anda samþykkja aðildarríkin, að ef þau senda heim mann, sem notið hefir aðstoðar, skuli maka hans og börnum, ef einhver eru, gert mögulegt að fara með honum.

8. gr.

(a) Aðildarríki það, er sendir mann til heimalands hans, samkvæmt ákvæðum 7. gr., skal bera kostnaðinn af heimsendingunni allt til landamæra þess landsvæðis, sem hann er sendur til.

(b) Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að taka á móti hverjum heimsendum þegni sínum, er sendur var samkvæmt ákvæðum 7. gr.

(c) Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að greiða fyrir flutningi hvers þess manns um landsvæði sitt, er sendur er heim samkvæmt ákvæðum 7. gr.

9. gr.

Ef land það, sem styrkþegi telur sig eiga þegnrétt í, neitar að viðurkenna hann sem þegn sinn, skulu ástæðurnar fyrir þeirri neitun sendar búsetulandinu innan þrjátíu daga, eða svo fljótt sem verða má eftir þann tíma.

10. gr.

(a) Þegar heimsending manns hefur verið ákveðin, skal stjórnarfulltrúa eða ræðismanni upprunalandsins tilkynnt þetta — með þriggja vikna fyrirvara, ef mögulegt er.

(b) Stjórnarvöld upprunalandsins

(i) the person concerned has not been continuously resident in the territory of that Contracting Party for at least five years if he entered it before attaining the age of 55 years, or for at least ten years if he entered it after attaining that age;
(ii) he is in a fit state of health to be transported; and
(iii) has no close ties in the territory in which he is resident.

(b) The Contracting Parties agree not to have recourse to repatriation except in the greatest moderation and then only where there is no objection on humanitarian grounds.

(c) In the same spirit, the Contracting Parties agree that, if they repatriate an assisted person, facilities should be offered to the spouse and children, if any, to accompany the person concerned.

Article 8

(a) The Contracting Party repatriating any national in accordance with the provisions of Article 7 shall bear the cost of repatriation as far as the frontier of the territory to which the national is being repatriated.

(b) Each Contracting Party undertakes to receive any of its nationals repatriated in accordance with the provisions of Article 7.

(c) Each Contracting Party undertakes to facilitate the transit across its territory of any person repatriated in accordance with Article 7.

Article 9

If the country of which the assisted person claims to be a national does not recognise him as such, the grounds of the disclaimer must be forwarded to the country of residence within thirty days or as soon as possible thereafter.

Article 10

(a) When repatriation is decided upon, the diplomatic or consular authorities of origin shall be advised (if possible, three weeks in advance) of the repatriation of their national.

(b) The authorities of the country of

skulu á tilhlýðilegan hátt tilkynna þetta stjórnarvöldum þess lands, eða þeirra landa, er hinn heimsendi maður á að fara um.

(c) Staðir til afhendingar slíkra manna skulu ákveðnir með samkomulagi milli réttra stjórnarvalda búsetulandsins og upprunalandsins.

origin shall duly inform the authorities of any country or countries of transit.

(c) The places for handing over such persons shall be decided by arrangement between the competent authorities of the country of residence and the country of origin.

III. KAFLI
Búseta.

11. gr.

(a) Búseta erlends manns í hverju og einu aðildarríkjanna skal teljast lögleg að því er varðar samþykkt þessa, meðan í gildi er fyrir hann dvalarleyfi eða önnur slík heimild eftir því sem lög og reglur hlutaðeigandi lands krefjast til búsetu. Ef hann undanfellir að endurnýja slíkt leyfi, skal hann ekki fyrir það missa réttinn til aðstoðar, svo framarlega sem vanrækslan var eingöngu gáleysi hans að kenna.

(b) Lögleg búseta manns skal verða ólögleg frá þeim degi er honum var með úrskurði vísað úr landi, nema veitt hafi verið leyfi til þess, að framkvæmd úrskurðarins yrði frestað.

12. gr.

Upphafsdagur þess búsetutíma, sem 7. gr. gerir ráð fyrir, skal í hverju landi — nema gagnstæð sönnun komi fram — ákveðinn eftir niðurstöðu embættislegrar rannsóknar, eða eftir þeim gögnum, sem talin eru í fylgiskjali III, eða hverjum helzt skjölum, er lög og reglur landsins telja að sanni búsetuna.

13. gr.

(a) Sanna má áframhaldandi búsetu með því að leggja fram hver sem helzt gögn, þau er gild eru tekin í búsetulandinu, eins og t. d. sönnun um atvinnu eða húsaleigukvittanir.

(b)(i) Þrátt fyrir tímabil, eru séu undir þrem mánuðum, skal búseta teljast áframhaldandi, ef fjarvistin stafaði ekki af heimsendingu eða brottvísun úr landinu.

SECTION III
Recidence.

Article 11

(a) Residence by an alien in the territory of any of the Contracting Parties shall be considered lawful within the meaning of this Convention so long as there is in force in his case a permit or such other permission as is required by the laws and regulations of the country concerned to reside therein. Failure to renew any such permit, if due solely to the inadvertence of the person concerned, shall not cause him to cease to be entitled to assistance.

(b) Lawful residence shall become unlawful from the date of any deportation order made out against the person concerned, unless a stay of execution is granted.

Article 12

The commencing date of the period of residence laid down in Article 7 shall in each country be established, in the absence of evidence to the contrary, on the basis of evidence supplied by official investigation or by the documents listed in Annex III or any documents recognised by the laws and regulations of the country as affording proof of residence.

Article 13

(a) Proof of continuity of residence may be shown by the production of any evidence acceptable in the country of residence, such as proof of occupational activity or the production of rent receipts.

(b)(i) Residence shall be regarded as continuous notwithstanding periods of absence of less than three months, provided that the absence is not caused by repatriation or deportation.

(ii) Fjarvistir í sex mánuði eða lengur, skulu teljast rjúfa áframhaldandi búsetu.

(iii) Þegar ákveða skal, hvort fjarvist í milli þriggja og sex mánaða skuli teljast hafa rofið framhaldandi búsetu, skal tekið tillit til þess, hvort hlutaðeigandi maður ætlaði sér eða ætlaði sér ekki að hverfa aftur til búsetulandsins og að hve miklu leyti hann hélt uppi sambandi við það, meðan hann dvaldi fjarvistum.

(iv) Starf á skipum lögskráðum í búsetulandinu skal ekki teljast hafa rofið búsetuna. Starf á öðrum skipum skal líta á í samræmi við ákvæðin í töluliðunum (i) til (iii) hér að framan.

14. gr.

Þegar reiknuð er tímalengd búsetu, skal ekki taka með þau tímabil, sem hlutaðeigandi maður hefur þegið styrk úr opinberum sjóðum í samræmi við þau lög, sem getið er um í fylgiskjali I, nema þegar um er að ræða læknishjálp vegna skyndilegs sjúkleika eða skammvinna læknishjálp.

IV. KAFLI

Ýmisleg ákvæði.

15. gr.

Framkvæmdastjórnir, stjórnarfulltrúar í utanríkisþjónustunni og ræðismenn aðildarríkjanna skulu veita gagnkvæma aðstoð við framkvæmd samþykktar þessarar.

16. gr.

Gert í París þann 11. dag desembermánaðar 1953 á ensku og frönsku, hvor tveggja textinn jafngildur, í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og skal framkvæmdastjórinn senda staðfest eftirrit til hvers þess ríkis, er undirritað hefir viðaukann, og til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Paris, this 11th day of December, 1953, in the English and French languages, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain in the archives of the Council of Europe and of which the Secretary-General shall send certified copies to each of the Signatories and to the Director-General of the International Labour Office.

FYLGISKJAL III.

BRÁÐABIRGÐASAMNINGUR
Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau, er varða elli, örorku og eftirlifendur.

Með því að ríkisstjórnir þær, sem eru aðilar að samningi þessum og eru meðlimir í Evrópuráðinu,

álíta það takmark Evrópuráðsins að koma á meiri einingu meðal meðlima þess í því skyni meðal annars að greiða fyrir félagslegum framförum þeirra,

staðfesta þá grundvallarreglu, að þegnar hvers einstaks aðila þessa samnings ættu, að því er tekur til tryggingalaga og reglugerða hvers einstaks hinna aðilanna, að njóta sömu aðstöðu og þegnar hins síðar nefnda, en þessi regla er staðfest með samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

staðfesta einnig þá reglu, að þegnar sérhvers samningsaðilanna ættu að njóta góðs af samningum um félagslegar tryggingar, sem tveir eða fleiri hinna samningsaðilanna hafa gert með sér,

vilja koma þessum reglum í framkvæmd með bráðabirgðasamningi, þar til gengið hefur verið frá allsherjarsamþykkt, er byggist á mörgum tvíhliða samningum,

hafa þær orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

1. Samningur þessi skal taka til allra félagslegra tryggingalaga og reglugerða, sem eru í gildi á undirskriftardegi eða

EUROPEAN INTERIM AGREEMENT
on Social Security other than Schemes for Old Age, Invalidity and Survivors.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering that the aim of he Council of Europe is to achieve greater unity between its Members for the purpose, among others, of facilitating their social progress:

Affirming the principle that the nationals of any one of the Contracting Parties to this Agreement should receive under the social security laws and regulations of the latter, a principle sanctioned by Conventions of the International Labour Organisation;

Affirming also the principle that nationals of any one of the Contracting Parties should receive the benefits of agreements on social security concluded by any two or more of the other Contracting Parties;

Desirous of giving effect to these principles by means of an Interim Agreement, pending the conclusion of a general convention based on a network of bilateral agreements,

Have agreed as follows:

Article 1

1. This Agreement shall apply to all social security laws and regulations which are in force at the date of signature or

síðar kunna að ganga í gildi, í einhverjum hluta af landi samningsríkis, og lúta að:

(a) sjúkdómum, barnsburði og dauða (dánarbætur), þar með taldir sjúkrastyrkir, að svo miklu leyti sem þeir fara ekki eftir mati á þörfum;
(b) slysum við vinnu;
(c) atvinnuleysi;
(d) fjölskyldubótum.

2. Samningur þessi skal taka til ákvæða um gjaldskylda og gjaldfrjálsa styrki, þar með talin skylda atvinnurekenda til bóta fyrir slys við vinnu. Hann skal ekki taka til framfærslustyrkja, sérstakra ákvæða, er taka til manna í opinberri þjónustu, né heldur styrkja, sem greiddir eru vegna stríðsslysa eða slysa, sem leiðir af erlendri hersetu.

3. Í samningi þessum tekur orðið „styrkur" einnig til hækkunar og viðbótar styrksins.

4. Orðin „þegnar" og „land" samningsríkis skulu hafa þá merkingu, sem það samningsríki gefur þeim í yfirlýsingu, sem send er aðalritara Evrópuráðsins, en hann sendir öllum öðrum samningsríkjum.

2. gr.

1. Með þeim takmörkunum, sem leiðir af ákvæðum 9. greinar, skal þegn sérhvers samningsríkis eiga rétt til þess að fá styrki samkvæmt lögum og reglugerðum hvers einstaks hinna samningsríkjanna með sömu skilyrðum og væri hann þegn hins síðarnefnda með því skilyrði:

(a) að þegar um er að tefla bætur fyrir slys við vinnu, sé hann búsettur í landi einhvers samningsríkjanna,

(b) að þegar um er að tefla bætur fyrir annað en atvinnuslys, hafi hann reglulega búsetu í landi síðar nefnda samningsaðilans,

(c) að þegar um er að tefla styrk, sem krafið er um vegna sjúkdóms, barnsburðar eða atvinnuleysis, hafi hann tekið upp reglulega búsetu í landi síðar nefnda samningsaðilans áður en fyrsta staðfesting læknis á sjúkdómnum var gerð, fyrir áætlaðan

may subsequently come into force in any part of the territory of the Contracting Parties and which relate to:

(a) sickness, maternity and death (death grants), including medical benefits insofar as they are not subject to a needs test;
(b) employment injury;
(c) unemployment;
(d) family allowances.

2. This Agreement shall apply to schemes of contributory and non-contributory benefits, including employers' obligations to compensate for employment injuries. It shall not apply to public assistance, special schemes for civil servants, or benefits paid in respect of war injuries or injuries due to foreign occupation.

3. For the purposes of this Agreement, the word "benefit" includes any increase in or supplement to the benefit.

4. The terms "nationals" and "territory" of a Contracting Party shall have the meaning assigned to them by such a Party in a declaration addressed to the Secretary-General of the Council of Europe for communication to all other Contracting Parties.

Article 2

1. Subject to the provisions of Article 9, a national of any one of the Contracting Parties shall be entitled to receive the benefits of the laws and regulations of any other of the Contracting Parties under the same conditions as if he were a national of the latter:

(a) in the case of benefit in respect of employment injury, provided that he resides in the territory of one of the Contracting Parties,
(b) in the case of any benefit other than benefit in respect of employment injury, provided that he is ordinarily resident in the territory of the latter Contracting Party,
(c) in the case of benefit claimed in respect of sickness, maternity or unemployment, provided that he had become ordinarily resident in the territory of the latter Contracting Party before the first medical certification of the sickness, the presumed

getnaðartíma eða byrjun atvinnuleysisins, eftir því hvað við á,

(d) að þegar um er að tefla styrki, sem veittir eru án þess að til þeirra sé goldið, aðra en þá, sem veittir eru vegna slysa við vinnu, hafi hann verið búsettur í landi síðarnefnda samningsaðilans í sex mánuði.

2. Nú takmarka lög eða reglugerðir einhvers samningsríkis rétt þegna sinna, sem ekki eru fæddir í landi þess, og skal þá þegn sérhvers hinna samningsríkjanna, sem fæddur er í landi hins síðar nefnda, jafnan sæta sömu kjörum og hann nyti, ef hann væri þegn fyrr nefnda samningsríkisins og fæddur í landi þess.

3. Nú gera lög eða reglugerðir samningsríkis mun á börnum vegna þjóðernis þeirra við ákvörðun réttar til styrks, og skal þá barn, sem er þegn einhvers hinna samningsríkjanna, njóta sama réttar og væri það þegn fyrr nefnda samningsríkisins.

3. gr.

1. Sérhver samningur, sem tvö eða fleiri samningsríkjanna hafa gert með sér eða kunna að gera og varða lög þau og reglugerðir, sem nefnd eru í 1. grein, skal með takmörkunum þeim, sem leiðir af ákvæðum 9. greinar, taka til þegna sérhvers hinna samningsríkjanna, sem væru þeir þegnar einhvers fyrri samningsríkjanna, að svo miklu leyti sem hann í sambandi við þessi lög og reglugerðir kveður á um:

(a) samkvæmt hvaða lögum og reglugerðum maður skuli tryggður;

(b) varðveizlu áunnins réttar og réttar, sem verið er að ávinna, sérstaklega um það að leggja saman tryggingatímabil og jafngild tímabil í því skyni að stofna til réttar til styrkja og útreikning á styrkjum, sem fallnir eru í gjalddaga;

(c) greiðslu styrkja til manna, sem búa í landi einhvers aðila að slíkum samningi;

date of conception or the beginning of the unemployment as the case may be,

(d) in the case of a benefit provided under a non-contributory scheme, other than a benefit in respect of employment injury, provided that he has been resident for six months in the territory of the latter Contracting Party.

2. In any case where the laws and regulations of any one of the Contracting Parties impose a restriction on the rights of a national of that Party who was not born in its territory, a national of any other of the contracting Parties born in the territory of the latter shall be treated as if he were a national of the former Contracting Party born in its territory.

3. In any case where in determining a right to benefit the laws and regulations of any one of the Contracting Parties make any distinction which depends on the nationality of a child, a child who is a national of any of the Contracting Parties shall be treated as if he were a national of the former Contracting Party.

Article 3

1. Any agreement relating to the laws and regulations referred to in Article 1 which has been or may be concluded by any two or more of the Contracting Parties shall, subject to the provisions of Article 9, apply to a national of any other of the Contracting Parties as if he were a national of one of the former Parties insofar as it provides, in relation to those laws and regulations:

(a) for determining under which laws and regulations a person should be insured;

(b) for maintaining acquired rights and rights in course of acquisition and, in particular, for adding together insurance periods and equivalent periods for the purpose of establishing the right to receive benefit and calculating the amount of benefit due;

(c) for paying benefit to persons residing in the territory of any one of the Parties to such agreement;

(d) uppfyllingu og framkvæmd ákvæða slíkra samninga, sem vitnað er til í þessari grein.

2. Ákvæði 1. málsgreinar þessarar greinar skal ekki taka til neinna ákvæða nefnds samnings, sem varða styrki, sem veittir eru án þess að til þeirra sé goldið, nema hlutaðeigandi þegn hafi búið í sex mánuði í landi þess samningsaðila, eftir hvers lögum og reglugerðum hann krefur styrk.

4. gr.

Að teknu tilliti til ákvæða viðeigandi samninga milli tveggja eða fleiri aðila, skulu styrkir þeir, sem ekki hafa verið veittir eða hætt hefur verið að veita vegna þess, að þessi samningur var ekki fyrir hendi, veittir eða veiting þeirra tekin upp á ný frá gildistöku þessa samnings, að því er tekur til allra samningsaðila, sem umrædd krafa varðar, enda sé krafa til þeirra gerð innan árs frá gildistökunni eða innan lengri frests, sem ákveðinn kann að vera af samningsríki, samkvæmt hvers lögum og reglugerðum styrkurinn er krafinn. Ef krafan er ekki komin fram innan þess tíma, skal styrkurinn veittur eða veiting hans tekin upp á ný, frá þeim degi, er krafan var gerð, eða frá öðru liðnu tímamarki, sem ákveðið kann að vera af hlutaðeigandi samningsaðila.

5. gr.

Ákvæði samnings þessa skulu ekki skerða ákvæði neinna þeirra landslaga eða reglugerða, milliþjóðasamþykkta né samninga tveggja eða fleiri aðila, sem hagkvæmari eru styrkþeganum.

6. gr.

Samningur þessi skal ekki hafa áhrif á þau ákvæði landslaga eða reglugerða, sem fjalla um þátttöku hinna tryggðu og annarra hlutaðeigandi manna í stjórn félagslegra trygginga.

7. gr.

1. Fylgiskjal I með samningi þessum greinir, að því er snertir hvert samningsríki, þau félagsleg tryggingalög sem 1. gr. tekur til og eru í gildi í einhverjum

(d) for supplementing and administering the provisions of such agreement referred to in this paragraph.

2. The provisions of paragraph 1 of this Article shall not apply to any provision of the said agreement which concerns benefits provided under a non-contributory scheme unless the national concerned has resided for six months in the territory of the Contracting Party under whose laws and regulations he claims benefit.

Article 4

Subject to the provisions of any relevant bilateral and multilateral agreements, benefits which in the absence of this Agreement have not been awarded or have been suspended shall be awarded or reinstated from the date of the entry into force of this Agreement for all the Contracting Parties concerned with the claim in question, provided that the claim thereto is presented within one year after such date or within such longer period as may be determined by the Contracting Party under whose laws and regulations the benefit is claimed. If the claim is not presented within such period, the benefit shall be awarded or reinstated from the date of the claim or such earlier date as may be determined by the latter Contracting Party.

Article 5

The provisions of his Agreement shall not limit the provisions of any national laws or regulations, international conventions, or bilateral or multilateral agreements which are more favourable for the beneficiary.

Article 6

This Agreement shall not affect those provisions of national laws or regulations which relate to the participation of insured persons, and of other categories of persons, concerned in the management of social security.

Article 7

1. Annex I to this Agreement sets out in relation to each Contracting Party the social security schemes to which Article 1 applies which are in force in any part

hluta landsvæðis þess á undirskriftardegi samnings þessa.

2. Hvert samningsríki skal tilkynna aðalritara Evrópuráðsins sérhver ný lög eða reglugerð þeirrar tegundar, sem ekki eru tiltekin í fylgiskjali I að því er snertir þann aðila. Slíkar tilkynningar skal hver samningsaðili senda innan þriggja mánaða frá birtingu hinna nýju laga eða reglugerðar, eða ef slík lög eða reglugerð eru birt áður en samningur þessi var fullgiltur af hlutaðeigandi aðila, þá á þeim degi er fullgilding fer fram.

8. gr.

1. Fylgiskjal II með samningi þessum tilgreinir, að því er snertir hvern samningsaðila, samninga þá, sem hann hefur gert, 3. gr. tekur til og í gildi eru á undirskriftardegi samnings þessa.

2. Hver samningsaðili skal tilkynna aðalritara Evrópuráðsins sérhvern nýjan samning, sem hann gerir og 3. gr. tekur til. Slíka tilkynningu skal hver samningsaðili gefa innan þriggja mánaða frá gildistöku samningsins, eða, ef slíkur samningur hefur gengið í gildi áður en fullgilding þessa samnings fór fram, þá skal hún gerð á fullgildingardegi hans.

9. gr.

1. Fylgiskjal III með samningi þessum tilgreinir þá fyrirvara í sambandi við hann, sem gerðir eru á undirskriftardegi.

2. Hver samningsaðili getur, um leið og hann gefur tilkynningu í samræmi við 7. eða 8. gr., gert fyrirvara um, að hve miklu leyti þessi samningur taki til laga, reglugerða eða samninga, sem vitnað er til í slíkri tilkynningu. Yfirlýsing um sérhvern slíkan fyrirvara skal fylgja viðeigandi tilkynningu. Hún skal gilda frá gildistökudegi hinna nýju laga, reglugerðar eða samnings.

3. Hver samningsaðili getur afturkallað að öllu eða nokkru leyti hvern þann fyrirvara, sem hann hefur gert. Skal það gert með tilkynningu þess efnis, er stíluð sé til aðalritara Evrópuráðsins. Slík tilkynning gengur í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að henni er veitt viðtaka,

of its territory at the date of signature of this Agreement.

2. Each Contracting Party shall notify the Secretary-General of the Council of Europe of every new law or regulation of a type not included in Annex I in relation to that Party. Such notification shall be made by each Contracting Party within three months of the date of publication of the new law or regulation, or if such law or regulation is published before the date of ratification of this Agreement by the Contracting Party concerned, at that date of ratification.

Aricle 8

1. Annex II to this Agreement sets out in relation to each Contracting Party the agreements concluded by it to which Article 3 applies which are in force at the date of signature of this Agreement.

2. Each Contracting Party shall notify the Secretary-General of the Council of Europe of every new agreement concluded by it to which Article 3 applies. Such notification shall be made by each Contracting Party within three months of the date of coming into force of the agreement, or if such new agreement has come into force before the date of ratification of this Agreement, at that date of ratification.

Article 9

1. Annex III to this Agreement sets out the reservations hereto made at the date of signature.

2. Any Contracting Party may, at the time of making a notification in accordance with Article 7 or Article 8, make a reservation in respect of the application of this Agreement to any law, regulation or agreement which is referred to in such notification. A statement of any such reservation shall accompany the notification concerned it will take effect from the date of entry into force of the new law, regulation or agreement.

3. Any Contracting Party may withdraw either in whole or in part any reservation made by it by a notification to that effect addressed to the Secretary-General of the Council of Europe. Such notification shall take effect on the first day of the month following the month

og um gildi þessa samnings fer í samræmi við það.

10. gr.

Fylgiskjöl samnings þessa skulu vera óskiptur hluti hans.

11. gr.

1. Þar sem það er nauðsynlegt, skulu samningar milli þar til bærra stjórnvalda samningsaðila skera úr um það, með hverju móti samningur þessi skuli framkvæmdur.

2. Rétt stjórnvöld hlutaðeigandi samningsaðila skulu leitast við að leysa með samningum hverja þá misklíð, er varðar skýringu eða framkvæmd þessa samnings.

3. Hafi slík misklíð ekki verið leyst með samningum innan þriggja mánaða, skal henni skotið til úrskurðar gerðardóms, en skipan hans og starfshættir skulu samþykkt af samningsaðilum þeim, sem hlut eiga að máli. Ef slíkt samkomulag næst ekki innan þriggja mánaða þar frá, skal misklíðinni skotið til gerðardómara, sem forseti Alþjóðadómstólsins velur að beiðni einhvers hlutaðeigandi samningsaðila. Sé forsetinn þegn einhvers deiluaðila, skal þetta falið varaforseta dómsins eða þeim dómara, sem næstur honum er að embættisaldri og ekki er þegn neins deiluaðila.

4. Úrskurður gerðardóms eða gerðardómara, eftir því um hvort er að ræða, skal felldur í samræmi við grundvallarreglur og anda þessa samnings, og skal hann vera endanlegur og bindandi.

12. gr.

Nú segir einhver samningsaðila samningnum upp, og skulu þá:

(a) hver þau réttindi, sem maður hefur áunnið sér í samræmi við ákvæði hans, haldast, sér í lagi skal hann halda þeim rétti, sem hann hefur öðlazt í samræmi við ákvæði samningsins til þess að fá styrk eftir lögum og reglugerðum eins samningsaðila,

in which it is received and this Agreement shall apply accordingly.

Article 10

The Annexes to this Agreement shall constitute an integral part of this Agreement.

Article 11

1. Arrangements where necessary between the competent authorities of the Contracting Parties shall determine the methods of implementation of this Agreement.

2. The competent authorities of the Contracting Parties concerned shall endeavour to resolve by negotiation any dispute relating to the interpretation or application of this Agreement.

3. If any such dispute has not been resolved by negotiation within a period of three months, the dispute shall be submitted to arbitration by an arbitral body whose composition and procedure shall be agreed upon by the Contracting Parties concerned, or, in default of such agreement, within a further period of three months, by an arbitrator chosen at the request of any of the Contracting Parties concerned by the President of the International Court of Justice. Should the latter be a national of one of the Parties to the dispute, this task shall be entrusted to the Vice-President of the Court or to the next judge in order of seniority not a national of the Parties to the dispute.

4. The decision of the arbitral body, or arbitrator, as the case may be, shall be made in accordance with the principles and spirit of this Agreement and shall be final and binding.

Article 12

In the event of the denunciation of this Agreement by any of the Contracting Parties,

(a) any right acquired by a person in accordance with its provisions shall be maintained and, in particular, if he has, in accordance with its provisions, acquired the right to receive any benefit under the laws and regulations of one of the Contracting

meðan hann er búsettur í landi annars,

(b) ákvæði þessa samnings halda áfram gildi sínu að því er tekur til tryggingatímabila og samsvarandi tímabila, sem lokið er, áður en uppsögnin gengur í gildi. Þetta er þó háð þeim skilyrðum, sem sett kunna að vera í viðaukasamningum milli hlutaðeigandi samningsaðila um réttindi, sem þá er verið að ávinna.

13. gr.

1. Öllum ríkjum, sem eru meðlimir Evrópuráðsins, skal heimilt að undirrita samning þenna. Hann skal fullgiltur. Fullgildingarskjölum skal komið fyrir til varðveizlu hjá aðalritara Evrópuráðsins.

2. Samningur þessi skal ganga í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að annað fullgildingarskjalið var afhent.

3. Að því er tekur til aðildarríkis, sem hefur undirritað samninginn, en fullgildir hann síðar, skal hann ganga í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að það hefur afhent fullgildingarskjal sitt.

14. gr.

1. Ráðherranefnd Evrópuráðsins getur boðið hvaða ríki sem er, utan Evrópuráðsins, að gerast aðili að þessum samningi.

2. Aðildin skal framkvæmd á þann hátt, að staðfestingarskjal afhendist aðalritara Evrópuráðsins, og skal hún ganga í gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir afhendingu þess.

3. Hverri staðfestingu á aðild samkvæmt þessari grein skulu fylgja þær upplýsingar, sem verið mundu hafa í fylgiskjölum I og II með þessum samningi, ef stjórn hlutaðeigandi ríkis hefði verið búin að undirrita hann, þegar hún gerðist aðili.

4. Að því er tekur til samnings þessa, skulu allar upplýsingar, sem gefnar eru í samræmi við 3. tölulið þessarar greinar, taldar hluti þess fylgiskjals, sem þær

Parties while he is resident in the territory of another, he shall continue to enjoy that right;

(b) subject to any conditions which may be laid down by supplementary agreements concluded by the Contracting Parties concerned for the settlement of any rights then in course of acquisition, the provisions of this Agreement shall continue to apply to insurance periods and equivalent periods completed before the date when the denunciation becomes effective.

Article 13

1. This Agreement shall be open to the signature of the Members of the Council of Europe. It shall be ratified. Instruments of ratification shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe.

2. This Agreement shall come into force on the first day of the month following the date of deposit of the second instrument of ratification.

3. As regards any Signatory ratifying subsequently, the Agreement shall come into force on the first day of the month following the date of the deposit of its instrument of ratification.

Article 14

1. The Committee of Ministers of the Council of Europe may invite any State not a member of the Council of Europe to accede to this Agreement.

2. Accession shall be effected by the deposit of an instrument of accession with the Secretary-General of the Council of Europe, which shall take effect on the first day of the month following the date of deposit.

3. Any instrument of accession deposited in accordance with this Article shall be accompanied by a notification of such information as would be contained in the Annexes I and II to this Agreement if the Government of the State concerned were, on the date of accession, a Signatory hereto.

4. For the purposes of this Agreement any information notified in accordance with paragraph 3 of this Article shall be deemed to be part of the Annex in which

hefðu verið skráðar á, ef ríkisstjórn hlutaðeigandi ríkis hefði undirritað hann.

15. gr.

Aðalritari Evrópuráðsins skal tilkynna:

(a) meðlimum Ráðsins og framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

(i) gildistökudag þessa samnings og nöfn allra aðildarríkja, sem fullgilda hann,

(ii) afhendingu allra staðfestingarskjala í samræmi við 14. gr. og þær upplýsingar, sem þeim fylgja,

(iii) allar yfirlýsingar, sem berast í samræmi við 16. grein, og hvenær þær ganga í gildi,

(b) samningsaðilum og framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar

(i) allar yfirlýsingar, sem berast í samræmi við 7. og 8. grein,

(ii) alla fyrirvara, sem gerðir eru í samræmi við 2. tölulið 9. greinar,

(iii) afurköllun fyrirvara í samræmi við 3. tölulið 9. greinar.

16. gr.

Samningur þessi skal gilda um tveggja ára skeið, talið frá gildistökudegi hans í samræmi við 2. tölulið 13. greinar. Síðan framlengist hann jafnan frá ári til árs, að því er tekur til þeirra samningsaðila, sem ekki segja honum upp með tilkynningu þar um, stílaðri til aðalritara Evrópuráðsins, eigi síðar en annað hvort sex mánuðum fyrir lok hins upphaflega tveggja ára tímabils eða jafnlöngu fyrir lok hvers eftirfarandi árs miðað við gildistökudag. Slík tilkynning öðlast gildi í lok þess tímabils, sem hún tekur til.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hefur verið veittur myndugleiki, undirritað þenna samning.

Gert í París á 11. degi desembermánaðar árið 1953, á ensku og frönsku — it would have been recorded if the Government of the State concerned were a Signatory hereto.

Article 15

The Secretary-General of the Council of Europe shall notify:

(a) the Members of the Council and the Director-General of the International Labour Office

(i) of the date of entry into force of this Agreement and the names of any Members who ratify it.

(ii) of the deposit of any instrument of accension in accordance with Article 14 and of such notifications as are received with it,

(iii) of any notification received in accordance with Article 16 and its effective date;

(b) the Contracting Parties and the Director-General of the International Labour Office

(i) of any notifications received in accordance with Articles 7 and 8,

(ii) of any reservations made in accordance with paragraph 2 of Article 9,

(iii) of the withdrawal of any reservation in accordance with paragraph 3 of Article 9.

Article 16

This Agreement shall remain in force for a period of two years from the date of its entry into force in accordance with paragraph 2 of Article 13. Thereafter it shall remain in force from year to year for such Contracting Parties as have not denounced it by notification to that effect addressed to the Secretary-General of the Council of Europe at least six months before the expiry either of the preliminary two-year period, or of any subsequent yearly period. Such notification shall take effect at the end of the period to which it relates.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Paris, this 11th day of December, 1953, in the English and French

hvorir tveggja textarnir jafngildir — í einu eintaki, sem skal varðveitt í skjalasafni Evrópuráðsins. Aðalritarinn skal senda staðfest afrit til sérhvers ríkis, sem undirritað hefur samninginn, enn fremur til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

languages, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain in the archives of the Council of Europe and of which the Secretary-General shall send certified copies to each of the Signatories and to the Director-Generel of the International Labour Office.

VIÐAUKI

við bráðabirgðasamning Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög, önnur en þau, er varða elli, örorku og eftirlifendur.

Með því að ríkisstjórnir þær, er undirrita viðauka þenna og eru aðilar að Evrópuráðinu,

hafandi í huga ákvæði bráðabirgðasamnings Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau, er varða elli, örorku og eftirlifendur, þess er undirritaður var í París hinn 11. desember 1953 (hér framvegis nefndur „aðalsamningurinn"), og

hafandi í huga ákvæði samþykktarinnar um stöðu flóttamanna, þeirrar, er undirrituð var í Genf hinn 28. júlí 1951 (hér framvegis nefnd „samþykktin"),

óska að færa svo út svið ákvæða aðalsamningsins, að þau taki til flóttamanna samkvæmt skilgreiningu samþykktarinnar,

hafa þær samþykkt það, er hér greinir:

1. gr.

Að því er varðar viðauka þenna, skal orðið „flóttamaður" hafa þá merkingu, sem því er ákveðin í 1. gr. samþykktarinnar, með því skilyrði, að hver samningsaðili skal gefa yfirlýsingu, þegar hann undirritar eða fullgildir viðaukann eða gerist aðili að honum, er tiltaki hverja þeirra merkinga, sem greindar eru í málsgrein B í 1. gr. samþykktarinnar, hann velur sér til skuldbindingar samkvæmt viðauka þessum, nema umræddur aðili hafi þegar gefið slíka yfirlýsingu, þegar hann undirritaði eða fullgilti samþykktina.

2. gr.

Ákvæði aðalsamningsins skulu gilda um flóttamenn með sömu skilyrðum og þau gilda um þegna þeirra aðildarríkja,

PROTOCOL

to the European Interim Agreement on Social Security other than Schemes for Old Age, Invalidity and Survivors.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Having regard to the provisions of the European Interim Agreement on Social Security other than Schemes for Old Age, Invalidity and Survivors, signed at Paris on the 11th day of December, 1953 (herinafter referred to as "the principal Agreement");

Having regard to the provisions of the Convention relating to the Status of Refugees signed at Geneva on 28th July, 1951 (hereinafter referred to as "the Convention");

Being disirous of extending the provisions of the principal Agreement so as to apply to refugees as defined in the Convention,

Have agreed as follows:

Article 1

For the purposes of this Protocol the term "refugee" shall have the meaning ascribed to it in Article 1 of the Convention, provided that each Contracting Party shall make a declaration at the time of signature or ratification hereof or accession hereto, specifying which of the meanings set out in paragraph B of Article 1 of the Convention it applies for the purpose of its obligations under this Protocol, unless such Party has already made such a declaration at the time of its signature or ratification of the Convention.

Article 2

The provisions of the pricipal Agreement shall apply to refugees under the same conditions as they apply to the

sem að samningnum standa, að því athuguðu, að 3. gr. samningsins skal því aðeins gilda um flóttamenn, að aðildarríki að samningum þeim, er greinin lýtur að, hafi fullgilt viðaukann eða gerzt aðilar að honum.

nationals of the Contracting Parties thereto, provided that Article 3 of that Agreement shall apply to refugees only in cases where the Contracting Parties to the agreements to which that Article refers have ratified this Protocol or acceded thereto.

3. gr.

1. Þeim aðildarríkjum að Evrópuráðinu, er undirritað hafa aðalsamninginn, skal vera heimilt að undirrita viðauka þenna. Hann krefst fullgildingar.

2. Sérhvert það ríki, er gerzt hefur aðili að aðalsamningnum, skal hafa rétt til þess að gerast aðili að viðauka þessum.

3. Viðauki þessi skal ganga í gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem næstur hefst, eftir að annað fullgildingarskjalið var afhent til varðveizlu.

4. Að því er varðar ríki, sem undirritað hefur og síðar fullgildir viðaukann, eða ríki, sem gerist aðili að honum, þá skal hann ganga í gildi fyrsta dag þess mánaðar, sem hefst eftir að fullgildingar- eða aðildarskjalið var afhent til varðveizlu.

5. Fullgildingar- og aðildarskírteini skulu afhent framkvæmdastjóra Evrópuráðsins til varðveizlu, og skal hann tilkynna aðilum ráðsins, ríkjum, sem gerast aðilar, og framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar nöfn þeirra, er fullgilt hafa eða gerzt aðilar.

Article 3

1. This Protocol shall be open to the signature of the Members of the Council of Europe who have signed the principal Agreement. It shall be ratified.

2. Any State which has acceded to the pricipal Agreement may accede to this Protocol.

3. This Protocol shall come into force the first day of the month following the date of deposit of the second instrument of ratification.

4. As regards any Signatory ratifying subsequently, or any acceding State, the Protocol shall come into force on the first day of the month following the date of the deposit of its instrument of ratification or accession.

5. Instruments of ratification and accession shall be deposited with the Secretary-General of the Council of Europe, who shall notify the Members of the Council, acceding States and the Director-General of the International Labour Office of the names of those who have ratified or acceded.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir, sem til þess hefur verið veittur myndugleiki, undirritað þenna viðauka.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Gjört í París hinn 11. dag desembermánaðar 1953 á ensku og frönsku, hvor tveggja textinn jafngildur, í einu eintaki, sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og skal framkvæmdastjórinn senda staðfest eftirrit til hvers þess ríkis, er undirritað hefur viðaukann, og til framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar.

Done at Paris, this 11th day of December, 1953, in the English and French languages, both texts being equally authoritative, in a single copy which shall remain in the archives of the Council of Europe and of which the Secretary General shall send certified copies to each of the Signatories and to he Director-General of the International Labour Office.

Sþ. 144. Tillaga til þingsályktunar [107. mál]

um afurðalán vegna garðávaxta.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Halldór Ásgrímsson, Ágúst Þorvaldsson, Karl Kristjánsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að veitt verði afurðalán út á garðávexti hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt.

Greinargerð.

Tillaga samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd.

Tillögunni fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á undanförnum árum hefur Seðlabankinn veitt lán fyrir fram út á sauðfjárafurðir, allt að tveimur þriðju hlutum af áætluðu söluverði afurðanna. Þessi lán bæta að miklum mun fjárhagsaðstöðu framleiðenda og þeirra fyrirtækja, sem annast sölu afurðanna, og eru nauðsynleg, þar sem rekstrarkostnaður, svo sem áburðarkaup, fellur á verzlunarfyrirtækin og færist í reikninga bænda aðallega á fyrri hluta árs, en sauðfjárafurðir koma ekki á markað fyrr en að hausti og greiðast ekki að fullu, fyrr en jafnóðum og sala fer fram til neytenda.

Framleiðsla landbúnaðarafurða þarf að vera sem fjölbreyttust. Garðávextir eru ein af þeim tegundum matvæla, sem þjóðina má ekki skorta. En um framleiðslu þeirra og sölu gildir hið sama og sauðfjárafurðir. Þrátt fyrir það hafa ekki verið veitt afurðalán út á garðávexti. Hér er lagt til að breyta þessu þannig, að eftirleiðis verði veitt lán út á garðávexti hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt.“

Nd. 145. Nefndarálit [8. mál]

um frv. til l. um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og boðað á sinn fund til viðræðna og útskýringa á ýmsum greinum þess þá dr. med. Sigurð Sigurðsson landlækni, dr. med. Gísla Fr. Petersen yfirlækni röntgendeildar Landsspítalans og Magnús Magnússon prófessor.

Leggur nefndin einróma til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. Í stað orðanna „eigi hærri en 0.01 rem á viku í eins metra fjarlægð“ í niðurlagi 1. málsl. komi: eigi hærri en ákveðið er með reglugerð á hverjum tíma.
2. Við 4. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Ráðherra ákveður með reglugerð skoðunargjöld fyrir eftirlit samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hann setur og reglur o. s. frv.

Alþingi, 27. nóv. 1962.

Gísli Jónsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Guðl. Gíslason, frsm.
Jón Skaftason.	Hannibal Valdimarsson.	

Ed. 146. Nefndarálit [56. mál]

um frv. til l. um auknar framkvæmdir í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Samgöngumálanefnd ræddi frumv. á einum fundi og varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Hefur minni hl. þegar skilað séráliti.

Á síðasta þingi lá frumv. samhljóða þessu fyrir efri deild og var afgreitt þaðan þannig, að deildin vísaði málinu til ríkisstjórnarinnar. Ástæðan fyrir þeirri afgreiðslu var sú, eins og fram kom í nál. þá, að verið var að endurskoða vegalög af milliþinganefnd samkv. þingsályktun frá 1961, og var þá og er enn búizt við, að frumv. til nýrra vegalaga komi fyrir Alþingi í vetur. Þingsályktun sú gerir ráð fyrir auknum fjárframlögum til vega frá því, sem verið hefur, og að vegamálanefndin leitist við að benda á færar leiðir í því efni.

Að sjálfsögðu er ekki ágreiningur um það í samgöngumálanefnd, að mikil þörf sé á auknum framkvæmdum í vegagerð á Vestfjörðum og Austurlandi. En sú þörf er einnig brýn í öllum öðrum landshlutum, bæði að því er snertir nýbyggingar og endurbætur eldri vega, sem eru orðnir algerlega óviðunandi víða miðað við nútímakröfur.

Þingmenn úr mörgum kjördæmum hafa flutt fjölda af breytingartillögum við vegalög, er ganga í þá átt að reyna að bæta úr, þar sem þörf kallar að. Einnig hafa þingmenn úr Vestfjarðakjördæmi flutt þingsályktunartillögu um áætlun um vegi á Vestfjörðum og flutningsmenn þessa frumv. breytingartillögu við þá þáltill., er gengur í svipaða átt og þetta frumvarp.

Þegar á þetta mál er litið í heild og endurskoðun þá á vegalögum, sem að var vikið, sýnast þau vinnubrögð eðlilegust, að leitazt sé við að afgreiða allar þessar tillögur og málið í heild með einu frumv., og vill meiri hluti n. vænta þess, að það megi takast á þessu þingi. Lagði hann til á nefndarfundi, að beðið væri með að afgreiða frumv. í nefnd, þar til betur væri séð en nú er, hvað fram kemur á þessu þingi til lausnar því máli, er hér um ræðir, bæði að því er snertir einstaka landshluta og landið í heild. Á þá bið vildi minni hl. n. ekki fallast.

Í samræmi við það, er að framan greinir, og afgreiðslu samhljóða frumv. á næstliðnu vori leggur meiri hl. n. til, að málinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 29. nóv. 1962.

Jón Þorsteinsson, form.	Jón Árnason, fundaskr.	Bjartmar Guðmundsson, frsm.

Ed. 147. Frumvarp til laga [108. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Orla Preben, landbúnaðarverkamaður, Teigi í Mosfellssveit, f. í Danmörku 29. janúar 1939. (Fær réttinn 8. marz 1963.)
2. Benke, Veronika Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 6. apríl 1940.
3. Bischoff, Ingeburg (Eiríksson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. júní 1928.

4. Bjartmars, Kirsten Fritzie, f. Mortensen, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 6. maí 1933.
5. Csillag, Erzsébet Eszter, f. Varga, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 1. janúar 1934.
6. Csillag, György, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. maí 1935.
7. Csillag, József, járnsmiður í Reykjavík, f. í Ungverjandi 2. júní 1934.
8. Csillag, Rozália, f. Szatmári, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rúmeníu 25. nóvember 1937.
9. Fivelsdal, Harald Undertun, bóndi í Dalasýslu, f. í Noregi 15. marz 1940.
10. Gærdbo, Finn, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 25. júní 1938.
11. Hegedüs, Béla, sjómaður á Akranesi, f. í Ungverjandi 12. janúar 1937.
12. Hentze, Carmen Edith Ruth, f. Heinze, húsmóðir í Saltvík á Kjalarnesi, f. í Þýzkalandi 29. janúar 1931.
13. Hentze, Jens Paule Konrad, ráðsmaður í Saltvík á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 25. ágúst 1921.
14. Horváth, Gabriella (Þórðarson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 22. júlí 1934.
15. Häusler, Margot Helga, hjúkrunarkona í Hólmavík, f. í Þýzkalandi 11. janúar 1937.
16. Jacobsen, Sommer Thorstein, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 22. apríl 1920.
17. Jensen, Aage Christian, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. ágúst 1915.
18. Joensen, Hans Sigurd, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 4. apríl 1909.
19. Johnsen Langelyth, Sigrún Dagbjört, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Danmörku 8. júlí 1936.
20. Józsa, Eva, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 24. febrúar 1934.
21. Klimits, Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. júní 1930.
22. Klimits, János, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 26. nóvember 1936.
23. Larsen, Kaj Flemming, verkamaður í Höfn í Hornafirði, f. í Danmörku 29. október 1939. (Fær réttinn 1. febrúar 1963.)
24. Lau, Betti Meta Frieda Karla, ráðskona í Garðahreppi, f. í Þýzkalandi 26. september 1917.
25. Marten, Margarete Ida Marta (Guðjónsson), húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Þýzkalandi 23. janúar 1932.
26. Midjord, Johan Andrew Elmar, sjómaður, Búðum í Fáskrúðsfirði, f. í Færeyjum 27. júlí 1937.
27. Moen, Nils, ráðsmaður í Ölfusi, f. í Noregi 26. febrúar 1932.
28. Munro, Leo, kennari í Reykjavík, f. í Bretlandi 1. ágúst 1925.
29. Nissen, Lilja, f. Bjarnadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 20. marz 1912.
30. Nissen, Ursula (Sigurðsson), húsmóðir á Tjörn í Aðaldal, f. í Þýzkalandi 29. janúar 1930.
31. Peschel, Max, glerslípunarmaður í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 18. september 1902.
32. Sólrún Hervör Jónsdóttir, f. Heinesen, verkakona í Neskaupstað, f. í Færeyjum 2. ágúst 1944.
33. Svensson, Ingeborg Lucie Selma (Björnsson), húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 6. desember 1934.
34. Thomsen, Björk, nemandi í Reykjavík, f. í Danmörku 28. október 1945.
35. Thomsen, Lisa, nemandi í Reykjavík, f. í Svíþjóð 17. júlí 1944.
36. Toftum, Torgrim, landbúnaðarverkamaður á Móum á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 14. ágúst 1940.
37. Tölgyes, Miklos, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 17. október 1935.
38. Zsibók, Jozsef, verkamaður á Akranesi, f. í Ungverjalandi 12. apríl 1936.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Umsækjendur þeir, sem teknir hafa verið á lagafrumvarp þetta sem nr. 1, 3, 4, 9, 10, 12, 13, 15—19 og 23—36, fullnægja þeim skilyrðum, sem sett voru af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti á þskj. 425 á 82. löggjafarþingi 19. marz 1962. Tveir umsækjendanna nr. 1 og 23 fullnægja þó ekki skilyrðunum fyrr en á árinu 1963 og er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að þeir öðlist réttinn, er þeir hafa fullnægt skilyrðunum.

Umsækjendur þeir, sem taldir eru nr. 2, 5—8, 11, 14, 20—22, 37 og 38 eru ungverskir flóttamenn, sem leyfð var landvist hér í árslok 1956 samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Hefur verið fyrirhugað, að greitt yrði fyrir því, að þeir gætu öðlazt íslenzkan ríkisborgararétt, er sýnt þætti, að þeir mundu ílendast á Íslandi.

Nd. 148. Breytingartillögur [64. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingvari Gíslasyni og Gísla Guðmundssyni.

Á eftir 2. tölul. 1. gr. bætist nýir töluliðir:

1. Á eftir C. 66 komi nýr töluliður:
   Laxárdalsvegur eystri: Af Laxárdalsvegi hjá Birningsstöðum, yfir Laxá um Sog, suður dalinn að Hólum.
2. Á eftir C. 72 komi nýir liðir:
   a. **Ljósavatnsvegur:** Af Norðurlandsvegi við Stórutjarnir, vestan og sunnan Ljósavatns, á Norðurlandsveg aftur hjá Krossi.
   b. **Stafnshverfisvegur:** Af Norðurlandsvegi hjá Narfastöðum að Fellshlíð.

Sþ. 149. Tillaga til þingsályktunar [109. mál]

um aðstoð við Snæfjallahrepp í Norður-Ísafjarðarsýslu til varnar eyðingu byggðar.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að leggja fyrir ríkisstjórnina að gera þegar ráðstafanir, er verða mættu til að stöðva frekari eyðingu byggða en orðin er í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Tvö sveitarfélög norðan Ísafjarðardjúps hafa þegar lagzt í eyði, og veltur á miklu, að jaðarbyggðin, sem nú er, Snæfjallahreppur, fái þá uppörvun og aðstoð frá ríkisins hendi, að frekari eyðing verði stöðvuð, áður en það er um seinan.

Meðal ráðstafana, er til greina gætu komið af ríkisins hendi í þessu skyni, væri t. d.:

1. Sérstök fjárveiting til virkjunar Mýrarár fyrir allan hreppinn.
2. Tenging sveitarfélagsins á næsta ári við akvegakerfi landsins með brú á jökulvatnið Mórillu í Kaldalóni.
3. Dýpkun innsiglingar á Æðeyjarhöfn.
4. Ferjubryggja á Mýri af þeirri gerð og stærð, að væntanlegur Djúpbátur, sem nú er í smíðum, geti örugglega athafnað sig við hana.

Náið samráð um þessar og aðrar aðgerðir í málinu sé í hvívetna haft við hreppsnefnd Snæfjallahrepps.

Greinargerð.

Fyrir nokkrum árum gerðust þau ótíðindi, að næstfjölmennasta sveitarfélag Norður-Ísafjarðarsýslu, Sléttuhreppur, lagðist í eyði.

Á liðnu hausti gerðist svo það, að seinustu íbúar Grunnavíkur neyddust til að yfirgefa byggð sína. Eru þá aðeins eftir tvö byggð ból í hinum forna Grunnavíkurhreppi, Hornbjargsviti og Reykjarfjörður nyrðri.

Nú hefur því eyðingu byggðarinnar borið að Snæfjallahreppi, sem nú er yzta byggð við norðanvert Ísafjarðardjúp. Raunar er það þó réttara, að þegar hefur allur ytri hluti Snæfjallahrepps einnig lagzt í eyði. Um seinustu aldamót var fjölmenni við Berjadalsár og Gullhúsár, og meðal bújarða, sem eyðzt hafa í þessum hluta Snæfjallahrepps, má nefna jarðirnar Snæfjöll, Sandeyri og Skarð.

Útverðir byggðarinnar í miðjum Snæfjallahreppi eru nú Æðey, Mýri og Unaðsdalur.

Verði alda eyðingarinnar ekki brotin og stöðvuð við þessa útverði, meðan tími er til, er vonlaust um, að það geti tekizt, fyrr en röðin kemur að næsta sveitarfélagi, þ. e. Nauteyrarhreppi á Langadalsströnd.

En er þá viðnáms að vænta af því fólki, sem nú byggir Snæfjallahrepp?

Þannig er eðlilegt, að spurt sé, því að sé flótti brostinn í liði fólksins sjálfs, koma ríkisaðgerðir naumast að gagni.

Og svarið er eins afdráttarlaust og verið getur. Þarna er veitt fyllsta viðnám. Enn þá hefur ekki brostið flótti í liði Snæfjallahreppsbúa. En ef einhver úr hinu fámenna forustuliði þeirra yrði fyrir áfalli eða brysti þrek í hinni erfiðu uppbyggingarbaráttu, gæti verið voði á ferðum.

Ungir bændur og miðaldra í hreppnum hafa á undanförnum árum stóraukið ræktun jarða sinna, nokkrir þeirra hafa þegar reist ný og stórmyndarleg íbúðarhús, enn standa nokkrir þeirra í að endurbyggja peningshúsin. En skuldabyrðin er orðin þung og fjárhagur þeirra flestra því þröngur til áframhaldandi uppbyggingar. Þess vegna á ríkið að rétta fram sína örvandi og hjálpandi hönd.

Mýrará hrynur svo að segja ofan yfir bæina Unaðsdal og Mýri. Tæknilegur undirbúningur að virkjun hennar er að frumkvæði hreppsbúa þegar kominn á lokastig, og er allt við það miðað, að raforkukerfi frá vatnsaflsstöð í Mýrará nái til allra lögbýla í hreppnum.

Þetta er hið sameiginlega og mikla áhugamál allra hreppsbúa. Framkvæmd þess mundi óefað vega þyngst, þegar um það er að tefla að bægja eyðingarhættunni frá dyrum Snæfjallahrepps.

En hið fámenna sveitarfélag brestur fjárhagslega getu til þessarar framkvæmdar. Svo sem hálfrar milljón króna framlag ríkisins til virkjunar Mýrarár, auk lögheimilaðra lána og styrkja til slíkra rafveitna, mundi leysa vandann og öllu öðru fremur varna eyðingu byggðar í Snæfjallahreppi.

Þá er þess að geta, að Snæfjallahreppur er eitt þeirra sveitarfélaga á Vestfjörðum, sem enn þá er ekki komið í samband við akvegakerfi landsins. Hér þarf úr að bæta og það þegar á næsta ári. Hreppsbúum væri það mikil uppörvun, ef þeir kæmust í beint akvegasamband við næsta sveitarfélag, þ. e. Nauteyrarhrepp. Akvegir innan sveitar hafa að vísu verið lagðir að mestu, en brú vantar á jökulvatnið Mórillu í Kaldalóni, sem er hið mesta foraðsvatnsfall og illur farartálmi milli

nágrannsveita. Hefur staðið til nokkur undanfarin ár, að brú þessi yrði byggð, en dráttur á framkvæmdum valdið Snæfjallahreppsbúum miklum vonbrigðum. Brú á Mórillu þarf því að taka á fjárlög næsta árs.

Eins og flestum mun kunnugt, er Æðey mikil hlunnindajörð. En erfiður er eyjabúskapurinn á margan hátt við nútímaskilyrði. Og víst væri erfitt að varðveita Snæfjallahrepp í byggð, ef Æðey legðist í eyði.

Höfn er góð í Æðey frá náttúrunnar hendi, en innsigling á hana er of grunn fyrir flóabátinn, djúpbátinn. Það, sem fyrst af öllu kemur því til álita til að auðvelda Æðeyjarbónda, hver sem hann er, lífsbaráttuna, er að dýpka innsiglinguna á Æðeyjarhöfn. Slík framkvæmd kæmi öllum ókomnum kynslóðum, sem þessa fögru ey allsnægtanna byggja, að gagni, og hefur ríkið einhvern tíma varið fé sínu verr.

Þá er að lokum nefnd bryggjugerð að Mýri í tillögu þessari. Sú tillaga hefur almenna þýðingu fyrir sveitarfélagið, einnig að nokkru fyrir Nauteyrarhrepp, svo og fyrir almennan ferðamanna- og bifreiðaflutning, en það skal játað, að sú framkvæmd verður naumast talin jafn-bráðaðkallandi og þær tillögur, sem hér á undan hefur verið gerð grein fyrir.

Flutningsmaður þessarar tillögu telur mikils um vert, að myndarlegt átak fáist gert án tafar af hendi ríkisins til að hjálpa hinu dugmikla fólki, sem byggir Snæfjallahrepp, í hetjulegri baráttu þess til að veita viðnám gegn enn frekari eyðingu byggðar en þegar er orðin í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Vil ég því heita á háttvirta alþingismenn að samþykkja tillöguna.

Nd. 150. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv., en leggur til, að 1. gr. þess verði samhljóða IV. tölulið 11. gr. laga nr. 45 1950, að viðbættu því nýmæli, sem frv. gerir ráð fyrir. Þá vill nefndin benda á, að hún telur nauðsyn, að framkvæmd þess ákvæðis, sem í frv. felst, verði skýrt mörkuð í reglugerð. Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

1. gr. frv. verði svo hljóðandi:

IV. töluliður 11. gr. laga nr. 45 1950 orðist svo:

Jarðrækt:

Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar (þar á meðal vegna kalskemmda) kr. 200.00 pr. ha.

Alþingi, 3. des. 1962.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson.

Jónas Pétursson. Karl Guðjónsson.

Ed. 151. Nefndarálit [88. mál]

um frv. til l. um bráðabirgðabreyt. á l. nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin samþykkti að mæla með frv. — AGl og KK áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 29. nóv. 1962.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., Auður Auðuns.
Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 152. Frumvarp til laga [110. mál]

um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

I. KAFLI
Fullnusta sektarrefsinga o. fl.

1. gr.

Fullnægja má hér á landi sektarrefsingu, sem aðila hefur verið gerð í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Sama gildir um ákvarðanir, sem varða upptöku eignar, sakarkostnað í opinberum refsimálum og einkarefsimálum og hald á eignum grunaðs manns til tryggingar sektargreiðslu, eignarupptöku, skaðabótum, miskabótum eða sakarkostnaði í refsimálum.

2. gr.

Fullnægja má í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð ákvörðunum, sem gerðar hafa verið hér á landi og eru sams konar þeim, sem í 1. gr. getur.

II. KAFLI
Fullnusta frelsisrefsinga.

3. gr.

Fullnægja má hér á landi dönskum dómum um „fængsel“ og „hæfte“, finnskum dómum um „tukthus“ og „fängelse“, norskum dómum um „fengsel“ og „hefte“ og sænskum dómum um „straffarbete“ og „fängelse“, enda sé dómfelldi íslenzkur ríkisborgari eða heimilisfastur hér á landi, þegar fullnusta skal fram fara. Sama gildir, ef dómfelldi er staddur hér á landi og haganlegast þykir að fullnægja dóminum hér.

Ákvæði 1. málsgr. taka einnig til þess, eftir því sem við á, er afplána skal fésekt með refsivist.

4. gr.

Færa skal refsingu til samsvarandi refsitegundar að íslenzkum lögum og um jafnlangan tíma. Skal þá „fængsel“ í Danmörku, „tukthus“ í Finnlandi, „fengsel“ í Noregi og „straffarbete“ í Svíþjóð svara til fangelsis, en „hæfte“ í Danmörku, „fängelse“ í Finnlandi og Svíþjóð og „hefte“ í Noregi svara til varðhalds. Dómsmála-

ráðherra getur þó ákveðið, að fangelsisrefsing komi í stað hinna síðarnefndu refsitegunda, ef refsivist hefur verið dæmd 3 mánuði eða lengri tima.

5. gr.

Fangelsisrefsingu eða varðhalds, sem dæmd hefur verið hér á landi, má fullnægja í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, enda sé dómfelldi ríkisborgari viðkomandi lands eða eigi þar heimilisfang, þegar fullnusta skal fram fara. Sama gildir, ef dómfelldi er staddur í viðkomandi landi og haganlegast þykir að fullnægja dóminum þar.

Ákvæði 1. málsgr. taka einnig til þess, eftir því sem við á, er afplána skal fésekt með refsivist.

6. gr.

Nú er maður fluttur samkvæmt ákvæðum 5. gr. til Danmerkur, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar til að taka út refsivist, og skal þá, eftir því sem við á, farið eftir ákvæðum 7. og 17. gr. laga nr. 7/1962, um framsal sakamanna til Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar.

III. KAFLI

Umsjón með mönnum, sem dæmdir hafa verið skilorðsbundnum dómi.

7. gr.

Ákveða má, að umsjón fari fram hér á landi með mönnum, sem umsjón skulu sæta samkvæmt skilorðsbundnum refsidómum, er upp hafa verið kveðnir í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Skilyrði, sem sett eru í hinum skilorðsbundna dómi, skulu þá hafa gildi hér á landi, eftir því sem við getur átt.

8. gr.

Nú hefur umsjón verið ákveðin eftir 7. gr., og skal þá, eftir því sem við á, beita ákvæðum VI. kafla almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. lög nr. 22/1955. Ef dómstóll ákveður fullnustu refsingar samkvæmt skilorðsbundnum dómi, fer um tegund og lengd refsivistar eftir reglum 4. gr.

9. gr.

Nú hefur maður, sem dæmdur hefur verið skilorðsbundnum refsidómi í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, orðið sannur að sök hér á landi um refsivert atferli, og er þá heimilt, enda þótt umsjón hafi ekki verið ákveðin hér eftir 7. gr., að dæma bæði málin í einu lagi eftir reglum 3. og 4. málsliðar 60. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955.

10. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt, þegar atvik mæla með því, að fela þar til bærum opinberum aðila í því landi, þar sem skilorðsdómur var upp kveðinn, að veita úrlausnir í málum, þegar til álita kemur eftir ákvæðum 8. og 9. gr. að breyta skilorðsbundnum dómi.

11. gr.

Umsjón og aðrar ráðstafanir, sem ákveðnar hafa verið í skilorðsbundnum refsidómi, upp kveðnum hér á landi, má framkvæma í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

Nú hafa opinberir aðilar í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð tekið við umsjón með dómfelldum manni samkvæmt 1. málsgr., og koma þá ákvæði íslenzkra hegningarlaga um skilorðsbundna refsidóma því aðeins til framkvæmdar, að dómfelldi verði sannur að sök hér á landi um refsivert atferli, eða að þar til bær opinber aðili í einhverju áðurgreindra ríkja feli íslenzkum dómstóli að veita úrlausn um breytingu á hinum skilorðsbundna dómi.

Ef þar til bær opinber aðili í því landi, sem tekið hefur við umsjóninni, ákveður lengingu skilorðstímans eða breytingu á öðrum skilyrðum, sem mælt eru í dóminum, hafa slíkar ákvarðanir gildi hér á landi.

12. gr.

Ákvarðanir, sem teknar eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð um fullnustu refsingar fyrir verknað, sem skilorðsbundinn dómur hefur gengið um hér á landi, skulu hafa sömu réttaráhrif og samsvarandi ákvarðanir, sem gerðar eru eftir reglum íslenzkra hegningarlaga.

Nú hefur maður, sem hlotið hefur hér á landi skilorðsbundinn refsidóm, verið dæmdur í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð fyrir refsivert atferli, framið á skilorðstímanum, en ekki hefur í hinum nýja dómi verið haggað við ákvæðum skilorðsbundna dómsins, og skal þá, eftir því sem við á, beita reglum 59. og 60. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 6. og 7. gr. laga nr. 22/1955.

IV. KAFLI

Umsjón með mönnum, sem fengið hafa reynslulausn úr refsivist.

13. gr.

Heimilt er að koma á umsjón hér á landi með mönnum, sem hlotið hafa reynslulausn, eftir að hafa tekið út refsivist í „fængsel“ í Danmörku, „tukthus“ eða „fängelse“ í Finnlandi, „fengsel“ í Noregi eða „straffarbete“ í Svíþjóð.

14. gr.

Nú hefur umsjón samkvæmt 13. gr. verið ákveðin, og koma þá til framkvæmdar um hana, eftir því sem við á, reglur almennra hegningarlaga um reynslulausn úr fangelsi.

Heimilt er dómsmálaráðherra, þegar sérstakar ástæður mæla með því, að fella niður eitt eða fleiri settra skilyrða, eða setja ný í þeirra stað, er svari til hinna settu skilyrða, eftir því sem við verður komið.

Nú hefur verið tekin lögmæt ákvörðun um, að viðkomandi maður skuli taka út refsingu þá, sem eftir stendur, og fer þá um tegund og lengd refsivistar eftir reglum 4. gr.

15. gr.

Ef maður, sem fengið hefur reynslulausn í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, verður hér á landi dæmdur sekur um refsivert atferli, má láta hann taka út refsingu þá, sem eftir stendur, og fer um það eftir reglum almennra hegningarlaga um reynslulausn. Skiptir hér ekki máli, þó að umsjón samkvæmt 13. gr. hafi ekki verið ákveðin.

16. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt, þegar atvik mæla með því, að fela þar til bærum opinberum aðila í því landi, þar sem reynslulausn var veitt, að taka ákvarðanir um málefni, sem varða brot á skilyrðum fyrir reynslulausn.

17. gr.

Umsjón með mönnum, sem fengið hafa reynslulausn úr fangelsi hér á landi, má framkvæma í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð.

Nú hafa opinberir aðilar í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð tekið við umsjón samkvæmt 1. málsgr. með manni, sem reynslulausn hefur hlotið, og koma þá ákvæði íslenzkra hegningarlaga um brot gegn reynslulausnarskilyrðum því aðeins til framkvæmdar, að viðkomandi maður verði sannur að sök hér á landi um refsivert atferli, eða að þar til bær opinber aðili í því landi, sem umsjón hefur á hendi, feli dómsmálaráðherra Íslands að taka ákvarðanir varðandi önnur brot á skilyrðum.

Ef þar til bær opinber aðili í því landi, sem tekið hefur við umsjóninni, breytir skilyrðum reynslulausnar, skulu þær ákvarðanir hafa gildi hér á landi.

18. gr.

Ákvarðanir, sem teknar eru í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, um, að maður, sem reynslulausn hefur hlotið hér á landi, skuli að nýju settur í refsivist, skulu hafa sömu réttaráhrif og samsvarandi ákvarðanir, sem gerðar eru eftir reglum íslenzkra hegningarlaga.

V. KAFLI

Umsjón með mönnum, sem fengið hafa skilorðsbundna náðun.

19. gr.

Nú hefur maður hlotið uppgjöf á refsivist að öllu eða nokkru leyti með náðun, en það skilyrði sett, að hann skuli háður umsjón, og gilda þá ákvæði 13.—16. gr. og 1. málsgr. 17. gr., eftir því sem við á.

VI. KAFLI

Almenn ákvæði.

20. gr.

Fullnusta refsingar o. fl. og ákvörðun um umsjón hér á landi samkvæmt 1., 3., 7., 13. og 19., sbr. 13. gr., kemur því aðeins til framkvæmdar, að tilmæli um það komi frá þar til bærum opinberum aðila í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð. Dómsmálaráðherra ákveður, hvort verða skuli við tilmælunum.

21. gr.

Tilmæli, sem um getur í 20. gr., verða því aðeins tekin til greina, að fullnægja megi ákvörðun þeirri, sem tilmælin lúta að, í því landi, þar sem hún var gerð.

22. gr.

Nú hefur verið ákveðið, að maður skuli taka út refsivist eða sæta umsjón hér á landi samkvæmt lögum þessum, og getur hann þá borið lögmæti þeirrar ákvörðunar undir dómstóla. Með málið skal fara eftir reglum laga um meðferð opinberra mála.

Þó að ákvörðun sé borin undir dómstóla samkvæmt framansögðu, frestar það ekki framkvæmd hennar, nema svo verði ákveðið í dómsúrskurði.

23. gr.

Fullnusta refsingar o. s. frv. eftir 1. og 3. gr. skal fara fram í samræmi við fyrirmæli íslenzks réttar.

Reglur íslenzks réttar um reynslulausn og náðun skulu einnig koma til greina, eftir því sem við á.

24. gr.

Eftir að fullnusta refsingar eða umsjón hefur verið ákveðin hér á landi samkvæmt lögum þessum, verður saksókn til refsingar ekki höfðuð fyrir verknað, sem um er fjallað í ákvörðun þeirri, sem tekin hefur verið í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð.

25. gr.

Um kostnað af ráðstöfunum, sem gerðar eru eftir lögum þessum hér á landi á grundvelli ákvarðana, sem teknar hafa verið í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, fer eftir sömu reglum og um kostnað af samsvarandi ráðstöfunum, sem framkvæmdar eru eftir ákvörðunum, sem teknar hafa verið hér á landi.

26. gr.

Dómsmálaráðuneytið ber fram tilmæli til stjórnvalda í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð um fullnustu refsingar o. fl. og um framkvæmd umsjónar eftir ákvæðum 2., 5., 11., 17. eða 19., sbr. 17. gr. laga þessara.

27. gr.

Dómsmálaráðherra ákveður, hvenær lög þessi koma til framkvæmdar gagnvart hverju einstöku ríki, sem í 1. gr. getur.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum árum hafa farið fram umræður danskra, finnskra, norskra og sænskra stjórnvalda, sem með dómsmálastjórn fara, um samstarf þessara þjóða, að því er tekur til fullnustu refsinga, umsjónar með mönnum, sem dæmdir hafa verið skilorðsbundnum dómi, fengið hafa reynslulausn úr refsivist eða fengið skilorðsbundna náðun. Hefur náðst samkomulag um þetta og lagafrumvörp verið samin í hverju þessara ríkja. Málefni þetta hefur verið til umræðu á sameiginlegum fundum dómsmálaráðherra Norðurlandanna. Mælzt hefur verið til þess, að Ísland gerðist aðili að þessu samstarfi, og hefur að athuguðu máli þótt rétt og eðlilegt að verða við því. Af því tilefni hefur frumvarp þetta verið samið, og er það að efni til í samræmi við frumvörp hinna Norðurlandaþjóðanna.

Sþ. 153. Fyrirspurn [111. mál]

til sjávarútvegsmálaráðherra varðandi verndun hrygningarsvæða við strendur landsins.

Frá Guðlaugi Gíslasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar, er Alþingi samþykkti hinn 11. apríl s. l., um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins?

Nd. 154. Frumvarp til laga [8. mál]

um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. des.)

1. gr.

Enginn má eiga, framleiða, flytja til landsins, selja eða láta af hendi geislavirk efni, hvort sem þau eru ómenguð, blönduð öðrum efnum eða byggð í tæki, né heldur tæki, sem hæf eru til að framleiða jónandi geisla (röntgengeisla, gammageisla, betageisla, elektrónugeisla, alfageisla, nevtrónugeisla og aðra efnisgeisla), nema hann hafi fengið til þess leyfi samkvæmt lögum þessum, sbr. þó 3. gr.

2. gr.

Leyfi samkvæmt 1. gr. veitir ráðherra sá, er fer með heilbrigðismál, að fengnum meðmælum landlæknis. Umsóknir um leyfi þessi skulu rituð á sérstök eyðublöð, er ráðherra lætur gera.

3. gr.

Eigi þarf leyfi samkvæmt lögum þessum til að eiga, framleiða, flytja til landsins, selja eða láta af hendi eftirtalin geislavirk efni og tæki, enda sé geislun frá þeim eigi hærri en ákveðið er með reglugerð á hverjum tíma:

1. Úranium og efni, sem innihalda úranium, svo og efni, er innihalda ekki yfir tíu hundraðshluta af þóríum miðað við þunga, svo fremi að efni þessi hafi ekki með sérstakri meðferð verið auðguð að geislavirkum efnum fram yfir það, sem verður við eðlilegar kjarnabreytingar í jafnvægi.
2. Geislavirk frumefni í eðlilegu ástandi, þau sem ekki tilheyra úranium-radíum-, úranium-aktiníum- og þóríum-efnaflokkunum, svo og efnasambönd þessara frumefna, enda innihaldi þau ekki meira af geislavirkum ísótópum en gerist um efni þessi í náttúrunni.
3. Sjálflýsandi úr, vasaáttavita, mæla og önnur þess konar tæki, sem innihalda lítið magn af geislavirkum efnum.
4. Ratsjár, sveiflusjár, sjónvarpstæki, sendilampa og rafeindasjár og önnur slík tæki, enda séu þau eigi ætluð til að framleiða jónandi geisla.

4. gr.

Ráðherra ákveður með reglugerð skoðunargjöld fyrir eftirlit samkvæmt ákvæðum þessara laga. Hann setur og reglur um nauðsynlegar öryggisráðstafanir um geymslu, notkun, framleiðslu, flutning og aðra meðferð geislavirkra efna og geislatækja og um eftirlit með því, að gætt sé hinna boðnu öryggisráðstafana.

5. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum eða varðhaldi, ef miklar sakir eru, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

Nú finnast geislavirk efni eða geislatæki, sem leyfi þarf til að eiga eða hafa undir höndum, en slík leyfi skortir, skulu þá efnin og tækin vera upptæk og eign ríkissjóðs.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Sérhver sá, sem á eða hefur undir höndum geislavirk efni eða geislatæki, þau er leyfi þarf til að eiga eða hafa undir höndum samkv. 1. gr., sbr. 3. gr., skal innan 6 mánaða frá gildistöku laga þessara hafa sótt um tilskilin leyfi.

Nd. 155. Lög [2. mál]

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

(Afgreidd frá Nd. 4. des.)

Samhljóða þskj. 2.

Ed. 156. Breytingartillaga [88. mál]

við frv. til l. um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni og Karli Kristjánssyni.

3. gr. frumvarpsins orðist svo:

Ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makabætur, barnalífeyrir, mæðralaun, fæðingarstyrkur, ekkjubætur og ekkjulífeyrir samkv. II. kafla (Lífeyristryggingar) laga nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar, sbr. síðari breytingar á þeim lögum, skal hækka um 7% frá 1. júní 1962.

Sþ. 157. Tillaga til þingsályktunar [212. mál]

um fiskveg um Brúafossa í Laxá í Þingeyjarsýslu.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera athugun á aðstöðu til að gera fiskveg (laxastiga) upp yfir Brúafossa í Laxá í Þingeyjarsýslu. Jafnframt felur það henni að láta gera þar fiskveg, ef ráðlegt þykir að áliti manna, er sérfræðiþekkingu hafa í þessu efni. Nauðsynlegur kostnaður greiðist úr ríkissjóði, að svo miklu leyti sem hann fæst ekki greiddur annars staðar frá.

Greinargerð.

Laxá er ein allra bezta laxá á landi hér. En Brúafossar eru ekki laxgengir og Laxá ofan fossa, þ. e. í Laxárdal, því laxlaus með öllu. En áin þar hefur að bjóða sömu skilyrði fyrir fisk og eru fyrir neðan fossana. Ef lax kæmist upp fyrir fossana, á hann greiðan gang alla leið upp í Mývatn, sem er bezta fiskivatn á landinu.

Mikill hugur er nú í þeim mönnum, sem veiðirétt eiga í Laxá, að vinna að því að auka laxgöngu í ána með því að sleppa í hana aliseiðum. Af þess konar starfsemi má mikils vænta bæði í Laxá og ótal öðrum veiðivötnum, ef vel er að unnið, og virðast möguleikar í þá átt lítt takmarkaðir.

Vera má, að örðugt reynist að gera laxgengt upp yfir Brúafossa vegna mannvirkja í ánni í sambandi við Laxárvirkjun. En sjálfsagt er að athuga það vandlega, og að óathuguðu máli verður að álíta, að það sé kleift.

Laxá fyrir neðan fossa er nú leigð til stangveiða og er mjög eftirsótt sem slík, bæði af innlendum mönnum og erlendum. Laxá í Laxárdal mundi að líkindum geta orðið álíka eftirsótt veiðiá, ef takast mætti að gera færa leið fyrir fisk upp fyrir fossana.

Jónas Jónsson hreyfði þessu máli eitt sinn á Alþingi, er hann var þingmaður Suður-Þingeyinga, en þá náði það ekki afgreiðslu.

Ed. 158. Breytingartillögur [6. mál]

við frv. til l. um almannavarnir.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 7. gr. 2. málsgr. orðist svo:
   Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja þar, sem ríkisstjórnin ákveður með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.

2. Við 8. gr. Fyrri málsliður síðari málsgr. orðist svo:
Í Reykjavík er borgarstjóri formaður nefndarinnar, en borgarstjórn er heimilt að skipa nefndinni sérstakan framkvæmdastjóra.

Nd. 159. Nefndarálit [98. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 4. des. 1962.

Birgir Kjaran, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Skúli Guðmundsson.
Jóhann Hafstein. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 160. Frumvarp til laga [113. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til stækkunar á aflstöðinni við Írafoss í Sogi, allt að kr. 65000000.00 — sextíu og fimm milljónir króna — eða tilsvarandi fjárhæð í erlendum gjaldeyri, og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin f. h. ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Ráðherra raforkumála hefur tjáð oss, að nauðsynlegt sé að ganga nú þegar frá lántöku vegna stækkunar Írafossvirkjunar við Sog. Með því

að ríkissjóður sé ábyrgur in solidum með Reykjavíkurborg fyrir öllum skuldbindingum Sogsvirkjunarinnar samkvæmt sameignarsamningi, dags. 30. júlí 1949, sé nauðsynlegt að fá lagaheimild til lántöku. Enn fremur sé nauðsyn að fá heimild til handa ríkisstjórninni til að ábyrgjast lán þau, sem tekin verða. Í samræmi við framanritað beri brýna nauðsyn til að afla téðra heimilda þegar í stað.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Stjórn Sogsvirkjunarinnar er heimilt að taka lán til stækkunar á aflstöðinni við Írafoss í Sogi, allt að kr. 65000000.00 — sextíu og fimm milljónir króna — eða tilsvarandi fjárhæð í erlendum gjaldeyri, og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin f. h. ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík og á Akureyri, 24. maí 1962.

Ólafur Thors. **Friðjón Skarphéðinsson.** **Jónatan Hallvarðsson.**

Ingólfur Jónsson.

Sþ. **161. Nefndarálit** [45. mál]

um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1961.

Frá fjárveitinganefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumvarpið og borið tölurnar saman við ríkisreikning ársins 1961. Fundust engar skekkjur við samanburð á einstökum liðum, en í niðurstöðutölu er prentvilla. Stendur þar talan kr. 171 792 086.75, en á að vera kr. 121 792 086.75. Sú tala þarf því einnig að leiðréttast í 1. gr. frumvarpsins.

Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Fyrir „kr. 171 792 086.75“ komi: kr. 121 792 086.75.
2. Við 2. gr. Fyrir „kr. 171 792 086.75“ komi: kr. 121 792 086.75.

Alþingi, 5. des. 1962.

Kjartan J. Jóhannsson, form.	Birgir Finnsson, fundaskr., frsm.	Ingvar Gíslason.
Gunnar Gíslason.	Guðlaugur Gíslason.	Jón Árnason.
Halldór Ásgrímsson.	Halldór E. Sigurðsson.	Karl Guðjónsson.

Ed. **162. Nefndarálit** [6. mál]

um frv. til laga um almannavarnir.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Þörf rannsókna á breiðari grundvelli. Í þrettán ár hefur Ísland átt aðild að hernaðarsamtökum, og í ellefu ár samfleytt hefur erlent stórveldi notað landið sem útvirki sitt og haft hér herstöðvar. Í öll þessi ár hefur friður í heiminum verið ótryggur og raunar stundum hangið á bláþræði.

Það leiðir af aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og af bandarísku hersetunni, að á Ísland verður litið sem stríðsaðila á sama augabragði og bandalagið eða Bandaríkin lenda í styrjöld. Í þessu er fólgin hætta, augljósari en svo, að henni þurfi að lýsa, enda ægilegri en orð fá lýst.

Þannig hefur árásarógnunin vofað yfir landsmönnum á annan áratug og orðið alvarlegri að sama skapi og hernaðartækni hefur fleygt fram. Samt hefur ekkert, utan kák eitt, verið gert til þess að mæta hættunni. Það er haldið áfram að leika sér að þeim voða, sem hernaðarbröltið á Íslandi er, en hins vegar ekkert gert til að vernda líf og limi íslenzkra þegna, ef eða þegar að skuldadögum kæmi.

Þetta aðgerðarleysi afsakast ekki með því, að skort hafi lög um almannavarnir. Þau eru til og hafa verið í gildi í tuttugu ár. Ný lög er auðvelt að samþykkja, — en hver er kominn til með að segja, að það bæti úr skák? Ráðstafanir til almannavarna hafa ekki strandað á úreltum lögum, heldur kemur þar allt annað til greina.

Sú staðreynd, að Bandaríkjamenn hafa stríðsvirki á Íslandi, margfaldar þá lífshættu, sem landsmönnum er búin í stórstyrjöld. Það er tilvist hernaðarmannvirkjanna og hún ein, sem er slík ógnun við lífsöryggið, að ráðandi mönnum í landinu fallast hendur. Þess vegna er látið skeika að sköpuðu um almannavarnir.

Andspænis þessari gífurlegu hættu bliknar gildi hvers konar tiltækra verndaraðgerða. Hugsanleg nytsemi þeirra verður umdeilanleg og þó öllu fremur vafasöm í allra augum. Ofan á þetta bætist svo það, að þær aðgerðir, sem einna helzt þykja koma til mála, svo sem aðstaða til flutnings fólks af hættusvæðum og bygging öryggisbyrgja, eru með ólíkindum dýrar í framkvæmd. Það er þetta tvennt, annars vegar óvissan um gagnsemi ráðstafana og hins vegar óheyrilegur kostnaður, sem mestu veldur um aðgerðarleysið í almannavarnamálum.

Við þær athuganir, sem til þessa hafa verið gerðar á tilhögun almannavarna, er gengið út frá því sem gefnu, að hernaðarmannvirkin í landinu séu böl, er ekki verði umflúið. Hér er byggt á rangri forsendu. Íslendingar eiga þess kost, hvenær sem þeir vilja, að segja varnarsamningnum upp, láta herinn fara og gera mannvirkin ónothæf. Það er þannig á þeirra valdi að uppræta þann háska, sem þeim stafar frá herstöðvunum.

Úr því að vandamál almannavarna á Íslandi reynast jafntorleysanleg og raun ber vitni um, hví þá ekki að athuga málin og lausn þeirra á öðrum grundvelli og gera ráð fyrir, að her og herstöðvar hverfi? Möguleikinn er til. Hverra verndaraðgerða er að dómi sérfróðra manna þörf í landi fámennrar og vopnlausrar þjóðar, þar sem engin víghreiður finnast? Þörfin er einhver, en ekki hin sama sem í hersetnu landi, og rannsókn á henni, gerð af hlutlausum herfræðingum, en ekki áróðursmönnum, væri mjög fróðleg til viðbótar og til samanburðar við þær einhliða athuganir, sem nú fara fram.

Það er bersýnilegt, að þessi mál verða lengi enn á athugunarstigi. Um það farast hinum nýskipaða forstöðumanni almannavarna orð á þessa leið: „Þessi vandamál eru flókin og krefjast mikils undirbúnings, áður en hægt er að hefjast handa um verklegar framkvæmdir, er að gagni geta komið.“ Tafir á framkvæmdum þurfa því

ekki að verða, þótt rannsókn fari fram á því, hverju það breytir um aðgerðaþörf, að líkleg skotmörk á Keflavíkur- og Hvalfjarðarsvæði yrðu upprætt í tæka tíð.

Slík athugun er mikilsverð, og þjóðin á heimtingu á henni. Þess vegna er hér lagt til, að hún verði framkvæmd samhliða öðrum rannsóknum varðandi almannavarnir. Þegar þessum samanburðarathugunum er lokið, er rétt að taka málið upp að nýju hér á Alþingi og ganga þá, en ekki fyrr, frá breytingum á löggjöf um almannavarnir.

Tillaga um rökstudda dagskrá. Því leggur minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar til, að frv. til l. um almannavarnir verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að þær athuganir, sem fram hafa farið varðandi væntanlega tilhögun almannavarna á Íslandi, eru allar miðaðar við, að í landinu verði hernaðarmannvirki og erlendur her til frambúðar, og með því að það er á valdi Alþingis að ákveða, að þessi herbúnaður skuli ekki vera hér framvegis, þá æskir deildin þess, að nefndum athugunum verði fram haldið á grundvelli samanburðar, þannig að unnt verði að meta þörf einstakra ráðstafana til almannavarna svo og að gera framkvæmda- og kostnaðaráætlun í þeim tilvikum báðum:

a) að hér verði herstöðvar áfram, og
b) að herinn verði látinn fara og hernaðarmannvirkin gerð ónothæf.

Í trausti þess, að ríkisstjórnin verði við þessari ósk, að hún láti hraða athugunum eftir föngum og að hún leggi síðan fyrir Alþingi tillögur sínar ásamt greinargerð, þar sem nefndur samanburður kemur fram, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Varatillögur. Einstök atriði frumvarpsins hafa ekki verið rædd hér, enda lagt til, að málið í heild verði rannsakað nánar og tekið fyrir síðar til endanlegrar afgreiðslu. Ýmsir agnúar eru á þessu frumvarpi, og þá þyrfti nauðsynlega að sníða af, áður en til samþykktar þess kemur. Hér skulu nokkrir nefndir:

Ein meginbreytingin frá gildandi lögum er, að ríkisstjórnin, í stað sveitarstjórna, skuli ákveða ráðstafanir til almannavarna. Þessi breyting sveitarstjórnum í óhag er óheppileg. Með henni eru þær sviptar ákvörðunarrétti, sem þær hafa haft í áratugi. Tilhneiging ríkisvaldsins til að ganga jafnt og þétt á rétt sveitarfélaga er alkunn. Hún er þjóðfélagslega séð ekki æskileg, og ber að sporna við henni. Sveitarfélögin eiga hvað almannavarnir snertir að bera sinn hluta kostnaðarins, og því ekki nema sanngjarnt, að þeirra samþykki þurfi til verndarframkvæmda. Engin ástæða er til að ætla, að sveitarstjórnir ali ekki í brjósti sömu ábyrgðartilfinningu og ríkisstjórn.

Í 9. gr. er almannavarnanefndum falið eftirlit með einkavörnum í íbúðarhúsum, og í 24. gr. er heimild handa ríkisvaldinu til að leggja þá kvöð á húsbyggjendur, að þeir láti smíða öryggisbyrgi af vissri gerð í húsum sínum. Hér er of langt gengið í afskiptasemi. Heimilin eiga vissulega að vera laus við rask og rekistefnur þessara nefnda, sem skipaðar verða svo til af handahófi. Heimilin eru friðhelg og eiga að vera það. Þau eru enginn vettvangur til „eftirlits“ ótíndra persóna, aldrei þó nema þær séu í almannavarnanefnd. Það fer bezt á því, að einkavarnir séu sem frjálsastar, og á það hafa Bandaríkjamenn þegar komið auga. Þá er einnig of langt gengið að skylda húsbyggjendur að reisa öryggisbyrgi, sem sennilega kosta 20—30 þúsund krónur á hverja meðalstóra íbúð.

Í 10. gr. er ákvæði um, að allir á aldrinum 18—65 ára séu skyldugir að gegna starfi í þágu almannavarna. Hér er aldursmarkið sett allt of hátt. Í þjálfun hjálparsveita felst í og með mikið líkamlegt erfiði (sbr. 9. gr.), svo mikið, að óforsvaranlegt væri að bjóða það mönnum, sem komnir eru yfir miðjan aldur. „Herskyldan“ ætti hér ekki að ná til eldri manna en 40—45 ára, og er þá aðeins höfð í huga hættan á heilsutjóni.

Það er ákveðið í 13. gr. frumvarpsins, að sá, sem verður fyrir meiðslum eða tjóni á námskeiði eða æfingu, eigi rétt til bóta. Hið sama þarf að gilda um þann, sem vegna sannanlegs vinnutaps bíður fjárhagslegt tjón vegna undirbúningsstarfa í þágu almannavarna.

Loks er ástæða til að vekja athygli á efni 21. gr. Ef ríkisstjórnin ákveður brottflutnings fólks af hættusvæði, „þá er öllum skylt, sem um það fá fyrirmæli, að flytja á þeirri stundu, á þann hátt og til þess staðar, sem ákveðið verður". Síðan má enginn án sérstaks leyfis hreyfa sig úr þeim stað, sem hann hefur verið dæmdur til. Er þetta ekki heldur mikið af því góða? Er ekki yfirleitt viðsjárvert að taka upp nauðungarflutninga fólks við þær aðstæður, sem hér er um að ræða? Slíkir flutningar eru í sjálfum sér ekki hættulausir. Á hættustundu getur ríkisstjórnin ekki vitað, hvað hverjum einum muni reynast fyrir beztu. Það gæti einnig hent, að hún í þessu efni stigi spor, sem síðar reyndist óheillaspor, og þá væri hörmulegt að hafa beitt nauðung. Efni þessarar greinar er alla vega vanhugsað, og því er bezt, að greinin falli burt úr frumvarpinu.

Í samræmi við það, sem hér hefur verið á bent, vill minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar **til vara bera fram svofelldar**

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 7. gr. 2. málsgr. orðast svo:
   Ráðstafanir til almannavarna, sbr. 9. gr., skal hefja þar, sem ríkisstjórnin ákveður með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar.
2. Við 9. gr. Orðið „íbúðarhúsum" í 3. tölulið fellur burt.
3. Við 10. gr.
   a. Í stað „18—65 ára" í 1. málsgr. kemur: 18—45 ára.
   b. 2. málsgr. fellur burt.
4. Við 13. gr. Aftan við greinina bætist svo hljóðandi málsliður:
   Sömuleiðis á hann rétt til bóta, ef hann verður fyrir tekjumissi vegna undirbúningsstarfa í þágu almannavarna.
5. Við 21. gr. Greinin fellur burt.
6. Við 24. gr. Greinin fellur burt.

Alþingi, 5. des. 1962.

Alfreð Gíslason læknir.

Ed. 163. Nefndarálit [6. mál]

um frv. til laga um almannavarnir.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt. KK áskilur sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

Alþingi, 5. des. 1962.

Jón Þorsteinsson, form. — Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. — Auður Auðuns, frsm.

Karl Kristjánsson, með fyrirvara.

Nd. 164. Frumvarp til laga [114. mál]

um breyting á lögum nr. 29 16. des. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar.

Flm.: Benedikt Gröndal, Sigurður Ingimundarson, Birgir Finnsson.

1. gr.

Á eftir 10. lið 1. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
Umsamdar greiðslur atvinnuveitenda í sjúkra- og styrktarsjóði verkalýðsfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Undanfarin ár hafa mörg verkalýðsfélög gert samninga við atvinnurekendur um greiðslur í sjúkra- og styrktarsjóði félaganna. Hafa slíkar greiðslur sem aðrar félagslegar ráðstafanir haft vaxandi þýðingu fyrir lausn á vinnudeilum og góða sambúð vinnusala og vinnukaupenda.

Nú hafa komið í ljós ýmsir erfiðleikar á innheimtu þessara greiðslna, og er þetta frumvarp til þess flutt að greiða úr þeim vanda. Hafa nokkrir forráðamenn verkalýðsfélaga farið fram á, að frumvarpið yrði flutt á Alþingi.

Þar eð samþykkt frumvarpsins mundi tvímælalaust stuðla að auknum vinnufriði í landinu, vonast flm. til, að það fái vinsamlega afgreiðslu.

Nd. 165. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1963.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir með samþykkt frv. Einn nefndarmanna (BFB) var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 5. des. 1962.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Alfreð Gíslason.

Ed. 166. Frumvarp til laga [115. mál]

um breyting á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Flm.: Björn Jónsson.

1. gr.

h-liður 4. gr. laganna orðist svo:
Sala á raforku, sbr. þó 6. gr.

2. gr.

2. liður 6. gr. laganna orðist svo:

Innlendar landbúnaðarvörur, fiskur og fiskmeti, mjöl og mjölvörur, brauð og brauðvörur.

10. liður 6. gr. laganna orðist svo:

Flugvélaeldsneyti, kol og olía til húsahitunar, sala hitaveituvatns og raforku til heimilisnotkunar, fargjöld með strætisvögnum og sérleyfisbifreiðum.

3. gr.

Aftan við 2. málsgr. 17. gr. laganna bætist nýr málsliður, svo hljóðandi:

Enn fremur skulu eftirtaldar vörur undanþegnar söluskatti af innflutningi: Allar vörur, sem við gildistöku laganna eru undanþegnar söluskatti samkvæmt reglugerð, og auk þeirra nýir og þurrkaðir ávextir, grænmeti, heimilistæki, skófatnaður og efni til skógerðar, sjóklæði og efni til sjóklæðagerðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til að fella niður söluskatta af nokkrum brýnum nauðsynjavörum í þeim tilgangi að lækka vöruverð og framfærslukostnað. Er hér í fyrsta lagi um að ræða, að hinn almenni 3% söluskattur verði numinn af öllum innlendum landbúnaðarvörum, en hann er nú heimtur af öllum slíkum vörum, öðrum en nýmjólk, og enn fremur að þessi skattur verði numinn af fiskmeti, mjölvörum og brauði og af kolum, olíu, hitaveituvatni og rafmagni til heimilisnotkunar. Enn fremur af fargjöldum með strætisvögnum og sérleyfisbifreiðum. Í annan stað er svo lagt til, að söluskattur af innflutningi verði numinn af nokkrum vöruflokkum, sem ætla má að þorra almennings væri einna hagstæðast að lækkuðu í verði, en bera sumir hverjir há aðflutningsgjöld. Er hér um að ræða nýja og þurrkaða ávexti, heimilistæki, skófatnað og sjóklæði og efnivörur til skógerðar og sjóklæðagerðar o. fl.

Þegar lög um söluskatt voru sett í marz 1960, gaf ríkisstjórnin mjög í skyn, að hinn svonefndi bráðabirgðasöluskattur af innfluttum vörum yrði aðeins í gildi það eina ár, en reyndin hefur orðið sú, að hún hefur nú beitt sér fyrir framlengingu hans fyrir fjórða árið, 1963. Þessi hluti söluskattanna er nú áætlaður samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1963 259.4 millj. kr. Þar eð allar tilraunir stjórnarandstöðunnar til þess að fá þennan skatt niður felldan hafa reynzt árangurslausar, er þess nú freistað með flutningi þessa frv. að fara bil beggja og lagt til, að dregið verði úr hinni óhæfilegu söluskattsheimtu, sem svara mundi til um það bil fjórðungs af bráðabirgðasöluskattinum. En jafnframt er leitazt við að velja þá vöruflokka, sem lagt er til að leysa undan þessari skattheimtu, þannig, að komi að sem mestu gagni fyrir þau heimili í landinu, sem vegna lágra launakjara verða að binda vörukaup sín að mestu við nauðsynjar.

Flm. áætlar, að heildarlækkun söluskattanna, sem leiða mundi af samþykkt frv., mundi nema 55—60 millj. kr. á ári og mundi lækka vísitölu framfærslukostnaðar um 2—3 stig. Samþykkt frv. mundi því vera nokkur vottur þess, að Alþingi vildi nú hefja viðnám gegn þeim straumi hraðvaxandi dýrtíðar og skerðingar launakjara, sem gengisfellingar og skattahækkanir síðustu ára hafa ýtt af stað. Og ekki virðist seinna vænna að hefja slíkt viðnám, ef vel á að fara. Ekki þarf heldur að efa, að verkalýðssamtökin, sem enn á ný telja sig nú tilneydd til þess að rétta hlut skjólstæðinga sinna, mundu, svo sem þau hafa margoft lýst yfir, meta slíkar verðlækkunaraðgerðir fullkomlega að verðleikum og taka tillit til þeirra í samningum um launakjör.

Ed. 167. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um landsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þingskjali og gerð mun nánari grein fyrir í framsögu.

Alþingi, 5. des. 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson, frsm.

Alfreð Gíslason. Magnús Jónsson.

Ed. 168. Breytingartillögur [3. mál]

við frv. til laga um landsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. a-liður greinarinnar orðist svo:
   Hæstaréttardómarar, fimm að tölu, yfirsakadómarinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Hæstiréttur kveður til varadómendur hæstaréttardómara úr hópi lagakennara háskólans, hæstaréttarlögmanna eða héraðsdómara, sem fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir dómarar í hæstarétti. Varamaður yfirsakadómara er elzti sakadómarinn í Reykjavík. Lagadeild háskólans kýs varamann prófessorsins í stjórnskipunarrétti.
2. Við 3. gr. bætist ný málsgr., svo hljóðandi:
   Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir eða mægðir að fyrsta eða öðrum lið til hliðar mega ekki sitja samtímis í landsdómi.
3. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Hæstaréttarforseti er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Varaforseti hæstaréttar er varaforseti landsdóms. Nú forfallast þeir báðir, forseti og varaforseti, og kýs þá dómurinn forseta, er vera skal einn hinna löglærðu dómara.
4. Á eftir 49. gr. komi ný grein, er verði 50. gr., svo hljóðandi, og breytist greinatalan eftir því:
   Samkvæmt beiðni dómfellds manns getur landsdómur leyft, að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið til meðferðar að nýju, ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn dæmdur eða dæmdur fyrir mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk, eða ef ætla má, að falsgögn hafi valdið refsidómi að einhverju eða öllu leyti.
   Beiðni um endurupptöku skal senda forseta landsdóms, er kveður dóminn saman til þess að taka ákvörðun um, hvort endurupptaka skuli leyfð.
   Nú ákveður landsdómur endurupptöku máls, og fer þá um meðferð og flutning málsins samkvæmt ákvæðum laga þessara.

Ed. 169. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um ráðherraábyrgð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og mæla undirritaðir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (AGl) mun skila séráliti.

Alþingi, 5. des. 1962.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Ólafur Jóhannesson, frsm.
Magnús Jónsson.

Nd. 170. Frumvarp til laga [93. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 6. des.)

1. gr.

IV. töluliður 11. gr. laga nr. 45 1950 orðist svo:

Jarðrækt:

Vinnsla og jöfnun lands vegna akur- og túnræktar (þar á meðal vegna kalskemmda) kr. 200.00 pr. ha.

2. gr.

Á eftir orðinu „jarðræktar“ í 2. efnismálsgr. 6. gr. laga nr. 29 1955 komi: (þar á meðal vegna kalskemmda).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 171. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (HV) var fjarstaddur afgreiðslu málsins. Tvær villur hafa slæðzt inn í frv., og leggur n. til, að þær leiðréttist með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM:

1. Við 16. gr. Í stað orðanna „14. gr.“ í fyrsta málslið komi: 15. gr.
2. Við 22. gr. Í stað orðanna „21. gr., 5. tl.“ í næstsíðustu málsgrein komi: 5. tl. þessarar greinar.

Alþingi, 6. des. 1962.

Sig. Ágústsson, form. Benedikt Gröndal, fundaskr., frsm. Jónas Pétursson.
Björn Pálsson.

Nd. 172. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin mælir einróma með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 5. des. 1962.

Benedikt Gröndal, form. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Björn Fr. Björnsson, frsm.

Alfreð Gíslason. Einar Olgeirsson.

Ed. 173. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um ráðherraábyrgð.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Lög um ábyrgð ráðherra Íslands hafa verið í gildi í nærfellt 60 ár, og enn hefur þeim aldrei verið beitt í framkvæmd. Virðist fyrir löngu komin sú hefð á að vita sem minnst af þessum lögum, og má það líklega teljast heldur góður vitnisburður um stjórnmálaþroskann í landinu.

Vegna ákvæða í stjórnarskránni verða lög sem þessi að vera til hér. Þó sýnast þau heldur gagnslítil yfirleitt, nema þá helzt þar sem pólitískt ofstæki má sín mikils, en þar gætu þau reynzt einkar hentug. Danir hafa enga slíka löggjöf og vilja ekki, og eru þeir þó taldir í röð fremstu þingræðisþjóða.

Lög ná til ráðherra, sem gerist brotlegur í starfi, þótt sérlög um ráðherraábyrgð væru engin til. Hann ber ábyrgð gagnvart Alþingi, sem getur vikið honum frá fyrir hvers konar afglöp, og hann er einnig háður ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi. Lögin um ráðherraábyrgð sýnast því ekki hafa neinu brýnu hlutverki að gegna, enda hefur reynslan staðfest það.

Ef einhver ákveðin lög eru óþörf eða óæskileg, er auðvitað skynsamlegast að afnema þau. Þannig er þó ekki unnt að fara með lög um ábyrgð ráðherra, og kemur þar til ákvæði stjórnarskrárinnar. En er þá ekki næstbezt að lofa þeim að liggja í ró, gömlum og úreltum, eins og þau eru? Freistingin til að grípa til þeirra verður þá minni, ef einhvern tíma skyldi myndast á Alþingi meiri hluti, sem vildi ná sér niðri á gömlum ráðherra.

Minni hluti allsherjarnefndar telur enga nauðsyn bera til endurnýjunar þessara laga og getur því ekki mælt með samþykkt þess frumvarps, sem hér liggur fyrir til laga um ráðherraábyrgð. Að vísu er frumvarpið um margt vel úr garði gert og svarar enda vel til breyttra tíma, en það er vafasamur kostur í tilviki sem þessu, þegar notkun getur áður en varir orðið að misnotkun.

Í frumvarpinu er að finna nokkur nýmæli. Eitt þeirra er a-liður 10. gr., en þar segir svo: (Loks verður ráðherra sekur eftir lögum þessum:) „a. Ef hann misbeitir stórlega valdi sínu, enda þótt hann hafi ekki beinlínis farið út fyrir embættistakmörk sín.“ Líklega fellur það undir þetta ákvæði, ef ráðherra skipar menn í embætti eingöngu eftir pólitískum lit, — og hvaða ráðherra hefur ekki verið sakaður um slíkt opinberlega? Væri það æskilegt, að nýr meiri hluti á Alþingi tæki upp á því að höfða mál gegn ráðherrum úr hópi andstæðinga fyrir meint brot af þessu

tagi? Þessu skal hér svarað afdráttarlaust neitandi, og er þó ekki með því verið að mæla bót pólitískum embættaveitingum.

Í athugasemdum, sem fylgja frumvarpinu, er viðurkennt, að ákvæði 10. gr. séu „óneitanlega nokkuð matskennd". Þetta er hverju orði sannara. En það er víðar í frumvarpinu að finna hæpin ákvæði, t. d. í 9. gr., og skal það ekki rætt nánar. Sé nokkur frambærileg ástæða til að breyta lögum um ábyrgð ráðherra, þá er hún sú að fækka „matskenndum" ákvæðum, en ekki að fjölga þeim, eins og þó er gert í frumvarpinu.

Af þessum ástæðum leggur minni hluti allsherjarnefndar til, að frumvarpið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Deildin telur nýja löggjöf um ráðherraábyrgð ekki aðkallandi og að frekari athugunar sé þörf, áður en til hennar komi. Í trausti þess, að ríkisstjórnin láti endurskoða málið á ný, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alfreð Gíslason læknir.

Alþingi, 10. des. 1962.

Ed. 174. Frumvarp til laga [116. mál]

um breyting á lögum nr. 36 14. maí 1955, um breyting á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna „nálægt Bakka að Gautsdal" í B. 75 komi: nálægt Bakka, um Valshamar, Gautsdal og Ingunnarstaði á Vesturlandsveg við Tinda.
2. B. 76 orðist svo:
   Reykhólasveitarvegur: Af Vesturlandsvegi við Berufjarðarbotn, um Reykhóla, Stað og Laugaland, kringum Reykjanes á Vesturlandsveg hjá Kinnarstöðum.
3. Á eftir B. 76 komi nýr liður:
   Borgarvegur: Af Vesturlandsvegi á Hríshólsmelum um Hafrafell að Borg.
4. B. 77 orðist svo:
   Gufudalsvegur: Af Vesturlandsvegi í Þorskafirði um Gröf, Hallsteinsnes, Djúpadal, Gufudal, Skálanes, Kollafjörð að Kletti.
5. Á eftir B. 77 komi nýr liður:
   Djúpvegur: Af Barðastrandarvegi á Klettshálsi um Kollafjarðarheiði á Ögurveg í Ísafirði.
6. Í stað orðanna „að Litlanesi" í B. 80 komi: um Litlanes og Hjarðarnes á Barðastrandarveg í Vatnsfirði.
7. Á eftir B. 82 komi tveir nýir liðir:
   a. *Tröllatunguvegur:* Af Strandavegi við Húsavík um Tröllatungu, yfir Tröllatunguheiði á Gautsdalsveg í Geiradal.
   b. *Trékyllisheiðarvegur:* Af Strandavegi nálægt Bólstað um Trékyllisheiði í Kúvíkur.
8. Í stað orðanna „með álmu frá Melum til Norðurfjarðar" í B. 84 komi: með álmum frá Melum um Norðurfjörð að Munaðarnesi og Felli.

9. Á eftir B. 86 komi nýr liður:
   Gilsstaðavegur: Af Selstrandarvegi um Selárbrú að Gilsstöðum.
10. Aftan við B. 87 bætist: með álmum að Laugalandi og Skjaldfönn.
11. Á eftir B. 89 komi nýr liður:
   Laugardalsvegur: Af Ögurvegi hjá Strandseljum fram Laugardal, um Blámýrar, Laugaból, Birnustaði, Hrafnabjörg og Hagakot á Ögurveg austan Laugardalsár.
12. Á eftir B. 93 komi tveir nýir liðir:
   a. *Reiðhjallavegur:* Af Bolungarvíkurvegi í mynni Syðridals að Reiðhjallavirkjun.
   b. *Skálavíkurvegur:* Frá Bolungarvík um Skálavík ytri að Meira-Bakka.
13. Fyrir orðin „til Álftamýrar“ í B. 108 komi: til Lokinhamra.
14. Á eftir B. 111 komi nýr liður:
   Botnsvegur: Frá Trostansfirði fyrir mynni Norðdals að Langabotni.
15. Í stað orðanna „að Hvammseyri“ í B. 113 komi: um Hvammseyri að Suðureyri.
16. Við B. 115 bætist: með álmu frá Helguþúfu, neðan Aurbrekku um Móberg að Melanesi.
17. B. 116 orðist svo:
   Örlygshafnarvegur: Af Rauðasandsvegi austan Hvalskers, um Sauðlauksdal, Örlygshöfn, Hafnarfjall, Breiðuvík, Hvallátra að Bjargtangavita.
18. Aftan við B. 117 bætist: og þaðan um Hænuvík á Örlygshafnarveg við Geitagil.
19. Á eftir B. 117 komi nýr liður:
   Siglunesvegur: Af Barðastrandarvegi við Haukabergsá um Holt og Hreggstaði að Siglunesi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt á síðasta þingi, en varð ekki útrætt, og fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

Það mun almennt viðurkennt, að fátt hafi meiri áhrif á það, hversu eftirsóknarvert er að búa í sveitum þessa lands, en samgöngur byggðanna. Þar sem samgöngur hafa lengi verið í góðu lagi, er fátt um eyðijarðir. Hins vegar eru mörg sorgleg dæmi um það, hvernig óviðunandi samgöngur hafa lagt í eyði fjölmargar sæmilegar bújarðir og jafnvel hálf eða heil sveitarfélög.

Ekkert hérað er jafnilla sett með samgöngur á landi sem Vestfirðir. Að sjálfsögðu verður ekki úr því bætt nema með stórauknum fjárveitingum, en hins þarf einnig að gæta, að í tölu þjóðvega séu flestir þeir vegir, sem nauðsynlegt er að leggja vegna atvinnu fólks og framleiðslu.

Þar sem nú eru liðin 6 ár, síðan vegalögum var síðast breytt, má nærri geta, að þörf sé nú orðin á endurskoðun þessara mála og þó sérstaklega þar, sem ástandið er lakast, eins og raun ber vitni um Vestfirði, og þess vegna er frumvarp þetta flutt.

Sþ. **175. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við 2. gr.
   a. Við 1. (Tekju- og eignarskattur).
      Fyrir „155 000 000“ kemur 165 000 000
   b. Við 3. (Verðtollur).
      Fyrir „557 000 000“ kemur 567 000 000
   c. Við 5. (Gjald af innlendum tollvörum).
      Fyrir „41 000 000“ kemur 42 000 000
   d. Við 7. (Bifreiðaskattur).
      Fyrir „22 000 000“ kemur 23 000 000
   e. Við 8. (Aukatekjur).
      Fyrir „28 000 000“ kemur 29 000 000
   f. Við 9. (Stimpilgjald).
      Fyrir „43 000 000“ kemur 45 000 000
   g. Við 11. a. (Söluskattur af innfluttum vörum).
      Fyrir „227 000 000“ kemur 234 000 000
   h. Við 11. b. (Söluskattur af vörusölu og þjónustu).
      Fyrir „247 600 000“ kemur 252 600 000
   i. Við 11. (Bráðabirgðasöluskattur).
      Fyrir „259 400 000“ kemur 267 400 000
   j. Við 11. (Hluti jöfnunarsjóðs).
      Fyrir „101 400 000“ kemur 104 000 000
   k. Við 12. (Innflutningsgjald).
      Fyrir „125 000 000“ kemur 135 000 000
   l. Við 13. (Gjald af bifreiðum o. fl.).
      Fyrir „57 000 000“ kemur 65 000 000
   m. Við 14. (Umboðsþóknun og gengismismunur).
      Fyrir „18 000 000“ kemur 20 000 000
2. — 3. — A. Sundurliðun 1. (Póstur og sími).
   a. Við I. (Tekjur).
      1. Við 1. (Seld frímerki o. fl.).
         Fyrir „43 000 000“ kemur 47 000 000
      2. Við 4. (Símtalagjöld).
         Fyrir „54 000 000“ kemur 57 000 000
      3. Við 5. (Símaafnotagjöld).
         Fyrir „97 100 000“ kemur 114 000 00
      4. Við 6. (Leiga talstöðva og lína).
         Fyrir „3 000 000“ kemur 3 300 000
   b. Við II. (Gjöld).
      1. Við 1. (Laun fastra starfsmanna).
         Fyrir „44 500 000“ kemur 47 600 000
      2. Við 2. (Önnur laun).
         Fyrir „41 500 000“ kemur 44 400 000
      3. Við 3. (Póstflutningur).
         Fyrir „7 500 000“ 7 800 000
      4. Við 4. (Pappír, prentun o. fl.).
         Fyrir „6 000 000“ kemur 7 000 000
      5. Við 5. (Húsnæði, ljós, hiti o. fl.).
         Fyrir „12 000 000“ kemur 12 500 000

			6. Við 6. (Stöðvarnar).	
			Fyrir „56 000 000“ kemur	61 000 000
			7. Við 7. (Langlínurnar).	
			Fyrir „31 000 000“ kemur	33 000 000
			8. Við 9. (Til endurnýjunar og viðauka).	
			Fyrir „20 000 000“ kemur	27 000 000
			9. Við 10. (Tryggingar).	
			Fyrir „1 400 000“ kemur	1 500 000
			10. Við 11. (Önnur gjöld).	
			Fyrir „2 700 000“ kemur	5 000 000
3.	Við	3. gr.	A. Sundurliðun. 2. I. (Áfengis- og tóbaksverzlun, sala).	
			Fyrir „459 356 000“ kemur	469 356 000
4.	—	3. —	A. Sundurliðun 2. IV. (Gæzluvistarsjóður).	
			Fyrir „2 000 000“ kemur	2 500 000
5.	—	10. —	II. 5. a. (Sendiráðið í París, laun).	
			Fyrir „2 330 000“ kemur	2 408 400
6.	—	11. —	A. 3. a. (Borgardómaraembættið, laun).	
			Fyrir „1 287 863“ kemur	1 397 129
7.	—	11. —	A. 14. (Til fangahjálpar).	
			Fyrir „230 000“ kemur	270 000
8.	—	11. —	A. 22. h. (Landhelgisgæzla). Nýr liður:	
			Til kaupa á asdictækjum	150 000
9.	—	11. —	A. 26. b. (Áfengisvarnaráð).	
			Fyrir „750 000“ kemur	800 000
10.	—	11. —	A. 26. c. (Til Stórstúku Íslands).	
			Fyrir „240 000“ kemur	290 000
11.	—	12. —	IV. A. 4. (Landsspítalinn, annar kostnaður).	
			Fyrir „13 305 000“ kemur	13 455.000
12.	—	12. —	IV. D. (Heilsuhælið á Vífilsstöðum).	
			a. Við 2. Nýr liður:	
			Til skolplagnar	300 000
			b. Við 3. (Annar kostnaður).	
			Fyrir „3 843 000“ kemur	3 723.000
13.	—	12. —	IV. F. 3. (Geðveikrahælið á Kleppi, annar kostnaður).	
			Fyrir „4 420 000“ kemur	4 520 000
14.	—	12. —	VI. (Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa).	
			Fyrir „4 950 000“ kemur	5 200 000
15.	—	12. —	XV. Nýr liður:	
			Til rannsókna á geislavirkni í matvælum	350 000
16.	—	12. —	XVII. Nýr liður:	
			Til lækningatækja í fámennum læknishéruðum samkv. lögum nr. 45/1962	200 000
17.	—	12. —	XXVI. Nýr liður:	
			Til vírusrannsókna	65 000
18.	—	12. —	XXVIII. (Heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins).	
			Fyrir „100 000“ kemur	200 000
19.	—	13. —	A. II. a. Liðurinn orðist svo:	
			Til nýrra akvega:	
			1. Grindavíkurvegur ... 200 000	
			2. Kjósarskarðsvegur ... 260 000	
			3. Skorradalsvegur ... 175 000	
			4. Mófellsstaðavegur ... 110 000	
			5. Skálpastaðavegur ... 100 000	

6.	Flókadalsvegur	40 000
7.	Hálsasveitarvegur	50 000
8.	Svínadalsvegur	50 000
9.	Melasveitarvegur	40 000
10.	Hvalfjarðarvegur	250 000
11.	Reykdælavegur	75 000
12.	Hvítársíðuvegur	50 000
13.	Varmalandsvegur	75 000
14.	Króksvegur	200 000
15.	Þverholtavegur	50 000
16.	Hraunhreppsvegur	160 000
17.	Sauravegur	160 000
18.	Hítarnesvegur	20 000
19.	Kolviðarnesvegur	25 000
20.	Skógarnesvegur	25 000
21.	Ólafsvíkurvegur	110 000
22.	Útnesvegur	160 000
23.	Fróðárhreppsvegur	400 000
24.	Skógarstrandarvegur á Snæfellsnesi	330 000
25.	Skógarstrandarvegur innan Dalasýslu	110 000
26.	Miðdalavegur	50 000
27.	Hörðudalsvegur	60 000
28.	Laxárdalsvegur	50 000
29.	Vesturlandsvegur	225 000
30.	Klofnings- og Skarðsstrandarvegur	410 000
31.	Heydalsvegur	150 000
32.	Reykhólavegur	170 000
33.	Barðastrandarvegur	350 000
34.	Rauðasandsvegur	80 000
35.	Suðurfjarðavegur	200 000
36.	Bíldudalsvegur á Mikladal	500 000
37.	Hvammseyrarvegur	105 000
38.	Hjarðardalsvegur	50 000
39.	Önundarfjarðarvegur	200 000
40.	Flateyrarvegur	100 000
41.	Suðureyrarvegur	400 000
42.	Fjarðavegur	60 000
43.	Snæfjallastrandarvegur	300 000
44.	Ögurvegur	540 000
45.	Vatnsfjarðarvegur	200 000
46.	Reykjarfjarðarvegur	500 000
47.	Selstrandarvegur	135 000
48.	Strandarvegur	400 000
49.	Austursíðuvegur	140 000
50.	Heggstaðanesvegur	70 000
51.	Fitjavegur	60 000
52.	Vesturhópsvegur	250 000
53.	Vatnsdalsvegur í Áshreppi	130 000
54.	Vatnsdalsvegur í Sveinsstaðahreppi	115 000
55.	Skagastrandar- og Skagavegur	140 000
56.	Reykjabraut	100 000
57.	Svartárdalsvegur	120 000

58.	Skagavegur í Skagafjarðarsýslu	350 000
59.	Skagafjarðarvegur	150 000
60.	Reykjastrandarvegur	300 000
61.	Hólavegur	20 000
62.	Siglufjarðarvegur	350 000
63.	Siglufjarðarvegur ytri	400 000
64.	Ólafsfjarðarvegur	150 000
65.	Múlavegur	500 000
66.	Hrísavegur	30 000
67.	Vatnsendavegur	150 000
68.	Svalbarðsstrandarvegur	225 000
69.	Fnjóskadalsvegir	225 000
70.	Bárðardalsvegir	100 000
71.	Austurhlíðarvegur	20 000
72.	Þingeyjarsýslubraut milli byggða og Tjörnesvegur	160 000
73.	Þingeyjarsýslubraut sunnan Húsavíkur	225 000
74.	Út-Kinnarvegur	75 000
75.	Axarfjarðarheiðarvegur	50 000
76.	Hólsfjallavegur	85 000
77.	Kelduhverfis-, Kópaskers- og Raufarhafnarvegur til Þistilfjarðar og Þistilfjarðarvegur	530 000
78.	Langanesvegur utan Heiðar	50 000
79.	Vopnafjarðarvegir	200 000
80.	Hellisheiðarvegur	300 000
81.	Jökuldalsvegur efri	100 000
82.	Jökuldalsvegur eystri	100 000
83.	Hróarstunguvegir	100 000
84.	Upphéraðsvegur	105 000
85.	Úthéraðsvegur	250 000
86.	Seyðisfjarðarvegir	90 000
87.	Fjarðarheiðarvegur	150 000
88.	Austurlandsvegur	270 000
89.	Skógavegur	300 000
90.	Mjóafjarðarvegur	95 000
91.	Eskifjarðarvegur	220 000
92.	Fáskrúðsfjarðarvegur	140 000
93.	Dalavegur í Fáskrúðsfirði	75 000
94.	Stöðvarfjarðarvegur	410 000
95.	Breiðdalsvegir	100 000
96.	Berufjarðarvegur	180 000
97.	Geithellnavegur	180 000
98.	Almannaskarðsvegur	145 000
99.	Mýravegur	150 000
100.	Suðursveitarvegur	150 000
101.	Öræfavegur	110 000
102.	Suðurlandsvegur	110 000
103.	Meðallandsvegur og Landbrotsvegur	250 000
104.	Holtavegur	100 000
105.	Suðurlandsvegur í Eldhrauni	150 000
106.	Surðurlandsvegur	200 000
107.	Rangárvallavegur efri	150 000

108.	Út-Landeyjavegur	50 000	
109.	Landvegur	200 000	
110.	Gunnarsholtsvegur	50 000	
111.	Ásvegur	150 000	
112.	Vallarvegur	40 000	
113.	Móeiðarhvolsvegur	15 000	
114.	Árbæjarvegur	165 000	
115.	Suðurlandsvegur um Selfoss	150 000	
116.	Laugardalsvegur	260 000	
117.	Sólheimavegur	35 000	
118.	Grafningsvegur	75 000	
119.	Laugarvatnsvegur	150 000	
120.	Reykjavegur	130 000	
121.	Gullfossvegur	150 000	
122.	Þingvallavegur	200 000	
123.	Stokkseyrarvegur	50 000	
			20 480 000
20.	Við 13. gr. A. II. e. (Til samgöngubóta á landi). Fyrir „1 400 000“ kemur		5 400 000
21.	— 13. — A. III. (Til brúargerða).		
	a. Fyrir „11 280 000“ kemur		8 280 000
	b. Nýr liður: Til smábrúa		4 000 000
22.	— 13. — A. V. (Fjallvegir). Fyrir „1 000 000“ kemur		1 375 000
23.	— 13. — A. VIII. Nýr liður: Ferjubryggjur		200 000
24.	— 13. — A. XII. Nýr liður: Til síma- eða talstöðvasambands við sæluhús		200 000
25.	— 13. — A. XIII. (Byggð og gisting handa ferðamönnum). Fyrir „160 000“ kemur		190 000
26.	— 13. — A. XIII. Nýir liðir:		
	a. Til veitingaskálans við Gullfoss, til endurbóta		100 000
	b. Til Guðmundar Jónassonar vegna þjónustu með snjóbifreiðum		20 000
27.	— 13. — A. XIV. (Til fyrrv. vegaverkstjóra o. fl.). Fyrir „350 000“ kemur		582 000
28.	— 13. — C. VII. Liðurinn orðist svo: Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta:		
	1. Akranes	600 000	
	2. Akureyri	500 000	
	3. Árskógssandur	300 000	
	4. Blönduós	100 000	
	5. Bolungarvík	600 000	
	6. Borgarfjörður eystra	50 000	
	7. Breiðdalsvík	150 000	
	8. Búðareyri, Reyðarfirði	450 000	
	9. Dalvík	450 000	
	10. Djúpivogur	30 000	
	11. Drangsnes	100 000	
	12. Dyrhólaós	100 000	
	13. Eskifjörður	450 000	
	14. Fáskrúðsfjörður	100 000	

15.	Flatey á Skjálfanda	50 000
16.	Flateyri	200 000
17.	Gerðavör í Garði	200 000
18.	Grafarnes	350 000
19.	Grenivík	300 000
20.	Grímsey	100 000
21.	Hafnarfjörður	600 000
22.	Haganesvík	100 000
23.	Hellissandur	50 000
24.	Hjarðardalur	115 000
25.	Hofsós	50 000
26.	Hólmavík	200 000
27.	Hrísey	300 000
28.	Húsavík	450 000
29.	Hvammstangi	50 000
30.	Höfn í Hornafirði	100 000
31.	Ísafjörður	450 000
32.	Járngerðarstaðir	350 000
33.	Kaldrananes	25 000
34.	Kópasker	60 000
35.	Kópavogur	300 000
36.	Neskaupstaður	450 000
37.	Norðurfjörður	150 000
38.	Ólafsfjörður	450 000
39.	Ólafsvík	450 000
40.	Patreksfjörður	450 000
41.	Raufarhöfn	500 000
42.	Sandgerði	450 000
43.	Sauðárkrókur	350 000
44.	Seyðisfjörður	150 000
45.	Siglufjörður	350 000
46.	Skagaströnd	200 000
47.	Stokkseyri	50 000
48.	Stykkishólmur	500 000
49.	Súðavík	50 000
50.	Suðureyri	500 000
51.	Svalbarðseyri	20 000
52.	Tálknafjörður	400 000
53.	Vestmannaeyjar	700 000
54.	Vogar	100 000
55.	Vopnafjörður	200 000
56.	Þingeyri	350 000
57.	Þorlákshöfn	700 000
58.	Þórshöfn	450 000
59.	Ýmsar hafnargerðir	150 000
60.	Landshöfn, Keflavík	250 000
61.	Landshöfn, Rifi	250 000
		17 000 000

29. Við 13. gr. C. VIII. (Hafnarbótasjóður).
Fyrir „4 500 000“ kemur 7 800 000

30. — 13. — C. VIII. Nýr liður:
Til greiðslu á eftirstöðvum af lögboðnum hluta ríkissjóðsframlags til hafnarframkvæmda 4 000 000

31. Við 13. gr. D. X. Liðurinn orðist svo:
Alþjóðaflugþjónustan:

1.	Flugfjarskiptaþjónustan	17 592 657
2.	Flugveðurþjónustan	8 946 200
3.	Flugumferðarstjórn	5 895 715
4.	Sæsímakostnaður	19 237 047
		51 671 619
	÷ Alþjóðatillag	47 905 555
		3 766 064

32. — 13. — D. XII. Liðurinn orðist svo:
Veðurþjónusta á Grænlandi og lóranstöð í Færeyjum .. 2 191 535

33. — 13. — E. I. D. (Veðurfarsdeild).
a. Við 3. (Þóknun til veðurathugunarmanna).
Fyrir „205 055“ kemur 235 055
b. Við 4. (Annar kostnaður).
Fyrir „390 000“ kemur 415 000

34. — 13. — E. III. C. 3. (Loftskeytadeild á Reykjavíkurflugvelli, annar kostnaður).
Fyrir „200 000“ kemur 246 939

35. — 13. — F. VI. Nýr (rómv.) liður:
Til jarðfræðikortagerðar 20 000

36. — 13. — F. VII. 2. c. Nýr liður:
Til kaupa á prentvél til sjókortaprentunar 100 000

37. — 14. — A. IV. k. (Menntaskólinn í Rvík, annar kostnaður).
Fyrir „175 000“ kemur 700 088

38. — 14. — A. VII. 2. c. (Kennaraskólinn). Nýr liður:
Til áhaldakaupa 60 000

39. — 14. — A. X. 23. Liðurinn orðist svo:
Framlög til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra:
a. Skólahús og skólastjórabústaðir í smíðum:

1.	Reykjavík, Breiðagerði ..	1 155 834
2.	Keflavík, íþróttahús	41 667
3.	Kópavogur, Kársnes, 1. áf.	80 387
4.	Akureyri, Oddeyri, 1. áf. .	52 454
5.	Siglufjörður	546 167
6.	Húsavík	275 000
7.	Seyðisfjörður	34 000
8.	Njarðvík	70 549
9.	Garðaskóli	168 235
10.	Kjalarnes	34 250
11.	Kjósarskóli	23 100
12.	Varmaland	47 279
13.	Reykhólar	81 375
14.	Patreksfjörður	226 667
15.	Suðureyri	217 384
16.	Mosvallaskóli	50 000
17.	Súðavík	83 000
18.	Skagaströnd	107 839
19.	Lýtingsstaðaskóli	45 563
20.	Dalvík	39 167
21.	Svarfaðardalur	100 808

22.	Aðaldalur	10 737
23.	Keldunes	80 000
24.	Torfastaðir	16 250
25.	Eiðar, barnaskóli	337 625
26.	Egilsstaðir	38 600
27.	Breiðdalur	153 667
28.	Höfn, Hornafirði	131 334
29.	Austur-Eyjafjöll	74 834
30.	Laugaland í Holtum	500 522
31.	Biskupstungur	208 584
32.	Reykjavík, Haga- og Vogaskóli	402 500
33.	Seyðisfjörður, íþróttahús	129 307
34.	Sandgerði	123 541
35.	Bárðardalur	326 024
36.	Reyðarfjörður	355 173
37.	Reykjavík, Hamrahlíð	400 000
38.	Hafnarfjörður, viðbygging	130 000
39.	Kópavogur, Kársnes, 2. áf.	100 000
40.	Vestmannaeyjar, viðbygging	205 019
41.	Seltjarnarnes, 1. áf.	355 884
42.	Kleppjárnsreykir	773 909
43.	Grafarnes	116 500
44.	Nesjaskóli	100 000
45.	Hvammstangi	50 000
46.	Reykjavík, Laugalækur	677 500
47.	Hafnarfjörður, nýr skóli	489 375
48.	Mosfellssveit, Varmárskóli	686 250
49.	Bíldudalur	314 792
50.	Laugaland á Þelamörk	821 459
51.	Mývatnssveit	452 000
52.	Hella	227 125
53.	Þorlákshöfn	123 125
54.	Leirárskóli	1 790 415
55.	Bessastaðaskólahverfi	93 875
56.	Eskifjörður	82 000
57.	Egilsstaðir	93 875
58.	Blönduós	93 875
59.	Reykjavík, Hamrahlíð, 2. áf.	2 026 125
60.	Ólafsvík, 2. áf.	50 000
61.	Laugar í Dalasýslu, 2. áf.	735 833
62.	Tálknafjörður	345 833
63.	Flateyri	275 000
64.	Akureyri, Oddeyrarskóli, 2. áf.	475 000
65.	Þórshöfn	135 500
66.	Stöðvarfjörður	150 000
67.	Vík í Mýrdal	26 000
68.	Laugardalur, Árnessýslu	595 833
69.	Skjöldólfsstaðir, skólastjórabústaður	100 000

70.	Reykjavík, Vogaskóli, 3. áf.	1 069 500	
71.	Grímsey	54 250	
72.	Kolviðarnes	2 113 750	
73.	Hallormsstaður	1 601 953	
74.	Öxarfjarðarskólahverfi	263 593	
75.	Öngulsstaðaskólahverfi	55 000	
76.	Reykjavík, Hamrahlíð, 3. áf.	520 000	
77.	Reykjavík, Álftamýri	700 000	
78.	Bolungarvík	700 000	
79.	Reykdælaskóli	144 000	
80.	Hafnarfjörður	560 000	
81.	Ýmsir skólar	150 000	
			27 393 571

b. Ný skólahús og skólastjórabústaðir:

1.	Raufarhöfn, 1. áf.	400 000	
2.	Reykjavík, Álftamýri, 2. áf.	900 000	
3.	Reykir, A.-Húnav., 1. áf.	500 000	
4.	Hafnarfjörður, 2. áf.	728 000	
5.	Akranes, 2. áf.	297 000	
6.	Ísafjörður, 1. áf.	1 000 000	
7.	Seltjarnarnes, 1. áf.	612 500	
8.	Borgarnes, 2. áf.	162 500	
9.	Flúðir, 1. áf.	500 000	
10.	Garðahreppur, 1. áf.	612 500	
11.	Ólafsvík, íþróttahús	300 000	
12.	Dalvík, íþróttahús	200 000	
13.	Vopnafjörður, 1. áf.	200 000	
14.	Hvamms- og Dyrhólahr., 1. áf.	245 000	
15.	Djúpárhreppur, skólastjórabústaður	117 500	
16.	Hella, skólastjórabústaður	117 500	
17.	Grindavík, skólastjórabústaður	117 500	
18.	Keflavík, skólastjórabústaður	117 500	
			7 127 500
			34 521 071

40. Við 14. gr. A. XI. 31. Liðurinn orðist svo:
Framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla:

a. Skólahús í smíðum:

1.	Reykjavík, Réttarholt, 1. áf.	496 667
2.	Stykkishólmur	542 792
3.	Siglufjörður	399 628
4.	Vestmannaeyjar	203 331
5.	Reykholt	211 000
6.	Núpur	161 167
7.	Reykjanes	45 875
8.	Reykir	447 502
9.	Laugar	33 917
10.	Skógar	159 000
11.	Laugarvatn	580 283

12.	Eiðar	66 668	
13.	Akranes	380 550	
14.	Neskaupstaður	156 742	
15.	Kópavogur	672 015	
16.	Keflavík	1 142 919	
17.	Reykjavík, Vogaskóli	677 500	
18.	Laugar	301 250	
19.	Reykjavík, Réttarholt, 2. áf.	1 388 275	
20.	Reykjavík, Hagaskóli, 2. áf.	1 770 000	
21.	Akureyri, 2. áf.	790 000	
22.	Hafnarfjörður	366 667	
23.	Reykjanes	1 616 667	
24.	Reykjavík, gagnfræðask. verknáms	700 000	
25.	Reykjavík, Langholtsskóli	620 000	
			13 930 415
b.	Ný skólahús:		
1.	Reykjavík, Langholtsskóli, 2. áf.	600 000	
2.	Reykjavík, Réttarholt, 2. áf.	1 000 000	
3.	Selfoss, 1. áf.	500 000	
4.	Núpur	500 000	
5.	Eiðar	600 000	
			3 200 000
			17 130 415

41.	Við 14. gr.	A. XI. 36. (Kostnaður við landspróf). Fyrir „87 000“ kemur	109 500
42.	— 14. —	A. XII. Nýr liður: Til lagningar skolpveitu vegna skólanna á Laugarvatni	500 000
43.	— 14. —	A. XV. 2. (Íþróttasjóður). Fyrir „2 250 000“ kemur	3 000 000
44.	— 14. —	A. XV. 7. (Íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar). Fyrir „40 000“ kemur	60 000
45.	— 14. —	A. XV. 8. (Íþróttaskólinn í Reykjadal). Fyrir „50 000“ kemur	75 000
46.	— 14. —	A. XV. 11. Liðurinn orðist svo: Til Íþróttasambands Íslands til utanfara íþróttamanna og námskeiða	300 000
47.	— 14. —	A. XV. 11. Nýr liður: Til Ólympíunefndar Íslands vegna Ólympíuleikanna 1964	250 000
48.	— 14. —	A. XVIII. (Barnaverndarráð). Fyrir „160 000“ kemur	180 000
49.	— 14. —	A. XXIII. (Skáksamband Íslands). Fyrir „50 000“ kemur	75 000
50.	— 14. —	A. XXIX. Nýr liður: Til leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur	30 000
51.	— 14. —	A. XXXIX. Nýr liður: Til fræðslu- og kynningarmóts skólastjóra	30 000
52.	— 14. —	B. I. 2. (Landsbókasafnið, bókakaup o. fl.). Fyrir „500 000“ kemur	600 000
53.	— 14. —	B. II. 6. Nýr liður: Til ljósritunar kirkjubóka	25 000
54.	— 14. —	B. III. 13. (Aldarafmæli þjóðminjasafnsins). Fyrir „100 000“ kemur	125 000

55. Við 14. gr. B. III. Nýr (rómv.) liður:
Til stofnunar skólaminjasafns 25 000
56. — 14. — B. V. 8. (Náttúrugripasafnið, hiti o. fl.).
Fyrir „125 000“ kemur 140 000
57. — 14. — B. XI. b. 15. Liðurinn orðist svo:
Til Fræðslumyndasafns ríkisins 500 000
58. — 14. — B. XI. b. 16. Nýr liður:
Til Norræna bókasafnsins í París til kaupa á íslenzkum bókum 5 000
59. — 14. — B. XII. 13. (Vísindafélagið).
Fyrir „25 000“ kemur 50 000
60. — 14. — B. XII. 29. (Íslenzkir stúdentar í Khöfn).
Fyrir „2 000“ kemur 5 000
61. — 14. — B. XII. 30. (Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn).
Fyrir „5 000“ kemur 25 000
62. — 14. — B. XII. 31. Nýr liður:
Til útgáfu manntalsins frá 1890 ..... 30 000
63. — 14. — B. XII. 38. (Menningarsaga Norðurlanda).
Fyrir „50 000“ kemur 75 000
64. — 14. — B. XII. 45. Nýir liðir:
a. Til Jóns Dúasonar til útgáfustarfsemi 60 000
b. Til Halldóru Bjarnadóttur til útgáfustarfsemi 50 000
65. — 14. — B. XII. 46. Nýir liðir:
a. Til útgáfu úrvals norrænna bókmennta á enska tungu 50 000
b. Til útgáfu á Linguaphonenámskeiði í íslenzku 50 000
c. Til Ingvars G. Brynjólfssonar vegna íslenzk-þýzkrar orðabókar 25 000
66. — 14. — B. XIII. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fyrir „1 834 456“ kemur 2 134 456
67. — 14. — B. XX. Nýr liður:
Til listiðnsýningar í París 49 840
68. — 14. — B. XLII. Liðurinn orðist svo:
Til leiklistarstarfsemi 660 000
69. — 14. — B. XLIV. (Til tónlistarstarfsemi).
a. Við 1. (Tónlistarskólinn í Rvík).
Fyrir „70 000“ kemur 125 000
b. Við 3. (Tónlistarskóli á Akureyri).
Fyrir „40 000“ kemur 90 000
c. Við 4. (Tónlistarfélag Ísafjarðar).
Fyrir „30 000“ kemur 60 000
d. Við 5. (Tónlistarkennsla á Siglufirði).
Fyrir „30 000“ kemur 40 000
e. Við 6. (Tónlistarskóli Vestmannaeyja).
Liðurinn fellur niður.
f. Við 7. (Tónlistarskóli Hafnarfjarðar).
Fyrir „30 000“ kemur 60 000
g. Við 8. (Tónlistarskóli Akraness).
Fyrir „30 000“ kemur 50 000
h. Við 9. (Tónlistarskóli á Eyrarbakka).
Fyrir „10 000“ kemur 15 000
i. Við 10. (Tónlistarskóli Selfoss).
Fyrir „10 000“ kemur 40 000
j. Við 11. (Tónlistarskóli á Hvolsvelli).
Fyrir „10 000“ kemur 15 000

			k. Við 12. (Tónlistarskóli Neskaupstaðar).	
			Fyrir „10 000“ kemur	15 000
			l. Við 13. (Tónlistarskóli í Keflavík).	
			Fyrir „20 000“ kemur	60 000
			m. Við 14. (Tónlistarskóli Eskifjarðar).	
			Liðurinn fellur niður.	
			n. Við 15. (Tónlistarskóli í Húsavík).	
			Fyrir „10 000“ kemur	15 000
			o. Við 16. j. (Lúðrasveit Akureyrar).	
			Fyrir „20 000“ kemur	25 000
			p. Við 16. m. (Lúðrasveit Vestmannaeyja).	
			Fyrir „10 000“ kemur	25 000
70.	Við	14. gr.	B. XLVII. Nýr liður:	
			Til Maríu Markan Östlund til söngkennslu	10 000
71.	—	14. —	B. LVIII. Nýr liður:	
			Til Ketils Ingólfssonar til tónlistarnáms	8 000
72.	—	14. —	B. LXVI. Nýr liður:	
			Til Jóns Sigurðssonar vegna framlags hans til atvinnusögu frá upphafi vélbátaaldar	10 000
73.	—	14. —	B. LXXV. a. (Til umbóta á Þingvöllum).	
			Fyrir „190 000“ kemur	300 000
74.	—	14. —	B. LXXV. b. (Til umbóta á Þingvallabænum).	
			Fyrir „150 000“ kemur	200 000
75.	—	14. —	B. LXXIX. Nýr liður:	
			Til Zontaklúbbsins á Akureyri til lóðarkaupa	50 000
76.	—	15. —	XIX. Nýr liður:	
			Til Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar í Hólastifti vegna framkvæmda við sumarbúðir við Vestmannsvatn í Aðaldal	100 000
77.	—	16. —	A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).	
			Fyrir „4 540 000“ kemur	4 940 000
78.	—	16. —	A. 7. (Verkfæranefnd ríkisins).	
			Fyrir „200 000“ kemur	300 000
79.	—	16. —	A. 9. a. 2. (Nautgriparækt, verðlaun).	
			Fyrir „12 000“ kemur	42 000
80.	—	16. —	A. 9. e. (Sæðingarstöðvar).	
			Fyrir „430 000“ kemur	644 000
81.	—	16. —	A. 14. (Stofnlánadeild landbúnaðarins).	
			a. Við a. (Landnám).	
			Fyrir „6 500 000“ kemur	7 150 000
			b. Við e. (Ræktun og framkvæmdir).	
			Fyrir „6 000 000“ kemur	7 600 000
82.	—	16. —	A. 17. Fyrir stafliðina e—i kemur nýr liður:	
			Til fyrirhleðslna gegn ⅛ kostnaðar annars staðar að:	
			a. Í Hörðudalsá	15 000
			b. Í Miðá í Dalasýslu	25 000
			c. Í Vatnsdalsá í Ásahreppi	115 000
			d. Í Selá í Hofsárdal	20 000
			e. Í Fjarðará í Borgarfirði eystra	15 000
			f. Í Norðfjarðará	35 000
			g. Í Laxá í Nesjahreppi	40 000
			h. Í Stigá í Öræfum	75 000
			i. Í Djúpá hjá Maríubakka	30 000
			j. Í Kúðafljóti	80 000

k. Í Skaftá við Stjórnarsand 15 000
l. Við Eldvatn í Meðallandi 30 000

83. Við 16. gr. A. 18. Liðurinn orðist svo:
Til sjóvarnargarða:

1. Akranes	100 000	
2. Álftanes	100 000	
3. Borgarfjörður eystri	25 000	
4. Borgarnes	50 000	
5. Eyrarbakki	200 000	
6. Flateyri	200 000	
7. Grenivík	50 000	
8. Hauganes	200 000	
9. Hnífsdalur	25 000	
10. Seltjarnarnes	100 000	
11. Siglufjörður	150 000	
12. Vestmannaeyjar	200 000	
		1 400 000

84. — 16. — A. 19. h. (Sandgræðsla, ýmis gjöld).
Fyrir „120 000“ kemur 370 000

85. — 16. — A. 25. a. (Veiðimálaskrifstofan, laun).
Fyrir „182 570“ kemur 253 801

86. — 16. — A. 28. c. (Styrkur til að stunda dýralækningar).
Fyrir „36 600“ kemur 50 000

87. — 16. — A. 32. b. (Fjárförgun, uppeldisstyrkur o. fl.).
Fyrir „1 200 000“ kemur 1 400 000

88. — 16. — A. 40. b. (Bændaskólinn á Hvanneyri).
a. Við 1. (Föst laun).
Fyrir „420 800“ kemur 502 400
b. Við 7. (Til tilrauna).
Fyrir „110 000“ kemur 150 000

89. — 16. — A. 41. (Húsmæðraskólar).
a. Við a. 4. (Varmaland, viðhaldskostnaður).
Fyrir „100 000“ kemur 150 000
b. Við c. 3. (Blönduós, annar kostnaður).
Fyrir „50 000“ kemur 67 000
c. Við d. 4. (Löngumýri, viðhaldskostnaður).
Fyrir „60 000“ kemur 135 000
d. Við e. 4. (Laugaland, viðhaldskostnaður).
Fyrir „25 000“ kemur 30 000
e. Við h. 2. (Laugarvatn, stundakennsla).
Fyrir „50 000“ kemur 70 000
f. Við j. (Til byggingar skóla).
Fyrir „800 000“ kemur 1 310 000

90. — 16. — A. 42. (Kvenfélagasamband Íslands).
Fyrir „190 000“ kemur 250 000

91. — 16. — A. 47. (Landþurrkun í Vestur-Landeyjum).
Fyrir „40 000“ kemur 100 000

92. — 16. — B. 1. (Fiskifélag Íslands).
Fyrir „4 850 000“ kemur 5 100 000

93. — 16. — B. 5. (Haf- og fiskirannsóknir).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 500 000

94. — 16. — B. 8. Liðurinn orðist svo:
Til fiskleitar, síldarrannsókna og veiðitilrauna 9 050 000

95.	Við 16. gr.		B. 9. Nýr liður:	
			Til aflatrygginga vegna aflabrests togara	15 000 000
96.	—	16. —	B. 12. a. (Fiskmat). Nýr liður:	
			Annar kostnaður	100 000
97.	—	16. —	C. 5. (Iðnfræðsluráð).	
			Fyrir „304 000“ kemur	350 000
98.	—	16. —	E. I. 3. g.	
			Fyrir „Varmá“ kemur: Korpúlfsstöðum.	
99.	—	16. —	E. I. 4. Nýr liður:	
			Til kornræktartilrauna	200 000
100.	—	16. —	E. II. 3. (Rannsóknaráð). Nýr liður:	
			Til endurnýjunar bifreiða	55 000
101.	—	16. —	E. IV.	
			a. Við 1. (Verzlunarskólinn).	
			Fyrir „905 000“ kemur	1 135.000
			b. Við 2. (Samvinnuskólinn).	
			Fyrir „370 000“ kemur	470 000
102.	—	17. —	I. 3. Nýir liðir:	
			a. Til vatnsöflunar á Hellnum	50 000
			b. Til vatnsöflunar í Tunguplássi og Hoftúni í Staðarsveit	50 000
103.	—	17. —	I. 6. Nýir liðir:	
			a. Til skipulags miðbæjarins á Akureyri	100 000
			b. Til loftmyndagerðar af ræktunarlandi á Suðurlandsundirlendi	40 000
104.	—	17. —	III. 5. (Bandalag starfsmanna ríkis og bæja).	
			Fyrir „25 000“ kemur	50 000
105.	—	17. —	V. 3. b. Liðurinn orðist svo:	
			Til tíu elliheimila utan Reykjavíkur, 40 þús. kr. til hvers	400 000
106.	—	17. —	V. 8. a. (Barnavinafélagið Sumargjöf, rekstrarstyrkur).	
			Fyrir „215 000“ kemur	300 000
107.	—	17. —	V. 10. Nýr liður:	
			Til dagheimila, byggingarstyrkir:	
			a. Í Kópavogi	75 000
			b. Í Húsavík	40 000
			c. Á Ísafirði	50 000
			d. Á Akranesi	75 000
108.	—	17. —	V. 14. b. (Útgáfa bóka á blindraletri).	
			Fyrir „23 000“ kemur	60 000
109.	—	17. —	V. 15. Nýr liður:	
			Til Félagsmálastofnunarinnar	25 000
110.	—	17. —	V. 16. (Dýraverndunarfélagið).	
			Fyrir „10 000“ kemur	25 000
111.	—	17. —	V. 17. a. (Ungmennafélag Íslands).	
			Fyrir „75 000“ kemur	150 000
112.	—	17. —	V. 17. c. (Bandalag ísl. skáta).	
			Fyrir „50 000“ kemur	150 000
113.	—	17. —	V. 17. e. Nýr liður:	
			Til Skátafélagsins Hraunbúa	25 000
114.	—	20. —	Út. III. (Bygging stjórnarráðshúss).	
			Fyrir „1 000 000“ kemur	2 000 000
115.	—	20. —	Út. VI. 3. Nýr liður:	
			Til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi	400 000

116. Við 20. gr. Út. XI. 8. (Framkvæmdir á Hvanneyri).
Fyrir „600 000“ kemur 1 500 000

117. — 20. — Út. XI. 9. Nýr liður:
Til Íþróttakennaraskóla Íslands, byrjunarframlag 500 000

118. — 20. — Út. XII. (Byggingar á prestssetrum).
Fyrir „1 865 000“ kemur 2 365.000

119. — 20. — Út. XV. (Embættisbústaðir héraðsdómara).
Fyrir „900 000“ kemur 1 400 000

120. — 20. — Út. XVII. (Ríkisfangelsi og vinnuhæli).
Fyrir „1 000 000“ kemur 2 000 000

121. — 20. — Út. XVIII. Liðurinn orðist svo:
Til að lána til rafstöðva á þeim svæðum, er ríkisrafveitur ná ekki til, að fengnum tillögum raforkuráðs 705.000

122. — 20. — Út. 20.
Fyrir „Varmá“ kemur: Korpúlfsstöðum.

123. — 20. — Út. XXIII. (Embættisbústaðir dýralækna).
Fyrir „800 000“ kemur 900 000

124. — 20. — Út. XXXIII. Nýr liður:
Til að lána til landkaupa í kauptúnum 2 000 000

125. — 22. — III. (Eftirgjöf símagjalda).
Fyrir „20 blindum mönnum“ komi: 25 blindum mönnum.

126. — 22. — XVI. Nýr liður:
Að greiða úr ríkissjóði það, sem á kann að skorta, til að 10% skemmtanaskattsálag og ⅖ hlutar af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 52/1962, hrökkvi til að greiða hluta ríkissjóðs af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1962 og 1963. Enn fremur að greiða allt að ⅓ hluta af áföllnum rekstrarhalla hljómsveitarinnar 28. febr. 1961, þegar ríkisútvarpið tók við rekstri hennar.

127. — 22. — XVIII. Nýr liður:
Að ábyrgjast lán allt að 35 millj. kr. til bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum og síldarumhleðslustöðvum.

128. — 22. — XXI. Nýir liðir:
a. Að taka allt að 3 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.
b. Að taka allt að 1 millj. kr. lán til bygginga fyrir Rannsóknarstofu háskólans.

129. — 22. — XXII. Nýr liður:
Að selja gamalt pósthús og fleiri fasteignir við Austurgötu í Hafnarfirði.

130. — 22. — XXIII. Nýir liðir:
a. Að gefa Slysavarnafélagi Íslands eftir lán, sem veitt var til kaupa á flugvél.
b. Að gefa sveitarsjóði Höfðahrepps eftir greiðslu tveggja skuldabréfa, dags. 22. júní 1956, um afhendingu mannvirkja nýbyggingarnefndar Höfðakaupstaðar til Höfðahrepps, að upphæð 400 þús. kr., að viðbættum vöxtum frá útgáfudegi.

131. — 22. — XXIV. Nýr liður:
Að ábyrgjast lán allt að 970 þús. þýzkra marka (DM) fyrir Guðmund Jörundsson útgerðarmann til þess að koma fyrir tækjum í togarann Narfa til heilfrystingar á fiski, enda verði settar þær tryggingar, er ráðherra metur gildar.

132. Við 22. gr. XXV. Liðurinn orðist svo:
Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 25 aura af hverjum seldum ómerktum vindlingapakka.
133. — 22. — XXV. Nýir liðir:
a. Að kaupa plöntusafn Eyþórs Einarssonar.
b. Að kaupa grasasafn Helga Jónassonar.
c. Að greiða Sigurði Ólafssyni 200 þús. kr. vegna flugvélakaupa.
d. Að kaupa listaverk fyrir allt að 50 þús. kr. til að gefa til skrifstofubyggingar Bernarsambandsins í Genf.

Sþ. 176. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).

1.	Við	10. gr.	I. 2. h. (Varnarmáladeild utanrrn.). Fyrir „539 385“ kemur	269 693
2.	—	10. —	I. 2. o. (Kostnaður við alþjóðaráðstefnur). Fyrir „679 000“ kemur	452 667
3.	—	10. —	II. 1. (Sendiráðið í Kaupmannahöfn). Liðurinn fellur niður.	
4.	—	10. —	II. 1. Nýr liður: Sendiráð á Norðurlöndum	2 500 000
5.	—	10 —	II. 2. (Sendiráðið í Stokkhólmi). Liðurinn fellur niður.	
6.	—	10. —	II. 5. (Sendiráðið í París). Fyrir a- og b-liði kemur ein upphæð	2 500 000
7.	—	10. —	II. 6. (Sendiráðið í Osló). Liðurinn fellur niður.	
8.	—	10. —	II. 11. (Samningar við erlend ríki). Fyrir „1 426 000“ kemur	950 667
9.	—	10. —	II. 12. (Þátttaka í alþjóðaráðstefnum). Fyrir „1 697 000“ kemur	1 131 333
10.	—	11. —	A. 10. b. (Ríkislögregla á Keflavíkurflugvelli). Fyrir 1.—7. tölul. kemur ein upphæð	2 000 000
11.	—	11. —	A. 11. d. (Vinnuhæli að Kvíabryggju). Liðurinn fellur niður.	
12.	—	12. —	VI. Liðurinn orðist svo: Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkv. lögum og greiðist með 50% álagi	7 500 000
13.	—	12. —	IX. (Bygging sjúkrahúsa). Fyrir „7 000 000“ kemur	10 000 000
14.	—	13. —	A. II. a. (Til nýrra akvega). Fyrir „20 480 000“ kemur	26 260 000
15.	—	13. —	A. II. c. (Endurbygging þjóðvega). Fyrir „800 000“ kemur	1 600 000
16.	—	13. —	A. III. (Til brúargerða). Fyrir „11 280 000“ kemur	19 910 000
17.	—	13. —	A. IV. (Endurbygging gamalla brúa). Fyrir „1 425 000“ kemur	3 000 000

18. — 13. — A. V. (Fjallvegir).
Fyrir „1 000 000“ kemur 1 600 000
19. — 13. — A. X. (Steyptir og malbikaðir vegir í kaupstöðum).
Fyrir „95 000“ kemur 2 000 000
20. — 13. — C. VII. (Hafnarmannvirki og lendingarbætur).
Fyrir „17 000 000“ kemur 24 410 000
21. — 14. — A. X. 23. (Bygging barnaskóla).
Fyrir „25 905 325“ kemur 35 000 000
22. Við 14. gr. A. XI. 31. (Bygging gagnfræða- og héraðsskóla).
Fyrir „12 886 287“ kemur 15 000 000
23. — 14. — A. XV. 2. (Íþróttasjóður).
Fyrir „2 250 000“ kemur 5 000 000
24. — 14. — B. III. 12. (Til byggðasafna).
Fyrir „100 000“ kemur 500 000
25. — 14. — B. XI. c. (Bygging bókasafna og lesstofa).
Fyrir „166 250“ kemur 500 000
26. — 16. — A. 23. (Til mjólkurbúa og smjörsamlaga).
Fyrir „500 000“ kemur 2 000 000
27. — 16. — B. 2. Nýr liður:
Kostnaður við að fylgjast með ferðum fiskiskipa 250 000
28. — 16. — B. 5. Nýr liður:
Til fiskirannsóknaskips, byggingarkostnaður 2 000 000
29. — 16. — D. XIII. Nýr liður:
Til jarðborana á Selfossi 100 000
30. — 17. — I. 3. Nýr liður:
Til skolpveitna eftir ráðstöfun félagsmálaráðuneytisins 500 000
31. — 17. — II. 2. (Byggingarsjoður verkamanna).
Fyrir „7 000 000“ kemur 10 000 000
32. — 17. — II. 4. Nýr liður:
Framlag til félagsheimilasjóðs 2 000 000
33. — 17. — III. 4. (Alþýðusamband Íslands).
Fyrir „150 000“ kemur 250 000
34. — 17. — III. 8. (Orlofsheimili verkalýðssamtakanna).
Fyrir „475 000“ kemur 1 000 000
35. — 17. — V. 10. (Blindrafélagið, byggingarstyrkur).
Fyrir „150 000“ kemur 250 000
36. — 17. — V. 13. Nýr liður:
Til Menningar- og friðarsamtaka kvenna 30 000
37. — 20. — Út. VIII. (Til flugvallagerðar).
Fyrir „12 720 000“ kemur 15 000 000
38. — 22. — XXI. Nýr liður:
Að taka allt að 12 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar til vatnsveituframkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. Lánið skal þó ekki nema meira en 60% af áætluðum heildarkostnaði við framkvæmd verksins.

Nd. 177. Lög [98. mál]

um breyting á lögum nr. 55 28. apríl 1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Afgreidd frá Nd. 11. des.)

Samhljóða þskj. 119.

Alþt. 1962. A. (83. löggjafarþing). 67

Ed. **178. Lög** [8. mál]

um öryggisráðstafanir gegn jónandi geislum frá geislavirkum efnum eða geislatækjum.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.)

Samhljóða þskj. 154.

Ed. **179. Lög** [88. mál]

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

(Afgreidd frá Ed. 11. des.)

Samhljóða þskj. 108.

Sþ. **180. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin er sammála um þær breytingartillögur, sem fluttar eru á þskj. 175 sameiginlega af allri nefndinni, en fulltrúar Framsóknarflokksins og Alþýðubandalagsins hafa þó áskilið sér rétt til að flytja og fylgja breytingartillögum við einstaka liði frv. og hinar sameiginlegu tillögur nefndarinnar.

Nefndin hóf athugun á frv. 17. okt. og hefur síðan haldið 42 fundi um málið auk margháttaðra viðræðna og athugana utan funda. Nefndin hefur athugað og fjallað um á sjöunda hundrað bréfa og erinda frá ráðuneytum, ríkisstofnunum, félagasamböndum, félögum og einstaklingum. Enn fremur var rætt við forstöðumenn margra stofnana ríkisins og eftir því sem unnt var við fjölmarga aðra, sem óskuðu viðtals við hana. Nefndin hefur hraðað störfum sínum, svo að unnt verði að afgreiða fjárlög endanlega fyrir áramót.

Afgreiðsla frv. er við það miðuð að hækka gjaldaliði frv. ekki meira en svo, að það rúmist innan þeirrar hækkunar, sem talið er fært að gera á tekjuhlið frv. eftir þeim upplýsingum, sem nú eru tiltækar um afkomu þessa árs. Af þessum sökum hefur ekki verið unnt að koma til móts við óskir um aukin fjárframlög til ýmissa mála, sem nefndarmenn hefðu þó gjarnan viljað styðja.

Fjárlagafrv. sýnir, að enn er gætt fyllsta sparnaðar í rekstri ríkisins og stofnana þess. Þeir áfangar, sem þegar hafa náðst til sparnaðar, reynast vel, og sýnt er, að stefnt er að aukinni hagsýni og frekari sparnaði, þar sem því verður við komið. Þess er þó vandlega gætt að breyta ekki til, fyrr en vandleg athugun hinna færustu manna, sem völ er á hverju sinni, hefur leitt í ljós, hvar og á hvern hátt bezts árangurs sé að vænta.

Í tillögum nefndarinnar, eins og þær liggja fyrir nú, er tekjuhlið frv. hækkuð nokkru meira en gjaldahliðin. Það er vegna nokkurra gjaldaliða, sem vitað er um, en bíða fullnaðarafgreiðslu til 3. umræðu.

Verður nú í stuttu máli gerð grein fyrir helztu breytingartillögum nefndarinnar.

Um 10. gr.

Kostnaður við sendiráðið í París hækkar um 78 400 kr. vegna nauðsynlegrar aukningar starfsliðs.

Um 11. gr.

Lögð er til hækkun til áfengisvarnaráðs og Stórstúku Íslands, 50 þús. kr. til hvors aðila. Til fangahjálpar hækkar um 40 þús. kr. Borgardómaraembættið hækkar vegna fjölgunar dómara um 109 266 kr. Nýr liður er 150 þús. kr. framlag til kaupa á asdictækjum fyrir landhelgisgæzluna.

Um 12. gr.

IV. liður A. 4, annar kostnaður Landsspítalans, hækkar um 150 þús. kr. vegna endurbóta. D-liður, heilsuhælið á Vífilsstöðum, hækkar um 300 þús. kr. vegna holræsagerðar, en annar kostnaður lækkar um 120 þús. kr.

IV. F., geðveikrahælið á Kleppi, annar kostnaður hækkar um 100 þús. kr. VI. liður, rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa, hækkar um 250 þús. kr. vegna fjölgunar legudaga. XXVIII. liður, byggingarstyrkur til heilsuhælis Náttúrulækningafélags Íslands, hækki um 100 þús. kr. Nýir liðir eru 65 þús. kr. til vírusrannsókna, 350 þús. kr. til rannsókna á geislavirkni matvæla og 200 þús. kr. til lækningatækja samkv. lögum.

Um 13. gr. A.

Framlagi til nýrra akvega er skipt á einstaka vegi. Liðurinn II. e., til samgöngubóta á landi, hækkar um 4 millj. kr. III. liður, til brúargerða, er óbreyttur frá frv. að öðru en því, að framlag til smábrúa hækkar um 1 millj. kr. V. liður, fjallvegir, hækkar um 375 þús. kr. XIII. liður, styrkur til að halda uppi byggð og gistingu fyrir ferðamenn, hækkar um 30 þús. kr. XIV. liður, til fyrrverandi vegaverkstjóra, hækkar um 232 þús. kr. Hækkun þessi hefði annars komið á 18. gr. Nýir liðir eru þessir: Vegna öryggisþjónustu með snjóbifreiðum 20 þús. kr. Ferjubryggjur 200 þús. kr. Til endurbóta veitingaskálans við Gullfoss 100 þús. kr. 200 þús. kr. vegna símaeða talstöðvasambands við sæluhús.

Um 13. gr. C.

Framlagi til hafnarmannvirkja er skipt á einstakar hafnir. VIII. liður, til hafnarbótasjóðs, hækkar um 3.3 millj. kr. Nýr liður: til greiðslu á eftirstöðvum lögboðins framlags ríkissjóðs, 4 millj. kr.

Um 13. gr. D, E og F.

D. X., alþjóðaflugþjónusta, er leiðrétting. Liðurinn lækkar um 22 101 kr. Breyting á D. XII., veðurþjónusta á Grænlandi og lóranstöð í Færeyjum, er einnig leiðrétting. Liðurinn hækkar um 33 035 kr. E. III. breytist samkv. leiðréttingum á 13. gr. D., og tveir gjaldaliðir veðurfarsdeildar Veðurstofunnar hækka samtals um 55 þús. kr. Nýir liðir undir F.: Til kaupa á prentvél 100 þús. kr. Til jarðfræðikortagerðar 20 þús. kr.

Um 14. gr. A.

IV. k., menntaskólinn í Reykjavík, annar kostnaður, hækkar um 525 088 kr. VII. 2., handíðadeild kennaraskólans, hækkar um 60 þús. kr. vegna áhaldakaupa. X. 23, framlag til byggingar barnaskóla og íbúða fyrir skólastjóra, hækkar um 8615 þús. kr. XI. 31, framlag til byggingar gagnfræða- og héraðsskóla, hækkar um 4244 þús. kr. XI. 36, kostnaður við landspróf, hækkar um 22 500 kr. Nýir liðir: Til lagningar skolpveitu vegna skólanna á Laugarvatni 500 000 kr. og til leiðbeininga um starfsfræðslu og til skólastjóramóts, 30 þús. kr. til hvors liðar. XV. 2, til íþróttasjóðs, hækkar um 750 þús. kr. XV. 7, íþróttaskóli Sigurðar Greipssonar, hækkar um 20 þús. kr. XV. 8, íþróttaskóli í Reykjadal, hækkar um 25 þús. kr. XV. 11, til utanfara og námskeiða íþróttamanna, hækkar um 70 þús. kr. Nýr liður: til Ólympíufarar íþróttamanna 250 þús. kr. XVIII., barnaverndarráð, hækkar um 20 þús. kr. XXIII., Skáksamband Íslands, hækkar um 25 þús. kr.

Um 14. gr. B.

Liðurinn B. I. 2, framlag til bókakaupa landsbókasafnsins, hækkar um 100 þús. kr. Nýr liður: ljósritun kirkjubóka í þjóðskjalasafni, 25 þús. kr. B III. 13, til að minnast aldarafmælis þjóðminjasafnsins, hækkar um 25 þús. kr. Nýr liður: skólaminjasafn, stofnkostnaður, 25 þús. kr. V. 8, náttúrugripasafnið, hækkar um 15 þús. kr. XI. 15, fræðslumyndasafn ríkisins, hækkar um 200 þús. kr. Nýr liður: 5000 kr. til norræns bókasafns í París. XII. 13, Vísindafélag Íslendinga, hækkar um 25 þús. kr. XII. 29, íslenzkir stúdentar í Kaupmannahöfn, hækkun um 3000 kr. XII. 30, Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn, hækkun um 20 þús. kr. XII. 38, þátttaka Íslands í útgáfu menningarsögu Norðurlanda, hækkun um 25 þús. kr. Nýir liðir: Til útgáfu manntalsins 1890 30 þús. kr. Til Jóns Dúasonar til útgáfustarfsemi 60 þús. kr. Til Halldóru Bjarnadóttur til útgáfustarfsemi 50 þús. kr. Til íslenzks Linguaphonenámskeiðs 50 þús. kr. Til útgáfu úrvals norrænna bókmennta á ensku 50 þús. kr. Til Ingvars Brynjólfssonar til íslenzk-þýzkrar orðabókar 25 þús. kr. XIII., til skálda, rithöfunda og listamanna, hækkar um 300 þús. kr. Nýr liður: vegna listiðnsýningar í París 49 840 kr. XLII., til leikstarfsemi, hækkar um 192 þús. kr. XLIV., til tónlistarskóla, hækkar um 260 þús. kr. Niður falla tveir skólar, sem starfa ekki lengur. Tvær lúðrasveitir hækka um samtals 20 þús. kr. Nýir liðir: María Markan Östlund til söngkennslu 10 þús. kr. Ketill Ingólfsson til náms í píanóleik 8000 kr. Jón Sigurðsson vegna framlags til atvinnusögu sjávarútvegsins 10 þús. kr. LXXV. liður, til endurbóta á Þingvöllum og Þingvallabæ, hækkar um 160 þús. kr. Nýr liður: Zontaklúbbur Akureyrar til lóðarkaupa 50 þús. kr.

Um 15. gr.

Nýr liður: Til Æskulýðssambands þjóðkirkjunnar í Hólastifti vegna byggingar sumarbúða 100 þús. kr.

Um 16. gr. A.

1. liður, Búnaðarfélag Íslands, hækkar um 400 þús. kr. 7. liður, verkfæranefnd, 100 þús. kr. hækkun. 9. a. 2, til verðlauna á nautgripasýningum, 30 þús. kr. hækkun. 9. e. hækkar um 214 þús. kr. vegna nýrra stöðva. 14. liður a og e hækkar vegna nýrrar löggjafar um 2250 þús. kr. 17. liður hækkar vegna nýrra fyrirhleðslna um 355 þús. kr. 18. liður, sjóvarnargarðar, hækkar um 50 þús. kr. 19. liður, sandgræðsla, hækkar um 250 þús. kr. 25, veiðimálaskrifstofan, hækkar um 71 231 kr. 28. liður c., styrkur til að stunda dýralækningar, hækkar um 13 400 kr. vegna fjölgunar. 32. liður b., sauðfjársjúkdómavarnir, hækkar um 200 þús. kr. 40. liður b. 1, bændaskólinn á Hvanneyri, hækkar um 81 600 kr. 7. liður, til tilrauna, hækkar um 40 þús. kr. 41. liður, húsmæðraskólar utan kaupstaða, hækkar um 167 þús., aðallega vegna aukins viðhalds, og framlag til byggingar skóla hækkar um 510 þús. kr. 43. liður, til Kvenfélagasambands Íslands, hækkar um 60 þús. kr. 47. liður, til landþurrkunar, hækkar um 60 þús. kr.

Um 16. gr. B.

1. liður, Fiskifélag Íslands, hækkar um 250 þús. kr. 5. liður, til haf- og fiskirannsókna, hækkar um 500 þús. kr. 8. liður, fiskleit, síldarrannsóknir og veiðitilraunir, hækkar um 2 millj. kr. Nýr liður: til aflatryggingasjóðs vegna aflabrests togara 15 millj. kr. Vegna nauðsynlegs aukins kostnaðar við fiskmatið hækkar 12. liður um 100 þús. kr.

Um 16. gr. C, D og E.

C. 5, iðnfræðsluráð, hækkar um 46 þús. kr. D. X., jarðhitasjóður, hækkar um 200 þús. kr. D. XIII., jarðboranir að Lýsuhóli, falli niður. E. Nýir liðir: Til kornræktartilrauna 200 þús. kr. Til endurnýjunar bifreiða 55 þús. kr. E. IV. 1, Verzlunarskóli Íslands, hækkar um 230 þús. kr. IV. 2, Samvinnuskólinn, hækkar um 100 þús. kr.

Um 17. gr.

Nýir liðir: Til vatnsöflunar á Hellnum, í Tunguplássi og Hoftúni samtals 100 þús. kr. Til kortagerðar af ræktunarlandi á Suðurlandsundirlendi 40 þús. kr. Þátttaka í kostnaði við skipulag miðbæjar Akureyrar 100 þús. kr. III. 5, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, hækki um 25 þús. kr. V. 3. b., tíu elliheimili komi í stað níu og liðurinn hækki um 40 þús. kr. V. 8. a., Barnavinafélagið Sumargjöf, hækki um 85 þús. kr. Nýr liður: Til byggingar fjögurra dagheimila, styrkur samtals 240 þús. kr. V. 14. b., til útgáfu bóka á blindraletri, hækki um 37 þús. kr. Nýr liður: Til félagsmálastofnunar 25 þús. kr. V. 16, Dýraverndunarfélag Íslands, hækkar um 15 þús. kr. V. 17. a., Ungmennafélag Íslands, hækki um 75 þús. kr. 17. c., Bandalag skáta, hækki um 100 þús. kr. Nýr liður: skátafélagið Hraunbúar 25 þús. kr.

Um 20. gr.

III. liður, stjórnarráðshús, hækkar um 1 millj. kr. Nýr liður: Til endurbóta og bygginga á Kristnesi. X. liður, byggingar á Keldum, hækki um 300 þús. kr. XI. 8, Hvanneyri, hækki um 900 þús. kr. Nýr liður: Íþróttakennaraskólinn, heimavist, 500 þús. kr. XII. liður, byggingar á prestssetrum, hækki um 500 þús. kr. XV. liður, héraðsdómarabústaðir, hækki um 500 þús. kr. XVII. liður, ríkisfangelsi, hækki um 1 millj. kr. XVIII. liður, til að lána til rafstöðva, þar sem rafveitur ríkisins ná ekki til, hækki um 500 þús. kr. XXIII. liður, embættisbústaðir dýralækna, hækki um 100 þús. kr. Nýr liður: til að lána til landkaupa í kauptúnum 2 millj. kr.

Um 22. gr.

III. liður: Símum fyrir blinda fjölgi um 5. XXV liður: Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 25 aura af hverjum seldum ómerktum vindlingapakka. Nýir liðir: Að gefa sveitarsjóði Höfðahrepps eftir greiðslu tveggja skuldabréfa. Að ábyrgjast allt að 970 þús. þýzkra marka lán fyrir Guðmund Jörundsson útgerðarmann, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar. Að festa kaup á listaverki til skrifstofubyggingar Bernarsambandsins í Genf, allt að 50 þús. kr. Að greiða Sigurði Ólafssyni allt að 200 þús. kr. vegna flugvélakaupa. Að selja gamalt pósthús o. fl. í Hafnarfirði. Að gefa Slysavarnafélagi Íslands eftir lán að upphæð 600 þús. kr. Að kaupa plöntusafn Eyþórs Einarssonar. Að kaupa grasasafn Helga Jónassonar. Að taka allt að 3 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna. Að taka allt að 1 millj. kr. lán fyrir rannsóknarstofu háskólans við Barónsstíg til byggingar. Að ábyrgjast lán allt að 35 millj. kr. til bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum og síldarumhleðslustöðvum. Að greiða úr ríkissjóði halla af rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Tekjuliðir.

Hækkanir ákveðnar í samráði við forstjóra Efnahagsstofnunar ríkisins.

2. gr.

1. Tekju- og eignarskattur hækki um 10 millj. kr. 3. Verðtollur um 10 millj. kr. 5. Gjald af innlendum tollvörum um 1 millj. kr. 7. Bifreiðaskattur um 1 millj. kr. 8. Aukatekjur um 1 millj. kr. 9. Stimpilgjöld um 2 millj. kr. 11. Söluskattur, að frádregnum hluta jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, um 17.4 millj. kr. 12. Innflutningsgjöld um 10 millj. kr. 13. Gjöld af bifreiðum og bifhjólum um 8 millj. kr. 14. Hluti af umboðsþóknun og gengismun gjaldeyrisbankanna um 2 millj. kr.

3. gr. A.

Rekstrarhagnaður Áfengis- og tóbaksverzlunar, að frádreginni 500 þús. kr. hækkun á framlagi til gæzluvistarsjóðs hækki um 9.5 millj. kr. Póstur og sími. Tekjuliðir hækka um 24.2 millj. kr. vegna breyttrar áætlunar. Gjaldaliðir hækka um sömu upphæð.

Samkvæmt þessum tillögum fjárveitinganefndar verður nettó hækkun tekjuáætlunar tæpar 72 millj. kr., en gjaldahækkanir tæpar 65 millj. kr.

Enn eru nokkur mál óafgreidd hjá nefndinni auk endurskoðunar 18. gr., sem að venju bíður 3. umr. Samvinnunefnd samgöngumála mun gera tillögur um styrki til flóabáta og vöruflutninga. Gjaldaliðir eiga því enn eftir að hækka sem því nemur.

Alþingi, 11. des. 1962.

Kjartan J. Jóhannson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr.
Guðlaugur Gíslason. Gunnar Gíslason. Jón Árnason.

Sþ. 181. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, IG).

1.	Við	13. gr.	A. II. a. (Til nýrra akvega). Fyrir „20 480 000“ kemur	34 480 000
2.	—	13. —	A. II. b. (Viðhald). Fyrir „63 000 000“ kemur	70 000 000
3.	—	13. —	A. II. c. (Endurbygging þjóðvega). Fyrir „800 000“ kemur	4 800 000
4.	—	13. —	A. III. (Til brúargerða). Fyrir „11 280 000“ kemur	21 280 000
5.	—	13. —	A. IV. (Endurbygging gamalla brúa). Fyrir „1 425 000“ kemur	3 025 000
6.	—	13. —	A. VI. 2. (Til kaupa á vegavinnuvélum). Fyrir „2 770 000“ kemur	5 770 000
7.	—	13. —	C. VII. (Hafnarmannvirki og lendingarbætur). Fyrir „17 000 000“ kemur	25 000 000
8.	—	14. —	A. XV. 2. (Íþróttasjóður). Fyrir „2 250 000“ kemur	3 500 000
9.	—	16. —	B. 5. (Til haf- og fiskirannsókna). Fyrir „1 000 000“ kemur	2 500 000
10.	—	16. —	B. 8. (Fiskleit, síldarrannsóknir o. fl.). Fyrir „7 050 000“ kemur	12 050 000
11.	—	16. —	C. 4. (Iðnlánasjóður). Fyrir „2 000 000“ kemur	3 000 000
12.	—	16. —	D. XII. (Nýjar raforkuframkvæmdir). Fyrir „10 000 000“ kemur	20 000 000
13.	—	17. —	I. 3. (Vatnsveitur). Fyrir „1 270 000“ kemur	2 470 000
14.	—	20. —	Út. IV. (Byggingar á jörðum ríkisins). Fyrir „2 000 000“ kemur	3 000 000
15.	—	20. —	Út. VIII. (Flugvallagerðir). Fyrir „12 720 000“ kemur	15 720 000

Sþ. **182. Nefndarálit** [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Fjárlög sýna jafnan betur en flest annað, hvað er að gerast á því stóra búi, sem þjóðin öll rekur sameiginlega. Ekki er þó þar með sagt, að búskapur ríkisins þróist á sama máta og bú eða heimilishald hinna almennu heimila landsmanna.

Á heildarupphæð fjárlaganna má jafnan sjá, hvað ríkisstjórnin telur sér nauðsyn hverju sinni að hafa árlegar tekjur ríkissjóðs miklar til að mæta útgjaldaþörf hans.

Þegar núverandi ríkisstjórn tók völd við upphaf þessa kjörtímabils, kom hún á nýju efnahagskerfi, „Viðreisninni“ svonefndu, og fjárlög þau, sem nú er verið að setja, eru 4. „Viðreisnarfjárlögin“. Kerfið verður því að teljast fullmótað og fjárlagaþróunin að sýna, hvert stefnir.

Ef gerður er samanburður á hinum síðustu fjárlögum fyrir „Viðreisn“ (fjárlögum ársins 1959) og fjárlögum hins nýja kerfis, sést eftirfarandi:

Fjárlög	1959	heildarupphæð		1033	millj. kr.	
—	1960	—		1501	— —	
—	1961	—		1588	— —	
—	1962	—		1752	— —	
—	1963	—	væntanl.	2200	— —	eða sem því næst.

Hér hefur verið unnið afrek, sem verðskuldar, að því sé gaumur gefinn. Fjárlögin hafa á einu kjörtímabili meira en tvöfaldazt, þau hafa hækkað um svo sem 112%, sem vafalaust er Íslandsmet og raunar umtalsvert afrek á heimsmælikvarða.

Þegar þess er gætt, að nær allar tekjur ríkissjóðs eru teknar af þegnum landsins annaðhvort sem skattar eða einhvers konar álag á vöruverð, er það augljóst, að hin síaukna útgjaldabyrði fólksins í landinu hlýtur að kalla á hækkaðar kaupgreiðslur.

Þegar „Viðreisninni“ var komið á, gerði ríkisstjórnin meðal annars þá grein fyrir nauðsyn hennar, að nú ætti að koma í veg fyrir víxlhækkanir verðlags og kaupgjalds, og það tókst fyrstu 2 árin, að því leyti, að þá hækkaði aðeins verðlagið, en kaupið var óbreytt.

Síðan hefur kaup að vísu þokazt til hækkunar, en hvergi nærri í samræmi við hinn almenna vöxt dýrtíðarinnar og allra sízt þó í samræmi við fjárlagahækkunina.

Til samanburðar við gróskuna í tekjuöflun ríkissjóðs er svo vert að líta á það, hvaða þróun hefur á sama tíma og fjárlög hækkuðu um 112% átt sér stað um tekjuöflun almennra verkamanna, en sá samanburður á raunar að mestu við um tekjuöflun flestra þeirra manna í landinu, sem lífsframfæri hafa af kaupi fyrir störf sín.

Með því að fjárlög eru oftast sett í desembermánuði næst á undan því ári, sem þau gilda fyrir, skal hér sýnt tímakaup Dagsbrúnar-verkamanns í almennri vinnu í þeim mánuði á sama árabili og ívitnuð fjárlög hafa verið sett.

Í des.	1958	var tímakaup	kr.	23.86
- —	1959	— —	—	20.67
- —	1960	— —	—	20.67
- —	1961	— —	—	22.74
- —	1962	— —	—	24.80

Af þessu má glöggt sjá, að á sama tímabili og ríkisstjórn Íslands telur sig þurfa 112% tekjuhækkun til að halda búskap ríkisins gangandi, hafa kaupgreiðslur aðeins hækkað um 4%. — Þetta er árangur „Viðreisnarinnar“. Stjórnin telur þetta góðan árangur, og hún telur sjálfsagt, að ríkisvaldinu sé með oddi og egg beitt til að hamla gegn kaupbreytingum þess fólks, sem aðeins hefur breytt kaupi sínu um 4%, og

raunar hefur stjórnin gengið fram fyrir skjöldu með laga- og bráðabirgðalagasetningu og beitingu vissrar tegundar af dómsvaldi til að lækka kaupgreiðslur. Það er því augljóst, að fjármálastjórn landsins ætlar íslenzkum alþýðuheimilum annan og lakari hlut en hún telur sjálfri sér nauðsynlegan.

Af því er varðar tekjur ríkisins er hér þó aðeins miðað við fjárlagatölur, þ. e. áætlunartölur stjórnarinnar sjálfrar gerðar ár fram í tímann. Raunin hefur þó jafnan orðið sú, að meira hefur verið innheimt en áætlað var, þótt stundum hafi til þess verið beitt hinum harkalegustu aðferðum, eins og t. d. gengisfellingunni í ágústbyrjun 1961. Vitað er nú, að þótt fjárlög yfirstandandi árs ráðgeri aðeins að láta þegnana leggja ríkissjóði til 1752 millj. kr., þá verða þeir engu að síður látnir borga ríkissjóði 2000 milljónir og væntanlega þó einhverjum milljónatugum betur, og flest bendir til, að þótt þau fjárlög, sem nú verða sett, hljóði máske ekki upp á meira en eitthvað í kringum 2200 millj. kr., þá taki ríkissjóður þó hærri fjárhæðir til sín í raunveruleikanum.

Menn skyldu nú ætla, að samfara þeirri þenslu fjárlaganna, sem nú hefur orðið og ekki á sér dæmi með þessari þjóð, hefðu framkvæmdir á vegum ríkissjóðs getað stórvaxið. En því miður er ekki því að heilsa. Framlög ríkissjóðs til framkvæmda hafa yfirleitt ekki fylgt hækkun dýrtíðarinnar og því dregizt saman, og enn þá síður hafa framkvæmdaliðirnir haldið hlutfalli sínu á fjárlögunum.

Í þessu nefndaráliti er auðvitað ekki unnt að rekja þróun allra framkvæmdaliða til samanburðar við dýrtíðarvöxt og fjárlagahækkanir, en dæmi skal þó tekið.

Vegamálaskrifstofan reiknar árlega út vísitölu brúargerðarkostnaðar og miðar við 100 árið 1949. Hreyfing þeirrar vísitölu hefur verið þannig á undanförnum árum:

1958	brúargerðarkostnaður	280
1959	—	282
1960	—	347
1961	—	396
1962	—	443

Hér skal því sýnt, hvert brúargerðarframlagið hefði orðið, ef það hefði:

a. haldizt í hendur við vöxt dýrtíðarinnar,
b. fylgt almennri fjárlagahækkun og
c. hvað það hefur verið í fjárlögum eða er nú í fjárlagafrumvarpi.

Miðað er við árið 1959 og síðan rakin þróun „Viðreisnaráranna“, allt í millj. króna:

	(a) Brúarfé þurfti miðað við verðlag fyrra árs að nema	(b) Brúafé sem óskertur hluti fjárlagaupphæðar	(c) Brúafé á fjárlögum (og frv. '63)
1960	10.1	14.6	11.3
1961	12.3	15.4	11.3
1962	14.1	16.9	11.3
1963	15.8	21.6	11.3

Fé til brúargerðar hefur sem sagt ekkert verið hækkað öll „Viðreisnarárin“, utan hvað það var í fyrstu „Viðreisnarfjárlögunum“ hækkað úr 10 millj. kr. í 11.3, og þar við situr enn, þótt blákaldur veruleikinn segi, að nú þurfi 15.8 millj. kr. til að vinna sama verkið, sem á fyrstu dögum þessarar ríkisstjórnar kostaði 10.1 millj. kr.

Þótt hér sé aðeins rakið dæmið um brýrnar, þá er það ekki frábrugðið öðrum þáttum framkvæmda ríkissjóðs í neinum aðalatriðum.

Það verður því ekki sagt, að það sé að tilefnislausu, að ríkisstjórnin vaknar

nú dálítið harkalega upp við það með væntanlegar vorkosningar í huga, að hlutur ríkissjóðs í hinum almennustu og nauðsynlegustu framkvæmdum í landinu er harla smár. En þrátt fyrir ofboðslega tekjuöflun ríkissjóðs reyndust fjárráðin til að bæta um fyrir langa vanrækslu engin vera heima fyrir, svo að nú hefur verið tekið 240 millj. kr. lán í Bretlandi, og er því af ríkisstjórnarinnar hálfu lýst yfir, að það fé eigi að nota til almennra framkvæmda í landinu, svo sem í vega- og hafnagerðir o. fl. Það er sem sagt með erlendum lántökum, sem nú á fyrir kosningarnar að bæta fyrir vanrækslusyndir kjörtímabilsins.

Erlenda lánið er þegar tekið, og hefði því verið eðlilegt, að fjárveitinganefnd hefði fengið til meðferðar áætlanir ríkisstjórnarinnar um skiptingu þess, áður en til fjárlagaafgreiðslu kom. En fyrirspurnum Alþýðubandalagsins í fjárveitinganefnd varðandi fyrirhugaða lánsskiptingu hefur verið svarað þannig, að enn væri engin tillaga til skiptingar tilbúin af ríkisstjórnarinnar hálfu.

Sú óskammfeilni ríkisstjórnarinnar og stuðningsmanna hennar á Alþingi, að hækka tekjuáætlun ríkisins um 112% á einu kjörtímabili er, eins og áður er sagt, alveg einstök á sínu sviði. Þó er dugnaðurinn í eyðsluseminni enn stórkostlegri, því að auk fjárlagaupphæðarinnar þykir nú einnig þurfa að fá erlend lán í hundruðum milljóna króna til að sletta sem lánum og ofan á almennar framkvæmdir. Að því er varðar sumar þær framkvæmdir, sem lánsféð á að renna til, þá er ríkið sjálft aðilinn, sem bera á byggingarkostnaðinn, ýmist að öllu leyti eða nokkru. Þannig er þessu t. d. varið um vegagerð og hafnarmannvirki.

En fyrst ríkið á sjálft að borga lánið að meira eða minna leyti, þá hlýtur að vakna þessi spurning: Er fremur hægt að borga upp vegagerðarlán en að auka framlag ríkissjóðs til samgöngumannvirkja?

Þegar leitað er svars við þessu, hlýtur sá grunur að læðast að mönnum, að greiðsla lántökunnar sé fyrirhuguð með einhverju því fjármagni, sem ekki þyki vert að sýna á fjárlögum. Að fjárlögunum settum og að þögnuðum ræðuhöldum stjórnarliða um það, að fjárlög séu án nýrra skatta, gætu komið ráðstafanir til þess að fá inn nýjar tekjur til greiðslu lána vegna vegagerða o. fl.

Fjárlagafrumvarpið, eins og það var lagt fram, er upp á 2126 millj. kr. Fjárveitinganefnd gerir í heild tillögur um hækkun þess um nál. 70 millj. kr. Vert er að taka fram varðandi tillögur nefndarinnar allrar, að Alþýðubandalagið styður þær flestar, en er þó óbundið um afstöðu til einstakra tillagna.

Samstarf í fjárveitinganefndinni hefur verið gott og alger samstaða um afgreiðslu margra erinda, þótt mikið beri á milli um skoðanir 1. minni hluta og stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar í nefndinni um fjármálastjórn landsins og þar með afgreiðslu fjárlaga í megindráttum.

Þessu nefndaráliti fylgja 38 tillögur til breytinga á fjárlagafrumvarpinu. Eru sumar þeirra fluttar til sparnaðar á liðum, er ýmist verða að teljast óhóflega háir eða óþarfir, en flestar eru til hækkunar á framkvæmdaliðum eða um nýja framkvæmdaliði, einnig um fjárframlög til stuðnings samtökum, er þess teljast verðug.

Í heild mun láta nærri, að hækkunartillögur þessar nemi	60.2	millj. kr.
En lækkunartillögurnar nema um	8.2	— —
Mismunur til hækkunar er því	52.0	millj. kr.

Hér verða að þessu sinni ekki gerðar tillögur um tekjuhækkanir til að jafna þennan mismun. En það er skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að slík hækkun á tekjuáætlun rúmist vel í fjárlögum án breytinga á tekjustofnum, og munum við standa að tillögum, er í þá átt fara, við 3. umræðu fjárlaganna, að því leyti sem samþykkt tillagna okkar við 2. umræðu kann að gefa tilefni til, enda eru það ekki okkar áform að afgreiða fjárlög með halla.

Varðandi þær tillögur, sem þessu nefndaráliti fylgja, skal þetta sérstaklega tekið fram:

Breytingartillögur við 10. gr.

Varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins heitir kontór einn, sem um langt skeið hefur kostað ríkissjóð yfir hálfa milljón króna árlega og nokkru meira en sum ráðuneyti stjórnarráðsins. Svo vafasöm sem öll starfsemi deildar þessarar er og landsmönnum gagnslaus, gæti það vart talizt goðgá, þótt Alþingi legði fyrir ráðuneyti þessa kontórs að stilla kostnaði hans betur í hóf en gert hefur verið til þessa, og er hér því fram borin tillaga um að lækka framlag stofnunar þessarar um helming.

Það er ráðagerð ríkisstjórnarinnar, líklega jafngömul henni, að leggja eigi niður sendiráð Íslands í höfuðborgum Norðurlanda, nema eitt, er verði sendiráð landsins í öllum löndunum. Þetta er og gömul tillaga okkar Alþýðubandalagsmanna, sem talin hefur verið góð af stjórnarsinnum, en til þessa ekki þótt nægilega undirbúin til að koma til framkvæmda. Hún er hér flutt að nýju. Sendiráði Íslands á Norðurlöndum er ætluð hálf þriðja millj. kr. til starfsemi sinnar, sem er nokkru hærri fjárhæð en hvert hinna einstöku sendiráða á þessum slóðum hefur nú, en framlög til þeirra felld niður. Það er jafnframt skoðun okkar Alþýðubandalagsmanna, að ekki eigi að koma til mála að láta nokkurt íslenzkt sendiráð fá hærri fjárveitingu en 2.5 millj kr. að hámarki. Það, sem þar er fram yfir, verður hreinlega að skoða sem bruðl og óhóf. Sendiráð Íslands í París er með fast að 3 millj. kr. fjárveitingu í fjárlfrv. og biður um meira fé og hefur fengið nokkrar undirtektir um það mál. Þótt sendiráð þetta sé — auk venjulegra sendiráðsstarfa — einhver milligönguaðili ríkisstjórnarinnar og NATO, þá verður ekki að heldur séð réttlæting þess að veita því svo gegndarlaust fé sem gert er, og er hér lagt til, að það fái 2.5 millj. kr. og ekki þar umfram.

Það er geigvænlega há upphæð, sem greidd er sendimönnum stjórnarráðsins til utanlandsferða. Á þrem fjárlagaliðum 10. gr. fjárlagafrumvarpsins er stráð á stall ferðamanna ráðuneytanna sem hér segir:

Kostn. við alþjóðaráðstefnur á vegum annarra en utanrríkisráðun.	679	þús. kr.
Kostn. vegna samninga við erlend ríki á vegum utanríkisráðun. ..	1426	— —
Kostn. vegna þátttöku í alþjóðaráðstefnum á vegum utanríkisráðun.	1697	— —

Allt þetta er hér lagt til að verði lækkað um þriðjung, og verður að teljast, að ekki sé sambandi okkar við umheiminn stefnt svo mjög í voða, þótt framkvæmdur verði sparnaður sá, sem hér er áformaður.

Alls eru gerðar tillögur, er spara mundu 4.6 millj. kr. á 10. gr.

Breytingartillögur við 11. gr.

Það er með ódæmum, hve miklu fé íslenzka ríkið eyðir árlega til þess að halda uppi lögregluþjónustu innan girðingar á Keflavíkurflugvelli, þessu landsvæði, sem í öllu stjórnkerfi okkar er nánast flokkað undir útlönd og utanríkisráðuneytið látið fara með mál þess. Ríkislögreglan þar á samkvæmt fjárlagafrv. að kosta 4565 þús. kr. á næsta ári, en það er næstum fimmfaldur ríkislögreglukostnaður alls landsins utan Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Hér er gerð tillaga um að lækka þennan kostnað niður í 2 millj. kr. og verður að teljast ærinn fyrir því.

Í fjárlagafrv. er 1050 þús. kr. ætlaðar til rekstrarstyrks fyrir Reykjavíkurbæ til að halda uppi skuldafangelsi að Kvíabryggju. Þennan styrk er lagt til að fella niður, enda er ríkinu mál þetta óviðkomandi, nema hvað eðlilegt væri, að dómsmálastjórnin gerði ráðstafanir til að láta rétta aðila skera úr því, hvort rekstur þessa skuldafangelsis samrýmist því réttarfari, sem hér á að ríkja.

Breytingartillögur við 12. gr.

Lagt er til, að rekstrarstyrkur sá, sem ríkinu ber lögum samkvæmt að greiða miðað við legudaga á sjúkrahúsum þeim, sem bæjar- eða sveitarfélög reka, verði

að þessu sinni greiddur með 50% álagi til að koma nokkuð til móts við þann rekstrarhalla, sem almennt er á slíkum sjúkrahúsum. Áætlunarupphæðin, sem til þessa er ætluð, er því hækkuð um 50%, úr 5 millj. kr. í 7.5 millj. kr.

Ríkissjóður dregur á eftir sér langan skuldahala að því er varðar lögboðin framlög ríkisins til sjúkrahúsabygginga. Auk þess er í samræmi við skuldasöfnun ríkissjóðs á þessu sviði hamlað óeðlilega gegn því af ríkisins hálfu, að hafin sé bygging sjúkrahúsa víðs vegar um landið, þar sem hennar er full þörf. Hér er gerð tillaga um að hækka ríkisframlagið til sjúkrahúsbygginga úr 7 í 10 millj. kr., og mun þar sízt farið fram úr þörfum.

Breytingartillögur við 13. gr.

Hér eru gerðar tillögur um að tvöfalda vega- og brúaframlög frá því, sem þau voru 1959. Að því er vegagerðina varðar eru þó dregnar frá tvöfölduninni 5.4 millj. kr., sem fjárveitinganefnd leggur til að veittar verði til samgöngubóta á landi, en sá fjárlagaliður var ekki til 1959. Þegar heildarfjárlagaupphæð hækkar um 112%, ætti ekki að vera of djúpt í ár tekið, þótt gerð sé tillaga um 100% hækkun eftirtalinna liða eins og hér er gert:

Til nýrra akvega.
Til endurbyggingar gamalla þjóðvega.
Til brúargerða.
Til endurbyggingar gamalla brúa.
Til fjallvega.

En um framlag til steyptra og malbikaðra vega í kaupstöðum er gerð tillaga, sem ekki er byggð á sama grundvelli og aðrar tillögur við A-lið 13. gr., enda hefur um langt skeið verið í fjárlögum 100 þús. kr. framlag til þessara þarfa, en þó aðeins 95 þús. hin síðustu ár. Þetta er auðvitað alveg óraunhæf upphæð, og væri alveg eins gott að fella hana burt af fjárlögum og að hafa hana þar óbreytta, eins og verðgildi krónunnar er nú orðið. Hér er því gerð tillaga um að hækka þessa fjárveitingu í 2 millj. kr., og væri þá von til, að hún gæti komið að einhverju gagni sem styrkur, en það gerir hún ekki eins og hún nú er.

Varðandi hafnargerðir er hér einnig gerð tillaga um tvöföldun hafnargerðarfjár frá 1959, og eiga þar við hin sömu rök og um vegi og brýr, þó að því viðbættu, að hér er — auk ríkisþátttöku í árlegum framkvæmdum — um framlagsskuldir að ræða, er nema nokkrum milljónatugum, sem einnig þurfa að borgast upp.

Breytingartillögur við 14. gr.

Hér eru fluttar 5 tillögur við menntamálagrein fjárlaganna og allar sama eðlis: til hækkunar á styrkjum ríkisins til byggingarframkvæmda, þar sem ríkið sinnir skyldu sinni á ófullnægjandi hátt.

Í fyrsta lagi er hér lagt til, að framlög til skólabygginga fyrir bæði barna- og gagnfræðastig séu aukin verulega. Það er staðreynd, sem hver maður sér, að auk allra þeirra þarfa, sem ör fólksfjölgun kallar á, þá eru flest okkar skólamannvirki frá fyrsta fjórðungi þessarar aldar nú ýmist stórlega úrelt eða hreinlega ónýt, enda af vanefnum gerð í upphafi. Lög binda það hins vegar, að enginn bær eða hreppur getur hafizt handa um skólabyggingu, hversu sem fjárhag hans annars er varið, nema til komi framlag ríkisins í skólamannvirki hans. Hið naumt skammtaða ríkisframlag til skólabygginga er því í rauninni hemill á, að skólakerfi landsins geti starfað með eðlilegum hætti, þar sem þarfir kalla á nýjar skólabyggingar, en daufheyrzt er við umsóknum um þær, eins og nú er raunin á varðandi marga staði. Hér er lagt til, að skólabyggingaframlag barna- og gagnfræðaskóla verði hækkað um 11.2 millj. frá frumvarpinu, og virðist það vera lágmark þess, sem

sómasamlegt mætti teljast, svo að ekki þyrfti að neita neinum þeim um byrjunarleyfi, sem sannað hefur þörf sína og sinnt hefur sæmilega undirbúningi þessara mála.

Íþróttasjóður er einn þeirra aðila, sem langt hefur borið af leið skyldu sinnar, vegna þess að hann er vanmegnugur að standa undir þeim stórvaxna byggingarkostnaði íþróttamannvirkja, sem nú er staðreynd. Engin leið er sjáanleg til að grynna á hans skuldum nema með auknu ríkissjóðsframlagi. Hér er lagt til, að það verði hækkað í 5 millj. kr.

Bókasafnsbyggingar og byggðasöfn ætlar ríkið að styrkja, en upphæðirnar, sem til þess eru ætlaðar, eru svo smávægilegar, að til bygginga sér þeirra vart nokkurn stað. Hér er lagt til, að tekið verði upp hálfrar millj. kr. framlag til styrktar byggingum fyrir hvorn þennan safnaflokk um sig, í stað þeirra 166 þúsunda, sem bókasöfnin hafa nú, og 100 þúsunda, sem frumvarpið ætlar byggðasöfnunum.

Breytingartillögur við 16. gr.

Samkvæmt lögunum um framleiðsluráð landbúnaðarins er ríkið skylt til að taka ákveðinn þátt í kostnaði við byggingu mjólkurbúa. Lengi stóð í fjárlögunum 100 þús. kr. til þessara þarfa. Eftir að verðlagið reis til þeirrar hæðar, sem nú er orðið, varð þessi upphæð eins og dropi í hafinu. Nú hefur hún verið hækkuð nokkuð og er 500 þús. kr. í frumvarpinu. Það er hins vegar hvergi nærri nóg, og er hér lagt til, að hún hækki í 2 millj. kr.

Fyrir Alþingi liggur nú tillaga um, að komið verði upp kerfi í landi til að fylgjast með ferðum fiskiskipa. Reynslan sýnir, að þessa er fyllsta þörf, enda líklegt, að málið hafi fylgi þingsins. Hitt er augljóst mál, að þetta er ekki hægt að framkvæma kostnaðarlaust. Því er hér lagt til, að í þessar þarfir verið tekinn upp sérstakur fjárlagaliður á bálki sjávarútvegsins og ætlaðar til hans 250 þús. kr. á byrjunarstigi, en reynslan yrði síðar að sýna, hvað þessi þjónusta kostaði.

Lengi hefur verið talað um, að byggja þyrfti fiskirannsóknaskip fyrir þá vísindastofnun, sem hér hefur fiskirannsóknir á hendi fyrir íslenzka ríkið. Þótt nokkur tekjustofn hafi verið til þessara þarfa lagður, þá virðist ganga harla seint að koma þessu nauðsynjamáli fram, og er hér lagt til, að á fjárlögum verði 2 millj. kr. til þessa skips lagðar, og mætti samþykkt þeirrar tillögu skoðast sem sérstök áskorun Alþingis til þeirra, er fyrir þessu skipsbyggingarmáli ráða, um að láta ekki að þarflausu dragast framkvæmd þessa nauðsynjamáls.

Þá er lagt til, að tekin verði upp 100 þús. kr. fjárveiting til jarðborana eftir heitu vatni á Selfossi. Þar hafa verið framkvæmdar nokkrar boranir á vegum jarðhitasjóðs, þótt ekki hafi þær borið árangur til þessa. En nú munu framlög þess sjóðs þrotin, og virðist því verða að ætla borun þessari fé sérstaklega á fjárlögum.

Breytingartillögur við 17. gr.

Lagt er til, að inn á félagsmálagrein fjárlaganna verði tekinn nýr liður: Til skolpveitna eftir ráðstöfun félagsmálaráðuneytisins, 500 þús. kr. að upphæð. Liðurinn er ætlaður til að greiða fyrir þeim þorpum eða bæjum, sem eiga við sérstaka örðugleika að etja við að koma skolplögnum sínum í viðunandi horf, en það getur oft verið dýr og örðug framkvæmd, og dæmi eru þess, að í þessum efnum sé búið við óviðunandi og hættulegt ástand árum saman, þótt hugsanlegt sé að bæta úr málum, ef eitthvert fé væri tiltækt til að koma til móts við viðkomandi hrepp eða bæ. Ríkissjóður hefur áður tekið að sér að greiða fjárhagslega fyrir hliðstæðum lausnum sameiginlegra þarfa fólks í þorpum og bæjum, t. d. að því er varðar vatnsveitur. Hér er gerð tilraun til að hefja lausn vandamáls, sem ríkissjóður getur vart lengur látið eins og ekki væri til.

Alkunnugt er, hve byggingarsjóður verkamannabústaðanna er í alvarlegri fjár-

þörf til að sinna hlutverki sínu. Því er hér lagt til, að sá sjóður fái 3 millj. kr. aukaframlag, umfram áætlaða lagaskyldugreiðslu ríkissjóðs.

Félagsheimilasjóður, sem til þessa hefur ekki haft bein framlög á fjárlögum, er í mikilli greiðsluþurrð, að því er varðar lögbundnar greiðslur til þeirra aðila, sem rétt eiga til þátttöku sjóðsins í byggingarkostnaði. Alþingi hefur skipað lögum varðandi skyldur sjóðsins. Þegar þær skyldur eru vaxnar greiðslugetu sjóðsins yfir höfuð, verður að telja eðlilegt, að löggjafinn komi honum til bjargar með framlagi á fjárlögum. Því er hér gerð tillaga um 2 millj. kr. framlag til félagsheimilasjóðs.

Alþýðusamband Íslands hefur nýlega verið skikkað til þess af dómstólum landsins að taka við stórum hópi nýrra meðlima. Það hefur auðvitað mikinn kostnað í för með sér, að því er varðar rekstur sambandsins, og væri því eðlilegt, að styrkur ASÍ yrði hækkaður verulega. Hér er gerð tillaga um 100 þús. kr. hækkun.

Verkalýðshreyfingin hefur um skeið haft í undirbúningi að reisa orlofsdvalarheimili. Á næsta ári mun verða hafizt handa um byggingarframkvæmdir. Allir munu viðurkenna, að með hinum óhæfilega langa vinnudegi, sem hér er almennt tíðkaður, er þörfin fyrir orlofshvíld verkafólks sérstaklega mikil og aðkallandi. Hér er gerð tillaga um hækkun þessa styrks úr 475 þús. kr. í 1 millj. kr.

Blindrafélagið í Reykjavík hefur verið og er að reisa sér dvalar- og vinnuheimili af miklum myndarskap. En svo sem að líkum lætur, býr félagið við mjög takmörkuð fjárráð. Hér er lagt til, að byggingarstyrkur félagsins verði hækkaður um 100 þús. kr., og væri það jafnmikil hækkun og fjárveitinganefnd hefur gert tillögu um að Náttúrulækningafélagið fái á sínum byggingarstyrk.

Þá hafa Menningar- og friðarsamtök kvenna sótt um nokkurn styrk til starfsemi sinnar. Ekki virðast það óverðugri landssamtök en mörg þau, er nú njóta fjárhagslegrar fyrirgreiðslu hjá ríkissjóði. Því er hér gerð tillaga um 30 þús. kr. styrk þeim til handa.

Breytingartillaga við 20. gr.

Lagt er til, að framlag til flugvallagerða verði hækkað úr 12 millj. 720 þús. kr. í 15 millj. kr. Án slíkrar hækkunar er mikill samdráttur fyrirsjáanlegur í flugvallagerðinni. Flugið er yngsti þáttur samgangnanna, og í rauninni bíða þar svo mörg verkefni ófullgerð og eru svo lengi á döfinni, að alger vandræði verða að teljast. Ýmsir staðir, sem mjög eru upp á flugsamgöngur komnir, hafa gripið til þess ráðs að útvega sjálfir lánsfé og endurlána það flugmálastjórninni til flugvallagerða. Þannig hafa þegar myndazt skuldir, sem mjög mundu skerða framkvæmdafé flugmálastjórnarinnar, ef innheimt verður á næsta ári. Þetta gerir þörfina fyrir aukið flugvallafé enn brýnni.

Breytingartillaga við 22. gr.

Í þinginu liggur um þessar mundir óafgreitt lagafrumvarp um að heimila ríkisstjórninni að taka 12 millj. kr. lán og endurlána það Vestmannaeyjabæ til vatnsveitufframkvæmda. Er hugmyndin að leggja til Eyja vatnsleiðslu austan undan Eyjafjöllum. Þetta er hið mesta nauðsynjamál. Það er að öllu leyti þess eðlis, að það á hvergi fremur heima en í fjárlögum. Þess vegna er efni þess frumvarps hér upp tekið og lagt til, að það verði liður á 22. gr. fjárlaga.

Alþingi, 11. des. 1962.

Karl Guðjónsson.

Sþ. 183. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1963 og brtt. á þskj. 175.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar (HS, HÁ, IG).

1. Við 2. gr. 2. (Vörumagnstollur).
   Fyrir „40 000 000“ kemur 41 000 000
2. Við brtt. 175, 1. b. (Við 2. gr. 3. — Verðtollur).
   Fyrir „567 000 000“ kemur 585 000 000
3. — — 175, 1. c. (Við 2. gr. 5. — Gjald af innl. tollvörum).
   Fyrir „42 000 000“ kemur 44 000 000
4. — — 175, 1. e. (Við 2. gr. 8. — Aukatekjur).
   Fyrir „29 000 000“ kemur 30 000 000
5. — — 175, 1. f. (Við 2. gr. 9. — Stimpilgjald).
   Fyrir „45 000 000“ kemur 47 000 000
6. — — 175, 1. g. (Við 2. gr. 11. a. — Söluskattur af innfl. vörum).
   Fyrir „234 000 000“ kemur 244 000 000
7. — — 175, 1. i. (Við 2. gr. 11. — Bráðabirgðasöluskattur).
   Fyrir „267 400 000“ kemur 279 400 000
8. — — 175, 1. k. (Við 2. gr. 12. — Innflutningsgjald).
   Fyrir „135 000 000“ kemur 145 000 000
9. — — 175, 1. l. (Við 2. gr. 13. — Gjald af bifreiðum o. fl.).
   Fyrir „65 000 000“ kemur 72 000 000

Sþ. 184. Nefndarálit [1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá 2. minni hl. fjárveitinganefndar.

Meiri hluti fjárveitinganefndar gerir grein fyrir þeim tillögum, sem fluttar eru í umboði nefndarinnar í heild. Aðild okkar fulltrúa Framsóknarflokksins að þeim er með þeim hætti, að við höfum óbundnar hendur um fylgi við hverja einstaka þeirra, svo verið hefur.

Þar sem þetta verður síðasta fjárlagafrumvarp, sem afgreitt verður á yfirstandandi kjörtímabili, viljum við að nokkru lýsa þeim breytingum, sem orðið hafa á fjármálastjórn ríkisins á þeim árum, sem liðin eru síðan núverandi stjórnarflokkar tóku að sér stjórn íslenzka ríkisins.

Meðan Framsóknarflokkurinn fór með fjármálastjórnina, voru núverandi stjórnarsinnar ósparir á að lýsa vilja sínum um sparnað og lækkun fjárlaga. Var þessi viljayfirlýsing þeirra sérstaklega undirstrikuð við 1. umræðu fjárlaga fyrir árið 1959. Á þeim árum héldu þeir því fram, að hækkun fjárlaga frá ári til árs væri uggvænleg og stefndi greinilega í fullkomið óefni og sparnaði mætti við koma, ef ekki skorti réttsýni og kjark. Þegar samstarf Sjálfstæðis- og Alþýðuflokksins hófst, var sérstaklega yfir lýst, að höfuðverkefni þeirra væri stöðvun dýrtíðar, og henni átti að koma í framkvæmd án þess, að lagðar yrðu auknar álögur á almenning, þvert á móti skyldi bæta lífskjör hans. Út á þennan boðskap fengu stjórnarflokkarnir meiri hluta sinn í síðustu alþingiskosningum. Rétt þykir nú að skoða framkvæmdir þeirra á þessari stefnu í ljósi staðreyndanna, að því leyti er að fjárlögum ríkisins snýr.

Skulu eftirfarandi atriði athuguð í því sambandi:

I. Breyting á heildarfjárhæð fjárlaganna.
II. Sýna fjárlögin rétta mynd af álögum á þjóðina?

III. Er áætlun þeirra nákvæm?
IV. Hefur sparnaður í ríkisrekstri verið framkvæmdur?
V. Hvaða ástæður eru fyrir hækkun fjárlaganna?

Þegar fyrsta fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 1960 var lagt fram á Alþingi, vakti það athygli m. a. fyrir það, hvað það var fjarri þeirri stefnu, sem höfundar þess höfðu boðað, þar sem fjárlög höfðu með þeim hækkað yfir 600 millj. kr. frá 1958.

Fleira vakti eftirtekt en það, hversu há fjárlög 1960 voru, svo sem það, að þessi hækkun fjárlaganna var gerð með tilliti til þess, að unnt yrði að lækka þau síðar á valdatíma ríkisstjórnarinnar. Út frá þeirri hugsun var þeirri reglu fylgt við fjárlagaafgreiðslu 1960 að miða útgjaldaliðina við það, að gengisbreyting, sem gerð var á því þingi, hefði gildi allt það ár. Sömuleiðis var bráðabirgðasöluskattur (8% innflutningssöluskattur) við það miðaður, að það mætti lækka hann eða fella niður síðar, þegar fjárlögin í heild yrðu lækkuð. Þessi fyrirætlun ríkisstjórnarinnar kom greinilega fram við fjárlagaafgreiðslu fyrir árið 1961, þegar fjármálaráðherra lýsti ánægju sinni yfir því, að tekizt hefði að lækka 10 af 14 útgjaldagreinum fjárlaganna. Úr því varð þó ekkert nema ráðagerðin ein um framkvæmd á yfirlýstri stefnu um lækkun fjárlaga og sparnað í ríkisrekstri, eins og eftirfarandi dæmi sýna.

Frá því árið 1960 hafa fjárlög hækkað yfir 600 millj. kr. og um 1250 millj. kr. eða um 140%, frá því að núverandi valdasamsteypa tók við í árslok 1958. Þessi gífurlega hækkun fjárlaga segir sína sögu um framkvæmd á því fyrirheiti stjórnarsinna að lækka útgjöld ríkisins með sparnaði og „hagkvæmni“ í ríkisrekstrinum. Þó er sagan ekki öll sögð með því, því að ríkisútgjöld hafa verið lækkuð til ýmissa málaflokka, og skulu hér sýnd dæmi um það og til hvers það hefur leitt.

1. Póstur og sími:

Útgjöld vegna pósts og síma voru á fjárlögum 1958 10 millj. kr. vegna uppbyggingar þessara stofnana. Nú hafa útgjöld vegna þeirra verið felld niður af fjárlögum og stofnanirnar sjálfar látnar annast eigin uppbyggingu.

Þessi ráðstöfun hefur leitt til þess, að pósturinn hefur hækkað þjónustugjöld sín um 70—80% frá 1958, þ. e. burðargjöld fyrir almenn bréf úr 2.25 í 3.50 og nú ákveðin hækkun í 4.00 kr. Og síminn hefur hækkað sína þjónustu um 45—50%. T. d. hafa afnotagjöld af heimilissíma hækkað úr 360 kr. á ári í 500 kr. og ákveðið að þau hækki í 550 kr.

2. Skipaútgerð ríkisins:

Á fjárlögum 1958 var framlag til skipaútgerðar ríkisins 15.7 millj. kr. Nú er í fjárlagafrv. fyrir árið 1963 varið 10 millj. kr. í sama skyni, þ. e. lækkun 5.7 millj. Henni er mætt með því að hækka farmgjöldin um 60% og fargjöldin um 80%.

3. Rafmagnsveitur ríkisins:

Á stjórnarárum núverandi valdhafa hefur gjaldskrá rafmagnsveitna ríkisins hækkað um 60—70%.

Daggjöld á landsspítala hafa hækkað um rúm 60% frá 1958.

Þessi dæmi sýna, hversu stórkostlegar álögur eru nú lagðar á þjóðina umfram það, sem fjárlög greina.

Eitt af því, sem ríkisstjórnin hefur talið vera höfuðeinkenni góðrar fjármálastjórnar, er nákvæm áætlun fjárlaga. Við fjárlagaafgreiðslu á síðasta þingi sýndum við fram á, að útgjöld á 19. gr. fjárlaga til niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta væru of lágt áætluð. Nú hefur það sýnt sig, að þetta var rétt. Á fjárlagafrv. er þessi skekkja hins vegar leiðrétt. Sömuleiðis er nú tekin upp aftur lögboðin greiðsla til atvinnuleysistryggingasjóðs, er niður var felld á fjárl. þessa árs. Það mun sýna sig, að tekjur fjárlaga 1962 munu fara 200—300 millj. kr. fram úr áætlun.

Við höfum hvað eftir annað bent á það, að áætlun á rekstrarhalla skipaútgerðar ríkisins væri óraunhæf, og reynslan hefur sannað þetta. Ríkisreikningurinn 1961 sýnir, að halli á skipaútgerð ríkisins varð það ár um 7 millj. kr. umfram fjárlög. Helmingur þessa halla er færður á reikning ársins 1961, en 3.5 millj. kr. af hallanum eru yfirfærðar til til ársins 1962.

Til viðbótar því, er hér hefur verið getið um óraunhæfar áætlanir, má nefna rafmagnsveitur ríkisins. Raforkumálastjóri lagði til að taka upp fjárveitingu til rekstrar þeirra, um 30 millj. kr. Því var ekki sinnt, heldur ákveðið að jafna hallann með lántöku.

Þá skal á það bent, að ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu vegna væntanlegrar framkvæmdaáætlunar, sem ríkisstjórnin hefur í undirbúningi. Eða á framkvæmd hennar e. t. v. eingöngu að byggjast á lánum?

Á fjárlagafrv. er ekki heldur gert ráð fyrir útgjöldum vegna hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sem ríkisstjórnin hefur þó viðurkennt að muni verða, sbr. samkomulagið við lækna nú fyrir skömmu.

Enn eitt dæmi skal nefnt um það, hvernig ríkisfjármálum er ráðstafað utan fjárlaga og án afskipta Alþingis. Unnið er að því að gera steyptan veg milli Keflavíkur og Reykjavíkur. Ekkert liggur fyrir um það, á hvers vegum þessi framkvæmd er raunverulega gerð. Engin fjárveiting hefur átt sér stað í fjárlögum vegna vegarins. Engin lántökuheimild samþykkt á Alþingi. Þó mun lántaka hafa farið fram. Hér mun vera um framkvæmd að ræða, sem nú þegar kostar tugi milljóna. Hverju er verið að leyna og hverju þarf að leyna í sambandi við þessa vegarframkvæmd? Ef ríkissjóður á að greiða verkið, sem víst er talið, hví er þá verið að stofna til skuldbindinga af hálfu ríkissjóðs án samþykkis Alþingis, og hvers vegna er þá ekki gert ráð fyrir greiðslu á vöxtum og afborgun af láni á fjárlagafrv.? Meðferð þessa máls af hálfu ríkisstjórnarinnar gegnir furðu.

Þessi dæmi, er hér hafa verið nefnd, sýna, að fjarri fer því, að af hálfu ríkisstjórnarinnar sé fjárlagaáætlunin raunhæf.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þessum efnum eru með svipuðum hætti og framkvæmdin á fyrirætlun um sparnað í ríkisrekstri og lækkun fjárlaga. Sparnaðarfyrirheitin hafa gleymzt, fjárlögin hafa hækkað ár frá ári með risaskrifum og áætlun þeirra fjarlægzt raunveruleikann.

Þegar fjárlögin hækka svo gífurlega sem raun ber vitni um, þ. e. um 1250 millj. kr. frá 1958 og þar af yfir 400 millj. kr. frá fjárlögum yfirstandandi árs, — hækkun fjárlaga 1963 er svipuð fjárhæð og fjárlög íslenzka ríkisins voru fyrir einum áratug, — þá er eðlilegt, að spurt sé, hvað valdi. Eru framlög til uppbyggingar í landinu stóraukin? Að þessu skal nú vikið.

Vega- og brúagerð er eitt mesta hagsmunamál fólksins, sem ekki er að undra í landi, þar sem samgöngur eru jafnskammt á veg komnar sem hér er. Fyrir valdatöku núverandi ríkisstjórnar, þ. e. á fjárlögum 1958, voru áætlaðar 17 millj. kr. tekjur af benzínskatti, en til nýrra þjóðvega, fjallvega og sýsluvega var þá áætlað að verja um 20 millj. kr., þ. e. 3 millj. kr. hærri upphæð en allur skatturinn var.

Á fjárlagafrv. því, er nú liggur fyrir til afgreiðslu, eru tekjur af benzínskatti áætlaðar 63 millj. kr. Hækkun á valdatíma núverandi ríkisstjórnar er 46 millj. kr. Það eru yfir 270%. Á sama tíma hafa framlög ríkisins til nýbygginga vega aðeins hækkað um 10.9 millj. kr. Það eru um 54%. Til viðbótar þessu skal á það bent, að fjárlög hafa í heild hækkað yfir 140%, eins og áður er fram tekið, og ríkissjóður kemur til með að hafa á árinu 1962 í tekjur af innfluttum bifreiðum hátt á annað hundrað millj. kr. eða hærri fjárhæð en nokkru sinni fyrr. Auk þessa vaxa svo tolltekjur af varahlutum til bifreiða jafnt og þétt. Framlög til vegagerðar hefði því átt að stórhækka frá því, sem áður var, en reynsla sú, sem hér hefur verið lýst, sýnir hið gagnstæða.

Þetta sannar, hve gífurleg öfugþróun hefur orðið í þessum efnum í tíð núver-

andi ríkisstjórnar, að á sama tíma, sem umferð eykst stórkostlega, skuli viðhald og nýbygging þjóðvega vera svo gersamlega vanrækt sem raun ber vitni, en ríkissjóður taka til annarra þarfa í vaxandi mæli stórar fjárhæðir, sem eðlilegt og sjálfsagt er að gangi til samgöngubóta á landi.

Eitt mesta áhugamál þess hluta þjóðarinnar, sem nýtur ekki rafmagns, eru framkvæmdir í raforkumálum. Eðlilegt hefði verið, að ríkisstjórnin hefði beitt sér fyrir því, að fjárveiting til raforkuframkvæmda hefði a. m. k. hækkað í réttu hlutfalli við hækkun fjárlaganna. Til þess að svo væri, ætti fjárveiting til raforkumála að vera yfir 70 millj. kr. á þessu fjárlagafrv., þar sem hún var 30.3 millj. kr. 1958. En hún er nú 31.8 millj. kr. Fjárlögin, sem hafa hækkað um rúmar 1240 millj. kr. síðan 1958, hafa hækkað um 1.5 millj. vegna raforkumála. Er hægt að hugsa sér fráleitari meðferð en hér kemur fram á þessu mikla áhuga- og hagsmunamáli fólksins?

Hér að framan hafa verið tekin sárafá dæmi, er sanna, að hækkun fjárlaga stafar ekki af aukinni fjárveitingu til uppbyggingar í landinu. Skulu hér til viðbótar tekin nokkur dæmi um það og bent á, hversu háar fjárveitingar til framkvæmdanna ættu að vera, ef fjárveiting til þeirra hefði fylgt hlutfallslegri hækkun fjárlaga, og er í þeim samanburði miðað við fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir Alþingi á s. l. hausti, og fjárlögin 1958.

Til samgöngumála í heild (13. gr.) gerði fjárlagafrv. ráð fyrir að verja um 190 millj. kr., en sé miðað við um 140% hækkun fjárlaga, hefði upphæð þessi átt að vera um 280 millj. kr.

Til atvinnumála (16. gr.) gerði frv. í haust ráð fyrir 169 millj. kr., en hefði hlutfallslega átt að vera um 270 millj. kr.

Til vegamála í heild gerði frv. ráð fyrir 114 millj. kr., en miðað við fjárlagahækkunina frá 1958 hefði sú upphæð átt að vera um 169 millj. kr.

Til nýrra þjóðvega gerði fjárlagafrv. ráð fyrir að varið yrði 20.5 millj. kr., en hefði átt að vera um 38 millj. kr.

Til brúargerða var gert ráð fyrir að veita um 11.3 millj. kr., en hefði átt að vera 23.3 millj. kr.

Til endurbyggingar gamalla brúa var tillaga um að verja 1425 þús. kr., en hefði átt að vera 3570 þús. kr. miðað við hækkun fjárlaga frá 1958.

Til hafnarmannvirkja og lendingarbóta eru áætlaðar 17 millj. kr., en hefði átt að vera 25.5 millj. kr.

Til raforkumála (16. gr.) er áætlun í fjárlagafrv. um 32 millj. kr., en miðað við hækkunina frá 1958 hefði upphæðin átt að vera 71 millj. kr.

Það skal tekið fram, að í meðförum fjárveitinganefndar hafa nokkrir þessara liða hækkað lítillega, en það breytir ekki þeirri heildarmynd, sem áðurnefnd dæmi sýna, en hún er **stórfelldur hlutfallslegur niðurskurður á framlögum til verklegra framkvæmda** í tíð núverandi ríkisstjórnar.

Við höfum hér að framan sýnt fram á það með rökum, að hækkun fjárlaga stafar ekki af því, að þau séu nákvæmar áætluð en fyrr né meira fé sé varið til uppbyggingar í landinu. Skortir stórlega á, að þar sé haldið í horfinu, hvað þá að meira sé að gert.

Ástæðurnar fyrir hækkun fjárlaga eru tvær, og skal nú að þeim vikið:

1. Fyrirheit, er ríkisstjórnin hefur gefið um sparnað bæði fyrr og síðar, hefur reynzt markleysa ein. Við höfum sýnt fram á það, að útgjaldalækkanir þær, er ríkisstjórnin hefur gert í fjárlögum ríkisins, hafa aðeins verið tilfærsla og auknar álögur á almenning, sem hafa ekki komið fram á fjárlögum. Ráðstafanir eins og breyting á framkvæmd skattaálaga eru óreyndar í framkvæmd, en ekkert bendir til, að þar sé neinn sparnaður á ferð. Hins vegar er það augljóst, að allt tal ríkisstjórnarinnar um hagsýslu og sparnað hefur snúizt í útfærslu á ríkisbákninu, svo sem með stofnun Efnahagsmálastofnunar, saksóknaraembættis, fjölgun á bankastjórum, saka- og borgardómurum, bankaráðsmönnum o. fl. o. fl. Fleiri atriði

mætti telja, svo sem það, að kostnaður við sendiferðir erlendis hefur hækkað úr 41 þús. kr. í 756 þús. kr., eins og hann var á ríkisreikningi 1961.

2. Dýrtíðin. Það atriði, sem mestu veldur þó um það, hve fjárlög hafa hækkað, er sú dýrtíð, sem ríkisstjórnin hefur með aðgerðum sínum í efnahagsmálum magnað svo mjög sem raun ber vitni um.

Með því að fella gengi íslenzku krónunnar tvisvar á kjörtímabilinu og með öðrum álögum, eins og almennum söluskatti og háum innflutningssöluskatti til viðbótar þeim, er fyrir var, hefur ekki eingöngu tekizt að hækka framfærsluvísitöluna, sem gilti til 1960, yfir 80 stig, heldur er stórum upphæðum af fjárlagafé varið til að halda vöruverði niðri.

Á síðasta ári vinstri stjórnarinnar var varið rúmlega 100 millj. kr. til niðurgreiðslna á vöruverði, en skv. þessu fjárlagafrv. er nú gert ráð fyrir að verja um 350—360 millj. kr. til niðurgreiðslna. Þessar tölur sýna ljóslega, hversu ríkisstjórnin hefur magnað dýrtíðardrauginn og hversu mikill hluti ríkisfjárins fer til dýrtíðarráðstafana, því að auk þessa fjár má telja, að hluti af fjölskyldubótum, þ. e. greiðsla með fyrsta og jafnvel öðru barni, sem mun nema alls 120—130 millj., sé gerð vegna þunga dýrtíðarinnar á almenning í landinu.

Þetta yfirlit látum við nægja til að sýna fram á áhrif stjórnarstefnunnar á fjármál ríkisins og verðlag í landinu.

Skal nú vikið að tillögum okkar:

Á fyrri þingum höfum við við fjárlagaafgreiðslu gert tilraun til að koma í framkvæmd nokkrum tillögum til raunverulegra lækkana á fjárlögum og sparnaði í ríkisrekstrinum. Þessar tillögur hafa stjórnarliðar fellt. Við teljum því þýðingarlaust að bera nú fram slíkar tillögur.

Útgjaldatillögur þær, sem við flytjum, miðast við það að auka verklegar framkvæmdir á vegum ríkisins og stuðning ríkissjóðs við atvinnuvegina. Það skal tekið fram, að þessar tillögur eru við það miðaðar, að auk fjárveitinganna fái hafnir og vegagerðir hluta af enska láninu og fjárveitingar til samgöngubóta á landi verði auknar með nýrri löggjöf.

Tekjuöflun.

Við gerum tillögur um að hækka tekjuáætlun fjárlagafrv. til samræmis við útgjaldahækkanir þær, sem við leggjum til.

Tillögur okkar breyta niðurstöðutölum fjárlaganna um 2—3%. Þar sem augljóst er, að dýrtíðin er áframhaldandi og ört vaxandi, og staðreyndin er sú, að ríkistekjur hækka þá einnig, teljum við, að hækka megi tekjuáætlun fjárlagafrv. um þá upphæð, sem við leggjum til. Það hefur nú sýnt sig, að tekjuáætlun sú, sem við gerðum tillögu um við fjárlagaafgreiðslu 1962, var mjög varleg, þar sem tekjur fara 200—300 millj. kr. fram úr áætlun fjárlaga.

Um 13. gr.

Við gerum tillögu um, að fjárveiting til nýrra þjóðvega hækki um 14 millj. kr. Tillögu þessa höfum við rökstutt hér að framan. Einnig höfum við gert grein fyrir þörfum í sambandi við viðhald þjóðvega, sem mjög er vanrækt, og hið sama gildir um brúargerðir, endurbyggingu brúa og þjóðvega. Alls staðar segir þörfin til sín. Ef tillaga okkar um brúargerðir verður samþykkt, ætlumst við til, að 6 millj. kr. af fjárveitingunni verði varið til smábrúa. Þar er þörfin jafnvel mest. Þá leggjum við til, að veittar verði 3 millj. kr. til kaupa á vélum til vegagerðar. Sums staðar er svo komið, að vélar skortir hjá vegagerð ríkisins til að vinna úr þeim litlu fjárveitingum, er til vega eru veittar. Úr þessum vélaskorti er nauðsyn að bæta. Þá leggjum við til, að framlag til hafnaframkvæmda hækki hlutfallslega, eins og til vega, svo að eitthvað sé haldið í til móts við hækkun fjárlaga.

Um 14. gr.

Við leggjum til að hækka framlag til íþróttasjóðs um 500 þús. kr. Enda þótt fjárveitinganefnd í heild geri tillögu um hækkað framlag til íþróttasjóðs, leggjum við þessa hækkun til umfram hækkun meiri hluta fjárveitinganefndar, þar sem fjárþörf sjóðsins er svo knýjandi.

Um 16. gr.

Enn fremur leggjum við til, að liðurinn: til haf- og fiskirannsókna hækki um 1 millj. kr. umfram hækkun nefndarinnar, einnig af knýjandi nauðsyn. Hið sama er að segja um tillögu okkar um 3 millj. kr. hækkun til fiskleitar og síldarrannsókna. Árangur af þeirri starfsemi er sá, að ekki er rétt að draga úr fjárveitingum til starfseminnar.

Einnig leggjum við til að hækka framlagið til nýrra raforkuframkvæmda um 10 millj. kr. Við höfum í nefndaráliti okkar hér að framan gert grein fyrir þeirri fjárþörf og því, hversu fráleitt það er, að fjárveitingin skuli raunverulega hafa lækkað, sbr. framlagið til raforkusjóðs.

Tillögu gerum við um það, að framlag til iðnlánasjóðs hækki um 1 millj. kr. Hlutverk sjóðsins er mikið, en fjármagn lítið. Þó að þessi fjárhæð dragi stutt, er það þó ljóst, að eftir honum er munað.

Um 17. gr.

Þar leggjum við til, að fjárveiting til vatnsveitna verði hækkuð um 1.2 millj. kr. Mikið er nú um framkvæmdir á kostnaðarsömum vatnsveitum og mikilsvert fyrir byggðarlög, þar sem í slíkar framkvæmdir er ráðizt, að ríkisstyrkur til þeirra sé greiddur sem fyrst.

Um 20. gr.

Við leggjum til, að fé til framkvæmda í flugvallagerð verði hækkað um 3 millj. kr. Þar eru enn víða óþrjótandi verkefni og brýn nauðsyn að leysa sem fyrst úr þeim.

Einnig leggjum við til, að framlag til bygginga á jörðum ríkisins hækki um 1 millj. kr., en mjög brýn nauðsyn er á því, að fjárveiting til þeirra framkvæmda verði hækkuð verulega.

Í upphafi þessa nefndarálits vitnuðum við til þess, að þetta fjárlagafrv. væri hið síðasta, sem afgreitt yrði á þessu kjörtímabili, og því ástæða til að gera nokkurt yfirlit yfir það í heild. Þetta höfum við gert hér að framan og þá einnig gert samanburð á fjármálastjórn núverandi ríkisstjórnar og fyrri ríkisstjórna. Heildarmyndin af því, er að framan segir, er þessi:

1. Áður voru fjárlög talin í milljónum, en nú í milljörðum.
2. Áður sýndu fjárlög heildarmynd af álögum á almenning. Nú ekki.
3. Áður lagði ríkissjóður fé til ýmissa málaflokka, sem hann nú hefur tekjur af, svo sem samgangna á landi.
4. Áður voru framkvæmdir ríkissjóðs yfirleitt teknar á fjárlög. Nú eru stórar ríkisframkvæmdir utan fjárlaga.
5. Ráðgerður var sparnaður. En útþensla á ríkiskerfinu í framkvæmd.
6. Heitið var stöðvun dýrtíðar. Reyndin stóraukin dýrtíð.

Árangur af starfi stjórnarflokkanna, er hófu samstarf sitt undir merkinu „stöðvun dýrtíðar“, er stórfelld og vaxandi verðbólga.

Alþingi, 12. des. 1962.

Halldór E. Sigurðsson, frsm. Halldór Ásgrímsson. Ingvar Gíslason.

Sþ. **185. Frumvarp til fjáraukalaga** [45. mál]

fyrir árið 1961.

Eftir 2. umr. í Sþ., 12. des.)

1. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í fjárlögum fyrir árið 1961, eru veittar kr. 121 792 086.75 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2. gr.

2. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 3. gr. A. er veitt:

1.	Póstur og sími	kr.	36 359 218.88
	af kr. 37 795 167.96 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
2.	Ríkisútvarp	—	5 193 201.98
	en tekjur fóru kr. 1 453 766.50 fram úr fjárlagaáætlun.		
3.	Viðtækjaverzlun	—	401 559.09
	af kr. 750 958.12 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
4.	Ríkisprentsmiðjan Gutenberg	—	868 176.53
	en tekjur fóru kr. 687 750.47 fram úr fjárlagaáætlun.		
5.	Landssmiðjan	—	223 497.40
	af kr. 376 119.82 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
6.	Tunnuverksmiðjur	—	1 025 219.27
	af kr. 1 025 219.27 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
7.	Innkaupastofnun ríkisins	—	1 171 116.63
	af kr. 1 571 833.45 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
8.	Bessastaðabú	—	402 834.55
	en tekjur fóru kr. 230 429.99 fram úr fjárlagaáætlun.		
9.	Vífilsstaðabú	—	58 721.18
	af kr. 99 649.01 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
10.	Kópavogsbú	—	30 853.85
	af kr. 54 338.33 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
11.	Kleppsbú	—	5 810.70
	af kr. 9 832.23 tekjum umfram fjárlagaáætlun.		
12.	Skólabúið á Hvanneyri	—	495 596.20
	en tekjur fóru kr. 405 805.24 fram úr fjárlagaáætlun.		
		Kr.	46 235 806.26

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	8.	gr.		eru	veittar	.....	—	130 094.21
—	—	—	—	—	10.	—	I.	—	—	.....	—	2 278 881.72
—	—	—	—	—	10.	—	II.	—	—	.....	—	2 873 251.15
—	—	—	—	—	10.	—	III.	—	—	.....	—	134 479.15
—	—	—	—	—	11.	—	A.	—	—	.....	—	4 124 804.03
—	—	—	—	—	11.	—	B.	—	—	.....	—	4 019 961.17
—	—	—	—	—	11.	—	C.	—	—	.....	—	202 243.61
—	—	—	—	—	12.	—		—	—	.....	—	589 984.23
—	—	—	—	—	13.	—	A.	—	—	.....	—	5 351 310.50
—	—	—	—	—	13.	—	B.	—	—	.....	—	3 534 404.41
—	—	—	—	—	13.	—	C.	—	—	.....	—	1 091 063.57
—	—	—	—	—	13.	—	D.	—	—	.....	—	3 855 781.91
—	—	—	—	—	13.	—	E.	—	—	.....	—	430 862.35
—	—	—	—	—	13.	—	F.	—	—	.....	—	630 829.21

Til	viðbótar	við	gjöldin	í	14.	gr.	A	eru veittar	kr.	597 186.85
—	—	—	—	-	14.	—	B.	— —	—	262 751.36
—	—	—	—	-	16.	—	B.	— —	—	321 199.09
—	—	—	—	-	16.	—	C.	— —	—	92 814.46
—	—	—	—	-	16.	—	E.	— —	—	240 789.31
—	—	—	—	-	18.	—		— —	—	1 702 175.81
—	—	—	—	-	19.	—	1	— —	—	2 905 062.26
—	—	—	—	-	19.	—	2	— —	—	9 140 029.53
—	—	—	—	-	19.	—	5	— —	—	5 149 058.60
									Kr.	95 895 124.75
Til eignaaukningar samkvæmt 20. gr. Út eru veittar									—	25 896 962.00
Inn fóru kr. 67 128 439.26 fram úr fjárlagaáætlun.										
									Samtals kr.	121 792 086.75

Nd. 186. Frumvarp til laga [117. mál]

um breyting á lögum nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Flm.: Björn Pálsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda, verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta, þó þannig, að stækki meðalbúið (vísitölubúið) frá því, sem er, miðað við árið 1962—1963, þá skal reikna út þá fjárhæð, sem aukið framleiðslumagn búsins nemur. Miða skal við það verðlag landbúnaðarvara, sem í gildi er, þegar útreikningurinn fer fram. 25% af andvirði aukningar afurðamagns meðalbúsins skal bæta við kaup bóndans, og næsti verðlagsútreikningur miðist við, að bóndinn fái þá kauphækkun. Minnki afurðamagn meðalbús (vísitölubús), skal kaup bóndans lækka eftir sömu reglum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. ágúst 1963.

Greinargerð.

Í lögum um framleiðsluráð landbúnaðarins eru ákvæði um, að verð landbúnaðarafurða skuli miðast við það, að bændur hafi svipaðar tekjur og aðrar vinnandi stéttir. Í framkvæmd þýðir þetta, að bændur sem heild fá jafnmiklar tekjur, hvort sem þeir framleiða mikið eða lítið. Þeir, sem framleiða mikið, gera það á kostnað þeirra, sem hafa litla framleiðni. Þó að bændur framleiddu 25% minna en þeir gera nú, fengju þeir sama kaup samkvæmt þessum lögum, og þó að framleiðni þeirra væri 50% meiri, mundi kaup þeirra vera hið sama. Eigi framleiðni íslenzks landbúnaðar að aukast og hagur bænda að batna, verður að breyta þessu þannig, að bændur njóti þess að einhverju leyti, ef þeir með aukinni tækni eða meiri vinnu-

afköstum framleiða meira. Eigi mundi það bæta hag sjávarútvegsins, ef sjómenn fengju jafnt kaup, hvort sem þeir fiskuðu mikið eða lítið. Þróun iðnaðarins mundi ekki aukast, ef iðnrekandinn fengi sömu laun án tillits til þess, hve mikil iðnþróunin væri. Slíkt mundi valda áhugaleysi og kyrrstöðu. Sama lögmál gildir um landbúnaðinn. Hann getur ekki þróazt eðlilega, ef þeir, sem við hann vinna, njóta ekki aukinnar tækni og vinnuafkasta á einhvern hátt.

Athugun hefur farið fram á því, hve miklar hreinar tekjur bænda voru á skattskrá 1960, og reyndust þær 64 þús. kr. eða 4 þús. minni en gert var ráð fyrir af framleiðsluráði. Árið 1962—1963 er kaup bóndans áætlað 94 þús. kr., en verður tæplega meira en 90 þús. kr. Þess ber að gæta, að hér eru innifalin vinnulaun konu, að svo miklu leyti sem hún vinnur að framleiðslunni. Hér er einnig talin með vinna barna, því að fæstir munu reikna börnum kaup fyrr en eftir 14 ára aldur. Er hér um eigin sök að ræða. Bændur eiga að reikna börnum eðlilegt og sanngjarnt kaup. Á þann hátt einan geta þeir fengið út, hve miklar tekjur eru af eigin vinnu. Vinni konur og börn í kaupstöðum, eru vinnulaun ekki færð á skattskrá heimilisföður. Framleiðsluráð reiknar með, að aðkeypt vinna vísitölubúsins nemi 13 946 kr., en launatekjur og aukabúgreinar (auk garðræktar) gefi 19 580 kr. Með öðrum orðum: bóndinn á að vinna algerlega einn fyrir búinu. Við vitum, að þetta er ekki hægt. Það er ógerlegt að reka bú án aðstoðar. Þess vegna er hér um ólaunaða vinnu konu og barna að ræða.

Hin mikla atvinna við sjávarafurðir í mörgum kaupstöðum s. l. 2 ár hefur að mestu leyti farið fram hjá bændum og fjölskyldum þeirra. Ég hygg, að þeir séu nú verr launaðir en flestir aðrir, þegar alls er gætt. Með óbreyttum afurðasölulögum er og verður bændum haldið í fjárhagslegri spennitreyju. Ýmsum er að verða þetta ljóst. Einn líkti ástandinu við það að tína kartöflur í fötu í ákvæðisvinnu. Bóndinn eykur afköst sín eftir getu, en launin eru þau sömu að kveldi. Loks uppgötvar hann sannleikann. Um leið og hann eykur afköstin, stækkar fatan. Líkingin er snjöll. Það eru fleiri en þessi bóndi, sem skilja, að uppskeran er ekki í samræmi við erfiðið. Þeir, sem að landbúnaði vinna, verða að finna, að þeir njóta þess, ef vel er unnið. Með þessu frumvarpi er lagt til, að hagnaður af aukinni framleiðni skiptist að jöfnu milli framleiðanda og neytenda og bústærðin sé miðuð við árið 1962—63. Vitanlega má deila um hlutfallið og árið, sem við er miðað. En það er ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er, að bændur viti það og finni, að þeir njóti þess, ef þeir yrkja akur sinn vel.

Einyrkjabúskapur er að ýmsu leyti óhagkvæmur og óframkvæmanlegur nema fyrir þá, sem hafa óbilað vinnuþrek. Búin þurfa að stækka, svo að vélar og vinnuafl nýtist sem bezt. Til þess að það takist, þurfa tekjur að aukast í samræmi við stækkun búanna, svo að eðlilegt samræmi sé á milli uppskeru og erfiðis og bændur geti greitt börnum sínum hæfileg vinnulaun. Vera má, að einhver haldi því fram, að sé þessi lagabreyting samþykkt, verði kaup bænda hærra en annarra eftir nokkur ár. Reynist það, þá er ástæðan, að framleiðnin eykst. Bæði framleiðendur og neytendur njóta þá góðs af því. Ég álít auk þess sanngjarnt, eðlilegt og jafnvel nauðsynlegt, að bændur hafi meira en meðallaun, ef einhverjir eiga að fást til að búa. Sjómaðurinn vinnur vel, en hann hefur þó oft 2—4 mánaða frí á ári. Skrifstofu- og verzlunarfólk hefur rífleg helgarfrí og hóflegan vinnudag. Fjölskyldur bænda þurfa að vinna meira og minna alla daga ársins, hafa oft lengri vinnudag en almennt gerist og neita sér yfirleitt um alla óþarfa eyðslu. Tekjuafgangi, ef um hann er að ræða, er oftast varið til umbóta á jörðunum. Bændur eiga því skilið, að eðlilegt samband sé milli sáningar og uppskeru.

Það lætur nærri, að 50% af framleiðslukostnaði meðalbús séu rekstrarvörur og 50% vinna. Er því eðlilegt að miða við það hlutfall, þó að búin stækki. Það þarf meiri áburð, fullkomnari vélar og betri peningshús, ef framleiðslan á að aukast.

Eigi aukin framleiðni að bæta hag neytenda og framleiðenda að jöfnu, ber því bændum að fá 25% af framleiðsluaukningu meðalbús í sinn hlut, og gagnstætt, ef framleiðslan minnkar.

Nd. 187. Frumvarp til laga [118. mál]

um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

I. KAFLI
Rannsóknaráð ríkisins.

1. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Í Rannsóknaráði skulu eiga sæti 17 menn.

Á fyrsta þingi eftir hverjar almennar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi 5 alþingismenn og jafn marga alþingismenn til vara í Rannsóknaráð. Aðra fulltrúa í Rannsóknaráði skipar menntamálaráðherra til fjögurra ára í senn, svo sem hér segir:

Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Búnaðarfélags Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu stjórnar Fiskifélags Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu Iðnaðarmálastofnunar Íslands.

Einn samkvæmt tilnefningu Seðlabanka Íslands. Skal hann hafa lokið háskólaprófi í hagfræði.

Einn samkvæmt tilnefningu Raforkuráðs og raforkumálastjóra sameiginlega.

Þrjá samkvæmt tilnefningu háskólaráðs, og skulu þeir hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Þrjá fyrir hagnýtar rannsóknir samkvæmt sameiginlegri tilnefningu stjórna eftirtalinna rannsóknastofnana:

Rannsóknastofnunar byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnunar iðnaðarins, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunarinnar.

Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Sömu aðilar tilnefna varamenn.

Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann Rannsóknaráðs.

3. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er ráðgjafarstofnun, sem vinnur að eflingu hagnýtra rannsókna í landinu, en einnig að eflingu undirstöðurannsókna, að því leyti sem þau verkefni eru eigi í höndum Háskóla Íslands, og þá jafnan í fullu samráði við hann.

4. gr.

Rannsóknaráð kýs úr sínum hópi 5 manna framkvæmdanefnd, sem í umboði Rannsóknaráðs gerir tillögur um þau málefni, sem því eru falin í lögum þessum. Í framkvæmdanefndinni skulu ekki sitja starfsmenn eða meðlimir stjórna eða fastanefnda við rannsóknastofnanir, sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi

við tillögur nefndarinnar um fjárframlög til rannsókna. Nefndin kýs sér formann. Ráðherra ákveður laun hennar.

5. gr.

Rannsóknaráð skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um rannsóknamál. Það skal gera hlutaðeigandi ráðuneyti aðvart um rannsóknaverkefni, er það telur að sinna ætti. Rannsóknaráð skal hafa samstarf við rannsóknastofnanir. Skylt er þeim stofnunum og einstaklingum, sem fá framlag úr ríkissjóði til rannsókna, að láta Rannsóknaráði ríkisins í té upplýsingar og hafa samstarf við það, þegar þess er óskað og við verður komið.

6. gr.

Menntamálaráðherra skipar framkvæmdastjóra Rannsóknaráðs, að fengnum tillögum ráðsins. Sérfræðinga við Rannsóknaráð skipar menntamálaráðherra að fengnum tillögum framkvæmdanefndar. Framkvæmdanefnd ræður annað starfslið. Framkvæmdastjóri annast daglegar framkvæmdir Rannsóknaráðs, fjárreiður þess og reikningsskil. Hann tekur laun samkvæmt V. flokki launalaga. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

7. gr.

Rannsóknaráð skal koma saman ekki sjaldnar en tvisvar á ári. Ráðið er ólaunað. Það heldur gjörðabók um störf sín. Reikningar þess skulu endurskoðaðir árlega af ríkisendurskoðuninni, og skýrslu um störf Rannsóknaráðs skal senda menntamálaráðuneytinu að loknu hverju reikningsári, svo og samrit af reikningum ráðsins.

8. gr.

Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náið samstarf við hinar ýmsu rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og gera tillögur til úrbóta, ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt.
2. Athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, enda skulu allar tillögur um nýjungar á sviði atvinnuvega og atvinnugreina, sem berast ríkisvaldinu, sendar ráðinu, og skal það beita sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun þeirra, ef það telur þess þörf.
3. Gera tillögur um framlög ríkisins til rannsóknamála og fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknastofnana, sem lög þessi ná til.
4. Öflun fjármagns til rannsóknastarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og tillögugerð um skiptingu þess á milli rannsóknastofnana og rannsóknaverkefna.
5. Að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé og hlutast til um að niðurstöður séu kynntar. Rannsóknaráð semur árlega skýrslu um rannsóknastarfsemina í landinu.
6. Að stuðla að söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Upplýsingum þessum skal komið á framfæri við rannsóknastofnanir.
7. Að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum með kynningastarfsemi og upplýsingaþjónustu.
8. Samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.
9. Önnur þau verkefni, sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

II. KAFLI
Rannsóknastofnanir.

9. gr.

Á vegum ríkisins skulu starfræktar eftirtaldar rannsóknastofnanir eftir því sem nánar er kveðið á í lögum þessum.

Hafrannsóknastofnunin.
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.
Rannsóknastofnun landbúnaðarins.
Rannsóknastofnun iðnaðarins.
Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

Ráðherra getur að fengnum tillögum Rannsóknaráðs ríkisins og með samþykki Alþingis stofnsett rannsóknastofnanir, sem vinni að öðrum verkefnum en greinir í III. til VII. kafla laga þessara.

III. KAFLI
Hafrannsóknastofnunin.

10. gr.

Framkvæmdastjóri deildarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri deildarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Hún er framkvæmdastjóranum til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun deildarinnar. Nefndin er ólaunuð. Stjórn stofnunarinnar getur fjölgað mönnum í ráðgjafanefndinni með samþykki nefndarinnar.

XVIII. KAFLI
Fjármál.

50. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Skattar, sem fást með álagningu á framleiðsluvörur sjávarútvegsins, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins, samkv. 1. lið, skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkv. 5. lið.

51. gr.

Rannsóknastofnun sjávarútvegsins skal hafa yfirstjórn fiskrannsóknaskipa, sem kunna að vera í eigu ríkisins. Stofnunin er eigandi hússins Skúlagötu 4, Reykjavík.

VI. FLOKKUR

XIX. KAFLI

Almenn ákvæði.

52. gr.

Þær stofnanir, sem um getur í lögum þessum, skulu eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi þeirra.

53. gr.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af þriðja aðila, nema með samþykki hans. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

54. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi stofnananna má setja með reglugerðum. Þar á meðal er heimilt að ákveða breytingu á verksviðum einstakra stofnana.

55. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940 um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

56. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

GREINARGERÐ MEÐ FRUMVARPI TIL LAGA UM RANNSÓKNIR Í ÞÁGU ATVINNUVEGANNA

1. Inngangur.

Á Alþingi 20. apríl 1955 var samþykkt þingsályktun um kosningu milliþinganefndar til að gera tillögur um nýjar atvinnugreinar og hagnýtingu náttúruauðæfa. Nefnd þessi hlaut nafnið Atvinnumálanefnd ríkisins. Í nefndina voru kjörnir eftirtaldir menn:

Davíð Ólafsson, fiskimálastjóri.
Eggert Þorsteinsson, alþingismaður.
Einar Olgeirsson, alþingismaður.
Hermann Jónasson, alþingismaður.
Jóhann Jakobsson, verkfræðingur.
Magnús Jónsson, alþingismaður.
Vilhjálmur Þór, bankastjóri.

Formaður nefndarinnar var kjörinn Hermann Jónasson, en ritari Jóhann Jakobsson. Framkvæmdastjóri var ráðinn Þorbjörn Sigurgeirsson, eðlisfræðingur, framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins. Í lok ársins 1956 vék Hermann Jónasson, sem þá var orðinn forsætisráðherra, úr nefndinni, en hans sæti tók Runólfur Þórðarson, verksmiðjustjóri Áburðarverksmiðjunnar h.f. Í stað Hermanns Jónassonar var Vilhjálmur Þór kosinn formaður nefndarinnar. Þorbjörn Sigurgeirsson lét af störfum sem framkvæmdastjóri í lok ársins 1957, er hann var skipaður prófessor við Háskóla Íslands, en í hans stað var ráðinn Steingrímur Hermannsson, verkfræðingur, sem þá var orðinn framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins.

Í fyrrnefndri þingsályktun segir svo m. a.:

„Þá skal nefndin gera tillögur um, hvernig bezt verði til frambúðar skipulögð og samræmd starfsemi þeirra rannsóknastofnana, sem nú vinna að rannsóknum á náttúruauði landsins, og leita úrræða til að auka og endurbæta afköst í ýmsum atvinnugreinum. Skal nefndin endurskoða gildandi lagaákvæði um þessar stofnanir.“

Í samræmi við þetta skrifaði nefndin, snemma á árinu 1956, 23 aðilum og óskaði umsagnar þeirra um nauðsyn á endurskoðun rannsóknarstarfseminnar í landinu og tillagna til úrbóta. Svör bárust frá 11 þessara aðila, og voru allflestir sammála um það, að nauðsynlegt væri að endurskipuleggja rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Á grundvelli þeirra upplýsinga og álita, sem fengust, hóf nefndin, á árinu 1958, að endurskoða lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Nefndin fól þeim Davíð Ólafssyni, Einari Olgeirssyni, Jóhanni Jakobssyni og Runólfi Þórðarsyni að vinna að þessu máli ásamt framkvæmdastjóra nefndarinnar. Már Elísson, hagfræðingur, mætti fyrir Davíð Ólafsson og Þorbjörn Sigurgeirsson, prófessor, fyrir Einar Ólgeirsson. Rætt var við ýmsa menn, sem þessum málum eru kunnugir, og gerð voru mörg drög að lögum, sem borin voru undir viðkomandi aðila. S. l. sumar gekk nefndin svo frá uppkasti að frumvarpi til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Það var sent 49 aðilum til umsagnar. Nefndinni bárust 24 skrifleg svör, en nokkrir aðilar svöruðu sameiginlega og aðrir munnlega, þannig að segja má, að alls hafi rúmlega 30 aðilar svarað.

Við afgreiðslu málsins klofnaði nefndin í tvo hluta. Meiri hluti nefndarinnar, þeir Davíð Ólafsson, Eggert Þorsteinsson, Runólfur Þórðarson, Jóhann Jakobsson, Magnús Jónsson og Vilhjálmur Þór, hafa með hliðsjón af þeim umsögnum, sem bárust, gengið frá þessu frumvarpi til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Einn nefndarmanna meirihlutans, Eggert Þorsteinsson, hefur gert sérstakan fyrirvara um fáein atriði frumvarpsins, og fylgja athugasemdir hans í lok greinargerðarinnar.

Minnihluti nefndarinnar, Einar Olgeirsson, skilar séráliti.

Þeir aðilar, sem að þessu máli unnu, sátu alls 90 fundi, en atvinnumálanefndin sjálf 18 fundi vegna samnings þessa frumvarps.

2. Almennar upplýsingar um rannsóknastarfsemi á Íslandi.

Gildandi lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna hér á landi voru sett árið 1940. Það eru lögin um náttúrurannsóknir nr. 68 og lögin um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins nr. 64. Samkvæmt þessum lögum eru rannsóknir í þágu atvinnuveganna í höndum Rannsóknaráðs ríkisins og atvinnudeildar háskólans ásamt tilraunaráðum jarðræktar og búfjárræktar. Síðan þessi lög voru sett hafa orðið stórkostlegar framfarir í atvinnuvegum öllum og tækni, og hafa fyrrgreindir aðilar ekki haft aðstöðu til að fullnægja þörf atvinnuveganna fyrir rannsóknastarfsemi.

Af öðrum aðilum, sem sinna að einhverju leyti rannsóknum vegna atvinnuveganna, má nefna:

Rannsóknastofu Fiskifélags Íslands, sem starfar að rannsóknum á sviði fiskiðnaðarins, jarðhitadeild raforkumálastjóra, sem er með rannsóknir í sambandi við nýtingu jarðhitans, Verkfæranefnd ríkisins, sem gerir tilraunir með landbúnaðarvélar, o. fl. smærri aðila.

Undirstöðurannsóknir hafa fyrst og fremst verið í höndum Háskóla Íslands og Náttúrugripasafnsins. Háskólinn rekur tilraunastöð í meinafræði að Keldum og eðlisfræðistofnun. Auk þess er nokkuð unnið að undirstöðurannsóknum við fiskideild og landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans og lítils háttar hjá öðrum aðilum í sambandi við önnur meginverkefni.

Eins og fyrr segir, er rannsóknastarfsemin hér á landi alls kostar ófullnægjandi í þeirri hröðu þróun í tækni og vísindum, sem nú á sér stað í heiminum. Mjög skortir á eflingu og samræmingu rannsóknastarfseminnar, enda hefur ekki skapazt sú samstaða ríkisvaldsins, vísindamanna og atvinnuvega, sem er talin nauðsynleg til þess að skapa samstarf og fá yfirsýn yfir rannsóknastarfsemina og almenna þróun og þörf atvinnuveganna, þannig að marka megi heildarstefnu á þessu sviði, eins og aðrar þjóðir leggja megináherzlu á.

Rannsóknastarfsemin er á sumum sviðum óeðlilega dreifð. Þannig fá nú að minnsta kosti 8 aðilar fjárveitingar úr ríkissjóði til rannsókna á sviði landbúnaðarins, án þess að nokkur samræming sé tryggð.

Loks má benda á þá staðreynd, að meginhlutinn af starfsemi sumra rannsóknastofnana fer í þjónustu með rannsóknum á sýnishornum eða aðra aðstoð við atvinnuvegina, sem alls ekki getur talizt uppbyggjandi rannsóknastarfsemi. Þannig er áætlað, að 80% af starfsemi iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans sé þjónusta.

Þetta ástand veldur því, að lítil eða engin rannsóknastarfsemi á sér stað á ýmsum afar mikilvægum sviðum atvinnulífsins. Til dæmis eru engar rannsóknir framkvæmdar í þeim tilgangi að lækka byggingakostnað, þrátt fyrir þá staðreynd, að meðalíbúð kostar hér fimm til sexfalt meðalárskaup launþega, sem er helmingi meira en til dæmis í Bandaríkjunum, miðað við samsvarandi laun þar. Þetta kostar þjóðarbúið tugi, ef ekki hundruð milljónir árlega. Nefna mætti allmargar framkvæmdir, sem miklu fjármagni hefur verið varið í, oftast með verulegri ríkisaðstoð, en reynzt hafa óarðvænlegar, enda ákveðnar án nauðsynlegra og eðlilegra rannsókna. Þessar starfsaðferðir valda þjóðinni ómetanlegu tjóni.

Það sem einkum hefur háð rannsóknastarfseminni, er skortur á samstarfi og samræmingu og alltof lítið fjármagn, eins og rakið mun verða seinna í þessari greinargerð, þar sem gerður er samanburður á fjármagni til rannsókna hér á landi og í nokkrum öðrum ríkjum. Í þessu frumvarpi er leitazt við að endurskipuleggja rannsóknastarfsemina, og er þess þá vænzt, að fást muni til hennar aukið fjármagn, enda er bent á ýmsar leiðir í þeim tilgangi.

3. Um þróun rannsókna erlendis.

Flestar þjóðir heims hafa nú að mestu lokið endurbyggingu mannvirkja úr rústum síðustu heimsstyrjaldar. Víða varð að endurreisa heilar borgir og stórar verksmiðjur, skóla og vísindastofnanir. Til þess að þetta væri hægt á sem skemmstum tíma, var nauðsynlegt að taka í þjónustu framkvæmdanna hvers konar nýjungar og stórkostlega aukna framleiðni. Það kom nú að góðum notum, að í síðustu heimsstyrjöld var varið mjög miklu fjármagni til rannsókna og sköpunar á nýrri tækni. Árangurinn varð svo góður, að stórþjóðirnar ákváðu að minnka ekki fjármagn það, sem þær vörðu til rannsókna og leit að nýjungum, heldur tóku þær að auka slíkt í stórum stíl.

Margir hafa viljað líkja þessum árum frá síðustu heimsstyrjöld við aðra iðnbyltingu. Það er rétt, að stórkostlegar breytingar urðu. Iðnaðurinn varð fullkomlega að endurskipuleggjast til þess að mæta kröfum nýrrar tækni. Fyrst var hafin fjöldaframleiðsla, nú sjálfvirk framleiðsla, og fyrir dyrum stendur enn stærri breyting með nýtingu atomorkunnar.

Margir gera sér ekki fulla grein fyrir þeirri breytingu, sem orðið hefur, og þó er hún allt í kringum okkur. Lífsskilyrði eru nú allt önnur en á dögum feðra okkar. Flutningstæki hafa gjörbreytzt og heimurinn orðið lítill. Hraði breytinganna hefur orðið stórkostlegur síðustu árin, og allt bendir til þess, að hraði þeirra muni enn aukast á næstu árum.

Við nánari athugun kemur í ljós, að þessi stórkostlega aukni hraði þróunarinnar á ekki sízt rætur sínar að rekja til mjög stytts sköpunartíma nýrra uppfinninga og tækni. Á síðustu öld tók það merkar uppgötvanir áratugi að verða að raunveru-

leika. Nú tekur slíkt aðeins örfá ár. Gott dæmi er kjarnorkusprengjan, sem varpað var á Japan. Aðeins liðu fáein ár frá því að sú undirstöðuuppgötvun var gerð, sem sprengjan byggðist á, þar til henni var varpað. Þessi hraða þróun veldur því, að um helmingur alls vinnandi fólks í Bandaríkjunum starfar við framleiðslu og dreifingu á vörum, sem óþekktar voru fyrir 50 árum. Hraði þessarar þróunar mun enn aukast, og er því spáð, að eftir 25 ár muni aftur helmingur alls vinnandi fólks í Bandaríkjunum vinna við framleiðslu sem óþekkt er í dag.

Þjóðirnar eiga ekki um nema tvennt að velja. Annars vegar að dragast aftur úr og lifa innan tiltölulega fárra ára við lífsskilyrði, sem munu teljast frumstæð á mælikvarða nágrannans. Hins vegar að endurskipuleggja sitt kerfi með það fyrir augum að geta nýtt sem fyrst hvers konar nýjungar á sviði framleiðslu og tækni til endurbóta fyrir þjóðarbúskapinn og lífsskilyrði öll.

Þessi þróun er raunar augljós í dag. Stórþjóðirnar, Bandaríkin og Sovétríkin, kappkosta að skapa nýja þekkingu og tækni. Í dag verja Bandaríkjamenn um það bil fimm sinnum meiru í rannsóknir en þeir gerðu fyrir átta árum, og ekki er að efa, að átak Sovétríkjanna á þessu sviði hefur verið sízt minna. Sagt er, að vísindamenn og verkfræðingar þar fái næstum ótakmarkað fjármagn til rannsókna og tilrauna. Evrópuþjóðirnar hafa gert sér grein fyrir þessari þróun. Þær hafa hópazt saman. Sameinaðar geta þær fremur keppt við framfarir stórþjóðanna.

Efnahagssamvinnustofnun Evrópu hefur látið þróun rannsókna í meðlimaríkjum sínum mjög til sín taka. Árið 1951 gerði stofnunin út mikinn leiðangur til þess að kanna skipulag hagnýtra rannsókna í löndum V.-Evrópu og N.-Ameríku. Sérstaklega var lögð áherzla á að kanna, hvernig hagnýtar rannsóknir stuðluðu að aukinni framleiðslu og þjóðarauði. Niðurstöður þessarar athugunar komu út árið 1954.

Árið 1959 beitti Efnahagssamvinnustofnunin sér enn fyrir athugun á rannsóknastarfsemi í V.-Evrópu. Til þess var nú valinn þekktur stjórnmálamaður, Mr. Wilgress, sem verið hafði formaður kanadísku sendinefndarinnar til Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Verkefni Mr. Wilgress var:

1. Að ræða við ríkisstjórnir og fulltrúa ríkisstjórna, vísinda og atvinnuvega um það, sem gert hefur verið, eða áætlað er að gera til þess að auka vísindalega og tæknilega þekkingu hvers meðlimaríkis.
2. Að koma valdamönnum í skilning um miklivægi vísindalegra rannsókna og tæknilegra nýjunga fyrir þjóðarbúskapinn.
3. Að mæla með ákveðnum framkvæmdum innanlands og milli ríkja, til að auka tæknilega þekkingu og leggja áherzlu á sameiginleg átök til að tryggja betri nýtingu.

Mr. Wilgress heimsótti öll meðlimaríki Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, nema Ísland, og liggja nú fyrir frumdrögin að skýrslu hans.

Hingað kom í desember s. l. Dr. Alexander King, einn af forstöðumönnum framleiðniráðs Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu. Dr. King, sem er einn af forustumönnunum í því starfi stofnunarinnar að auka sem mest rannsóknastarfsemi meðlimaríkjanna, veitti hér mikilvægar upplýsingar um þróun rannsókna í öðrum löndum og gerði ýtarlegar skriflegar athugasemdir við uppkast það að þessu frumvarpi, sem leitað var umsagnar um.

Nefndin hefur leitazt við að kynna sér starfsemi Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu á sviði skipulagningar rannsóknastarfseminnar og hefur haft hliðsjón af þróun þeirra mála erlendis. Hér verða ekki rædd þau mörgu atriði, sem fram koma í skýrslum frá stofnuninni, en aðeins minnzt á fáeinar niðurstöður:

1. Öll lönd ættu að leggja sérstaka áherzlu á að móta heildarstefnu í rannsóknamálum. Mynda þarf rannsóknaráð, sem aðstoða ríkisstjórnir og Alþingi við að gera slíka heildaráætlun. Ríkisvaldið verður að gera sér ljósa nauðsyn rannsókna og vísinda fyrir framtíð landsins og tryggja sem beztar leiðbeiningar á þessu sviði með það fyrir augum að marka heildarstefnuna. Slík rannsóknastefna eða áætlun verður að miðast við það að verja í vaxandi mæli fjármagni til rann-

sókna, þannig að hundraðshlutinn af þjóðarframleiðslunni, sem varið er í þessum tilgangi, aukist. Talið er, að tveir af hundraði af þjóðarframleiðslunni sé lágmark.

2. Þó að auka beri mjög alla rannsóknastarfsemi, er rétt að leggja sérstaka áherzlu á hagnýtar rannsóknir og á það að stytta þann tíma, sem fer í að innleiða nýjungar á meðal atvinnuveganna. Eitt mesta vandamálið er að gera hinum mörgu litlu og meðalstóru fyrirtækjum í atvinnuvegunum ljóst, hve mikilvæg vísinda- og rannsóknastarfsemin er. Hér þarf kynningarstarfsemi, sem ber að leggja mikla áherzlu á. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að veita atvinnuvegunum tækifæri til rannsókna, m. a. þannig:
   a) Þátttaka í rannsóknastarfsemi á samvinnugrundvelli innan hvers atvinnuvegar.
   b) Tækifæri til að semja um og kosta ákveðnar rannsóknir hjá rannsóknastofnunum.
   c) Stofnun eigin rannsóknastofnana á vegum stærri fyrirtækja.

Að lokum undirstrikar Mr. Wilgress eftirfarandi niðurstöðu sína:

„Sérstaklega verður ríkisvaldið að gera sér grein fyrir því, að fjárveiting til vísinda er nokkurs konar fjárfesting í þjóðarbúskapnum og beztur árangur mun fást, ef fjármálaeftirlit og skriffinnska fær ekki að standa í vegi fyrir þeim, sem eru ábyrgir fyrir framkvæmd stefnunnar í rannsóknamálum.“

Við samning þessa frumvarps hefur verið höfð hliðsjón af meðmælum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu og almennri þróun rannsóknastarfseminnar í öðrum löndum.

4. Um skipulag rannsókna í nokkrum löndum Evrópu.

Eins og fyrr er sagt, hefur skipulagi rannsókna víða í Evrópu verið gjörbreytt á síðustu árum og rannsóknastarfsemi öll stórlega aukin. Til samanburðar við það, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, þykir rétt að minnast hér aðeins á skipulag rannsókna í þeim löndum Evrópu, sem einna bezt þykja hafa ráðið þeim málum, samkvæmt þeim upplýsingum frá Efnahagssamvinnustofnun Evrópu, sem fyrr er minnzt á.

Holland.

Á árunum eftir fyrri heimsstyrjöld dróst rannsóknastarfsemi Hollendinga mjög aftur úr, en árið 1932 lögðu þeir grundvöllinn að skipulagningu hagnýtra og vísindalegra rannsókna sinna með þeim ágætum, að Mr. Wilgress segir í skýrslu sinni, að erfitt sé að sjá, hvernig hægt sé að gera meira fyrir rannsóknir en nú er gert þar.

Hagnýtar rannsóknir ríkisins, eða rannsóknir, sem styrktar eru af ríkinu, eru í höndum stofnunar, sem kölluð er Central National Organization for Applied Scientific Research (T.N.O.). Stofnunin samanstendur af yfirstjórn (Central National Council) og fimm sérstökum rannsóknaráðum. Meðlimir yfirstjórnarinnar eru skipaðir af konungi, en til þess að fyrirbyggja pólitísk áhrif og sérhagsmunaáhrif eru þeir valdir af tveimur hlutlausum aðilum, Vísindaakademíunni í Amsterdam og Þjóðhagsráðinu í Haag. Í þessari yfirstjórn eru 26 menn, og er þess gætt að hafa nokkurn veginn jafnmarga fulltrúa raunvísinda og fulltrúa atvinnuvega og ríkisvalds.

Hin sérstöku rannsóknaráð eru á sviði iðnaðar, hagnýtingu matvæla, landbúnaðar, hervarna og heilbrigðismála. Meðlimir þeirra eru skipaðir samkvæmt tillögum vísindastofnana annars vegar og hins vegar samtökum vinnuveitenda og vinnuþega.

Undir umsjá hinna sérstöku rannsóknaráða er mikill fjöldi rannsóknastofnana. Hver rannsóknastofnun hefur sína eigin stjórn, sem er samansett til helminga af fulltrúum vísinda og fulltrúum atvinnuvega til að tryggja samvinnu á milli þessara aðila. Auk stjórnar hefur hver rannsóknastofnun tíu til tuttugu manna ráðgjafarráð.

T.N.O. hefur lagt sérstaka áherzlu á samvinnu ríkis og atvinnuvega við rannsóknarstarfsemi. Um það bil ⅔ af fjármagni stofnunarinnar kemur frá ríkinu, en ⅓ frá atvinnuvegunum.

Samkvæmt skýrslum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu er fyrirkomulag rannsókna í Hollandi með ágætum. Eitt aðaleinkenni skipulagsins er talið vera það sjálfstæði, sem rannsóknastarfsemin nýtur. Stofnunin getur sjálf ákveðið kjör og nýtur fullkomins sjálfstæðis við ráðningu starfsliðs. Lögð er sérstök áherzla á samvinnu vísinda, atvinnuvega og ríkisvalds. Sú almenna regla gildir í ráðum og nefndum T.N.O., að þar sé nokkurn veginn jafnmikill fjöldi fulltrúa vísindanna og fulltrúa atvinnuvega og ríkisvalds.

Noregur.

Um skipulag rannsókna í Noregi segir Mr. Wilgress í skýrslu sinni:

„Hið almenna skipulag vísindalegra rannsókna í Noregi er það gott, og samvinna á milli ríkisvaldsins, atvinnuveganna og vísindanna er í svo góðu jafnvægi, að ekki virðist vera ástæða til þess að gera athugasemdir til endurbóta."

Fyrir utan rannsóknastarfsemina í háskólanum eru rannsóknir ríkisins fyrst og fremst í höndum eftirtalinna þriggja rannsóknaráða:

1. Norges Teknisk-Naturvitenskapelige Forskningsråd, stofnsett 1944. Meðlimir þessa ráðs eru 26 að tölu, 6 fulltrúar ríkisstjórnarinnar, 10 frá iðnaðinum og 10 frá vísindastofnunum. Ráðið styður að hagnýtum vísindum og tækniannsóknum á eftirfarandi hátt:
   a) Með því að koma á fót rannsóknastofnunum.
   b) Með því að gera samninga um rannsóknir við þær rannsóknastofur, sem fyrir eru.
   c) Með því að styrkja rannsóknastarfsemi prófessora við tækniháskólana.
2. Norges almenvitenskapelige Forskningsråd, stofnsett 1949. Hlutverk þessa ráðs er að stuðla að eflingu undirstöðuvísinda. Meðlimir þess eru 32, fulltrúar vísindastofnana og ráðuneyta.
3. Norges landbruksvitenskapelige Forskningsråd, stofnsett 1949. Meðlimir þessa ráðs eru 29, 4 frá landbúnaðarráðuneytinu, 1 frá fjármálaráðuneytinu og hinir frá ýmsum stofnunum og samtökum landbúnaðarins.

Til þess að samræma starfsemi þessara þriggja rannsóknaráða var, árið 1949, stofnsett Forskningsrådenes fellesutvalg. Meðlimir þess eru 11, 3 meðlimir stjórnardeilda, 3 meðlimir almenna rannsóknaráðsins og 2 frá hvoru hinna ráðanna og sérstakur forseti ráðsins. Aðalhlutverk þessa ráðs er að vera sameinandi þáttur varðandi mál, er snerta hin ráðin sameiginlega og annast skiptingu þess fjármagns, sem fæst með getraunum.

Af ofangreindum rannsóknaráðum er starfsemi Norges Teknisk-Naturvitenskapelige Forskningsråd langsamlega víðtækust. Rannsóknaráð þetta hefur sett á stofn margar rannsóknastofnanir á hinum ýmsu sviðum atvinnuveganna. Starfsemin hefur aukizt stórlega með hverju ári. Fyrir nokkrum árum fékk rannsóknaráð þetta til umráða landssvæði í útjaðri Osló, og er nú verið að ljúka þar byggingu fullkomins rannsóknahverfis. Á svæðinu verða meira en 15 rannsóknastofnanir.

Rannsóknastarfsemin í Noregi er kostuð af ríkinu, af atvinnuvegunum og með sérstökum knattspyrnugetraunum. Árið 1951—52 fékk Norges Teknisk-Naturvitenskapelige Forskningsråd 1 millj. norskra króna frá ríkinu, 2.8 millj. frá knattspyrnugetraununum og 1.5 millj. frá iðnaðinum.

Eins og fyrr segir, er fyrirkomulag rannsókna í Noregi talið mjög athyglisvert og til fyrirmyndar. Lögð hefur verið sérstök áherzla á samvinnu ríkisvaldsins, vísindanna og atvinnuveganna. Rannsóknaráðin eru, eins og í Hollandi, mjög óháð afskiptum ríkisvaldsins, og tryggt hefur verið til þeirra fjármagn í stórauknum mæli með hverju ári. Norðmenn telja eðlilegt að verja um tveimur af hundraði af þjóðartekjum sínum til rannsókna. Það er enginn vafi, að við Íslendingar getum lært mikið af Norðmönnum í þessu efni.

Danmörk.

Danir hafa stórlega aukið rannsóknastarfsemi sína á árunum frá síðustu heimsstyrjöld. Danska ríkið veitti t. d. nýlega sérstaka fjárveitingu, að upphæð 10 millj. danskar krónur, sem skal varið til eflingar hagnýtra rannsókna.

Danska Vísindaakademían, stofnsett 1937, er óháð stofnun, sem hefur það hlutverk að vinna að eflingu og samræmingu tæknilegra og vísindalegra rannsókna og stuðla að hagnýtingu á niðurstöðum slíkra rannsókna til hagsbóta fyrir atvinnulíf þjóðarinnar. Meðlimafjöldi er takmarkaður við 200 menn. Akademían skiptist í 8 deildir.

Vísindaakademían hefur haft forgöngu um stofnun ýmissa rannsóknastofnana, bæði á sviði hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna. Flestar þessar stofnanir fá nokkuð fé frá ríkinu, en eru annars kostaðar af samtökum iðngreina þeirra, sem þær vinna fyrir, og ýmsum sjóðum.

Rannsóknaráð fyrir teknisk vísindi var stofnsett árið 1946. Í þessu ráði eru 14 meðlimir, og eru 9 þeirra frá Vísindaakademíunni, en 5 skipaðir af forsætisráðuneytinu þar af 2 fulltrúar ríkisstjórnarinnar og 1 samkvæmt tilnefningu eftirtalinna samtaka:

Iðnrekendasambandsins, Landbúnaðarráðsins og Framkvæmdanefndar verkalýðssamtakanna. Verkefni rannsóknaráðsins er takmarkað við það, að hafa með höndum skiptingu þess fjármagns, sem ríkið leggur til rannsóknanna.

Nú stendur fyrir dyrum endurskipulagning rannsóknastarfseminnar, og er þá fyrst og fremst um að ræða endurskipulagningu rannsóknaráðsins og starfssviðs þess.

Bretland.

Bretar hafa nýlega endurskipulagt yfirstjórn rannsóknastarfsemi sinnar, sem stendur þó á gömlum merg. Skipaður hefur verið sérstakur ráðherra vísinda og tækni. Honum til ráðuneytis er ráðgjafarráð, sem í eiga sæti 15 raunvísindamenn, 5 frá atvinnuvegunum, 5 ráðgjafar rannsóknastofnana ríkisins og 5 óháðir prófessorar.

Ráðherra vísinda annast yfirstjórn ráðuneytis vísindalegra og hagnýtra rannsókna. Ráðuneytið hefur þrjú meginverkefni:

a) Að veita styrki til rannsókna.
b) Að annast yfirstjórn rannsóknastofnana ríkisins, sem eru 14 að tölu.
c) Að taka þátt í stofnun rannsóknastofnana með atvinnuvegunum á samvinnugrundvelli. 46 slíkar samvinnustofnanir hafa verið settar á stofn, og kemur um 40 af hundraði af fjármagni til þeirra frá ríkinu.

Bretar hafa stórlega aukið fjárframlag sitt til rannsókna og hafa aukið sjálfstæði rannsóknastarfseminnar. Þannig fær ráðuneyti vísindalegra og hagnýtra rannsókna yfirleitt fjárveitingu til margra ára og í einni heildarupphæð. Til dæmis nam síðasta fimm ára fjárveiting ríkisins til ráðuneytisins sextíu milljónum punda. Árið 1948 settu Bretar á stofn sérstaka stofnun til þess að hraða nýtingu á niðurstöðum rannsókna á meðal atvinnuveganna. Hún fékk fyrst fjárveitingu að upphæð fimm milljónir punda, en þetta var síðan aukið í tíu milljónir punda.

Rannsóknir Breta eru taldar einhverjar þær fremstu í Evrópu, enda nálgast þeir það nú að verja tveimur af hundraði af þjóðartekjum sínum til rannsóknastarfsemi.

Frakkland.

Frakkar hafa nýlega endurskipulagt yfirstjórn rannsóknastarfseminnar. Æðsta stjórn er í höndum ráðherranefndar. Forsætisráðherra er formaður nefndarinnar, og í henni eiga sæti sex aðrir ráðherrar, auk fulltrúa atvinnuveganna.

Þessari æðstu yfirstjórn til ráðuneytis er ráðgjafanefnd, sem í eiga sæti tólf mikls metnir vísindamenn.

Belgía.

Belgíumenn eru að endurskipuleggja sína rannsóknastarfsemi. Verið er að setja á stofn almennt rannsóknaráð, og ákveðið er að auka stórlega framlag til rannsókna. Ríkið ver nú 1 200 000 000 franka árlega til rannsókna. Þetta á að auka um 1 000 000 000 í ár og síðan um 3000 000 000 franka árlega í tíu ár.

Gefa mætti fleiri dæmi um skipulag rannsókna í Evrópu. Þetta verður þó að nægja til þess að sýna, hve mikið kapp er nú lagt á endurskipulagningu þessara mála. Allar menningarþjóðir kappkosta að auka sem mest rannsóknastarfsemina og tilraunir með nýjungar til uppbyggingar fyrir þjóðarbúskapinn.

5. Um fjármagn til rannsókna á Íslandi og samanburður við nokkur önnur lönd.

Rannsóknaráð ríkisins hefur nýlega látið athuga, hve mikið fjármagn fer til rannsóknastarfsemi hér á landi. Leitað var upplýsinga hjá 41 stofnun og fyrirtæki og úr þeim unnið af Glúmi Björnsyni, hagfræðingi. Að þjónustu undanskilinni var á árinu 1957 varið um 15 000 000 kr. til rannsóknastarfsemi hér á landi, auk stofnkostnaðar, sem var áætlaður um kr. 1.5 millj. Þetta skiptist þannig:


Almennar rannsóknir	kr.	0.8	millj.
Landbúnaður	—	3.5	—
Sjávarútvegur	—	5.6	—
Iðnaður	—	1.3	—
Orkumál	—	3.1	—
Ýmislegt ótalið (5%)	—	0.7	—

Þessi athugun leiddi einnig í ljós, að langsamlega mestur hlutinn af því fjármagni ,sem til rannsóknastarfsemi fer, er ríkisfé. Í iðnaðinum fundust t. d. aðeins þrjú fyrirtæki, sem verja nokkru fjármagni til rannsóknastarfsemi. Eitt þessara fyrirtækja telur sig verja nálægt 3 af hundraði af heildarsölu sinni til rannsókna. Fyrirtækið telur þennan þátt starfseminnar mjög arðvænlegan. Stórlega þarf að auka þátttöku atvinnuveganna í rannsóknastarfseminni.

Af þessu sést, að varið var til rannsókna hér á landi árið 1957 aðeins rúmlega 0.3 af hundraði af þjóðarframleiðslunni. Í flestum löndum Evrópu og í Norður-Ameríku er talið nauðsynlegt að verja til rannsóknastarfsemi að minnsta kosti 2 af hundraði af þjóðarframleiðslu. Í þessum löndum er nú unnið ötullega að því að auka rannsóknastarfsemina, sem mest. Íslendingar eru því mjög langt frá þessu marki, og þarf að margfalda það fjármagn, sem til rannsókna fer, ef vel á að vera.

Þessi staðreynd kemur glöggt í ljós við samanburð á fjármagni til rannsókna hér á landi og í nokkrum öðrum löndum undanfarin 10 ár, eins og sýnt er á meðfylgjandi línuritum nr. 1 og 2, sem byggð eru á upplýsingum, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur safnað og unnið úr.

Línurit nr. 1 sýnir fjármagn til rannsókna og tilrauna á Íslandi og í nokkrum öðrum löndum, sem hundraðshluta af þjóðarframleiðslu. Vegna hinnar miklu þýðingar tækni og vísinda fyrir þjóðarbúskapinn hafa þjóðirnar kappkostað að auka rannsóknastarfsemi sína sem mest og nálgast nú 2% markið, nema Íslendingar, sem eru sér í flokki og hafa varla nokkuð fjármagn til rannsókna undanfarin 10 ár, miðað við þjóðarframleiðslu. Á þessu línuriti er þó fjármagn til rannsókna vegna hervarna dregið frá, nema hvað heildarfjárveiting Bandaríkjanna til rannsókna er einnig sýnd til samanburðar. Mjög er þó vafasamt að draga beri frá fjárveitingar á vegum hersins í þessu sambandi því að mest af þeim rannsóknum, sem þannig eru kostaðar, eru fljótlega nýttar af atvinnuvegum. Til dæmis mun 85% af rannsóknum flugvélaiðnaðarins í Bandaríkjunum vera kostað af flughernum þar, en þær rannsóknir hafa engu að síður valdið byltingu á almenningsflugi. Hinar gífurlegu framfarir í kjarnorkuvísindum og rafeindavélum, sem nú má segja að




Línurit nr. 1.

Fjármagn til rannsókna sem hundraðshluti af þjóðarframleiðslu að frádregnum rannsóknum vegna hervarna nema a sem sýnir heildarrannsóknarkostnað Bandaríkjanna.

valdi annarri iðnbyltingu, voru algjörlega kostaðar af opinberum aðilum vegna hermála, og svo er að verulegu leyti enn. Þetta gerir hlut Íslendinga enn lakari.

Línurit nr. 2 sýnir hundraðshluta til rannsókna af fjárlögum. Enn er hlutur Íslendinga lægstur, og er þó aðeins reiknað með rekstrarútgjöldum fjárlaga hér á landi að frá dregnum útgjöldum vegna dýrtíðarráðstafanna.

Tafla I hér að neðan gefur samanburð á fjármagni til rannsókna á hvern íbúa nokkurra landa. Jafnvel „miðað við fólksfjölda“ er hlutur Íslendinga lægstur og hefur farið versnandi miðað við aðrar þjóðir.



Línurit nr. 2.

Fjárveitingar ríkisins til rannsókna sem hundraðshluti af rekstrarútgjöldum fjárlaga. (Útgjöld vegna dýrtíðarráðstafana eru dregin frá rekstrarútgjöldum fyrir Ísland).

Tafla I

Áætlað fjármagn, sem varið var til rannsókna á hvern íbúa í nokkrum löndum árin 1955 og 1958 að undanskildum rannsóknum vegna hernaðar (hvort tveggja sýnt fyrir Bandaríkin og Bretland).

Land	1955		1958	
		Dollarar[1]) kr. 25.30/$		Dollarar kr. 25.30/$
Ísland	ísl. kr. 60	2.4	ísl. kr. 100	4
Bandaríkin:				
a) án hernaðar	$ 33	33	$ 45	45
b) með hernaði	$ 45	45	$ 69	69
Bretland:				
a) án hernaðar	£ 3.1	9	£ 13	36
b) með hernaði	£ 7.5	21		
Holland	H. fl. 36	10	H fl. 55	15
Noregur	n. kr. 36	5	n. kr. 62	9
Svíþjóð	s. kr. 25	5	s. kr. 55	11

1) kr. 16.30 /dollara plús 55%.

Af því, sem hér hefur verið rakið, virðist augljóst, að við Íslendingar þurfum stórlega að auka rannsóknastarfsemi okkar, ef við viljum fylgjast með þeirri hröðu þróun í tækni og vísindum, sem nú á sér stað í heiminum. Aðrar þjóðir kappkosta að marka heildarstefnu í rannsóknamálum, þar sem gert er ráð fyrir stöðugt auknu fjármagni í því skyni. Þetta hefur verið gert á ýmsan hátt.

1. Fjárveitingar hins opinbera til rannsókna eru stöðugt auknar, eins og sýnt er á línuriti nr. 2.
2. Tekna til rannsóknastofnana, sem framkvæmdar eru með samvinnu ríkisvalds og atvinnuvega, er aflað með álagningu á framleiðslu atvinnuveganna. Svo er t. d. í Frakklandi og víðar.
3. Stuðlað er að framlögum einstaklinga, félaga og stofnana til rannsókna, með því að gera slík framlög skattfrjáls að vissu marki. Svo er t. d. í Sviþjóð, Hollandi, Frakklandi, Bandaríkjunum, Þýzkalandi, Bretlandi og Belgíu.
4. Stuðlað er að eigin rannsóknum fyrirtækja með skattfríðindum.
5. Tekna til rannsókna er aflað með sjálfstæðum tekjulindum. Svo er t.d. í Noregi með knattspyrnugetraunum.

Hvaða leiðir, sem farnar verða hér á landi til öflunar fjármagns til rannsókna, er nauðsynlegt að athuga þetta verkefni þegar gaumgæfilega. En það er frumskilyrði þess að vel megi fara, að rannsóknastarfsemin sé þannig skipulögð, að hún sé starfi sínu vaxin. Að því miðar þetta frumvarp.

6. Um þetta frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Í meðfylgjandi frumvarpi til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er gert ráð fyrir eftirfarandi meginbreytingum á núverandi skipulagi rannsóknamála:

1. Í lögum um náttúrurannsóknir nr. 68/1940 er Rannsóknaráði ríkisins að vísu falið „að vera ríkisstjórninni til aðstoðar um yfirstjórn þeirrar rannsóknastarfsemi, sem ríkið heldur uppi, og á annan hátt, eftir því sem æskilegt þykir", en Rannsóknaráð ríkisins, sem skipað er þremur mönnum, samkvæmt tilnefningu þriggja stærstu flokkanna á Alþingi, hefur ekki það sjálfstæði, eða það samband við atvinnuvegi og rannsóknastofnanir, sem nauðsynlegt er til þess að geta markað heildarstefnu í rannsóknastarfsemi landsins.

   Fyrsti flokkur þessara laga felur því í sér verulega breytingu á II. kafla laga nr. 68/1940 um Rannsóknarráð ríkisins. Leitazt er við að skapa rannsóknaráð, sem hefur möguleika til þess að vera lifrænn leiðbeinandi ríkisstjórnar og Alþingis við eflingu og samræmingu rannsóknastarfseminnar, rannsóknaráð, sem hefur góða yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og þróun atvinnuveganna og getur markað meginstefnu í rannsóknamálum þjóðarinnar. Rannsóknaráð verður að hafa verulegt sjálfstæði í starfi sínu, og þess er vænzt, að rannsóknastarfseminni skapist sjálfstæðar tekjur, sem Rannsóknaráð ríkisins getur varið henni til eflingar, eins og því þykir nauðsynlegt hverju sinni. Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins til eflingar og samræmingar rannsóknastarfseminni eru aukin og hlutverk þess og markmið er ákveðnara en í núgildandi lögum.
2. Að rannsóknum í þágu atvinnuveganna starfa nú þrjár deildir atvinnudeildar háskólans, búnaðardeild, fiskideild og iðnaðardeild, skv. lögum nr. 68/1940. Auk þess annast Tilraunaráð búfjárræktar og jarðræktar ákveðnar tilraunir á sviði landbúnaðar skv. lögum nr. 64/1940. Rannsóknastofa Fiskifélags Íslands annast fiskiðnaðarrannsóknir. Fiskimálasjóður hefur veitt styrki til fiskleitar, veiðitilrauna og markaðsleita, og sjávarútvegsmálaráðuneytið hefur haft sérstaka fjárveitingu til fiskileitar og veiðitilrauna. Auk þess hafa nokkrir smærri aðilar fengið sérstakar fjárveitingar til rannsókna og tilrauna.

   Gert er ráð fyrir því, að atvinnudeild háskólans og sú önnur rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, sem talin er hér að ofan, leggist niður í nú-

verandi formi. Í staðinn komi fjórar sjálfstæðar rannsóknastofnanir, þar sem rannsóknaefni hvers atvinnuvegar eru sameinuð. Þessar stofnanir eru: Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Rannsóknastofnun sjávarútvegsins. Hinar þrjár síðastnefndu eru kenndar við þrjá aðalatvinnuvegi þjóðarinnar, enda er til þess ætlazt, að þar verði sameinaðar rannsóknir í þágu þessara atvinnuvega. Rétt þykir að hafa sérstaka, byggingafræðilega rannsóknastofnun. Byggingastarfsemin er mjög stór liður í þjóðarbúskap Íslendinga og verður ekki flokkuð undir neinn hinna þriggja aðalatvinnuvega. Erlendis er það einnig alls staðar svo, að sérstakar rannsóknastofnanir annast rannsóknir á sviði mannvirkjagerðar. Hverri stofnun er stjórnað af þriggja manna stjórn, sem í eiga sæti fulltrúar ríkisins og atvinnuvegarins. Þannig er leitazt við að koma á samvinnu ríkisvalds og atvinnuvegar í rannsóknamálum.

Rétt er að geta þess, að í frumvarpi þessu er ekki tekin afstaða til rannsókna á fiskeldi og fiskirækt í fersku eða sjóblönduðu vatni. Slíkar rannsóknir eru nú í höndum veiðimálastjóra og eru á algjöru byrjunarstigi. Nefndin hefur haft fiskræktarmálin til allýtarlegrar athugunar af öðrum ástæðum og er sammála um að þar sé um afar mikilsverð mál að ræða. Rétt virðist að athuga, þegar rannsóknastarfsemin eykst á þessu sviði, hvort ekki sé eðlilegt að sameina þær rannsóknir einhverri þeirra rannsóknastofnana, sem gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, fremur en að stuðla að uppbyggnigu enn einnar nýrrar rannsóknastofnunar. Í því sambandi virðist Rannsóknastofnun landbúnaðarins koma vel til greina, því að hér er um sérstakt hagsmunamál bænda að ræða.

3. Í frumvarpinu eru ekki ákvæði um aukin fjárframlög til rannsóknastarfseminnar, bent er á ýmsar leiðir, sem fara má í þessu skyni. Þess er vænzt, að sú uppbygging, sem hér er gert ráð fyrir, muni auka mjög skilning á nauðsyn rannsóknastarfseminnar, sem aftur muni leiða til verulega aukins fjármagns til hennar, bæði frá ríki og atvinnuvegum.

Áður en rætt verður um einstaka flokka og greinar frumvarpsins, þykir rétt að gera nokkra grein fyrir fyrirsögn þess.

Nefndin hefur litið svo á, að henni bæri fyrst og fremst að endurskoða rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna, eða með öðrum orðum, hagnýtar rannsóknir. Með tilliti til þess starfssviðs, sem henni er þannig markað, taldi nefndin því rétt að kenna frumvarp þetta fyrst og fremst við rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Fljótlega varð þó sýnt, að ekki var æskilegt að aðskilja hagnýtar rannsóknir með öllu frá undirstöðurannsóknum. Erlendis hefur reynslan einnig orðið sú, að enda þótt undirstöðurannsóknir séu fyrst og fremst reknar við háskólana, hafa mörg iðnfyrirtæki tekið upp undirstöðurannsóknir og háskólar starfað að hagnýtum rannsóknum í nánum tengslum við atvinnuvegina. Hér er því gert ráð fyrir, að Rannsóknaráð ríkisins verði þannig skipað, að það geti orðið leiðandi og unnið að eflingu og samræmingu, bæði á sviði undirstöðurannsókna og hagnýtra rannsókna. Sjálfsagt virðist að stefna að þessu. Þó var ekki talið rétt á þessu stigi að setja inn í flokkinn um Rannsóknaráð ríkisins ákvæði, sem beinlínis binda stofnanir, sem aðallega vinna að undirstöðurannsóknum.

I. FLOKKUR

Rannsóknaráð ríkisins.

Í núgildandi lögum um rannsóknaráð ríkisins eru verkefni þess talin vera eftirfarandi:

1. Að vinna að eflingu rannsókna á náttúru landsins, samræma slíkar rannsóknir og safna niðurstöðum þeirra.

2. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar um yfirstjórn þeirrar rannsóknastarfsemi, sem ríkið heldur uppi, og á annan hátt, eftir því sem æskilegt þykir.
3. að annast eða sjá um tilteknar rannsóknir, eftir því sem ríkisstjórnin kann að óska og fé er veitt til á fjárlögum, eða af náttúrufræðideild Menningarsjóðs.
4. Að gæta hagsmuna íslenzkra náttúrufræðinga gagnvart útlendingum, sem hingað koma til rannsókna, og koma fram af landsins hálfu við fræðimenn annarra þjóða, að því leyti, sem við á.

Í þessu frumvarpi til laga eru verkefni Rannsóknaráðs ríkisins aukin verulega. Rannsóknaráði er ætlað að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og vinna að eflingu og samræmingu hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna og marka heildarstefnu landsins í rannsóknamálum. Jafnframt eru í verkefnum ráðsins taldir upp ýmsir þættir, sem allir miða að þessu meginmarkmiði. Aftur á móti er 4. liður í verkefnum núverandi Rannsóknaráðs felldur niður. Er til þess ætlazt, að Náttúrugripasafnið taki við þessu hlutverki.

Til þess að Rannsóknaráð ríkisins fái innt af hendi það stóra hlutverk, sem því er ætlað, var valin sú leið, sem farin hefur verið víðast meðal þeirra þjóða, sem bezt þykja hafa skipulagt rannsóknastarfsemi sína — að mynda allstórt rannsóknaráð með sem jafnastri þátttöku ríkisvaldsins, atvinnuveganna og vísindamanna.

1. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Rannsóknaráð ríkisins sé sjálfstæð ríkisstofnun, og er þá átt við, að stjórn stofnunarinnar sé fyrst og fremst í höndum Rannsóknaráðs sjálfs, en ekki í höndum ráðuneytis. Að vísu yrði framlag ríkisins til Rannsóknaráðs á fjárlögum, en þess er vænzt að stofnunin geti fengið fjárframlög annars staðar frá, og yrði ráðstöfun slíks fjármagns í höndum Rannsóknaráðs. Í þeim löndum, sem fremst standa um skipulag rannsóknamála, eins og t. d. Noregur og Holland, er það sjálfstæði, sem rannsóknastarfsemin nýtur, talið einn höfuðkostur skipulagsins.

Rannsóknaráð ríkisins heyrir undir forsætisráðherra, og var það talið rétt með tilliti til þess, að hinar einstöku rannsóknastofnanir atvinnuveganna heyra hver undir viðkomandi ráðherra.

2. gr.

Gert er ráð fyrir því, að í Rannsóknaráði ríkisins verði 17 menn. Til samanburðar er fróðlegt að líta á rannsóknaráð nokkurra annarra landa. Í samsvarandi rannsóknaráðum í Noregi eru 98 manns. Í Hollandi eru á annað hundrað manns í rannsóknaráði og undirráðum. Í dönsku Vísindaakademíunni eru 200 manns, en hún er sá aðili þar, sem fyrst og fremst vinnur að eflingu og samræmingu rannsóknamála í Danmörku. Í Svíþjóð eru 4 rannsóknaráð og öll fjölmenn. Hér eru þó aðeins taldir meðlimir yfirrannsóknaráða, en ekki fjöldamargra ráðgjafanefnda og stjórna einstakra stofnana, sem alls staðar eru fjölmennar.

Þessi almennu rannsóknaráð, sem eiga fyrst og fremst að vera leiðandi og skapandi í rannsóknamálum hverrar þjóðar, verða svo fjölmenn, sem raun ber vitni, vegna þess að leitazt er við að fá í þau fulltrúa sem flestra greina atvinnuveganna, vísindanna og ríkisvaldsins. Erlendis eru rannsóknaráð iðulega allmörg, t. d. í Noregi, þar sem þau eru fjögur, eitt fyrir iðnað, eitt fyrir landbúnað, eitt fyrir undirstöðuvísindi og enn eitt til samræmingar á starfsemi þessara þriggja rannsóknaráða. Hér er sú leið valin að skapa eitt rannsóknaráð fyrir alla rannsóknastarfsemi.

Í Rannsóknaráð ríkisins þurfa að veljast víðsýnir menn, sem eru viðurkenndir fyrir störf sín og njóta almenns trausts. Meðlimir ráðsins eru ekki fulltrúar þeirra aðila, sem þá útnefna, heldur fulltrúar atvinnuvega og vísinda almennt. Víða er talið nauðsynlegt, að meðlimir almennra rannsóknaráða hafi ekki beinna hagsmuna að gæta í sambandi við starfsemi ráðsins, eða séu starfandi við rannsókna-

stofnanir innan vébanda þess. Við athugun reyndist mjög erfitt að finna raunvísindamenn í Rannsóknaráð, sem ekki væru starfandi við rannsóknastofnanir. Því var tilnefnding í ráðið ekki bundin skilyrðum í þessu frumvarpi. Þess er þó vænzt, að þeir raunvísindamenn, sem starfa við rannsóknastofnanir og kunna að verða útnefndir í Rannsóknaráð, komi ekki fram sem fulltrúar rannsóknastofnana sinna, heldur sem fulltrúar rannsóknastarfseminnar í heild.

Gert er ráð fyrir því, að forsætisráðherra sé formaður Rannsóknaráðs. Þetta tíðkast nokkuð erlendis meðal þjóða, sem nýlega hafa endurskipulagt rannsóknastarfsemi sína, eins og t. d. í Frakklandi, Indlandi og Ísrael. Slík skipan skapar nauðsynleg tengsl við ríkisstjórn landsins og eykur áhrifavald Rannsóknaráðs. Aðrir fulltrúar ríkisvaldsins eru kjörnir af sameinuðu Alþingi. Gert er ráð fyrir því, að það verði 5 alþingismenn. Lögð er áherzla á, að þeir menn, sem alþingi velur, séu alþingismenn, til þess að örugg tengsl fáist við löggjafarvaldið og stjórnmálaflokkana.

Gert er ráð fyrir 5 mönnum frá atvinnuvegunum og framkvæmdalífinu. Æskilegt hefði verið að finna einn hlutlausan aðila, sem gæti útnefnt þessa menn. Slíkur aðili fannst þó ekki, og var þá sú leið valin að fela stjórn Búnaðarfélags Íslands að útnefna mann fyrir landbúnaðinn, stjórn Fiskifélags Íslands að útnefna mann fyrir sjávarútveginn og stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands að útnefna mann fyrir iðnaðinn. Nefndinni tókst ekki að finna aðra almennari fulltrúa hvers atvinnuvegar. Í stjórn Iðnaðarmálastofnunar Íslands eru, t. d., fulltrúi Landssambands iðnaðarmanna, Sambands íslenzkra samvinnufélaga, Verzlunarráðs Íslands, Iðnsveinaráðs Alþýðusambands Íslands og Félags íslenzkra iðnrekenda, auk fulltrúa iðnaðarmálaráðherra. Ekki munu vera á öðrum vettvangi saman komnir fulltrúar fleiri aðila, sem hagsmuna hafa að gæta, á sviði iðnaðar. Auk ofangreindra fulltrúa atvinnuveganna er nauðsynlegt að hafa í Rannsóknaráði sérfræðing í efnahagsmálum. Seðlabankanum er falið að tilnefna slíkan mann. Ákvarðanir Rannsóknaráðs verða að miðast við þjóðhagslegt gildi rannsóknastarfseminnar hverju sinni. Því er mjög nauðsynlegt, að í ráðinu sitji maður með hagfræðimenntun og þekkingu á fjármálastarfsemi þjóðarinnar. Innan nefndarinnar kom fram sú skoðun, að rétt væri að gera jafnvel ráð fyrir tveimur hagfræðimenntuðum mönnum í Rannsóknaráði, því mjög bæri að taka tillit til efnahagsmála við mörkun heildarstefnu í rannsóknastarfsemi. Þá er einn maður tilnefndur af Raforkuráði og raforkumálastjóra. Raforkumálastofnunin ver nú meiru til rannsókna en nokkur önnur stofnun hér á landi og annast virkjun allrar orku í vatnsafli og jarðhita.

Nauðsynlegt er, að í Rannsóknaráði sitji einnig raunvísindamenn. Hér er gert ráð fyrir sex slíkum mönnum, enda er þá fylgt þeirri almennu reglu, að í Rannsóknaráði séu nokkuð jafnmargir fulltrúar ríkisvaldsins, atvinnuveganna og framkvæmdalífsins og vísindanna. Æskilegt hefði verið að fela einum, hlutlausum aðila, eins og t. d. vísindaakademíu, að velja raunvísindamenn í Rannsóknaráð. Slíkur aðili er þó ekki til hér á landi, og var þá valin sú leið að fela háskólaráði að velja þrjá raunvísindamenn, sem teldust vera fyrir undirstöðurannsóknir, en þeim rannsóknastofnunum á sviði atvinnuveganna, sem um getur í þessu frumvarpi, að velja aðra þrjá raunvísindamenn, sem teldust vera fyrir hagnýtar rannsóknir.

Sú skoðun hefur komið fram, að rétt væri að fela stéttasamböndum vinnuveitenda og vinnuþega að útnefna menn í Rannsóknaráð. Þá væri þverbrotin sú meginregla, að í rannsóknráði, sem marka á heildarstefnu í rannsóknamálum, sitji ekki fulltrúar hagsmunasamtaka. Við nánari athugun sést strax, að hagsmunabarátta stéttafélaga á lítið skylt við hina almennu og leiðbeinandi starfsemi æðsta rannsóknaráðs, enda finnast þess varla dæmi erlendis, að fulltrúar vinnuveitenda og vinnuþega eigi sæti í æðstu yfirstjórn rannsóknamála. Þannig eiga þeir ekki sæti í rannsóknaráðum Noregs eða Svíþjóðar eða í Vísindaakademíu Danmerkur eða í yfirstjórn rannsókna í Hollandi o. s. frv. Aftur á móti er talið mjög æskilegt að hafa náið samstarf við vinnuveitendur og vinnuþega, og eru fulltrúar þeirra iðulega í ráð-

gjafarnefndum eða sérstökum rannsóknaráðum, eins og t. d. í Hollandi, og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi.

3. gr.

Ekki er talið fært að fela svo fjölmennu rannsóknaráði, sem hér er gert ráð fyrir, daglega framkvæmd verkefna. Því er sú leið valin að kjósa 5 manna framkvæmdanefnd, sem starfar að framkvæmd verkefna í umboði Rannsóknaráðs.

Áður er þess getið, að æskilegt er talið, að í Rannsóknaráði sitji ekki menn, sem séu starfandi við rannsóknastofnanir, sem undir ráðið heyra og hafi þannig beinna fjárhagslegra hagsmuna að gæta. Þetta er sérstaklega nauðsynlegt í sambandi við skiptingu fjármagns til rannsókna og tillagna um framlag ríkisins til rannsóknamála. Því er það ákvæði sett hér, að í framkvæmdanefndina séu ekki valdir menn, sem séu starfsmenn eða meðlimir stjórna eða fastanefnda við rannsóknastofnanir, sem eiga fjárhagslegra hagsmuna að gæta í sambandi við tillögur nefndarinnar um fjárframlög til rannsókna. Með slíkri skipan er þess vænzt, að tillögur nefndarinnar um framlög ríkisins til rannsóknamála muni njóta fyllsta trausts fjárveitingavaldsins.

Eðlilega mun framkvæmdanefndin starfa í samræmi við þær meginstefnur, sem rannsóknaráðið sjálft hefur ákveðið.

4. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Rannsóknaráð ríkisins ráði forstjóra stofnunarinnar. Nauðsynlegt er, að í þessu starfi sé ávallt maður, sem sé vakandi fyrir og fylgist vel með þróun rannsókna og tækni atvinnuveganna á hverjum tíma. Því er ekki talið æskilegt, að forstjórinn sé fastur starfsmaður ríkisins, ef æskilegt þætti að skipta um mann í starfinu. Forstjórinn þarf aftur á móti að njóta verulegs sjálfstæðis í starfi sínu og hafa sterk áhrif í Rannsóknaráði við mörkun heildarstefnu í rannsóknamálum og í sambandi við aðra starfsemi ráðsins. Sú hugmynd kom fram, að forstjóri væri formaður framkvæmdanefndarinnar í þeim tilgangi að auka áhrif hans, en talið var nægilegt að leggja áherzlu á starfssvið og áhrif forstjóra stofnunarinnar í greinargerð.

5. gr.

Í samræmi við sjálfstæði það, sem Rannsóknaráði ríkisins er veitt er forstjóra falið að ráða starfslið. Í þeim löndum, sem vel hafa skipulagt rannsóknastarfsemi sína, er það talið mikilvægt og sjálfsagt, að starfsmenn rannsóknaráða og rannsóknastofnana ríkisins séu ekki á launalögum, þannig að unnt sé að ráða starfslið til rannsókna á kjörum, sem eru sambærileg því sem bezt er boðið í atvinnulífinu. Á þann hátt einan fást færir starfskraftar til þessarar nauðsynlegu starfsemi. Með tilliti til þess styrs, sem hér stendur um laun háskólamenntaðra manna, var þó ekki talið fært að fara að öllu leyti þá leið, sem sjálfsögð hefur verið talin í nágrannalöndunum, en ákveðið að laun skuli vera í samræmi við launalög. Þar sem starfslið yrði þannig ekki á launalögum, veitir það nokkuð sjálfstæði í sambandi við ráðningar og uppsagnir.

6. gr.

Þessi grein fjallar um verkefni Rannsóknaráðs ríkisins.

1. liður fjallar um eflingu og samræmingu hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Segja má, að þetta sé meginverkefni Rannsóknaráðs og að aðrir liðir í þessari grein séu aðeins nánari skilgreiningar á þessu aðalhlutverki. Gert er ráð fyrir því, að Rannsóknaráð hafi í þessum tilgangi náið samstarf við aðrar rannsóknastofnanir. Til dæmis væri mjög eðlilegt, að forstjóri Rannsóknaráðs ríkisins kveðji öðru hvoru saman til fundar forstöðumenn hinna ýmsu rannsóknastofnana, til þess að skapa sem nánust tengsl og samræmingu innan rannsóknastarfseminnar. Einnig gæti Rannsóknaráð stofnað til árlegrar ráðstefnu þeirra, sem að rannsóknum vinna, þar sem rædd væru ýmis vandamál rannsóknastarfseminnar, fræðsluerindi flutt o. s. frv. Slíkar ráðstafanir til þess að skapa náið

samstarf voru taldar það sjálfsagðar, að ekki væri nauðsynlegt að setja um þær ákvæði í lögum. Ráðinu er nauðsynlegt að skapa sem bezt tengsl við aðrar rannsóknastofnanir til þess að geta á hverjum tíma haft sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og gert raunhæfar tillögur til úrbóta, þegar þess er þörf.

2. liður fjallar um yfirstjórn athugana á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnugreina og atvinnuvega og um það, að stofnunin beiti sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun slíkra hugmynda. Ekki er gert ráð fyrir því, að stofnunin annist ein athuganir á nýtingu náttúruauðæfa landsins til nýrra atvinnugreina og atvinnuvega, en eðlilegt er, að allar slíkar athuganir, sem Alþingi eða ríkisstjórn óska að framkvæmdar séu, verði framkvæmdar í umsjá Rannsóknaráðs, þó að það sendi þær til annarra rannsóknastofnana til úrvinnslu. Rannsóknaráð sjálft mundi fyrst og fremst vinna að ýmiss konar frumathugunum, sem að öllu leyti eru kostaðar af ríkinu og ekki krefjast vinnu á rannsóknastofum.

Mjög hefur verið þörf á því, að ýmsar hugmyndir um nýjar atvinnugreinar og atvinnuvegi séu athugaðar tæknilega og þjóðhagslega áður en ríkisvaldið ákveður að styðja þær á einhvern hátt. Gert er ráð fyrir því, að stofnunin beiti sér fyrir slíkri athugun. Þó er ekki talið eðlilegt, að stofnunin sjálf komi sér upp hagdeild til að annast þjóðhagslega athugun slíkra hugmynda, en sendi þær fremur til einhverra af þeim hagdeildum, sem nú starfa.

3. liður fjallar um afskipti Rannsóknaráðs af ráðstöfun opinberra fjárframlaga til rannsóknastarfseminnar. Ef Rannsóknaráð ríkisins nýtur þess trausts hjá fjárveitingavaldinu, sem stefnt er að, verður að gera ráð fyrir því, að tillögur Rannsóknaráðs ríkisins um fjárframlag til rannsóknastarfseminnar muni stórum stuðla að eflingu hennar. Til þess að Rannsóknaráð geti haft veruleg áhrif á þátttöku ríkisins í rannsóknamálum og geti gert raunhæfar tillögur um fjárframlög, er Rannsóknaráði nauðsynlegt að fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til rannsóknastofnana. Nefndin taldi þó ekki fært að láta þetta ákvæði ná til annarra stofnana en þeirra, sem vinna að rannsóknum í þágu atvinnuveganna og um getur í þessu frumvarpi (sjá skýringar á fyrirsögn frumvarpsins).

4. liður fjallar um öflun fjármagns til rannsóknastarfseminnar almennt og skiptingu þess. Ef rannsóknastarfsemin á að aukast svo mjög, sem nauðsynlegt er hér á landi, er aðkallandi að finna einhverjar sjálfstæðar tekjur, sem renna til rannsókna. Í Noregi rennur t. d. meginhluti tekna af knattspyrnugetraunum til rannsóknastarfseminnar. Þær tekjur koma til viðbótar framlagi norska ríkisins og hafa reynzt rannsóknastarfseminni mikil lyftistöng. Það á að vera verkefni Rannsóknaráðs að finna hér einhverjar slíkar tekjulindir. Í dag er lagt 20 af hundraði gjald á happdrætti háskólans, og á það samkvæmt lögum að renna til atvinnudeildar háskólans. Ekki virðist óeðlilegt, að slíkt gjald væri lagt á öll happdrætti, sem leyfð eru með samþykki ríkisivaldsins, og rynni það til rannsóknastarfseminnar.

5. liður fjallar um skýrslusöfnun. Nauðsynlegt er að safna á einum stað skýrslum um rannsóknastarfsemi, einkum þá, sem kostuð er af opinberu fé, og stuðla að því að niðurstöður séu kynntar. Einnig er nauðsynlegt, að Rannsóknaráð gefi árlega út almenna skýrslu um rannsóknastarfsemi í landinu og þróun hennar.

6. liður fjallar um mikilvægan þátt í uppbyggingu atvinnuveganna. Smáþjóð getur aldrei sjálf sinnt þeirri rannsóknastarfsemi, sem nauðsynleg er. Af þessum sökum leggja flestar þjóðir mjög mikið kapp á að safna erlendum ritum og öðrum upplýsingum um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og vinna úr slíku með tilliti til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Sovétríkin hafa t. d. sett upp hjá sér stofnun, sem hefur á að skipa tvö þúsund sérfræðingum við það verkefni að safna, þýða, vinna úr og dreifa upplýsingum um nýjungar erlendis. Upplýsinga-

þjónustu af þessu tagi þarf að koma á fót hér, og er Rannsóknaráði falið að vinna að þessu mikilvæga máli.

7. liður fjallar um hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum. Að sjálfsögðu er það til lítils að finna nýja tækni, ef henni er ekki komið fljótt á framfæri. Hin mjög hraða þróun atvinnuveganna á ekki sízt rætur sínar að rekja til þess, að tekizt hefur að stytta verulega þann tíma, sem líður frá uppgötvun til hagnýtingar. Þannig áætla Bandaríkjamenn í dag, að þessi tími sé aðeins sjö ár að meðaltali. Aðrar þjóðir leggja mikið kapp á þessa kynninga- og upplýsingastarfsemi. Kanadamenn skipuðu t. d. nýlega sérfróða menn í hvert hérað í þeim tilgangi að veita upplýsingar. Þessir menn ferðast á meðal atvinnurekenda og benda þeim á ýmsar nýjungar, sem að gagni gætu komið. Í fyrstu var starfseminni fálega tekið, en bráðlega fór henni að vaxa fiskur um hrygg, og hefur hún þegar margfaldazt.

8. liður. Undanfarin ár hefur orðið mjög mikil aukning á alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála. Má þar nefna slíkt samstarf á vegum Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, Alþjóða-eðlisfræðiársins o. fl. Því er ráðinu ætlað að stuðla sem mest að slíku samstarfi. Til þess er þó ekki ætlazt, að öðrum stofnunum beri að leita til Rannsóknaráðs ríkisins, vegna samstarfs við erlenda aðila.

9. liður. Þau verkefni eru ýms önnur, sem æskilegt gæti verið sameina fyrir rannsóknastarfsemina. Þar má t. d. nefna uppbyggingu hentugs athafnasvæðis og rannsóknahverfis fyrir rannsóknastofnanir, eins og um getur í 8. grein, ýmis skrifstofustörf, bókasafn, verkstæði o. fl.

7. gr.

Öðrum rannsóknastofnunum, sem fá framlag úr ríkissjóði, er gert skylt að veita Rannsóknaráði ríkisins hverjar þær upplýsingar og veita því það samstarf, sem það kann að óska og við verður komið. Slíkt er nauðsynlegt, til þess að ráðið geti sinnt því hlutverki sínu, að hafa sem gleggsta yfirsýn yfir rannsóknastarfsemina. Þó er gerð sú undantekning, sem um ræðir í 53. gr.

8. gr.

Eðlilegt virðist, að þátttaka ríkisins í rannsóknastarfseminni komi m. a. fram í því, að ríkið komi upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í þessu frumvarpi. Rannsóknahverfið þarf að gera í samráði við þær rannsóknastofnanir, sem þar yrðu staðsettar. Eðlilegt er, að Rannsóknaráði ríkisins sé falið eftirlit og umsjá svæðisins. Þegar hefur verið myndaður kjarni að þessu. Rannsóknastarfseminni hafa verið úthlutaðir 48 ha. lands í umráðasvæði Reykjavíkurbæjar á Keldnaholti. Þar er hugmyndin að byggja upp sameiginlegt rannsóknahverfi fyrir rannsóknastofanir í þágu atvinnuveganna, rannsóknir raforkumálastjórnarinnar og rannsóknir Háskóla Íslands.

9. gr.

Í lögum um náttúrurannsóknir, nr. 68/1940, er ákveðið, að til atvinnudeildar háskólans skuli renna það fé, sem háskólanum ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald af háskólahappdrættinu, en það er 20 af hundraði af nettóársarði. Þetta sama ákvæði er tekið óbreytt úr eldri lögum um rannsóknastofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands, nr. 102/1935, og þar kemur fram í greinargerð, að umræddri upphæð sé ætlað að standa undir stofnkostnaði vegna bygginga fyrir rannsóknastofnunina.

Þessu fjármagni var í fyrstu varið til þess að reisa hús atvinnudeildarinnar á háskólalóðinni. Síðan var það látið renna til reksturs deildarinnar, og var þá tekin upp sú stefna að draga það frá framlagi ríkissjóðs. Þetta fjármagn hefur þannig í raun og veru runnið beint í ríkissjóð.

Í þessari grein er gert ráð fyrir því, að umrætt fjármagn renni í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar, eins og löggjafinn virðist hafa gert ráð fyrir.

10. gr.

Þessi grein fjallar um tekjur og fjármál stofnunarinnar. Stofnunin mun fá tekjur sínar fyrst og fremst á fjárlögum. Þó er gert ráð fyrir því, að fjármagn fáist einnig annars staðar frá.

Á fjárlögum fyrir árið 1959 voru alls veittar til Rannsóknaráðs ríkisins rúmlega kr. 394 000. Þetta verður að auka verulega, ef Rannsóknaráð á að geta sinnt sínu mikilvæga hlutverki. Æskilegt væri að finna rannsóknastarfseminni einhverjar sjálfstæðar tekjulindir, eins og rætt hefur verið um í sambandi við 4. lið 6. gr.

II. FLOKKUR

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins yrði arftaki byggingaefnarannsókna iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans. Þessi starfsemi iðnaðardeildar hefur undanfarið aukizt allverulega, en sjálfstæðar rannsóknir og kynning á nýjungum við mannvirkjagerð eru varla til, og eru þó byggingaframkvæmdir einhver stærsti þátturinn í atvinnulífi Íslendinga. Þetta verður að breytast.

Sú hefur orðið reynslan og þróunin í nágrannalöndum okkar, að stofnuð hefur verið sérstök byggingafræðileg stofnun til rannsókna og þjónustu við byggingaiðnaðinn, enda á mannvirkjagerð lítið sem ekkert skylt við verksmiðju- og framleiðsluiðnað. Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er ætlað að sinna slíku hlutverki. Þegar þess er gætt, að stofnunin þarf, auk þess að vera almennum byggjendum til aðstoðar í rannsóknum og þjónustu, að sinna nauðsynlegum rannsóknaverkefnum fyrir stór fyrirtæki, eins og raforkumálastjórnina, vegna virkjana, vita- og hafnarmálastjórnina, vegna hafnargerða, vegamálastjórnina, vegna vegagerðar, Húsnæðismálastofnun ríkisins, vegna almennra nýjunga og athugana á sviði bygginga o. s. frv., er auðséð, að verkefni stofnunarinnar eru mjög mikil.

11. gr.

Rannsóknastofnun byggingaiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun. Slíkt er nauðsynlegt til þess að tryggja samband við atvinnuveginn og til þess að gera stofnuninni kleift að þróast í samræmi við kröfur hinnar öru tækniþróunar í heiminum. Þetta er viðurkennd nauðsyn erlendis, eins og áður hefur verið rakið.

12. gr.

Til þess að fá samstarf við byggingaiðnaðinn er stjórn stofnunarinnar skipuð bæði fulltrúum ríkisins og byggjenda. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar, án tilnefningar, en tveir stjórnarmeðlimir eru tilnefndir af ráðgjafarnefnd stofnunarinnar, sem í eiga sæti fulltrúar flestra stærstu aðila á sviði byggingamála. Mjög er talið æskilegt, að meðlimir stjórnar stofnunarinnar hafi tæknilega menntun, og einkum þekkingu á byggingafræðilegum störfum. Sjálfsagt virðist, að formaður stjórnarinnar sé verkfræðingur.

13. gr.

Stjórn stofnunarinnar tekur endanlegar ákvarðanir um reksturinn. Gert er ráð fyrir því, að fjárhagsáætlun stofnunarinnar sé send til Rannsóknaráðs ríkisins í samræmi við það verkefni Rannsóknaráðs að gera tillögur um framlag ríkisins til rannsóknamála.

14. gr.

Í samræmi við það, að stofnuninni er veitt víðtækt sjálfstæði, er stjórn hennar falið að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri yrði því ekki fastur starfsmaður ríkisins, en fremur framkvæmdastjóri sjálfstæðs fyrirtækis. Framkvæmdastjóri yrði eðlilega að vera verkfræðingur og hafa þekkingu á byggingafræðilegum störfum.

15. gr.

Stjórn stofnunarinnar er falið að ráða annað starfslið. Eins og talið er sjálfsagt hjá þeim nágrannaþjóðum, sem bezt hafa skipulagt rannsóknastarfsemi sína, og áður hefur verið rætt, væri æskilegt að rannsóknastofnunum væri frjálst að tryggja sér sem bezta starfskrafta, með því að bjóða þau kjör, sem nauðsynleg eru til þess hverju sinni. Með tilliti til hinna sérstöku aðstæðna hér á landi í launamálum, var þó ekki talið fært að gefa laun frjáls með öllu, en sá kostur valinn að ákveða þau með reglugerð. Í þessu sambandi er nauðsynlegt að minnast þess, að stefna ber að því, að rannsóknastofanirnar fái allverulegan hluta af tekjum sínum frá atvinnuvegunum á einn hátt eða annan og af þeim ástæðum ekki heldur eðlilegt, að starfsfólk sé á launalögum ríkisins. Loks getur verið æskilegt að geta breytt um starfslið eftir þörfum.

16. gr.

Til þess að tryggja sem bezt samstarf við þá aðila, sem mestra hagsmuna hafa að gæta í mannvirkjagerð, hefur stofnunin til ráðuneytis allfjölmenna ráðgjafarnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar flestra slíkra aðila. Þessi ráðgjafarnefnd mundi vera stofnuninni til ráðuneytis við val verkefna og almennt við starfsemi hennar. Framkvæmdastjórinn þarf að geta leitað til einstakra aðila með sérverkefni og notið leiðbeininga þeirra. Einnig er mjög líklegt, að stofnunin sinni sjálfstæðum verkefnum fyrir ýmsa þá aðila, sem sæti eiga í ráðgjafarnefndinni.

Í sambandi við val í nefndina má benda á, að allmargir aðilar fá aðgang að ráðgjafarnefndinni í gegnum fulltrúa Iðnaðarmálastofnunar Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands. Auk þess er heimilt að fjölga í ráðgjafarnefndinni, ef þörf krefur.

17. gr.

Þessi grein fjallar um verkefni stofnunarinnar og þarf ekki mikillar skýringar við. Stofnuninni er yfirleitt ætlað að sinna hverjum þeim byggingafræðilegum verkefnum, sem stuðlað geta að lækkun á kostnaði við mannvirkjagerð og að endurbótum á því sviði. Stofnunin þarf að sinna sjálfstæðum byggingafræðilegum rannsóknaverkefnum. Hún þarf að geta kannað nýjar aðferðir í byggingamálum og endurbætur á öllum þáttum bygginga. Má þar nefna ný byggingaefni, upphitunartækni, einangrun, híbýlagerð og skipulag og m. fl. Stofnunin mun, eins og nú er gert í byggingarannsóknum iðnaðardeildar, veita þjónustu við byggingarframkvæmdir með rannsóknum á sýnishornum og með upplýsingum. Allar rannsóknir þarf að kynna, og stofnuninni er ætlað að veita bæði sérfræðingum og almenningi sem beztan aðgang að niðurstöðum rannsókna. Þá er stofnuninni ætlað að veita aðstoð við eftirlit á byggingaefni og byggingaframkvæmdum. Ekki er talið eðlilegt, að stofnunin annist sjálf slíkt eftirlit, því það samræmist ekki rannsóknastarfsemi stofnunarinnar.

18. gr.

Þessi grein fjallar um tekjur og fjármál stofnunarinnar. Talið er æskilegt, að verulegur hluti af kostnaði við stofnunina sé borinn beint af þeim aðilum, sem njóta starfseminnar. Þetta er hægt með því að leggja gjald á byggingavörur, og er gert ráð fyrir þeim möguleika í 5. lið. Þó virðist eðlilegt að verulegur hluti fjármagnsins sé veittur á fjárlögum, og er ákveðið, að það skuli aldrei verða minna en helmingur þess fjármagns, sem fæst með álagningu á byggingavörur. Hvort tveggja er þó á valdi Alþingis, því að allar álögur á byggingavörur yrðu að ákveðast með sérstökum lögum.

Tekjur stofnunarinnar gætu litið þannig út:

1.	Fé veitt á fjárlögum	kr.	550 000.00
2.	Fyrir tiltekin verk á vegum opinberra aðila	—	360 000.00
3.	a) Fyrir þjónustu	—	150.000.00
	b) Fyrir sérstök verk á vegum einkaaðila		óákveðið

4.	Framlög einkaaðila		óákveðið
5.	Álögur á byggingavörur, ½% á sement, steypustyrktarjárn og timbur	kr.	550 000.00
		Alls kr.	1 580 000.00

Miðað við núverandi fjárlög er 1. liður nokkurn veginn óbreyttur. Hér er því ekki reiknað með auknu fjárframlagi ríkisins. Nú þegar hefur einnig verið samið um verð fyrir opinberar stofnanir hjá byggingaefnarannsóknum fyrir kr. 360 000.00, þó ekki sé það allt komið til framkvæmda enn. 3. liður a) er óbreyttur, en ekki hefur enn verið um að ræða störf fyrir einkaaðila. Eina aukningin felst því í 5. lið.

Þessar tekjur mundu fara til greiðslu á húsaleigu, launum og rekstrarkostnaði, auk þess sem æskilegt væri að geta varið einhverju fjármagni til byggingar rannsóknahúsakynna.

Ef athugað er, hve gífurlegu fjármagni er varið til mannvirkjagerða hér á landi, er þó augljóst að fjármagn til stofnunarinnar þarf að aukast stórlega. Er þess vænzt, að svo verði, þegar árangur af rannsóknastarfseminni fer að koma í ljós og skilningur að aukast. Framlag ríkisins þarf að aukast og einnig framlag frá byggingaiðnaðinum. Auka þarf stórlega vinnslu á samningsgrundvelli, bæði fyrir opinbera aðila og einkaaðila (liður 2 og 3b).

Í samræmi við það sjálfstæði, sem stofnunum er ætlað að njóta, er talið sjálfsagt, að stjórnum þeirra sé heimilt að ráðstafa því fjármagni, sem fæst á annan hátt en á fjárlögum eða frá hinu opinbera til tiltekinna verkefna á hvern þann hátt, sem þær telja nauðsynlegt til framkvæmda á hlutverkum stofnunarinnar, nema um framlög sé að ræða, sem háð eru skilyrðum gefanda.

III. FLOKKUR

Rannsóknastofnun iðnaðarins.

Rannsóknastofnun iðnaðarins yrði arftaki iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans að byggingaefnarannsóknum undanskildum.

Í þeirri athugun, sem Rannsóknaráð ríkisins beitti sér nýlega fyrir á því, hve miklu fjármagni væri varið til rannsókna, kom í ljós, að aðeins þrjú iðnaðarfyrirtæki í landinu virtust verja nokkru fé til rannsókna. Flest fyrirtæki hér á landi eru það smá, að þeim er ekki fært að kosta nauðsynlegar rannsóknir, vegna reksturs síns, en ýmis hin stærri virðast ekki hafa gert sér grein fyrir nauðsyn rannsóknastarfseminnar. Þegar það er athugað, að um 80 af hundraði af starfi iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans er fólgið í þjónustu, en ekki sjálfstæðum rannsóknum, sést, að rannsóknastarfsemi í þágu iðnaðarins í landinu er mjög lítil.

Nauðsyn rannsókna fer þó hraðvaxandi með hverju ári, sökum stöðugt örari breytinga á sviði framleiðslu og tækni. Nauðsynlegt er að auka stórlega rannsóknastarfsemi og einnig — og ekki sízt — jákvæða kynningu nýjunga. Til þess að ná slíku marki hafa fjölda margar þjóðir valið þann kost að reyna að sameina krafta ríkisvaldsins og atvinnuvegarins í rannsóknum. Í Bretlandi hafa t. d. verið settar á stofn fjölda margar rannsóknarstofnanir í þágu iðnaðar með helmingaþátttöku ríkisins og viðkomandi iðnar. Venjan er svo sú, að þátttaka ríkisvaldsins minnkar, en iðnaðarins eykst. Stjórn slíkra stofnana í Bretlandi er oft samansett af fimmtán mönnum, þar af þrír útnefndir af ríkisvaldinu. Hér hefur einnig verið valin þessi leið, að sameina krafta ríkisvaldsins og atvinnuvegarins.

Rétt er að geta þess, að með orðinu iðnaður er átt við bæði iðju og iðnað samkvæmt lögum nr. 18/1927. Merking orðanna iðja og iðnaður er mjög á reiki, en í frumvarpi þessu er átt við hvort tveggja.

19. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun. Sú þróun er almenn meðal Vestur-Evrópuþjóða í sambandi við þá víðtæku endurskoðun á rannsóknastarfsemi, sem þar hefur átt sér stað, að gera rannsóknastofnanir sem mest óháðar ríkisvaldinu. Skapa verður sterk tengsl við atvinnuveginn, en með þátttöku og aðstoð ríkisvaldsins.

20. gr.

Eins og fyrr segir, er leitazt við að fá samstarf atvinnuvegarins og ríkisvaldsins með því að blanda fulltrúum þessara aðila í stjórn stofnunarinnar. Stjórn stofnunarinnar er skipuð þremur mönnum. Ráðherra skipar einn án tilnefningar, og er hann formaður stjórnarinnar, en tveir eru frá atvinnuveginum. Talið er eðlilegt, að iðnaðurinn hafi meiri hluta í stjórninni, enda er gert ráð fyrir því, að meginhlutinn af fjármagni stofnunarinnar komi þaðan, og í Félagi íslenzkra iðnrekenda og Sambandi íslenzkra samvinnufélaga eru flestallir þeir aðilar, sem mundu leggja stofnuninni til fjármagn. Iðnaðarrannsóknir eru í eðli sínu fyrst og fremst á sviði verksmiðjuiðnaðar.

21. gr.

Sjá skýringar við 13. gr.

22. gr.

Sjá skýringar við 14. gr.

23. gr.

Sjá skýringar við 15. gr.

24. gr.

Þó starfsemi stofnunarinnar sé fyrst og fremst á sviði verksmiðjuiðnaðar er æskilegt að skapa tengsl við ýmsa aðila, sem hagsmuna hafa að gæta eða starfa á sviði iðnaðar almennt. Því er gert ráð fyrir ráðgjafarnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar slíkra aðila.

25. gr.

Hér er um að ræða hugsanlega deildaskiptingu stofnunarinnar, þar sem ekki var talið rétt að binda deildaskipun með lögum. Stjórn stofnunarinnar á að vera heimilt að ákveða deildaskiptingu, eins og þörf krefur á hverjum tíma.

Með rannsóknum vegna tilraunaframleiðslu, er átt við þann mikilvæga lið í undirbúningi atvinnuvega og atvinnugreina, að gera raunverulega tilraunir með litlar eftirlíkingar af fyrirhuguðum framleiðslutækjum.

Með rannsóknum á sviði véla og tækni er átt við rannsóknir í framleiðslutækni og tilraunir í sambandi við slíkt.

26. gr.

Í fáum orðum má segja, að Rannsóknastofnun iðnaðarins er ætlað að vinna að hvers konar rannsóknum til eflingar og hagsbóta iðnaðinum í landinu. Þetta er mikið verkefni og fjölþætt. Meðal hinna stærri þjóða er ávallt farin sú leið að skipta rannsóknastarfseminni í þágu iðnaðarins upp í margar sjálfstæðar greinar og stofnanir. Í Bretlandi eru t. d. starfandi nálægt því 500 rannsóknastofnanir í þágu iðnaðarins. Hver þessara stofnana hefur sitt afmarkaða starfssvið, stofnun til rannsókna í þágu málmiðnaðarins, stofnun til rannsókna í þágu bökunariðnaðarins o. s. frv. Þessi leið er okkur ekki fær, vegna þess hve þjóðin er fámenn og iðnaðurinn í landinu er tiltölulega lítill. Við verðum að sameina þessar rannsóknir í þágu iðnaðarins allar í eina stofnun, sem smám saman verður að mynda og þróa rannsóknadeildir innan sinna vébanda til framkvæmda á rannsóknaverkefnum helztu iðngreina í landinu. Hvergi nærri mun þó verða unnt að framkvæma vísindalegar rannsóknir á öllum sviðum iðnaðarins. Stafar þetta einfaldlega af

því að þjóðin, og þar með iðnaðurinn, er svo lítill, og sérstaklega þó einstakar greinar hans, að slíkt getur ekki borið uppi vísindalegar rannsóknir. Þá er nauðsynlegt að leita samstarfs erlendis, vegna þeirra rannsókna, sem við fáum ekki annað. Jafnframt mun starfsemi stofnunarinnar ávallt verða að verulegum hluta leiðbeininga- og upplýsingastarfsemi.

27. gr.

Þessi grein fjallar um tekjur og tekjumöguleika stofnunarinnar. Talið er æskilegt, að verulegur hluti af kostnaði við stofnunina sé borinn beint af iðnaðinum, sem nýtur starfseminnar. Þetta er hægt með því að leggja gjald á iðnaðarvarning, og er gert ráð fyrir þeim möguleika í 5. lið. Eðlilegt virðist, að iðnrekendur beri þetta gjald, þannig að það komi ekki til hækkunar á iðnaðarvarningi. Iðnrekendur njóta fyrst og fremst starfsemi stofnunarinnar, og samkvæmt reynslu erlendis ætti aukin rannsóknastarfsemi og aukin kynning á nýjungum fljótlega að bæta margfalt upp þann kostnað, sem iðnrekendur myndu bera. Til dæmis er talið í Bandaríkjunum, að fjármagn, varið í rannsóknir á dag, gefi allt að fimmtugfaldan arð eftir 25 ár. Þó virðist eðlilegt, að verulegur hluti fjármagnsins sé veittur á fjárlögum, og er ákveðið, að það skuli aldrei verða minna en helmingur þess fjármagns, sem fæst með álagningu á iðnaðarvarning. Rætt hefur verið um ½% álag á iðnaðarvarning. Auk þess mundi stofnkostnaður vera borinn að miklu leyti af ríkisvaldinu.

Tekjur stofnunarinnar gætu litið þannig út:

1.	Fé veitt á fjárlögum	kr. 1 300 000.00
2.	Fé veitt til tiltekinna verkefna á vegum hins opinbera	— 80 000.00
3.	a) Fyrir þjónustu	— 400 000.00
	b) Fyrir umsamin verk á vegum einkaaðila	óákveðið
4.	Framlög einkaaðila	óákveðið
5.	½% álag á iðnaðarvarning, áætlað	— 2 000 000.00
	Samtals	kr. 3 780 000.00

Hér er ekki gert ráð fyrir neinni verulegri aukningu á framlagi ríkisins frá fjárlögum ársins 1959. Aukningin stafar fyrst og fremst af framlagi iðnaðarins með ½% álagi á iðnaðarvarning. Þegar það er athugað, að framlög til rannsókna á sviði iðnaðar utan iðnaðardeildar atvinnudeildar háskólans ná varla kr. 1 000 000.00 og að söluverðmæti iðnaðarframleiðslunnar má áætla um kr. 500 milljónir, sést að enn væri ekki varið samanlagt 1% til rannsókna og tilrauna. Þetta þyrfti sem fyrst að aukast upp í 2%. Eðlilegt virðist að liðir 3b og 4 verði verulegur og að sjálfstæðar rannsóknir stærri iðnfyrirtækja aukist.

IV. FLOKKUR

Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Tilraunir í þágu landbúnaðarins hófust hér á landi í smáum stíl um síðustu aldamót á vegum Gróðrarstöðvarinnar í Reykjavík og Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri. Næstu 35 ár var almenn tilraunastarfsemi á sviði landbúnaðarins í höndum félagsmálastofnana landbúnaðarins sjálfs. Árið 1935 var lagður grundvöllur að landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans, og með lögum um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, nr. 64/1945 voru stofnuð tilraunaráð í jarðrækt og búfjárrækt. Þessi lög ná fyrst og fremst til hinnar almennu tilraunastarfsemi á föstum stöðvum og dreifðra tilrauna í sveitum, en ekki til viðfangsefna, sem landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans hafði með höndum.

Það hefur verið öllum ljóst, er að þessum málum starfa, að þeir aðilar, sem vinna að rannsóknum í þágu landbúnaðarins, þurfa að starfa vel saman, þannig að árangur, fundinn með rannsóknum, sé reyndur við mismunandi skilyrði, sem landbúnaðurinn starfar við.

Því er nú gert ráð fyrir, að allar rannsóknir og tilraunir, sem ríkið nú kostar, á sviði landbúnaðar, falli undir umsjá og stjórn einnar sjálfstæðrar ríkisstofnunar, Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Gert er ráð fyrir, að stofnunin taki að sér framkvæmd allra þeirra verkefna, sem búnaðardeild atvinnudeildar háskólans annast nú, enn fremur þær tilraunir, sem tilraunaráðin tvö, fyrir búfjárrækt og jarðrækt, hafa séð um, tilraunastarfsemi bændaskólanna beggja, Garðyrkjuskóla ríkisins og Sandgræðslu ríkisins, en nú um nokkurt árabil hefur Alþingi veitt þessum aðilum sérstakar fjárhæðir til tilrauna, án þess að samráð hafi verið haft við tilraunaráðin um fjárveitingar þessar. Sömuleiðis þykir rétt, að stofnunin annist véla- og verktæknirannsóknir, sem Verkfæranefnd ríkisins hefur nú með höndum. Þó er talið eðlilegt, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins feli öðrum aðilum framkvæmd ýmissa tilrauna, eins og t. d. Sandgræðslu ríkisins, sandgræðslutilraunir, o. s. frv., en meiri festa og samræming fæst, ef yfirstjórn og ákvarðanir um notkun fjármagns eru í höndum einnar ábyrgrar stjórnar. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir rannsóknum og tilraunum á framleiðsluvörum landbúnaðairns, en slíkar rannsóknir eru ekki fyrir hendi nú.

28. gr.

Sjá skýringar við 11. og 19. gr.

29. gr.

Eins og fyrr segir (sjá skýringar við 12. og 20. gr.), er leitazt við að skapa stjórn, sem samanstendur af fulltrúum ríkisvaldsins og atvinnuvegarins. Í slíka stjórn þurfa að veljast menn, sem bera gott skynbragð á nauðsyn rannsóknastarfseminnar fyrir landbúnaðinn, og njóta jafnframt trausts ríkisvaldsins og atvinnuvegarins.

30. gr.

Sjá skýringar við 13. gr.

31. gr.

Sjá skýringar við 14. gr.

32. gr.

Sjá skýringar við 15. gr.

33. gr.

Gert er ráð fyrir því, að tilraunaráðin í búfjárrækt og jarðrækt verði lögð niður sem slík. Aftur á móti er talið nauðsynlegt að framkvæmdastjóri semji starfsáætlun stofnunarinnar í samráði við sérfræðinga hennar og tilraunastjóra, og er því gert ráð fyrir tilraunaráði þessara aðila honum til aðstoðar. Verkefni stofnunarinnar eru mjög sundurleit, og vart við því að búast, að framkvæmdastjóri geti einn haft yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemina.

34. gr.

Sjá skýringar við 25. gr. (fyrstu málsgrein). Sjá einnig skýringar við 35. gr.

35. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er gert að annast allar rannsóknir og tilraunir á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum. Þetta hefur verið rakið nokkuð hér að framan. Talið er mjög æskilegt að sameina skipulagningu og framkvæmdavald tilraunanna í einni, sterkri stofnun.

Í núgildandi lögum hefur landbúnaðardeild sex sérfræðileg aðalverkefni. Af þeim er eitt verkefni fellt niður í frumvarpinu, rannsókn búfjársjúkdóma, þar

sem nú þegar er séð fyrir framkvæmd þeirra rannsókna á annan hátt með stofnun tilraunastöðvarinnar í meinafræði að Keldum undir umsjá læknadeildar háskóla Íslands. Hins vegar eru tekin upp í frumvarpið (sjá 34. gr.) þrjú ný verkefni, rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, garðyrkju- og ylræktarrannsóknir og rannsóknir á búvélum og verktækni landbúnaðarins. Af þessum þremur atriðum hefur á undanförnum fjórum árum verið lagt fram fjármagn til garðyrkjutilrauna og verktæknirannsókna, svo að hér er raunar ekki um ný verkefni að ræða, heldur fremur tilfærslu þeirra.

Um rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins gegnir öðru máli. Á þessu sviði hafa verið litlar eða engar rannsóknir. Slíkar rannsóknir eru mjög nauðsynlegar, og rétt virðist að fela Rannsóknastofnun landbúnaðarins framkvæmd þeirra, enda er náið og órjúfandi samband á milli framleiðslunnar og almennra jarðræktar- og búfjárrannsókna.

Þó er nauðsynlegt að athuga, að rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins geta verið nátengdar ýmsum rannsóknum Rannsóknastofnunar iðnaðarins. Erfitt er að draga ákveðna markalínu, en segja má, að Rannsóknastofnun landbúnaðarins annist fyrst og fremst rannsóknir á hráefninu, en Rannsóknastofnun iðnaðarins rannsóknir á frekari nýtingu þess. Samstarf og samkomulag þarf að skapast á milli þessara tveggja stofnana um verkskiptingu, enda mundu þeir iðnrekendur, sem vinna að fullnýtingu landbúnaðarframleiðslu, eðlilega vera í félagssamtökum iðnrekenda, en hinir í Framleiðsluráði landbúnaðarins, og þannig skapast markalína.

36. gr.

Gert er ráð fyrir því, að miðstöð rannsókna og tilraunastarfsemi Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verði í Reykjavík eða nágrenni. Þetta er fyrst og fremst ákveðið með tilliti til þess, að stofnuninni er nauðsynlegt að vera staðsett í nágrenni annarra rannsóknastofnana, sem vinna að grundvallarrannsóknum á sviði atvinnuveganna. Samband verður að vera í framtíðinni á milli slíkra stofnana. Má þar benda á, að þess er að vænta, að kjarnfræðilegar rannsóknir varði landbúnaðinn á ýmsan hátt. Í öðru lagi mun Rannsóknastofnun landbúnaðarins, eins og búnaðardeild atvinnudeildar háskólans nú, njóta mjög þjónustu annarra stofnana, t. d. við efnarannsóknir.

Í nágrenni aðalstöðvar stofnunarinnar þarf hún að fá hentugt jarðnæði fyrir þær rannsóknir, sem þar er nauðsynlegt að framkvæma. Hingað til hefur ekki tekizt að afla landbúnaðarrannsóknum nauðsynlegra landumráða. Keldur, sem í fyrstu voru ætlaðar þessari starfsemi, voru afhentar læknadeild háskólans, er rannsóknastarfsemi í búfjársjúkdómum var aðskilin frá búnaðareild. Búnaðardeildin fékk Úlfarsá um nokkurra ára skeið, en sú jörð hentaði ekki starfseminni, enda var óskað eftir því að fá hana til hælisstofnunar. Vegna sérstakrar, tímabundinnar kynbótastarfsemi, fékk búnaðardeildin yfirráð yfir Engey, sem ríkið á. Síðustu árin hefur deildin haft á leigu lítið og óhentugt land að Varmá, vegna jarðræktarstarfsemi sinnar. Nú vill Mosfellshreppur fá þetta land til sinna nota, og hefur landbúnaðardeildinni verið lofað landspildu úr Korpúlfsstöðum fyrir starfsemi sína.

Það land, sem búnaðardeild atvinnudeildar háskólans hefur nú fengið til umráða, er þó hvergi nærri fullnægjandi fyrir framtíðarþörf stofnunarinnar. Landþörfin er áætluð minnst 150 ha af ræktuðu eða ræktunarhæfu landi fyrir öll sérfræðileg verksvið, sem staðsetja þarf á heimalandi stofnunarinnar. Þar sem landþörfin er þó ekki meiri, ætti ekki að vera frágangssök að sameina þetta tvennt, nægileg landumráð og staðsetningu í nánd við aðrar rannsóknarstofnanir á sviði atvinnuveganna.

Fá þarf landumráð fyrir:

1. Jarðvegsrannsóknir, vegna jarðræktar- og áburðartilrauna.
2. Jurtakynbætur vegna stofnvals og stofnræktar nytjajurta og fyrir gróðurhús.

3. Garðyrkju- og ylræktarrannsóknir vegna gróðurhúss og tilrauna með útiræktun garðjurta.
4. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs vegna rannsókna á jurtasjúkdómum, skaðsemi meindýra og vörnum gegn þeim.
5. og 6. Búfjárkynbætur og fóðurrannsóknir vegna þeirra fóðurrannsókna, líffræðilegra tilrauna og erfðarannsókna á hinum ýmsu búfjártegundum, sem krefjast daglegs eftirlits sérfræðings.
7. Rannsóknum á framleiðsluvörum landbúnaðarins þarf að ætla sérstök landumráð.
8. Vinnu- og verktæknirannsóknir vegna athafnasvæðis fyrir slíkar tilraunir.

Stofnuninni er ætlað að starfrækja þær tilraunastöðvar á sviði landbúnaðar, sem ríkið hefur umráð yfir, enda verði búrekstraraðstaða þeirra einnig notuð til að framkvæma búfjárræktar- og fóðrunartilraunir, eftir því sem við verður komið og ástæða þykir til á hverjum tíma. Enn fremur er stofnuninni ætlað að starfrækja sandræktarstöðina á Rangárvallasandi og tilraunasvæði fyrir framræslu og áveitutilraunir í Sölvholti í Árnessýslu. Þannig er gert ráð fyrir því, að allar tilraunastöðvar og útibú þeirra séu nýtt til hins ýtrasta fyrir rannsóknir aðalstofnunarinnar, samhliða þeim verkefnum, sem þær hafa nú. Með þessu móti hagnýtist betur en nú er sú uppbygging, sem á þeim hefur verið gerð af ríkinu í þágu rannsókna og tilrauna

Talið er eðlilegt, að stofnunin noti aðstöðu bændaskólanna og annarra opinberra aðila til tilrauna, sem og aðstoð þá, sem einstakir bændur geta veitt. Því er stofnuninni heimilað að semja við slíka aðila um framkvæmd tilrauna, eins og hún telur hentugt.

37. gr.

Þessi grein fjallar um fjármál stofnunarinnar. Greinin er að því leyti frábrugðin samsvarandi greinum fyrir aðrar stofnanir, að talið var vafasamt að gera ráð fyrir sérstakri álagningu á landbúnaðarafurðir með lögum, og einkum að tengja framlag ríkisins slíkri álagningu. Í flestöllum menningarlöndum nýtur landbúnaðurinn einhvers konar styrkja úr ríkissjóði. Slík aðstoð við landbúnaðinn getur meðal annars komið fram í því að ríkissjóður kosti rannsóknastarfsemi í hans þágu, enda er það beinlínis hagsmunamál ríkisvaldsins að bæta landbúnaðinn, þannig að atvinnureksturinn verði sem hagkvæmastur og þurfi sem minnst á aðstoð að halda. Einnig má benda á það, að alls staðar hefur reynzt næsta ókleift að fá framlag til rannsókna beint frá bændum, enda er einn bóndi afar lítil framleiðslueining.

Í fimmta lið er þó haldið opnum þeim möguleika að eitthvað álag komi á framleiðsluvörur landbúnaðarins, eins og Búnaðarfélag Íslands hefur þegar samþykkt á áburð. Einnig virðist eðlilegt, að framleiðendur, svo sem mjólkurbú og sláturfélög, í gegnum sín félagssamtök, eins og Framleiðsluráð landbúnaðarins, kosti að verulegu leyti rannsóknir á sínu sviði, hvort sem gert er með frjálsu framlagi eða álagningu.

Í þessu frumvarpi er því ekki gert ráð fyrir stórauknum framlögum til rannsókna á sviði landbúnaðarins, en öllu fremur betri nýtingu núverandi fjárframlaga, með því að fela einum, sterkum sameiginlegum aðila að ráðstafa fjármagninu.

Fyrir fjárlagaárið 1959 voru veittar eftirtaldar fjárupphæðir:

1. Landbúnaðardeild atvinnudeildar háskólans	kr.	1 583 102.00
2. Fjárræktarbúið á Hesti	—	93 000.00
3. Tilraunabúið á Varmá	—	167 000.00
4. Til Tilraunaráðs búfjárræktar	—	200 000.00
5. Til jarðræktartilrauna	—	1 670 000.00
6. Til tilrauna á bændaskólum	—	140 000.00
7. Til tilrauna garðyrkjuskólans	—	30 000.00
8. Til tilrauna Sandgræðslu ríkisins	—	40 000.00

9.	Til heyverkunarrannsókna	kr.	100 000.00
10.	Til Verkfæranefndar	—	200 000.00
	Samtals	kr.	4 223 102.00

Til viðbótar má áætla nokkrar fjárveitingar til þeirra nýju verksviða, sem upp hafa verið talin hér að framan, og nokkurra fjárframlaga framleiðenda. Því er ekki um að ræða verulega aukin fjárútlát til rannsóknastarfsemi landbúnaðarins á vegum ríkissjóðs. Þess bera jafnframt að gæta, að nauðsynlegt mun vera að bæta aðstöðu starfseminnar, hvort sem skipulagningu rannsóknamálanna er breytt eða ekki. og mun það hafa aukinn kostnað í för með sér.

V. FLOKKUR

Rannsóknastofnun sjávarútvegsins.

Á sviði sjávarútvegsins starfa nú tvær rannsóknastofur. Önnur er fiskideild atvinnudeildar háskólans, sem hefur það verksvið, sem Hafrannsóknadeildin hefur í þessu frumvarpi, og hin er rannsóknastofa Fiskifélagsins, sem hefur verksvið Fiskiðnaðardeildar þessa frumvarps.

Nokkuð var um það rætt, hvort rétt sé að sameina þessar tvær rannsóknastofur. Starfsmenn fiskideildar atvinnudeildar háskólans töldu það ekki æskilegt. Starfssvið deildanna er að vísu nokkuð óskylt, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að tengsl væru mjög æskileg. Það virðist eðlilegt að rannsóknastarfsemi beggja deildanna sé þannig samræmd, að hagur sjávarútvegsins í heild sé hafður í huga. T. d. getur á einum tíma verið æskilegt að beina rannsóknastarfsemi Hafrannsóknadeildar inn á ákveðna braut með nauðsyn fiskiðnaðarins í huga. Sömuleiðis geta sérstakar niðurstöður Hafrannsóknadeildar krafizt ákveðinna rannsókna Fiskiðnaðardeildar fyrir fiskiðnaðinn. Sérstaklega var talið æskilegt, að sameiginleg stjórn fjallaði um skiptingu þess fjármagns, sem kann að fást frá sjávarútveginum. Talið var líklegra til árangurs að leita eftir framlagi frá sjávarútveginum í heild fremur en að skipta því, þannig að sérstakt framlag kæmi frá útgerðinni og annað frá fiskiðnaðinum.

Rannsóknastofnun sjávarútvegsins hefur því sameiginlega stjórn, en með það fyrir augum að skapa hinum tveimur deildum sem mest sjálfsforræði hefur hvor deildin sinn framkvæmdastjóra. Ekki verður séð, að þetta valdi neinum vandræðum, þar sem hin daglegu verkefni eru allóskyld.

38. gr.

Sjá skýringar við 11. og 19. gr.

39. gr.

Stjórn Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins er að því leyti frábrugðin stjórnum annarra stofnana í þessu frumvarpi, að ráðherra skipar ekki mann í stjórn, en velur hins vegar formann. Talið var æskilegt að hafa ekki fleiri en 3 menn í stjórn en óeðlilegt að útiloka nokkurn af þeim þremur aðilum, sem hér eru valdir, enda verður það að teljast höfuðmarkmið að skapa samvinnu á milli atvinnuvegarins og rannsóknanna.

40. gr.

Sjá skýringar við 13. gr.

41. gr.

Stofnuninni er skipt í tvær deildir, Hafrannsóknadeild og Fiskiðnaðardeild, en jafnframt er stjórn stofnunarinnar veitt heimild til þess að fjölga deildum með samþykki ráðherra. Allmikið var um það rætt, að þörf væri þegar á þriðju deildinni innan stofnunarinnar, Veiðitæknideild, en nefndin leggur til að Hafrannsóknadeild

verði falin framkvæmd þessa verkefnis. Erlendis hafa víða myndazt stórar stofnanir, sem fjalla um veiðitækni eina. Því er ekki ólíklegt, að þróunin verði hér með tíð og tíma sú, að sérstök deild myndist til þess að sinna þessu verkefni.

42. gr.

Sjá skýringar við 14. gr.

43. gr.

Sjá skýringar við 15. gr.

44. gr.

Þessi grein fjallar um verkefni Hafrannsóknadeildar. Í fáum orðum sagt er Hafrannsóknadeildinni falið að annast allar þær rannsóknir, sem framkvæmdar eru á vegum ríkisins, í þeim tilgangi að auka afköst fiskveiðanna og fyllri nýtingu fiskimiða. Talið var æskilegt að sameina allar rannsóknuir á þessu sviði í eina stofnun, þar sem tryggð væri samvinna við útveginn.

Í þessu sambandi nýtur þó Hafrannsóknadeildin nokkurrar sérstöðu. Í sambandi við hafrannsóknir eru nauðsynlegar verulegar undirstöðurannsóknir á efna- og eðlisfræði sjávar og lífinu í sjónum almennt. Oft er talið heppilegt, að slíkar rannsóknir séu óháðar áhrifum frá atvinnuveginum. Þýðing slíkra rannsókna fyrir atvinnuveginn er oft ekki eins augljós og þýðing fiskimiðaleitar eða tilrauna með veiðiaðferðir o. s. frv. Því getur verið hætta á að slíkar afar nauðsynlegar undirstöðurannsóknir verði útundan, ef atvinnuvegurinn og þröng hagnýt sjónarmið ráða um of starfstilhögun stofnunarinnar.

Aftur á móti er afar nauðsynlegt að tryggja samstarf við sjávarútveginn í sambandi við hinar hagnýtari rannsóknir, eins og rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra sjávardýra, áhrifa þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu, fiskileit á veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða og í sambandi við tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi. Nú er næstum því tveimur þriðju af því fjármagni, sem renna mundi til hafrannsókna, ráðstafað af Fiskileitar- og veiðitilraunanefnd. Í henni eiga sæti fulltrúi útgerðarmanna, vísindamaður úr fiskideild atvinnudeildar háskólans og fulltrúi sjávarútvegsmálaráðherra.

Til greina gat komið að aðskilja þetta tvennt, en þó var slíkt ekki talið æskilegt í okkar litla þjóðfélagi og því sú leið farin að fela þetta verkefni allt einni deild, Hafrannsóknadeild. Þar sem framkvæmdastjóri og sérfræðingar semja fyrst og fremst starfsáætlun virðist ekki ástæða til að ætla, að undirstöðurannsóknir verði látnar sitja á hakanum.

45. gr.

Sjá skýringar við 25. gr.

46. gr.

Í þeim tilgangi að skapa tengilið milli atvinnuvegarins og deildarinnar er við Hafrannsóknadeild sex manna ráðgjafarnefnd. Framkvæmdastjóri deildarinnar er jafnframt formaður hennar. Nefnd þessi hefur aðeins ráðgjafarvald og er framkvæmdastjóranum og stjórninni til ráðuneytis í sambandi við starfsáætlun deildarinnar og fjárhagsáætlun. Ekki var talið æskilegt að fela ráðgjafarnefndinni neitt ákvörðunarvald í sambandi við rekstur stofnunarinnar. Þá gæti verið ástæða til að óttast, að áhrif atvinnuvegarins yrðu of sterk með tilliti til þess, sem sagt hefur verið um 44. gr., enda er stjórn stofnunarinnar sá eini aðili, sem getur haft ákvörðunarrétt og úrslitavald í sambandi við starfs- og fjárhagsáætlun. Hins vegar er afar nauðsynlegt að fá samstarf við sjávarútveginn og auka sem mest skilning hans á nauðsyn rannsóknanna, hvort sem um er að ræða undirstöðurannsóknir eða hagnýtar rannsóknir.

47. gr.

Þessi grein fjallar um verkefni Fiskiðnaðardeildar, sem segja má, að sé allt það, sem varðar meðferð aflans, eftir að hann er kominn úr sjónum. Hér eru verkefnin annars eðlis en hjá Hafrannsóknadeild. Minna er um náttúrufræðilegar undirstöðurannsóknir, en fyrst og fremst um að ræða tæknilegar athuganir og aðstoð við fiskiðnaðinn.

48. gr.

Sjá skýringar við 25. gr.

49. gr.

Við Fiskiðnaðardeild er átta manna ráðgjafarnefnd, og er framkvæmdastjóri deildarinnar jafnframt formaður hennar. Ráðgjafarnefndin sinnir svipuðu hlutverki og ráðgjafarnefnd Hafrannsóknadeildar að skapa tengilið milli deildarinnar og fiskiðnaðarins.

50. gr.

Þessi grein fjallar um fjármál stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir framlagi frá atvinnuveginum sjálfum (sjá jafnframt skýringar við 18. og 27. gr.). Undanfarið hefur hluti af álagi, sem lagt er á útfluttar sjávarafurðir, runnið til byggingar Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins og er gert ráð fyrir því að þetta fjármagn renni í framtíðinni til stofnunarinnar. Auk þess rennur nú hluti af þessu álagi til smíði hafrannsóknaskips og til Fiskimálasjóðs. Þrátt fyrir þetta þarf framlag sjávarútvegsins til rannsóknastarfseminnar að aukast verulega.

Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 1959 voru eftirtaldar upphæðir veittar til rannsókna og tilrauna á sviði sjávarútvegsins:

1.	Til fiskideildar atvinnudeildar háskólans	kr. 2 067 864.00
2.	Til haf- og fiskirannsókna	— 525 000.00
3.	Til að leita nýrra fiskimiða	— 1 600 000.00
4.	Til að gera tilraunir með nýjar síldveiðiaðferðir	— 1 900 000.00
5.	Til síldarleitar og fiskirannsókna	— 2 200 000.00
	Samtals	kr. 8 393 864.00

Samkvæmt þessu frumvarpi mundi þetta fjármagn renna til Hafrannsóknadeildar. Einnig það fjármagn, sem rennur til smíði hafrannsóknaskips. Auk þess veitir Fiskimálasjóður styrki til veiðitilrauna og fiskleitar.

Rannsóknastofa Fiskifélagsins fær mestallt sitt fjármagn af framlagi á fjárlögum til Fiskifélags Íslands. Á árinu 1959 var það kr. 848 000.00 auk tekna að upphæð kr. 335 000.00. Rannsóknastofnun sjávarútvegsins mundi því hafa eftirfarandi fjármagn til umráða miðað við árið 1959:

1.	Tekjur af álagi á útfluttar sjávarafurðir, áætlað		kr. 2 000 000.00
2.	Hafrannsóknadeild:		
	Á fjárlögum		— 8 400 000.00
3.	Fiskiðnaðardeild:		
	a) Á fjárlögum	kr. 850 000.00	
	b) Þjónusta	— 350 000.00	
			— 1 200 000.00
	Samtals		kr. 11 600 000.00

Auk þess virðist eðlilegt, að sá hluti af tekjum Fiskimálasjóðs, sem nú er varið til fiskileitar og veiðitilrauna, renni beint til Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins.

Samkvæmt áætluninni hefur Hafrannsóknadeildin miklu meira fjármagn til ráðstöfunar en Fiskiðnaðardeild, Að öllum líkindum mun starfsemi Hafrannsóknadeildarinnar reynast töluvert kostnaðarsamari en Fiskiðnaðardeildar, ekki sízt þegar rekstur hafrannsóknaskips bætist við. Ekki virðist þó síður nauðsynlegt að auka starfsemi Fiskiðnaðardeildar. Auk þess er stjórn stofnunarinnar nauðsynlegt að hafa verulegt fjármagn, sem hún getur skipt milli deilda, eins og nauðsynlegt kann að vera hverju sinni.

Ef það er athugað, að söluverðmæti sjávarafurða mun nema töluvert á 3. þús. milljónir króna, sést, að varið er allt of litlu fjármagni til rannsókna og tilrauna. Það þyrfti að margfaldast, ef sæmilegt á að teljast. Aukningin þarf ekki aðeins að fást með auknum fjárveitingum ríkisins, heldur einnig og ekki sízt frá atvinnuveginum sjálfum með umsömdum rannsóknaverkefnum, framlögum samtaka innan sjávarútvegsins og auknu álagi á útfluttar sjávarafurðir.

51. gr.

Rannsóknastofnun sjávarútvegsins er falin yfirstjórn fiskrannsóknaskipa, sem kunna að verða í eigu ríkisins. Þetta virðist sjálfsögð ráðstöfun, þar sem Hafrannsóknadeild er falin framkvæmd fiskileitar og leit að nýjum fiskimiðum. Enn hefur ekki fengizt hafrannsóknaskip, þó að slíkt sé nú orðið afar aðkallandi. Þörf fyrir slíkt skip verður meiri með hverju ári sem líður, enda hafa fjöldamargir aðilar sýnt þessu máli mikinn áhuga undanfarið.

Sömuleiðis er stofnunin gerð eigandi að húsinu Skúlagötu 4, Reykjavík. Hús þetta er byggt fyrir rannsóknastarfsemi sjávarútvegsins, með útflutningsgjaldi á sjávarafurðir og er nú sjálfseignarstofnun.

VI. FLOKKUR

Almenn ákvæði.

Þessi flokkur fjallar um ýmis almenn ákvæði, sem finna má í flestum lögum.

52. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringar við.

53. gr.

Þeim rannsóknastofnunum, sem um ræðir í þessu frumvarpi, er ætlað að annast rannsóknir á samvinnugrundvelli fyrir ríkið og atvinnuvegina. Auk slíkra rannsókna er mjög nauðsynlegt að stuðla að sjálfstæðum rannsóknum á samningsgrundvelli fyrir einstaklinga, fyrirtæki eða stofnanir. Víða erlendis hafa verið settar á stofn sérstakar rannsóknastofnanir til þess að sinna slíkum rannsóknaverkefnum. Til dæmis starfar ein þekktasta og merkasta rannsóknastofnun Noregs, sem heyrir undir Norges Teknisk-Naturvitenskapelige Forskningsråd, fyrst og fremst á þessum grundvelli. Til þess að einstaklingar, fyrirtæki eða stofnanir sjái sér fært að leita til rannsóknastofnunar með verkefni sín, er nauðsynlegt, að þeim sé tryggt, að keppinautar fái ekki aðgang að þeim upplýsingum, sem þeir hafa, enda sé rannsóknin að öllu leyti kostuð af viðkomandi aðilum. Í þessum tilgangi er hér sett inn ákvæði um þagnarskyldu að viðlagri hegningu.

54. gr.

Í þessu frumvarpi eru greinar um verksvið hinna einstöku stofnana. Eins og fyrr hefur verið sagt, er þetta einkum gert í þeim tilgangi að vera leiðarvísir að deildaskipun hverrar stofnunar. Þó er ekki talið eðlilegt, að þessi ákvæði verki þvingandi á eðlilega þróun þeirra, og er í þessari grein ákveðið, að endurskoða og breyta megi verksviðum viðkomandi stofnunar með reglugerðum.

55. gr.

Gert er ráð fyrir því, að numin séu úr gildi lög nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940 um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við ákvæði þessa frumvarps. Ofangreind tvenn lög eru einu gildandi lögin um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, en auk þess þarf að breyta nokkrum öðrum lagaákvæðum og breyta starfsemi, sem nú eru ekki til lög um. Þannig er nauðsynlegt að beina því fjármagni, sem nú er veitt til sjávarútvegsmálaráðuneytisins til fiskileitar og veiðarfæratilrauna til Rannsóknastofnunar sjávarútvegsins. Rannsóknastofa Fiskifélags Íslands verður Fiskiðnaðardeild. Starfsemi Verkfæranefndar ríkisins flyzt til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, en nefndin leggst niður. Auk þess er gert ráð fyrir, að nokkuð af þeim athugunum, sem raforkumálastjóri hefur nú með höndum, á nýtingu náttúruauðæfa landsins, færist til Rannsóknaráðs ríkisins og Rannsóknastofnunar iðnaðarins.

56. gr.

Þessi grein þarf ekki skýringar við.

Apríl 1960.

F. h. Atvinnumálanefndar ríkisins,

Steingrímur Hermannsson (sign.)
framkvæmdastóri.

Fyrirvari Eggerts G. Þorsteinssonar.

Undirritaður er að meginefni samþykkur framangreindum frumv. og telur brýna nauðsyn bera til, að þau nái fram að ganga hið fyrsta, þó ekki væri nema vegna þess skipulagsleysis og ósamræmis, sem nú ríkir almennt í rannsóknamálum í landinu.

Á fundum atvinnumálanefndar hefi ég sérstaklega gert tilraun til að fá stjórnskipan hinna ýmsu rannsóknastofnana breytt á þann veg, að verkalýðssamtökin ættu þar beina aðild að. Til samkomulags og „jafnvægis" hefi ég einnig boðizt til að samþykkja hliðstæða stjórnaraðild vinnuveitendasamtakanna sjálfra. Á þetta hefur meiri hluti nefndarinnar ekki getað fallizt.

Það er persónuleg skoðun mín, að slíkri rannsóknastarfsemi sé höfuðnauðsyn á sem allra nánustum tengslum við sjálft athafnalífið, og hlýtur sem grundvöllur allra rannsókna að meira eða minna leyti að byggjast á því, að slík tengsl séu traust.

Þessum nánu tengslum tel ég að verði ekki til fullnustu náð með aðild verkalýðssamtakanna að ráðgjafarnefndum, sem e. t. v. sjaldan eru til kvaddar og a. m. k. hefðu lítil áhrif á sjálfan rekstur hinna einstöku stofnana og verkefni þeirra.

Af framangreindum ástæðum hef ég sérstakan fyrirvara um stjórnskipan hinna ýmsu rannsóknastofnana.

Reykjavík, 20. apríl 1960.

Eggert G. Þorsteinsson
(sign.)

Fylgiskjal II.

FRUMVARP TIL LAGA UM RANNSÓKNIR Í ÞÁGU ATVINNUVEGANNA

(Álit minni hluta Atvinnumálanefndar ríkisins, jan. 1962.)

I. FLOKKUR

Rannsóknaráð ríkisins.

I. KAFLI

Stjórn og skipulag.

1. gr.

Rannsóknaráð ríkisins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir forsætisráðherra, og skal hún vera ríkisstjórn til ráðuneytis í málum, sem undir hana falla.

2. gr.

Í Rannsóknaráði ríkisins skulu vera 20 menn.

Forsætisráðherra er formaður ráðsins eða sá varamaður, er hann tilnefnir.

Á fyrsta ári eftir hverjar almennar alþingiskosningar kýs sameinað Alþingi 5 menn, að jafnaði þingmenn, í ráðið og jafnmarga varamenn. Aðrir meðlimir skulu tilnefndir af eftirtöldum aðiljum og skipaðir af forsætisráðherra til fjögurra ára í senn:

Fimm tilnefndir af eftirfarandi rannsóknastofnunum, einn frá hverri: Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, Rannsóknastofnun iðnaðarins, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnuninni og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Þeir skulu hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

Einn frá Náttúrufræðistofnun Íslands.
Einn frá læknadeild háskólans.
Einn frá verkfræðideild háskólans.
Einn frá Skógrækt ríkisins.
Einn frá Veðurstofu Íslands.
Einn frá Veiðimálaskrifstofunni.
Einn frá Raunvísindadeild Vísindasjóðs.
Einn frá Raforkumálastofnuninni.
Einn frá Vitamálaskrifstofunni.

Sömu aðiljar tilnefna varamenn.

Menn þeir, sem tilnefndir eru af hinum ýmsu stofnunum, skulu ekki skoða sig sem fulltrúa þeirra, heldur sem vísindamenn og sérfræðinga í þjónustu þjóðfélagsins.

Nú koma upp nýjar vísindastofnanir eða rétt þykir að fleiri aðiljar tilnefni menn í ráðið og skal ráðið þá gera tillögur til forsætisráðherra um lagabreytingar í þá átt.

Rannsóknaráð ríkisins skal vinna að eflingu hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu og ákveða meginstefnu í rannsóknastarfsemi landsins í samræmi við verkefni ráðsins.

Rannsóknaráðið skal eigi koma sjaldnar saman en fjórum sinnum á ári. Ráðið er ólaunað.

3. gr.

Rannsóknaráð kýs úr sínum hópi 5 manna framkvæmdaráð, sem tekur ákvarðanir um framkvæmd verkefna í umboði Rannsóknaráðs og gerir tillögur um framlag ríkisins til rannsóknastarfseminnar. Nefndin kýs sér formann. Ráðherra ákveður laun hennar.

4. gr.

Forsætisráðherra skipar forstjóra stofnunarinnar. Skal hann áður hafa leitað umsagnar Rannsóknaráðs um þá menn, er sækja um starfið. Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður. Hann skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

5. gr.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra, en forstjóri ræður annað starfslið stofnunarinnar samkvæmt fjárhagsáætlun hennar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttafélög starfsmanna.

II. KAFLI
Verkefni.

6. gr.

Verkefni Rannsóknaráðs ríkisins skulu vera:

1. Efling og samræming hagnýtra rannsókna og undirstöðurannsókna í landinu. Ráðið skal hafa náið samstarf við aðrar rannsóknastofnanir. Það skal hafa sem gleggsta yfirsýn yfir alla rannsóknastarfsemi í landinu og gera tillögur til úrbóta, ef það telur rannsóknastarfsemina ófullnægjandi, rannsóknaskilyrði ófullkomin eða markverð rannsóknaverkefni vanrækt.
2. Yfirstjórn athugana á nýtingu náttúrauðæfa landsins til nýrra atvinnuvega og atvinnugreina, enda skulu allar tillögur um nýjungar á sviði atvinnuvega og atvinnugreina, sem berast ríkisvaldinu, sendar ráðinu, og skal það beita sér fyrir því, að fram fari tæknileg og þjóðhagsleg athugun þeirra, ef það telur þess þörf.
3. Að fylgjast með ráðstöfun opinberra fjárframlaga til þeirra rannsóknastofnana, sem lög þessi ná til, og gera tillögur um framlag ríkisins til rannsókna.
4. Öflun fjármagns til rannsóknastarfseminnar almennt til viðbótar framlagi ríkisins og skipting þess á milli rannsóknastofnana og rannsóknaverkefna. Veita má fé til rannsóknastofnana utan verksviðs ráðsins.
5. Að hafa í sínum vörzlum skýrslur um rannsóknir á sviði raunvísinda, sem kostaðar eru af opinberu fé og hlutast til um að niðurstöður séu kynntar. Rannsóknaráð semur árlega skýrslu um rannsóknastarfsemina í landinu.
6. Að stuðla að söfnun erlendra rita og annarra upplýsinga um vísindastörf, rannsóknastörf og tækni og úrvinnslu þeirra til hagnýtingar fyrir atvinnuvegi landsins. Upplýsingum þessum skal komið á framfæri við rannsóknastofnanir.
7. Að beita sér fyrir skjótri hagnýtingu tæknilegra nýjunga hjá atvinnuvegunum með kynningarstarfsemi og upplýsingaþjónustu.
8. Samstarf við hliðstæðar erlendar stofnanir og að stuðla að þátttöku Íslands í alþjóðlegu samstarfi á sviði rannsóknamála.
9. Önnur þau verkefni, sem æskilegt reynist að sameina fyrir rannsóknastarfsemina.

III. KAFLI
Um samræmingu og eflingu vísindalegra rannsókna.

7. gr.

Skylt er þeim stofnunum og einstaklingum, sem fá framlag úr ríkissjóði til rannsókna, að láta Rannsóknaráði ríkisins í té upplýsingar og hafa samstarf við það, þegar þess er óskað og við verður komið (sjá þó 53. gr.).

8. gr.

Ríkið kemur upp hentugum byggingum og athafnasvæðum í rannsóknahverfi til handa þeim rannsóknastofnunum, sem um getur í lögum þessum að svo miklu

leyti, sem stofnunum er ekki séð fyrir þeirri aðstöðu annars staðar, svo og rannsóknatækjum og öðrum hjálpargögnum, sem sameiginleg not geta orðið af fyrir margar rannsóknastofnanir.

Rannsóknaráð ríkisins skal hafa yfirumsjón með landssvæðum, framkvæmdum og sameiginlegum byggingum og tækjum, sem um getur að ofan, en einstakar byggingar skulu þó vera til óskertra umráða þeirra stofnana, sem þær nota.

Um tilhögun bygginga og athafnasvæða skal, svo sem við verður komið, farið eftir tillögum þeirra rannsóknastofnana, sem ætlað er að nota þau.

9. gr.

Fé það, sem Háskóla Íslands ber að greiða til ríkissjóðs sem einkaleyfisgjald, rennur í byggingasjóð rannsóknastarfseminnar. Rannsóknaráð ákveður um notkun byggingasjóðsins.

IV. KAFLI
Fjármál.

10. gr.

Tekjur rannsóknaráðs eru:

1. Fé, sem veitt er til ráðsins á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem ráðinu eru falin af hinu opinbera.
3. Aðrar tekjur.

II. FLOKKUR
Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins.

V. KAFLI
Stjórn og skipulag.

11. gr.

Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðherra.

12. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar, og skal hann áður hafa leitað umsagnar til Rannsóknaráðs ríkisins um þá menn, er sækja um starfið.

13. gr.

Framkvæmdastjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

14. gr.

Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum. Hann annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

15. gr.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, en framkvæmdastjóri ræður annað starfslið, samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttarfélag starfsmanna.

16. gr.

Stofnuninni til ráðuneytis er ráðgjafarnefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára:

Alþýðusamband Íslands,
Arkitektafélag Íslands,
Húsameistari ríkisins,
Húsnæðismálastofnun ríkisins,
Iðnaðarmálastofnun Íslands,
Raforkumálastjóri,
Bæjarstjórn Reykjavíkur,
Sementsverksmiðja ríkisins,
Teiknistofa landbúnaðarins,
Vegamálastjóri,
Verkfræðingafélag Íslands,
Vinnuveitendasambands Íslands,
Vitamálastjóri.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin skal vera framkvæmdastjóranum til ráðuneytis um val og meðferð verkefna og skapa tengsl við þá aðila, sem njóta starfsemi stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð. Nefndin getur fjölgað mönnum í ráðgjafarnefndinni.

VI. KAFLI
Verkefni.

17. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins skulu vera:

1. Endurbætur í byggingariðnaði og lækkun kostnaðar við mannvirkjagerð. Í þeim tilgangi skal stofnunin fylgjast með nýjungum í byggingariðnaði og laga þær að íslenzkum staðháttum.
2. Sjálfstæðar byggingafræðilegar rannsóknir.
3. Kynning á niðurstöðum rannsókna og að veita upplýsingar um byggingafræðileg efni.
4. Aðstoð við eftirlit með byggingaefnum og byggingaframkvæmdum.
5. Þjónusta með rannsóknum í sambandi við byggingaframkvæmdir, samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.

VII. KAFLI
Fjármál.

18. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Fé, sem fæst með sérstakri álagningu á byggingavörur, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins samkvæmt 1. lið skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkvæmt 5. lið.

III. FLOKKUR
Rannsóknastofnun iðnaðarins.

VIII. KAFLI
Stjórn og skipulag.

19. gr.

Rannsóknastofnun iðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir iðnaðarmálaráðherra.

20. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar og skal áður leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins um umsækjendur.

21. gr.

Framkvæmdastjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

22. gr.

Framkvæmdastjóri skal hafa lokið prófi í raunvísindum. Hann skal annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

23. gr.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, en framkvæmdastjóri ræður annað starfslið samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttarfélög starfsmana.

24. gr.

Við rannsóknastofnun iðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára:

Alþýðusamband Íslands,
Félag íslenzkra iðnrekenda,
Iðnaðarmálastofnun Íslands,
Iðnaðarbanki Íslands,
Landssamband íslenzkra iðnaðarmanna,
Samband íslenzkra samvinnufélaga,
Vinnuveitendasamband Íslands.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri stofnunarinnar og er tengiliður á milli hennar og iðnaðarins. Hún er framkvæmdastjóranum til ráðuneytis um starfsáætlun stofnunarinnar. Nefndin er ólaunuð. Nefndin getur sjálf fjölgað mönnum í nefndinni.

25. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 26. gr., er heimilt að greina starfsemi stofnunarinnar í eftirfarandi deildir:

1. Efnarannsóknir vegna sérverkefna og nýjunga í iðnaði og annarri framleiðslu.
2. Almennar efnarannsóknir samkvæmt 26. gr., 3. lið.
3. Gerlarannsóknir.
4. Rannsóknir vegna tilraunaframleiðslu.
5. Rannsóknir á sviði véla og tækni.

IX. KAFLI
Verkefni.

26. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar iðnaðarins skulu vera:

1. Rannsóknir til eflingar og hagsbóta iðnaðinum í landinu og rannsóknir vegna nýjunga á sviði iðnaðar og annarrar framleiðslu.
2. Rannsóknir á nýtingu náttúruauðæfa landsins.
3. Þjónusta með rannsóknum í greinum þeim, sem stofnunin fæst við, þar á meðal í sambandi við eftirlit á sviði iðnaðar, verzlunar og annarrar framleiðslu, samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.
4. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

X. KAFLI
Fjármál.

27. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Fé, sem fæst með sérstakri álagningu á iðnaðarvarning, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

Framlag ríkisins, samkv. 1. lið, skal aldrei vera minna en helmingur þeirrar upphæðar, sem fæst samkv. 5. lið.

IV. FLOKKUR
Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

XI. KAFLI
Stjórn og skipulag.

28. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir landbúnaðarráðherra.

29. gr.

Landbúnaðarráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar, og skal áður leitað umsagnar Rannsóknaráðs, svo og stjórnar Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins um umsækjendur.

30. gr.

Framkvæmdastjóri semur fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

31. gr.

Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi og vera sérmenntaður í einhverri grein búvísinda. Hann annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

32. gr.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, en framkvæmdastjóri ræður annað starfslið samkvæmt fjárhagsáætlun hennar.

Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttarfélög starfsmanna.

33. gr.

Við Rannsóknastofnun landbúnaðarins er tilraunaráð skipað sérfróðum mönnum á eftirfarandi hátt:

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar, sem jafnframt er formaður ráðsins.

Tveir tilnefndir af sérfræðingum og tilraunastjórum, sem fara með verkefni samkvæmt 1.—4. tölulið 34. gr.

Tveir tilnefndir af sérfræðingum og tilraunastjórum, sem fara með verkefni samkvæmt 5.—8. tölulið 34. gr.

Tveir tilnefndir af stjórn Búnaðarfélags Íslands.

Tveir tilnefndir af Framleiðsluráði landbúnaðarins.

Framkvæmdastjóri semur starfsáætlun stofnunarinnar í samráði við tilraunaráðið.

Tilraunaráðið er ólaunað. Fjölga má mönnum í tilraunaráðinu með ákvörðun þess sjálfs.

34. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 35. gr., skal starfsemi stofnunarinnar greinast í eftirtalin verksvið, sem heimilt er að hafa sem sérstakar deildir:

1. Jarðvegsrannsóknir, áburðar- og jarðræktartilraunir.
2. Jurtakynbætur, líffræðirannsóknir, gróður- og frærannsóknir.
3. Garðyrkju- og ylræktarrannsóknir.
4. Rannsóknir á sjúkdómum og meindýrum jurtagróðurs og varnir gegn þeim.
5. Búfjárkynbætur og arfgengisrannsóknir búfjár.
6. Fóðurrannsóknir, fóðrunartilraunir og rannsóknir á fóðrunarsjúkdómum.
7. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins.
8. Vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar.

XII. KAFLI
Verkefni.

35. gr.

Rannsóknastofnun landbúnaðarins skal annast eða hafa umsjón með öllum rannsóknum og tilraunum á sviði landbúnaðarins, sem fé er veitt til á fjárlögum, og falla undir eftirtalin verkefni:

1. Rannsóknir og tilraunir til öflunar vísindalegrar og hagnýtrar þekkingar og reynslu í undirstöðuatriðum jarðræktar og búfjárræktar.
2. Rannsóknir á orsökum þess, að landgæði spillast, eða landnytjar ganga úr sér og tilraunir með varnarráðstafanir.
3. Rannsóknir á framleiðsluvörum landbúnaðarins, sem miða að betri og fullkomnari nýtingu.
4. Þjónusta við landbúnaðinn með rannsóknum samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.
5. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna og starfsemi stofnunarinnar í vísinda- og fræðsluritum.

XIII. KAFLI
Rannsókna- og tilraunastarfsemin.

36. gr.

Miðstöð rannsókna og tilraunastarfsemi Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins skal vera í Reykjavík eða nágrenni, enda skal stofnunin fá þar hentugt jarðnæði fyrir þær rannsóknir, sem þar er nauðsynlegt að framkvæma.

Stofnunin skal fá umráð yfir þeim tilraunastöðvum á sviði landbúnaðar, sem ríkið á. Þar skulu framkvæmdar tilraunir í jarðrækt, búfjárrækt, heyverkun og öðru, eins og stjórn stofnunarinnar ákveður.

Stofnuninni er heimilt að gera almennar vinnu- og verktæknitilraunir á búum bændaskólanna og tilraunir í garðrækt og ylrækt á landi Garðyrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi.

Framkvæmdastjórn er heimilt að semja við einstaka bændur og búnaðarsambönd um tilraunir, ræktun úrvals fræs og annað í sambandi við starfsemi stofnunarinnar, eins og hún telur hentugt.

XIV. KAFLI
Fjármál.

37. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til meiri háttar verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Fé, sem fæst með sérstakri álagningu á framleiðsluvörur landbúnaðarins, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

V. FLOKKUR
Hafrannsóknastofnunin.

XV. KAFLI
Stjórn og skipulag.

38. gr.

Hafrannsóknastofnunin er sjálfstæð ríkisstofnun, er heyrir undir sjávarútvegsmálaráðherra.

39. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar og skal áður leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins um umsækjendur.

40. gr.

Framkvæmdastjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsáætlun skal send Rannsóknaráði ríkisins.

Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum. Hann annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, en framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk, samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttarfélög starfsmanna.

41. gr.

Við Hafrannsóknastofnunina er ráðgjafanefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára í senn:

Alþýðusamband Íslands,

Landssamband ísl. útvegsmanna,

Félag ísl. botnvörpuskipaeigenda,
Fiskimannadeild Farmanna- og fiskimannasambands Íslands,
Sjómannasamband Íslands.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri deildarinnar og er tengiliður milli hennar og útvegsins. Hún er framkvæmdastjóranum til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun deildarinnar. Nefndin er ólaunuð. Nefndinni er heimilt að bæta mönnum í nefndina.

XVI. KAFLI
Verkefni.

42. gr.

Verkefni Hafrannsóknastofnunarinnar skulu vera:

1. Rannsóknir á göngum og stofnsveiflum íslenzkra sjávardýra og áhrifum þeirra á aflamagn, veiðihorfur og hámarksnýtingu. Enn fremur rannsóknir á dýrastofnum og öðrum sjávarverðmætum, sem ónytjuð eru, í því skyni að auka fjölbreytni sjávarútvegsins.
2. Rannsóknir á lifnaðarháttum og lífsskilyrðum sjávardýra og sjávargróðurs.
3. Rannsóknir á sviði efna- og eðlisfræði sjávar.
4. Skipulagning og stjórn rannsókna og fiskleitar á veiðisvæðum og leit nýrra fiskimiða.
5. Tilraunir með ný veiðarfæri og veiðiaðferðir og rannsóknir þar að lútandi.
6. Að stuðla að söfnun og úrvinnslu veiðiskýrslna.
7. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

Hafrannsóknastofnunin skal annast allar rannsóknir, sem falla undir framangreind verkefni og framkvæmdar eru á vegum ríkisins.

43. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 42. gr., er heimilt að greina starfsemi stofnunarinnar í eftirtaldar deildir:

1. Síldar- og svifrannsóknir.
2. Botnfiska- og botndýrarannsóknir.
3. Sjófræði- og líffræðilisrannsóknir.
4. Veiðitæknirannsóknir.

XVII. KAFLI
Fjármál.

44. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Skattar, sem fást kunna með álagningu á framleiðsluvörur sjávarútvegsins.

45. gr.

Hafrannsóknastofnunin skal hafa yfirstjórn hafrannsóknaskipa, sem kunna að vera í eigu ríkisins.

VI. FLOKKUR
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins.

XVIII. KAFLI
Stjórn og skipulag.

46. gr.

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er sjálfstæð ríkisstofnun, sem heyrir undir sjávarútvegsmálaráðherra.

47. gr.

Sjávarútvegsmálaráðherra skipar framkvæmdastjóra stofnunarinnar og skal áður leita umsagnar Rannsóknaráðs ríkisins um umsækjendur. Framkvæmdastjóri skal hafa lokið háskólaprófi í raunvísindum.

48. gr.

Framkvæmdastjóri semur starfs- og fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Fjárhagsáætlunin skal send Rannsóknaráði ríkisins.

Framkvæmdastjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og fjárreiður.

Ráðherra skipar sérfræðinga stofnunarinnar að fengnum tillögum framkvæmdastjóra, en framkvæmdastjóri ræður annað starfslið samkvæmt fjárhagsáætlun stofnunarinnar. Laun starfsmanna skulu vera í samræmi við launalög eða samkvæmt samningum við stéttarfélög starfsmanna.

49. gr.

Við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins er ráðgjafarnefnd. Eftirtaldir aðilar skipa einn nefndarmann hver til fjögurra ára:

Alþýðusamband Íslands,
Fiskfélag Íslands,
Frystihúsaeigendur,
Lýsis- og mjölframleiðendur,
Síldarsaltendur,
Skreiðarframleiðendur,
Saltfiskframleiðendur,
Fiskniðursuðuframleiðendur.

Framkvæmdastjóri deildarinnar á sæti í nefndinni og er formaður hennar. Nefndin fylgist með rekstri deildarinnar og er tengiliður milli hennar og fiskiðnaðarins. Hún er framkvæmdastjóranum til ráðuneytis og gerir tillögur um starfsáætlun deildarinnar. Nefndin er ólaunuð. Nefndin getur sjálf fjölgað mönnum í nefndinni.

XIX. KAFLI
Verkefni.

50. gr.

Verkefni Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins skulu vera:

1. Rannsóknir á hráefnum og framleiðslu fiskiðnaðarins til þess að tryggja fyllstu nýtingu hráefnanna og gæði afurðanna.
2. Aðstoð og leiðbeiningar við fiskiðnaðinn við undirbúning og byggingu fiskiðjuvera og val véla og tækja til fiskiðnaðar.
3. Kynning á nýjungum fiskiðnaði, tækjum og vinnsluaðferðum og prófun á gagnsemi þeirra.
4. Þjónusta við fiskiðnaðinn með rannsóknum samkvæmt sérstakri gjaldskrá, sem ákveðin er af stjórn stofnunarinnar.

5. Námskeið fyrir matsmenn, vélstjóra og verkstjóra í fiskiðnaðinum.
6. Kynning á niðurstöðum rannsóknanna í vísinda- og fræðsluritum.

51. gr.

Til framkvæmda á verkefnum þeim, sem um getur í 50. gr., er heimilt að greina starfsemi stofnunarinnar í eftirtaldar deildir:

1. Efnafræðirannsóknir.
2. Efnaverkfræðirannsóknir.
3. Gerlafræðirannsóknir.
4. Rannsóknir á sviði véla og verksmiðjutækni.

XX. KAFLI
Fjármál.

52. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

1. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar á fjárlögum.
2. Fé, sem veitt er sérstaklega til tiltekinna verkefna, sem stofnuninni eru falin af hinu opinbera.
3. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
4. Framlög einstaklinga, félaga eða stofnana.
5. Skattar, sem fást með álagningu á framleiðsluvörur sjávarútvegsins, eins og ákveðið kann að vera í lögum.

XXI. KAFLI

53. gr.

Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnum fiskiðnaðarins eiga saman húsið Skúlagötu 4, Reykjavík. Stjórn hússins er þrír menn: framkvæmdastjórar beggja stofnananna og einn maður skipaður af sjávarútvegsmálaráðherra.

VII. FLOKKUR

XXII. KAFLI
Almenn ákvæði.

54. gr.

Þær stofnanir, sem um getur í lögum þessum, skulu eiga aðgang að upplýsingum, sem opinberar stofnanir og fyrirtæki geta í té látið og varða starfsemi þeirra.

55. gr.

Ráðgjafarnefndir stofnananna skulu halda fundi eftir þörfum, en eigi sjaldnar en ársfjórðungslega. Forstjórar stofnananna skulu gefa skýrslur um verkefni og fyrirætlanir og a. m. k. einu sinni á ári skal slíkum skýrslum útbýtt skriflega til nefndarmanna a. m. k. viku fyrir fund. Fundirnir eru ætlaðir til þess, að sem nánast samstarf takist við fulltrúa verkafólks og atvinnurekenda og atvinnulífið yfirleitt og að tækifæri gefist þar til ýtarlegra umræðna, gagnrýni, leiðbeininga og tillagna.

56. gr.

Ekki er heimilt að veita upplýsingar um rannsóknir, sem kostaðar eru af þriðja aðila, nema með samþykki hans. Ef þagnarskylda er brotin, varðar það ábyrgð

eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um opinbera starfsmenn og skaðabótaskyldu.

57. gr.

Nánari ákvæði um starfsemi stofnananna má setja með reglugerðum. Þar á meðal er heimilt að ákveða breytingu á verksviðum einstakra stofnana.

58. gr.

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, lög nr. 64/1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, svo og önnur lagaákvæði, sem brjóta í bága við lög þessi.

59. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 188. Nefndarálit [46. mál]

um frv. til l. um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. og borið saman við ríkisreikninginn. Leggur meiri hluti nefndarinnar til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Skúli Guðmundsson mun skila sérálíti.

Alþingi, 12. des. 1962.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein.	Lúðvík Jósefsson.

Sþ. 189. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1963 og við brtt. á þskj. 175.

I. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 11. gr. A. 26. d. Nýr liður:
Til þess að vinna gegn áfengis- og tóbaksneyzlu æskufólks Dómsmálaráðuneytið úthluti fénu til félagssamtaka í samræmi við starf þeirra að þessum málum. 1 000 000

II. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við brtt. 175, 19. 63. (Við 13. gr. A. II. a. — Siglufjarðarvegur ytri).
Fyrir „400 000“ kemur 500 000

III. Frá *Birni Jónssyni.*
Við 13. gr. A. XIII. Liðurinn orðist svo:
Styrkur til að halda uppi byggð og gistingu handa ferðamönnum, þar af 40 þús. kr. til að koma Bakkaseli í Öxnadal í ábúð 230 000

IV. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við brtt. 175, 28. 25. (Við 13. gr. C. VII. — Hofsós).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000

V. Frá *Birni Jónssyni.*
Við brtt. 175, 28. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki).
1. Við 27. (Hrísey).
Fyrir „300 000“ kemur 500 000
2. Við 41. (Raufarhöfn).
Fyrir „500 000“ kemur 700 000

VI. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við brtt. 175, 28. (Við 13. gr. C. VII. — Hafnarmannvirki).
1. Við 43. (Sauðárkrókur).
Fyrir „350 000“ kemur 450 000
2. Við 45. (Siglufjörður).
Fyrir „350 000“ kemur 500 000

VII. Frá *Birni Jónssyni.*
Við brtt. 175, 39. b. 1. (Við 14. gr. A. X. 23. — Barnaskólar).
Liðurinn orðist svo:
Raufarhöfn, 1. og 2. áf. 700 000

VIII. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Geir Gunnarssyni.*
1. Við 14. gr. A. XXI. Nýr liður:
Styrkur til þess að bjóða grænlenzkum stúdent, námsmanni eða áhugamanni til námsdvalar, til að læra íslenzka tungu, sögu og bókmenntir 70 000
2. Við 14. gr. B. III. 5. (Þjóðminjasafnið, hljómplötusafn).
Fyrir „5 000“ kemur 25 000
3. Við 14. gr. B. III. 13. Nýr liður:
Til viðhalds Viðeyjarstofu, að höfðu samráði við eiganda 200 000

IX. Frá *Þórarni Þórarinssyni, Karli Kristjánssyni, Ingvari Gíslasyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. (Til skálda, rithöfunda og listamanna).
Fyrir „1 834 456“ kemur 3 500 000

X. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Geir Gunnarssyni.*
Við 14. gr. B. XIII. Liðurinn orðist svo:
Til skálda, rithöfunda og listamanna, samkvæmt úthlutun 5 manna nefndar, er sameinað Alþingi kýs með hlutfallskosningu 3 000 000
Af fé þessu skulu Gunnar Gunnarsson og Halldór Kiljan Laxness njóta 60 þús. kr. heiðurslauna hvor.

XI. Frá *Þórarni Þórarinssyni, Karli Kristjánssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
Við 14. gr. B. XL. (Til vísindamanna og fræðimanna).
Fyrir „216 000“ kemur 300 000

XII. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við brtt. 175, 68. (Við 14. gr. B. XLII). Liðurinn orðist svo:
Til leiklistarstarfsemi samkvæmt úthlutun menntamálaráðuneytisins og sé miðað við starfsemi og aðstöðu leikfélaganna 900 000

XIII. Frá *fjárveitinganefnd.*
1. Við 16. gr. D. X. (Jarðhitasjóður).
Fyrir „6 000 000“ kemur 6 200 000
2. Við 16. gr. D. XIII. (Jarðboranir á Lýsuhóli).
Liðurinn fellur niður.

XIV. Frá *Birni Jónssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 17. gr. V. 9. (Til sumardvalarheimila o. fl.).
Fyrir „215 000“ kemur 500 000

XV. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Geir Gunnarssyni.*
Við 17. gr. V. 9. Nýr liður:
Til rekstrar dagheimila fyrir börn þeirra mæðra, er vinna utan heimilis, úthlutað samkvæmt reglum, er félagsmálaráðuneytið setur 1 000 000

XVI. Frá *Birni Jónssyni* og *Einari Olgeirssyni.*
Við 17. gr. V. 14. i. (Til mæðrastyrksnefnda).
1. Fyrir „70 000“ kemur 150 000
2. Fyrir „35 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur“ kemur: 75 þús. kr. til mæðrastyrksnefnda utan Reykjavíkur.

XVII. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Geir Gunnarssyni.*
Við 17. gr. V. 17. e. Nýr liður:
Til þess að styrkja félagsstarfsemi og skemmtanir æskulýðs, sem haldnar eru án þess að vín sé veitt, af hálfu félagsheimila og annarra aðila, — enda sé tryggt, að verðlagi öllu við skemmtanahaldið sé í hóf stillt, — og sé styrknum úthlutað samkvæmt reglum, er félagsmálaráðuneytið setur 1 500 000

XVIII. Frá *Þórarni Þórarinssyni* og *Eysteini Jónssyni.*
Við 20. gr. Út. VI. 1. (Viðbótarhúsnæði við ríkisspítalana).
Fyrir „6 503 000“ kemur 10 000 000

XIX. Frá *fjárveitinganefnd.*
Við 20. gr. Út. X. (Rannsóknarstöðin á Keldum).
Fyrir „665 000“ kemur 965 000

XX. Frá *Þórarni Þórarinssyni* og *Ólafi Jóhannessyni.*
Við 20. gr. Út. XI. 2. Nýr liður:
Til nýs menntaskóla í Reykjavík 5 000 000

XXI. Frá *Lúðvík Jósefssyni.*
Við 20. gr. Út. XXI. (Atvinnubótasjóður).
Fyrir „10 000 000“ kemur 20 000 000

XXII. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 22. gr. XXI. Nýr liður:
Að taka allt að 15 millj. kr. lán til þess að greiða kostnað við lagningu Siglufjarðarvegar ytri (Strákavegar).

Nd. 190. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar, og eru allir nefndarmenn sammála um, að það sé til bóta, en þó varð ekki full samstaða um afgreiðslu þess. Fjórir nefndarmenn, þeir Gunnar Gíslason, Jónas Pétursson, Benedikt Gröndal og Karl Guðjónsson, vilja samþykkja frv. með þremur breytingum, sem þeir bera fram tillögur um. Eru tvær af þeim leiðréttingar á frv., og styð ég þær, en ein er efnisbreyting á lögunum, þar sem lagt er til, að styrkir til íbúðarhúsabygginga hækki úr 40 þús. kr., eins og ákveðið er í 48. gr., upp í 50 þús. kr. Og þar sem hvort tveggja er, að mér þykir of skammt gengið með þessari breytingartillögu og að ég vil einnig hækka jarðræktarframlagið meira en frv. gerir ráð fyrir, þá varð ekki full samstaða um afgreiðslu málsins, og flyt ég breytingartillögur um þau atriði, er aðrir nefndarmenn voru ekki sammála mér um.

Þegar lögin um Stofnlánadeild landbúnaðarins voru til meðferðar á síðasta þingi, þá reyndum við framsóknarmenn að koma fram breytingum til bóta, en allar okkar tillögur voru felldar í báðum þingdeildum.

Í neðri deild flutti ég ásamt Karli Guðjónssyni m. a. breytingartillögu um, að breytt yrði markinu um 10 ha. túnstærðina, sem notið hefur sérstaks jarðræktarframlags síðan 1957, og það fært upp í 15 ha. og hinir smærri bændur þannig hvattir og styrktir áfram til ræktunarframkvæmda, en þessi sjálfsagða tillaga var einnig felld.

Nú hefur ríkisstjórnin nokkrum mánuðum síðar ekki séð sér annað fært en flytja frv. það, er hér liggur fyrir, og taka upp þá breytingu, er við Karl Guðjónsson lögðum til í fyrra. Er ég auðvitað samþykkur þeirri breytingu, en vil þó láta þá skoðun í ljós, að ekki muni lengi verða hægt að una við 15 ha. markið, því að bústærðin hjá hverjum bónda hlýtur að verða að vaxa mjög fljótt upp fyrir það, sem 15 ha. tún getur framfleytt. Eftir atvikum er þó hægt að sætta sig við þessa breytingu í bili. Hins vegar tel ég ekki við það unandi, að kostnaðarprósentan 50 af hundraði, sem styrkurinn miðast við, sé lengur sú sama, og flyt breytingartillögu um, að hún verði 65 af hundraði kostnaðarverðs við ræktunina. Mundi þetta mjög hraða stækkun litlu túnanna og hjálpa nýbýlingum að koma undir sig fótum við búskapinn.

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir hækkun á byggingarstyrk til íbúðarhúsabygginga, en hann hefur verið allt að 40 þús. kr. Meiri hluti landbúnaðarnefndar gerir tillögu um að hækka styrk þennan upp í 50 þús. kr., án þess þó að gera ráð fyrir auknu framlagi úr ríkissjóði til að mæta hækkuninni. Ég vil hækka styrkinn um ⅓, úr allt að 40 þús. kr. í 60 þús. kr., og að ríkissjóður leggi fram 3 millj. kr. í þessu skyni í stað 2 millj. kr. Ég geri einnig tillögu um, að ríkissjóður leggi fram árlega næstu ár þá fjárhæð, er þarf til að mæta þeirri hækkun, er ég legg til á jarðræktarframlaginu, og til endurbyggingar íbúðarhúsa á jörðum með ónothæfar íbúðir.

Nái þessar sjálfsögðu breytingar fram að ganga, má telja, að um sinn sé sæmilega búið að þeim þáttum landbúnaðarmála, er frv. fjallar um.

Hins vegar er það skoðun okkar framsóknarmanna, að lögin um Stofnlánadeild landbúnaðarins þurfi gagngerðra breytinga við á öðrum sviðum. Er þar fyrst og fremst um að ræða að fella niður hina óréttlátu skattlagningu á bændur og neytendur til Stofnlánadeildarinnar og sjá henni fyrir fé með öðrum hætti. Enn fremur að lengja aftur lánstímann og lækka vextina. Framsóknarflokkurinn vill þó ekki

tefja þetta frv. með umræðum eða tillögugerð um þá þætti málsins nú, en mun bráðlega leggja fram frumvarp um það efni.

Samkvæmt því, sem hér er tekið fram, er það tillaga mín, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á eftir 3. gr. komi ný grein:
   48. gr. laganna breytist þannig:
   a. Í stað orðanna „allt að 40 þúsund krónur“ komi: 60 þúsund krónur.
   b. Í stað orðanna „minnst 2 millj. króna“ komi: minnst 3 millj. kr.
2. Við 5. gr. Í stað „50%“ í 2. málsgr. komi: 65%.
3. Við 6. gr. Greinin orðist þannig:
   64. gr. laganna orðist svo:
   Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður árlega á árunum 1963—1970, að báðum árunum meðtöldum, þá fjárhæð, er þarf til að greiða tilskilinn hluta ríkisins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Alþingi, 13. des. 1962.

Ágúst Þorvaldsson.

Sþ. 191. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1963 og við brtt. á þskj. 175.

I. Frá *Ágúst Þorvaldssyni og Birni Fr. Björnssyni.*
Við 12. gr. IX. (Bygging sjúkrahúsa o. fl.).
1. Fyrir „7 000 000“ kemur 10 000 000
2. Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:
Þar af 500 000 kr. til sjúkrahússins á Selfossi og 2 500 000 kr. til sjúkrahússins í Vestmannaeyjum.

II. Frá *Geir Gunnarssyni.*
Við brtt. 175, 39. b. 5. (Við 14. gr. A. X. 23). Nýr liður:
Hafnarfjörður, íþróttahús 500 000

III. Frá *Birni Fr. Björnssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Karli Guðjónssyni.*
1. Við brtt. 175, 39. b. 18. (Við 14. gr. A. X. 23). Nýir liðir:
   a. Kirkjubæjarklaustur, heimavistarbarnaskóli 300 000
   b. Hveragerði, íþróttahús 250 000
2. Við brtt. 175, 40. b. 5. (Við 14. gr. A. XI. 31). Nýr liður:
   Skógar, heimavistar- og skólastjóraíbúð 500 000

IV. Frá *Geir Gunnarssyni.*
Við 14. gr. B. XVIII. Nýr liður:
Til myndlistarmanna, er kynna skólafólki sýningar sínar .. 60 000

V. Frá *Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 16. gr. D. XIII. Nýr liður:
Til jarðborana á Selfossi 300 000

VI. Frá *Eðvarð Sigurðssyni.*
Við 17. gr. III. 6. (Iðnnemasamband Íslands).
Fyrir „15 000“ kemur 25 000

VII. Frá *Geir Gunnarssyni.*
Við 17. gr. V. 10. Nýr liður:
Til sumardvalarnefndar mæðra, Hafnarfirði, byggingarstyrkur 50 000
Til vara 30 000

VIII. Frá *Karli Guðjónssyni, Ágúst Þorvaldssyni* og *Birni Fr. Björnssyni.*
Við 22 gr. XXI. Nýr liður:
Að taka allt að 25 millj. kr. lán til að ljúka undirbúningi og hefja brúargerð yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

IX. Frá *Geir Gunnarssyni.*
Við 22. gr. XXV. Nýr liður:
Að taka allt að 70 millj. kr. lán og endurlána landshöfn Keflavíkur og Njarðvíkur til hafnarframkvæmda.
Til vara ... allt að 35 millj. kr. lán ...

Sþ. 192. Breytingartillögur [1. mál]

við brtt. á þskj. 175. [Fjárlög].

I. Frá *Hannibal Valdimarssyni.*
Við brtt. 175, 25. (Við 13. gr. A. XIII. — Byggð og gisting handa ferðamönnum).
Fyrir „190 000“ kemur 210 000

II. Frá *Finnboga R. Valdimarssyni* og *Jóni Skaftasyni.*
1. Við brtt. 175, 39. a. 39. (Við 14. gr. A. X. 23). Liðurinn orðist svo:
Kópavogur, Kársnes, 2. áf. 100 000
Kársnes, 3. áf. 574 000
Digranesskóli 612 500
2. Við brtt. 175, 40. b. 2. (Við 14. gr. A. XI. 31). Nýr liður:
Kópavogur, 3. áf. 574 000

Nd. 193. Frumvarp til laga [119. mál]

um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

I. KAFLI
Almennar náttúrurannsóknir.

1. gr.

Með almennum náttúrurannsóknum er í lögum þessum átt við undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði, sem ekki eru unnar beinlínis í þágu atvinnuveganna. Menntamálaráðherra hefur yfirumsjón allra slíkra rannsókna.

2. gr.

Náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir eða söfnun náttúrugripa á vegum hins opinbera, skal frjáls för um lönd manna, en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er þeim að greiða fullar bætur fyrir tjón, er þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er og heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er, án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki, ef um er að ræða náttúrugripi, sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra rétthafa lands.

Nú leiðir rannsókn í ljós verðmæti, sem áður voru ókunn, og ber þá rannsakanda að tilkynna það rétthafa þess lands, þar sem verðmætin eru.

3. gr.

Íslenzkir ríkisborgarar skulu hafa forgangsrétt til almennra rannsókna á náttúru Íslands.

Ráðherra getur, að fengnum tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands, veitt erlendum náttúrufræðingum heimild til að stunda almennar náttúrurannsóknir hér á landi um tiltekinn tíma, enda hafi þeir samráð við stofnunina og láti henni í té skýrslur um rannsóknir sínar, allt samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

4. gr.

Skylt er öllum þeim, er njóta opinbers styrks eða fyrirgreiðslu til almennra rannsókna á náttúru Íslands, að hafa samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands og láta henni árlega í té skýrslur um rannsóknirnar.

II. KAFLI

Náttúrufræðistofnun Íslands.

A. Hlutverk.

5. gr.

Aðalverkefni stofnunarinnar eru þessi:

a. Að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru Íslands, vinna að slíkum rannsóknum, samræma þær og efla.
b. Að koma upp sem fullkomnustu vísindalegu safni íslenzkra og erlendra náttúrugripa og varðveita það.
c. Að koma upp sýningarsafni, er veiti sem gleggst yfirlit um náttúru Íslands og sé opið almenningi.
d. Að hafa eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga hér á landi og gæta íslenzkra hagsmuna í sambandi við þær.
e. Að greina frá meginþáttum í starfsemi stofnunarinnar í árlegri skýrslu og frá niðurstöðum rannsókna í fræðslu- og vísindaritum.

6. gr.

Stofnunin skal annast fuglamerkingar og hefur hún ein heimild til að láta merkja villta fugla á Íslandi.

B. Stjórn og skipulag.

7. gr.

Í Náttúrufræðistofnun Íslands skulu vera þrjár deildir, dýrafræðideild, grasafræðideild og jarðfræði- og landfræðideild.

8. gr.

Menntamálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar og skipar að fengnum tillögum forstöðumanns deildarstjóra, sérfræðinga og annað starfslið hennar. Deildarstjórar skulu vera jafnmargir deildum stofnunarinnar og skulu þeir vera sérfræðingar í einhverri þeirra aðalgreina, sem falla undir viðkomandi deild. Ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann stofnunarinnar til þriggja ára í senn og ákveður tölu sérfræðinga og annarra starfsmanna eftir því sem þörf krefur og fé er veitt til í fjárlögum.

Deildarstjórar og sérfræðingar skulu hafa lokið doktorsprófi, meistaraprófi eða öðrum hliðstæðum háskólaprófum í fræðigreinum sínum.

9. gr.

Forstöðumaður fer með stjórn sameiginlegra málefna stofnunarinnar, en deildarstjórar stjórna og bera ábyrgð á daglegum störfum og rekstri deilda sinna.

Deildarstjórar koma fram gagnvart innlendum og erlendum aðilum sem fulltrúar deilda sinna, en forstöðumaður er auk þess í fyrirsvari fyrir stofnunina í heild.

C. Fjármál.

10. gr.

Tekjur Náttúrufræðistofnunar Íslands eru:

a. Fé, sem veitt er til stofnunarinnar í fjárlögum eða að öðru leyti af opinberri hálfu.
b. Greiðslur fyrir verk, sem unnin eru fyrir einstaklinga, félög eða stofnanir.
c. Framlög eða gjafir einstaklinga, félaga eða stofnana.
d. Aðrar tekjur.

11. gr.

Laun starfsliðs stofnunarinnar skulu ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962.

D. Almenn ákvæði.

12. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands skal eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem opinberar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar.

13. gr.

Stofnunin skal ekki veita viðtöku gripagjöfum, ef þeim fylgja kvaðir um aðra meðferð þeirra en annarra muna stofnunarinnar. Heimilt er þó að veita undanþágu frá þessu ákvæði, ef viðkomandi deildarstjóri mælir með því og forstöðumaður telur sérstaka ástæðu til.

Óheimilt er að lána sýningargripi stofnunarinnar.

14. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um rekstur og starfsemi stofnunarinnar.

15. gr.

Með gildistöku laga þessara falla úr gildi eftirtalin lög og lagaákvæði:

Ákvæði I. og II. kafla laga nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, þau er lúta að almennum náttúrurannsóknum og afskiptum Rannsóknaráðs ríkisins af þeim.

Lög nr. 17/1951, um Náttúrugripasafn Íslands.
Önnur ákvæði eldri laga, sem ekki fá samrýmzt ákvæðum laga þessara.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af atvinnumálanefnd ríkisins í samráði við starfsmenn Náttúrugripasafns Íslands. Menntamálaráðuneytið sendi Háskólanum frv. til umsagnar og er svarbréf háskólarektors, dags. 12. jan. 1961, birt hér sem fylgiskjal. Ábendingar rektors um breytingar á 9. gr., 2. málsgr., 10. og 13. gr., hafa verið teknar til greina, og vakin er athygli á ummælum hans um athugasemd í greinargerð atvinnumálanefndar við 10. gr., d-lið. Þá hefur ráðuneytið gert þá breytingu á frumvarpinu, að setja í 11. gr. ákvæði um, að laun starfsmanna stofnunarinnar skuli ákveðin á sama hátt og annarra starfsmanna ríkisins, sbr. lög nr. 55/1962, en í frumvarpinu var svo mælt, að þau skyldu ákveðin í launalögum, sem var eðlilegt á þeim tíma, er frumvarpið var samið (1960). Bætt er inn orðinu „vísindalegum" í upphafi 12. gr., þannig, að stofnunin á eftir frv., eins og það nú er, að eiga aðgang að vísindalegum upplýsingum, sem aðrar stofnanir geta í té látið og varða starfsemi hennar, en ekki upplýsingum almennt.

Frumvarpinu fylgdi svofelld greinargerð frá atvinnumálanefnd:

„1. Almennar upplýsingar.

Með lögum nr. 68/1940, um náttúrurannsóknir, var sett heildarlöggjöf um allar náttúrurannsóknir hér á landi, bæði hinar almennu (undirstöðurannsóknir) og hagnýtu rannsóknir. Meginkafli laganna (III. kafli) fjallar um Atvinnudeild Háskólans og hinar hagnýtu rannsóknir, en framan við hann var skeytt tveimur smáköflum (I. og II. kafla), sem fjalla um hinar almennu rannsóknir og Rannsóknaráð ríkisins. Þegar þessi lög voru sett, var engin stofnun í landinu, sem gat annazt og haft umsjón með hinum almennu rannsóknum. Það var því ekki nema eðlilegt, að Rannsóknaráði væri falið að gegna því hlutverki, sem slík stofnun, ef til hefði verið, hefði átt að hafa með höndum.

Í ársbyrjun 1947 var Náttúrugripasafnið gert að ríkisstofnun og jafnframt voru ráðnir að safninu fastir starfsmenn. Með þessari ráðstöfun var sett á laggirnar opinber stofnun, er að sjálfsögðu ber, eins og ríkissöfnum í öðrum löndum, að annast og hafa forustu um hinar almennu rannsóknir á sviði dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði. Í framhaldi af þessari ráðstöfun hefði að sjálfsögðu átt að endurskoða lögin frá 1940 og breyta þeim til samræmis við hinar breyttu aðstæður, en þetta hefur þó enn ekki verið gert, enda þótt nú séu liðin 13 ár frá því að Náttúrugripasafnið tók til starfa sem ríkisstofnun.

Á Alþingi 1951 voru sett lög um Nátúrugripasafn Íslands. Haustið 1950, er verið var að undirbúa þessa lagasetningu, varð brátt ljóst, að erfitt myndi reynast að ákveða á viðunandi hátt, hver ættu að vera hlutverk Náttúrugripasafnsins, þar sem sum af hinum sjálfsögðu hlutverkum þess voru þá þegar með lögum falin öðrum aðila, þ. e. a. s. Rannsóknaráði ríkisins. Kom þá til tals að endurskoða lögin um náttúrurannsóknir frá 1940 og skapa með því gleggri verkaskiptingu milli Rannsóknaráðs og Náttúrugripasafnsins. Úr þessu varð þó ekki og frumvarp til laga um Náttúrugripasafn Íslands var því lagt fyrir Alþingi og síðar samþykkt, eftir að felld höfðu verið úr frumvarpinu ýmis ákvæði varðandi verkefni, er ekki þótti fært, að væru falin bæði safninu og Rannsóknaráði. Eigi að síður varð ekki hjá því komizt, að hlutverk beggja þessara aðilja, eins og þau eru nú ákveðin í lögum, væru að nokkru leyti hin sömu. Menntamálanefnd Nd. Alþingis, sem á sínum tíma fjallaði

um frumvarp til laga um Náttúrugripasafn Íslands, var líka ljós sú veila, er felst í því að tveimur opinberum aðilum væru að nokkru leyti falin hin sömu verkefni, og í nefndaráliti sínu um málið fórust henni þannig orð um þetta atriði: „Jafnframt vill nefndin vekja athygli á því, að ástæða væri til að athuga, hvort ekki væri hægt að samræma störf Rannsóknaráðs ríkisins, Atvinnudeildar Háskólans og Náttúrugripasafns Íslands betur en gert hefur verið hingað til".

Meðfylgjandi frumvarp er samið fyrir tilstilli Atvinnumálanefndar ríkisins. Hefur nefndin samið frumvarp til laga um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, sem koma á í stað laga um náttúrurannsóknir nr. 68/1940. Þar sem lögin frá 1940 fjölluðu einnig um hinar almennu rannsóknir, varð ekki hjá því komizt, að taka nú einnig til endurskoðunar lög um Náttúrugripasafn Íslands nr. 17/1951 og fella inn í þau ýmis ákvæði laganna frá 1940 varðandi hinar almennu rannsóknir, sem ekki voru tekin upp í lögin um Náttúrugripasafn Íslands árið 1951.

Þetta er meginástæða þess, að samið hefur verið frumvarp það um Náttúrufræðistofnun Íslands, sem hér er lagt fram. Við samningu frumvarpsins hefur verið haft samráð við forstöðumann og deildarstjóra Náttúrugripasafnsins og ríkir enginn ágreiningur um efni þess. Hafa ákvæði laga um Náttúrugripasafn Íslands nr. 17/1951 sætt rækilegri endurskoðun að efni til og reynt hefur verið að gera þau skýrari og fyllri en verið hefur. Auk þess eru í frumvarpinu ýmis nýmæli, sem kveða nánar á um hlutverk safnsins og verkaskiptingu milli þess og annarra rannsóknarstofnana í landinu.

2. Helztu breytingar.

Það frumvarp til laga, sem hér liggur fyrir, gerir ráð fyrir eftirfarandi meginbreytingum á lögum nr. 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands:

1. Nafnið breytist úr Náttúrugripasafn Íslands í Náttúrufræðistofnun Íslands. Fyrra nafn stofnunarinnar hefur valdið töluverðum misskilningi. Margir hafa álitið, að verkefni stofnunarinnar hafi fyrst og fremst eða jafnvel eingöngu verið að safna náttúrugripum til sýnis fyrir almenning. Því er lagt til, að nafninu verði breytt og áherzla lögð á meginverkefni stofnunarinnar, sem er vísindalegar rannsóknir á náttúru landsins.
2. Inn í þetta frumvarp eru felld ýmis ákvæði úr lögum nr. 68/1940 um náttúrurannsóknir, sem áður voru í verkahring Rannsóknaráðs ríkisins. 2., 3. og 4. gr. frumvarpsins eru efnislega samhljóða 1., 2., 3. og 6. gr. fyrrnefndra laga. Sömuleiðis er d-liður 5. gr. frumvarpsins, sem fjallar um hlutverk stofnunarinnar, efnislega samhljóða fyrri hluta 4. liðs 5. gr. sömu laga. Með þessu eru almenn ákvæði um náttúrurannsóknir innlendra og erlendra manna tengd Náttúrufræðistofnun Íslands og stofnuninni falið eftirlit með almennum rannsóknum erlendra nátúrufræðinga. Eins og minnzt er á að framan, hefur þessi samræming á hlutverkum Náttúrugripasafnsins og Rannsóknaráðs ríkisins áður verið talin nauðsynleg, þótt ekki hafi orðið úr henni fyrr, enda hefur safnið að meira eða minna leyti annazt þessi verkefni undanfarin ár samkvæmt ósk Rannsóknaráðs.
3. Í lögum nr. 17/1951 er það talið fremst í aðalhlutverkum safnsins að safna náttúrugripum og varðveita þá. Í þessu frumvarpi er þessu breytt og fyrst talið það mikilvæga verkefni stofnunarinnar að vera miðstöð almennra vísindalegra rannsókna á náttúru landsins.

3. Skýringar við einstakar greinar.

Um I. kafla.

Þessi kafli fjallar um almennar náttúrurannsóknir og er efnislega að mestu samhljóða I. kafla laga nr. 68/1940.

Um 1. gr.

Í þessari grein eru almennar náttúrurannsóknir skilgreindar sem undirstöðurannsóknir í dýrafræði, grasafræði, jarðfræði og landfræði. Með undirstöðurannsóknum er átt við rannsóknir, sem ekki hafa beint hagnýtt gildi fyrir atvinnuvegi landsins.

Rétt þykir að fela menntamálaráðherra yfirumsjón þessara mála, jafnframt því sem hann fer með yfirstjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Um 2. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 3. gr. laga nr. 68/1940. Þó er hér skýrar tekið fram, að náttúrufræðingum, sem stunda almennar náttúrurannsóknir á vegum hins opinbera, skuli frjálst að ferðast um lönd manna, en því ákvæði að sjálfsögðu jafnframt haldið, að þeir skuli forðast óþarfa átroðning.

Þá er bætt við ákvæði til þess að tryggja, að þessir sömu aðilar geti hindrunarlaust aflað náttúrugripa til vísindalegra þarfa, án þess að slíkt hafi í för með sér óhæfilegan kostnað, en samtímis tekið skýrt fram, að það ákvæði eigi ekki við, ef um er að ræða fémæta náttúrugripi fyrir rétthafa lands.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði 1. og 2. gr. laga nr. 68/1940, nema hvað þau eru nú látin ná aðeins til náttúrufræðinga og Náttúrufræðistofnun Íslands er falið það hlutverk, sem Rannsóknaráð ríkisins hefur í þessu sambandi samkvæmt lögum nr. 68/1940.

Um 4. gr.

Þessi grein er í samræmi við 6. gr. laga nr. 68/1940, nema hvað Náttúrufræðistofnun Íslands kemur í stað Rannsóknaráðs ríkisins.

Um II. kafla.

Í þessum kafla er fjallað um Náttúrufræðistofnun Íslands, hlutverk hennar, stjórn, skipulag og fjármál, auk nokkurra almennra ákvæða.

Flest þeirra ákvæða, sem hér er að finna, eru í samræmi við lög nr. 17/1951 um Náttúrugripasafn Íslands, sum jafnvel tekin orðrétt úr þeim lögum, en önnur eru í samræmi við ákvæði í 5. gr. laga nr. 68/1940.

Um 5. gr.

Þessi grein fjallar um aðalhlutverk Náttúrufræðistofnunar Íslands. Lögð er áherzla á að Náttúrufræðistofnun Íslands sé vísindaleg rannsóknastofnun, með því að telja það verkefni hennar fyrst. Í samræmi við þetta hefur stofnuninni verið valið heitið Náttúrufræðistofnun Íslands í stað Náttúrugripasafns Íslands. Þó getur stofnunin eðlilega eftir sem áður haldið nafninu Náttúrugripasafn Íslands á sýningarsafninu, ef það er talið æskilegt.

Meðal annarra menningarþjóða eru stofnanir hliðstæðar Náttúrugripasafni Íslands fyrst orðnar til sem hrein söfn, eða því sem næst, sem safna saman sem fjölbreyttustum náttúrugripum og varðveita þá, jafnframt því sem reynt er að hafa eins mikinn hluta þeirra til sýnis fyrir almenning og við verður komið. Smám saman hefur starfsemin jafnframt beinzt inn á þá braut, að athuga og rannsaka þessi gögn og notfæra sér þau til þess að öðlast frekari þekkingu á náttúru viðkomandi lands. Jafnframt því sem almennur skilningur hefur aukizt á nauðsyn þess, að afla haldgóðrar þekkingar á náttúru hvers lands, hafa rannsóknaverkefni slíkra stofnana alls staðar aukizt og orðið meginþáttur í starfsemi þeirra. Því hefur nöfn-

um stofnananna víða verið breytt og áherzla lögð á hið fræðilega rannsóknarverkefni, enda þótt stofnanirnar hafi eftir sem áður haldið þeim hætti, að hafa náttúrugripi til sýnis fyrir almenning til fræðslu og ánægju. Þessi þróun hefur einnig orðið hér á landi, og er því lagt til, að nafni stofnunarinnar verði breytt og áherzla lögð á hið vísindalega verkefni hennar.

Liður a er efnislega samhljóða lið 1 í 5. gr. laga nr. 68/1940 og lið 4 í 2. gr. laga nr. 17/1951. Ákveðið er, að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli vera miðstöð almennra rannsókna á náttúru Íslands. Eðlilegt virðist, að stofnunin gegni því mikilvæga hlutverki.

Liðirnir b og c eru í samræmi við liðina 1 og 2 í 2. gr. laga nr. 17/1951. Hér er tekið fram, að stofnunin skuli safna og hafa náttúrugripi til sýnis fyrir almenning eftir sem áður og þrátt fyrir nafnbreytinguna. Liður d er í samræmi við lið 4 í 5. gr. laga nr. 68/1940. Náttúrufræðistofnuninni er falið að annast það eftirlit með almennum rannsóknum erlendra náttúrufræðinga, sem Rannsóknaráð ríkisins hafði áður.

Liður e er í samræmi við meginákvæði 3. gr. laga nr. 17/1951, en þó með þeirri breytingu, að ekki þótti rétt að binda útgáfustarfsemi stofnunarinnar með lögum við rit Náttúrugripasafnsins. Acta Naturalia Islandica, heldur almennt við fræðslu- og vísindarit. Þó mun Acta Naturalia Islandica eðlilega halda áfram að koma út.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við lið 3 í 2. gr. laga nr. 17/1951 og 1. málsgr. 25. gr. laga nr. 63/1954 um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Um 7. gr.

Ákvæði þessarar greinar er tekið óbreytt úr 1. gr. laga nr. 17/1951, nema með breyttu nafni stofnunarinnar. Til greina kom að mynda við stofnunina deild í vatnalíffræði. Ekki verður deilt um nauðsyn þess, að stofnunin hefji sem fyrst almennar rannsóknir á lífi í ám og vötnum landsins, engu síður en á dýralífi á landi og í lofti, en talið var að slíkar rannsóknir gætu fallið undir dýrafræðideild, að minnsta kosti um sinn, enda ekki fáanlegur sérfræðingur á þessu sviði eins og er. Úr þessu verður að bæta sem allra fyrst.

Um 8. gr.

Flest ákvæði þessarar greinar eru í samræmi við ákvæði í 5. gr. laga nr. 17/1951.

Í þeim lögum er þó ekki skilgreint, hvaða ráðherra fari með málefni Náttúrugripasafnsins. Þetta hefur frá fyrstu tíð fallið í hlut menntamálaráðherra, og þykir eðlilegt, að fela þeim ráðherra yfirstjórn Náttúrufræðistofnunarinnar.

Í lögum nr. 17/1951 er ákvæði þess efnis, að deildarstjórar skiptist á um að fara með yfirstjórn sameiginlegra mála safnsins, í þrjú ár hver. Ekki þykir nauðsynlegt eða æskilegt að binda deildarstjóra þessari skyldu með lögum. Deildarstjórar kunna að vera misjafnlega til slíkra starfa fallnir og ekki virðist heldur ólíklegt að stofnuninni vaxi fiskur um hrygg og störf forstöðumanns verði allverulega, þannig að ekki sé æskilegt, að um hann sé skipt að ástæðulausu. Samkvæmt þessu frumvarpi er þetta þó opið áfram, þar sem ráðherra skipar einn deildarstjóranna forstöðumann, aðeins til þriggja ára í senn.

Kostn. við lögreglustj.emb. Keflavíkurflugv. 1960—1961.
Fangahús og vinnuhæli 1961 að nokkru leyti.
Húsameistari 1961 að nokkru leyti.
Skattstofur, lokið nema 1 árið 1960.
Embættiskostn. landlæknis 1961.
Vegamál aðallega 1960—1961.
Brúasjóður 1961.
Veðurstofan 1961 að nokkru leyti.
Sjómannaskólahúsið 1961.
Íþróttakennaraskólinn 1961.
Barnaverndarráð 1961.
Námsstjórar 1961.
Ríkisútgáfa námsbóka 1960—1961.
Þjóðminjasafn 1961.
Biskupsembættið 1961.
Vélasjóður 1960—1961.
Fyrirhleðslur 1961.
Skógrækt 1961.
Sauðfjárveikivarnir 1961.
Fiskileitar- og veiðitilraunir 1961.
Síldarmat 1961.
Iðnaðarmálastofnun 1961.
Atvinnudeild Háskólans 1961.
Rannsóknaráð 1961.
Kjarnfræðinefnd 1961.
Menningarsjóður 1959—1961.
Starfsm.íbúðir á Keflavíkurflugv. 1961.
Sinfóníuhljómsveitin 1959—1961.
Þjóðleikhúsið aðallega 1961.

Reikningar innheimtumanna ríkissjóðs aðrir en aðflutningsgjöld:
Endurskoðun er lokið fyrir árið 1960 og eldra nema þremur embættum, en að mestu ólokið fyrir árið 1961.

Aðflutningsgjöld:
Endurskoðun er lokið fyrir árið 1961 og eldra.

Nd. 198. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til laga um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess. Einn nefndarmanna (JóhH) var fjarverandi.

Alþingi, 12. des. 1962.

Birgir Kjaran, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm. Lúðvík Jósefsson. Skúli Guðmundsson.

Sþ. 199. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um jarðhitarannsóknir, jarðhitaleit og hagnýtingu jarðhita á Norðurlandi vestra.

Flm.: Einar Ingimundarson, Skúli Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Björn Pálsson, Ólafur Jóhannesson, Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta, svo fljótt sem auðið er, framkvæma á vegum jarðhitasjóðs rannsókn á þeim jarðhitasvæðum, sem vitað er um á Norðurlandi vestra og ekki hafa enn verið rannsökuð og nýtt.

Einnig verði framkvæmd í þessum landshluta leit að jarðhita á þeim stöðum, þar sem ætla má, að jarðhiti finnist og mögulegt sé að nýta hann.

Þá verði og að loknum þessum athugunum gerðar áætlanir um hagnýtingu jarðhitans á hverjum stað.

Greinargerð.

Á Norðurlandi vestra, allt frá mynni Eyjafjarðar til Hrútafjarðar, er víða að finna heitar uppsprettur ofanjarðar.

Margt bendir og til þess, að á þessu svæði leynist víða heitt vatn í jörðu, þótt lítt eða ekki verði þess vart á yfirborði jarðar.

Á nokkrum stöðum á þessu svæði hefur yfirborðsjarðhiti verið nokkuð hagnýttur til upphitunar íbúðarhúsa, rekstrar gróðurhúsa o. fl. Annar kaupstaðurinn á Norðurlandi vestra, Sauðárkrókur, lét fyrir allmörgum árum hefja boranir eftir heitu vatni í nágrenni kaupstaðarins, og hefur það vatn, sem þannig hefur fengizt, jafnóðum verið virkjað til hitunar íbúðarhúsa í kaupstaðnum.

Þegar á heildina er litið, hafa þó ekki enn farið fram rækilegar rannsóknir á jarðhitasvæðunum í þessum landshluta né áætlanir gerðar um hagnýtingu hans, nema á einstaka stað. — Er það í því skyni að fá úr þessu bætt, að tillaga þessi er flutt.

Sérstaklega telja flutningsmenn ástæðu til, að kannað verði frekar en orðið er jarðhitasvæðið í Reykjarhóli í Seyluhreppi (Varmahlíð) og gerðar áætlanir um frekari virkjun heita vatnsins á þessum stað, þar sem líklegt má telja, að þar finnist meira heitt vatn í jörðu en þegar er vitað um, og mun þess þörf, að það verði aukið, ef unnt er og virkjað vegna fyrirhugaðra bygginga á staðnum.

Þá vekja flutningsmenn athygli á því mikla magni af heitu vatni, sem fyrir hendi er á Reykjum í Tungusveit, og telja ástæðu til að kanna sérstaklega, með hvaða hætti þessar ríkulegu auðlindir verði frekar hagnýttar.

Enn fremur telja flutningsmenn ástæðu til að rannsaka frekar en gert hefur verið jarðhitasvæðið á Reykjum í Miðfirði og möguleika á virkjun heita vatnsins þar vegna hugmyndar um að reisa barnaskólahús þar fyrir nálæga hreppa í V.-Húnavatnssýslu.

Þess skal getið, að á síðasta Alþingi var samþykkt tillaga til þingsályktunar, þar sem ríkisstjórninni var falið að láta framkvæma á síðastliðnu sumri ýtarlegar rannsóknir á Skútudalssvæðinu í Siglufirði með jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum aðgerðum, með það fyrir augum, að úr því fengist skorið, hvort líkur bentu til, að þar væri að vænta árangurs með borun eftir heitu vatni til hitaveitu fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Greinargerð þessari láta flutningsmenn fylgja skrá, sem jarðhitadeild raforkumálaskrifstofunnar hefur góðfúslega látið þeim í té um jarðhitasvæði í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum og í Siglufirði.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Jarðhitadeild. 5. des. 1962.

JARÐHITASTAÐIR Í HÚNAVATNS- OG SKAGAFJARÐARSÝSLUM OG SIGLUFIRÐI

	Hiti °C	Vatnsmagn lítrar/sek.
HÚNAVATNSSÝSLA		
Staðarhreppur.		
Reykir, Hrútafj.	97	4—5
Tannstaðabakki	24	
Kirkjuhvammshreppur.		
Skarð	74	ca. 10
Torfalækjarhreppur.		
Sauðanes	23.5	0.05
Reykir (við Reykjabraut)	72	1.1
Ytri-Torfustaðahreppur.		
Reykir í Miðfirði	88	0.64
SKAGAFJARÐARSÝSLA		
Akrahreppur.		
Egilsá	26	0.26
Litlidalur	15	
Miðsitja	18	0.25
Stekkjarflatir	36	5
Víðivellir	27	ca. 0.75
Haganeshreppur.		
Akrar	60	0.15
Barð	65	1.25
Dæli	64.5	0.1
Laugarland	52	0.75
Reykjahóll	73	
Stóru-Reykir	55.4	1.0

	Hiti °C	Vatnsmagn lítrar/sek.
Hólahreppur.		
Kálfsstaðir	9 (ölkelda)	
Reykir (í Hjaltadal)	52.4	1—2
Holtshreppur.		
Gil	61.5	0.8
Hólakotslaug	48.2	0.6
Hólavellir	36.4	
Lambanes—Reykir	51.6	0.5
Reykjahóll	61.4	0.75
Stóra-Brekka	23.4	0.75
Lýtingsstaðahreppur.		
Bakkakot (Byrgisskarð)	66	10
Breið	24	0.1
Daufá	40	
Goðdalir (Hverhólar)	65	ca. 10
Hafgrímsstaðir	48.8	4
Hvíteyrar	18	
Hofsvellir	74	0.5
Krythóll	42	1
Laugarból	60	
Laugardalur	44	0.2
Litlahlíð	20	0.2
Merkigarður	21.8	
Mælifell	24	0.5
Reykir	67	ca. 32
Reykjanes við Reykjafoss (Svartá)	69	0.7
Reykjavellir	47	0.5
Saurbær	48.6	5
Skíðastaðir	68	9
Starrastaðir	43.8	
Sveinsstaðir	23	
Tunguháls	35	1—2
Vindheimar	58.5	1
Ytri-Mælifellsá	31	0.1
Þorsteinsstaðir	20	0.6
Sauðárkrókur.		
Borholur 1—5	52	?
Seyluhreppur.		
Syðra-Vallholt	20	ca. 4
Varmahlíð	91	10
Ytra-Vallholt	47—50	1
Skarðshreppur.		
Reykir á Reykjaströnd	62.4	1
Staðarhreppur.		
Varmaland	26	0.2
Siglufjörður	48	0.4

Ed. 200. Nefndarálit [63. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1963.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 14. des. 1962.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Friðjón Skarphéðinsson. Finnbogi R. Valdimarsson.

Ed. 201. Nefndarálit [7. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að láta öðlast gildi ákvæði í samningi milli Íslands, Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, um innheimtu meðlaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 15. des. 1962.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Auður Auðuns.
Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 202. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Af húsrými bændahallarinnar við Hagatorg í Reykjavík mundi ⅛ hluti nægja vel yfir starfsemi Búnaðarfélags Íslands og Stéttarsambands bænda í nánustu framtíð. Meginhluti hallarinnar, eða um ⅞ hlutar hennar, er hótel og skrifstofu- og verzlunarhúsnæði, sem bændastéttin mun aldrei nota til eigin þarfa. Tel ég ekki koma til mála að skattleggja bændastéttina sérstaklega til að standa undir kostnaði við slíkar framkvæmdir, enda þyrfti ekki að framlengja gjald þetta nú, ef eingöngu hefði verið byggt yfir starfsemi Búnaðarfélagsins og Stéttarsambandsins. Á því eru miklar líkur, að skattgjald þetta, ef lagt verður á, muni um næstu framtíð ekki einungis verða framlag upp í byggingarkostnað, heldur verði það varanleg kvöð á bændastéttina til að standa undir væntanlegum rekstrarhalla á Hótel Sögu. Gjald sem þetta er ekki fært að leggja á heila stétt án hennar samþykkis, enda liggur ekkert fyrir um það, að bændur almennt vilji una þessari álagningu. Afstaða búnaðarþings breytir þar engu. Á slíku þingi, sem telur nauðsynlegt að leggja gjaldkvöð á bændur til að byggja hótel í Reykjavík fyrir erlenda ferðamenn, en telur fráleitt

að láta bændur greiða í sjóð til að kosta ræktun landsins og húsabyggingar á jörðum, verður ekkert mark tekið.

Ég legg til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 17. des. 1962.

Jón Þorsteinsson.

Nd. 203. Frumvarp til laga [121. mál]

um breyting á lögum nr. 28 17. apríl 1962, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um nýtt gengi íslenzkrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Í stað orðanna „árin 1961 og 1962“ í 4. mgr. 7. gr. komi: árin 1961, 1962 og 1963.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lög nr. 28/1962 voru sett, var ráðgert, að lokið yrði fyrir árslok 1962 að semja og setja nýja löggjöf um vátryggingar fiskiskipa, sem yrði til nokkurrar frambúðar.

Þar eð nú þykir sýnt, að þetta muni ekki takast, er óhjákvæmilegt að framlengja um eitt ár það bráðabirgðafyrirkomulag, sem nú ríkir í þessu efni.

Breyting sú, sem frumvarpsgreinin hér að ofan gerir ráð fyrir þarfnast ekki skýringa. Þó skal tekið fram í sambandi við ákvæði 7. gr. laganna i.f., að 62% útflutningsgjalds renna til greiðslu vátryggingariðgjalda, þar til iðgjöld ársins 1963 eru að fullu greidd.

Ed. 204. Nefndarálit [58. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38 15. febr. 1945, um stofnun búnaðarmálasjóðs.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumv. á tveimur fundum og leitað sér upplýsinga um málið. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 17. des. 1962.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm.
Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.
Ásgeir Bjarnason.
Páll Þorsteinsson.

Ed. **205. Frumvarp til laga** [3. mál]

um landsdóm.

(Eftir 2. umr. í Ed., 17. des.)

1. gr.

Landsdómur fer með og dæmir mál þau, er Alþingi ákveður að höfða gegn ráðherrum út af embættisrekstri þeirra.

2. gr.

Í landsdómi eiga sæti 15 dómendur, og eru þeir þessir:

a. Hæstaréttardómarar, fimm að tölu, yfirsakadómarinn í Reykjavík og prófessorinn í stjórnskipunarrétti við Háskóla Íslands. Hæstiréttur kveður til varadómendur hæstaréttardómara úr hópi lagakennara háskólans, hæstaréttarlögmanna eða héraðsdómara, sem fullnægja skilyrðum til þess að vera skipaðir dómarar í hæstarétti. Varamaður yfirsakadómara er elzti sakadómarinn í Reykjavík. Lagadeild háskólans kýs varamann prófessorsins í stjórnskipunarrétti.
b. Átta menn kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu til 6 ára í senn. Samtímis og með sama hætti skulu kosnir jafnmargir varamenn.

3. gr.

Enginn er kjörgengur í landsdóm samkvæmt b-lið 2. gr., nema hann fullnægi eftirgreindum skilyrðum:

1. Sé eigi yngri en 30 ára og eigi eldri en sjötugur.
2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.
3. Hafi óflekkað mannorð.
4. Hafi íslenzkan ríkisborgararétt.
5. Eigi heimili á Íslandi.
6. Sé eigi alþingismaður eða starfsmaður í stjórnarráðinu.

Skylt er bæði konum og körlum, sem kjörgeng eru, að taka kjöri í landsdóm. Enginn, sem ekki fullnægir framangreindum skilyrðum, má sitja í landsdómi.

Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn eða skyldir eða mægðir að fyrsta eða öðrum lið til hliðar mega ekki sitja samtímis í landsdómi.

4. gr.

Ef einhver hinna kjörnu dómenda fellur frá, flytur af landi brott eða missir kjörgengi, tekur varamaður sæti hans þann tíma, sem eftir er af kjörtímabilinu.

5. gr.

Jafnskjótt og kjör landsdómsmanna samkvæmt b-lið 2. gr. hefur farið fram, tilkynnir forseti sameinaðs Alþingis hæstaréttarforseta hverjir hafi hlotið kosningu sem dómendur og varamenn, en hann tilkynnir þeim það aftur hverjum fyrir sig.

6. gr.

Hæstaréttarforseti er sjálfkjörinn forseti landsdóms. Varaforseti hæstaréttar er varaforseti landsdóms. Nú forfallast þeir báðir, forseti og varaforseti, og kýs þá dómurinn forseta, er vera skal einn hinna löglærðu dómara.

7. gr.

Dómari í landsdómi skal, áður en hann tekur fyrsta sinn til starfa í dómnum, undirrita drengskaparheit um það, að hann skuli rækja starfann af samvizkusemi

og óhlutdrægni í hvívetna og svo sem hann veit helzt að lögum. Skal dómsforseti gæta þess, að heitvinning fari fram lögum samkvæmt.

8. gr.

Aldrei má setja landsdóm með færri dómendum en 10, enda séu meðal þeirra að minnsta kosti 4 hinna löglærðu dómara samkvæmt a-lið 2. gr.

9. gr.

Ríkissjóður leggur landsdómi til dómbók, er vera skal tölusett, gegnumdregin og innsigluð. Skal hún löggilt af forseta sameinaðs Alþingis.

10. gr.

Hæstaréttarritari er dómritari við landsdóm. Sé hann forfallaður, setur dómsforseti mann utan dómsins til að gegna ritarastarfi. Dómsforseti ræður og dómritara aðstoðarmann, ef þurfa þykir.

11. gr.

Landsdómur skal að jafnaði koma saman í Reykjavík. Þó getur landsdómur ákveðið að koma saman og heyja dómþing annars staðar, ef ástæða þykir til.

12. gr.

Dómþing landsdóms skulu háð í heyranda hljóði. Landsdómi er þó rétt að kveða á um þinghald fyrir luktum dyrum, ef hann telur til þess sérstakar ástæður, svo sem horf tiltekinna málsatvika við erlendum ríkjum eða hagsmuni ríkisins. Ef landsdómur ákveður þinghald fyrir luktum dyrum, kveður hann upp um það sérstakan úrskurð.

13. gr.

Ákvörðun Alþingis um málshöfðun gegn ráðherra skal gerð með þingsályktun í sameinuðu þingi, og skulu kæruatriðin nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni, enda sé sókn málsins bundin við þau. Jafnframt kýs Alþingi mann til að sækja málið af sinni hendi, og annan til vara, ef hinn kynni að forfallast. Enn fremur kýs sameinað Alþingi fimm manna þingnefnd með hlutfallskosningu til þess að fylgjast með málinu og vera saksóknara Alþingis til aðstoðar.

14. gr.

Forseti sameinaðs Alþingis sendir hæstaréttarforseta tafarlaust tilkynningu um málshöfðunarákvörðun Alþingis, en hann tilkynnir síðan, svo fljótt sem tök eru á, ákærðum málshöfðun og sendir honum eftirrit af þingsályktun Alþingis.

15. gr.

Forseti landsdóms skipar ákærðum svo fljótt sem verða má verjanda úr hópi hæstaréttarlögmanna, og skal við val á verjanda farið eftir ósk ákærða, ef ekkert mælir henni í móti. Rétt er, að ákærður haldi sjálfur uppi vörn fyrir sig ásamt verjanda. Skipun verjanda skal tafarlaust tilkynnt saksóknara Alþingis.

16. gr.

Það er skylda saksóknara Alþingis að leita allra fáanlegra sannana fyrir kæruatriðum, hann undirbýr gagnasöfnun og rannsókn í málinu og gerir tillögur til landsdóms um viðeigandi ráðstafanir til að leiða hið sanna í ljós. Hann hefur um starf sitt samráð við saksóknarnefnd Alþingis.

Það er hlutverk verjanda að draga fram allt, er verða má ákærðum til sýknu eða hagsbóta, og að gæta hagsmuna ákærðs í hvívetna.

17. gr.

Verjandi skal hafa aðstöðu til að fylgjast með öllu, er fram kemur í málinu, og á hann rétt á að vera viðstaddur öll dómþing í málinu, hvar sem þingað er og hvort sem dómþing er háð í heyranda hljóði eða fyrir luktum dyrum, en í síðast nefndu tilviki getur dómur bannað verjanda að skýra opinberlega frá því, sem fram hefur komið á dómþingi.

18. gr.

Þegar er dómsforseti hefur fengið tilkynningu samkvæmt 14. gr., skal hann kveðja dómendur saman með hæfilegum fyrirvara.

19. gr.

Dómsforseti gefur út stefnu á hendur ákærðum og ákveður stefnufrest, er aldrei skal vera skemmri en 3 vikur. Stefna skal gefin út í nafni landsdóms. Saksóknari Alþingis lætur síðan birta stefnu með venjulegum hætti. Ákærðum eða þeim, sem stefna er birt fyrir hans hönd, skal jafnan afhent afrit stefnunnar. Um leið skal og afhent eftirrit af ályktun Alþingis, nema hún hafi verið tekin orðrétt upp í stefnu.

20. gr.

Nú er óvíst um dvalarstað ákærðs, og skal þá birta stefnu og ályktun Alþingis í Lögbirtingablaði með hæfilegum fyrirvara, er dómsforseti ákveður.

21. gr.

Dómsforseti ákveður í samráði við saksóknara og verjanda stað og stund fyrsta þinghalds landsdóms.

22. gr.

Samkvæmt tilmælum saksóknara, verjanda eða ákærðs getur dómsforseti — eða landsdómur eftir að hann er kominn saman — ákveðið, ef hentugt eða nauðsynlegt þykir, að rannsókn ákveðinna atriða eða öflun tiltekinna gagna skuli fara fram fyrir héraðsdómi. Málsaðilar snúa sér þá til viðkomandi héraðsdómara með beiðni um rannsókn eða gagnaöflun og leggja fram ákvörðun dómsforseta eða landsdóms. Úrskurði héraðsdómara, er að slíkri rannsókn lúta, má kæra til landsdóms.

23. gr.

Samkvæmt tilmælum saksóknara Alþingis og að fullnægðum skilyrðum laga um meðferð opinberra mála, samanber VI., VII., VIII. og IX. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, getur landsdómur úrskurðað, að lagt skuli hald á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í málinu, að húsleit skuli gerð og að ákærður skuli tekinn í gæzlu.

Nú telur saksóknari brýna þörf slíkra aðgerða, áður en landsdómur kemur saman, og getur þá dómsforseti tekið um þær ákvörðun til bráðabirgða, en úrskurður hans skal borinn undir landsdóm svo fljótt sem verða má.

24. gr.

Að liðnum fresti þeim, sem til er tekinn samkvæmt 18. og 19. gr., kemur landsdómur saman á tilgreindum stað og tíma, og er þá settur af dómsforseta. Þingfestir saksóknari þá málið, leggur fram stefnu með árituðu birtingarvottorði, málshöfðunarályktun Alþingis, ákæruskjal, eftirrit af dómprófum þeim, sem þegar kunna að hafa farið fram, og önnur þau sakargögn, sem fyrir hendi eru og unnt er að leggja fram á dómþingi. Enn fremur leggur hann fram nafnaskrá þeirra manna, sem óskað er eftir að skýrsla sé af tekin fyrir landsdómi. Ákæruskjal skal eftir því sem við á fullnægja fyrirmælum 115. gr. laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

25. gr.

Af skjölum þeim, er greinir í 24. gr., skal verjanda fengið endurrit, og á hann rétt á hæfilegum fresti til að kynna sér þau og til að leggja fram sín gögn og greinargerð. Landsdómur ákveður á þessu dómþingi, hvenær næsta þinghald skuli vera.

26. gr.

Dómsforseti gætir þess, að dómþing sé háð eftir réttum reglum. Honum er rétt að áminna þá, sem á þingi eru, ef framkoma þeirra er óviðeigandi. Getur hann vísað mönnum úr dómsal, ef nærvera þeirra horfir til truflunar á þingfriði eða þeir koma ósæmilega fram við dómendur eða aðra.

27. gr.

Í fyrsta þinghaldi skorar dómsforseti á málsaðila að segja til þess, ef þeir telja nokkurn dómenda vanhæfan til meðferðar málsins. Komi fram krafa um, að einhver dómari víki sæti, kveður landsdómur upp úrskurð um þá kröfu. Um skyldu dómenda í landsdómi til að víkja sæti gilda sömu reglur og um hæstaréttardómendur.

Nú víkur dómari sæti og kemur þá varamaður í hans stað, ef til er. Eigi er landsdómur bær að fara með mál og dæma, nema að minnsta kosti 10 dómendur, hinir sömu, hlýði á alla sókn og vörn í málinu og taki þátt í að dæma það, og skulu þar af vera 4 hinna sjálfkjörnu dómara hið fæsta.

28. gr.

Að liðnum fresti þeim, sem til er tekinn af landsdómi, skal verjandi leggja fram greinargerð af ákærðs hálfu og gögn þau, er hann hyggst bera fyrir sig í málflutningi skjólstæðingi sínum til varnar, svo og nafnaskrá yfir menn þá, sem hann óskar, að yfirheyrðir séu, enda séu þeir ekki á skrá saksóknara.

Nú óska málsaðilar, annar hvor eða báðir, eftir frekari fresti til gagnasöfnunar til undirbúnings málflutningi, og skal þá enn veittur hæfilegur frestur, er aðilar skulu nota sameiginlega.

29. gr

Nú óskar annar hvor málsaðila síðar að bera fyrir sig önnur sakargögn en þau, sem hann hefur lagt fram eða getið er á skrá hans eða í greinargerð, eða hann óskar að afla einhvers sönnunargagns á annan hátt en þar er til tekið, og er það þá því aðeins hægt, að gagnaðili samþykki eða dómurinn leyfi.

30. gr.

Forseti á, er þess er krafizt af öðrum hvorum málsaðila, að gefa út stefnu til vitna þeirra, er leiða á fyrir landsdómnum. Um stefnufrest og stefnubirtingu gilda almennar reglur.

31. gr.

Um vitni og vitnaskyldu fyrir landsdómi fer, eftir því sem við getur átt, eftir almennum reglum um vitni í refsimálum, samanber XII. kafla laga nr. 82 frá 21. ágúst 1961, um meðferð opinberra mála.

32. gr.

Að loknum málatilbúnaði samkvæmt 28. gr. hefst sókn máls og vörn fyrir landsdómi. Gerir saksóknari fyrst stutta grein fyrir málsatvikum og sakargögnum þeim, er hann hyggst styðja ákæru við. Því næst spyr hann ákærðan um sakaratriði. Verjandi, dómsforseti og aðrir dómendur geta síðan lagt spurningar fyrir ákærðan.

Sé mál höfðað gegn tveim mönnum eða fleiri, ákveður dómsforseti í hvaða röð þeir skuli prófaðir, hvort þeir skuli hlýða á framburð hver annars og hvort þeir skuli samprófaðir.

Hvenær sem vætti, framlögð gögn eða önnur atvik gefa tilefni til, skal ákærður yfirheyrður að nýju.

Engum þvingunaraðgerðum má beita við ákærðan til þess að fá hann til að svara. Mál verður jafnt tekið til meðferðar og dæmt, þó að ákærður mæti ekki eða neiti alveg að gefa skýrslu.

33. gr.

Nú er fengin skýlaus játning ákærðs, og ákveður þá landsdómur að hverju leyti þörf sé frekari sönnunargagna.

34. gr.

Þegar lokið er prófun ákærðs, flytur saksóknari fram sakargögn og leiðir vitni. Spyr hann þau sjálfur, en verjanda og ákærðum er heimilt að leggja fyrir þau gagnspurningar. Auk þess getur dómsforseti og einstakir dómendur beint spurningum til vitnis. Síðan flytur saksóknari sókn sína munnlega. Gerir hann þar grein fyrir ályktunum þeim, sem dregnar verða af gögnum málsins, lagaatriðum og endanlegum kröfum. Því næst færir verjandi fram sín gögn og leiðir vitni. Fer sú vitnaleiðsla fram með sama hætti og sagt var um vitni, sem leidd eru af saksóknara. Að því búnu flytur verjandi munnlega vörn, svo og ákærður sjálfur, ef hann vill. Í vörn skal gerð grein fyrir ályktunum, sem dregnar verða af sönnunargögnum, lagaatriðum, sem máli skipta, og kröfur rökstuddar. Landsdómur ákveður, hvort málflytjendur megi tala oftar, en ákærður og verjandi hans skulu ætíð hafa tækifæri til að taka eins oft til máls og saksóknari og að taka til máls síðast, áður en málið er tekið til dóms.

Landsdómur sker úr öllum vafa- og ágreiningsefnum, sem upp kunna að koma í sambandi við vitnaleiðslu.

35. gr.

Neiti vitni án lögmætra ástæðna að svara, getur landsdómur dæmt það í sekt eða varðhald allt að 6 mánuðum.

36. gr.

Reglum um vitni skal beitt um matsmenn og skoðunarmenn eftir því sem við á.

37. gr.

Verði nauðsynlegt, eftir að sókn máls og vörn fyrir landsdómi er byrjuð, að fresta málsmeðferð, ákveður dómurinn, hvort eða að hve miklu leyti þurfi að endurtaka það, sem þegar hefur fram farið, er málið er á ný tekið fyrir.

38. gr.

Vitnaskýrslur skulu stuttlega bókaðar í dómbók. Þegar yfirheyrslu er lokið, skal bókunin lesin upp og staðfest, að rétt sé bókað. Dómsforseti getur ákveðið, að skýrslur vitna og kunnáttumanna skuli hraðritaðar eða teknar á talvél. Kröfur og mótmæli skulu nákvæmlega bókuð. Ræður saksóknara og verjanda þarf eigi að bóka, nema dómsforseti mæli svo fyrir, að einstök atriði úr þeim skuli bókuð. Dómsforseti getur ákveðið, að ræður málflytjenda skuli teknar á talvél.

39. gr.

Að málflutningi loknum skal málið þegar tekið til dóms. Ganga dómendur þá á ráðstefnu. Að loknum umræðum dómenda fer fram atkvæðagreiðsla. Dómsforseti stjórnar umræðum og atkvæðagreiðslu, ákveður í hvaða röð dómendur greiði atkvæði, og sker úr ágreiningi, sem rísa kann við atkvæðagreiðsluna.

Afl atkvæða ræður úrslitum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði forseta. Ráðstefna og atkvæðagreiðsla fer fram fyrir luktum dyrum.

40. gr.

Ákærður verður aðeins dæmdur fyrir þær sakir, sem tilgreindar eru í ályktun Alþingis. Hins vegar er dómurinn ekki bundinn við refsikröfur saksóknara.

41. gr.

Dóm landsdóms skal semja skriflega. Skal hann byggður á forsendum, þar sem meðal annars skal greina kröfur málsaðila og mótmæli, málsatvik og málsástæður, er máli skipta, sönnunargögn og mat á þeim, að því leyti sem þau geta skipt máli, lagaákvæði, sem máli varða, hugleiðingar dómsins og niðurstöðu. Aðalniðurstaða dómsins skal, svo sem venja er, dregin saman í dómsorð.

42. gr.

Dómur skal skráður í dómbók. Dóm skal jafnan kveða upp svo fljótt sem við verður komið.

43. gr.

Dómsforseti les dóminn upp í heyranda hljóði á dómþingi. Sé ákærður eigi viðstaddur dómsuppsögu, skal saksóknari sjá um, að honum sé birtur dómurinn með sama hætti og stefna. Dómseftirrit skulu send forseta sameinaðs Alþingis og dómsmálaráðherra. Landsdómur getur ákveðið, að dómur skuli prentaður og gefinn út.

44. gr.

Sératkvæði dómenda í landsdómi skulu samin, skráð og lesin á dómþingi með sama hætti og dómur. Sé dómur prentaður, skulu þau einnig prentuð.

45. gr.

Dómsmálaráðherra annast um, að dómi sé fullnægt á þann hátt, sem venjulegt er.

46. gr.

Málskostnaður allur greiðist úr ríkissjóði, nema að því leyti sem ákærður kann að verða dæmdur til að greiða hann. Landsdómur metur það eftir grundvallarreglum réttarfarslaga, hvort og að hve miklu leyti málskostnaður skuli lagður á ákærðan. Þegar ákærður er dæmdur til að greiða málskostnað, skal tekið tillit til þess, hversu sök hans er mikil, svo og til efnahags hans.

47. gr.

Saksóknara og verjanda skal í dómi ákveðin hæfileg þóknun fyrir starfa sinn. Þeir eiga og rétt á að fá endurgoldinn útlagðan nauðsynlegan kostnað.

48. gr.

Um þóknun til vitna og matsmanna fer eftir sömu reglum og í öðrum dómsmálum.

49. gr.

Dómendur í landsdómi og dómritarar eiga rétt á ferða- og dvalarkostnaði eftir sömu reglum og gilda um alþingismenn. Landsdómur ákveður þóknun til dómenda og dómritara fyrir hvert einstakt mál.

Allur dómskostnaður greiðist úr ríkissjóði.

50. gr.

Samkvæmt beiðni dómfellds manns getur landsdómur leyft, að mál, sem þar hefur verið dæmt, verði tekið til meðferðar að nýju, ef fram eru komin ný gögn, sem ljóst eða líklegt gera, að dómfelldi hefði verið sýkn dæmdur, eða dæmdur fyrir mun minna brot, ef þau gögn hefðu komið fyrir dómendur, áður en dómur gekk, eða ef ætla má, að falsgögn hafi valdið refsidómi að einhverju eða öllu leyti.

Beiðni um endurupptöku skal senda forseta landsdóms, er kveður dóminn saman til þess að taka ákvörðun um, hvort endurupptaka skuli leyfð.

Nú ákveður landsdómur endurupptöku máls, og fer þá um meðferð og flutning málsins samkvæmt ákvæðum laga þessara.

51. gr.

Að því leyti, sem eigi er á annan veg mælt í lögum þessum, skal, eftir því sem við getur átt, beita ákvæðum laga um meðferð einkamála í héraði um meðferð máls fyrir landsdómi.

52. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Falla þá úr gildi lög nr. 11 frá 20. október 1905, um landsdóm, og lög nr. 30 frá 2. nóvember 1914.

Ed. **206. Lög** [6. mál]

um almannavarnir.

(Afgreidd frá Ed. 17. des.)

Samhljóða þskj. 132 (sbr. 6).

Sþ. **207. Tillaga til þingsályktunar** [122. mál]

um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Frá forsætisráðherra.

Alþingi ályktar að veita samþykki til þess, að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1962 eða síðar, ef henta þykir, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 29. janúar 1963.

Sþ. **208. Nefndarálit** [1. mál]

um framlög til flóabáta og vöruflutninga.

Frá samvinnunefnd samgöngumála.

Samgöngumálanefndir beggja deilda, sem mynda samvinnunefnd samgöngumála, hafa eins og undanfarin ár unnið sameiginlega að tillögum um framlög ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga. Hefur nefndin eins og áður notið stuðnings og upplýsinga frá forstjóra Skipaútgerðar ríkisins, hr. Guðjóni Teitssyni, sem hefur látið nefndinni í té margvíslegar upplýsingar um rekstur bátanna, afkomu þeirra o. fl.

Á fundi nefndarinnar 15. þ. m. var enn rætt um nauðsyn þess að leggja fram tillögu til þingsályktunar um skipun nefndar til að endurskoða og gera tillögur um framtíðarskipun þessara samgöngumála, þannig að fjármagn það, sem ríkissjóður leggur fram árlega til þessarar þjónustu, megi koma þeim mörgu aðilum, sem þjónustunnar njóta, að sem beztum notum. Ákvörðun var frestað. Það er hins vegar sameiginlegt álit nefndarinnar að vinna að því, er Alþingi kemur saman eftir áramótin, að till. til þál. varðandi þessi samgöngumál verði lögð fram af nefndinni í sameinuðu þingi.

Það var sameiginlegt álit nefndarinnar, að ekki yrði komizt hjá því að hækka að nokkru fjárframlög ríkisins til þessarar þjónustu á fjárlögum 1963 frá því, sem þau voru á yfirstandandi ári.

Um rekstur hinna ýmsu flóabáta og tillögur nefndarinnar um framlög til þeirra á næsta árs fjárlögum skal þetta tekið fram:

Norðurlandssamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til „Drangs“ hækki úr 700 þús. kr. í 800 þús. kr. Framlag Strandabáts verði hið sama og á þessu ári, 160 þús. kr., með það í huga, að rekstrartími bátsins nái yfir 8 mánaða tímabil.

Þá leggur nefndin til, að Haganesvíkurbátur njóti 5 þús. kr. hækkunar, eða framlag hans verði 25 þús. kr. Framlag Hríseyjarbáts verði hið sama og í ár, 30 þús. kr., en framlag Flateyjarbáts á Skjálfanda hækki úr 48 þús. kr. í 50 þús. kr. Nefndin leggur til, að veittar verði 20 þús. kr. til hreppsnefndar Grímseyjar til að tryggja hálfsmánaðarlegar flugferðir til Grímseyjar.

Austfjarðasamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til Loðmundarfjarðarbáts verði 50 þús. kr., eins og á yfirstandandi ári, en framlag til Mjóafjarðarbáts verði hækkað um 20 þús. kr., eða í 130 þús. kr., og er þá gert ráð fyrir, að báturinn haldi uppi ferðum milli Seyðisfjarðar og Norðfjarðar með líkum hætti og áður. Þá er gert ráð fyrir, að af framlagi Mjóafjarðarbáts renni 50 þús. kr. til snjóbílsferða frá Seyðisfirði yfir Fjarðarheiði til Héraðs.

Suðurlands- og Vestmannaeyjasamgöngur:

Lagt er til, að framlag vegna vöruflutninga í Vestur-Skaftafellssýslu verði 270 þús. kr., eins og á yfirstandandi ári, en framlag vegna vöruflutninga til Öræfa verði hækkað um 22 þús. kr., eða í 130 þús. kr. Þá leggur nefndin til, að framlag til Vestmannaeyjabáts vegna mjólkurflutninga verði hækkað um 50 þús. kr., eða í 200 þús. kr.

Faxaflóasamgöngur:

Skallagrímur h/f nýtur framlags úr ríkissjóði á þessu ári, að upphæð 850 þús. kr., vegna rekstrar „Akraborgar". Nefndin leggur til, að framlagið verði hækkað um 100 þús. kr., eða í 950 þús. kr. Framlag til Mýrabáts leggur nefndin til að verði hækkað úr 4500 kr. í 5000 kr.

Breiðafjarðarsamgöngur:

Nefndin leggur til, að framlag til Flateyjarbáts verði hækkað um 60 þús. kr., eða úr 230 þús. kr. í 290 þús kr. Af þessu framlagi er gert ráð fyrir að 20 þús. kr. renni til vetrarferða af Barðaströnd til Patreksfjarðar, eins og undanfarin ár. Nefndin leggur til, að framlag til Stykkishólmsbátsins „Baldurs" verði hækkað um 140 þús. kr., í 800 þús. kr., og að Langeyjarnesbátur njóti sama framlags og á þessu ári, 40 þús. kr.

Vestfjarðasamgöngur:

Nefndin leggur til, að rekstrarframlag til Djúpbátsins verði hækkað úr 660 þús. kr. í 800 þús. kr. Hækkun þessi er lögð til af nefndinni með það í huga, að ekki verði tekin upp í 22. gr. fjárlaga heimild til ríkisstjórnarinnar að greiða nefndum bát 100 þús. kr., eins og framkvæmt var á fjárlögum 1961 og 1962. Þá leggur nefndin til, að Dýrafjarðarbátur og Skötufjarðarbátur fái hækkun, sem nemi 5 þús. kr. á hvorn bát, þannig að framlag til þeirra verði 15 þús. kr., og að framlag til Patreksfjarðarbáts verði hækkað um 10 þús. kr., eða verði 20 þús. kr.

Samkvæmt framangreindum tillögum nefndarinnar nema framlög til flóabáta og vöruflutninga í heild 4 800 000 kr. Eins og að framan greinir, leggur nefndin til, að fjárhæðin skiptist þannig:

Norðurlandsbátur — „Drangur"	800 000 kr.
Strandabátur	160 000 —
Haganesvíkurbátur, vegna vöruflutninga	25 000 —
Hríseyjarbátur	30 000 —
Grímsey, vegna flugferða	20 000 —
Flateyjarbátur á Skjálfanda	50 000 —
Loðmundarfjarðarbátur	50 000 —
Mjóafjarðarbátur og framlag til snjóbifreiðar	130 000 —
Vöruflutningar á Suðurlandi	270 000 —
Vöruflutningar til Öræfa	130 000 —
Vestmannaeyjabátur, vegna mjólkurflutninga	200 000 —
H/f Skallagrímur — „Akraborg"	950 000 —
Mýrabátur	5 000 —
Flateyjarbátur á Breiðafirði — „Konráð"	290 000 —

Stykkishólmsbátur — „Baldur“	800 000 —
Langeyjarnesbátur	40 000 —
Djúpbátur — „Fagranes“	800 000 —
Dýrafjarðarbátur	15 000 —
Patreksfjarðarbátur	20 000 —
Skötufjarðarbátur	15 000 —
Samtals	4 800 000 kr.

Alþingi, 15. des. 1962.

Sigurður Ágústsson, form. Nd.-nefndar, frsm.
Jón Þorsteinsson, form. Ed.-nefndar.
Benedikt Gröndal, fundaskr. Nd.-nefndar.
Jón Árnason, fundaskr. Ed.-nefndar.
Bjartmar Guðmundsson,
Jónas Pétursson.
Björn Pálsson, með fyrirvara.
Ólafur Jóhannesson.
Sigurvin Einarsson.
Hannibal Valdimarsson.

Sþ. 209. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar (KGuðj).

1.	Við 12. gr. VI. Liðurinn orðist svo: Rekstrarstyrkur til sjúkrahúsa samkv. lögum og greiðist með 50% álagi		7 800 000
2.	— 16. —	B. 5. Nýr liður: Kostnaður við að fylgjast með ferðum fiskiskipa	200 000
3.	— 17. —	II. 4. Nýr liður: Til félagsheimilasjóðs	1 500 000
4.	— 17. —	V. 10. (Blindrafélagið, byggingarstyrkur). Fyrir „150 000“ kemur	250 000
5.	— 17. —	V. 13. Nýr liður: Til Menningar- og friðarsamtaka kvenna	30 000

Sþ. 210. Breytingartillögur [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

I. Frá *Sigurvin Einarssyni, Hannibal Valdimarssyni* og *Hermanni Jónassyni.*

Við 13. gr. A. II. a.

1.	Við 33. Nýr liður: Gufudalsvegur	200 000
2.	Við 34. (Rauðasandsvegur). Fyrir „80 000“ kemur	180 000
3.	Við 34. Nýir liðir:	
	a. Kollsvíkurvegur	200 000
	b. Tálknafjarðarvegur	200 000

c. Bíldudalsvegur (Hálfdán) 200 000
d. Dalahreppsvegur 100 000
4. Við 35. (Suðurfjarðavegur).
Fyrir „200 000“ kemur 600 000
5. Við 38. Nýir liðir:
a. Ingjaldssandsvegur 150 000
b. Ísafjarðarvegur (Breiðadalsheiði) 400 000
c. Hnífsdals- og Bolungarvíkurvegur 350 000
d. Súðavíkurvegur 250 000
6. Við 42. (Fjarðavegur).
Fyrir „60 000“ kemur 500 000
7. Við 46. (Reykjarfjarðarvegur).
Fyrir „500 000“ kemur 700 000
8. Við 48. (Strandavegur).
Fyrir „400 000“ kemur 600 000

II. Frá *Gunnari Jóhannssyni.*
Við 13. gr. A. II. a. 63. (Siglufjarðarvegur ytri).
Fyrir „400 000“ kemur 500 000

III. Frá *Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
Við 13. gr. A. II. a.
1. Við 68. (Svalbarðsstrandarvegur).
Fyrir „225 000“ kemur 330 000
2. Við 69. (Fnjóskadalsvegir).
Fyrir „225 000“ kemur 330 000
3. Við 70. (Bárðardalsvegir).
Fyrir „100 000“ kemur 200 000
4. Við 72. (Þingeyjarsýslubraut og Tjörnesvegur).
Fyrir „160 000“ kemur 300 000
5. Við 73. (Þingeyjarsýslubraut sunnan Húsavíkur).
Fyrir „225 000“ kemur 330 000
6. Við 74. (Út-Kinnarvegur).
Fyrir „75 000“ kemur 140 000
7. Við 74. Nýr liður:
Kinnarvegur (Suður-Kinn) 100 000

IV. Frá *Jóni Skaftasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*
Við 13. gr. A. II. c. Nýr liður:
Til öryggisráðstafana á Reykjanesbraut í Kópavogi 500 000

V. Frá *samvinnunefnd samgöngumála.*
Við 13. gr. B. II. (Flóabátar og vöruflutningar).
Fyrir „4 120 500“ kemur 4 800 000

VI. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Hermanni Jónassyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
Við 13. gr. C. VII. 11. (Hafnarmannvirki, Drangsnes).
Fyrir „100 000“ kemur 350 000

VII. Frá *Karli Kristjánssyni, Gísla Guðmundssyni* og *Ingvari Gíslasyni.*
Við 13. gr. C. VII. (Hafnarmannvirki).
1. Við 15. (Flatey á Skjálfanda).
Fyrir „50 000“ kemur 100 000
2. Við 19. (Grenivík).
Fyrir „300 000“ kemur 450 000
3. Við 28. (Húsavík).
Fyrir „450 000“ kemur 700 000

VIII. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Hermanni Jónassyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
Við 13. gr. C. VII. (Hafnarmannvirki).
1. Við 31. (Ísafjörður).
Fyrir „450 000“ kemur 700 000
2. Við 33. (Kaldrananes).
Fyrir „25 000“ kemur 200 000
3. Við 37. (Norðurfjörður).
Fyrir „150 000“ kemur 250 000
4. Við 49. (Súðavík).
Fyrir „50 000“ kemur 250 000
5. Við 56. (Þingeyri).
Fyrir „350 000“ kemur 600 000
6. Við 59. (Ýmsar hafnarframkvæmdir).
a. Fyrir „150 000“ kemur 450 000
b. Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:
Þar af 300 þús. kr. til byggingar fiskihafnar við Hreggsstaði á Barðaströnd (1. áfangi).

IX. Frá *Hermanni Jónassyni, Hannibal Valdimarssyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
Við 13. gr. C. IX. Nýr liður:
Ferjubryggjur 800 000
Þar af Óspakseyri 300 þús. kr. og Borðeyri 300 þús. kr.

X. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Geir Gunnarssyni.*
Við 14. gr. A. XXII. Nýr liður:
Styrkur til þess að bjóða grænlenzkum stúdent, námsmanni eða áhugamanni til námsdvalar, til að læra íslenzka tungu, sögu og bókmenntir 60 000

XI. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Hermanni Jónassyni* og *Sigurvin Einarssyni.*
Við 16. gr. A. 18. i. Nýr liður:
Ísafjörður 200 000

XII. Frá *Hannibal Valdimarssyni, Sigurvin Einarssyni* og *Hermanni Jónassyni.*
Við 16. gr. D. X. (Jarðhitasjóður).
1. Fyrir „6 200 000“ kemur 8 000 000
2. Aftan við liðinn bætist svo hljóðandi athugasemd:
Þar af til jarðborana í Syðridal í Bolungarvík, að Laugum í Súgandafirði og Sveinseyri í Tálknafirði 1 800 000 kr.

XIII. Frá *Birni Jónssyni* og *Einari Olgeirssyni.*

Við 17. gr. V. 9. (Til sumardvalarheimila, dagheimila o. fl.).
Fyrir „215 000“ kemur 400 000

XIV. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Geir Gunnarssyni.*

Við 17. gr. V. 9. Nýr liður:
Til rekstrar dagheimila fyrir börn þeirra mæðra, er vinna utan heimilis, úthlutað samkvæmt reglum, er félagsmálaráðuneytið setur 300 000

XV. Frá *Geir Gunnarssyni.*

Við 17. gr. V. 10. Nýr liður:
Til sumardvalarnefndar mæðra, Hafnarfirði, byggingarstyrkur 50 000
Til vara 30 000

XVI. Frá *Einari Olgeirssyni* og *Geir Gunnarssyni.*

Við 17. gr. V. 19. e. Nýr liður:
Til þess að styrkja félagsstarfsemi og skemmtanir æskulýðs, sem haldnar eru án þess að vín sé veitt, af hálfu félagsheimila og annarra aðila, — enda sé tryggt, að verðlagi öllu við skemmtanahaldið sé í hóf stillt, — og sé styrknum úthlutað samkvæmt reglum, er félagsmálaráðuneytið setur ... 500 000

XVII. Frá *Jóni Skaftasyni* og *Finnboga R. Valdimarssyni.*

Við 22. gr. XXV. Nýr liður:
Að taka allt að 30 millj. kr. lán og endurlána landshöfn Keflavíkur og Njarðvíkur til hafnarframkvæmda.

XVIII. Frá *Geir Gunnarssyni.*

Við 22. gr. XXV. Nýr liður:
Að taka allt að 15 millj. kr. lán og endurlána landshöfn Keflavíkur og Njarðvíkur til hafnarframkvæmda.

Nd. 211. Lög [46. mál]

um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1961.

(Afgreidd frá Nd. 18. des.)

Samhljóða þskj. 46.

Sþ. **212. Breytingartillögur** [1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1963.

Frá fjárveitinganefnd.

1.	Við 11. gr.	A. 1. e. (Endurbætur á dómhúsi hæstaréttar).		
		Fyrir „525 000“ kemur		650 000
2.	— 11. —	A. 6. a. (Lögreglustjóraembættið í Rvík, laun).		
		Fyrir „951 435“ kemur		1 000 896
3.	— 11. —	A. 23. (Bifreiðaeftirlit ríkisins).		
		a. Við b. Nýr liður:		
		Vegna húsnæðis við bifreiðaeftirlit á Akureyri		250 000
		b. Við ÷ Tekjur:		
		Fyrir „3 360 822“ kemur		3 610 822
4.	— 11. —	A. 26. b. (Áfengisvarnaráð).		
		Fyrir „800 000“ kemur		850 000
5.	— 12. —	I. a. (Landlæknisembættið, laun).		
		Fyrir „301 274“ kemur		325 556
6.	— 12. —	IV. A. 1. a. (Landsspítalinn, laun).		
		Fyrir „19 495 528“ kemur		19 509 359
7.	— 12. —	XI. (Skólayfirlæknir, laun).		
		Fyrir „109 266“ kemur		133 548
8.	— 13. —	A. I. 3. (Stjórn vegagerða, skrifstofukostnaður).		
		Fyrir „1 200 000“ kemur		1 310 000
9.	— 13. —	A. II. d. Liðurinn orðist svo:		
		Til millibyggðavega:		
		a. Austurvegur	2 000 000	
		b. Hvalfjarðarvegur	400 000	
		c. Heydalsvegur	200 000	
		d. Fróðárhrepps- og Eyrarsveitarvegur	800 000	
		e. Vestfjarðavegur	800 000	
		f. Ögurvegur	200 000	
		g. Siglufjarðarvegur ytri	300 000	
		h. Múlavegur	300 000	
		i. Norðurlandsvegur	400 000	
		j. Fnjóskadalsvegur	200 000	
		k. Tjörnesvegur	200 000	
		l. Raufarhafnarvegur	200 000	
		m. Hellisheiðarvegur	100 000	
		n. Austurlandsvegur vestan Lagarfljóts	300 000	
		o. Austurlandsvegur austan Lagarfljóts	700 000	
				7 100 000
			÷ Vegagjald af benzíni	7 100 000
10.	— 13. —	A. III. Liðurinn orðist svo:		
		Til brúargerða:		
		1. Laxá hjá Dönustöðum	675 000	
		2. Núpsá hjá Dalsmynni	230 000	
		3. Tunguá hjá Háafelli	665 000	
		4. Sunnudalsá í Arnarfirði	265 000	
		5. Kaldbaksós	800 000	

	6. Tunguá	200 000	
	7. Fitjaá hjá Efri-Fitjum	580 000	
	8. Austurá hjá Aðalbóli	300 000	
	9. Svartá hjá Steiná	470 000	
	10. Valadalsá í Skagafirði	150 000	
	11. Grafará í Deildardal	500 000	
	12. Hörgá hjá Búðarnesi	115 000	
	13. Laxá í Laxárdal	460 000	
	14. Laxá í Aðaldal	250 000	
	15. Kaldakvísl á Sprengisandi	200 000	
	16. Þorvaldsstaðaá	240 000	
	17. Fögruhlíðará hjá Torfastöðum	220 000	
	18. Fögruhlíðará hjá Skriðuf.	240 000	
	19. Sandá á Jökuldalsvegi eystri	375 000	
	20. Eskifjarðará í Eskifirði	305 000	
	21. Affall á Suðurlandsvegi	700 000	
	22. Kálfá í Gnúpverjahreppi	640 000	
	23. Öxará á Þingvallavegi	700 000	
			9 280 000
11.	Við 13. gr. A. X. (Ferjubryggjur). Liðurinn fellur niður.		
12.	— 13. — A. XIV. (Nýr liður): Kláfferja á Tungnaá hjá Haldi		350 000
13.	— 13. — A. XVI. (Byggð og gisting handa ferðamönnum). Fyrir „190 000“ kemur		205 000
14.	— 13. — A. XX. (Iðgjöld til slysatryggingar). Fyrir „330 000“ kemur		400 000
15.	— 13. — C. VIII. (Hafnarbótasjóður). Fyrir „7 800 000“ kemur		8 000 000
16.	— 13. — C. IX. Nýr liður: Ferjubryggjur		400 000
17.	— 13. — D. II. 2. d. (Reykjavíkurflugvöllur, slökkviliðsdeild, annar kostnaður). Fyrir „350 000“ kemur		750 000
18.	— 13. — D. II. 5. e. (Reykjavíkurflugvöllur, malbikun flugbrauta). Fyrir „700 000“ kemur		1 200 000
19.	— 13. — D. IX. b. (Til flugskráningar). Fyrir „302 260“ kemur		393 645
20.	— 13. — D. IX. Nýr (rómv.) liður: Til flugöryggiskerfis		400 000
21.	— 13. — D. X. Liðurinn orðist svo: Alþjóðaflugþjónustan:		
	1. Flugfjarskiptaþjónustan	18 221 370	
	2. Flugveðurþjónustan	9 309 833	
	3. Flugumferðarstjórn	6 162 098	
	4. Sæsímakostnaður	19 210 252	
		52 903 553	
	÷ Alþjóðatillag	49 042 223	
			3 861 330

22.	Við 13. gr.	D. Tekjur af flugvöllum 1. (Reykjavíkurflugvöllur).			
		Fyrir „3 000 000“ kemur			3 900 000
23.	— 13. —	E. I. B. (Veðurstofan á Reykjavíkurflugvelli).			
		1. Við 3. (Þóknun veðurathugunarmanna).			
		Fyrir „450 000“ kemur			480 000
		2. Við 4. (Annar kostnaður).			
		Fyrir „1 150 000“ kemur			1 175 000
24.	— 13. —	E. I. D. (Veðurfarsdeild).			
		1. Við 3. (Þóknun til veðurathugunarmanna).			
		Fyrir „235 055“ kemur			205 055
		2. Við 4. (Annar kostnaður).			
		Fyrir „415 000“ kemur			390 000
25.	— 13. —	E. I. ÷ Endurgreitt vegna flugveðurþjónustu.			
		Fyrir „884 200“ kemur			917 257
26.	— 13. —	E. III. Liðurinn orðist svo:			
		Veðurþjónusta vegna millilandaflugs:			
		A. Veðurstofan á Keflavíkurflugvelli:			
		1. Laun	1 434 086		
		2. Aukavinna	922 738		
		3. Þóknun veðurathugunarmanna	310 345		
		4. Annar kostnaður	1 474 976		
					4 142 145
		B. Háloftaathugunarstöðin á Keflavíkurflugvelli:			
		1. Laun	686 692		
		2. Aukavinna	416 651		
		3. Mælitæki til háloftaathugana	2 000 000		
		4. Annar kostnaður	287 467		
					3 390 810
		C. Loftskeytadeild á Reykjavíkurflugvelli:			
		1. Laun	412 015		
		2. Aukavinna	214 000		
		3. Annar kostnaður	233 606		
					859 621
		D. Óbeinn kostnaður samkvæmt samningi			917 257
		Fært á 13. gr. D. X. 2.			9 309 833
27.	— 13. —	F. II. (Skipaskoðun ríkisins).			
		a. Við 1. (Laun).			
		Fyrir „962 080“ kemur			1 062 080
		b. Við 2. (Þóknun til skipaskoðunarmanna).			
		Fyrir „200 000“ kemur			250 000
		c. Við 3. (Ferðakostnaður).			
		Fyrir „150 000“ kemur			200 000
28.	— 13. —	F. XI. Nýr liður:			
		Til endurbóta við Geysi			80 000
29.	— 14. —	A. II. (Íslenzkir námsmenn).			
		a. Fyrir „8 784 000“ kemur			8 953 485
		b. Fyrir „5 750 825“ kemur			5 920 310
30.	— 14. —	A. X. 23. b. (Ný barnaskólahús).			
		a. Við 7. (Seltjarnarnes).			
		Fyrir „1. áf.“ kemur: 2. áf.			
		b. Við 10. (Garðahreppur).			
		Fyrir „1. áf.“ kemur: 2. áf.			

			c. Við 18. Nýir liðir:	
			1. Kópavogur, Digranes, 1. áf.	612 000
			2. Hveragerði, íþróttahús	150 000
			3. Aðaldalur, 2. áf.	50 000
			4. Laugar, Dalasýslu, skólastjórabústaður	80 000
			5. Búðir við Fáskrúðsfjörð, skólastjórabústaður	105 000
			6. Flateyri, skólastjórabústaður	105 000
			7. Hólmavík, skólastjórabústaður	105 000
			8. Seyðisfjörður, skólastjórabústaður	105 000
			9. Hvammstangi, skólastjórabústaður	105 000
31.	Við 14.	gr.	A. X. 23. b. Nýr stafliður:	
			Skólabílar:	
			1. Ketildalahreppur	30 000
			2. Vatnsleysuströnd	50 000
			3. Kópavogur	50 000
32.	— 14.	—	A. XVII. 4. (Heyrnleysingjaskólinn, áhaldakaup).	
			Fyrir „40 000“ kemur	70 000
33.	— 14.	—	A. XXV. (Menningarsjóður Blaðamannafélagsins).	
			Fyrir „10 000“ kemur	25 000
34.	— 14.	—	A. XXXVI. (Ríkisútgáfa námsbóka).	
			Fyrir „1 600 000“ kemur	1 800 000
35.	— 14.	—	B. XII. b. 6. (Lestrarfélag kvenna).	
			Liðurinn fellur niður.	
36.	— 14.	—	B. XII. c. (Bygging bókasafna og lesstofa).	
			Fyrir „166 250“ kemur	300 000
37.	— 14.	—	B. XII. c. Nýr liður:	
			Til byggingar bókhlöðu á Akureyri vegna 100 ára afmælis Akureyrarkaupstaðar	1 000 000
38.	— 14.	—	B. XIII. 20. Nýr liður:	
			Til Guðrúnar P. Helgadóttur skólastjóra til ritstarfa	8 000
39.	— 14.	—	B. XVI. (Bandalag ísl. listamanna).	
			Fyrir „20 000“ kemur	45 000
40.	— 14.	—	B. XLII. (Vísindasjóður).	
			Fyrir „200 000“ kemur	250 000
41.	— 14.	—	B. LIV. Nýir liðir:	
			a. Til Jóhanns Konráðssonar söngvara	8 000
			b. Til Þorsteins Hannessonar söngvara	8 000
42.	— 15.	—	XIII. (Kristileg æskulýðsstarfsemi)	
			Fyrir „55 000“ kemur	85 000
43.	— 16.	—	A. 1. (Búnaðarfélag Íslands).	
			Fyrir „4 940 000“ kemur	5 040 000
44.	— 16.	—	A. 10. (Búfjártryggingar).	
			Fyrir „60 000“ kemur	160 000
45.	— 16.	—	A. 19. d. (Sjóvarnargarðar).	
			Nýr liður:	
			Búðardalur	50 000
46.	— 16.	—	A. 19. i. (Sjóvarnargarðar).	
			Nýr liður:	
			Ísafjörður	100 000
47.	— 16.	—	A. 43. (Kvenfélagasamband Íslands).	
			Fyrir „250 000“ kemur	290 000
48.	— 16.	—	E. I. 1. (Iðnaðardeild).	
			a. Við a. (Laun).	
			Fyrir „1 540 500“ kemur	1 647 546

b. Við b. (Jarðfræði- og iðnaðarrannsóknir).
Fyrir „250 000“ kemur 300 000

49. Við 16. gr. E. I. 2 (Fiskideild).
a. Við a. (Laun).
Fyrir „2 066 428“ kemur 2 208 890
b. Við b. (Annar kostnaður).
Fyrir „1 150 000“ kemur 1 400 000

50. — 16. — E. I. 3. (Búnaðardeild).
a. Við a. (Laun).
Fyrir „1 454 540“ kemur 1 525 771
b. Við b. (Annar kostnaður).
Fyrir „1 250 000“ kemur 1 325 000
c. Við e. Nýr liður:
Til ullarrannsókna 50 000
d. Við f. 3. (Fjárræktarbúið á Hesti, annar kostnaður).
Fyrir „207 000“ kemur 360 000
e. Við g. 2. (Tilraunabúið á Korpúlfsstöðum, stofnkostnaður).
Fyrir „20 000“ kemur 220 000

51. — 16. — E. VIII. Nýr liður:
Til leiðbeininga um starfsfræðslu utan Reykjavíkur .. 30 000

52. — 17. — I. 3. (Vatnsveitur).
Fyrir „1 270 000“ kemur 1 500 000

53. — 17. — III. 8. Textinn orðist svo:
Til orlofsheimila verkalýðssamtaka.

54. — 17. — III. 9. (Orlofssjóður húsmæðra).
Fyrir „375 000“ kemur 550 000

55. — 17. — V. 7. (Sjúkraflug Tryggva Helgasonar).
Fyrir „75 000“ kemur 100 000

56. — 17. — V. 9. (Sumardvalarheimili, dagheimili o. fl.).
Fyrir „215 000“ kemur 300 000

57. — 17. — V. 11. d. (Dagheimili, byggingarstyrkir). Nýir liðir:
a. Vestmannaeyjar 75 000
b. Neskaupstaður 40 000

58. — 17. — V. 15. h. Nýr liður:
Til Geðverndarfélags Íslands 25 000

59. — 17. — V. 16. (Neytendasamtökin).
Fyrir „45 000“ kemur 75 000

60. — 18. — I. b. Nýr liður:
Samkvæmt sérstökum lögum 129 750

61. — 18. — II. a.
a. Við bætast í stafrófsröð:
1. Ágúst Guðmundsson, fyrrv. húsvörður 12 000.00
2. Árni Benediktsson 20 000.00
3. Árni Siemsen, fyrrv. ræðismaður 36 000.00
4. Arnþór Árnason, fyrrv. kennari 12 000.00
5. Bjarni Þorsteinsson 8 000.00
6. Björn Blöndal, fyrrv. póst- og símstöðvarstjóri 15 000.00
7. Brynjólfur Bjarnason, fyrrv. ráðherra 36 000.00
8. Einar Jónsson, fyrrv. kennari 11 000.00
9. Emil Björnsson, fyrrv. endurskoðandi 8 000.00
10. Erlendur Þórðarson, fyrrv. sóknarprestur 3 000.00
11. Freysteinn Gunnarsson, fyrrv. skólastjóri 5 000.00

12. Friðrik A. Friðriksson, fyrrv. sóknarprestur .. 19 000.00
13. Gunnar Andrew Jóhannesson 15 000.00
14. Gunnfríður Jónsdóttir 10 000.00
15. Gunnlaugur Jóhannesson, fyrrv. vitavörður 6 000.00
16. Ingimar Óskarsson, grasafræðingur 24 000.00
17. Ingólfur Jónsson, lögfræðingur 20 000.00
18. Jóhann Gunnarsson, fyrrv. rafstöðvarstjóri 12 000.00
19. Jóhann Tryggvason, fyrrv. innkaupastjóri 15 000.00
20. Jóhanna Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir 6 000.00
21. Jóhannes Erlendsson, fyrrv. póst- og símstöðvarstjóri 15 000.00
22. Jónas Tómasson, tónskáld 10 000.00
23. Kristín V. Hjaltalín, fyrrv. ljósmóðir 6 000.00
24. Kristín Jakobsdóttir, fyrrv. kennari 20 000.00
25. Kristján Jónsson frá Garðstöðum 12 000.00
26. Magnús Oddsson, fyrrv. símamaður 5 000.00
27. Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsmaður Alþingis 20 000.00
28. Pétur Jónsson, fyrrv. skrifstofustjóri 20 000.00
29. Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 6 000.00
30. Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir 6 000.00
31. Sigurður Jóhannesson, fyrrv. fulltrúi 15 000.00
32. Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskimatsmaður 12 000.00
33. Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 6 000.00
34. Steingrímur Davíðsson, fyrrv. skólastjóri 5 000.00
35. Steingrímur Steinþórsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri 40 000.00
36. Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir 6 000.00

b. Eftirfarandi liðir breytast:

1. Benedikt Gíslason.
   Fyrir „8 000.00“ kemur 15 000.00
2. Björg Karlsdóttir, fyrrv. símstjóri
   Fyrir „6 000.00“ kemur 10 000.00
3. Björn Kristjánsson, fv. póst- og símaafgreiðslumaður.
   Fyrir „8 012.00“ kemur 15 012.00
4. Guðmundur Jónsson, fyrrv. garðyrkjumaður.
   Fyrir „5 000.00“ kemur 10 000.00
5. Sigríður Einarsdóttir, fyrrv. póst- og símaafgreiðslukona.
   Fyrir „6 792.00“ kemur 10 792.00
6. Steindór Gunnlaugsson, fyrrv. fulltrúi.
   Fyrir „6.000.00“ kemur 10 000.00
7. Steinn Emilsson, fyrrv. skólastjóri.
   Fyrir „12 000.00“ kemur 18 000.00
8. Wilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður.
   Fyrir „12 017.00“ kemur 15 017.00
9. Þorleifur Erlendsson, fv. barnakennari.
   Fyrir „4 687.00“ kemur 12 687.00

c. Niður falla þessir liðir:

1. Árni Árnason, fyrrv. símritari.
2. Árni Thorsteinsson, tónskáld.
3. Björn Helgason, fyrrv. fiskmatsmaður.
4. Eiríkur Brynjólfsson, fyrrv. sóknarprestur.
5. Jón Kristjánsson, fyrrv. kennari.

6. Jónas Stefánsson, fyrrv. póstur.
7. Kristbjörg Þorbergsdóttir, fyrrv. matráðskona.
8. Kristján Þorláksson, fyrrv. vitavörður.
9. Magnús Jakobsson, fyrrv. kennari.
10. Sigurmundur Sigurðsson, fyrrv. héraðslæknir.

62 Við 18. gr. II. b.

a. Við bætast í stafrófsröð:

1. Fjóla Sigmundsdóttir	8 000.00
2. Guðlaug Pétursdóttir	5 000.00
3. Guðný Petersen	7 000.00
4. Guðríður Sigurðardóttir	3 000.00
5. Guðrún Björnsdóttir	3 000.00
Marsibil Sigurðardóttir, fv. fiskmatsk.	3828.00		
Matthías Guðmundsson, fyrrv. fiskmatsm.	5007.00		
Matthildur Hannesdóttir, fyrrv. ljósmóðir	4006.00		
Njáll Guðmundsson, fyrrv. póstur	5077.00		
Oddur Bjarnason, fyrrv. fulltrúi	8012.00		
Oddur Ívarsson, fyrrverandi póstafgr.maður	4528.00		
Oddur Valentínusson, fv. leiðsögumaður	9373.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Ólafur Bjarnason, fyrrv. umboðsmaður .	6000.00		
Ólafur Friðriksson, fyrrv. ritstjóri	22849.00		
Ólafur Guðmundsson, fyrrv. póstur	3124.00		
Ólafur Jónsson, fyrrv. dyravörður	10000.00		
Ólafur Jónsson, fyrrv. símstjóri	6000.00		
Ólafur Ólafsson, fyrrv. skólastjóri	5000.00		
Ólafur Thorarensen, fyrrv. símstjóri	5077.00		
Ólafur E. Thoroddsen, fyrrv. skipaeftirlitsmaður	5723.00		
Ólafur Tryggvason, fyrrv. starfsmaður Alþingis	20000.00		
Ólafur Þorsteinsson, læknir	9538.00		
Ólöf Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	4076.00		
Óskar Bjartmarz, fyrrv. forstöðumaður .	4000.00		
Páll Bóasson	7500.00		
Páll V. G. Kolka, fyrrv. héraðslæknir ..	10000.00		
Páll Ólafsson, fyrrv. ræðismaður	9538.00		
Páll Pálmason, fyrrv. ráðuneytisstjóri ..	4000.00		
Páll Sigurjónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	5007.00		
Pétrína Jónsdóttir, fv. starfsk. Alþingis .	12017.00		
Pétur Jónsson, fyrrv. skrifstofustjóri ...	20000.00		
Pétur Magnússon, fyrrv. sóknarprestur .	10000.00		
Pétur Pétursson, fyrrv. póstur	6249.00		
Ragnar Benediktsson, fyrrv. prestur	10014.00		
Ragnheiður Pétursdóttir, fyrrv. ráðuneytisbókari	23464.00		
Ragnheiður Þorsteinsdóttir, fyrrv. yfirröntgenkona	21697.00		
Rósamunda Jónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6000.00		
Rögnvaldur Jónsson, fyrrv. verkstjóri ..	4769.00		
Sigdór V. Brekkan, fyrrv. kennari	14717.00		
Sigmundur Þorgilsson, fyrrv. kennari ..	3815.00		
Sigríður Einarsdóttir, fv. póst- og símaafgreiðslukona	10792.00		
Sigríður Jónsdóttir, fyrrv. símstjóri	5500.00		
Sigríður Magnúsdóttir, fyrrv. kennari ...	10850.00		
Sigríður Pétursdóttir, fyrrv. kennari ...	5723.00		
Sigríður Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir ..	6000.00		
Sigrún Laxdal, fyrrv. símafulltrúi	2861.00		
Sigrún Sigurjónsdóttir, fyrrv. ljósmóðir .	4340.00		
Sigtryggur Jónsson, fyrrv. hreppstjóri ..	12000.00		
Sigurborg Kristjánsdóttir, fyrrv. kennari	13353.00		
Sigurður Fr. Einarsson, fv. fiskmatsm.	3828.00		
Sigurður Heiðdal	10189.00		
Sigurður Jóhannesson, fyrrv. fulltrúi ...	15000.00		
Sigurður Jónasson, fyrrv. fiskmatsm.	3828.00		
Sigurður Nordal, prófessor	24141.00		
Sigurður Sigfússon, fyrrv. póstur	6009.00		
Sigurður Sigurðsson, fv. barnakennari .	12017.00		
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. barnakennari, Núpum	5000.00		

	18. gr.	
	kr.	kr.
Sigurður Sigurðsson frá Kálfafelli, fyrrv. kennari	7595.00	
Sigurður Sigurðsson, fyrrv. sýslumaður	6493.00	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur	5007.00	
Sigurður Stefánsson, fyrrv. póstur, Krossi	4769.00	
Sigurður Þórðarson	10000.00	
Sigurður Þorvaldsson, fv. barnakennari	6000.00	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. fiskmatsmaður	12000.00	
Sigurjón Jónsson, fyrrv. sóknarprestur	8765.00	
Sigursteinn Steinþórsson	15000.00	
Snorri Lárusson, fyrrv. fulltrúi	7000.00	
Snorri Sigfússon, fyrrv. námsstjóri	11009.00	
Stanley Melax, fyrrv. sóknarprestur	6000.00	
Stefán Kristjánsson, fyrrv. verkstjóri	4769.00	
Stefán Stefánsson, fyrrv. húsvörður	6000.00	
Stefán Steinþórsson, fyrrv. póstur	6000.00	
Stefanía Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6000.00	
Steindór Gunnlaugsson, fyrrv. fulltrúi	10000.00	
Steingrímur Davíðsson, fyrrv. skólastjóri	5000.00	
Steingrímur Guðmundsson, fyrrv. prentsmiðjustjóri	14000.00	
Steingrímur Steinþórsson, fyrrv. búnaðarmálastjóri	40000.00	
Steinn Ármannsson, fyrrv. póstur	5424.00	
Steinn Emilsson, fyrrv. skólastjóri	18000.00	
Steinunn Bjartmarsdóttir, fyrrv. kennari	10850.00	
Steinunn Guðmundsdóttir, fyrrv. ljósmóðir	6000.00	
Svava Jónsdóttir, fyrrv. leikkona	8000.00	
Svava Þorleifsdóttir, fyrrv. skólastjóri	9057.00	
Sveinbjörn Jónsson, fyrrv. barnakennari	5000.00	
Sveinn Gunnlaugsson, fyrrv. skólastjóri	4000.00	
Sveinn Víkingur, fyrrv. biskupsritari	10500.00	
Sveinn Þorláksson, fyrrv. símstjóri	8012.00	
Sæmundur Halldórsson, fyrrv. póstur	2263.00	
Sæmundur Sæmundsson, fyrrv. skólastjóri	4000.00	
Thor Brand, fyrrv. umsjónarmaður	11320.00	
Tómas Guðmundsson, fyrrv. póstur	3124.00	
Trausti Á. Reykdal, fyrrv. fiskmatsm.	5073.00	
Tryggvi Jóhannsson, fyrrv. fiskmatsm.	5007.00	
Valdís Böðvarsdóttir, fyrrv. símstjóri og póstafgreiðslukona	7811.00	
Vésteinn Árnason, fyrrv. póstur	2540.00	
Vigdís Andrésdóttir, fyrrv. ljósmóðir	4006.00	
Vigfús Guttormsson, fyrrv. kennari	7923.00	
Viktoría Kristjánsdóttir	6249.00	
Vilhjálmur Helgason, fyrrv. vitavörður	11445.00	
Vilmundur Jónsson, fyrrv. landlæknir	5000.00	
Wilhelm Erlendsson, fyrrv. póstafgreiðslumaður	15017.00	

		18. gr.	
		kr.	kr.
Þóra Bjarnadóttir	3878.00		
Þórarinn Bjarnason, fyrrv. fiskmatsm.	5007.00		
Þórarinn Stefánsson, fyrrv. fiskmatsm.	3828.00		
Þorbjörg Guðmundsdóttir, fv. ljósmóðir	6000.00		
Þórður Jónsson	6009.00		
Þórður Oddgeirsson, fyrrv. sóknarprestur	13293.00		
Þorgeir Jónsson, fyrrv. prófastur	10000.00		
Þórhallur Gunnlaugsson, fyrrv. símstjóri	6000.00		
Þórína Þórðardóttir, fyrrv. ljósmóðir	6000.00		
Þorleifur Erlendsson, fv. barnakennari	12687.00		
Þórný Friðriksdóttir, fyrrv. húsmæðraskólastjóri	13585.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. fiskmatsm.	5077.00		
Þorsteinn Gíslason, fyrrv. símstjóri	4000.00		
Þorsteinn Jóhannesson, fyrrv. prófastur	11000.00		
Þorsteinn M. Jónsson, fyrrv. skólastjóri	13716.00		
Þorsteinn Þorsteinsson, fyrrverandi hagstofustjóri	28266.00		
Þorvaldur Þorvaldsson, fyrrv. fiskmatsm.	5077.00		
Þorvarður Þormar, fyrrv. sóknarprestur	10500.00		
		3 784 905	
b. Ekkjur:			
Aðalbjörg Sigurðardóttir	15232.00		
Agnethe Kamban	14373.00		
Ágústa Sigurðardóttir	10000.00		
Anna Bjarnadóttir	3828.00		
Anna Guðmundsdóttir	13634.00		
Anna Gunnlaugsson	8000.00		
Anna Kristjánsdóttir	7595.00		
Anna Ólafsdóttir	6509.00		
Anna Sigurðardóttir	18591.00		
Anna Þuríður Sæmundsdóttir	8000.00		
Anna Þorgrímsdóttir	9057.00		
Árný Stígsdóttir	3828.00		
Arnþrúður Daníelsdóttir	6509.00		
Ása Ásgrímsdóttir	5000.00		
Ásdís Þorgrímsdóttir	3828.00		
Áslaug Thorlacius	11717.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Bjarna Ásgeirssonar	34086.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja L. Norðdals	8678.00		
Ásta Jónsdóttir, ekkja Sigursteins Magnússonar	8000.00		
Ásta Ólafsdóttir	12000.00		
Ásta Þorvaldsdóttir	3828.00		
Ástríður Eggertsdóttir	17359.00		
Ástríður Eggertsdóttir, ekkja Þórarins Víkings	10000.00		
Ástríður Magnúsdóttir	2540.00		
Auður Jónasdóttir	23434.00		
Bergþóra Einarsdóttir	4769.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Björg Guðmundsdóttir	5077.00		
Björg Jónasdóttir	8905.00		
Bryndís Þórarinsdóttir	13585.00		
Camilla Hallgrímsson	10189.00		
Dagbjört Guðjónsdóttir	9538.00		
Dagmar Eyvindsdóttir	19000.00		
Dorothea Guðmundsson	8905.00		
Edith Möller	7595.00		
Eleanor Sveinbjörnsson	15232.00		
Elín Guðmundsdóttir	4000.00		
Elín Jónsdóttir	7010.00		
Elínborg Vigfúsdóttir	5077.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Péturs Guðmundssonar	3828.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Ríkharðs Kristmundssonar	11320.00		
Elísabet Jónsdóttir, ekkja Sigurðar Björnssonar, fiskmatsmanns	3815.00		
Ellen Einarsson	51320.00		
Ellen Sveinsson	12891.00		
Emilía Benediktsdóttir Kofoed Hansen	30043.00		
Emilía P. Briem	23434.00		
Estrid Falberg Brekkan	6676.00		
Ethel Arnórsson	11717.00		
Fjóla Sigmundsdóttir	8000.00		
Fríða Hlíðdal	43352.00		
Geirlaug Stefánsdóttir	6367.00		
Guðbjörg Birkis	7200.00		
Guðbjörg Þ. Eiríksdóttir	6000.00		
Guðbjörg Grímsdóttir	5007.00		
Guðbjörg Guðmundsdóttir	7010.00		
Guðbjörg Kristjánsdóttir	15232.00		
Guðbjörg Tómasdóttir	7615.00		
Guðfinna Ármannsdóttir	9000.00		
Guðlaug Magnúsdóttir	25348.00		
Guðlaug Pétursdóttir	5000.00		
Guðný Björnsdóttir	7595.00		
Guðný Halldórsdóttir	12000.00		
Guðný Magnúsdóttir	6867.00		
Guðný Petersen	7000.00		
Guðríður Sigurðardóttir	3000.00		
Guðrún Arinbjarnar	11717.00		
Guðrún Björnsdóttir	3000.00		
Guðrún Egilson	25348.00		
Guðrún Einarsdóttir	14000.00		
Guðrún Finnbogadóttir	6000.00		
Guðrún Guðmundsdóttir	13000.00		
Guðrún S. Guðmundsdóttir	11320.00		
Guðrún Guðnadóttir	10000.00		
Guðrún Hálfdánardóttir	4528.00		
Guðrún Jónsdóttir	15232.00		

		18. gr.	
		kr.	kr.
Guðrún P. Jónsdóttir	18232.00		
Guðrún Oddgeirsdóttir	9057.00		
Guðrún Oddsdóttir	14717.00		
Guðrún Pálsdóttir	14000.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Benedikts Sveinssonar	40108.00		
Guðrún Pétursdóttir, ekkja Sigurgeirs Sigurðssonar	11320.00		
Guðrún Ragúels	3828.00		
Guðrún Sveinsdóttir	24419.00		
Guðrún Þorvarðsson	19246.00		
Gunnhildur Jónsdóttir	6009.00		
Gunnjóna Jensdóttir	3815.00		
Halldóra Ólafsdóttir	23434.00		
Halldóra Þórðardóttir	7617.00		
Harriet Jónsson	5702.00		
Hedvig Blöndal	10000.00		
Helga Arngrímsdóttir	7010.00		
Helga Pétursdóttir	15000.00		
Helga I. Stefánsdóttir	3828.00		
Henny Kristjánsson	6000.00		
Hertha Leósson	5000.00		
Herþrúður Hermannsdóttir	7000.00		
Hildur Björnsdóttir	10014.00		
Hildur Blöndal	20000.00		
Hjaltlína Guðjónsdóttir	15000.00		
Hlíf Böðvarsdóttir	8678.00		
Hlín Johnson	29853.00		
Hólmfríður Guðmundsdóttir	24000.00		
Hólmfríður Zoëga	11501.00		
Hrefna Bergsdóttir	18000.00		
Hrefna Ingimarsdóttir	15232.00		
Hulda Þ. Björnæs	12017.00		
Hulda Sveinbjörnsdóttir	8000.00		
Ingibjörg Björnsdóttir	7923.00		
Ingibjörg I. Briem	6000.00		
Ingibjörg Gamalíelsdóttir	15000.00		
Ingibjörg Guðmundsdóttir	7630.00		
Ingibjörg Högnadóttir	6000.00		
Ingibjörg J. Jónsdóttir	8000.00		
Ingibjörg Þ. Jónsdóttir	6249.00		
Ingibjörg Snorradóttir	8000.00		
Ingunn Bjarnadóttir	15000.00		
Ingunn Hlíðar	9538.00		
Ingveldur Ólafsdóttir	3808.00		
Jóhanna Jónsdóttir	11320.00		
Jóhanna Linnet	7630.00		
Jóhanna Pálmadóttir	18018.00		
Jóhanna Þorsteinsdóttir	9000.00		
Jóhanna Þorvaldsdóttir	10000.00		
Jóna Jakobsdóttir	6509.00		

	18. gr.	
	kr.	kr.
Jóna Jóhanna Jónsdóttir	6000.00	
Jónasína E. Hallgrímsdóttir	10936.00	
Jónheiður Eggerz	20029.00	
Júlíana M. Jónsdóttir	10303.00	
Karen Jónsson	12017.00	
Karítas Guðmundsdóttir	12000.00	
Katrín Sveinsdóttir	7923.00	
Klara Helgadóttir	9057.00	
Kristbjörg Sveinsdóttir	7000.00	
Kristín Guðlaugsdóttir	12000.00	
Kristín Guðmundsdóttir, ekkja Eggerts Eggertssonar	6009.00	
Kristín Guðmundsdóttir, vitavarðarekkja	3807.00	
Kristín Pálsdóttir	6367.00	
Kristín Sigurðardóttir	6792.00	
Kristín Thorberg	4687.00	
Kristín Tómasdóttir	9000.00	
Kristín Þórarinsdóttir	11320.00	
Kristólína Kragh	5077.00	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Gísla Lárussonar	9606.00	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Jóns Gíslasonar	8000.00	
Lára Bjarnadóttir, ekkja Skarphéðins Þorkelssonar	7923.00	
Lára Sigurðardóttir	4000.00	
Lára Skúladóttir	6792.00	
Lilja Eyþórsdóttir	18026.00	
Lilja Jörundsdóttir	12000.00	
Lilja Steinsen	35000.00	
Linda Axelsdóttir	8000.00	
Lovísa Sveinbjörnsson	39759.00	
Magdalena Ásgeirsdóttir	6000.00	
Magnea Magnúsdóttir	19246.00	
Málfríður Bjarnadóttir	4000.00	
Málfríður Jónsdóttir	10129.00	
Margrét Árnadóttir	11012.00	
Margrét Ásmundsdóttir	5077.00	
Margrét Björnsdóttir	7630.00	
Margrét Jónsdóttir frá Hrauni	16604.00	
Margrét Jónsdóttir, vitavarðarekkja	3828.00	
Margrét Lárusdóttir	11716.00	
Margrét Kr. Lárusdóttir	5077.00	
Margrét Möller	6000.00	
Margrét Þórðardóttir	7617.00	
María Guðlaugsson	9373.00	
María Pétursdóttir	14000.00	
María Thoroddsen	19528.00	
María Tómasdóttir	5660.00	
Melitta Urbancic	9538.00	
Nanna Jónsdóttir	10850.00	
Nikólína Jóhannsdóttir	6000.00	

		18. gr.	
		kr.	kr.
Oddný Guðmundsdóttir	10000.00		
Oddný Pétursdóttir	12017.00		
Oktavía Sigurðardóttir	10189.00		
Ólafía Einarsdóttir	13585.00		
Ólafía Finnbogadóttir	2540.00		
Ólafía Valdimarsdóttir	6792.00		
Olga E. Jónsson	11320.00		
Ólína Snæbjörnsdóttir	8905.00		
Ólöf Sigurðardóttir	6009.00		
Ólöf Sigurðardóttir, Akranesi	4000.00		
Ólöf Sigvaldadóttir	10000.00		
Ragnheiður Brynjólfsdóttir	5723.00		
Ragnhildur I. Bjarnadóttir	8012.00		
Ragnhildur Thorlacius	13585.00		
Ragnhildur Thoroddsen	15022.00		
Rannveig Tómasdóttir	7617.00		
Rigmor Ófeigsson	10155.00		
Rósa Eggertsdóttir	6009.00		
Rósa Jónsdóttir	6000.00		
Sesselja Þorsteinsdóttir Clausen	8012.00		
Sigríður Árnadóttir	24000.00		
Sigríður Arnljótsdóttir	12017.00		
Sigríður Bjarnason	25377.00		
Sigríður Björnsdóttir	8000.00		
Sigríður Einarsson	39056.00		
Sigríður Eiríksdóttir	8000.00		
Sigríður Finnbogadóttir	10155.00		
Sigríður Fjeldsted	10189.00		
Sigríður Gísladóttir	3828.00		
Sigríður Guðmundsdóttir	3828.00		
Sigríður Hallgrímsdóttir	15000.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Vífilsstöðum	19137.00		
Sigríður Jónsdóttir frá Hvítadal	6367.00		
Sigríður Jónsdóttir, ekkja Þórh. Vilhjálmssonar	12000.00		
Sigríður Pétursdóttir	11320.00		
Sigríður Sigtryggsdóttir	12000.00		
Sigríður Sæmundsson	24000.00		
Sigrún Árnadóttir	7000.00		
Sigrún Guðbrandsdóttir	9057.00		
Sigrún Thorarensen	8000.00		
Sigurlaug Sigurðardóttir	12000.00		
Sigurlaug Þórey Þorsteinsdóttir	11320.00		
Soffía Árnason	7000.00		
Sólveig Árnadóttir	8000.00		
Sólveig Eggerz	33456.00		
Sólveig Pétursdóttir	11320.00		
Sólveig P. Sandholt	8000.00		
Stefanía Snævarr	13000.00		
Stefanía Stefánsdóttir	12452.00		
Steinunn P. Eyjólfsson	6748.00		

18. gr.

		kr.	kr.
Steinunn Gísladóttir	7000.00		
Steinunn Jóhannesdóttir	7617.00		
Steinunn Sigurðardóttir	12000.00		
Súsanna Friðriksdóttir	11320.00		
Sveinbjörg Kristinsdóttir	10000.00		
Sveindís Hansdóttir	6000.00		
Sveinsína Sigurðardóttir	9000.00		
Torfhildur Magnúsdóttir	6000.00		
Una Jóhannesdóttir	18000.00		
Unnur Guðjónsdóttir	25029.00		
Unnur Skúladóttir	12694.00		
Valborg Einarsson	12694.00		
Valborg Haraldsdóttir	10850.00		
Valgerður Björg Björnsdóttir	15000.00		
Valgerður Halldórsdóttir	18114.00		
Valgerður Helgadóttir	10014.00		
Valgerður Jóhannsdóttir	6867.00		
Valgerður Ólafsdóttir	9057.00		
Vigdís G. Blöndal	6367.00		
Viktoría Bjarnadóttir	1915.00		
Vilborg Bjarnadóttir	7244.00		
Vilborg Stefánsdóttir	22000.00		
Vilborg Torfadóttir	3828.00		
Þóra L. Björnsson	13585.00		
Þóra Hjartar	4528.00		
Þóra Jónasdóttir	6509.00		
Þóra Magnúsdóttir	8000.00		
Þóra Sigfúsdóttir	5723.00		
Þóra Sigurðardóttir	3828.00		
Þóra Skaftason	3828.00		
Þorbjörg Sigmundsdóttir	12694.00		
Þórey Jóhannsdóttir	6000.00		
Þórunn Helgadóttir	6000.00		
Þórunn Pálsdóttir	12694.00		
Þórunn Þórðardóttir	2343.00		
Þorvalda Hulda Sveinsdóttir	7923.00		
Þuríður Benediktsdóttir	12732.00		
Þuríður Helgadóttir	6000.00		
Þuríður Káradóttir	14717.00		
		2 859 700	
c. Barnastyrkur: Barn Árna sál. Helgasonar, héraðslæknis, Jóhanna Margrét Árnadóttir, f. 16/7 1924, sjúklingur		3 828	
d. Uppbót á lífeyri skv. 18. gr. I. og II.		2 227 000	
			8 875 433
III. Framlag ríkissjóðs skv. 10. gr. l. 64/1955 og 8. gr. l. 66/1955 (áætlað)		20 500 000	
IV. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs hjúkrunarkvenna, skv. 12. gr. l. 65/1955		250 000	

	18. gr.	
	kr.	kr.
V. Framlag ríkissjóðs til lífeyrissjóðs ljósmæðra, skv. 1. gr. l. 114/1940		24 000
VI. Framlag ríkissjóðs til grunnlauna- og vísitöluuppbóta á lífeyri		12 800 000
Samtals ...	. . .	43 066 840

19. gr.

Til óvissra útgjalda o. fl. er veitt:

	kr.	kr.
1. Til niðurgreiðslu á vöruverði og uppbóta á útfluttar landbúnaðarafurðir		430 000 000
2. Útgjöld samkv. 22. og 25. gr.		5 000 000
3. Fyrningar		8 000 000
4. Til óvissra útgjalda		13 000 000
5. Til launauppbóta		65 000 000
Samtals ...	. . .	521 000 000

III. KAFLI

Eignahreyfingar.

20. gr.

		kr.	kr.
	Inn:		
I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum		100 000
II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna		3 000 000
	Samtals ...	. . .	3 100 000
	Út:		
I.	Afborganir lána ríkissjóðs		20 124 707
II.	Framlag til ríkisábyrgðasjóðs		38 000 000
III.	Til byggingar stjórnarráðshúss		2 000 000
IV.	Til bygginga á jörðum ríkisins		2 200 000
V.	Til ræktunar á jörðum ríkisins		250 000
VI.	1. Til viðbótarhúsnæðis við ríkisspítalana	6 503 000	
	2. Til byggingar fávitahælis	427 500	
	3. Til byggingar hjúkrunarskóla	250 000	
	4. Til endurbóta á heilsuhælinu í Kristnesi	400 000	
			7 580 500
VII.	Til byggingar nýrra vita og vitavarðabústaða ...		3 000 000
VIII.	Til flugvallagerðar og flugöryggistækja		12 720 000
IX.	Til sjúkraflugvalla		492 100
X.	Til viðbótarhúsnæðis við rannsóknarstöðina á Keldum		965 000
XI.	1. Til byggingar heimavistarhúss við menntaskólann á Akureyri	300 000	
	2. Til byggingar menntaskólans í Reykjavík	3 000 000	
	3. Til byggingar sjómannaskólans	600 000	
	4. Til byggingar kennarabústaðar á Hólum	67 500	
	5. Til byggingar menntaskólahúss á Laugarvatni	427 500	
	6. Til byggingar Kennaraskóla Íslands	3 000 000	
	7. Til byggingar Garðyrkjuskólans á Reykjum ..	450 000	
	8. Til framkvæmda á Hvanneyri samkvæmt ákvörðun landbúnaðarráðherra	1 500 000	
	9. Til kaupa á kennarabústað á Hvanneyri	150 000	
	10. Til Íþróttakennaraskóla Íslands, byrjunarframlag	500 000	
			9 995 000
XII.	Til bygginga á prestssetrum		2 865 000
XIII.	Til greiðslu heimtaugagjalda á prestssetrum		194 000
XIV.	Til útihúsa á prestssetrum		734 000
XV.	Til byggingar embættisbústaða héraðsdómara ...		1 400 000
XVI.	Til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík		3 000 000
XVII.	Til byggingar ríkisfangelsa og vinnuhæla		2 000 000
XVIII.	Til að lána til rafstöðva á þeim svæðum, er ríkisrafveitur ná ekki til, að fengnum tillögum raforkuráðs		705 000

20. gr.

		kr.	kr.
XIX.	Til byggingar dvalarheimilis fyrir afvegaleidd börn og unglinga		500 000
XX.	Til byggingar tilraunagróðurhúss að Korpúlfsstöðum		95 000
XXI.	Framlag til atvinnubótasjóðs		10 000 000
XXII.	Til Byggingarsjóðs Listasafns ríkisins		500 000
XXIII.	Til byggingar embættisbústaða fyrir dýralækna		900 000
XXIV.	Til aukningar landhelgisgæzlu		8 400 000
XXV.	Til kaupa á biskupsbústað		300 000
XXVI.	Til endurbóta á starfsmannahúsi að Bessastöðum		300 000
XXVII.	Til endurbyggingar á Borg á Mýrum		300 000
XXVIII.	Til byggingar prestsseturs í Odda		300 000
XXIX.	Afborganir af kaupverði íbúðarhúss að Hesti		450 000
XXX.	Til byggingar íbúðarhúss fyrir ábúanda Eiða		85 000
XXXI.	Til endurnýjunar á bifreiðum ríkisstofnana		1 000 000
XXXII.	Til byggingar vitaskips		2 222 000
XXXIII.	Til að byggja bókhlöðu að forsetasetrinu að Bessastöðum		500 000
XXXIV.	Til hlutabréfakaupa í Iðnaðarbanka Íslands h.f.		1 000 000
XXXV.	Til að lána til landkaupa í kauptúnum		2 000 000
	Samtals ...	. . .	137 077 307

21. gr.

I. Rekstrar-

		kr.	kr.
	Tekjur:		
2. gr.	Skattar og tollar		1 848 000 000
3. gr. A.	Tekjur af rekstri ríkisstofnana		324 900 000
— B.	Tekjur af fasteignum ríkissjóðs		75 000
4. gr.	Tekjur af bönkum og vaxtatekjur		2 000 000
5. gr.	Óvissar tekjur		20 000 000
	Samtals ...	...	2 194 975 000

II. Sjóðs-

		kr.
	Inn:	
2.—5. gr.	Rekstrartekjur samkvæmt rekstraryfirliti	2 194 975 000
	Aðrar innborganir:	
20. gr. I.	Væntanlega útdregið af bankavaxtabréfum o. fl.	100 000
— II.	Endurgreidd lán og andvirði seldra eigna	3 000 000
	Samtals ...	2 198 075 000

Yfirlit.

yfirlit. 21. gr.

		kr.	kr.
	Gjöld:		
7. gr.	Vextir		10 616 216
8. gr.	Kostnaður við æðstu stjórn landsins		1 611 933
9. gr.	Til alþingiskostnaðar og yfirskoðunar ríkisreikninga		12 635 500
10. gr.	Til ríkisstjórnarinnar		50 718 274
11. gr. A.	Dómgæzla og lögreglustjórn	96 785 658	
— B.	Kostnaður vegna innheimtu tolla og skatta o. fl.	32 069 592	
— C.	Sameiginlegur kostnaður við embættisrekstur	2 200 000	131 055 250
12. gr.	Til læknaskipunar og heilbrigðismála		67 606 841
13. gr. A.	Vegamál	121 666 511	
— B.	Samgöngur á sjó	18 300 000	
— C.	Vitamál og hafnargerðir	41 987 778	
— D.	Flugmál	12 754 088	
— E.	Veðurþjónusta	5 210 452	
— F.	Ýmis mál	6 927 519	206 846 348
14. gr. A.	Kennslumál	258 737 523	
— B.	Til opinberra safna, bókaútgáfu og listastarfsemi	18 565 018	277 302 541
15. gr.	Kirkjumál		16 646 866
16. gr. A.	Landbúnaðarmál	100 420 319	
— B.	Sjávarútvegsmál	54 579 771	
— C.	Iðnaðarmál	5 826 520	
— D.	Raforkumál	31 912 394	
— E.	Rannsóknir í þágu atvinnuveganna o. fl.	14 427 894	207 166 898
17. gr.	Til félagsmála		506 040 274
18. gr.	Til eftirlauna og styrktarfjár		43 066 840
19. gr.	Til óvissra útgjalda o. fl.		521 000 000
	Rekstrarafgangur		142 661 219
	Samtals	. . .	2 194 975 000

yfirlit.

		kr.
	Út:	
7.—19. gr.	Rekstrarútgjöld samkvæmt rekstrarreikningi	2 052 313 781
	Aðrar útborganir:	
20. gr.	Afborganir lána og til eignaaukningar	137 077 307
	Greiðslujöfnuður	8 683 912
	Samtals	2 198 075 000

22. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt:

I. Að endurgreiða skemmtanaskatt af fé því, sem aflað er með samkomum og rennur til eflingar slysavörnum hér við land.

II. Að láta Blindravinafélag Íslands fá að láni allt að 10 útvarpstæki til afnota fyrir blinda menn, og sé kostnaður, er af þessu leiðir, færður á fjárhagsáætlun Viðtækjaverzlunar ríkisins. Enn fremur að lána allt að þremur tækjum til sjúklinga, sem liggja rúmfastir árum saman í heimahúsum.

III. Að ákveða, að landssíminn innheimti ekki stofngjöld og afnotagjöld síma árið 1963 hjá allt að 25 blindum mönnum, eftir tilnefningu Blindrafélags Íslands. Menn þessir séu heimilisfeður eða vinni einir á vinnustað.

IV. Að verja afgjöldum af löndum ríkisins í Hveragerði til hitaveitufram-kvæmda Hveragerðishrepps.

V. Að greiða læknisvitjanastyrki til þeirra læknishéraða, sem eru læknislaus þrjá mánuði af árinu eða lengur, og nemi þeir allt að læknislaunum þann tíma, sem héraðið er læknislaust.

VI. Að ábyrgjast allt að 50 millj. kr. lán til byggingar fiskvinnslustöðva og stöðva til þess að vinna úr landbúnaðarafurðum, þó ekki yfir 60% af matsverði hverrar framkvæmdar.

VII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af snjóbifreiðum og sjúkrabifreiðum til almenningsnota.

VIII. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af brennsluolíum til veðurathugunarskipa í Norðurhöfum.

IX. Að endurgreiða toll af maníókamjöli, sem flutt verður inn á árinu til skepnufóðurs.

X. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af fiskinetjum úr nylon, að því leyti, sem þau eru hærri en af öðrum fiskinetjum, sbr. nr. 19a í 50. kafla tollskrár.

XI. Að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni í pappaumbúðir um mjólk, að því leyti sem þau eru hærri en aðflutningsgjöld af mjólkurflöskum.

XII. Að heimila Ríkisútvarpinu að verja allt að 1.1 millj. kr. af tekjuafgangi sínum til að bæta hlustunarskilyrði á Austfjörðum og Norðausturlandi. (Endurveiting).

XIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að setja merki Landgræðslusjóðs á vindlingapakka, eftir nánari ákvörðun fjármálaráðuneytisins, og greiða sjóðnum allt að 30 aurum af hverjum vindlingapakka, er hún selur með merki sjóðsins.

XIV. Að leyfa Grænmetisverzlun landbúnaðarins að ráðstafa til að efla grænmetisræktun í landinu helmingi þeirrar fjárhæðar, sem verzluninni ber að greiða í leigu eftir hús Grænmetisverzlunar ríkisins.

XV. Að ákveða, að ein króna af tekjum landssímans af hverju seldu skrauteyðublaði heillaskeyta skuli renna til Krabbameinsfélags Íslands.

XVI. Að verja af rekstrarafgangi Viðtækjaverzlunar ríkisins til þess að greiða rekstrarhalla Þjóðleikhúss og Sinfóníuhljómsveitar.

XVII. Að greiða úr ríkissjóði það, sem á kann að skorta, til að 10% skemmtanaskattsálag og ⅖ hlutar af hagnaði Viðtækjaverzlunar ríkisins, sbr. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 52/1962, hrökkvi til að greiða hluta ríkissjóðs af rekstrarkostnaði Sinfóníuhljómsveitar Íslands 1962 og 1963. Enn fremur að greiða allt að ⅓ hluta af áföllnum rekstrarhalla hljómsveitarinnar 28. febr. 1961, þegar ríkisútvarpið tók við rekstri hennar.

XVIII. Að lána Rafmagnsveitum ríkisins allt að 10 000 000 kr.

XIX. Að ábyrgjast allt að 10 millj. kr. lán fyrir skipasmíðastöðvar til bátasmíða innanlands, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, enda greiðist lánið að fullu af stofnláni, sem Fiskveiðasjóður Íslands veitir. Ríkisstjórnin setur að öðru leyti skilyrði um ábyrgðir þessar.

XX. Að ábyrgjast allt að 1 millj. kr. lán fyrir Skipasmíðastöðina h/f í Stykkishólmi, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.
XXI. Að ábyrgjast lán allt að 50 millj. kr. til bygginga og endurbóta á síldarverksmiðjum og síldarumhleðslustöðvum.
XXII. Að taka allt að 28 millj. kr. lán til byggingar menntaskóla, kennaraskóla og hjúkrunarskóla
XXIII. Að taka allt að 560 þús. kr. lán til endurbóta á Fiskiðjuveri Seyðisfjarðar, en það er nú eign ríkissjóðs.
XXIV. Að taka lán að fjárhæð 14 200 þús. kr. til byggingar lögreglustöðvar í Reykjavík.
XXV. Að taka allt að 3 millj. kr. lán til aukningar á húsnæði ríkisspítalanna.
XXVI. Að taka allt að 1 millj. kr. lán til bygginga fyrir Rannsóknarstofu háskólans.
XXVII. Að taka lán allt að 70 millj. kr. til lagningar steinsteypts vegar til Keflavíkur (Reykjanesbrautar) og enn fremur að verja fé því, er varnarliðið hefur greitt fyrir afnot Keflavíkurvegar 1951—1962, að upphæð 5 millj. kr., til lagningar vegarins.
XXVIII. Að kaupa húseignina Borgartún 7 í Reykjavík.
XXIX. Að kaupa eignir Kol h/f á Skarðsströnd, tæki og fasteignir að undangenginni rannsókn.
XXX. Að kaupa eignir Ræktunarfélags Norðurlands, sem tilraunaráð jarðræktar hefur á leigu.
XXXI. Að selja gamalt póst- og símahús við Austurgötu 11 í Hafnarfirði og hluta úr húsi að Skíðabraut 4 á Dalvík og enn fremur sæsímaskúr að Strandavegi 10 á Seyðisfirði ásamt tilheyrandi lóðum, ef viðunandi boð fæst.
XXXII. Að selja húseignina nr. 1 við Norðurgötu á Seyðisfirði, eign rafmagnsveitu ríkisins.
XXXIII. Að selja húseignina Mánagötu 5 í Keflavík, húseignina Vatnsnesveg 11 í Keflavík og hluta af húseigninni Tjarnargötu 3 í Keflavík.
XXXIV. Að selja Stykkishólmshreppi 780 fermetra skika úr lóðinni nr. 13 við Aðalgötu í Stykkishólmi.
XXXV. Að selja Akraneskaupstað 2377 fermetra spildu af lóð prestssetursins Kirkjuhvols á Akranesi eftir mati.
XXXVI. Að selja land prestssetursjarðarinnar Setbergs á Snæfellsnesi á Grundarbotni, ef viðunandi boð fæst.
XXXVII. Að gefa eftir aðflutningsgjöld af sérstökum tækjum og efni, sem lagt er til af Mikla Norræna Ritsímafélaginu og flutt inn vegna nýju sæsímanna, samkvæmt samningum við það félag, dags. 26. jan. 1960.
XXXVIII. Að gefa Slysavarnafélagi Íslands eftir lán, sem veitt var til kaupa á flugvél.
XXXIX. Að gefa sveitarsjóði Höfðahrepps eftir greiðslu tveggja skuldabréfa, dags. 22. júní 1956, um afhendingu mannvirkja til nýbyggingarnefndar Höfðakaupstaðar til Höfðahrepps, að upphæð 400 þús. kr., að viðbættum vöxtum frá útgáfudegi.
XL. Að ábyrgjast allt að 60% af byggingarkostnaði nýrra flóabáta fyrir farsvæði Djúpbáts og Breiðafjarðarbáts (Stykkishólmsbáts).
XLI. Að ábyrgjast lán allt að 970 þús. þýzkra marka (DM) fyrir Guðmund Jörundsson útgerðarmann til þess að koma fyrir tækjum í togarann Narfa til heilfrystingar á fiski, enda verði settar þær tryggingar, er ráðherra metur gildar.
XLII. Að láta gera við togarann Þorstein þorskabít, sem nú er eign ríkissjóðs, til að koma skipinu í rekstrarhæft ástand og taka í því skyni lán, ef með þarf.

XLIII. Að leyfa Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins að greiða Krabbameinsfélagi Íslands 25 aura af hverjum seldum vindlingapakka.
XLIV. Að kaupa plöntusafn Eyþórs Einarssonar.
XLV. Að kaupa grasasafn Helga Jónassonar.
XLVI. Að greiða Sigurði Ólafssyni 200 þús. kr. vegna flugvélakaupa.
XLVII. Að kaupa listaverk fyrir allt að 50 þús. kr. til að gefa til skrifstofubyggingar Bernarsambandsins í Genf.
XLVIII. Að ráðstafa eignum Áburðareinkasölu ríkisins til jarðvegsrannsókna, sérstaklega með tilliti til rannsóknar á áburðarþörf lands, eftir ákvörðun landbúnaðarráðuneytisins í samráði við búnaðardeild atvinnudeildar háskólans.
XLIX. Að festa kaup á skriðbíl, sem hentað gæti til ferða um torleiði á landi og sem ferja yfir vötn og reyna slíkt tæki á jökulvötnum og aurum Skaftafellssýslu til þess að fá úr því skorið, hvort á þann hátt yrði opnuð samgönguleið fyrir Skaftfellinga og ökufært yrði á léttum bílum umhverfis landið.

23. gr.

Frá 1. júní 1962 er heimilt að greiða 7% uppbót á laun starfsmanna ríkisins, þar með talin yfirvinna.

24. gr.

Heimilt er að greiða á árinu 1963 uppbætur eins og þær, sem síðan 1. febrúar 1960 hafa verið greiddar á lífeyri úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, lífeyrissjóði barnakennara, lífeyrissjóði hjúkrunarkvenna, lífeyrissjóði ljósmæðra og lífeyrissjóði alþingismanna, svo og á persónulegar greiðslur samkvæmt 18. gr. fjárlaga á árinu 1963.

Þá er og heimilt að greiða sérstaka uppbót á allar fyrrnefndar greiðslur frá 1. júní 1962 að telja, sem nemi 7%.

Hlutaðeigandi lífeyrissjóðir annast greiðslu uppbóta á lífeyrinn gegn endurgreiðslu úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi launagreiðendum.

25. gr.

Ef lög verða staðfest, er afgreidd hafa verið frá Alþingi 1963 og hafa í för með sér tekjur eða gjöld fyrir ríkissjóð, breytast fjárhæðirnar tekju- og gjaldamegin samkvæmt þeim lögum. Allar þær fjárveitingar, sem eigi eru ákveðnar í lögum, öðrum en fjárlögum, tilskipunum, forsetaúrskurðum eða öðrum gildandi ákvörðunum, gilda aðeins fyrir fjárhagstímabilið.

Sþ. 226. Tillaga til þingsályktunar [124. mál]

um þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar, samgöngubóta og sjúkraflugs á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Flm.: Hannibal Valdimarsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að festa kaup á tveimur þyrilvængjum til aðstoðar við landhelgisgæzluna. Skal önnur þyrlan að jafnaði staðsett á Vestfjörðum og annast þar farþegaflug, póstflutning og sjúkraflug, að svo miklu leyti sem samrýmzt getur starfi hennar fyrir landhelgisgæzluna, er jafnan skal sitja í fyrirrúmi. Hin þyrlan skal vera staðsett á Austfjörðum og annast sömu þjónustu á Austurlandi, auk höfuðhlutverks síns í þarfir landhelgisgæzlunnar.

Greinargerð.

Flutningsmaður þessarar tillögu hefur tvívegis áður borið fram tillögu svipaðs efnis á Alþingi. Nú er, eins og á seinasta þingi, lagt til, að ríkisstjórnin festi kaup á tveimur þyrilvængjum til aðstoðar við landhelgisgæzluna.

Þegar varðskipið Óðinn var byggt, var frá öndverðu gert ráð fyrir því, að þyrilvængja gæti haft lendingarstað á þilfari skipsins. Þetta sýnir, að mönnum var þá þegar ljóst, að þyrilvængjur gætu verið ómetanleg og enda sjálfsögð hjálpartæki til tryggingar góðri gæzlu landhelginnar. Á fyrra ári voru gerðar tilraunir með lendingu þyrilvængju á þilfari varðskipsins Óðins, og er talið, að sú tilraun hafi tekizt ágætlega vel. Það er því bert, að enn þá hafa sérfróðir menn það í huga að taka þyrilvængjur í þjónustu landhelgisgæzlunnar.

Þessi tilraun var gerð með þyrilvængju, sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli lánaði góðfúslega til þessarar tilraunar.

Oftar en einu sinni hefur það komið fyrir, að leita hefur orðið til varnarliðsins í alvarlegum sjúkdóms- eða slysatilfellum um lán á þyrilvængju til að sækja fárveika sjúklinga á staði, þar sem venjulegum flugvélum varð eigi við komið. Er þessa skemmst að minnast, og er talið, að aðrar leiðir hafi eigi verið færar til að koma hinum sjúka manni nógu fljótt í sjúkrahús undir hendur færustu lækna.

Það getur naumast talizt vansalaust, að Íslendingar skuli ekki eiga a. m. k. eina þyrilvængju og þannig vera sjálfum sér nógir í slíkum neyðartilfellum.

Hér er lagt til, að tvær þyrilvængjur verði keyptar og sé aðalhlutverk þeirra gæzla landhelginnar í samstarfi við varðskipin. Vitað er, að slíkar vélar hljóta að verða staðsettar í landi, og virðist þá eðlilegt, að það sé í þeim landshlutum, þar sem samgöngur eru erfiðastar og þær gætu því haft brýnustu verkefni að gegna um farþegaflug, póstflutninga og sjúkraflug milli einangraðra staða, svo og til hafna í þessum landshlutum eða aðalflugvalla, eins og Ísafjarðarflugvallar og Egilsstaðaflugvallar.

Rætt hefur verið um að leysa þörf landhelgisgæzlunnar fyrir flugvélaaðstoð með kaupum á tveimur Dakota-flugvélum. En sé sú leið farin, eru samgöngumál Austfjarða og Vestfjarða þó jafnóleyst sem áður. Þyrilvængjurnar leysa hins vegar báða þætti þessa máls.

Fyrir nokkrum árum nutu allmargir staðir á Vestfjörðum reglubundinna flugsamgangna. Nú hefur áætlunarflug lagzt niður til Patreksfjarðar, Bíldudals, Þingeyrar, Flateyrar og Hólmavíkur. Sem stendur heldur Flugfélag Íslands aðeins uppi áætlunarflugi við einn stað á Vestfjörðum, nefnilega Ísafjörð.

Þessari afturför í samgöngumálum una Vestfirðingar að vonum illa. Með því að fullgera flugbrautirnar við Hólmavík og Þingeyri gætu reglulegar flugsamgöngur að vísu hafizt fljótlega við þrjá staði á Vestfjörðum. En vafalaust verður enn að bíða þess um nokkur ár, að flugvellir, er nægi stórum flugvélum, verði fullgerðir á Patreksfirði, Bíldudal og í Önundarfirði, en þá fyrst væru flugsamgöngur Vestfirðinga þó komnar í svipað horf og áður var. En þar við bætist, að fjöldamörg byggðarlög á Vestfjörðum eiga þess enga von sökum landþrengsla, að flugvellir verði nokkurn tíma byggðir í nágrenni þeirra. Þeirra þörf fyrir flugsamgöngur verður því aldrei leyst með öðru móti en með þyrilvængju.

Það, sem hér hefur verið sagt um Vestfirði, á í flestum tilfellum einnig við um Austfirði.

Nú kynni einhverjum að þykja það óþarflega stórt í sniðum að kaupa tvær þyrilvængjur — ein mætti duga til að gera slíka tilraun. Og verður því ekki neitað, að víst væri það til bóta og spor í rétta átt. Eftir það værum vér Íslendingar þó ekki á slíku bónbjargastigi á þessu sviði gagnvart setuliðinu sem vér höfum verið á til þessa.

Annars er slík reynsla þegar fengin utanlands og innan af þyrilvængjum, að tilrauna er ekki lengur þörf með þessi farartæki. Þeirra miklu yfirburðir eru í því fólgnir **að þurfa enga flugvelli.** Og þeir yfirburðir eru nær ómetanlegir í okkar

strjálbýla fjallalandi. Takmörkun þeirra er hins vegar minni flughraði en annarra flugvéla.

Þó verða þyrlurnar nú óðfluga miklu hraðfleygari en verið hefur til þessa. Til dæmis keypti danska landhelgisgæzlan nýlega tvær þotu-þyrlur (Jet-helicopter), og eru þær sagðar miklu hraðfleygari en venjulegar þyrlur.

Hraðinn skiptir þó ekki mestu máli fyrir okkur. Hitt er aðalatriðið, að þyrlur koma að gagni við ýmisleg skilyrði, þar sem engum öðrum flugvélum verður við komið. Þess vegna geta Íslendingar raunar ekki án þess verið að eiga þyrilvængjur. Og þó að ein væri stórum betri en engin, þá er sannleikurinn sá, að helzt þyrfti að kaupa þrjár þyrilvængjur samtímis: eina staðsetta á Vestfjörðum, aðra á Austfjörðum og hina þriðju staðsetta hér suðvestanlands. Með því væri stórt skref stigið í öryggismálum vorum, landhelgisgæzlan efld og þær umbætur orðnar í samgöngumálum dreifbýlisins, sem geta ekki orðið að veruleika með neinum öðrum hætti.

Nd. 227. Frumvarp til laga [125. mál]

um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Flm.: Gunnar Gíslason.

1. gr.

Stjórn Utanverðunesslegats heimilast með lögum þessum að selja ábúanda hálfa jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi. Enn fremur heimilast stjórn legatsins að selja hinn helming jarðarinnar, ef ábúð á þeim hluta jarðarinnar er tryggð eða önnur sú starfsemi, sem jafngildir ábúð.

Jörðin skal seld því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð.

Andvirði jarðarinnar skal vera eign Utanverðunesslegats.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni stjórnar Utanverðunesslegats. Frumvarpið er þó ekki fyllilega í samræmi við óskir legatsstjórnarinnar, en flm. þótti rétt að hafa frv. í sem svipuðustu formi og frumvörp um sama efni, sem áður hafa verið flutt á Alþingi og hlotið hafa samþykki þess. Bréf legatsstjórnarinnar til flm. skýrir málið, og birtist það með þessari greinargerð sem fylgiskjal. Þau gögn, sem vitnað er til í bréfi legatsstjórnarinnar, eru í höndum flm., og getur nefnd sú, sem um málið fjallar í þinginu, fengið aðgang að þeim.

Fylgiskjal.

Sauðárkróki, 21. nóv. 1962.

Hr. alþm. sr. Gunnar Gíslason, Alþingi.

Stjórn Utanverðunesslegats hefur komið sér saman um að fara þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér aflið heimildar Alþingis til sölu á jarðeign legatsins, Utanverðunesi í Rípurhreppi.

Vegna þessarar beiðni vill legatsstjórnin taka fram eftirfarandi:

Jörðin Utanverðunes var gerð að kristfjárjörð með gjafabréfi séra Benedikts Vigfússonar prófasts á Hólum, dags. 31. janúar 1838. Í bréfi þessu er svo fyrir mælt, að afgjaldi jarðarinnar skuli varið til framfærslu og styrktar munaðarlausum börnum í Skagafjarðarsýslu, og skyldu börn í Hólahreppi sitja fyrir um slíkan styrk. Mun afgjaldi jarðarinnar lengst af hafa verið varið í samræmi við téð ákvæði.

Frá fardögum 1956 hefur hálf jörðin verið í byggingu Páls Jónassonar frá Hróarsdal, en hinn helmingurinn byggður Búnaðarsambandi Skagfirðinga frá sama tíma. Er síðarnefnd hálflenda leigð til stofnunar búfjárræktarmiðstöðvar og til annarrar rannsókna- og tilraunastarfsemi á vegum búnaðarsambandsins, og fylgja þeim hluta engin hús. En hinum hlutanum munu hafa fylgt léleg hús, svo sem úttektargerð ber með sér. Önnur hús jarðarinnar eru eign ábúanda, ýmist keypt af fráfarandi eða reist að nýju, sbr. meðfylgjandi greinargerð ábúanda.

Ástæður legatsstjórnarinnar fyrir umsókn um umbeðna heimild til sölu á jörðinni eru aðallega þessar:

Brýna nauðsyn ber til að byggja upp flest hús á jörðinni, bæði íbúðarhús og peningshús. Legatsstjórnin hefur eigi til umráða fé til þessara framkvæmda, enda hefur jörðin verið leigð fyrir mjög lágt eftirgjald, þar til núverandi leigutakar tóku við henni. Að vísu er landsdrottinn undanþeginn skyldu til að byggja upp á jörðinni skv. ákvæðum núgildandi byggingarbréfs. Hins vegar telur ábúandinn Páll Jónasson sér eigi fært að byggja upp á sinn kostnað, nema hann fái jörðina eða sinn ábúðarhelming keyptan, og gerir legatsstjórnin ráð fyrir, að sama muni gilda um aðra ábúendur, sem til greina kæmu. Er auðsætt, að jörðin bíður af því skaða og verður eigi fullnýtt við núverandi aðstæður. Slíkt er til tjóns fyrir legatið, leigutaka og hlutaðeigandi sveitarfélag.

Legatsstjórnin telur rétt að taka fram, að ákvæðum gjafabréfs sr. Benedikts Vigfússonar prófasts er engu síður unnt að fullnægja, þótt jörðin yrði seld. Kæmu þá vextir af sparifjáreign í stað jarðarafgjalds áður. Hins vegar verður því tæplega neitað, að forsendur fyrir ákvæðum gjafabréfsins eru að miklu leyti fallnar úr gildi fyrir núgildandi tryggingalöggjöf.

Bréfi þessu fylgja:

Endurrit af gjafabréfi sr. Benedikts Vigfússonar prófasts, endurrit af byggingarbréfum, endurrit af síðustu úttektargerð og greinargerð ábúandans Páls Jónassonar.

Legatsstjórnin telur eftir atvikum mjög æskilegt, að söluheimildin verði eigi eingöngu bundin við núverandi leigutaka, heldur hafi hún óbundnar hendur um að leita kauptilboða og haga sölu í samræmi við það.

Virðingarfyllst,

Jóh. Salberg Guðmundsson. Björn Björnsson.

Ed. 228. Frumvarp til laga [126. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Öxnadalshreppi í Eyjafjarðarsýslu eyðijörðina Bakkasel fyrir verð, er dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir beiðni hreppsnefndar Öxnadalshrepps. Í bréfi oddvita hreppsins til fyrra flutningsmanns segir svo:

„Sveitarstjórn Öxnadalshrepps hefur einróma samþykkt að fara þess á leit við hið háa Alþingi, að það heimili Öxnadalshreppi að kaupa land ríkisjarðarinnar Bakkasels í Öxnadalshreppi eftir nánari samningi þar um.

Svo sem kunnugt er, hefur jörðin Bakkasel verið úr ábúð og ónytjuð í tvö undanfarin ár að öðru en því, að Öxnadalshreppur hefur haft landið á leigu og notað sem afrétt. Líkurnar fyrir því, að jörðin fari í ábúð á næstu árum, virðast mjög litlar, út frá því séð, hver þróunin er í hinum afskekktu byggðum. Hins vegar mundi sveitarstjórnin sízt hafa á móti því, ef einhver óskaði að taka sér búsetu þar, og fúslega leigja landið þeim, er þar vildi setjast að.

Að þessu athuguðu lítur sveitarstjórnin svo á, að bezta lausn þessa máls væri sú, að hreppurinn eignist land jarðarinnar til ráðstöfunar á hverjum tíma. Marga bændur vantar gott land til sumarbeitar, sem þarna er fyrir hendi.

Sjálfsagt þykir, að ríkið starfræki sæluhús í Bakkaseli framvegis eins og hingað til í sambandi við vetrarferðir yfir Öxnadalsheiði, annaðhvort í hinu gamla húsi eða með nýbyggingu á hentugri stað.“

Nd. 229. Frumvarp til laga [89. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 31. jan.)

Samhljóða þskj. 109 með þessum breytingum:

16. gr. hljóðar svo:

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 15. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú rís ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanna, að krefjast þess, að í veitingahúsum og á skemmtistöðum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

22. gr. hljóðar svo:

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

1.	Gistihúsleyfi, veitingahúsleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	kr. 3000.00
2.	Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi, söluskýlisleyfi	— 1500.00
3.	Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	— 1000.00
4.	Leyfi til tækifærisveitinga og bráðabirgðaleyfi samkv. 24. gr.	— 150.00
5.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis	— 150.00

Þeir aðilar, sem hafa öðlazt veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., nr. 21 15. júní 1926, skulu aðeins greiða endurnýjunargjald af fyrsta leyfi, sem þeir kunna að fá útgefið samkvæmt lögum þessum.

Nú er starfsemi flutt í ný húsakynni og þarf af þeim orsökum að gefa út nýtt leyfi, og skal þá greiða jafnhátt gjald og við venjulega endurnýjun leyfis, enda sé starfsemin á hinum nýja stað sams konar og á hinum fyrri.

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá greiðast gjald fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fjögurra ára fresti gegn gjaldi samkv. 5. tl. þessarar greinar. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar, og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá eftirlitsmanni eða heilbrigðiseftirliti um alvarlegar misfellur á rekstrinum, unz úr hefur verið bætt.

Ed. 230. Frumvarp til laga [127. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Jóhanni Skaptasyni, bæjarfógeta á Húsavík, sýslumanni Þingeyjarsýslu, eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu fyrir það verð, er um semst eða verður ákveðið samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Jóhanni Skaptasyni, bæjarfógeta á Húsavík, sem einnig er sýslumaður í Þingeyjarsýslu, verði gefinn kostur á að kaupa eyðijörðina Litlagerði í Dalsmynni í Grýtubakkahreppi í Suður-Þingeyjarsýslu.

Þessi jarðeign ríkisins hefur verið í eyði síðustu ár, þrátt fyrir rækilega viðleitni umboðsmanna ríkisins til þess að fá þangað ábúanda. Nokkrar veðskuldir hvíla á jörðinni vegna framkvæmda síðasta ábúanda.

Ástæðan til þess, að Jóhann Skaptason, bæjarfógeti og sýslumaður héraðsins, hefur hug á að kaupa þetta eyðibýli, er sú, að foreldrar hans bjuggu þar lengi og hann er þar fæddur og systkini hans flest.

Í bréfi, dags. 22. janúar 1963, til flutningsmanns, tekur Jóhann Skaptason fram, um leið og hann fer þess á leit, að frumvarp til laga um heimild á sölu eyðibýlisins til sín verði flutt á þessu þingi, að sér hafi dottið í hug:

> „að reyna að gera Litlagerði eitthvað til góða, ef það kynni í framtíðinni að verða til þess, að jörðin héldist fremur í byggð. En ég hef ekki“ (segir hann) „hug á að leggja þar í ræktunarkostnað, nema ég hefði fullan ráðstöfunarrétt á jörðinni (ekki ættaróðalsrétt).“

Allir, sem þekkja Jóhann Skaptason, vita, að hann mun varla láta sitja við áformin ein.

Hér er á ferð sá lofsverði hugsunarháttur ræktarsemi og átthagatryggðar, sem er því miður of fágætur og verðskuldar sannarlega góðar undirtektir á Alþingi.

Nd. 231. Nefndarálit [3. mál]

um frv. til laga um landsdóm.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (Alfreð Gíslason, 8. landsk.) var fjarverandi, þegar frumv. var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 1. febr. 1963.

Einar Ingimundarson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.
	Gunnar Jóhannsson.	

Nd. 232. Nefndarálit [4. mál]

um frv. til laga um ráðherraábyrgð.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, og leggur meiri hluti hennar til, að það verði samþykkt óbreytt. — Einn nefndarmanna (GJóh) tekur ekki afstöðu til frumvarpsins, og annar nefndarmanna (Alfreð Gíslason, 8. landsk.) var fjarstaddur, þegar frumvarpið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 1. febr. 1963.

Einar Ingimundarson, form., frsm.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson.

Sþ. 233. Tillaga til þingsályktunar [128. mál]

um smíði fiskiskipa innanlands.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að gera hið bráðasta hvers konar ráðstafanir, sem þörf er á, bæði með útvegun nægilegs lánsfjár, tæknilegs undirbúnings, skipulagningar starfsins og á annan hátt, til þess að smíði fiskiskipa færist inn í landið.

Sérstaklega skal allra úrræða leitað til þess, að hér hefjist smíði stálskipa frá 70—250 tonna stærð í svo stórum stíl, að fullnægi þörf þjóðarinnar.

Greinargerð.

Það verður með engu móti talið vansalaust, að fiskveiðiþjóð eins og Íslendingar skuli að langmestu leyti láta aðrar þjóðir smíða fiskiskip sín.

Á þessu sviði verða Íslendingar að setja sér það takmark að verða sjálfum sér nógir hið allra fyrsta. Og að því marki verður að stefna föstum og ákveðnum skrefum. Óhætt er að fullyrða, að yfirgnæfandi meiri hluti fiskiskipa okkar, sem byggð eru úr tré og eru 40 lestir eða stærri, séu smíðuð erlendis.

Jafnvíst er þó hitt, að þau fiskiskip, sem byggð hafa verið í íslenzkum skipasmíðastöðvum, hafa í hvívetna reynzt jafngóð hinum erlendu og þó á ýmsan hátt betur. En þrátt fyrir þessa góðu reynslu höfum við haldið áfram að flytja inn fullgerð fiskiskip úr tré, en íslenzk tréskipasmíði sífellt átt í vök að verjast og síður en svo tekið æskilegum eða eðlilegum vexti.

Svo erfitt hefur innlenda skipasmíðin átt uppdráttar, að hlutur hennar í viðhaldi og aukningu fiskiskipaflotans hefur síður en svo farið vaxandi hin síðari ár, þegar smíði smærri báta er undanskilin.

Samkvæmt seinustu upplýsingum skipaskoðunarstjóra voru þessi skip í smíðum í ársbyrjun 1963:

Skipasmíðastöðin Dröfn, Hafnarfirði: 1 eikarskip 140 brúttólestir.
Dráttarbrautin, Akureyri: 1 eikarskip 140 brúttólestir.
Skipasmíðastöð K. E. A.: 1 eikarskip 120 brúttólestir.
Dráttarbrautin h.f., Neskaupstað: 1 eikarskip 70 brúttólestir.
Skipaviðgerðir h.f., Vestmannaeyjum: 1 eikarskip 140 brúttólestir.

Skipasmíðastöðin h.f., Ytri-Njarðvík: 1 eikarskip 48 brúttólestir.
Stálsmiðjan h.f., Reykjavík: 1 stálskip 130 brúttólestir.
Þetta eru alls 7 skip frá 48—140 tonn.

Auk þess, sem nú hefur verið talið, er verið að smíða 7 tonna skarsúðarbát hjá Nökkva h.f. í Arnarvogi og 10 tonna skarsúðarbát hjá Bátalóni h.f. í Hafnarfirði.

Plankabyggðir eikarbátar innan við 30 tonn eru í smíðum á þessum stöðum:

Á Fáskrúðsfirði 1 12 tonna, í Slippstöðinni á Akureyri 1 16 tonna og annar 20 tonna og loks 1 28 tonna bátur í Stykkishólmi.

Þá er Stálvík h.f. í Arnarvogi að smíða tvo 30 tonna stálbáta til olíuflutninga fyrir olíufélögin. En með þessu er líka allt upp talið.

Þannig eru þá í smíðum innanlands 13 fiskibátar frá 7—140 tonna, samtals um 880 brúttólestir.

Menn sjá í hendi, að þetta er aðeins lítið brot þess, sem með þarf til árlegrar endurnýjunar og aukningar skipastólsins.

Um þessar mundir munu Íslendingar eiga um 680 þilfarsskip undir 100 rúmlestum, alls 23577 rúmlestir, — enn fremur 111 fiskiskip yfir 100 rúmlestir, samtals 18257 rúmlestir, auk togaranna, sem nú eru 47 og eru alls um 32800 rúmlestir.

Þannig er fiskifloti landsmanna þá 840 skip, samtals um 74630 rúmlestir.

Óskynsamlegt er að reikna með hærri meðalaldri fiskiskipa en 20 árum. Kemur þá í ljós, að við þurfum a. m. k. 40 skip á ári aðeins til viðhalds flotanum, og þyrftum við því að byggja 45—50 skip árlega, samtals um 4000—4500 brúttólestir. Samkvæmt því, sem áður var sagt, er það því aðeins fimmti hlutinn af árlegri þörf okkar, sem nú er verið að byggja í íslenzkum skipasmíðastöðvum. Þetta getur ekki talizt glæsilegt.

En þegar miðað er við reynsluna, verður að teljast ólíklegt, að skipasmíðin færist inn í landið af sjálfu sér. Sú aðstaða, sem ætla má, að ríkið þurfi að veita, til þess að þróunin færist í rétta átt, er í fyrsta lagi útvegun lánsfjár, í annan stað að hafa hönd í bagga um tæknilegan undirbúning og skipulagningu framkvæmdanna. Hér er m. a. átt við það, að ríkið hlutist til um, að skipasmíðastöðvar rísi í öllum landshlutum, — að erlent efni í ákveðna tölu skipa sé keypt í einu lagi og þar með á hagstæðara verði en ella, t. d. af landssmiðjunni, — að hafa stjórn á því, að allar skipasmíðastöðvarnar smíði ekki sams konar skip og þannig e. t. v. fleiri en þörf væri fyrir af þeirri stærð og gerð, en önnur vantaði.

Alveg sérstaklega mundi vera þörf opinberrar fjárhagsaðstoðar við uppbyggingu stöðva til byggingar stálskipa og tæknilegrar aðstoðar og skipulags í því sambandi. Hér á landi hafa nú verið byggð þrjú stálskip. Smíði dráttarbátsins Magna (184 lestir) var lokið á árinu 1955, smíði varðskipsins Alberts á árinu 1957 (201 lest), og nú eftir áramótin var 130 lesta stálskipi rennt af stokkunum hjá Stálsmiðjunni.

Hér er fyrst tveggja ára bil milli Magna og Alberts, og síðan liðu 6 ár, þar til þriðja skipið bættist við. Hins vegar er sjálfsagt þörf fyrir ein 12—15 skip á ári frá 70—250 lesta. Á þessu sviði erum við því miklu verr á vegi staddir en með smíði tréskipanna, og er það að vonum. En samt höfum við einnig á þessu sviði stigið fyrstu og erfiðustu sporin. Reynsla er fengin fyrir því, að Íslendingar geta smíðað góð og vönduð stálskip, sem fyllilega standast samanburð við erlend skip að gæðum. Og íslenzkir iðnaðarmenn hafa þegar sýnt það og sannað, að þeir hafa næga kunnáttu til að smíða fiskiskip úr stáli.

Allt bendir til þess, að það, sem vanti, sé öðru fremur fjármagn og gott skipulag.

Með þessari þingsályktunartillögu er til þess ætlazt, að ríkisstjórnin láti þegar rannsaka, hvað því veldur, að skipasmíði innanlands tekur ekki vexti og viðgangi, og lagt er til, að þegar slíkri rannsókn er lokið, geri ríkisstjórnin hið bráðasta hvers konar ráðstafanir, sem þörf er á, bæði um útvegun nauðsynlegs lánsfjár, tæknilegs undirbúnings og stuðli á sérhvern hátt að því, að smíði fiskiskipa færist inn í landið. Áherzla er á það lögð, að allra úrræða verði leitað til eflingar innlendrar stálskipasmíði í svo stórum stíl, að fullnægi þörf þjóðarinnar að nokkrum árum liðnum.

Auðvitað verður þetta ekki gert í einu vetfangi, og gott væri að geta farið hægt og sígandi af stað. Við erum svo heppnir, að mikið hefur verið keypt af nýjum og góðum skipum inn í landið hin síðari ár. En nú hefur mjög dregið úr skipakaupum, og tvo seinustu veturna hafa stór skörð verið höggvin í fiskiskipaflotann. Lengi megum við því ekki halda að okkur höndum. Við þurfum að nota tímann vel, því að verkefnið er stórt og aðkallandi, ekki aðeins sem gjaldeyrismál, heldur einnig sem metnaðarmál og sjálfstæðismál.

Íslendingar eiga að smíða fiskiskip sín sjálfir. Á þessu sérstaka sviði verða þeir a. m. k. að vera orðnir sjálfum sér nógir, áður en mörg ár eru liðin.

Sþ. 234. Tillaga til þingsályktunar [129. mál]

um lagningu Vesturlandsvegar.

Flm.: Jón Skaftason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta nú þegar ákveða vegarstæði Vesturlandsvegar frá Elliðaám og inn fyrir Kollafjörð og vinna þau undirbúningsstörf önnur, sem nauðsynleg eru, til þess að endurbygging vegarins geti hafizt á næsta sumri.

Greinargerð.

Vegurinn frá Reykjavík og inn fyrir Kollafjörð er annar af tveimur fjölförnustu þjóðvegum landsins. Öll umferð frá höfuðborginni til Vestur-, Norður- og Austurlands, svo og til Þingvalla, er um þennan veg. En auk þess er nærri því allt það byggingarefni, möl og sandur, sem Reykjavík og nálæg sveitarfélög þarfnast, flutt um þennan vegarspotta. Þeir flutningar fara fram á stórum og þungum bifreiðum, svo að vegurinn þolir ekki þetta mikla álag. Þetta er viðurkennt af öllum, er til þekkja, enda er akfæri þessa vegarkafla oftast þannig, að illt er að komast leiðar sinnar eftir honum með skaplegum hætti.

Auk framanritaðs kemur fleira til, er gerir bráðnauðsynlegt, að ákvörðuninni um sjálft vegarstæðið sé ekki lengur slegið á frest.

Í Mosfellshreppi fer byggð ört vaxandi, og ef svo heldur áfram sem horfir, munu rísa þar upp allstór íbúðahverfi og iðnaðarhverfi, áður en langt um líður. En slíkt krefst skipulags í hreppnum, sem ómögulegt er að láta gera, fyrr en vitað er, hvar aðalumferðaræðin á að liggja.

Þessi vöntun á skipulagi háir nú allri uppbyggingu í Mosfellssveit til stórtjóns fyrir hreppsbúa.

Hvort sem nýr vegur verður lagður á þessari leið eða gamli vegurinn endurbyggður, með óhjákvæmilegum breytingum á nokkrum köflum, er það aðkallandi, að annaðhvort verði gert strax og vegarstæðið sjálft ákveðið, svo að uppbyggingin í Mosfellssveit þurfi ekki frekar að tefjast af þeirri ástæðu.

Nd. 235. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 30 17. maí 1957, um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962.)

1. gr.

Í stað orðanna „Til ársloka 1962“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1957 komi: Til ársloka 1967.

2. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1957 orðist þannig: Námskeiðin utan Reykjavíkur skulu að jafnaði haldin til skiptis á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Ráðherra er heimilt að ákveða, að námskeið skuli haldið á öðrum stað, ef sérstaklega stendur á og næg þátttaka fæst eða ef námskeið, sem halda átti annars staðar, fellur niður vegna ónógrar þátttöku. Þó skulu ekki haldin fleiri en tvö námskeið utan Reykjavíkur árlega.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 30 17. maí 1957 var ákveðið, að kennsla fyrir hið minna fiskimannapróf skyldi upp tekin á ný, í svipuðu formi og áður, en prófin veita skipstjórnarréttindi á stærri skipum en áður, eða allt að 120 brúttó rúmlestir, í innanlandssiglingum.

Námskeið fyrir hið minna fiskimannapróf var fellt niður við breytingu þá, sem gerð var á lögum nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum, með lögum nr. 56 3. marz 1945.

Allt tímabilið 1945—1957 var ekki um nema tvennt að ræða fyrir þá, sem vildu verða skipstjórnarmenn, að öðlast réttindi á 30 rúmlesta bátum, sem flestum reyndist auðvelt, eða setjast í fiskimannadeild Stýrimannaskólans og ljúka þar hinu meira fiskimannaprófi. Mun mörgum miðaldra formönnum með skipstjórnarréttindi á 30 rúmlesta bátum hafa vaxið mjög í augum að setjast á skólabekk í tvo vetur til að öðlast nauðsynlega hækkun á réttindum sínum, þótt sú nauðsyn yrði brýnni með hverju ári, þar sem flestallir nýir bátar, sem við flotann bættust, voru stærri en 30 rúmlestir og margir yfir 100 rúmlestir. Er frá leið, reyndist ókleift að manna bátaflotann með réttindamönnum og fór því sífjölgandi tímabundnum undanþágum, sem ráðuneytið gaf út, til réttindastarfa, til að firra vandræðum.

Síðan hið minna fiskimannapróf var tekið upp að nýju, hefur orðið mikil breyting til hins betra, og undanþágum fyrir skipstjóra og stýrimenn fækkað verulega.

Á þeim fimm árum, sem námskeiðin hafa verið haldin, hafa samtals 362 menn sótt þau, þar af 156 í Reykjavík, 74 í Vestmannaeyjum, 65 á Ísafirði, 50 á Akureyri og 17 í Neskaupstað, en alls hafa 339 menn staðizt prófið.

Nú á þessu hausti eru haldin síðustu námskeiðin samkvæmt heimild laga nr. 30/1957.

Samkvæmt lögunum bar nú að halda námskeiðin utan Reykjavíkur á Ísafirði og í Neskaupstað. Er ljóst var, að námskeiðið, sem auglýst var í Neskaupstað nú í haust, mundi falla niður sakir ónógrar þátttöku, var horfið að því að halda í þess stað námskeið á Siglufirði, vegna eindreginna tilmæla.

Þar sem námskeið fyrir hið minna fiskimannapróf er talið hafa gefizt vel og bætt úr brýnni þörf á skipstjórnarmönnum á fiskibátaflotanum, er hér lagt til, að

námskeið fyrir hið minna fiskimannapróf verði haldið næstu fimm ár með líku sniði og undanfarin ár.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir, að ráðherra sé heimilt að láta halda námskeiðin utan Reykjavíkur á fleiri stöðum en áður, enda hefur reynslan sýnt að slíkt er heppilegt.

Nd. 236. Frumvarp til laga [131. mál]

um sérstakan stuðning við þau togaraútgerðarfyrirtæki, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva sinna vegna aflabrests togaranna og siglinga á erlenda markaði.

Flm.: Geir Gunnarsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, að upphæð allt að 35 millj. kr., og endurlána til kaupa á nýjum fiskibátum þeim togaraútgerðarfyrirtækjum, sem skortir hráefni til fiskvinnslustöðva sinna vegna aflaleysis togaranna og siglinga þeirra á erlendan markað, allt með þeim kjörum, er ríkisstjórnin ákveður, og gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn tryggingum, sem hún metur gildar, að ábyrgjast lán, samtals að upphæð allt að 20 millj. kr., sem ofangreindir aðilar taka til kaupa á nýjum fiskibátum.

3. gr.

Samanlögð lán úr Fiskveiðasjóði Íslands og lán veitt samkvæmt lögum þessum mega nema allt að 90% af kaupverði hvers fiskibáts, og ríkisábyrgð má veita fyrir eftirstöðvunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í greinargerð með frumvarpi ríkisstjórnarinnar til laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, sem samþykkt var á s. l. ári, segir m. a., að athugun, sem fram hafi farið á hag togaraútgerðarinnar, hafi leitt í ljós, að afkoma hennar sé „svo bágborin, að þess er ekki að vænta, að hún komist af hjálparlaust“. Munu flestir sammála um þá skoðun. Í fyrrgreindum lögum er gert ráð fyrir nokkurri aðstoð við togaraútgerðina vegna aflabrests árin 1960 og 1961, en ekki eru líkur á, að sú aðstoð sé togaraútgerðinni fullnægjandi og sumum fyrirtækjum a. m. k. alls ekki. Samkvæmt skoðun fulltrúa Félags ísl. botnvörpuskipaeigenda, sem komu á fund sjávarútvegsnefndar Nd. Alþingis vegna frumvarps til laga um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins, mundi sú aðstoð, sem þau lög gera ráð fyrir með beinum fjárgreiðslum, þurfa að vera tvöfalt hærri, til þess að hún dygði. Hvað sem hæft er í þeirri skoðun, má fullvíst telja, að gagnvart þeim togaraútgerðarfyrirtækjum, sem verst eru stödd, þarf meira að koma til en gert er ráð fyrir í ofangreindum lögum. Þau skakkaföll, sem togaraútgerðin hefur orðið fyrir á síðustu árum, lýsa sér ekki einungis í stórfelldu fjárhagslegu tapi af rekstri togaranna og fjárþrotum af þeim sökum, heldur einnig í hinu, að vegna þess að fyrirtækin hafa neyðzt til þess að láta togarana sigla með afla sinn óunninn á erlendan markað, hafa vinnslustöðvar sömu fyrirtækja, þar á meðal nýleg og fullkomin frystihús, verið hráefnisvana á vissum árstímum og þá starfslaus að miklu leyti. Þannig hefur ofan á rekstrartap togaranna bætzt rekstrartap á fiskiðjuverum, sem ættu að geta gefið góðan arð, ef þau fengju hráefni í stað þess, sem togararnir sigla með, og fyrirtækin því að geta betur borið

fjárhagslegt tap af rekstri togaranna, en þörfin á beinum fjárstyrk að minnka að sama skapi.

Vegna gífurlegs taprekstrar undanfarin ár, bæði af rekstri togaranna og vegna vannýtingar á fiskvinnslustöðvunum, er þessum togarafyrirtækjum um megn að ráðast í bátakaup til þess að tryggja fiskvinnslustöðvunum hráefni í stað þess, sem áður kom frá togurunum. Svo hart leikin eru sum togarafyrirtækjanna a. m. k., að þau hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að gera þær ráðstafanir til úrbóta, sem líklegast er, að væru hagkvæmastar og skynsamlegastar, og bankarnir eru þeim lokaðir til þessara framkvæmda, þar sem fyrirtækin standa nú þegar svo illa gagnvart þeim. Hér horfa málin því vægast sagt óglæsilega, og lítil von er til þess, að aðstoð samkvæmt lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins og fjárlögum þessa árs bæti úr í þessu efni, þar sem það fjármagn, sem togarafyrirtækin hafa fengið, mun naumast á lausu til bátakaupa, sem þó væri mörgum fyrirtækjunum ein hin hagkvæmasta og jákvæðasta úrbót, sem um er að ræða. Fengju þessi fyrirtæki umráð yfir nokkrum góðum vélbátum, eru líkur á, að komið yrði í veg fyrir, að ofan á taprekstur togaranna bættist taprekstur á fiskiðjuverum, sem sum hver eru hin fullkomnustu í landinu. Miklar líkur eru á, að hinar fullkomnu fiskvinnslustöðvar yrðu reknar á arðbæran hátt, er þær gætu bætt sér upp hráefnistapið af völdum siglinga togaranna með bátafiski, og þannig yrði dregið úr þeim skakkaföllum, sem af rekstri togaranna kann að leiða enn um sinn.

Togaraútgerðarfyrirtækjum er mörgum hverjum um megn að eignast þá vélbáta, er hér þyrfti til, en vegna þess, hversu mikið er hér í húfi fyrir það verkafólk, sem við fiskiðjuverin hefur unnið, fyrir fyrirtækin sjálf og þjóðina alla, að nýtt sé til fulls það fjármagn, sem þegar hefur verið lagt í hinar dýru og fullkomnu fiskvinnslustöðvar, tel ég, að það eigi fullan rétt á sér, að ríkisvaldið komi hér til aðstoðar, þar sem hér er um þjóðfélagslegt vandamál að ræða.

Er því lagt til í frumvarpi þessu, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka lán að upphæð allt að 35 millj. kr., sem varið yrði til þess að gera togaraútgerðarfyrirtækjum, sem eiga fiskvinnslustöðvar, sem eru hráefnislausar vegna vandræða togaraútgerðarinnar, kleift að eignast báta af heppilegri stærð. Fyrirgreiðsla ríkissjóðs í þessu efni yrði á þann veg, að til viðbótar við lán úr Fiskveiðasjóði Íslands kæmu til lán framlánuð frá ríkissjóði, þannig að samanlögð lánsupphæð nemi allt að 90% af kaupverði hvers báts, og auk þess veiti ríkissjóður ábyrgð á láni fyrir eftirstöðvunum. Hér væri um að ræða jákvæða aðstoð, sem gæti bætt úr þeim atvinnumissi, sem af siglingum togaranna hefur leitt, og stórbætt aðstöðu ýmissa þeirra togarafyrirtækja, sem verst eru stödd, auk þess sem ráðstafanir þessar eru þjóðhagslega hagkvæmar, þar sem með þeim yrði stuðlað að því að nýta fiskvinnslustöðvar, sem þegar hefur verið varið tugum milljóna króna til að reisa og búa hinum fullkomnustu tækjum, án þess að þær hafi um skeið verið nýttar nema að litlu leyti, en hins vegar hlaðið á sig vöxtum og öðrum föstum kostnaði.

Ed. 237. Frumvarp til laga [132. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Flm.: Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Karl Kristjánsson, Hermann Jónasson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Tekjur deildarinnar eru:

1. Árlegt framlag ríkissjóðs, 30 millj. kr.
2. Vaxtatekjur.

2. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkissjóður eða Ríkisábyrgðasjóður skal greiða hækkun þá, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. janúar 1960 á þeim erlendu lánum, sem hvíla á Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Greiðsluskylda ríkissjóðs nái til afborgana og vaxta Stofnlánadeildar af lánunum og gildi þar til lánunum er lokið.

3. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Vextir af lánum til íbúðarhúsa í sveitum skulu vera 3½% og af öðrum lánum Stofnlánadeildar 4%.

4. gr.

a. 2. málsgr. 12. gr. laganna falli burt.
b. Orðin „ákvæði 2. málsgr. og“ í 3. málsgr. 12. gr. laganna falli burt.

5. gr.

Á eftir 13. gr. laganna komi 3 nýjar greinar, svo hljóðandi:

a. (14. gr.) Seðlabanka Íslands er skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Veðdeild Búnaðarbankans nauðsynlega fjárupphæð vegna starfsemi hennar, þó eigi yfir 50 millj. kr., gegn 5% vöxtum. Veðdeildin skal endurgreiða Seðlabankanum lán þetta með jöfnum afborgunum á 20 árum. Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Veðdeildarinnar gagnvart Seðlabankanum.
b. (15. gr.) Veðdeild Búnaðarbankans er heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa.

   Vextir af bankavaxtabréfum þessum skulu vera jafnháir vöxtum af lánum, sem Veðdeild Búnaðarbankans veitir.

   Bankavaxtabréf þessi skulu eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa.

   Ákvæði 16. gr. 3. málsgr. laga nr. 115 7. nóvember 1941 tekur ekki til þessa flokks bankavaxtabréfa.
c. (16. gr.) Heimilt er Veðdeild að gera það að skilyrði fyrir lánveitingu vegna jarðakaupa, að allt að 40% lánsfjárhæðarinnar sé greidd í bankavaxtabréfum, sem út eru gefin samkvæmt 15. gr.

   Afborgunum og endurgreiðslum lána, sem greidd eru í bankavaxtabréfum, skal varið til innlausnar bankavaxtabréfanna.

6. gr.

Í stað orðanna „eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum“ í 2. málsgr. 71. gr. laganna komi: minnst 350 þúsund krónur á ári.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Byggingarsjóður sveitabæja og Ræktunarsjóður Íslands gegndu mikilvægu hlutverki, allt frá því að Framsóknarflokkurinn kom því til leiðar, að þeir voru stofnaðir.

Sjóðir þessir hafa um rúmlega þrjátíu ára skeið veitt lán með hagkvæmum kjörum til bygginga og ræktunar í sveitum.

Starfsemi þessara sjóða fór vaxandi samhliða því, að framkvæmdir jukust í sveitum.

Á árunum 1950—1958 var sjóðum þeim, sem hér um ræðir, aflað fjár til lánveitinga — til viðbótar eigin fé þeirra — eftir ýmsum leiðum. Á þessu tímabili varð oft verulegur greiðsluafgangur hjá ríkissjóði, og ráðstafaði Alþingi honum með

sérstökum lögum. Af því fé fengu þessir sjóðir 52 millj. kr. Ræktunarsjóði var tryggt allmikið fjármagn árlega af fé mótvirðissjóðs. Enn fremur voru af hálfu ríkisins tekin erlend lán til að endurlána þessum sjóðum Búnaðarbankans.

Til þess að efla þessa sjóði var sumum þeirra lána, sem sjóðirnir höfðu fengið af ríkisfé, breytt í óafturkræf framlög, enda var hrein eign þessara lánasjóða í árslok 1958 samtals 105 millj. kr. Við gengisbreytingar þær, sem gerðar hafa verið að undanförnu, hækkuðu svo stórkostlega í íslenzkum krónum hin erlendu lán, er tekin höfðu verið vegna Byggingarsjóðs og Ræktunarsjóðs og árlegar greiðslur af þeim, að fjárhagsgrundvöllur sjóðanna raskaðist.

Það var talinn tilgangurinn með lögum nr. 75/1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, að vinna það upp aftur, sem tapazt hafði við gengisfellingarnar, og efla sjóðina að nýju. Var sú leið farin að afla Stofnlánadeild landbúnaðarins fjár með sérstökum skatti á bændastétt landsins gegn jafnháu framlagi ríkissjóðs og með sérstöku álagi á útsöluverð landbúnaðarafurða. Skatturinn, sem lagður er á bændur í þessu skyni, nemur 1% af verði landbúnaðarafurða og samsvarar 2% kauplækkun hjá bónda á meðalbúi.

Ríkisvaldið ákvað hinar miklu gengisfellingar, sem röskuðu fjárhagsgrundvelli stofnlánasjóða landbúnaðarins. En samkvæmt lagaákvæðum þeim, sem hér um ræðir, eru bændur nú skattlagðir m. a. til að standa straum af tapi, sem gengisfellingarnar ollu, hjá Byggingarsjóði og Ræktunarsjóði.

Með frv. þessu er stefnt að því, að á þessu verði gerð breyting, þannig að Stofnlánadeild landbúnaðarins fái árlega til starfsemi sinnar hluta af því fjármagni, sem til útlána er í þjóðfélaginu á hverjum tíma, og með þeim kjörum, að ríkissjóður leggi fram nægilega háa fjárhæð árlega til að greiða vaxtamun af því fé, sem þannig er fengið til stofnlána í landbúnaði. Hér er lagt til, að árlegt framlag ríkissjóðs til Stofnlánadeildar landbúnaðarins nemi 30 millj. kr.

Mikið er af því látið um þessar mundir, hve sparifjáraukning hafi orðið mikil að undanförnu. Umráðafé bankanna vex að sama skapi. Landbúnaðurinn er einn af aðalatvinnuvegum þjóðarinnar. Réttmætt er, að hann njóti góðs af því veltufé, sem til umráða er, og fái þannig fjármagn til stofnlána.

Í 2. gr. frv. er kveðið svo á, að ríkissjóður eða Ríkisábyrgðasjóður skuli greiða hækkun þá, sem orðið hefur vegna breyttrar skráningar íslenzkrar krónu eftir 1. janúar 1960 á þeim erlendu lánum, sem hvíla á Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Hinir háu vextir, sem nú eru í gildi, eru þung byrði á atvinnuvegunum. Landbúnaðurinn getur, þegar sómasamlega er að honum búið, veitt þeim, er við hann starfa, sæmilega trygga afkomu, en ekki skjótfenginn gróða. Með ræktun og byggingum í sveitum er verið að bæta landið og búa í haginn fyrir þá, sem það erfa, jafnframt því að þeir, er framkvæmdirnar gera, bæta aðstöðu sína. Það er því hvorki réttmætt né fært að láta landbúnaðinn bera þunga vaxtabyrði af stofnlánum. Þjóðfélagið erfir að allmiklu leyti, handa seinni kynslóðum, framkvæmdir, sem bændastéttin gerir til umbóta og uppbyggingar í landinu, og er þess vegna skylt að taka þátt í þeim á hverri líðandi stund m. a. með því að sjá bændum fyrir vaxtalágum og löngum stofnlánum. Í frv. þessu segir, að vextir af lánum úr Stofnlánadeild skuli vera 3½—4%, en það er eins og vextir stofnlánasjóðanna voru, áður en lög nr. 4/1960, um efnahagsmál, tóku gildi.

Þá er og lagt til, að niður falli það lagaákvæði, að erlent lánsfé Stofnlánadeildar megi ekki endurlána til vinnslustöðva og vélakaupa, nema með gengisákvæði.

Því meiri framkvæmdir sem gerðar eru í sveitum, þeim mun meira fjármagn er bundið í fasteignum og búi hvers bónda. Þróun atvinnuvegarins að þessu leyti er óhjákvæmileg og má ekki stöðvast, en hún torveldar eðlileg eigendaskipti á jörðum, nema tryggt sé, að lánsstofnun hlaupi undir bagga, þannig að unga kynslóðin geti án þess að reisa sér hurðarás um öxl eignazt jarðir og hafið atvinnurekstur, þegar hinir eldri verða að hætta búskap fyrir aldurs sakir, eða af öðrum ástæðum og vilja selja fasteignir.

Veðdeild Búnaðarbankans á að gegna því hlutverki að veita lán vegna jarðakaupa og greiða þannig fyrir slíkum viðskiptum. En um langt skeið hefur Veðdeildina skort mjög tilfinnanlega fjármagn til þessarar starfsemi.

Í frv. þessu er kveðið á um að auka fjármagn Veðdeildarinnar verulega frá því, sem nú er. Gera á Seðlabanka Íslands skylt, ef ríkisstjórn óskar þess, að lána Veðdeild Búnaðarbankans allt að 50 millj. kr. Samkvæmt frv. skal Vedeildinni enn fremur heimilt að gefa út nýjan flokk bankavaxtabréfa og séu bréfin eingöngu notuð til lánveitinga vegna jarðakaupa, þannig að nokkur hluti lánsfjárhæðarinnar sé greiddur í bankavaxtabréfunum.

Samkvæmt lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum ber að skipa fimm manna nefnd, er hafi það verkefni í samvinnu við Teiknistofu landbúnaðarins að gefa sem ákveðnastar leiðbeiningar um hagkvæmustu gerð bygginga á sveitabýlum, sérstaklega peningshúsa. Til þessarar starfsemi hefur ekki verið veitt fé í fjárlögum, svo sem þörf krefur. Hér er lagt til, að lögfest verði fast framlag í þessu skyni, eigi minna en 350 þús. kr. á ári.

Nd. 238. Frumvarp til laga [133. mál]

um breyting á lögum nr. 40 23. maí 1949, um áburðarverksmiðju.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

Í stað orðsins „þremur“ í 4. gr. laganna komi: fimm.

2. gr.

13. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Hlutabréf annarra hluthafa, er hlutabréf hafa keypt í rekstrarfélaginu Áburðarverksmiðjan h/f, er ríkissjóði skylt að innleysa á nafnverði að viðbættum 6% ársvöxtum af upphæðinni, frá því að þau voru keypt. Þó skal ríkisstjórninni heimilt að greiða hærra verð, ef hluthafar krefjast þess, enda hafi þá sérstök þingnefnd, er þingflokkarnir tilnefni hver einn mann í, samþykkt það mótatkvæðalaust.

Umboð núverandi stjórnar áburðarverksmiðjunnar fellur niður, enda sé kosin ný verksmiðjustjórn samkvæmt ákvæðum 4. gr. laganna á yfirstandandi þingi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Umræður um áburðarvinnslu á Íslandi hófust fyrir alvöru árin 1934—1937, þegar skipulagsnefnd atvinnumála var að störfum. Lét hún gera allmiklar rannsóknir á möguleikum til framleiðslu tilbúins áburðar hér á landi.

Stjórnarfrumvarp um byggingu lítillar verksmiðju til framleiðslu köfnunarefnis var flutt á Alþingi 1944. Var frumvarpinu vísað til nýbyggingarráðs og því falið málið til frekari rannsókna. Á grundvelli rannsókna þeirra, er það lét gera, var aftur flutt stjórnarfrumvarp um byggingu áburðarverksmiðju á þinginu 1947, sem ekki náði þó afgreiðslu. Haustið 1948 var þetta frumvarp aftur flutt á Alþingi nokkuð breytt og verður að lögum vorið 1949.

Í öllum þeim miklu umræðum og athugunum, sem fram höfðu farið í sambandi við alla meðferð málsins í hálfan annan áratug, hafði enginn maður svo mikið sem imprað á því, að nokkur annar en ríkið ætti að eiga þetta fyrirtæki, enda lá það ljóst fyrir öllum, að fjármagn til byggingar þess yrði ríkið að útvega annaðhvort með framlögum eða lánum. Það var fyrst á síðustu stigum málsins í önnum síðustu þingdaga vorið 1949, að flutt var í efri deild breytingartillaga þess efnis, að verksmiðjan skyldi vera rekin sem hlutafélag. Höfðu þó nefndir þær, sem um málið fjölluðu í báðum deildum, lagt til, að frv. yrði samþykkt óbreytt, verksmiðjan ótvíræð ríkiseign og ríkisrekin. Var breytingartillaga þessi samþykkt sem 13. gr. frumvarpsins.

Eins og lögin líta út núna, er svo ákveðið í 3. gr., að verksmiðjan skuli vera sjálfseignarstofnun, er lýtur sérstakri stjórn. En í 13. gr. er ákveðið, að ríkisstjórninni sé heimilt að leita eftir þátttöku félaga eða einstaklinga um hlutafjárframlög og ef slík framlög nema minnst 4 millj. kr., skuli ríkissjóður leggja fram það, sem á vantar, til þess að hlutafé nemi 10 millj., og skuli þá verksmiðjan rekin sem hlutafélag.

Þannig standa ákvæði laganna, þar sem þessu síðara ákvæði hefur verið fylgt. Verksmiðjan er sjálfseignarstofnun, en rekin sem hlutafélag.

Á síðustu árum hafa hins vegar verið gerðar tilraunir til þess að túlka lögin þannig, að hlutafélagið ætti verksmiðjuna. Slíkar tilraunir stangast við lög og eru stórskaðlegar almenningshag.

Áburðarverksmiðja ríkisins er orðin gott fyrirtæki hvað afkomu snertir. Niðurstöðutölur rekstrarreiknings voru 1961 yfir 59 millj. kr. Þar af eru vinnulaun aðeins 5½ millj. kr. En vextirnir, sem verksmiðjan verður að greiða, nema næstum sömu upphæð. Hreinar tekjur verksmiðjunnar það ár eru, ef farið er að lagafyrirmælum um framlag til fastra sjóða, um 12 millj. kr.

Er því greinilegt, að hvort tveggja væri hægt, að hækka stórum laun verkamanna og lækka verð áburðar til bænda að miklum mun og hafa samt ríflegan rekstrarafgang. En sérstaklega sýnir þó þessi afkoma, að algerlega ófært er að láta það lengur viðgangast, að einhver vafi leiki á því, hvort slíkt fyrirtæki sem áburðarverksmiðjan sé einkaeign eða alþjóðareign, eins og lög mæla fyrir um.

Nú mun óhætt að fullyrða, að áburðarverksmiðjan sé um 350 millj. kr. virði. Þeir menn, sem halda því fram, að verksmiðjan sé eign hlutafélagsins, eru í huga sínum að gefa einkahluthöfum, sem á sínum tíma lögðu fram 4 millj. kr. í hlutafé, 140 millj. kr. eign, þegar afskriftum væri lokið.

Þetta frv. er flutt til þess að taka af öll tvímæli um það, að þetta stærsta fyrirtæki Íslands er ríkiseign. Tilgangur þessa frv. er að vernda almenningseign gegn ásókn einstakra aðila, er sölsa vilja eign þessa undir sig.

Ég hef áður flutt þetta frv. í svipuðu formi og mun skýra allar aðstæður nánar í framsögu.

Sþ. 239. Tillaga til þingsályktunar [134. mál]

um endurskoðun laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Flm.: Hermann Jónasson, Ólafur Jóhannesson, Karl Kristjánsson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að endurskoða lög nr. 63 28. nóv. 1919, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, svo og lagaákvæði um atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér á landi. Störfum nefndarinnar skal hraðað svo, að tillögur hennar geti legið fyrir næsta reglulegu Alþingi.

Greinargerð.

Lög nr. 63 frá 28. nóv. 1919 eru byggð á þeirri grundvallarreglu, að einungis hér heimilisfastir aðilar geti án sérstaks leyfis öðlazt eignarrétt og afnotarétt fasteigna hér á landi. Hins vegar eru hvorki gerðar kröfur um þegnrétt né búsetu um tiltekið tímabil. Ef einstakur maður er, þá er nægilegt, að hann sé heimilisfastur hér, og virðist hann því geta öðlazt eignarrétt og afnotarétt að fasteign hér á landi, þegar eftir að hann hefur setzt hér að, hvort sem hann er íslenzkur eða útlendur. Ef um félag er að ræða, þar sem sumir félagsmanna bera fulla, en aðrir takmarkaða ábyrgð á skuldum félagsins, þá skulu þeir, er fulla ábyrgð bera, allir vera hér heimilisfastir, enda skal félagið hafa hér heimili og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir. Ef um er að tefla hlutafélög eða stofnanir, þá skal félagið eða stofnunin eiga hér heimilisfang og varnarþing og stjórnendur allir vera hér heimilisfastir. Önnur skilyrði eru eigi sett fyrir því, að hlutafélög og stofnanir geti eignazt hér fasteignir eða öðlazt afnot þeirra. Eru því engar sérstakar kröfur gerðar til hlutafjáreignar íslenzkra ríkisborgara eða hér búsettra manna. Hlutafélög, þar sem mikill meiri hluti hlutafjár er í höndum útlendinga, virðast því samkvæmt lögunum frá 1919 geta eignazt hér fasteignir og fengið afnot þeirra án nokkurs leyfis af hálfu íslenzkra stjórnarvalda. Nú fullnægir aðili ekki skilyrðum laganna frá 1919 til þess að öðlast hér eignarrétt og afnotarétt að fasteignum, og getur þá ráðuneytið samt veitt honum leyfi til þess, ef ástæða þykir til. Samkvæmt því virðast ráðuneytinu í rauninni engin takmörk sett um leyfisveitingar. Lögin benda ekki á neinar tilteknar ástæður, er réttlæti veitingu leyfis. Ráðherra eru þær raunverulega í sjálfsvald settar. Sérstaks leyfis ráðherra þarf meira að segja ekki til leigu á fasteign eða réttinda yfir henni um 3 ára tímabil, eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en árs fyrirvara. Enn fremur segir, að ráðherra geti undanþegið námuréttindi ákvæðum laganna.

Ljóst er af því, sem hér hefur verið stuttlega rakið, að langt er frá því, að ákvæði laganna frá 1919 veiti nægilega vörn gegn því, að eignarréttur eða afnotaréttur fasteigna hér á landi færist raunverulega yfir á hendur útlendra ríkisborgara. Það er því full ástæða til að taka löggjöfina um það efni til rækilegrar endurskoðunar. Það þarf að semja ný lög, er setja traustari skorður við hugsanlegri ásælni útlendinga til fasteignaréttinda hér á landi. En þau lög má sjálfsagt byggja á grundvelli laga nr. 63/1919, og þess vegna er þessi þingsályktunartillaga um endurskoðun þeirra laga. Sérstök þörf er á að setja í þessu sambandi skýrari ákvæði um hlutafélög, áskilja t. d. að þau hlutafélög ein, sem íslenzkir ríkisborgarar ættu tiltekinn aukinn meiri hluta hlutafjár í, gætu öðlazt hér fasteignaréttindi án sérstaks leyfis. Er enn ríkari ástæða til þess af þeirri sök, að íslenzk hlutafélagalög eru að ýmsu leyti úrelt og ófullkomin, m. a. að því er varðar skilgreiningu á innlendum og útlendum hlutafélögum. Það sýnist og eðlilegt, að heimild ráðherra til leyfisveitinga sé bundin tilteknum skilyrðum í lögum.

Í löggjöf nágrannaþjóðanna munu yfirleitt sett strangari skilyrði en hér fyrir því, að útlendingar geti öðlazt eignarrétt eða afnotarétt af fasteignum. Er vafalaust rétt fyrir okkur að fylgja fordæmi þeirra í því efni og ganga a. m. k. ekki skemmra.

Um leið og endurskoðuð eru lagafyrirmæli um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er rétt að tekin séu einnig til athugunar ákvæði löggjafarinnar um atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér á landi, einkanlega hlutafélaga og annarra félaga með takmarkaðri ábyrgð. Þó að lög bindi nú atvinnurekstrarréttindi útlendinga tilteknum skilyrðum, er vafasamt, að þar sé nógu tryggilega um búið, a. m. k. að því er varðar hlutafélög, sem útlendingar kunna að eiga mikið í og raunverulega eru starfrækt af þeim. Þarf að rannsaka ákvæði laganna um þessi efni og gera þau skýrari og fyllri, þar sem þörf krefur. Er nauðsynlegt, að mjög ströng skilyrði séu sett fyrir atvinnurekstrarréttindum útlendra aðila.

Það má e. t. v. segja, að þess hafi ekki gætt sérlega mikið á undanförnum árum,

að útlendingar sæktust eftir að eiga fasteignir eða stofnsetja atvinnufyrirtæki hér á landi. En ýmsar breyttar ytri aðstæður hafa í för með sér aukna hættu í þessum efnum. Land okkar er ekki svo einangrað sem áður var. Það er óneitanlega lítt numið enn að vissu leyti. Það er því ekki óeðlilegt, að það kunni að freista þeirra útlendinga, og þá einkum útlendra auðfélaga, sem eru hvarvetna í leit að landsgæðum og aðstöðu. Samkvæmt núgildandi löggjöf gætu slík félög sennilega stofnað eins konar dótturfélög hér á landi, er gætu keypt eða leigt hér fasteignir og átt atvinnufyrirtæki. En ef útlendingar eignuðust hér fasteignaréttindi í stórum stíl, hefðu Íslendingar blátt áfram glatað frumburðarrétti sínum. Okkur ber því að vera hér vel á verði. Það er of seint að byrgja brunninn, er barnið er dottið ofan í hann. Endurskoðun þessari þarf því að hraða.

Þessi mál öll, um fasteignaréttindi útlendra aðila, um atvinnurekstrarréttindi þeirra og réttarstöðu þeirra í því sambandi, þarf að taka til skilmerkilegrar skoðunar við þessa lagaendurskoðun. Það er því eðlilegt, að sú endurskoðun sé í höndum þingkjörinnar nefndar.

Sþ. 240. Tillaga til þingsályktunar [135. mál]

um námskeið í vinnuhagræðingu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga.

Flm.: Sigurður Ingimundarson, Benedikt Gröndal, Jón Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands að halda kynningarnámskeið í vinnuhagræðingu og grundvallarreglum ákvæðisvinnu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga. Ber að halda slík námskeið í samráði við samtök launþega, eftir því sem nauðsynlegt reynist.

Greinargerð.

Það er staðreynd, sem ekki verður umflúin, að þjóðin getur ekki, þegar til lengdar lætur, aukið lífskjör sín örar en framleiðsluaukningin leyfir. Almennar kauphækkanir umfram það, sem hægt er að byggja á aukinni framleiðni, leiða til verðbólgu, en ekki kjarabóta, og er af því fengin ærin reynsla hér á landi.

Því er að vísu haldið fram, að lífskjör almennings hér á landi séu betri en víðast hvar annars staðar. Þessi góðu lífskjör byggjast þó fyrst og fremst á mikilli atvinnu og óhóflega löngum vinnutíma, sem varla verður unað við til lengdar.

Vafasamt má telja, að unnt reynist að ráða bót á þessu á skömmum tíma, nema launþegasamtökin taki upp nýja þætti í kjarabaráttu sinni, er miði að aukinni framleiðni og tryggi raunhæfar kjarabætur og styttan vinnutíma.

Varla er að efa það, að launþegasamtökum frændþjóða vorra á Norðurlöndum hefur orðið meira ágengt í kjarabaráttunni en íslenzkum launþegasamtökum, a. m. k. undanfarin 15 ár, enda þótt kauphækkanir hafi orðið hér margfalt meiri. Launþegasamtök þessara landa hafa á ýmsan hátt lagt inn á nýjar leiðir. Má þar t. d. nefna hagstofnanir launþegasamtakanna, sem hafa sérfræðinga í þjónustu sinni, er fylgjast með þróun efnahagsmála og halda uppi víðtækri fræðslustarfsemi fyrir meðlimi samtakanna og gæta hagsmuna þeirra. Þá eru ekki síður athyglisverðar tæknistofnanir samtakanna, sem hafa á að skipa sérfræðingum í hagræðingartækni, er aðstoða samtökin og gæta hagsmuna þeirra í samningum við atvinnurekendur um það, hvernig vinnuhagræðing, vinnurannsóknir og ákvæðisvinna verði bezt nýtt til aukinnar framleiðni og bættra lífskjara. Auk þess eru hundruð trúnaðarmanna verkafólks á vinnustað þjálfaðir á sérstökum námskeiðum til þess að gæta hagsmuna þess í sambandi við framkvæmd vinnuhagræðingar og útreikning tímamældrar ákvæðisvinnu. Í Noregi eru þessir trúnaðarmenn aðallega þjálfaðir í sérstakri ríkisstofnun, Statens teknologiske Institutt.

Norsku verkalýðssamtökin gerðu árið 1945 samning við atvinnurekendur um samstarfsnefndir eða framleiðslunefndir við stærri fyrirtæki, er ætlað er það hlutverk að gera tillögur um aðgerðir, er miða að aukinni framleiðni til hagsbóta fyrir atvinnureksturinn og þá, sem við hann starfa.

Á árinu 1947 gerðu þessir aðilar með sér samning um það, hvernig hagnýta bæri hagræðingartækni til aukinnar framleiðni, og er ýtarlega gengið frá réttindum og skyldum beggja aðila í sambandi við framkvæmd vinnurannsókna og fyrirkomulag ákvæðisvinnu.

Má telja báða þessa samninga merk spor í átt til atvinnulýðræðis, og telja norsk verkalýðssamtök, að þessir samningar hafi átt mikinn þátt í aukinni framleiðni og bættum lífskjörum norsku þjóðarinnar undanfarin ár.

Enn má nefna, að þessir sömu aðilar gerðu samning um það á árinu 1958 að stytta vinnutímann í norska iðnaðinum úr 48 í 45 klst., en standa jafnframt að sameiginlegu átaki til aukinnar framleiðni, svo að unnt yrði að gera þetta án lækkunar á dagkaupi, og reyndar hækkaði það nokkuð á árinu. Eftir á lýstu báðir aðilar, verkalýðssamtökin og atvinnurekendur, því yfir, að þessi ráðagerð hefði tekizt.

Þess skal að lokum getið, að sérfræðingar telja, að með kerfisbundnum vinnurannsóknum megi með fullri vissu gera ráð fyrir 20—30% framleiðsluaukningu og meira, ef framleiðsluskipulagi er mjög ábótavant.

Nauðsynlegt er, að verkafólk njóti frá upphafi aðstoðar þjálfaðra trúnaðarmanna á þessu sviði, er séu þess umkomnir að gæta hagsmuna þess og stuðla að því, að þessi nýja verktækni verði nýtt til aukinnar framleiðni og bættra lífskjara. Er þessari þingsályktunartillögu ætlað að stuðla að því.

Í Iðnaðarmálastofnun Íslands eru ákjósanleg skilyrði til slíkrar fræðslustarfsemi, og má framkvæma hana þar án nokkurs stofnkostnaðar.

Ed. 241. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur athugað frumvarpið og leggur einróma til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Orðin „án sérstakra launa úr ríkissjóði“ í síðustu málsgrein falli burt.

Alþingi, 6. febr. 1963.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson.
Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 242. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um farþega- og vöruflutningaskip fyrir Austfirðinga.

Flm.: Einar Sigurðsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera áætlun um kostnað við smíði og rekstur nýs farþega- og vöruflutningaskips fyrir Austfirðinga. Skal skipið vera 700—900 rúmlestir brúttó, með rými fyrir 50 farþega. Rekstraráætlun ber að miða við 2 ferðir á viku frá Reykjavík til Austfjarða.

Greinargerð.

Það þarf ekki að lýsa því, hve góðar samgöngur eru hverju byggðarlagi mikilvægar, og því afskekktari sem staðurinn er, þeim mun meiri þátt eiga samgöngurnar í að gera hann sem byggilegastan og bezt fallinn til góðrar afkomu, þótt margt komi þar til, svo sem náttúruauðæfi til lands og sjávar.

Í Reykjavík búa nú um ⅔ hlutar þjóðarinnar, og er höfuðborgin miðdepill viðskiptalífs hennar, svo sem kunnugt er. Þar er aðalbækistöð svo til allra samgangna, hvort heldur er á sjó, í lofti eða á láði.

Austurland liggur fjærst höfuðstaðnum af öllum landshlutum. Alltaf hefur það verið mikilvægt fyrir það fólk, sem þennan landsfjórðung byggir, að standa í sem beinustum og beztum samgöngum við höfuðstaðinn, en þó hefur þörfin á þessu vaxið stórum við það, að síldin hefur 2—3 síðustu árin veiðzt þar í jafnríkum mæli og alkunnugt er.

Skipulag strandferðanna í núverandi mynd er orðið allgamalt og ekki óeðlilegt, að á samgöngum þurfi að gera nokkra breytingu með breyttum atvinnuháttum og fólksfjölgun frá því, sem hentað gat fyrir áratug eða enn lengri tíma. Samgöngur á sjó hafa meira og meira stefnt að sem beinustum ferðum til ýmissa landshluta, svo sem ferðum Herjólfs til Vestmannaeyja þrisvar í viku, með einni ferð austur á Hornafjörð einu sinni í hálfum mánuði, ferðum Akraborgar til Akraness, svo að það helzta sé nefnt, jafnframt því sem flóabátar gegna mikilvægu hlutverki á ýmsum stöðum.

Engir, sem njóta þeirrar þjónustu með farþega- og vöruflutninga, sem Herjólfur og Akraborg veitir, gætu með nokkru móti hugsað sér að vera án hennar. Vegna þeirrar reynslu, sem m. a. hefur fengizt af þessum skipum, sem sameina farþega- og vöruflutningaþörfina og halda uppi reglulegum ferðum, er þessi þingsályktunartillaga flutt um athugun á kostnaði við smíði 700—900 lesta farþega- og vöruflutningaskips, sem sigldi frá Reykjavík til Austurlands tvisvar í viku.

Sem kunnugt er, lokast samgöngur á landi milli Austurlands og Suðurlands svo til allan veturinn og innbyrðis milli fjarðanna einnig að meira eða minna leyti. Samgöngur á sjó eru því þrautalending þess fólks, sem byggir þennan landsfjórðung, að svo miklu leyti sem flugið verður ekki notað, en það getur verið dögum, vikum og mánuðum saman miklum erfiðleikum bundið að komast á flugvöll. Að vetrarlagi verða allir vöruflutningar að fara fram á sjó.

Ekki skal farið hér út í neinar bollaleggingar um, hvernig því mætti koma fyrir að fara tvær ferðir á viku alla leið til Vopnafjarðar eða Bakkafjarðar. Það verður athugun sú, er þessi tillaga gerir ráð fyrir, að fram fari, að leiða í ljós. En benda mætti á, að komið gæti til greina að koma aðeins einu sinni í viku við á hinum smærri höfnum til þess að geta haldið slíkri áætlun, sem væri að sjálfsögðu mikilvægt, og geta þá haft ákveðna vikudaga sem fasta áætlunardaga. Eins kæmi líka til greina að haga ganghraða skipsins eftir því, hve áætlunin væri ströng.

Það er engan veginn víst, að rekstrarhalli þyrfti að vera á þessum ferðum, þannig er t. d. ágóði af ferðum Herjólfs. Hér skal ósagt látið, hvort Skipaútgerð ríkisins þyrfti að annast þessar ferðir, t. d. er ferðum til Vesturlands haldið uppi af einstaklingi, sjálfsagt með ágóða eða svo má gera ráð fyrir, þar sem ekki hefur verið farið fram á styrk.

Ef athugun þessi leiddi í ljós, að slíkt skip og slíkar ferðir væru hagkvæmar til þess að leysa samgönguvanda Austfjarða, ætti hið sama að sjálfsögðu við um Vestfirði og ekki síður, og gæti þá verið ódýrara og hagkvæmara að byggja systurskip til þess að annast þessar ferðir.

Ed. 243. Nefndarálit [110. mál]

um frv. til laga um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir einróma með, að það verði samþykkt með neðangreindri breytingu, sem gerð verður grein fyrir í framsögu.

BREYTINGARTILLAGA:

Við 13. gr. Á eftir „straffarbete“ komi: „fängelse“.

Alþingi, 7. febr. 1963.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Alfreð Gíslason.
Magnús Jónsson. Ólafur Jóhannesson.

Ed. 244. Nefndarálit [93. mál]

um frv. til l. um breyt. á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyt. á þeim lögum.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið ásamt þeim breytingum, sem neðri deild hefur gert á því, og er sammála um að leggja til, að það verði samþykkt þannig breytt.

Alþingi, 7. febr. 1963.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson.
Páll Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 245. Tillaga til þingsályktunar [137. mál]

um ráðstafanir til verndar íslenzka erninum.

Flm.: Bjartmar Guðmundsson, Gunnar Gíslason, Jón Skaftason, Birgir Kjaran.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera þegar ráðstafanir í samráði við sérfróða menn í náttúrufræði, er helzt mættu verða til að koma í veg fyrir, að íslenzki örninn verði aldauða.

Meðal þeirra ráðstafana, er til greina geta komið í þessu skyni, er t. d.:

1. Athugun verði gerð á hreiðurstöðum og hversu margir ernir muni enn vera til í landinu.
2. Ráðnir verði eftirlitsmenn, er sjái um, að friðunarlögum, að því er snertir erni við hreiður, sé hlýtt.
3. Greiddar verði fébætur þeim bændum, er verða fyrir skaða af völdum arna við hreiður.
4. Athugað verði gaumgæfilega um leiðir til að draga úr og afstýra þeim háska, sem fugli þessum stafar af eitrun fyrir svartbak, refi og minka.

Greinargerð.

Á síðasta þingi fluttum við þingsályktunartillögu, er gekk í svipaða átt og þessi till. Hún náði þá ekki fram að ganga. Þar segir m. a.:

„Talið er, að 10 eða 11 arnarpör hafi verið við hreiður hér á landi síðastliðið sumar, og byggist það á athugun náttúrufræðinga. Gizkað er á, að allur stofninn sé milli 30 og 40 fuglar. Viðkoman er lítil, og mun sjaldan lifa nema einn ungi úr hreiðri og oft enginn. Veldur því ófrjósemi og einnig hitt máske, að hreiðrin séu eyðilögð stundum af mannavöldum. Ernir hafa lengi verið alfriðaðir, en fækkað þó, og má nú engu muna, að lítill stofn deyi út með öllu. Háar fésektir liggja að vísu við, ef erni er grandað. En þrátt fyrir það er vissa fyrir, að þeir falla árlega af mannavöldum, enginn veit þó hve mikið. Á fyrri hluta þessarar aldar eyddist þessi fugl mjög af eitri (stryknin), sem þá var borið út fyrir refi og fugla. En hrafninn kunni betur að gæta sín fyrir þeim vélum en konungur fuglanna, en svo hefur þessi tígulegi fugl verið nefndur með réttu. Örn er að vísu ekki talinn nytjafugl og er óboðinn gestur í grennd við æðarvörp og víðar. Þarf því þegnskap til, sem mjög er óvarlegt að treysta, að alls staðar sé fyrir hendi, þar sem hann heldur sig við hreiður, og undarlegt, ef enginn fellur í þá freistni að stytta honum aldur í gremju, ef hann er staðinn að skemmdarverkum, en fyrir þau fá bændur engar skaðabætur. Hvergi er eftirlit með, að friðunarlögunum sé hlýtt, aðeins sektarákvæði, sem eru gagnslítil. Sé það alvara þjóðfélagsins að standa gegn því, að þessi fágæti og tilkomumikli fugl deyi út í landinu á svipaðan hátt og geirfuglinn forðum, er óhjákvæmilegt að taka til nýrra ráða, stofninn er í bráðri hættu.

Eins og fyrr er sagt, gekk refaeitrun mjög nærri erninum um aldamót og í aldarbyrjun. Og enn er eitrað fyrir refi og fleiri dýr, meira að segja fyrir lagt af sjálfu ríkisvaldinu samkvæmt lögum um eyðingu refa og minka. Um gagnsemi af þeirri eitrunarskyldu eru mjög skiptar skoðanir. Að vísu mun þó ekki vera eitrað fyrir refi, þar sem ernir eru við hreiður, en það er aðeins við Breiðafjörð og á Vestfjörðum. Er það bót í máli og virðingarvert, það sem það nær. En á þessum slóðum mun þó vera eitrað fyrir svartbak, og getur það verið stórhættulegt erninum. Á hitt er svo einnig að líta, að fuglinn flýgur út frá vissum aðalstöðvum og slangrar eitthvað um allt land og getur hitt á eitrað hræ í öðrum landshlutum. Öll eitrun með stryknini er stórkostlega hættuleg og varhugaverð, t. d. vinnur refaeitrun eitthvað á fálkanum, sem tekur eitraðar rjúpur. En fálkinn er önnur fuglategundin til, sem er í hættu.

Benda má á þrennt, sem helzt virðist tiltækilegt að gera til verndunar erninum, og getur þó verið um fleira að ræða:

1. Búa verður betur um hnútana en er, svo að honum verði ekki eytt með skotum eða á annan laumulegri hátt, t. d. við hreiður, þar sem talið er að hann valdi tjóni. Hægt mundi vera að sætta bændur þar við nábýli hans með fébótum í einhverju formi.
2. Afstýra verður því, að hann farist af eitri til síðasta fugls.
3. Vinna þarf að því að breyta hugsunarhætti fólks, þar sem ernir ala aldur sinn, á þá leið, að mönnum skiljist, hvað er í húfi.“

Ekki liggja fyrir skýrslur um það, hve mörg arnarhreiður hafi verið á landi hér s. l. vor og sumar. En margt bendir á, að þeim hafi fækkað frá því 1961. Og fregnir berast um það, óljósar þó, að örfáir ungar aðeins hafi komizt upp. Vissa er og fyrir, að eitthvað af örnum hefur farizt af eitri, sem út hefur verið borið. Má því hiklaust gera ráð fyrir, að stofninn hafi enn gengið saman. Haldi svo áfram sem horfir, að þessum fágæta og tígulega fugli sé eytt með eitri af vanhyggju og jafnvel á annan hátt af ásettu ráði, er sýnilegt, að hann verður aldauða á landi hér innan fárra ára.

Það er hverri þjóð sómi að vernda dýraríki sitt sem bezt, en ósómi að eyða því og spilla, hvað þá aleyða tegundum, jafnvel þótt ótígulegri séu en sjálfur konungur fuglanna.

Von er enn, að bjarga megi þessari merkilegu fuglategund á fremstu nöf, ef við er brugðið skjótt og myndarlega. Þar má ekki horfa í fyrirhöfn né heldur lítils háttar fémuni, ef því er að skipta.

Sþ. 246. Tillaga til þingsályktunar [138. mál]

um athugun á framkvæmd laga nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum.

Flm.: Jónas G. Rafnar, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta taka saman skrá um þinglýst ítök, sem talið er að fallið hafi úr gildi, vegna þess að ítaksrétti hafi ekki verið lýst fyrir héraðsdómara eftir áskorun í Lögbirtingablaði þar um, samkvæmt 4. og 5. gr. laga nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum, og athuga síðan, hvort ástæða sé til sérstakra ráðstafana í því skyni að rétta hlut þeirra, sem þannig hafa misst ítaksrétt.

Greinargerð.

Lög nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum, voru sett til að koma reglu á ítök í bújarðir og gefa jarðeigendum tækifæri til að leysa þau af, ef svo bæri undir.

Lögin gerðu ráð fyrir almennri áskorun um lýsingu ítaka og að þau ítök, sem ekki var lýst fyrir héraðsdómara, skyldu niður falla sjálfkrafa. Væri þar um að ræða þinglýst ítök, skyldu þau afmáð úr veðmálabókum.

Ekki hefur verið kannað, hvernig framkvæmd þessara laga varð, en þess munu dæmi, að bændur teljist hafa misst réttar sakir vanlýsingar, sem stafaði af ókunnugleika um þessa lagasetningu.

Sýnist því eðlilegt, að fram fari athugun á framkvæmd laganna að þessu leyti, og ef í ljós kemur, að einhverjir hafi orðið fyrir óeðlilegri réttarskerðingu af þessum sökum, verði leitað ráða til að bæta hlut þeirra.

Nd. 247. Lög [3. mál]

um landsdóm.

(Afgreidd frá Nd. 7. febr.).

Samhljóða þskj. 205.

Nd. 248. Lög [4. mál]

um ráðherraábyrgð.

(Afgreidd frá Nd. 7. febr.).

Samhljóða þskj. 4.

Ed. 249. Frumvarp til laga [139. mál]

um breyting á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný gr., sem verður 5. gr., svo hljóðandi (og breytist greinatalan samkv. því):

Ríkisstjórninni er heimilt fyrir hönd Ríkisábyrgðasjóðs að taka allt að 50 millj. króna innlent lán handa sjóðnum til að greiða kröfur samkv. 4. gr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs er nú að komast í fast form. Hefur Seðlabanka Íslands verið falin umsjá sjóðsins samkv. heimild í 5. gr. Ríkisábyrgðasjóðslaganna.

Þegar litið er til þess, hvernig komið var um ábyrgðir ríkissjóðs, þegar lög nr. 37/1961 um ríkisábyrgðir voru sett, er augljóst, að verulegar fjárhæðir hljóta að falla á Ríkisábyrgðasjóð á næstunni. — Hins vegar má telja víst, að vanskil á ábyrgðarlánum fari fljótlega minnkandi, bæði vegna þess, að gæta fer í sívaxandi mæli þeirrar breytingar að horfið var frá sjálfskuldarábyrgð til einfaldrar ábyrgðar og svo hins, að nú hefur innheimta öll og aðhald um að staðið sé í skilum færzt í fastara horf, er Seðlabankinn hefur tekið að sér meðferð þessara mála. —

Allar líkur benda því til, að Ríkisábyrgðasjóður þurfi á talsverðu fé að halda á næstunni, en sú fjárþörf verði tímabundin. Af þeim sökum er eðlilegt, að sjóðurinn fái heimild til að taka lán til starfsemi sinnar meðan komizt er yfir örðugasta hjallann. Er því með frv. þessu lagt til, að ríkisstjórnin megi f. h. sjóðsins taka allt að 50 milljón króna innlent lán til þess að greiða kröfur, sem fallið hafa eða falla munu á sjóðinn.

Nd. 250. Frumvarp til laga [140. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi.

Flm.: Ingvar Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Árskógshreppi í Eyjafjarðarsýslu eyðijarðirnar Hrafnagil og Grund í Árskógshreppi fyrir verð, sem dómkvaddir menn meta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og fram kemur í meðfylgjandi bréfi oddvita Árskógshrepps til flutningsmanns, dags. 3/2 1963, óskar hreppurinn að fá keyptar af ríkinu tvær eyðijarðir á Þorvaldsdal, Hrafnagil og Grund. Áður hefur hreppurinn keypt eyðijörðina Kúgil þar á dalnum, en hún var í einkaeign.

Mörg ár eru síðan flestar jarðir á Þorvaldsdal fóru í eyði, og er nú aðeins búið á einni jörð, Kleif, utarlega í dalnum, svo og Brattavöllum í dalsmynninu. Er almennt álitið, að jarðir þær, sem þegar eru komnar í eyði, verði ekki aftur byggðar, en Árskógshreppi hins vegar þörf stærri afréttarlanda. Kúgili, sem áður er nefnt, hefur þegar verið bætt við afréttarlönd hreppsins og ætlun hreppsnefndar að nýta Grund og Hrafnagil í sama skyni.

Fylgiskjal.

Engihlíð, 3. febrúar 1963.

BRÉF ODDVITA ÁRSKÓGSHREPPS

Hr. alþingismaður Ingvar Gíslason.

Fyrir hönd hreppsnefndar Árskógshrepps óska ég eftir því, að þú flytjir nú á þessu yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um heimild ríkissjóðs til að selja Árskógshreppi eyðijarðirnar Hrafnagil og Grund í Árskógshreppi.

Báðar þessar jarðir eru búnar að vera lengi í eyði og ekki líkur til, að þær verði teknar í ábúð. Árskógshreppur hefur fyrir nokkru keypt eyðijörðina Kúgil, sem áður var í einkaeign, og bætt henni við afréttarlönd hreppsins. Telur hreppsnefndin eðlilegra, að hreppurinn eigi allar þessar samliggjandi jarðir, og óskar því eftir að fá áðurnefndar tvær jarðir keyptar, ef samkomulag næst um verð.

Virðingarfyllst,

Marinó Þorsteinsson.

Ed. 251. Frumvarp til laga [141. mál]

um Iðnlánasjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963).

1. gr.

Tilgangur Iðnlánasjóðs er að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum, eins og nánar er kveðið á um í 8. gr. laga þessara.

2. gr.

Iðnlánasjóður er sjálfstæð stofnun. Yfirumsjón hans er í höndum ráðherra þess, er fer með iðnaðarmál.

3. gr.

Iðnaðarmálaráðherra skipar sjóðnum þriggja manna stjórn, til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna skipar ráðherra án tilnefningar, en hina eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda. Ráðherra skipar einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðsstjórnar.

Reikningar Iðnlánasjóðs skulu endurskoðaðir af tveimur mönnum, er ráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Ársreikning skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

4. gr.

Iðnaðarbanki Íslands h.f. hefur á hendi, samkv. sérstökum samningi, daglegan rekstur Iðnlánasjóðs.

Allur kostnaður við stjórn og rekstur sjóðsins greiðist af tekjum hans.

5. gr.

Tekjur Iðnlánasjóðs eru:

1. 0.4% gjald, er innheimtist af iðnaðinum í landinu. Skal það lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt samkvæmt III. kafla laga nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, í fyrsta sinn árið 1963. Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú. Gjald þetta skal á lagt af skattstjórum og innheimt af innheimtumönnum ríkisins.

Gjalddagi skal vera 1. ágúst ár hvert, og má taka gjaldið lögtaki, sbr. lög nr. 29 16. des. 1885.

Gjald þetta skal vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður, við álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars.

2. Framlag ríkissjóðs, 2 milljónir króna á ári.
3. Vextir.

6. gr.

Heimilt er Iðnlánasjóði, að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar, að taka allt að 100 milljón króna lán, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt, ef árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins nægir ekki til að hann geti á viðunandi hátt gegnt hlutverki sínu.

Eigi er Iðnlánasjóði heimilt að endurlána erlent lánsfé, nema með gengisákvæði.

Þegar um lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins er að ræða, skal þó heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsféð þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.

Þegar Iðnlánasjóður tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal féð endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til Iðnlánasjóðs.

7. gr.

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar Iðnlánasjóðs og greiðir þær, ef eignir og tekjur sjóðsins hrökkva ekki til.

8. gr.

Iðnlánasjóður veitir stofnlán sem hér segir:

1. Til véla- og tækjakaupa fyrir iðnaðinn.
2. Til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa.
3. Til endurskipulagningar iðnfyrirtækja.

Iðnlánasjóði er heimilt, ef sérstakar ástæður mæla með að mati sjóðsstjórnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa.

Nú lætur lánbeiðandi smíða vélar innanlands, og er sjóðsstjórninni þá heimilt að veita honum bráðabirgðalán, meðan á smíði stendur, gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar.

Þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum, samkv. 5. gr. laga þessara, skulu að öðru jöfnu hafa forgang að lánum úr sjóðnum.

9. gr.

Upphæð lána má nema allt að sextíu af hundraði kostnaðarverðs, enda sé það, að dómi sjóðsstjórnarinnar, ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkv. verðlagi á hverjum tíma.

Byggingar og vélar skulu metnar til lántöku á kostnað lántaka, eftir því sem þörf er á, svo sem nánar kann að verða fyrir mælt í reglugerð.

Um lánveitingar til nýrrar framleiðslu, svo og um lánveitingar, sem sjóðsstjórnin telur leika vafa á, hvort veita skuli, skal hún leita álits sérfróðra manna. Allan kostnað vegna slíkra athugana og álitsgerða skal lánbeiðandi bera, enda hafi honum verið tilkynnt um það fyrir fram.

10. gr.

Lán má veita úr sjóðnum gegn þessum tryggingum:

1. Gegn öruggu veði í þeim húsum, sem lánað er til, ásamt tilheyrandi lóð og lóðarréttindum.
2. Gegn 1. veðrétti í þeim vélum og tækjum, sem lánað er til.
3. Gegn ríkisábyrgð.

Sjóðsstjórninni er auk þess rétt að taka frekari tryggingar en hér eru til greindar, svo að lán verði fulltryggt að hennar dómi.

Sjóðsstjórnin getur neitað að taka veð í nýjum vélum, ef vafasamt er um endursölumöguleika þeirra, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga þessara.

Hús og vélar eru því aðeins fullgild veð fyrir lánum úr Iðnlánasjóði, að þau séu vátryggð í vátryggingarstofnun, sem sjóðurinn tekur gilda.

Iðnlánasjóður getur hvenær sem er heimtað skilríki fyrir því, að veðsettum eignum sé vel við haldið og veðið hafi ekki rýrnað.

11. gr.

Óheimilt er stjórn Iðnlánasjóðs og trúnaðarmönnum hennar að láta óviðkomandi aðilum í té nokkuð af þeim upplýsingum, sem gefnar eru í sambandi við lántökubeiðnir eða lántökur úr sjóðnum.

12. gr.

Lánstími má eigi vera lengri en 15 ár.

Lán til vélakaupa skulu þó ekki vera lengri en til 7 ára, nema sérstakar ástæður mæli með og örugg trygging fyrir hendi, að mati sjóðsstjórnar.

Lánin skulu endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum, nema lántaki vilji greiða þau hraðar.

13. gr.

Sjóðsstjórnin ákveður, að fengnu áliti bankastjórnar Seðlabanka Íslands og með samþykki iðnaðarmálaráðherra, vexti af lánum Iðnlánasjóðs.

14. gr.

Umsóknir um lán úr Iðnlánasjóði skulu vera skriflegar og fylgi þeim:

1. Ýtarleg lýsing á því, hvernig verja eigi lánsfénu.
2. Upplýsingar um tryggingar, sem lánbeiðandi getur veitt fyrir láni.
3. Rekstrar- og efnahagsreikningur lánbeiðanda, ef um starfandi fyrirtæki er að ræða.
4. Aðrar upplýsingar, sem lánbeiðandi telur máli skipta.

Rétt er, að sjóðsstjórnin óski eftir þeim upplýsingum, sem hún telur sig þurfa til þess að geta ákveðið, hvort óhætt sé og réttmætt að veita umbeðið lán.

15. gr.

Verði eigendaskipi að eign, sem veðsett er Iðnlánasjóði, er stjórn sjóðsins heimilt að heimta lánið endurgreitt að fullu eða nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til, enda skal bæði seljanda og kaupanda skylt að tilkynna sjóðstjórninni eigendaskipti þegar í stað.

16. gr.

Nú er lán úr Iðnlánasjóði eigi greitt á réttum gjalddaga eða veðið gengur svo úr sér eða rýrnar að veðgildi, að það er eigi svo tryggt sem vera skal, eða nýr eigandi vanrækir að taka lánið að sér, og er þá stjórn sjóðsins heimilt að telja eftirstöðvar lánsins fallnar í gjalddaga þegar, án uppsagnar.

17. gr.

Þegar lán er fallið í gjalddaga, hefur Iðnlánasjóður heimild til að láta selja veðið við opinbert uppboð, án undanfarins dóms, sáttar eða fjárnáms, samkvæmt ákvæðum í lögum um lögræði, nr. 95 5. júní 1947, 39. gr., eða láta leggja Iðnlánasjóði það út til eignar, ef þörf gerist.

18. gr.

Ef veð er selt á nauðungaruppboði eða við gjaldþrotaskipti, ber uppboðshaldara að geta þess í uppboðsgerðinni, að eignin sé veðsett Iðnlánasjóði, og skal stjórn sjóðsins gert aðvart svo tímanlega, að hún geti látið fulltrúa sinn vera við uppboðið.

19. gr.

Iðnlánasjóður er undanþeginn öllum sköttum til ríkis og sveitarfélags.

20. gr.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi Iðnlánasjóðs, enda brjóti þau ekki í bága við nein ákvæði í lögum þessum.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 67 frá 17. júlí 1946, um Iðnlánasjóð, og 11. gr. laga nr. 113 29. des. 1951, um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta er samið af nefnd, sem iðnaðarmálaráðherra skipaði í marz s. l. til þess að endurskoða lög um iðnlánasjóð, nr. 67 17 júlí 1946. Í nefndina voru skipaðir: Jónas G. Rafnar alþm., formaður, Eggert G. Þorsteinsson alþm., Gunnar J. Friðriksson framkvæmdastjóri og Bragi Hannesson hdl.

Iðnlánasjóður var stofnaður með lögum nr. 12 9. janúar 1935. Markmið hans var að bæta úr brýnustu lánsfjárþörf iðnaðarins. Til eflingar sjóðnum skyldi ríkissjóður leggja fram 25 000.00 kr. á ári næstu 10 árin. Yfirstjórn sjóðsins var í höndum atvinnumálaráðherra, en fela skyldi Útvegsbanka Íslands stjórn hans og meðferð. Lán átti að veita samkvæmt tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna, m. a. eftir þeim reglum, sem hér greinir: Lán úr sjóðnum skyldu veitt iðnrekendum og smærri iðjurekendum, sem erfitt eiga með lántöku á annan hátt, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og einnig til rekstrar, ef sérstaklega stendur á og viðunandi trygging er í boði. Lán mátti ekki veita til að hefja atvinnurekstur, heldur mátti eingöngu lána þeim, sem sýnt höfðu með atvinnurekstri sínum, að óhætt væri að veita þeim lán. Við afgreiðslu lána skyldi þess gætt, að lánveitingin styddi ekki að óheilbrigðri og óeðlilegri samkeppni við önnur starfandi innlend samiðnarfyrirtæki. Lánstími mátti vera allt að tólf árum, hámark lánsupphæðar kr. 5000.00, og skyldu vextir ákvarðast í eitt skipti fyrir öll fyrir fram fyrir hvert lán, ½% hærri en lægstu ríkislánsvextir, sem fáanlegir voru árið fyrir lántökuárið.

Með lögum nr. 40 27. júní 1941 er gerð breyting á lögum um Iðnlánasjóð frá 1935. Ríkissjóðstillagið er hækkað í kr. 65 000.00 á ári. Sjóðnum er enn fremur heimilað að gefa út handhafavaxtabréf, og má hann jafnan hafa í umferð bréf, sem nema allt að tvöföldum höfuðstóli hans. Bréfin skulu tryggð með höfuðstóli sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs. Ráðherra skipar þriggja manna nefnd, og eru allar lánsumsóknir háðar umsögn hennar. Landssamband iðnaðarmanna tilnefnir einn mann í nefndina og Félag ísl. iðnrekenda annan. Hámark lánsupphæðar er ⅕ hluti nettótekna sjóðsins árið áður.

Næsta breyting er gerð með lögum nr. 55 7. maí 1946. Með þeirri breytingu hækkar framlag úr ríkissjóði í kr. 300 000.00 á ári. Útgáfuheimild handhafavaxtabréfa er háð samþykki ráðherra, en gefa má nú út handhafavaxtabréf, er nema allt að þreföldum höfuðstóli sjóðsins á hverjum tíma. Hámark lánsupphæðar má ekki vera hærra en sem nemur ⅕ hluta þess fjármagns, sem sjóðurinn getur haft til útlána á árinu, þegar lántökuheimild hans er meðtalin. Lánstíminn er lengdur í allt að 15 ár, og skal atvinnumálaráðherra ákveða vaxtafót lánanna.

Þessar tvær breytingar voru síðan felldar inn í hin upphaflegu lög sjóðsins og þau gefin út sem lög nr. 67 17. júlí 1946.

Með lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f., nr. 113 29. desember 1951, er bankanum falin starfræksla Iðnlánasjóðs.

Tekjur Iðnlánasjóðs hafa verið framlög ríkissjóðs og vaxtatekjur af lánum.

Framlög ríkissjóðs hafa verið sem hér segir:

1935—1937	25	þús. kr. á ári.
1938—1939	23	— — — —
1940—1941	25	— — — —
1942—1946	65	— — — —
1947—1954	300	— — — —
1955—1956	450	— — — —
1957—1958	1450	— — — —
1959	1378	— — — —
1960—1962	2000	— — — —

Samtals 14074 þús. kr.

Árið 1961 hlaut Iðnlánasjóður fyrir milligöngu iðnaðarmálaráðherra 15 millj. kr. að láni af svonefndu PL 480 lánsfé, sem hann endurlánaði síðan.

Á tímabilinu 1936—1961 hefur upphæð veittra lána numið kr. 32 640 600.00 eða nánar tiltekið svo sem hér greinir (í þús. kr.):

	Samtals	Meðaltal
1936—1940	136.4	25.3
1941—1945	258.4	51.7
1946—1950	2161.4	432.3
1951—1955	4898.4	979.7
1956—1959	11047.0	2209.4
1960—1961	14139.0	7069.5

Samtals 32640.6

Af framansögðu má ljóst vera, að Iðnlánasjóður hefur lengst af haft yfir takmörkuðu fjármagni að ráða. Ber brýna nauðsyn til þess að bæta úr því, þar sem iðnaðurinn er, ásamt landbúnaði og sjávarútvegi, einn af höfuðatvinnuvegum okkar Íslendinga. Þýðing iðnaðarins hefur byggzt á því, að hann hefur séð stöðugt fleiri landsmönnum fyrir atvinnu og þannig stuðlað að atvinnuöryggi, innt af hendi nauðsynleg þjónustustörf í nútíma þjóðfélagi og stóraukið verðmætasköpun landsmanna.

Félagssamtök iðnaðarins hafa oft óskað eftir því, að Iðnlánasjóður yrði efldur. Haustið 1959 skipaði iðnaðarmálaráðherra, að beiðni þeirra, nefnd til þess að athuga lánamál iðnaðarins, og í byrjun ársins 1960 var nefndinni falið að gera tillögur um eflingu Iðnlánasjóðs. Við endurskoðun iðnlánasjóðslaganna nú, komu tillögur og athugasemdir áðurnefndrar nefndar að góðum notum.

Í sambandi við endurskoðun laganna ræddi nefndin við Jóhannes Nordal seðlabankastjóra, Sigurbjörn Þorbjörnsson ríkisskattstjóra, Guðmund Ólafs bankastjóra Iðnaðarbankans, stjórn Iðnlánasjóðs, stjórn Landssambands iðnaðarmanna og stjórn Félags ísl. iðnrekenda. Stjórnir iðnaðarsamtakanna lýstu sig samþykkar tekjuöflunarleið þeirri, sem lagt er til í frumvarpinu að farin sé, með álagningu 0.4% gjalds á iðnaðinn í landinu, sem lagt er á sama stofn og aðstöðugjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, III. kafla.

Skal nú í stuttu máli gerð grein fyrir helztu nýjungum og breytingum, sem frumvarpið felur í sér:

Í frumvarpinu er kveðið á um það, að Iðnlánasjóður sé sjálfstæð stofnun undir yfirumsjón iðnaðarmálaráðherra. Skulu hinir 3 stjórnarmenn skipaðir til fjögurra ára í stað þriggja áður. Gert er ráð fyrir nýjum tekjustofni fyrir Iðnlánasjóð, 0.4% gjaldi, sem innheimtist af iðnaðinum í landinu og lagt er á sama stofn

og aðstöðugjald er lagt á samkvæmt lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga. Sett eru fyllri ákvæði um lántökuheimild sjóðsins og endurlán. Þá er starfssvið sjóðsins aukið í frumvarpinu og honum heimilað að lána til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og endurskipulagningar iðnfyrirtækja auk vélakaupa. Upphæð lána er ákveðin allt að 60% kostnaðarverðs. Ýtarleg ákvæði eru sett um það, gegn hvaða tryggingum lán skuli veitt úr sjóðnum.

Kveðið er á um það, að lánin skuli endurgreiða með jöfnum ársgreiðslum (annuitetsgreiðslum), og fyllri ákvæði eru sett um ákvörðun vaxtafótar af lánum sjóðsins. Við eigendaskipti að eign, sem veðsett er Iðnlánasjóði, er sjóðsstjórninni veitt heimild til að heimta lánið endurgreitt að fullu eða að nokkru leyti, ef henni þykir ástæða til.

Skal nú vikið að einstökum greinum frumvarpsins.

Um 1. gr.

Veigamesta breytingin á gildandi lögum um Iðnlánasjóð kemur fram í þessari grein, þar sem sagt er, að tilgangur sjóðsins sé að styðja iðnað Íslendinga með hagkvæmum stofnlánum.

4. gr. gildandi laga fjallar um lánveitingar úr sjóðnum. Þar segir, að lán „veitast iðnrekendum og iðjurekendum, sem erfitt eiga um lántöku á annan hátt, til kaupa á vélum og stærri áhöldum (ekki handverkfærum) og einnig til rekstrar, ef sérstaklega stendur á og viðunandi trygging er í boði.“ Samkvæmt þessu hafa lánveitendur úr sjóðnum því nær eingöngu verið bundnar við vélar og stærri áhöld. Iðnaðurinn hefur því ekki haft aðgang að lánsstofnun, sem teldi það sérstakt verkefni sitt að veita m. a. lán til iðnaðarhúsa.

Með 1. gr. frv. er lagt til að breyta nú Iðnlánasjóði í það horf, að hann geti með sama hætti orðið stofnlánasjóður fyrir iðnaðinn í landinu og Fiskveiðasjóður er nú fyrir sjávarútveginn og Stofnlánadeild landbúnaðarins fyrir landbúnaðinn. Við samningu frv. þessa hefur í mörgum atriðum verið stuðzt við löggjöfina um fyrrnefnda sjóði, þar sem hún hefur átt við.

8. gr. frv. fjallar um lánveitingar úr sjóðnum, og vísast til athugasemda um þá grein.

Rétt var talið að fella niður orðið „iðja“,sem nú er í lögunum, þar sem ekki væri ástæða til þess að gera greinarmun á iðju og iðnaði.

Um 2. gr.

Iðnlánasjóður hefur jafnan verið rekinn sem sjálfstæð stofnun, þótt ekki séu bein fyrirmæli um það í gildandi lögum. Sjálfsagt er, að sjóðurinn heyri undir iðnaðarmálaráðherra, eins og Fiskveiðasjóður heyrir undir sjávarútvegsmálaráðherra og Stofnlánadeild landbúnaðarins undir landbúnaðarráðherra.

Um 3. gr.

Í 3. gr. laganna um Iðnlánasjóð er mælt svo fyrir, að atvinnumálaráðherra hafi á hendi yfirstjórn sjóðsins, en skuli fela Útvegsbanka Íslands eða annarri hliðstæðri stofnun með sérstökum samningi stjórn hans og meðferð, svo sem lánveitingar, vörzlu, bókhald, innheimtu og útborganir. Lán úr sjóðnum skulu veitt eftir tillögum frá stjórn Landssambands iðnaðarmanna, en auk þess skal fylgt þeirri reglu, að um allar lánbeiðnir úr sjóðnum sé leitað umsagnar þriggja manna nefndar, sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Skal einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og annar eftir tilnefningu stjórnar Félags ísl. iðnrekenda.

Í framkvæmdinni mun raunin hafa orðið sú, að nefndin, sem ráðherra skipaði, réð lánveitingum, án afskipta stjórnar Landssambands iðnaðarmanna.

Í frv. er nú gert ráð fyrir því, að stjórn sjóðsins verði í höndum þriggja manna nefndar, sem skipuð sé með sama hætti og verið hefur, en til fjögurra ára í senn í stað þriggja ára. Ráðherra skipi einn hinna þriggja stjórnarmanna formann sjóðsstjórnar.

Þá eru það og nýmæli, að eftir hver áramót gefi ráðherra stjórninni ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á árinu og láti fylgja henni endurskoðaðan ársreikning. Ársreikninginn skal birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Um 4. gr.

Í lögunum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h.f., nr. 113 frá 1951, segir svo í 11. gr.:

„Iðnaðarmálaráðherra gerir samning við Iðnaðarbanka Íslands h.f. um það, að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Iðnlánasjóðs Íslands, þannig að sjóðurinn verði sérstök deild í bankanum með aðskildum fjárhag og sérstakri bókfærslu, og fari að öðru leyti um sjóðinn eftir þeim reglum, er um hann eru settar í lögum þeim og reglugerðum, er um hann gilda.“

Þótt þarna sé svo komizt að orði, „að bankinn taki að sér stjórn og starfrækslu Iðnlánasjóðs Íslands,“ hefur stjórn Iðnlánasjóðs sjálf haldið áfram að ráða lánveitingum úr sjóðnum, en haft samráð við bankastjóra Iðnaðarbankans í því sambandi.

Í frv. er gengið út frá því, að stjórn sjóðsins ákveði lánveitingar, lántökur og fleira, en Iðnaðarbankinn annist, samkv. sérstökum samningi, daglegan rekstur hans. Er þannig fylgt því fyrirkomulagi, sem haft hefur verið varðandi stjórn og starfrækslu sjóðsins.

Um 5. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar, sem er nýmæli, eru Iðnlánasjóði tryggðar árlegar tekjur.

Lagt er til, að Iðnlánasjóður fái 0.4% gjald, er innheimtist af iðnaðinum í landinu, og skal lagt á sama stofn og aðstöðugjald er á lagt, samkv. III. kafla laga nr. 69 frá 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga. Undanþeginn gjaldi þessu er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú, en þær atvinnugreinar hafa nú aðgang að lánum úr stofnlánasjóðum landbúnaðar og sjávarútvegs, sbr. athugasemdir við 4. mgr. 8. gr. frv. þessa.

Með hliðsjón af því, að frv. gerir ráð fyrir nýjum verkefnum fyrir Iðnlánasjóð, sem krefjast stóraukinna fjárráða, þótti óhjákvæmilegt að tryggja sjóðnum árlegar tekjur umfram ríkisframlagið og vexti af stofnfé. Eftir að leitað hafði verið álits stjórnar Landssambands iðnaðarmanna og stjórnar Félags ísl. iðnrekenda, var ákveðið að leggja til, að lagt yrði gjald á iðnaðinn sjálfan, sem miðaðist við aðstöðugjaldsstofn hvers greiðanda.

Samkvæmt upplýsingum ríkisskattstjóra var aðstöðugjaldsstofn iðnaðar árið 1962 í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri sem hér segir:

		Félög	Einstaklingar
Reykjavík	kr.	1 107 454 800.00	265 071 000.00
Hafnarfjörður ...	—	61 683 100.00	18 558 700.00
Akureyri	—	226 520 000.00	10 946 000.00
Samtals	kr.	1 395 657 900.00	294 575 700.00

Félög og einstaklingar samtals kr. 1 690 233 600.00

Í þessum stofni er ekki reiknaður með kjöt- og fiskiðnaður, mjólkurbú, sláturhús og ull að stigi ullarþvottar.

Ríkisskattstjóri hefur bent á, að upphæðirnar gætu átt eftir að breytast í sambandi við kærur, þar sem um upphaflega álagningu væri að ræða.

Upplýsingar um aðstöðugjald utan nefndra kaupstaða liggja enn ekki fyrir. Það er því erfitt að áætla, hvað 0.4% gjaldið kunni að gefa Iðnlánasjóði á næsta ári, en ósennilegt er, að það verði undir 7 milljónum króna.

Benda má á, að stofnlánsjóðir landbúnaðar og sjávarútvegs hafa nú árlegar tekjur frá viðkomandi atvinnuvegum, sbr. lögin um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Fiskveiðasjóð Íslands.

Rétt er að taka fram, að stjórnir Landssambands iðnaðarmanna og Félags ísl. iðnrekenda hafa báðar fyrir sitt leyti samþykkt þá tekjuöflun fyrir Iðnlánasjóð, sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Gengið er út frá óbreyttu framlagi ríkisins, kr. 2 000 000.00 á ári, sem hefur verið óbreytt á fjárlögum síðan 1960.

Um 6. gr.

Þar sem víst má telja, að Iðnlánasjóð muni skorta fé á næstu árum til þess að geta veitt nauðsynleg lán, þykir rétt að taka í lögin heimild til lántöku.

Erlent fé, sem sjóðurinn kann að taka, má ekki lána út, nema með gengisákvæði. Þegar þannig stendur á, heimilar greinin endurlán með tvenns konar hætti:

1. Þegar um er að ræða erlendar lántökur til almennrar starfsemi sjóðsins, er heimilt að skipta gengisáhættu hlutfallslega á ákveðna flokka útlána, enda sé lánsfé þá endurlánað með almennum útlánsvöxtum Iðnlánasjóðs.
2. Þegar sjóðurinn tekur erlend lán, sem bundin eru við endurlán til tiltekinna framkvæmda, skal fé endurlánað með gengisákvæði og hæfilegum vaxtamismun og kostnaði til sjóðsins, enda er ekki eðlilegt, þegar svo stendur á, að dreifa gengisáhættu á aðra lántakendur.

Talið er rétt að binda lántökuheimildina við ákveðna upphæð í stað þess, að sjóðurinn megi jafnan skulda samtals allt að þreföldum höfuðstól þeim, er hann hefur á hverjum tíma, sem gildandi lög kveða nú á um í 2. gr. Er það í samræmi við löggjöfina um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Fiskveiðasjóð, að hafa lántökuheimildina ákveðna.

Um 7. gr.

Í gildandi lögum segir svo í 2. gr., að lán, sem sjóðurinn kann að taka, skuli tryggð með eignum sjóðsins og ábyrgð ríkissjóðs.

Í þessari grein er tekið upp sama orðalag og er í lögunum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, um ábyrgð ríkisins á skuldbindingum viðkomandi stofnunar.

Um 8. gr.

Eins og fram hefur verið tekið, hefur Iðnlánasjóður til þessa nær eingöngu lánað til véla og stærri áhalda, sbr. 4. gr. gildandi laga.

Með grein þessari er gerð sú breyting á hlutverki sjóðsins, sem leiðir af ákvæðum 1. gr. frv., að úr honum má veita lán til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa og til endurskipulagningar iðnfyrirtækja. Þá er og heimilt samkv. 2. mgr. greinarinnar, að lána iðnfyrirtækjum til fasteignakaupa, ef sérstakar ástæður mæli með, að mati sjóðsstjórnar. Kæmi það t. d. til greina, þegar um hentugt og vel staðsett húsnæði væri að ræða, sem komið gæti að jafngóðum notum og nýbygging fyrir viðkomandi lánbeiðanda.

Með greininni er afnumin heimildin í 4. gr. gildandi laga, til þess að veita úr sjóðnum rekstrarlán.

Í 4. mgr. greinarinnar er tekið fram, að þeir aðilar, sem gjald greiða til Iðnlánasjóðs af rekstri sínum samkv. 5. gr. frv., skuli að öðru jöfnu hafa forgang að lánum úr sjóðnum.

Samkvæmt 5. gr. frv. er allur kjöt- og fiskiðnaður og mjólkurbú undanþegin þessu gjaldi. Þessar atvinnugreinar hafa rétt til stofnlána úr Stofnlánadeild landbúnaðarins, lög nr. 75 frá 1962, 6. gr., og úr Fiskveiðasjóði, lög nr. 40 frá 1955, 4. gr.

Um 9. gr.

Gert er ráð fyrir, að lánsupphæð megi nema allt að 60% kostnaðarverðs, enda sé það að dómi sjóðsstjórnar ekki hærra en eðlilegt má teljast, samkv. verðlagi á hverjum tíma. Byggingar og vélar skulu metnar til lántöku, eftir því sem þörf krefur. Nánari ákvæði um þetta atriði má setja með reglugerð.

Í núgildandi lögum er ekkert tekið fram um hámark lánsupphæðar, miðað við verðmæti þess, sem lánað er til. Tekið er einungis fram í 7. gr. laganna, að upphæð láns ákveðist eftir því, til hvers það eiga að notast.

Ákvæði 3. mgr. greinarinnar er efnislega svipað 10. gr. laganna.

Um 10. gr.

Greinin fjallar um tryggingar fyrir lánum.

Eðlilegt er, að sjóðsstjórnin krefjist í flestum tilfellum I. veðréttar í fasteignum, sem lánað er til, þótt það sé eigi gert að skyldu í frumvarpsgreininni.

Lagt er á vald sjóðsstjórnar að krefjast frekari trygginga fyrir lánum en taldar eru upp í greininni. Kæmi það helzt til að eiga við um lán til vélakaupa.

Ákvæði 3. mgr. er nýmæli, sem m. a. leiðir af 3. mgr. 9. gr. frv.

4. mgr. felur og í sér nýmæli, sem teljast má sjálfsagt.

5. mgr. kemur efnislega í stað 13. gr. gildandi laga.

Um 11. gr.

Efnislega samhljóða 11. gr. gildandi laga.

Um 12. gr.

Hámarkslánstími er ákveðinn 15 ár, eins og er í gildandi lögum. Það er nýmæli, að lán til vélakaupa skuli ekki vera til lengri tíma en 7 ára.

Yfirleitt mun sjóðsstjórnin ekki hafa veitt lengri lán til vélakaupa en til 5 ára, nema lánþegi hafi sett að auki fasteign að veði fyrir láninu, þá til allt að 10 ára.

Í 7. gr. laganna um Iðnlánasjóð er heimilað að veita lán afborgunarlaust tvö fyrstu árin. Með frv. er lagt til að fella þessa heimild niður og ákveðið, að lán skuli endurgreidd með jöfnum ársgreiðslum.

Um 13. gr.

Samkv. 9. gr. gildandi laga ákveður atvinnumálaráðherra (iðnaðarmálaráðherra) vaxtafót lánanna.

Með greininni er lagt til, að sjóðsstjórnin sjálf ákveði vexti af lánum Iðnlánasjóðs, að fengnu áliti bankastjórnar Seðlabankans og með samþykki iðnaðarmálaráðherra.

Um 14. gr.

Greinin er að mestu leyti samhljóða 6. gr. gildandi laga, nema felld er niður krafa um, að umsækjandi sendi upplýsingar um aldur, menntun, iðnréttindi og iðnstarfsaldur.

Bætt er við, að umsækjandi sendi upplýsingar um tryggingar, sem hann getur veitt fyrir láni.

Um 15. gr.

Efni greinarinnar er nýmæli.
Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 16. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 17. og 18. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Efni greinarinnar er nýmæli.
Samhljóða ákvæði eru í lögunum um Stofnlánadeild landbúnaðarins og Fiskveiðasjóð.

Um 20. gr.

Rétt þykir, að iðnaðarmálaráðherra setji sjóðnum reglugerð, sem kveði nánar á um starfsemi sjóðsins og starfshætti.

Um 21. og 22. gr.

Greinarnar þarfnast ekki skýringa.

Nd. 252. Frumvarp til laga [142. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

1. málsl. 2. gr. laganna orðist svo:
Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs allt að 50 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 17 9. apríl 1955, um breyt. á l. nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta felur ekki í sér aðra breytingu á lögum um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi en þá, að lánsheimild vegna hafnargerðarinnar hækkar úr 12 millj. kr. í 50 millj. kr.
Sjávarútvegsnefnd hefur haft til meðferðar frv. á þskj. 32 um hækkun á lántökuheimild vegna landshafnar í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi og samþykkt að mæla með afgreiðslu þess frumvarps. Hefur nefndin talið rétt, að hliðstæð hækkun yrði einnig gerð á lántökuheimild vegna Rifshafnar, og er upphæðin tiltekin að höfðu samráði við vitamálastjóra, sem hefur m. a. upplýst í bréfi til nefndarinnar, að unnið sé nú að áætlunargerð um byggingarframkvæmdir í Rifshöfn, sem muni kosta allt að 30—40 milljónum króna.

Nd. 253. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leitað umsagnar vitamálastjóra um það. Felur frumvarpið í sér þá breytingu eina frá gildandi lögum, að lánsheimild hækkar úr 15 millj. kr. í 70 millj. kr., og mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins. Jafnframt hefur þótt rétt, að sams konar breyting yrði gerð á lögum um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi, og flytur nefndin frumvarp þess efnis á þskj. 252.

Alþingi, 8. febr. 1963.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Geir Gunnarsson.
Gísli Guðmundsson. Pétur Sigurðsson.

Nd. 254. Breytingartillaga [91. mál]

við frv. til l. um breyt. á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 12. gr. 2. málsl. 4. málsgr. í 2. tölulið (217. gr.) orðist þannig:

Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er þá vátryggingarsala óskylt að láta vátryggingarfé af höndum, fyrr en 14 dögum eftir að hann átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðinn og ákveða upphæð bótanna.

Nd. 255. Frumvarp til laga [143. mál]

um breyting á lögum nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Við 19. gr. laganna bætist:

Sama gildir um ábyrgðarupphæð samkvæmt 208. gr. siglingalaga, ef sú upphæð fer fram úr vátryggingarupphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Sú breyting, sem hér er lögð til að gerð verði á 19. gr. l. nr. 61 frá 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, er nauðsynleg, ef frv. það um breytingar á siglingalögum, nr. 56 frá 1914, sem nú liggur fyrir þinginu, nær fram að ganga, þ. e. a. s. 11. gr. frumvarpsins 4. liður a, sem þannig hljóðar:

„4. (208. gr.). Við ákvörðun á ábyrgð útgerðarmanns, þegar hún er takmörkuð, skal bæta við verð skips eftirgreindum fjárhæðum:

a. Tíu hundraðshlutum af verði skips við upphaf ferðar.“

Þegar sjávarútvegsnefnd hafði siglingalagafrumvarpið til meðferðar á árinu 1961, gerði Íslenzk endurtrygging eftirfarandi athugasemd varðandi þetta atriði í bréfi, dags. 16. febr. 1961:

„Oss virðist ekkert því til fyrirstöðu, að „verð" skips skuli hækkað um 10% við ákvörðun á ábyrgð útgerðarmanns, ef útgerðarmaðurinn getur keypt sér tryggingu fyrir þessari auknu áhættu. Án tryggingar væri hækkunin hins vegar lítils virði, ef útgerðarmaðurinn ætti ekki aðrar eignir en skipið. Áhættu þessa ætti að vera auðvelt að fá tryggða fyrir útgerðarmenn farskipa og fiskiskipa yfir 100 rúmlestir, en samkvæmt 11. gr. laga nr. 61/1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, má útgerðarmaður fiskiskips, sem þau lög taka til, ekki tryggja það nema fyrir 90% af virðingarverði þess.

Verði frumvarp það, sem hér liggur fyrir, að lögum, þarf að rannsaka, hvaða breytingar það gerir nauðsynlegar á hinum lögákveðnu vátryggingarskilmálum fiskiskipa undir 100 rúmlestum."

Málið hefur síðan verið athugað af samgöngumálaráðuneytinu og m. a. sent til umsagnar dr. jur. Þórðar Eyjólfssonar og Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, og er þetta frv. flutt að fenginni niðurstöðu af þeirri athugun.

Ef frv. þetta nær fram að ganga, mun 19. gr. laga nr. 61 frá 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, hljóða þannig í heild:

„Bætur, sem vátryggður hefur orðið að greiða þriðja manni vegna tjóns af árekstri (þegar skipið eða áhöld þess hafa rekizt á annan fastan eða fljótandi hlut), enn fremur kostnað við málarekstur, gerðardóm eða samkomulag, vegna þess greiðir félagið, en þó ekki fram yfir það, sem vátryggingarfjárhæð skipsins hrekkur til.

Ef skip verður fyrir slíku tjóni í utanlandssiglingum, að nauðsynlegt er að senda skipverja heim, greiðir félagið fargjöld fyrir þá með járnbraut og skipi, svo og nauðsynlega gistingu og fæðispeninga.

Bætur fyrir tjón á lífi manna eða fyrir meiðsli eru vátryggingarfélögunum óviðkomandi. *Sama gildir um ábyrgðarupphæð samkvæmt 208. gr. siglingalaga, ef sú upphæð fer fram úr vátryggingarupphæð.*"

Í bréfi Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum 21. marz 1962 segir svo um þetta atriði:

„Á hinn bóginn virðist Samábyrgðinni naumast verða komizt hjá að breyta 19. gr. l. 61/1947 til samræmis við ákvæði frumvarpsins, og virðist neðangreind viðbót við greinina eiga að nægja: „eða ábyrgðarupphæð samkvæmt 208. gr. siglingalaga, ef sú upphæð fer fram úr vátryggingarupphæð."

Verð skips í byrjun ferðar þarf eigi að vera hið sama og virðingarverð til vátryggingar, getur hvort sem er verið hærra eða lægra. Eigi er heldur víst, að verð skips í byrjun ferðar að viðbættum upphæðum samkvæmt a- og b-liðum væntanlegrar 208. gr. siglingalaga fari jafnan fram úr vátryggingarfjárhæð.

Þrátt fyrir slíka breytingu á 19. gr. gæti sjálfstrygging eiganda verið óbreytt, 10% af vátryggingarverði skipsins. Áhættuupphæð vátryggjenda gæti á hinn bóginn aukizt við breytinguna, en við því yrði að sjá með breyttum vátryggingarskilmálum að sama skapi, svo sem hækkuðum iðgjöldum.

19. gr. l. 61/1947 virðist gera ráð fyrir skyldutryggingu, einnig að því er varðar ábyrgðartryggingu fyrir tjóni, er skip veldur 3. manni, og virðist eigi ástæða til að gera neina breytingu á l. 61/1947 að því leyti.

Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara hefur verið kynnt framanritað, og hafði hann ekkert við það að athuga."

Dr. jur. Þórður Eyjólfsson segir í bréfi, dags. 11. marz 1962, til samgöngu- og iðnaðarmálaráðuneytisins:

„Um 11. gr. (4,a):

Þetta ákvæði er einnig í fullu samræmi við samsvarandi ákvæði í siglingalögum Norðurlandaríkja, sbr. 257. gr., 1. tl., í dönsku, norsku og sænsku lögunum. Ákvæðið á rót sína að rekja til alþjóðasamþykktar um ábyrgð útgerðarmanna, sem

sett var í Brüssel 25. ágúst 1924. Samkvæmt gildandi lögum ábyrgjast útgerðarmenn sjókröfur með skipi og farmgjaldi, sbr. m. a. 236. gr. siglingalaganna, nr. 56/1914, en samkvæmt alþjóðasamþykktinni og þeim lögum einstakra ríkja, sem fylgja samþykktinni, kemur 10% viðbót við verð skips í stað farmgjaldsins. Sökum þess, hve siglingar eru alþjóðlegar og siglingalögum hvers lands er oft beitt um erlend skip, tel ég varhugavert að víkja í íslenzkum lögum frá umræddu ákvæði. Þó að í lögum um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, nr. 61/1947, 11. gr., sé ákveðið að 1/10 hluti virðingarverðs fiskiskipa undir 100 rúmlestum skuli vera í sjálfstryggingu, þá tel ég ekki koma til greina að miða almennt ákvæði í siglingalögum um ábyrgð útgerðarmanna við þá undantekningu. *En auk þess lít ég svo á, að ákvæði 11. gr. laga nr. 61/1947 um sjálfstryggingu eigi aðeins við um skipsverðið, en að aðra áhættu útgerðarmanna, þar á meðal nefnd 10%, sé heimilt að vátryggja sérstaklega.* En ef svo yrði talið, að vandkvæði væru á þessu, þá álít ég réttara, eins og líka er bent á í bréfi íslenzkrar endurtryggingar, að athugað verði, ef frv. verður að lögum, hvort og þá hvaða breytingar þurfi að gera á hinum lögákveðnu vátryggingarskilmálum fiskiskipa undir 100 rúmlestum."

Að þessu athuguðu hefur nefndin talið rétt að flytja framangreint frumvarp.

Sþ. 256. Breytingartillögur [96. mál]

við till. til þál. um jarðhitarannsóknir, jarðhitaleit og áætlanir um hagnýtingu jarðhita á Norðurlandi eystra.

Frá Gísla Jónssyni.

1. Á eftir orðunum „sem vitað er um" í 1. mgr. komi: í Vestfjarðakjördæmi og.
2. Í stað orðsins „landshluta" í 2. mgr. komi: landshlutum.
3. Á eftir orðunum „um hagnýtingu jarðhita" í fyrirsögn frv. komi: í Vestfjarðakjördæmi og.

Nd. 257. Frumvarp til laga [144. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að afhenda þjóðkirkju Íslands endurgjaldslaust til eignar og umsjár jörðina Skálholt í Biskupstungum ásamt öllum mannvirkjum og lausafé, sem nú eru í eign ríkisins á staðnum, enda veiti biskup Íslands og Kirkjuráð eign þessari viðtöku fyrir hönd þjóðkirkju Íslands og hafi þar forræði um framkvæmdir og starfrækslu.

2. gr.

Ríkissjóður skal árlega greiða kr. 1 000 000.00 í sjóð, sem vera skal til áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og Kirkjuráð koma þar upp.

Stjórn sjóðsins skipar Kirkjuráð.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni, og skulu þeir birtir í Stjórnartíðindum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt ósk 3. Kirkjuþings þjóðkirkju Íslands, sem háð var í Reykjavík á s. l. hausti, og er það byggt á ályktun, sem flutt var af biskupi Íslands á þinginu og samþykkt þar samhljóða. Hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu borizt svo hljóðandi greinargerð frá biskupi Íslands:

„Á síðasta Kirkjuþingi 20. október til 2. nóvember 1962 var einróma samþykkt svo hljóðandi ályktun, borin fram af biskupi:

„Kirkjuþing ályktar að beina þeirri eindregnu ósk til hæstv. ríkisstjórnar og Alþingis, að Skálholtsstaður verði afhentur þjóðkirkju Íslands til eignar og umsjár og fylgi árlegur fjárstyrkur úr ríkissjóði til áframhaldandi uppbyggingar á staðnum. Telur Kirkjuþing eðlilegt, að Skálholt, gjöf Gissurar, verði með þessum hætti afhent kirkjunni á næsta ári í sambandi við vígslu hinnar nýju Skálholtskirkju, og veiti biskup og Kirkjuráð staðnum viðtöku fyrir kirkjunnar hönd og hafi þar forráð um framkvæmdir og starfrækslu".

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt þessari ályktun.

Áformað er, að hin nýja kirkja í Skálholti verði vígð á komanda sumri. Hornsteinn hennar var lagður á Skálholts-hátíð 1956, þegar minnzt var níu alda afmælis biskupsstólsins. Hafði þá og verið hafizt handa um að húsa staðinn að nýju að öðru leyti og gera þar aðrar umbætur. Til þessara framkvæmda hefur verið veitt fé úr ríkissjóði á undanförnum árum, en þar að auki hafa Skálholtskirkju borizt mjög verðmætar og veglegar gjafir frá erlendum einstaklingum og kirkjulegum samtökum. Rök þeirra aðgerða af opinberri hálfu, sem nú voru nefndar, er óþarft að rekja, enda hefur ekki verið ágreiningur um það, að þær væru eðlilegar og tímabærar. En þegar lokið er smíði kirkjunnar og þeirra húsa, sem áformuð voru um leið og hún var hafin, er komið að nokkrum þáttaskilum í þessu máli. Vaknar þá sú spurning, hvað við taki næst, hvort hér skuli staðar numið við svo búið eða fram haldið og þá hvernig. Allmiklar umræður hafa verið um framtíðarhlutverk staðarins og þá jafnframt um það, að hverju sé stefnt með því, sem þar hefur þegar verið gert í því skyni að hefja hið forna höfuðsetur úr þeirri niðurlægingu, sem yfir það féll með ráðstöfunum stjórnarvalda undir lok 18. aldar. Tvennt er öllum augljóst, hverjar sem skoðanir kunna að vera í þessu efni að öðru leyti. Í fyrsta lagi það, að staðurinn er of verðmætur fyrir þjóðina, einkum vegna söguhelgi sinnar, en einnig sakir þess, sem þegar hefur verið til hans lagt á næstliðnum árum, til þess að nú verði við skilizt án frekari aðgerða. Í öðru lagi: Til þess að þessi verðmæta alþjóðareign megi ávaxtast á komandi tímum til sem mestra nytja fyrir þjóðina í andlegu og menningarlegu tilliti, þarf frumkvæði og forgöngu, sem sprettur af áhuga, vakandi ræktarsemi við þá erfð, sem helgar staðinn í meðvitund þjóðarinnar og samtök um að gera hana með tímabærum aðferðum frjóa fyrir nútíð og framtíð. Má þykja eðlilegt, að til kirkjunnar sé einkum horft um þetta og að hún vænti tiltrúar í þessu efni. Þess vegna hefur ríkisstjórnin fallizt á að verða við ósk Kirkjuþings og leggja til, að þjóðkirkjan taki nú við ábyrgðinni á framtíð Skálholtsstaðar, en að Alþingi ákveði jafnhliða þessari ráðstöfun að veita henni stuðning af almannafé til þess að koma þar fótum undir stofnanir og starfrækslu, er að mati hennar manna sæma staðnum bezt, svara til nauðsynja og horfa til nytsemdar fyrir þjóðina nú á tímum. Er á það að líta í þessu sambandi, að Skálholt er mesti helgistaður kristninnar í landinu, og þó að saga hans sé gildur þáttur í þjóðarsögunni er hún þó fyrst og fremst kirkjunnar saga frá upphafi. Var hann og kirkjunni gefinn í öndverðu af einum mikilhæfasta manni, sem þjóðin hefur átt."

Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins er ætlunin, að Skálholtsstaður, jörðin ásamt öllum þeim mannvirkjum og lausafé, sem nú eru í eign ríkisins á staðnum, verði afhentur þjóðkirkjunni, þegar hin nýja dómkirkja verður vígð í sumar, í því ástandi, sem hann er þá.

Eftir tillögu Kirkjuþings eru biskup Íslands og Kirkjuráð til þess valin að taka við eigninni og hafa þar forráð.

Með ákvæðum 2. gr. er farið að ósk biskups og Kirkjuþings um árlegan fjárstyrk til staðarins.

Er framlag ríkissjóðs bundið við kr. 1 000 000.00 árlega, sem vera skuli til væntanlegrar áframhaldandi uppbyggingar í Skálholti og rekstrarfé þeirrar starfrækslu, sem biskup og Kirkjuráð kom þar upp. Er því ráðgert, að hrökkvi þetta framlag ríkisins ekki til slíkrar starfrækslu og framkvæmda, afli hin kirkjulegu yfirvöld viðbótarfjárins annars staðar frá.

Sþ. 258. Nefndarálit [28. mál]

um till. til þál. um hagfræðilegar leiðbeiningar fyrir bændur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði umsagnar um tillöguna hjá Búnaðarfélagi Íslands, landnámsstjóra og Stéttarsambandi bænda.

Stjórn Búnaðarfélagsins tekur undir um efni tillögunnar og er fyrir sitt leyti reiðubúin til þátttöku af hálfu félagsins um samstarf við að vinna að hagfræðilegum upplýsingum á því sviði, sem tillagan fjallar um. Landnámsstjóri mælir með samþykkt tillögunnar, en Stéttarsamband bænda telur rétt að fela Búreikningaskrifstofu ríkisins það verkefni, sem tillagan gerir ráð fyrir.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt. Gísli Guðmundsson mun bera fram breytingartillögu í samræmi við óskir Stéttarsambands bænda, og Geir Gunnarsson áskilur sér rétt til þess að flytja og fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 11. febr. 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.
Gísli Jónsson.	Geir Gunnarsson.	Gísli Guðmundsson, með fyrirvara.

Nd. 259. Frumvarp til laga [145. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1963.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1963 skal koma saman fimmtudaginn 10. október 1963, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Verði eigi annað ákveðið með lögum, skal reglulegt Alþingi 1963 koma saman eigi síðar en 15. febrúar.

Þar sem Alþingi því, er nú situr, mun eigi verða lokið fyrir þann tíma, ber nauðsyn til að ákveða annan samkomudag. Lagt er til, að Alþingi komi saman í síðasta lagi 10. október 1963.

Ed. 260. Frumvarp til laga [110. mál]

um fullnustu refsidóma, sem kveðnir hafa verið upp í Danmörku, Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð, o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 11. febr.)

Samhljóða þskj. 152 með þessari breytingu:

13. gr. hljóðar þannig:

Heimilt er að koma á umsjón hér á landi með mönnum, sem hlotið hafa reynslulausn, eftir að hafa tekið út refsivist í „fængsel“ í Danmörku, „tukthus“ eða „fängelse“ í Finnlandi, „fengsel“ í Noregi eða „straffarbete“ eða „fängelse“ í Svíþjóð.

Sþ. 261. Breytingartillaga [28. mál]

við till. til þál. um hagfræðilegar leiðbeiningar fyrir bændur.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Aftan til tillgr. bætist:

Einkum ber að láta athuga, hvort Búreikningaskrifstofa ríkisins er ekki réttur aðili í þessu efni og á hvern hátt hún verði efld nægilega til þess að geta betur en nú gegnt því hlutverki að hafa forustu um hagfræðilega fræðslu- og leiðbeiningastarfsemi fyrir bændur, jafnframt því að safna gögnum og gera útreikninga um búrekstur, sem orðið gætu undirstaða að réttlátri verðlagningu á afurðum bænda.

Nd. 262. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til lyfsölulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. var útbýtt á Alþingi 24. okt. s. l. og vísað til heilbr.- og félmn. 29. s. m. Var frv. tekið fyrir í nefndinni næsta dag og ákveðið að senda það til umsagnar eftirfarandi aðilum: Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Læknafélagi Reykjavíkur, Læknafélagi Íslands, Verzlunarráði Íslands, Sambandi ísl. samvinnufélaga, Rannsóknarstofu háskólans, Tilraunastöðinni að Keldum, Eftirliti lyfjabúða og Dýralæknafélagi Íslands, en allir þessir aðilar hafa margvíslegra hagsmuna að gæta við setningu laganna. Ræddi nefndin frv. á þremur fundum fyrir þinghlé, en þá höfðu umsagnir frá framanrituðum aðilum, að undanteknu Verzlunarráði Íslands, borizt, en auk þess höfðu henni þá borizt ýmsar ábendingar og tillögur frá einstökum aðilum um breytingar á frv. Voru öll þessi gögn send landlækni til athugunar og umsagnar.

Nefndin tók frv. fyrir á ný 31. jan. s. l., og höfðu henni þá borizt allar umsagnir ásamt athugasemdum landlæknis við þær. Eftir að nefndin hafði kynnt sér ýtarlega öll þessi gögn, kallaði hún til sín landlækni, ásamt eftirlitsmanni lyfjabúða, forstöðumanni Lyfjaverzlunar ríkisins og rektor Háskóla Íslands, en

hann hefur verið lögfræðilegur ráðunautur við samningu frv. Ræddi nefndin við þessa aðila öll þau atriði, sem fram höfðu komið í umsögnum um frv., svo og þær athugasemdir og ábendingar, sem nefndin eða einstakir nefndarmenn höfðu fram að færa. Þá mætti og hjá nefndinni yfirdýralæknirinn ásamt einum stjórnarmeðlim úr Dýralæknafélagi Íslands, auk þess sem ýmsir aðilar aðrir ræddu við nefndarmenn um einstök ákvæði frv.

Heildarlöggjöf um lyfsölu hefur aldrei verið sett hér á landi, og byggjast allar framkvæmdir þeirra mála, sem þó snerta svo að segja allan almenning, að langmestu leyti á tilskipun frá 1672, svo og ýmsum reglugerðum, sem út hafa verið gefnar. Er langt síðan mönnum var það ljóst, að við svo búið mátti ekki standa. Hefur því verið unnið að því á síðustu tveimur áratugum að undirbúa heildarlöggjöf um lyfsölu. Árangur þess mikla starfs er frv. það, sem hér um ræðir, og lagt hefur verið fram sem stjórnarfrv. á yfirstandandi þingi. Frv. þetta hefur því verið vandlega undirbúið. Þó leggur nefndin til, að gerðar verði nokkrar breytingar á því, og verður þeim nánar lýst í framsögu.

Í frv. eru engin ákvæði um gjald fyrir lyfsöluleyfi. Var það sameiginlegt álit nefndarinnar, að gjöld verði ákveðin fyrir útgáfu slíkra leyfa, eftir að lögin hafa öðlazt gildi, og að upphæð þeirra verði ákveðin mismunandi eftir því, hvaða viðskiptamöguleika hlutaðeigandi leyfisbeiðandi þá öðlast, og að ákvæði um þetta beri að taka upp í lög um aukatekjur ríkissjóðs og eigi því ekki heima í þessu frv. Rétt þykir að taka fram, að allar þær breytingartillögur, sem nefndin ber fram, miða að því að verða, svo sem frekast er unnt, við þeim óskum, sem borizt hafa nefndinni, án þess þó að veikja það öryggi, sem frv. veitir öllum almenningi, ef að lögum verður.

Sérhver nefndarmaður áskilur sér rétt til þess að bera fram aðrar breytingartillögur en þær, sem nefndin ber fram sameiginlega, eða fylgja öðrum brtt., sem fram kynnu að koma. Að öðru leyti er nefndin sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún ber fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 8. febr. 1963.

Gísli Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason.
Hannibal Valdimarsson. Jón Skaftason.

Nd. 263. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til lyfsölulaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 2. gr. 2. málsgr. 2. málsl. Á eftir orðunum „prófessor í lyfjafræði“ komi: (pharmakologi) — og á eftir orðunum „lyfjafræði lyfsala“ komi: (pharmaci).
2. Við 14. gr. 1. málsgr. Á eftir orðinu „lyfjafræðing“ komi: (pharmaceut).
3. Við 22. gr. 1. málsgr. orðist þannig:
   Lyfseðill (recept) er lyfjaávísun gefin út af lækni, tannlækni, dýralækni, er lækningaleyfi hefur hér á landi, og undirrituð af honum með eigin hendi. Í bráðri nauðsyn, eða vegna verulegrar fjarlægðar frá lyfjabúð, er lyfjaávísun í síma heimil, en staðfesta skal hana með samhljóða lyfseðli, svo fljótt sem auðið er. Nánari ákvæði um lyfjaávísanir skulu sett í reglugerð.
4. Við 29. gr. 4. málsgr. Í stað orðanna „né heldur til tannlækna“ komi: svo og til tannlækna.

5. Við 31. gr. 2. málsgr. orðist þannig:
   Ráðherra getur eftir atvikum lengt þennan frest, þó ekki lengur en eitt ár, nema óviðráðanlegar ástæður séu fyrir hendi.
6. Við 32. gr.
   a. Í 1. málsgr. falli niður orðin „gegn staðgreiðslu“.
   b. Á eftir 2. málsgr. komi ný málsgr., svo hljóðandi, og breytist röð málsgreina samkvæmt því:
      Vilji fráfarandi lyfsali, eða bú hans, ekki selja húsnæði lyfjabúðarinnar, skal honum skylt að leigja það þeim, er við tekur, í allt að eitt ár. Ágreiningi um leigufjárhæð og leiguskilmála skal lokið með þeim hætti, er segir í 5. málsgrein.
7. Við 35 gr. 2. málsgr. Á eftir orðunum „þó getur ráðherra framlengt þann tíma um eitt ár“ komi: í senn.
8. Við 41. gr. 1. málsgr. orðist þannig:
   Lyf, sem lyfjabúðum einum er heimilt að verzla með, má hvorki selja né afhenda til endursölu öðrum en þeim, sem réttindi hafa til að verzla með slíka vöru, sbr. þó ákvæði 50. gr.
9. Við 42. gr. 4. málsgr. Á eftir orðinu „lyfjabúð“ komi: hérlendis.
10. Við 43. gr. 1. málsgr. Á eftir orðunum: „þar sem þörf er sérstakrar lyfjasölu“ komi: að dómi landlæknis.
11. Við 49. gr. Greinin orðist þannig:
   Dýralæknum er heimilt að selja lyf handa dýrum, enda séu þau keypt í lyfjabúðum hérlendis eða lyfjaheildverzlunum, sem og ónæmisefni frá innlendum tilraunastofnunum eða Lyfjaverzlun ríkisins, sbr. 29. gr. 2. málsgr.
   Þeim er einnig heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, að hafa á hendi sölu hjúkrunarvarnings og annarra sjúkragagna handa dýrum svo og einfalda samsetningu lyfja í sama skyni, enda sé ekki rekin lyfjabúð í umdæminu eða dýralæknir sé búsettur fjarri lyfjabúðinni.
   Í dýralæknisumdæmum, þar sem dýralæknar starfa, skulu ekki aðrir læknar ávísa lyfjum, sem ætluð eru dýrum, nema ekki náist til dýralæknis.
   Ráðherra setur í samráði við landlækni, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, nánari fyrirmæli í reglugerð um lyfjagerð og lyfjasölu dýralækna.
12. Við 50. gr.
   a. Við greinina bætist ný málsgr., er verði næstsíðasta málsgr. greinarinnar, svo hljóðandi:
      Tilraunastofnunum, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, er heimilt að selja lyf, sem þær hafa sjálfar framleitt, svo og dýralyf, sem þær gera tilraunir með, án takmarkana þeirra, er greinir í 1. málsgr., en hlíta skulu þær stofnanir þó ákvæðum b-liðs 1. málsgr.
   b. Næstsíðasta málsgr. í greininni, eins og hún er nú, verði síðasta málsgr. og orðist þannig:
      Nánari fyrirmæli um efni þessarar greinar skal setja í reglugerð.
13. Við 51. gr. 1. málsgr. orðist þannig:
   Lyfjabúðum og viðurkenndum lyfjagerðum (sbr. 50. gr.) svo og tilraunastofnunum, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, er heimilt að flytja inn lyf og efni til lyfjagerðar vegna eigin þarfa.
14. Við bráðabirgðaákvæði.
   a. 1. tölul. orðist þannig:
      Þeir lyfsalar, sem hafa lyfsöluleyfi, er lög þessi öðlast gildi, og fullnægja ákvæðum laganna, eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs.
   b. Við 2. tölul. bætist:
      Ráðherra má einnig veita einstaklingi, sem haft hefur innflutning lyfja sem aðalstarf a. m. k. síðastliðin 10 ár, leyfi til að halda þeirri starfsemi áfram um eitt ár í senn.

Nd. 264. Breytingartillaga [64. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 14. maí 1955, um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Ingvari Gíslasyni.

Á eftir 2. tölulið komi nýr liður:

C. 46 orðist svo:
Hörgárdalsvegur innri: Af Norðurlandsvegi hjá Bægisá á Þelamörk um Hörgárbrú hjá Þúfnavöllum að Ásgerðarstaðaseli.

Ed. 265. Frumvarp til laga [146. mál]

um bústofnslánasjóð.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Hermann Jónasson, Ásgeir Bjarnason, Páll Þorsteinsson, Karl Kristjánsson, Sigurvin Einarsson.

1. gr.

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Bústofnslánasjóður veitir lán frumbýlingum og öðrum bændum til bústofnsaukningar og vélakaupa, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

2. gr.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er:
a. 40 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal sjóðnum á næstu átta árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
b. 60 milljón króna lán, er stjórn bústofnslánasjóðs heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

3. gr.

Bústofnslánasjóður veitir frumbýlingum og öðrum bændum, sem fullnægja skilyrðum 4. gr., lán til að kaupa bústofn eða búvélar.

4. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði eru:
a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum;
c. að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda;
e. að umsækjandi geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið lán samkvæmt lögum þessum.

5. gr.

Lán úr bústofnslánasjóði má veita gegn eftirtöldum tryggingum:
1. gegn veði í fasteign;
2. gegn veði í vélum og verkfærum;
3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð, frá 4. nóv. 1887;

4. gegn hreppsábyrgð;
5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.

Sjóðsstjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.

6. gr.

Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

7. gr.

Vextir af lánum úr bústofnslánasjóði mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 10 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

Heimilt er sjóðsstjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

Gjalddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.

8. gr.

Umsóknir um lán samkvæmt lögum þessum skulu sendar sjóðsstjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er sjóðsstjórnin ákveður.

9. gr.

Stjórn bústofnslánasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 stjórnarmanna kosnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, en sá fimmti, sem er formaður stjórnarinnar, skal skipaður af landbúnaðarráðherra samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

10. gr.

Bústofnslánasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum úr sjóðnum eru undanþegin stimpilgjaldi.

11. gr.

Bústofnslánasjóður skal vera í vörzlum Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarbankinn hefur á hendi reikningshald fyrir sjóðinn, annast afgreiðslu lána, innheimtur á þeim sem og önnur nauðsynleg skrifstofustörf í því sambandi gegn þóknun, er ráðherra ákveður.

12. gr.

Árlega skal semja reikning bústofnslánasjóðs, sem endurskoðaður skal af endurskoðendum Búnaðarbankans.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

13. gr.

Kostnað af framkvæmd laga þessara, þar með talin þóknun til stjórnarnefndarmanna, greiðir ríkissjóður.

14. gr.

Í reglugerð fyrir bústofnslánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og starfrækslu, er nauðsynleg þykja og eigi fara í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Á tveim undanförnum þingum hafa framsóknarmenn flutt frumvarp um stofnun sérstaks bústofnslánasjóðs, er ætlað hefur verið það hlutverk að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán eða stuðning til bústofnsaukningar og vélakaupa eða til greiðslu þungbærra lausaskulda, sem efnahag þeirra eru ofviða og standa í vegi fyrir því, að búrekstur þeirra komist á heilbrigðan grundvölll. Frumvörp þessi hafa í bæði skiptin verð svæfð í nefnd.

Frumvarp það, sem hér liggur fyrir, gengur í svipaða átt og hin fyrri frumvörp. Þar sem síðasta Alþingi afgreiddi sérstök lög um lausaskuldalán bænda og sú löggjöf er nú komin til framkvæmda, er þó hér eigi gert ráð fyrir, að bústofnslánasjóður veiti lán til greiðslu lausaskulda. Samkvæmt hinum fyrri frumvörpum var í undantekningartilfellum gert ráð fyrir styrk til bústofnsaukningar auk hagstæðra lána. Hér er hins vegar aðeins gert ráð fyrir lánveitingum úr bústofnslánasjóði.

Í því frumvarpi, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að settur sé á stofn sérstakur lánasjóður — bústofnslánasjóður — í vörzlu Búnaðarbankans, en undir sérstakri stjórn, er hafi það hlutverk að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán til bústofns- og vélakaupa. Vextir af lánum þessum skulu eigi vera hærri en 5%. Heimilt er að veita bústofnslán gegn öðrum tryggingum en þeim, sem nú er krafizt, þegar um er að ræða stofnlán til landbúnaðar. Hins vegar er gert ráð fyrir tiltölulega suttum lánstíma.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er ákveðið 100 millj kr., þar af 40 millj. kr. óendurkræft framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn að láni með ríkisábyrgð.

Fimm manna nefnd á að hafa á hendi stjórn sjóðsins og ákvörðunarvald um lánveitingar. Skulu fjórir nefndarmanna kjörnir af sameinuðu Alþingi með hlutfallskosningu, en hinn fimmti, sem jafnframt er formaður, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsambands bænda.

Til rökstuðnings þessu frumvarpi má að mestu vísa til þeirra greinargerða, sem fylgt hafa fyrri frumvörpum um sama efni. Til viðbótar skal þó þetta fram tekið:

Það er mikil og augljós þörf á sérstökum lánum til bústofnsaukningar og vélakaupa. Sú þörf er auðvitað sérstaklega brýn hjá frumbýlingum. En mörgum eldri bændum er einnig bráðnauðsynlegt að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komizt sæmilega af og staðið straum af þeim margvíslegu framkvæmdum, sem þeir hafa lagt í á jörðum sínum, en með jarðræktarframkvæmdum og aukinni vélanotkun hafa einmitt skapazt skilyrði fyrir að framfleyta stærra búi á hverri jörð. Um búvélarnar er svipaða sögu að segja. Flestir, sem nokkuð þekkja til, munu sammála um, að búskapur verði ekki stundaður með neinum verulegum árangri nú á dögum nema með nauðsynlegum búvélum. Aðstaða þeirra bænda, sem ekki hafa nauðsynleg tæki og vélar, má heita vonlaus. Auknar jarðræktarframkvæmdir kalla á aukna vélanotkun, og séu búin stækkuð, er margvísleg vélanotkun óhjákvæmileg, sérstaklega þegar um einyrkja er að ræða.

En bústofn og búvélar kosta mikið fé. Frumbýlingar og efnalitlir bændur hafa alls ekki það fé handa á milli, sem til þess þarf að festa kaup á bústofni eða hæfilegum búvélum, allra sízt eftir þá stórkostlegu dýrtíðarkaukningu, sem átt hefur sér stað að undanförnu. Búvélarnar hafa t. d. stórhækkað í verði beinlínis vegna efnahagsaðgerða þess opinbera. Erfiðleikar frumbýlinga eru að sjálfsögðu sérstaklega augljósir. Kostnaður við bústofnun í sveit er mjög mikill og hefur einmitt stóraukizt á undanförnum þrem til fjórum árum, m. a. vegna gífurlegra verðhækkana og vaxtaokurs. Þeir munu því vera fáir frumbýlingarnir, sem hafa, eins og nú háttar til, ráð á nægilegu fjármagni til að festa kaup á jörð, nauðsynlegum áhöldum og vélum og hæfilegum bústofni.

Það er engum efa undirorpið, að það mundi verða mörgum frumbýlingum mikil lyftistöng, ef þeir ættu kost á föstum og hagstæðum lánum til bústofnsaukningar og vélakaupa. Slík frumbýlingslán gætu óefað stuðlað að því að fleiri hjón en ella reistu bú í sveit. En slíkra lána hefur ekki verið kostur til þessa. Verði þetta frumvarp að lögum, verður mikil og nauðsynleg breyting í þeim efnum.

Í lögum nr. 75/1962, um stofnlánadeild landbúnaðarins, er samþykkt voru á síðasta Alþingi, er að vísu heimild til lánveitinga til bústofnsaukningar og búvélakaupa, en slík heimildarákvæði eru auðvitað lítilsverði, séu þau ekki notuð. Það má með sönnu segja, að ekki sé enn full reynd komin á um beitingu þessara laga, þar sem svo skammt er umliðið, frá því að þau voru sett. Þess er þó að gæta, að lögin eru að stofni til eldri, þar sem þau byggja á eldri lögum, þ. e. a. s. á l. nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, en í þeim lögum var ræktunarsjóði heimilað að veita lán til bústofnsauka. Sú heimild var hins vegar aldrei notuð, sem tæplega var heldur við að búast, þar sem ræktunarsjóðurinn átti jafnan fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum, sem honum voru fyrst og fremst ætluð. Það er hætt við, að framkvæmdin verði að þessu leyti hin sama eftir hinum nýju lögum. Enn sem komið er bendir a. m. k. ekkert til þess, að heimildin til bústofnslána verði notuð. Hins vegar munu nú hafnar nokkrar lánveitingar úr stofnlánadeildinni til búvélakaupa, og er það góðra gjalda vert, svo langt sem það nær. En þær lánveitingar eru á engan hátt fullnægjandi, þar sem ekki mun lánað nema 30% af andvirði tiltekinna búvéla. Sérstaklega eru auðvitað slíkar lánveitingar ónógar flestum frumbýlingum. Í mörgum tilfellum er mönnum því nauðsynlegt að fá viðbótarlán. Það er því eftir sem áður full þörf á, að bústofnslánasjóður hafi heimild til að lána til vélakaupa.

Þörfin á sérstökum bústofnslánasjóði, er sinni þeim hlutverkum, sem honum eru ætluð í frumvarpi þessu, er því sú hin sama og áður, þrátt fyrir hin nýju stofnlánadeildarlög. Sú þörf er brýn, og má ekki dragast öllu lengur að koma slíkri lánastofnun á fót.

Einstakar frumvarpsgreinar þurfa ekki skýringar við.

Ed. 266. Nefndarálit [27. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á tveim fundum sínum og enn fremur leitað upplýsinga hjá síldarútvegsnefnd um áætlaðan stofnkostnað tunnuverksmiðju, er framleitt gæti um 60 þúsund tunnur árlega. Síldarútvegsnefnd fól verkfræðingi Tunnuverksmiðja ríkisins, Einari H. Ásgeirssyni, að gera umrædda áætlun. Samkvæmt bréfi nefndarinnar, dags. 28. nóv. s. l., hefur hann áætlað stofnkostnaðinn sem hér segir:

1.	Verksmiðjuvélar	2150000 kr.
2.	Verksmiðjuhús	1800000 —
3.	Geymsluhús fyrir 25 þús. tómar tunnur og efnisgeymsla fyrir 450 standarda af tunnutimbri	1850000 —
	Samtals	5800000 kr.

Það er skoðun nefndarmanna, að stefna beri að því, að allar tunnur, sem síldarútvegurinn og aðrar framleiðslugreinar landsmanna þarfnast, verði smíðaðar innanlands. Með hliðsjón af því verði lögð á það áherzla, að báðar þær tunnuverksmiðjur, sem um getur í frumvarpinu, verði byggðar svo fljótt sem verða má.

Með tilvísun til áætlunar um stofnkostnað verður að telja nauðsynlegt, að heimildin til lántöku í þessu skyni verði hækkuð frá því, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, úr allt að 8 milljónum króna í allt að 12 milljónum króna.

Varðandi staðsetningu verksmiðjunnar á Suðvesturlandi er það álit nefndarinnar, að Akranes sé heppilegur staður. Hins vegar telja nefndarmenn, að ekki sé ástæða til að binda slíkt ákvæði fyrir fram í lögunum.

Nefndin vill því eindregið mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað „Akranesi“ komi: Suðvesturlandi.
2. Við 2. gr. Í stað „allt að 8 milljónum króna“ komi: allt að 12 milljónum króna.

Alþingi, 7. febr. 1962.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson.
Sigurvin Einarsson. Björn Jónsson.

Sþ. 267. Nefndarálit [38. mál]

um till. til þál. um byggingarframkvæmdir og fornleifarannsóknir í Reykholti.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið umsagnir fræðslumálastjóra, skólastjóra og sóknarprests í Reykholti og þjóðminjavarðar. Mæla allir þessir aðilar með samþykkt tillögunnar.

Allsherjarnefnd er sammála um að mæla með samþykkt till. í nokkuð breyttu formi og leggur fram eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hraða skipulagningu og undirbúningi næstu byggingarframkvæmda við Reykholtsskóla og staðsetja þær þannig, að sem fyrst verði unnt að ljúka fornleifarannsóknum á staðnum, enda verði haft samráð við þjóðminjavörð um málið.

Alþingi, 11. febr. 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Gísli Jónsson. Geir Gunnarsson.
Björn Pálsson. Jónas G. Rafnar. Gísli Guðmundsson.

Ed. **268. Frumvarp til laga** [147. mál]

um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Allir kirkjugarðar landsins og grafreitir eru friðhelgir og skulu vígðir vera af presti. Þar má ekki hafa í nánd leikvelli né önnur mannvirki, sem stafar frá ys og hávaði eða eru til lýta.

2. gr.

Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs, drukknaðir menn þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða. Heimilt er sóknarnefnd að taka legkaup fyrir þá, er teljast til annars trúfélags en þjóðkirkjunnar eða eiga heimili utan sóknar, hafi þeir eigi áður tryggt sér leg (sbr. 12. gr.). Engan má jarða í óvígðum reit.

3. gr.

Hver kirkjugarður þjóðkirkjunnar er sjálfseignarstofnun með sérstöku fjárhaldi, í umsjón og ábyrgð safnaðar undir yfirstjórn biskups.

Sóknarnefnd eða sérnefnd kjörin af safnaðarfundi hefur á hendi umsjón og fjárhald kirkjugarðs, samkvæmt því sem fyrir er mælt í lögum þessum, og er hér á eftir nefnd kirkjugarðsstjórn.

4. gr.

Skipulagsnefnd kirkjugarða hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins, svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður, einn maður kosinn af Kirkjuþingi og annar af Safnaðarráði Reykjavíkurprófastsdæmis, báðir kosnir til 6 ára í senn.

Nefndin ræður umsjónarmann kirkjugarða og setur honum starfsreglur, og skal hann vera sérfróður um gerð og skipulag kirkjugarða.

Laun hans greiðist úr ríkissjóði.

5. gr.

Skylt er sveitarfélagi því (en sveitarfélag í lögum þessum er jafnframt haft um bæjarfélög), er liggur innan sóknar, að láta ókeypis í té hæfilegt kirkjugarðsstæði svo og hleðslu- og steypuefni — sand og möl — í girðingu, þó þannig, að óbreyttar haldist kvaðir þær, er þegar eru á jörðum og lóðum, þar sem kirkjugarðar standa.

Þar, sem ekki er völ á nægilega þurrum eða djúpum jarðvegi til kirkjugarðsstæðis, skal sveitarfélag kosta framræslu og uppfyllingu landsins, svo að unnt verði að taka nægilega djúpar grafir og ekki standi vatn í þeim.

Þar, sem kirkja er ekki í kirkjugarði, leggur sveitarfélag veg frá henni til kirkjugarðs og heldur honum akfærum. Enn fremur leggur sveitarfélag til ókeypis hæfilegan ofaníburð í götur og gangstíga kirkjugarðs, ef þess er krafizt.

Í kaupstöðum eða kauptúnum sér sveitarfélag fyrir nægilegu vatni til vökvunar blóma og trjágróðurs í kirkjugarðinum, úr vatnspípum innan garðs, þar sem við verður komið, eða úr brunni í nánd, þar sem engin óhollusta getur af stafað.

Nú hafa fleiri en eitt sveitarfélag eða bæjarfélag og hreppur eða hreppshluti sameiginlegan kirkjugarð, og skal þá skipta kostnaðinum niður á hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélög, eða hluta þeirra, eftir mannfjölda í hverju þeirra fyrir sig, þ. á m. stofnkostnaði skv. 1. mgr.

Heimilt er, með samþykki dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, að taka eignarnámi hentuga lóð undir kirkjugarð, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóv. 1917.

Rétt er kirkjugarðsstjórn, ef óhæfilegur dráttur verður á framkvæmd þeirra verka, er getur í 2.—4. málsgr. þessarar greinar, að taka sjálf að sér framkvæmd að nokkru eða öllu leyti. Gerir hún þá reikning yfir kostnaðinn að verkinu loknu, og sætir reikningurinn úrskurði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, ef ágreiningur verður. Greiða skal reikninginn samkvæmt úrskurði ráðuneytisins innan mánaðar frá því, er hann er felldur.

6. gr.

Kirkjugarðar skulu girtir smekklegri, fjárheldri girðingu með vönduðu sáluhliði, grind á hjörum og læsingu. Þegar girða þarf kirkjugarð, skal leita um það tillagna umsjónarmanns kirkjugarða. Að fengnum þessum tillögum gerir safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ályktun um gerð girðingarinnar. Náist eigi samkomulag um hana við umsjónarmann kirkjugarða, ræður úrskurður skipulagsnefndar kirkjugarða.

Nú er kirkjugarður fjarri kirkju, og skal þá vera klukka í sáluhliði, stöpli eða líkhúsi.

7. gr.

Lögmætur safnaðarfundur eða kirkjugarðsstjórn, ef fleiri söfnuðir en einn eiga í hlut, ákveður, hvenær taka skal upp nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan.

Nú er þetta vanrækt, og getur þá skipulagsnefnd kirkjugarða skipað fyrir um stækkun eða flutning kirkjugarðs, enda liggi fyrir álit héraðsprófasts um nauðsyn þess.

Þegar gera á nýjan kirkjugarð eða stækka gamlan, skal liggja fyrir vottorð héraðslæknis um það, að garðsstæði sé valið í samræmi við heilbrigðisreglur. Vottorð þetta sendist síðan ásamt uppdrætti að fyrirhuguðum kirkjugarði umsjónarmanni kirkjugarða, er hann leggur ásamt umsögn sinni fyrir skipulagsnefnd kirkjugarða til fullnaðarúrskurðar.

8. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu láta gera á sérstök eyðublöð uppdrætti af kirkjugörðum landsins, bæði þeim, sem í notkun eru, og hinum, sem hætt er að nota, en enn hefur eigi verið sléttað yfir. Á uppdrætti þessa sé markað fyrir legsteinum öllum og þeim leiðum, sem menn vita deili á. Lýsing fylgi á minnismerkjum og skrá yfir þau leiði, sem menn vita, hverjir hvíla undir, ásamt nöfnum þeirra og dánarári.

Að því búnu lætur umsjónarmaður kirkjugarða í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða gera uppdrátt að skipulagi garðanna, stækkun, ef með þarf, girðingum og sáluhliði.

Umsjónarmaður kirkjugarða gerir tillögur um niðurlagða kirkjugarða, hvernig með skuli fara.

9. gr.

Kirkjugarðsstjórn heldur legstaðaskrá í því formi, sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður. Þar skal rita nöfn, stöðu, heimili, aldur, greftrunardag og grafarnúmer þeirra, sem jarðsettir eru, jafnóðum og greftrað er, enn fremur nöfn þeirra, er fyrr hafa verið jarðaðir í garðinum, ef leiði þeirra þekkjast. Uppdráttur af kirkjugarðinum fylgi hverri legstaðaskrá, og séu mörkuð á hann leiði allra þeirra, sem standa í skránni. Skrá þessi skal gerð í tveimur eintökum, og geymist annað hjá sóknarpresti, og skal það afhent honum ársfjórðungslega. Í Reykjavíkurprófastsdæmi skal afhenda skrána borgarlækni mánaðarlega. Geta skal þess í legstaðaskrá, ef lík er jarðað í kistu úr málmi eða sérstaklega varanlegum viði.

10. gr.

Kirkjugarðsstjórn ber að sjá um, að grefti sé hagað skipulega og samkvæmt uppdrætti, enda óheimilt að taka gröf annars staðar en þar, sem hún leyfir eða umboðsmaður hennar.

Gröf má eigi taka innan kirkju eða nær grunni hennar en 1½ metra.

11. gr.

Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Sé ætlunin að tvígrafa í sömu gröf, skal grafardýpt fyrra sinn vera 2½ metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum svo fljótt sem við verður komið og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.

Beinum, sem upp kunna að koma, þegar gröf er tekin, skal koma fyrir í gröfinni á ný, þannig að sem minnst beri á þeim. Sé bálstofa fyrir hendi, er heimilt að brenna allar slíkar leifar og leggja öskuna í gröf.

12. gr.

Hjón eiga, ef kostur er, rétt á allt að fjórum grafarstæðum í sóknarkirkjugarði sínum og geta fengið þau mæld út og leyfisbréf fyrir þeim hjá kirkjugarðsstjórn gegn gjaldi á grafarstæði, sem skipulagsnefnd kirkjugarða ákveður til 10 ára í senn að fengnu samþykki kirkjumálaráðuneytisins. Heimilt er að tvígrafa, enda sé það tekið fram í leyfisbréfi og legstaðaskrá. Réttur til grafarstæðanna gildir í 75 ár.

Rétt til grafarstæða samkvæmt framansögðu erfir eftirlifandi maki, en eftir hann börn hjónanna og kjörbörn, á meðan búsett eru í sókninni. Rétt til legs í slíkum reit hafa auk hjóna börn þeirra og kjörbörn, foreldrar, fósturforeldrar og barnabörn, í þeirri röð, sem þau andast, nema samkomulag verði um annað.

Stærð grafarstæða skal vera 2.50×1.20 metrar.

13. gr.

Allar grafir skulu friðaðar í 75 ár. Að þeim tíma liðnum er kirkjugarðsstjórn heimilt að grafa þar að nýju eða framlengja friðun, ef þess er óskað, gegn gjaldi fyrir ár hvert, sem friðun á að vara. Gjald þetta ákveður skipulagsnefnd kirkjugarða til 10 ára í senn með samþykki kirkjumálaráðuneytisins, og greiðist það við afhendingu leyfisbréfs. Heimilt er og kirkjugarðsstjórn að friða leiði, ef þar eru smekkleg minnismerki og þeim vel við haldið eða af öðrum ástæðum.

Kirkjugarðsstjórnir skulu stuðla að því, að legstaðir séu smekklega prýddir blómjurtum og vel um þá hirt.

Skógrækt ríkisins er skylt að veita kirkjugarðsstjórnum leiðbeiningar um val og hirðingu trjáa, er vel hæfa kirkjugörðum.

14. gr.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta samkvæmt staðfestum uppdrætti girða kirkjugarða, leggja þar brautir og gangstíga, gróðursetja tré og runna, slétta garðinn, ef til þess er ætlazt, halda öllu þessu vel við, láta slá garðana reglulega með varúð og hafa þá að öllu leyti vel og snyrtilega hirta.

15. gr.

Öll leiði í kirkjugarði, sem þekkt eru, skulu auðkennd með tölumerki, er samsvarar tölu þeirra á legstaðaskrá. Sá, er setja vill minnismerki á leiði, skal fá til þess leyfi kirkjugarðsstjórnar, sem ber að sjá um, að minnismerkið sé traust og fari vel. Eigi má setja girðingar úr steini, málmi eða timbri um einstök leiði eða fjölskyldugrafreiti. Eigi má gera grafhýsi í kirkjugarði.

Ágreiningi um þessi atriði má skjóta til skipulagsnefndar kirkjugarða.

16. gr.

Vanræki hlutaðeigendur að hirða sómasamlega um gróður á leiði, skal kirkjugarðsstjórn láta þekja og hreinsa leiðið á kostnað þeirra eða kirkjugarðsins. Með sama hætti er heimilt að fjarlægja af leiðum ónýtar eða óviðeigandi girðingar og minnismerki, en gera skal þá aðstandendum viðvart áður, ef kostur er, og jafnan haft samráð í þessum efnum við sóknarprest, í Reykjavíkurprófastsdæmi við dómprófast. Minnismerkjum, sem fjarlægð eru, skal að jafnaði komið fyrir á vissum stað í garðinum, þar sem bezt þykir á fara að dómi héraðsprófasts. Þetta gildir og um minnismerki á þeim gröfum, sem eldri eru en 75 ára og enginn hefur óskað friðunar á. Séu slík minnismerki flutt, skal upprunalegur staður þeirra merktur greinilega samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga.

Kirkjugarðsstjórnum er skylt að láta hefja gömul minnismerki úr moldu, ef þörf krefur. Enn fremur er þeim skylt að láta smíða hlífðarstokka um þá legsteina, er þjóðminjavörður tiltekur. Kostnað, sem af þessu leiðir, ber að greiða af tekjum hlutaðeigandi kirkjugarða.

17. gr.

Þegar líkbrennsla fer fram, er skylt að búa um öskuna í þar til gerðum duftkerjum. Kerin má grafa niður í grafarstæði eða leiði, enda liggi fyrir fullt samkomulag aðstandenda. Dýpt duftkersgrafar skal vera 1 metri. Kirkjugarðsstjórn getur ákveðið sérstakan reit í kirkjugarði fyrir duftker og sé stærð hvers leiðis jafnan hin sama, um ½ fermetri. Heimilt er bálfarafélagi eða kirkjugarðsstjórn í samráði við umsjónarmann kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkjugarða að reisa kapellu í kirkjugarði til varðveizlu duftkerja. Nöfn þeirra, sem duft er varðveitt af í kirkjugarð, skal rita á legstaðaskrá og kerin eða grafirnar tölusettar.

Óheimilt er að varðveita duftker annars staðar en í kirkjugarði.

18. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að ráða sérstakan kirkjugarðsvörð svo og framkvæmdastjóra, er hafi á hendi umsjón og eftirlit samkv. erindisbréfi, sem kirkjugarðsstjórn gefur þar um.

Kirkjugarðsstjórn getur falið kirkjugarðsverði að taka allar grafir í garðinum gegn ákveðnu gjaldi svo og árlegt viðhald legstaða fyrir þá, er þess óska, samkvæmt gjaldskrá, er hún setur.

Lögmætur safnaðarfundur getur veitt kirkjugarðsstjórn einkaheimild til þess að nota líkvagn við jarðarfarir gegn hæfilegu gjaldi, sem rennur í sjóð kirkjugarðsins.

19. gr.

Nú hafa tvær sóknir eða fleiri sameiginlegan kirkjugarð eða kirkjugarða, og skulu þá sóknarnefndir hver um sig svo og utanþjóðkirkjusöfnuðir með a. m. k. 2000 gjaldskylda meðlimi kjósa einn mann úr sínum hópi í kirkjugarðsstjórn. Bálfarafélag Íslands kýs einn fulltrúa í kirkjugarðsstjórn Reykjavíkur. Sé tala safnaðarnefnda jöfn, kjósa þær á sameiginlegum fundi einn mann í stjórnina.

Um kjörtíma kirkjugarðsstjórna gilda sömu reglur sem um sóknarnefndir. Kirkjugarðsstjórnir þessar hafa sömu skyldur og ábyrgð sem sóknarnefndir, að því er til kirkjugarða tekur.

Utanþjóðkirkjusöfnuðir, er hafa löggiltan forstöðumann, eiga rétt á því að fá í kirkjugarði hæfilega stóran reit fyrir sig, miðað við hlutfallslegan mannfjölda.

20. gr.

Heimilt er að stofna legstaðasjóði til viðhalds einstökum legstöðum í kirkjugörðum. Kirkjugarðsstjórn hefur á hendi stjórn og reikningshald sjóða þessara undir yfirstjórn héraðsprófasts. Er henni skylt að ávaxta sjóðina í kirkjugarðasjóði.

Stofnandi legstaðasjóðs skal í samráði við kirkjugarðsstjórn setja fyrirmæli um það, hvernig verja skuli fé sjóðsins til viðhalds og endurnýjunar legstaðarins.

Nú er friðunartími slíks legstaðar liðinn og ekki nægilegt fé fyrir hendi í sjóðnum til sómasamlegs viðhalds legstaðarins að dómi héraðsprófasts, og hverfur þá sjóðurinn til kirkjugarðsins sem eign hans.

21. gr.

Ákvörðun um niðurlagningu kirkjugarða er því aðeins gild, að gerð sé með ⅔ atkvæða á lögmætum safnaðarfundi, enda komi til samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Niðurlagningu kirkjugarðs skal tilkynna biskupi og kirkjumálaráðuneyti. Niðurlagðir kirkjugarðar skulu taldir til fornleifa, og lætur ráðuneytið þinglýsa friðhelgi þeirra.

22. gr.

Skylt er að halda við girðingu um niðurlagðan kirkjugarð á kostnað sóknarkirkjugarðsins svo og láta slá hann og hirða sómasamlega. Jarða má í niðurlögðum kirkjugarði þá, sem þar eiga nána vandamenn, enda sé þar klukka til líkhringingar.

23. gr.

Nú eru liðin tuttugu ár frá niðurlagningu kirkjugarðs eða tíu ár a. m. k. frá greftrun í kirkjugarði, og getur þá löglegur safnaðarfundur fengið garðinn í hendur hlutaðeigandi sveitarfélagi sem almenningsgarð með ákveðnum skilyrðum, ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir og staðfest er af kirkjumálaráðuneytinu. Heimilt er og með samþykki sömu aðila að slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð eða gamla grafreiti, sem löngu er hætt að jarða í, en þá skal kirkjugarðsstjórn jafnframt láta reisa þar varanlegt minnismerki með áletrun um það, að þar hafi kirkjugarður verið.

Niðurlagðan grafreit má ekki nota til neins þess, sem óviðeigandi er að dómi héraðsprófasts. Ekki má þar jarðrask gera með skurðgrefti né reisa nein mannvirki. Þó getur kirkjumálaráðuneytið veitt undanþágu frá þessu, að fengnu samþykki skipulagsnefndar kirkjugarða.

Vandamenn eiga rétt á að halda við minnismerkjum í niðurlögðum kirkjugörðum eða flytja þau burt þaðan.

Þegar samþykkt hefur verið að leggja niður kirkjugarð eða slétta yfir hann, skal það auglýst þrisvar í Lögbirtingablaðinu og útvarpi. Gefi þá enginn sig fram innan átta vikna, er vilji varðveita minnismerki í garðinum eða taka þau í sína vörzlu, getur kirkjugarðstjórn valið þeim annan stað (sbr. 16. gr.).

Áður en sléttað er yfir gamlan kirkjugarð, skal hlutaðeigandi sóknarprestur, í Reykjavíkurprófastsdæmi kirkjugarðsstjórn, semja nákvæma skrá yfir öll minnismerki í garðinum og senda biskupi.

24. gr.

Nú spillir uppblástur eða vatn niðurlögðum kirkjugarði, og skal þá kirkjugarðsstjórn tafarlaust tilkynna það skipulagsnefnd kirkjugarða. Nefndin gerir síðan þær ráðstafanir, er þurfa þykir.

25. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt með samþykki safnaðarfundar að láta reisa líkhús í kirkjugarði á kostnað garðsins svo og verkamannaskýli fyrir starfsmenn hans. En uppdráttur og staðsetning skulu samþykkt af umsjónarmanni kirkjugarða og skipulagsnefnd kirkjugarða. Gerð líkhúsa skal ákveðin í reglugerð um kirkjugarða,

26. gr.

Kirkjugarðsstjórnir skulu árlega semja áætlun um tekjur og gjöld þeirra kirkjugarða, sem þær hafa í umsjá sinni. Á sama hátt skulu þær semja reikning fyrir næstliðið ár yfir tekjur og gjöld kirkjugarðanna, svo og skýrslu um eignir þeirra að meðtöldum legstaðasjóðum (sbr. 20. gr.).

Um reikningshald kirkjugarða gilda sömu reglur sem um reikningshald kirkna.

Tekjur kirkjugarða, auk þeirra, sem áður er getið, skulu vera 1½% árlega af útsvörum og aðstöðugjöldum á því svæði, er rétt á til kirkjugarðsins.

Nú hrökkva eigi tekjur kirkjugarðs fyrir nauðsynlegum útgjöldum, og er þá kirkjugarðsstjórn heimilt með samþykki safnarfundar og að fengnu leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar að hækka hundraðsgjaldið fyrir eitt ár í senn í allt að 4%.

Komi það í ljós, að tekjur kirkjugarðs skv. 3. mgr. að viðbættum öðrum tekjum mundu fara verulega fram úr áætluðum gjöldum það ár, getur kirkjumálaráðuneytið heimilað hlutaðeigandi kirkjugarðsstjórn fyrir eitt ár í senn að innheimta lægra hundraðsgjald af útsvörum og aðstöðugjöldum en í 3. málsgr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins.

Eindagi kirkjugarðsgjalda er hinn sami sem á útsvörum. Er innheimtumönnum ríkissjóðs í kaupstöðum og oddvitum eða innheimtumönnum sveitarsjóða skylt að innheimta þau gegn 6% innheimtulaunum, ef kirkjugarðsstjórn óskar. Ella gerir hún það sjálf gegn sömu þóknun.

Lögtaksréttur fylgir gjöldum þeim, sem mælt er fyrir um í lögum þessum.

27. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Kirkjugarðasjóður. Tekjur hans eru 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum, auk framlags úr ríkissjóði, kr. 100000.00 árlega næstu 20 ár. Kirkjugarðsstjórnir ávaxta í honum, eftir því sem þeim þykir henta, fé kirkjugarðanna, það sem umfram er árlegar þarfir, gegn venjulegum innlánsvöxtum. Skipulagsnefnd kirkjugarða er stjórn sjóðsins.

Reikningshald sjóðsins annast skrifstofa biskups, og gilda um það sömu reglur sem um reikningshald kirkna. Reikningar kirkjugarðasjóðs skulu árlega birtir í Stjórnartíðindum.

Úr sjóði þessum skal veita lán kirkjugarðsstjórnum til girðingar og fegrunar kirkjugarða, allt að ¾ kostnaðar, svo og til þess að setja minnismerki þar, sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús að fornu. Einnig má veita styrki úr sjóðnum til ofangreindra framkvæmda, allt að helmingi kostnaðar, ef sjóðsstjórn þykir sérstök ástæða til. Gerð minnismerkja ákveður skipulagsnefndin.

28. gr.

Eigi má veita leyfi til upptöku heimagrafreita.

Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Í heimagrafreit má eingöngu jarða heimamenn. Undanþágu frá þessu ákvæði getur þó kirkjumálaráðuneytið veitt með samþykki biskups, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Réttur til heimagrafreits á ættaróðali fellur niður, ef óðalið gengur úr ættinni.

29. gr.

Nú hefur eigi verið jarðsungið lík í heimagrafreit í full 25 ár og eigandi jarðarinnar óskar þess að leggja grafreitinn niður, og er honum þá heimilt að taka niður girðingu um reitinn og breyta honum í grasflöt eða trjálund, ef skipulagsnefnd kirkjugarða samþykkir. Séu minnismerki í garðinum, skal jarðeigandi gera aðstandendum viðvart um, að hann ætli að leggja reitinn niður. Er þeim heimilt að halda við minnismerkjum þar á sinn kostnað eða ráðstafa þeim á annan hátt.

30. gr.

Próföstum er skylt að halda nákvæma skrá um kirkjugarða og heimagrafreiti í prófastsdæminu, skoða þá á yfirreiðum sínum og senda biskupi afrit af skoðunargerðum. Fyrir skoðun kirkjugarðs og heimagrafreits ber prófasti hálft kirkjuskoðunargjald, er greiðist af sjóði kirkjugarðs eða eiganda heimagrafreits.

31. gr.

Heimilt er utanþjóðkirkjusöfnuðum, sem hafa löggiltan forstöðumann, að taka upp sérstakan kirkjugarð. Gilda um upptöku hans, viðhald, afnot, stjórn, fjárhag og niðurlagningu sömu reglur sem um kirkjugarða þjóðkirkjunnar.

Safnaðarmenn utanþjóðkirkjusafnaðar, er hafa sérstakan kirkjugarð, eru ekki skyldir til að greiða gjald til sóknarkirkjugarðsins, meðan þeir halda sínum kirkjugarði sómasamlega við og fylgja settum reglum. Þeir eiga þá og ekki rétt til legs í sóknarkirkjugarðinum.

32. gr.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, að fengnu samþykki biskups, að leyfa tilfærslu líka í kirkjugarði eða flutning þeirra í annan kirkjugarð eða grafreit. Umsókn um slíka færslu skal senda biskupi stílaða til kirkjumálaráðuneytisins. Í umsókn skal fram tekið nafn hins látna og aldur, greftrunardagur og dánarmein, ef vitað er, svo og ástæður fyrir umsókninni. Fylgja skal og vottorð héraðslæknis um, að hann telji eigi sýkingarhættu stafa af líkflutningnum.

Réttur aðili til að senda slíka umsókn er eftirlifandi maki, foreldrar, ef um barn dáið innan 18 ára aldurs er að ræða, eða systkini, ef hinn látni á hvorki foreldra né maka á lífi. Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef nánir ættingjar hins látna eru ekki lífs eða ef samþykki þeirra liggur fyrir.

Leyfi veitist með eftirfarandi skilyrðum:

1. Héraðslæknir sé viðstaddur upptöku líksins.
2. Ef um flutning úr kirkjugarði er að ræða, sé líkið í sterkri kistu, er héraðslæknir telur fullnægjandi, og hlýtt fyrirmælum hans um framkvæmd alla.
3. Ef aðeins er um tilfærslu líks innan sama kirkjugarðs að ræða, skeri héraðslæknir úr um það, hvort þörf sé sérstakrar kistu.
4. Enn fremur skal upptaka líks heimil samkvæmt dómsúrskurði.

Sóknarprestur skal jafnan vera viðstaddur upptöku líks. Sér hann og um, að flutningsins sé getið í legstaðaskrám kirkjugarðsins. Enn fremur skal prestur vera við, þegar lík er þannig jarðsett.

33. gr.

Kirkjumálaráðuneytið gefur út reglugerð um kirkjugarða, þar sem sett eru um þá nánari ákvæði, rekstur þeirra, tilhögun og stjórn.

Reglugerðin skal sett í samráði við skipulagsnefnd kirkjugarða.

34. gr.

Kirkjugarðsstjórn er heimilt að setja ýmsar reglur varðandi kirkjugarða og leita staðfestingar kirkjumálaráðherra á þeim.

35. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 500—5000 krónum, enda liggi eigi þyngri refsing við samkvæmt eldri lögum.

36. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 64 23. júní 1932, um kirkjugarða, svo og öll ákvæði eldri laga, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni kirkjumálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma. Frv. fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Gildandi lög um kirkjugarða eru l. nr. 64 23. júní 1932 með áorðnum breytingum og eru því orðin 30 ára gömul. Á þessu tímabili hafa orðið allverulegar breytingar á skipulagi kirkjugarða, bæði hjá nágrannaþjóðum vorum og víðar. Hér á landi er skipulagi og hirðingu kirkjugarðanna mjög ábótavant, og hefur svo lengi verið. Nú virðist vera að vakna nokkur áhugi manna víðs vegar á því að sýna kirkjugörðum meiri ræktarsemi en áður, girða þá sómasamlega, skipuleggja grafstæði og gangbrautir og prýða þá þeim gróðri, er bezt hentar. Þetta hafa nágrannaþjóðir vorar þegar gert með þeim árangri, að kirkjugarðarnir í mörgum bæjum og þorpum eru orðnir þar fegurstu reitirnir, sem unun er að ganga um og skoða.

Þær breytingar á gildandi lögum um kirkjugarða, sem hér er farið fram á, miða einkum að því, að kirkjugörðum landsins verði hér eftir meiri sómi sýndur en hingað til og skipulagi þeirra og hirðingu komið í betra horf.

Frumvarp þetta er upphaflega samið af nefnd, er kirkjumálaráðherra skipaði árið 1955 til þess að endurskoða kirkjuleg lög og tilskipanir. Var það sent frá Alþingi til Kirkjuþings haustið 1958. Kirkjuþing afgreiddi það frá sér með nokkrum breytingum, og var það þannig lagt fyrir Alþingi 1959—60 og afgreitt þaðan með rökstuddri dagskrá þess efnis, að málinu væri vísað til umsagnar safnaðanna í landinu. Fyrir Kirkjuþing 1960 var frumvarpið enn lagt af kirkjumálaráðherra. Fjallaði þingið ýtarlega um málið, og var frumvarpið samþykkt einróma með nokkrum breytingum.

Þá var það lagt fyrir Alþingi 1961—62 af menntamálanefnd efri deildar að beiðni kirkjmálaráðherra, en hlaut ekki afgreiðslu.

Haustið 1962 skipaði kirkjumálaráðherra nefnd til þess að endurskoða frumvarpið. Gerði nefndin allmiklar breytingar á því, og var það síðan í því breytta formi lagt fyrir Kirkjuþing 1962 er enn gerði á því nokkrar breytingar, en samþykkti frumvarpið þannig breytt einróma. Jafnframt gerði þingið svo hljóðandi ályktun: „Um leið og Kirkjuþing afgreiðir frá sér í þriðja sinn frumvarp um kirkjugarða, vill þingið skora á hið háa Alþingi að hraða nú afgreiðslu málsins og gera frumvarpið að lögum.“

Um 1. gr.

Hér eru sett ákvæði um friðun kirkjugarða og bannað að hafa í nánd við þá leikvelli eða þær byggingar, sem frá stafar mikill hávaði eða eru til lýta.

Þykir óhjákvæmilegt, að um þetta séu ákvæði í lögum.

Um 4. gr.

Í 5. grein frumvarpsins frá 1961—62 var gert ráð fyrir skipulagsnefnd kirkna og kirkjugarða, sem í ættu sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður. Auk þeirra starfa, sem nefndinni voru ætluð skv. frumvarpinu, var ætlazt til, að nefndin hefði úrskurðarvald um gerð kirkna og endurbætur eldri kirkna, sbr. l. nr. 43 1954, um Kirkjubyggingasjóð.

Kirkjuþing 1962 lagði einróma til, að starfssvið nefndarinnar skyldi ekki ná til kirkjubygginga og auk framangreindra þriggja nefndarmanna skyldi einn maður kosinn af Kirkjuþingi og annar af safnaðaráði eiga sæti í nefndinni og væru þeir kosnir til 6 ára í senn.

Um 5. gr.

5. mgr. þessarar greinar er samhljóða 5. mgr. 3. gr. l. nr. 64 1932, en hún er ekki í frumvarpinu frá 1961—62. Þótti rétt að taka ákvæðið upp í þetta frumvarp og láta skiptingu kostnaðar einnig ná til stofnkostnaðar, sbr. 1. mgr.

Um 11. gr.

Hér er gert ráð fyrir þeim möguleika að tvígrafa í sömu gröf, enda sé þá fyrri gröfin a. m. k. 2½ metri á dýpt. Þetta er orðið mjög algengt erlendis, enda notast þá betur hið takmarkaða rými í kirkjugörðunum. Enn fremur er hér gert að skyldu að slétta yfir gröf í stað þess að hlaða leiðin upp, svo sem tíðkazt hefur og gerir kirkjugarðana að kargaþýfðum reit með tímanum. Hins vegar á það að vera tryggt með skipulegum grefti, legstaðaskrám og tölumerkingu leiða (sbr. 8. og 15. gr.) sem nánar getur um síðar, að auðvelt sé að finna hvert leiði, þótt ekki sé upphlaðið.

Um 12. gr.

Hér eru sett nánari ákvæði um fjölskyldugrafreiti innan kirkjugarða, en um það hafa eigi til þessa verið nein skýr fyrirmæli og það valdið óþægindum og jafnvel deilum. Af þeim ástæðum þótti og rétt að ákveða erfðarétt til slíkra ættargrafreita og hverjir þar eiga rétt til legs. Rétt þykir, að gjald sé ákveðið af skipulagsnefnd kirkjugarða að fengnu samþykki kirkjumálaráðuneytisins til tiltekins tíma, þar sem verðlag er breytilegt, í stað þess að ákveða það í eitt skipti fyrir öll.

Um 13. gr.

Hér er tekið upp það nýmæli að ákveða friðunartíma grafa og binda hann við 75 ár, nema aðstandendur að þeim tíma liðnum óski lengri friðunar eða rétt þyki að framlengja friðun grafar af öðrum ástæðum. Í Danmörku er friðunartími grafa aðeins 20—30 ár. Með tilliti til kaldrar veðráttu hér þótti rétt að ákveða þennan tíma rúmlega tvöfalt lengri, eða 75 ár. Þessu ákvæði um gröft að nýju eftir 75 ár er ætlazt til að beitt verði með fullri varúð og gætni. Hins vegar er ekki unnt að dyljast þess, að ef friða á allar grafir um óákveðinn tíma, leiðir það til útþenslu kirkjugarða yfir æ stærra svæði, torveldar skipulag þeirra og hefur í för með sér meiri kostnað í viðhaldi og girðingum en söfnuðirnir geta risið undir. Með því að grafa skipulega, merkja allar grafir og skrásetja þær jafnóðum og hafa friðunartímann 75 ár ætti að mega koma í veg fyrir, að nokkurri gröf verði raskað fyrr en líkamsleifar eru fúnaðar, en jafnframt væri þá hægt að stilla stærð grafreitanna í hóf og reikna út fyrir fram, hve stóran grafreit þarf í hverri sókn miðað við fólkstölu, þannig að hann nægi um alla framtíð að lítt breyttum aðstæðum.

Felld er niður, samkvæmt ósk skógræktarstjóra, skylda hans til þess að láta í té ókeypis plöntur til kirkjugarðsstjórna, þar sem hann telur slíkt óheppilegt og jafnvel hafa verið misnotað í einstökum tilfellum. Hins vegar er gert ráð fyrir því, að starfsmenn Skógræktarinnar veiti leiðbeiningar um val jurta og trjáa og láti plöntur í té við vægu verði.

Um 15. gr.

Þar eru ákvæði um tölumerkingu leiða. Á Norðurlöndum er nú tekin upp sú regla að merkja hvert leiði með þar til gerðu tölumerki. Merki þessi eru úr málmi, mjög einföld að gerð og lítt áberandi. Slík merki mætti búa til hér á landi, og mundu þau kosta mjög lítið. Þetta þykir því sjálfsögð ráðstöfun, er mundi auðvelda að finna hvert einstakt leiði í kirkjugarðinum. Þá hefur þótt nauðsyn á að koma í veg fyrir, að sett verði ósmekkleg eða óviðunandi minnismerki á leiði eða annar umbúnaður, sem illa þykir hæfa. Sjón er sögu ríkari um það, til hvílíkrar óprýði og vansa hálffúnar, brotnar og skældar timburgirðingar um leiði eru víðs vegar í kirkjugörðum landsins. Þá þykir og rétt, og er það í samræmi við það, sem frændþjóðir okkar hafa þegar gert, að banna aðrar girðingar en limgerði um einstök leiði. Hér hefur sá leiði síður farið mjög í vöxt, ekki sízt í höfuðstaðnum, að steypa veggi allháa utan um leiðin, og eru veggir þessir síðan húðaðir með skeljasandi eða þess háttar. Þetta er óþarft vegna þess, að kirkjugarðurinn sjálfur á að vera örugglega girtur og friðaður. Þetta hefur í för með sér óþarfan kostnað, sem betur væri varið til fegrunar leiðanna á annan hátt. Þetta gerir hirðingu garðanna erfiðari. Og þetta er til lengdar hvorki fagur umbúnaður um leiði né

varanlegur. Innan skamms mun það koma ömurlega og áþreifanlega í ljós, og er raunar tekið að sjá þess merki, að múrhúð flagnar af veggjunum, þeir springa og skekkjast. Ætti viðhaldsskylda að hvíla á kirkjugarðsstjórn, mundi hún verða stærri baggi en kirkjugarðarnir geta undir risið, hins vegar vafasamt að eiga það undir vilja og framtaki fjarskyldra ættingja, hvort sinnt verður um þessar vanhirtu girðingar eða eigi. Við því má búast, að innan ekki langs tíma verði sumar kirkjugarðsstjórnir að verja til þess miklu fé og fyrirhöfn að fjarlægja úr kirkjugörðunum steinsteyptar girðingar um leiði, sem engir fást til að hirða um lengur og orðnar eru til stórra lýta. Með sömu rökum er hér lagt til, að eigi megi gera grafhýsi í kirkjugarði, en til þess var takmörkuð heimild skv. 16. gr. frumvarpsins frá 1961—62.

Um 17. gr.

Nánari fyrirmæli en áður um meðferð duftkerja eru nauðsynleg. Bannað er að varðveita duftker annars staðar en í vígðum grafreit. Áður hefur nokkuð tíðkazt, að slík ker væru varðveitt í heimahúsum eða í kirkjum, en hvorugt þykir viðeigandi né heppilegt.

Um 26. gr.

Hér eru kirkjugörðum tryggðar árlegar tekjur, 1½% af útsvörum og aðstöðugjöldum.

Víða hafa kirkjugarðsstjórnir haft hærra hundraðsgjald af útsvörum á undanförnum árum, en þá þótti ekki rétt að heimila hærra fast gjald af útsvörum. Hins vegar er nauðsynlegt að heimila hækkun hundraðsgjaldsins fyrir eitt ár í senn, ef tekur kirkjugarðs reynast ónógar, og gerir frumvarpið ráð fyrir, að slík tímabundin hækkun megi nema 4% á útsvörum og aðstöðugjöldum hið mesta, en leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar þurfi að koma til.

Rétt þykir og að gera ráð fyrir því, að lömæltar tekjur samkv. frumvarpinu kunni að fara fram úr áætluðum gjöldum, og lúta ákvæði 5. mgr. að því.

Um 27. gr.

Ef unnt á að vera að girða kirkjugarð sómasamlega, þarf til þess meira fé en söfnuðir eru færir um að leggja fram í eitt skipti. Þess vegna er gert ráð fyrir stofnun sérstaks sjóðs, kirkjugarðasjóðs, er veiti kirkjugarðsstjórnum hagstæð lán til þessara framkvæmda. Fé það, sem sjóður þessi hefði til útlána, yrði 5% af álögðum kirkjugarðsgjöldum, auk framlags úr ríkissjóði, kr. 100000.00 á ári í næstu 20 ár, auk þess fjár, sem kirkjugarðsstjórnum þætti henta að ávaxta í honum af því fé, sem umfram er árlegar þarfir.

Fé kirkjugarðasjóðs á að verja jöfnum höndum til útlána og til styrktar því, að komið verði upp minnismerkjum á þeim stöðum, þar sem verið hafa kirkjugarðar, kirkjur eða bænhús. Slíkir staðir falla óðum í gleymsku, ef ekkert er gert til þess að auðkenna þá. Er það ekki vansalaust söguþjóð. Niðurlagðir kirkjugarðar, fornir kirkjustaðir og bænhús skipta mörgum hundruðum.

Um 28. gr.

Hér er lagt til, að felld verði úr lögum heimild til að leyfa upptöku heimagrafreita. Heimagrafreitir teljast nú vera 155 á landinu, og hefur þeim fjölgað mjög á síðari árum. Af þeim eru 110 í aðeins sex prófastsdæmum. Í einni kirkjusókn landsins, þar sem eru 19 jarðir, auk nýbýla, eru heimagrafreitir 13. Þessi héruð hafa enga sérstöðu um staðhætti eða aðstöðu, er geri þessar ráðstafanir eðlilegar, því síður óhjákvæmilegar. Hér hefur aðeins skapazt tízka, sem verður að teljast allt annað en heppileg. Er auðsætt, að hún stuðlar ekki að áhuga á viðhaldi og fegrun söknarkirkjugarðsins.

Óskir um upptöku einkagrafreita hafa oft verið sprottnar af ræktarsemi við ábýli og eignarjarðir og studdar af þeirri von eða ætlun, að ættmenn þeirra, er

kusu sér leg á eignarjörð, mundu búa á jörðinni framvegis, hirða um grafreitinn og tengjast jörðinni fastari böndum hans vegna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þessar vonir og áætlanir hafa reynzt haldlitlar. Reynslan sýnir, að forsendur af þessu tagi fyrir upptöku heimagrafreita eru næsta fallvaltar. Nýir ábúendur hafa komið til sögu, er vildu hvorki nota reitinn né halda honum við, töldu hann sér með öllu óviðkomandi eða jafnvel til baga. Til er og það, að slíkar jarðir leggist í eyði. Víðs vegar um land eru þannig vanrækt, umhirðulítil eða yfirgefin einstök kuml, og eru þau þjóðinni til lítillar sæmdar, ofan á þá umhirðu kirkjugarða, sem víða er meira en lítið ábótavant. Ekkert bendir til þess, að heimagrafreitur tengi menn verulega fastar við óðal eða ábýli. Þeirri hugmynd virðist reynslan hafa hnekkt. Væri því eðlilegra að beina þeirri tilfinningu tryggðar og ræktarsemi, sem er að baki óskanna um heimagrafreiti, að sameiginlegum legstað sveitarinnar.

En óskir um upptöku einkagrafreita eru allt eins oft sprottnar af geðhrifum stundarinnar eins og af gróinni tryggð við ábýli. Þegar um svipleg dauðsföll er að ræða, er aðstandendum það stundum tilfinningamál að fá að greftra líkin heima hjá sér. Þeim finnst það raunaléttir í bili. En þessi tilfinning verður að teljast skammsýn. Þegar frá líður, verður lítil raunabót að gröfinni í túninu.

Sú reynsla, sem komin er á það, hvernig heimildin um upptöku heimagrafreita gefst í framkvæmd, hnígur öll á eina sveif um það, að hún ætti að hverfa úr lögum. Einkagrafir í túnum og móum víðs vegar, meira eða minna vanhirtar, samfara illa girtum og umhirðulitlum kirkjugörðum, bera vitni um skort á þegnlegri félagshyggju og samvinnuvilja. Virðist, eins og nú háttar um farartæki og samgöngur, engu meiri ástæða til að heimila fólki í sveitum að grafa lík í hlaðvarpa, trjágarði eða túnfæti en að leyfa fólki í bæjum að koma dufti framliðinna fyrir í skrúðgörðum við hús sín.

Um 32. gr.

Rétt þykir að taka inn í kirkjugarðalögin ákvæði um uppgröft og flutning líka.

Sþ. 269. Fyrirspurn [148. mál]

til forsætisráðherra um launakjör alþingismanna.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

a. Hvað hyggst ríkisstjórnin fyrir um lagfæringu á launakjörum alþingismanna á yfirstandandi þingi?
b. Hvaða upplýsinga hefur skrifstofa Alþingis aflað sér, vegna undirbúnings málsins, um launakjör og fríðindi þingmanna í nágrannalöndunum, og gefa þær upplýsingar vísbendingu um, hvort ástæða sé til leiðréttingar á þingfararkaupi alþingismanna?

Nd. 270. Frumvarp til laga [91. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. febr.)

Samhljóða þskj. 111 með þessari breytingu:

2. tölul. 12. gr. (217. gr) orðast svo:

(217. gr.). Sjóveðréttur í skipi nær og til skipsbúnaðar og kröfu útgerðarmanns til skaðabóta og sjótjónsframlags vegna tjóns á skipi, sem orðið hefur, eftir að

ferð hófst, og ekki hefur verið úr bætt. Til skipsbúnaðar teljast ekki vistabirgðir, eldsneyti né aðrar vélarnauðsynjar.

Sjóveðréttur í farmgjaldi tekur yfir óskert (brutto) farmgjald og fargjald fyrir þá ferð, sem krafan stafar af, svo og til skaðabóta og sjótjónsframlags fyrir missi þess farmgjalds eða fargjalds. Sjóveðréttur fyrir kröfum samkvæmt 2. tölulið 216. gr. nær þó til farmgjalds fyrir allar ferðir skips, sem farnar voru, meðan starfssamningur var í gildi.

Sjóveðréttur í skipi og farmgjaldi nær einnig til hluta útgerðarmanns af björgunarlaunum, sem til hefur verið unnið í ferðinni.

Sjóveðréttur fyrir launakröfum og þóknunar samkvæmt 2. tölulið 216. gr. og bótakröfum fyrir eignir skipverja, þær er farizt hafa við sjóslys, sbr. síðasta málslið 4. töluliðs 216 gr., skal einnig ná til vátryggingarfjár skips og farmgjalds, meðan það er ekki af höndum greitt. Nú ferst skip eða er dæmt óbætandi, og er þá vátryggingarsala óskylt að láta vátryggingarfé af höndum, fyrr en 14 dögum eftir að hann átti þess kost að afla þeirra upplýsinga, er þörf var á til þess að meta vátryggingaratburðinn og ákveða upphæð bótanna. Sjóveðréttur nær ekki til vátryggingarfjár í öðrum tilfellum en hér var greint.

Ed. 271. Lög [145. mál]

um samkomudag reglulegs Alþingis 1963.

(Afgreidd frá Ed. 12. febr.)

Samhljóða þskj. 259.

Ed. 272. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Eftir 2. umr. í Ed., 12. febr.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
3. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla.
4. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.
6. Barðastrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
7. Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Árneshreppur í Strandasýslu.
8. Húnaþingsumdæmi: Húnavatnssýslur og Strandasýsla að Árneshreppi.
9. Skagafjarðarumdæmi: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
10. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík, Hrísey.

11. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
12. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
13. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði.
14. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.
15. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
16. Rangárvallaumdæmi: Rangárvallasýsla að Austur-Eyjafjallahreppi.
17. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.
18. Laugarásumdæmi: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðsdýralæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum, samkvæmt ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, lög nr. 7/1959, um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, og lög nr. 38/1960, um breyting á lögum nr. 7/1959, um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, um dýralækna.

Ed. 273. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að samræmis gætti um afgreiðslu þessa frv. milli deilda þingsins, fól nefndin 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar deildar, að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis frv. og umsóknir, er því fylgdu, sem og allmargar umsóknir um ríkisborgararétt, sem síðar höfðu borizt.

Að athugunum sínum loknum varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Reglur þær, sem allsherjarnefndir beggja deilda settu í nefndaráliti 17. maí 1955 og síðan hafa verið gerðar nokkru fyllri, hafði nefndin einnig nú til hliðsjónar við athuganir sínar.

Þykir rétt að birta reglurnar í þessu nefndaráliti, en þær eru þessar:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að áliti tveggja valinkunnra manna starfhæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili 10 ár, Norðurlandabúar 5 ár.

3. Karl eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en 5 ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan ríkisborgara að foreldri, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir 5 ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem hafa ekki náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Þeir 10 umsækjendur, sem greindir eru í tölulið 1—3, 6—7, 10—11 og 13—15 í breytingartillögum nefndarinnar, fullnægja þeim skilyrðum, sem greind eru hér að framan, að dómi nefndarinnar, en aðrir umsækjendur ekki.

Umsækjendur, sem greindir eru í tölul. 4—5, 8—9, 12 og 16 í breytingartillögum nefndarinnar, eru ungverskir flóttamenn, sem leyfð var landvist hér í árslok 1956, og er það í samræmi við tillögur dómsmálaráðuneytisins að veita þeim ríkisborgararétt er sýnt þykir, að þeir muni ílendast hér á landi.

Alþingi, 13. febr. 1963.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Ólafur Jóhannesson. Alfreð Gíslason.

Ed. 274. Breytingartillögur [108. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr.

a. Orðin „(Fær réttinn 8. marz 1963)“ í 1. tölulið falli niður.
b. Orðin „(Fær réttinn 1. febrúar 1963)“ í 23. tölulið falli niður.
c. Í greinina bætist í stafrófsröð:
   1. Dam, Jörgen Kulmbak, verkamaður, Hraunprýði, Engidal, Garðahreppi, f. í Danmörku 27. febrúar 1937.
   2. Hansen, Benny Martin, framreiðslumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 13. júní 1931.
   3. Hansen, Jörgen Christian, kjötiðnaðarmaður á Selfossi, f. í Danmörku 26. júní 1938.
   4. Horváth, József C., bifreiðastjóri í Keflavík, f. í Ungverjalandi 14. júlí 1926.
   5. Horváth, Mária T., húsmóðir í Keflavík, f. í Ungverjalandi 7. okt. 1926.
   6. Joensen, Asbjörg Alfrida, húsmóðir á Efri-Brúnavöllum, Skeiðahreppi, f. í Færeyjum 3. júlí 1936.
   7. Johansen, Jakob Oluf, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 30. júní 1928.
   8. Klimits, Lajos, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 16. febrúar 1941.
   9. Mágyár, Ferenc, verkamaður í Ytri-Njarðvík, f. í Ungverjalandi 27. maí 1937.
   10. Niclasen, Niels Jacob, sjómaður, Akureyri, f. í Færeyjum 10. júlí 1933.
   11. Nielsen, Bent, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 27. desember 1932.
   12. Pal, Joli, saumakona í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 9. maí 1914.
   13. Reiss, Margarete Herta, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 26. september 1937.

14. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. febrúar 1913.
15. Schultz, Helene, húsmóðir á Selfossi, f. í Danmörku 11. september 1935.
16. Töczik, Mihály, verkamaður í Húsavík, f. í Ungverjalandi 25. júlí 1938.

Sþ. 275. Tillaga til þingsályktunar [149. mál]

um farmgjöld.

Flm.: Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að reglur um farmgjöld, sem settar eru af verðlagsyfirvöldum, verði þannig, að flutningsgjöld á vörum til landsins séu ávallt jöfn til allra hafna á landinu. Sé um að ræða framhaldsflutning frá upphaflegri innflutningshöfn, verði kostnaður af slíkum flutningi innifalinn í aðflutningsgjaldinu til landsins, svo að tryggt sé, að allar helztu nauðsynjavörur geti jafnan verið á sama verðlagi hvar sem er á landinu.

Greinargerð.

Um nokkurra ára bil hefur sá háttur verið hafður á um þau farmgjöld, sem ákveðin hafa verið af verðlagsyfirvöldum landsins, að þau væru jafnhá til allra staða á landinu og eins þó að um væri að ræða framhaldsflutningsgjöld frá upphaflegri innflutningshöfn. Með þessum hætti hefur verið kleift að hafa sama verð á öllu landinu á kornvörum, fóðurvörum og sykri, svo að dæmi séu nefnd.

Nokkru fyrir síðustu áramót gerði Eimskipafélag Íslands breytingu á þessari almennu reglu og ákvað, að það mundi ekki taka á sig neinn hluta af framhaldsflutningi vörunnar til staða utan fyrstu innflutningshafnar, nema í þeim tilfellum, að varan væri beinlínis skrásett á farmskírteini til annarrar hafnar. Afleiðing af þessari breytingu félagsins á flutningi vara til landsins verður óhjákvæmilega sú, að verð á kornvörum, fóðurvörum og sykri hlýtur yfirleitt að hækka á stöðum utan Reykjavíkur, en þangað eru þessar vörur yfirleitt fluttar fyrst til landsins. Verðhækkun á kornvörum mun verða af þessum ástæðum um 10—11% á stöðum utan Reykjavíkur.

Verðlagsstjóri mun þegar hafa fengið nokkrar umkvartanir utan af landi vegna þessara verðhækkana. Brauðgerðarhús, sem þurft hafa að greiða viðbótarflutningsgjald, hafa krafizt heimildar til verðhækkunar á brauðum, og verzlanir leggja viðbótargjaldið á þær vörur, sem þær selja. Þannig verður innan skamms allt verðlag á brauðvörum, korni, fóðurvörum og sykri 10—15% hærra úti á landi en það er í Reykjavík, skerist verðlagsyfirvöldin ekki í málið og stöðvi þessa þróun.

Skrifstofa verðlagsstjóra hefur haft mál þetta til athugunar og leitað álits ríkisstjórnarinnar um, hvað gera skuli varðandi þessa einhliða ákvörðun Eimskipafélags Íslands um breytingu á farmgjöldum þeim, sem verðlagsyfirvöldin hafa ákveðið. En enn hefur ekki heyrzt, að ríkisstjórnin hafi hugsað sér að koma í veg fyrir það verðlagsmisræmi, sem með þessu yrði. Ég tel því óhjákvæmilegt að flytja þingsályktunartillögu um málið og legg til, að Alþingi taki skýra afstöðu til málsins og ákveði, að sami háttur skuli hafður á um framkvæmd þessara verðlagseftirlitsmála og verið hefur um langan tíma. Ég tel óviðunandi, að verðlag á ýmsum brýnustu nauðsynjavörum sé miklu hærra á stöðum úti á landi en hér í Reykjavík. Slíkur verðmismunur gæti haft í för með sér margvíslegar hættur, og hætt er við, að endurskoða yrði þá einnig vöruflutninga til landsins.

Ég tel það skyldu Alþingis að koma í veg fyrir, að slíkt óréttlæti skapist, að verðlag á helztu nauðsynjum þurfi að vera mjög breytilegt á hinum ýmsu stöðum á landinu.

Ed. 276. Frumvarp til laga [150. mál]

um breyt. á l. nr. 41 1955, um greiðslu kostnaðar við skóla, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum.

Flm.: Karl Kristjánsson.

1. gr.

15. gr. laganna orðist þannig:

Þegar heimavistarskólar barnafræðslustigs, gagnfræðastigs eða húsmæðraskólar njóta ekki jarðhita til upphitunar, greiðir ríkissjóður ¾ hluta hitunarkostnaðarins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og kemur greiðsluskiptingin samkvæmt þeim til framkvæmda frá síðustu áramótum að því leyti, sem hún ekki hefur áður gilt.

Greinargerð.

Árið 1955 var leitt í lög, að ríkissjóður skuli greiða þrjá fjórðu hluta upphitunarkostnaðar við heimavistarskóla gagnfræðastigs og húsmæðraskóla, sem ekki njóta þeirrar hlunnindaaðstöðu að hafa jarðhita til upphitunar.

Þetta var lögleitt til þess að sýna lit á því að jafna aðstöðumun fólks í þessum efnum.

Heimavistarskólar barnafræðslustigsins á köldum stöðum urðu útundan, þegar þessi ákvæði voru sett.

Allt sýnist mæla með því, að ríkið láti sömu reglu gilda um þátttöku sína í upphitunarkostnaði hjá heimavistarskólum barnafræðslustigsins, sem ekki njóta hlunninda jarðhita, og skólum gagnfræðastigsins og húsmæðraskólum þeim, er ekki búa við jarðhita. Aðstöðumunurinn er nákvæmlega hinn sami. Skylda ríkisins til að draga úr honum álíka mikil.

Ákveðið hefur verið að því unnið á seinustu árum að sameina sem flest skólahéruð um heimavistarbarnaskóla á jarðhitastöðum, og stórlega hefur í þá átt miðað. Einstök skólahéruð eru þó þannig sett, að þau eiga engan kost jarðhita fyrir heimavistarskóla sína — og hafa enga von um, að úr því geti rætzt. Önnur bíða jarðhitarannsókna eða annarra framkvæmdaskilyrða.

Flutningsmaður þessa frumvarps bað Skólaeftirlit ríkisins um upplýsingar um það, hve margir skólarnir væru — eins og sakir standa, — sem nytu breytingarinnar, sem frumvarpið felur í sér, ef það yrði að lögum. Enn fremur hve háa fjárhæð til útgjaldaaukningar fyrir ríkissjóð mundi vera hér um að ræða.

Svör Skólaeftirlitsins voru á þá leið, að heimavistarbarnaskólarnir, er til greina kæmu, væru 26 að tölu. Kostnaður við skólahaldið 1962 væri ekki enn þá uppgerður, því að reikningar þess árs væru ekki komnir frá skólahéruðunum. En ef miðað væri við kostnaðinn á árinu 1961, hefði útgjaldaaukningin fyrir ríkissjóð vegna umræddrar lagabreytingar orðið kr. 258 072.00.

Af þessum upplýsingum má ráða, að þetta réttlætismál gagnvart skólahéruðunum horfir ekki til mikillar útgjaldaaukningar fyrir ríkissjóð.

Ed. 277. Lög [93. mál]

um breyting á jarðræktarlögum, nr. 45 17. maí 1950, og lögum nr. 29 1955, um breyting á þeim lögum.

(Afgreidd frá Ed. 14. febr.)

Samhljóða þskj. 170.

Ed. 278. Frumvarp til laga [27. mál]

um breyting á lögum nr. 49 29. maí 1957, um Tunnuverksmiðjur ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. febr.).

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Nú telur ríkisstjórnin þörf á fleiri tunnuverksmiðjum en þeim, sem um getur í 1. gr., og er henni þá heimilt að byggja og starfrækja tvær verksmiðjur til viðbótar, aðra á Suðvesturlandi og hina á Austur- eða Norðurlandi.

2. gr.

Fyrir orðin „allt að 5 milljónum króna“ í 6. gr. laganna komi: allt að 12 milljónum króna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 279. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]

um bættar samgöngur á sjó við Vestfirði.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara ýtarlega athugun á því, hvernig bezt verði bætt úr þörf Vestfjarða fyrir öruggar og reglubundnar samgöngur á sjó. Skal hraða þessari athugun þannig, að niðurstöður hennar liggi fyrir, þegar næsta reglulegt Alþingi kemur saman.

Greinargerð.

Brýna nauðsyn ber til bættra samgangna á sjó við hafnir Vestfjarða. Hafa þær verið algerlega ófullnægjandi undanfarin ár, og hefur af því leitt margvíslegt óhagræði fyrir atvinnulífið og almenning á Vestfjörðum.

Flm. þessarar þingsályktunartillögu er kunnugt um, að nú stendur yfir endurskoðun á allri starfsemi og rekstri Skipaútgerðar ríkisins, þar á meðal á fyrirkomulagi strandsiglinga, athugun á hagnýtingu nýrrar tækni við út- og uppskipun, endurnýjun skipastóls og öflun nýrra og hentugri skipa.

Flm. leggja því til, að athugað verði sérstaklega í sambandi við þessa endurskoðun á starfsemi Skipaútgerðarinnar, hvernig bætt verði úr hinum ófullkomnu sjósamgöngum við Vestfirði, hvort það skuli gert með byggingu og rekstri sérstaks Vestfjarðaskips, eins og sumir telja að æskilegt sé, eða með öðrum hætti.

Horfur eru nú á, að flugsamgöngur batni verulega við Vestfirði með flugvélakaupum og áætlunarflugi Björns Pálssonar. Mun því almennt fagnað vestra, þar sem flugsamgöngur hafa undanfarið verið mjög lélegar við flesta staði í þessum landshluta að Ísafjarðarkaupstað undanskildum.

En samgöngurnar á sjó eru enn þá svo slæmar, að óhjákvæmilegt er úr að bæta eins fljótt og frekast er kostur.

Nd. **280. Frumvarp til laga** [152. mál]

um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Jón Skaftason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs. Skipið skal vera 600—700 rúmlestir brúttó, byggt til fólks- og vöruflutninga, og skal hluti af farmrými þess búinn kælitækjum.

2. gr.

Skip það, sem um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður reka á leiðinni Vestfjarðahafnir—Reykjavík. Heimahöfn skipsins skal vera Ísafjörður.

3. gr.

Rekstur skipsins er ríkisstjórninni heimilt að fela Skipaútgerð ríkisins eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti.

4. gr.

Til framkvæmda skv. 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 20 milljón króna lán.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vestfirðingar búa enn við erfiðari samgöngur á landi en íbúar annarra landshluta. Á seinustu árum hefur mikil afturför og samdráttur orðið í flugsamgöngum við Vestfirði. Og sjósamgöngurnar eru svo stopular og óhagstæðar, að með þær ríkir mikil og almenn óánægja.

Rætt hefur verið um það við Skipaútgerð ríkisins, að annaðhvort Hekla eða Esja yrðu látnar annast farþega- og vöruflutninga milli Reykjavíkur og Vestfjarðahafna í stað þeirra hringferða um landið, sem þessi skip annast nú að vetrinum. En á sumrin er Esjan, sem kunnugt er, ein í þessum hringferðum um landið.

En þessi málaleitan hefur fengið daufar undirtektir. Og rétt er það, að hvort skipið sem er, Hekla eða Esja, hentar ekki að öllu leyti vel í slíkar ferðir, hafa t. d. óþarflega stórt farþegarými, og eru þar af leiðandi of dýr í rekstri.

Það verður því vart um annað að ræða, ef málið á að fá viðunandi lausn, en að byggt verði nýtt strandferðaskip til að annast farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarðahafna og Reykjavíkur. Og í þessu frumvarpi er lagt til, að svo verði gert.

Talið er við hæfi, að slíkt skip væri 600—700 brúttólestir að stærð og hefði farþegarými fyrir 50—60 manns.

Eðlilegast er, að rekstur skipsins yrði falinn Skipaútgerð ríkisins, en þó er þeim möguleika haldið opnum í frumvarpinu, að rekstur þess megi fela hverjum þeim aðila, sem treysta megi til að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins á hagkvæmastan hátt.

Fyrir nokkrum árum var horfið að því ráði að smíða nýtt skip — Vestmannaeyjaskip — til að annast fólks- og vöruflutninga milli Eyja og Reykjavíkur. Misjafnlega var fyrir þessu fyrirtæki spáð. En nú hefur reynslan skorið úr. Vestmanneyingar hafa fengið öruggar, reglulegar og hagkvæmar sjósamgöngur við

Reykjavík, og rekstur skipsins ber sig betur en nokkurs annars skips Skipaútgerðar ríkisins. Heimahöfn Vestmannaeyjaskipsins er Vestmannaeyjar. Á sama hátt er lagt til, að Ísafjörður verði heimahöfn hins fyrirhugaða Vestfjarðaskips.

Þó að ekki sé nákvæmlega vitað, hvað slíkt skip kunni að kosta, er hér lagt til, að ríkisstjórninni verði heimilað að taka allt að 20 milljón króna lán vegna byggingar Vestfjarðaskipsins.

Þess skal að lokum getið, að á fundi, sem Fjórðungssamband Vestfjarða hélt haustið 1960 að Bjarkalundi, var einróma skorað á þingmenn Vestfirðinga að hefja þegar baráttu fyrir byggingu sérstaks Vestfjarðaskips, ef ekki fengist breyting á strandferðum til Vestfjarðahafna í hagkvæmara horf.

Á næsta þingi fluttu þeir Bjarni Guðbjörnsson og Sigurvin Einarsson tillögu til þingsályktunar um að skora á ríkisstjórnina að athuga um möguleika á smíði nýs strandferðaskips, sem annist farþega- og vöruflutninga milli Vestfjarða og Reykjavíkur. Tillagan fékk ekki afgreiðslu.

Leitað hefur nú verið samkomulags meðal allra Vestfjarðaþingmanna um flutning frumvarpsins, en það tókst ekki. Munu Vestfjarðaþingmenn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins hugsa sér að flytja þingsályktunartillögu um málið. — Er málið því flutt í frumvarpsformi að ósk Fjórðungssambands Vestfjarða og fleiri aðila í héraði, og standa að flutningi þess, auk flutningsmanna, þingmenn Framsóknarflokksins í Vestfjarðakjördæmi, en þeir eiga, sem kunnugt er, báðir sæti í efri deild og gátu af þeim sökum einum eigi verið flutningsmenn þess.

Nd. 281. Frumvarp til laga [153. mál]

um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Birgir Finnsson, Sigurður Bjarnason.

1. gr.

Stofna skal menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.
Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Það er markmið skólans að efla þroska nemenda sinna, veita þeim framhaldsmenntun að loknu miðskólanámi og búa þá undir háskólanám.

3. gr.

Í skólanum eru 4 ársbekkir.

4. gr.

Skólastjórn úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

5. gr.

Almenn inntökuskilyrði eru þessi:

1. Að nemandi, sem tekinn er í 1. bekk, sé fullra 16 ára um næstu áramót. Aldursákvæði samkvæmt þessu gilda um inntöku í aðra bekki. Skólastjórn getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum.
2. Að nemandinn hafi engan næman sjúkdóm eða kvilla, sem öðrum geti að meini orðið.
3. Að hann sé siðferðilega óspilltur.
4. Að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

6. gr.

Rétt til inngöngu í 1. bekk skólans veitir miðskólapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð.

7. gr.

Til þess að verða tekinn í aðra bekki skólans verður nemandi að hafa staðizt miðskólapróf í bóknámsdeild með tilskilinni lágmarkseinkunn og árspróf næsta bekkjar fyrir neðan þann, er hann sækir um inntöku í. Auk þess verður hann að sýna, annaðhvort með prófi eða skilríkjum, er skólastjórn tekur gild, að hann hafi numið það, sem kennt er í þeim bekkjum, er hann kann að hafa hlaupið yfir.

8. gr.

Í skólanum skal kenna: íslenzku og íslenzk fræði, dönsku, ensku, þýzku, frönsku (latínu), sögu og félagsfræði, kristinfræði, bókfærslu, íþróttir og söng. — Heimilt er stjórn skólans að fjölga kennslugreinum eða fækka að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

9. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok hvers skólaárs, og er próf 4. bekkjar stúdentspróf. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum, eftir því sem fyrir verður mælt í reglugerð.

10. gr.

Stúdentspróf veitir rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.

11. gr.

Við árspróf dæma kennarar skólans um úrlausnir hver hjá öðrum. En við stúdentspróf og próf í þeim greinum, sem fyrr er lokið og til þess teljast, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af yfirstjórn skólans, að fengnum tillögum háskólaráðs og forstöðumanns skólans. Nánar verður kveðið á um próf og einkunnir í reglugerð skólans.

12. gr.

Forstöðumaður skólans og fastir kennarar hans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Leita skal áður umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn fastur kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Forstöðumaður ræður stundakennara og annað starfsfólk skólans með samþykki fræðslumálastjórnar.

13. gr.

Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. — Þeir skulu einnig hafa numið uppeldisfræði og stundað kennsluæfingar.

Undanþágu frá þessu ákvæði má þó veita, ef sérstaklega stendur á.

14. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, en fækka má þó kennslustundum hans niður í 22, er hann verður 55 ára, og í 17 stundir, er hann verður sextugur.

Kennari skal starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við forstöðumann og vinna önnur störf í þágu skólans, eftir því sem aðstæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. — Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

Þegar nefnd er kennslustund í lögum þessum, er ætíð átt við 45 mínútna kennslustund.

15. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda menntamálaráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur greinargerðina fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum launum. Engum kennara skal þó veita slíkt ársorlof nema einu sinni. Beiðni um ársorlof skal senda ráðherra með árs fyrirvara.

Menntamálaráðuneytið veitir kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir, að orlofsári loknu, að gefa fullnægjandi skýrslu um orlofið — að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Þess skal gætt, að framkvæmd orlofs trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

Nánari ákvæði um réttindi og skyldur kennara verða sett með reglugerð.

16. gr.

Skólinn heyrir beint undir menntamálaráðherra. Forstöðumaður skólans og fastir kennarar skipa skólastjórnina, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu hefur áður verið flutt á Alþingi, og fylgdi því þá í aðalatriðum svo hljóðandi greinargerð:

Lengi vel var latínuskólinn, síðar menntaskólinn í Reykjavík, eini skólinn hér á landi, sem brautskráði stúdenta.

Þá hófu Norðlendingar baráttu fyrir því, að gagnfræðaskólinn á Akureyri fengi réttindi að lögum til að kenna undir stúdentspróf og brautskrá stúdenta, og lauk þeirri baráttu með stofnun menntaskólans á Akureyri árið 1927.

Þegar sá sigur vannst í skólamáli Norðlendinga, ritaði einn fyrrverandi nemandi gagnfræðaskólans á Akureyri þessi orð, sem reynslan hefur sannað: **„Eftir stofnun menntaskóla norðanlands er íslenzk menning orðin einu víginu auðugri.“**

Þessu næst veitti ráðherra Verzlunarskóla Íslands rétt til að brautskrá stúdenta.

Þá hófst barátta fyrir því, að stofnaður yrði menntaskóli í sveit. — Menntaskólinn á Laugarvatni er árangur þeirrar menningarbaráttu og veldur ekki lengur ágreiningi.

Í ræðu, sem hinn gagnmerki skólamaður, Sigurður Guðmundsson skólameistari, flutti við skólaslit vorið 1928, er hann brautskráði fyrstu stúdentana frá menntaskóla Akureyrar, sagði hann meðal annars þetta:

„Það liggur í augum uppi, að hverjum skóla er ætlað að vera menningarvígi eða menningarstöð. Hvert skyldi annars vera markmið þeirra? **Slíkar menningarstöðvar mega eigi allar vera á einum stað.** Menningarblóðið verður að renna um allar æðar þjóðlíkama vors.“

Þetta eru orð að sönnu. Það er í fullu samræmi við álit þessa mæta og merka skólamanns, að þeirri skoðun hefur mjög vaxið fylgi hin síðari árin, að stofna beri einnig menntaskóla á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Höfuðástæðan til þess, að þetta frumvarp er flutt, er sú skoðun flutningsmanna, að skapa beri ungu hæfileikafólki hvarvetna á landinu sem jafnasta aðstöðu til að geta aflað sér stúdentsmenntunar án tillits til efnahags, aðeins ef hugur stendur til.

Fyrir nokkrum árum fékk gagnfræðaskólinn á Ísafirði heimild menntamálaráðuneytisins til að starfrækja framhaldsdeild, er samsvaraði 1. bekk menntaskóla. Þetta varð til þess, að ýmsir efnilegustu nemendur skólans, sem ella hefðu ekki haft efni á að hefja langskólanám, hófu nám í þessari deild og brutust síðan áfram til stúdentsprófs, þó að nokkrir hættu námi sökum efnaskorts eftir veturinn.

Deild þessi starfaði þrjá vetur að því sinni með góðum árangri að dómi menntaskólanna í Reykjavík og á Akureyri, sem við nemendunum tóku. En þá vildi menntamálaráðherra sá, er þá kom, ekki veita samþykki sitt fyrir áframhaldandi starfsemi deildarinnar, þar eð til þess skorti lagaheimild.

Þannig lagðist þessi kennsla í námsgreinum 1. bekkjar menntaskóla á Ísafirði niður um sinn.

En áhugi manna á stofnun menntaskóla Vestfjarða á Ísafirði var ekki kistulagður þar með.

Menn úr öllum stjórnmálaflokkum og margvísleg félagssamtök tóku málið upp á ný. Og á árinu 1959 heimilaði menntamálaráðherra gagnfræðaskólanum á Ísafirði loks með bréfi að hefja aftur starfrækslu framhaldsdeildar, er jafngilti 1. bekk menntaskóla.

Þetta var mikilsverður áfangi, en því miður barst bréf menntamálaráðherra svo seint, að nemendur höfðu þá fyrir löngu ráðstafað sér í aðra skóla. Gat framhaldsdeildin því ekki starfað veturinn 1959—1960.

Þá sótti fræðsluráð Ísafjarðar um ráðherraleyfi fyrir starfrækslu framhaldsdeildarinnar næsta vetur, 1960—1961, og var sú heimild veitt, sbr. fylgiskjal II. — Próf frá deildinni voru fyrst viðurkennd af menntaskólanum á Akureyri, en nú hafa bæði menntaskólinn í Reykjavík og menntaskólinn á Laugarvatni einnig viðurkennt próf deildarinnar. Þetta er því góð og ánægjuleg byrjun. En það, sem einu sinni hefur gerzt, getur gerzt aftur. Þessa menningarstarfsemi er hægt að stöðva aftur, hvenær sem er, meðan hún hvílir ekki á lagagrundvelli.

Þess vegna er nauðsynlegt, að lög verði sett um menntaskóla Vestfjarða á Ísafirði. Meðan lagagrundvöllinn vantar, mun ávallt reynast erfitt að tryggja hæfa kennslukrafta, þar sem óvissa um áframhald hlyti að torvelda, að hinir hæfustu menntamenn áræddu að ráða sig til kennslunnar.

Æska Reykjavíkur á greiðan aðgang að menntaskólanámi. Sama er að segja um Norðlendinga og Sunnlendinga. — En vestfirzkur æskulýður — og austfirzkur — er stórum verr settur í þessu tilliti. — Á því fer tvímælalaust verr en flestu öðru, að nokkur einokunarblær sé á menningar- og menntunaraðstöðu þegnanna. **Þess vegna er það rétt stefna, að menntaskólar rísi af grunni í öllum landsfjórðungum.**

Vegna hins mikla áhuga Vestfirðinga í menntaskólamálinu og þeirrar byrjunar, sem þar hefur áður verið gerð með góðum árangri — og nú heimiluð á ný, telja flutningsmenn þessa frumvarps eðlilegt, að næsta skrefið að þessu takmarki verði stofnun menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði. Viljum við því vænta, að málið fái góðar undirtektir og greiðan framgang.

Þeir Vestfjarðaþingmenn, sem sæti eiga í efri deild, standa einnig að flutningi málsins.

Fylgiskjal I.

Í skýrslu gagnfræðaskólans á Ísafirði um skólaárið 1958—1959 er svo hljóðandi kafli um menntaskólamálið eftir þáverandi skólastjóra gagnfræðaskólans á Ísafirði, Guðjón Kristinsson:

„Svo sem fram kemur í fyrri skýrslum skólans, var starfrækt framhaldsdeild við gagnfræðaskólann á Ísafirði um þriggja vetra skeið, 1949—1952. Samsvaraði sú deild 1. bekk menntaskóla. Fór kennslan fram í samráði við menntaskólann í Reykjavík og síðar við menntaskólann á Akureyri. Því miður fékkst ekki leyfi til starfrækslu deildarinnar lengur en þessa þrjá vetur. Árangur hafði þó verið ágætur.

Á síðastliðnum vetri var málinu hreyft á ný í einu félagi hér í bænum, Oddfellowstúkunni Gesti. Var málið rætt þar, og niðurstöður þeirra umræðna urðu þær, að nokkur félög hér kusu nefnd til þess að vinna að framgangi málsins með það fyrir augum, að hér yrði á vetri komanda komið á fót framhaldsdeild og síðar

menntaskóla fyrir Vestfirði. Í þessari nefnd áttu sæti: Björgvin Sighvatsson kennari, formaður fræðsluráðs Ísafjarðar, Jóhann Gunnar Ólafsson bæjarfógeti, Matthías Bjarnason framkvæmdastjóri, Rögnvaldur Jónsson framkvæmdastjóri og Guðjón Kristinsson skólastjóri. Nefndin boðaði til almenns borgarafundar hér á Ísafirði í marzmánuði 1959. Ríkti mikill einhugur á þessum fundi, og var samþykkt einróma áskorun á ríkisstjórn og yfirstjórn fræðslumála, að hér yrði komið á fót framhaldsdeild (1. bekk menntaskóla) næsta haust. Var þingmönnum Vestfirðinga og fleiri aðilum skrifað og þeir beðnir að vinna að framgangi málsins. Mjög var liðið á þingtímann, þegar þetta var, svo að ekki varð úr því, að þingmenn flyttu frumvarp um þetta mál. En þess ber þó að geta, að þingmenn Vestfirðinga tóku þessu máli mjög vel.

Síðar var málið tekið upp í fræðsluráði Ísafjarðar og bæjarstjórn. Fræðsluráð skrifaði menntamálaráðuneytinu og fór fram á heimild til að starfrækja framhaldsdeild við skólann næsta vetur, 1959—1960. Svar við þeirri málaleitan barst ekki fyrr en í byrjun júlímánaðar. Var heimiluð starfræksla deildarinnar, en því aðeins, að nemendur væru minnst 15 að tölu. Þar eð svarið barst svona seint, kom í ljós, að allir þeir nemendur, sem landsprófi luku hér á Ísafirði og nágrenni, höfðu fengið skólavist í öðrum skólum næsta vetur. Taldi fræðsluráð því tilgangslítið að auglýsa eftir þátttöku. Greindi fræðsluráð menntamálaráðuneytinu frá þeirri ákvörðun. Jafnframt var þess óskað, að heimiluð yrði starfræksla framhaldsdeildar veturinn 1960—1961, og þess farið á leit, að ríkissjóður kostaði deildina að öllu leyti. Þegar þetta er ritað, hefur ekki borizt svar frá menntamálaráðuneytinu, en þess er að vænta, að heimild fáist. Enn fremur munu þingmenn Vestfirðinga beðnir að flytja frumvarp um þetta mál á Alþingi næsta haust, 1959, svo að lagaákvæði fáist fyrir starfrækslu slíkrar deildar og síðar fyrir menntaskóla hér, þegar aðstæður leyfa. Hér er vissulega um að ræða mikið hagsmunamál fyrir alla Vestfirðinga og knýjandi nauðsyn, að afgreiðslu þess verði hraðað svo sem kostur er.“

Fylgiskjal II.

Eftirfylgjandi bréf, frá fræðsluráði Ísafjarðar, er barst öllum þingmönnum Vestfjarða ásamt afriti af bréfi til menntamálaráðuneytisins um menntaskólamálið, sýnir vel þann áhuga, sem fyrir málinu er heima í héraði. Þess vegna þykir rétt að birta bréf þessi sem fylgiskjöl með frumvarpi til laga um menntaskóla Vestfirðinga á Ísafirði.

Bréf fræðsluráðs Ísafjarðar eru svo hljóðandi:

A. **Fræðsluráð Ísafjarðar**
Ísafirði.

Ísafirði, 7. apríl 1960.

Hér með sendi ég yður, herra alþingismaður, samþykkt, sem gerð var með samhljóða atkvæðum á fundi fræðsluráðs Ísafjarðar 6. apríl s. l.

„— — —

II. Fræðsluráð skorar hér með mjög eindregið á alla þingmenn Vestfjarðakjördæmis, **að þeir standi við yfirlýst loforð** og flytji nú strax á yfirstandandi Alþingi frumvarp til laga um stofnun menntaskóla fyrir Vestfirði, sem staðsettur verði á Ísafirði. — Jafnframt skorar fræðsluráð á sömu þingmenn, að þeir vinni að því, að óskir þess við menntamálaráðuneytið, sem felast í hjálögðu bréfi, nái fram að ganga.“

Virðingarfyllst.

F. h. fræðsluráðs Ísafjarðar,
Björgvin Sighvatsson,
formaður.

B. Fræðsluráð Ísafjarðar
Ísafirði.

Ísafirði, 7. apríl 1960.

Hér með leyfi ég mér að senda hinu háa menntamálaráðuneyti samþykkt, sem gerð var með samhljóða atkvæðum á fundi fræðsluráðs Ísafjarðar 6. þ. m.

I. Lagt fram svo hljóðandi bréf frá menntamálaráðuneytinu, mótt. 28/3 1960:

„Ráðuneytið heimilar hér með, að kennslu 4. bekkjar bóknámsdeildar Gagnfræðaskóla Ísafjarðar verði hagað þannig skólaárið 1960—61, að svari til kennslu í 1. bekk menntaskóla, enda verði nemendur eigi færri en 15 og fullnægi þeir skilyrðum til slíks framhaldsnáms.

Þá ber að hafa fyllsta samráð við stjórnir menntaskólanna um próf, einkunnagjafir og annað, er að náminu lýtur."

Í sambandi við framanritað bréf samþykkir fræðsluráð eftirfarandi:

Um leið og fræðsluráð Ísafjarðar þakkar háttvirtu menntamálaráðuneyti fyrir heimild þá, sem felst í bréfi þess, dags. 18. f. m., leyfir fræðsluráðið sér að ítreka fyrri samþykkt sína, samanber bréf, dags. 8. júlí 1959, til menntamálaráðuneytisins þess efnis, að ríkissjóður greiði allan kostnaðinn, er leiða kann af starfrækslu deildarinnar. Þessi ósk er studd augljósum rökum, sem sé þeim, að fyllsta réttlæti mælir með því, að ríkisvaldið greiði kostnaðinn við menntaskólakennslu, sem fram fer á Ísafirði, eftir sömu reglum og gilda annars staðar um slíka kennslu, enda ástæðulaust að leggja frekar þann fjárhagsbagga á ísfirzka gjaldendur en íbúa þeirra byggðarlaga, þar sem ríkisvaldið starfrækir menntaskóla.

Einnig leyfir fræðsluráð Ísafjarðar sér að óska eftir því, að menntamálaráðuneytið heimili:

1. Að sömu reglur verði látnar gilda um próf við fyrirhugaða framhaldsdeild, svo og um annað, er að náminu lýtur, eins og giltu síðustu 2 árin, sem slík framhaldsdeild var starfrækt við G. Í., það er, að skólanum sjálfum verði falið að annast prófin að öllu leyti — þó að því tilskildu, að fyrir liggi yfirlýsing frá menntaskóla um, að hann viðurkenni þau próf.
2. Að lágmarktala nemenda í téðri deild verði t. d. 2 fyrstu árin ekki bundin við hærri tölu en 10 nemendur.

Virðingarfyllst.

F. h. fræðsluráðs Ísafjarðar,
Björgvin Sighvatsson,
formaður.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Ed. 282. Frumvarp til laga [154. mál]

um breyting á lögum nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Á eftir orðunum „að dragnótaveiði sé heimil á tilteknu svæði eða svæðum" í 2. málsgr. 1. gr. laganna komi: annars staðar en í Faxaflóa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Stærsti sigur, sem Íslendingum hefur í skaut fallið á sviði atvinnumála, er án alls efa alþjóðaviðurkenning á rétti vorum til 12 mílna fiskveiðilandhelginnar við strendur landsins. Með þessum mikilsverða áfanga hafa Íslendingar öðlazt til eigin afnota öll yfirráð yfir auðugustu fiskimiðum á stórum hafsvæðum umhverfis landið og auk þess allar fiskveiðar á flóum og fjörðum inni.

Af þessu leiðir, að Íslendingar einir hafa í sinni hendi fullan og óskoraðan rétt til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem þurfa þykir, til þess að vernda allar uppeldisstöðvar ungfisksins, í flóum og fjörðum, fyrir þeirri rányrkju, sem stafar af hvers konar botnvörpu- og dragnótaveiðum.

Eins og nú er komið tækni í fiskveiðunum, er þess vissulega full þörf, að allur varnaður sé á hafður að vernda aðaluppeldisstöðvar ungfisksins á vaxtarskeiði hans.

Eigi verður um það deilt, að Faxaflói er ein allra þýðingarmesta fiskuppeldisstöðin við strendur þessa lands. Kemur þar til meðal annars, að Faxaflói liggur næst aðalhrygningarstöðvunum við suðurströnd landsins, þangað er ungviðinu næst að leita skjóls og þar eru öll hin ákjósanlegustu skilyrði frá náttúrunnar hendi til vaxtar og viðgangs.

Á engu hafsvæði hér við land hafa verið gerðar jafnýtarlegar vísindarannsóknir á þessu sviði og í Faxaflóa. Meðan vér áttum við að búa fiskveiðilandhelgi, sem aðeins náði 3 sjómílur frá ströndinni, voru af íslenzkum og erlendum fiskifræðingum gerðar margendurteknar rannsóknir í þessu efni.

Niðurstöður þeirra rannsókna vöktu á sínum tíma alþjóðaathygli á þeim geysilega mun, sem var á vaxtarskilyrðum ungfisksins utan og innan landhelginnar. Innan landhelgislínunnar var mikil gnægð ungfisks, sem sýnilega lifði þar við hin beztu lífs- og þroskaskilyrði. En utan landhelgislínunnar sýndu rannsóknir þessar, að allt öðru máli var að gegna. Þar var ördeyða, og uppfæðingurinn hafði hlotið sömu örlög og nytjafiskurinn, hvort tveggja varð rányrkjunni að bráð.

Eftir að fjögurra mílna landhelgin kom til framkvæmda og bannaðar voru allar botnvörpu- og dragnótaveiðar í flóum og fjörðum, var þess ekki langt að bíða, að fiskmagnið ykist þar. En samfara því kom það til, að veiðarnar nýttust á allan hátt betur. Var þá eingöngu um að ræða línuveiðar og þorskanetja- og handfæraveiðar.

Á þessum tíma og eftir að 12 mílna friðunin kom til sögunnar var hér við flóann og víðar á landinu smíðaður fjöldi smærri vélbáta, er stundaðar voru á fiskveiðar með línu og handfæri. Jók þessi hagstæða útgerð að miklum mun þá aflamagn, sem á land barst, bæði við sunnan- og norðanverðan Faxaflóa. Sama máli gegndi um aðra þá staði á landinu, sem þessar friðunarráðstafanir náðu einnig til. Þar við bættist, að afli sá, sem hér um ræðir, var úrvalshráefni til hvers konar vinnslu í fiskiðjuverum, og fór aflamagnið stöðugt vaxandi.

Þessi hagstæða þróun fiskveiðanna í Faxaflóa stóð því miður skamma stund. Hér urðu alger þáttaskil, þegar það óheillaspor var stigið, að leyfðar voru dragnótaveiðar að nýju í flóanum. Það tók skamman tíma, eftir að dragnótaveiðarnar hófust, að þær gengju af öllum handfæra- og línuveiðum smærri bátanna nær dauðum. Það dró svo úr afla þessum, að útgerð sú, sem áður hafði gefið mjög góða raun, dró fljótlega saman seglin og lagðist að mestu niður. Þeir, sem þessar veiðar stunduðu, áttu ekki annars úrkosta en leita til annarra atvinnuvega, og bátarnir voru settir í naust. En þar bíða þeirra þau örlög, að hið mikla verðmæti, sem í þeim stendur, rýrnar og verður að engu.

Dragnótaútgerðin gaf nokkra raun í byrjun, meðan hún naut ávaxtanna af undanfarandi friðun. En brátt dró úr þeim veiðum einnig og því meir sem lengra hefur liðið. Nú er svo komið í Faxaflóa, að þar er að verða fisklaust á flestum tímum árs, í stað þeirrar miklu fiskisældar, sem áður átti sér stað, meðan algert bann var lagt

á hina skefjalausu rányrkju. Hættan af dragnótaveiðum í jafnþýðingarmikilli uppeldisstöð og Faxaflói er felst ekki fyrst og fremst í veiði nytjafiska, heldur hinu gegndarlausa ungviðisdrápi, sem þessum veiðum fylgir. Er nú svo komið, að hinir stærri vélbátar, sem fiskveiðar stunda með línu, verða vart fisks varir, þótt gífurleg línulengd sé notuð, nema þá helzt með því að róa langt á haf út, og dugir þá sólarhringurinn hvergi til róðursins.

Það tjón, sem landsmönnum er búið af þessum veiðum í Faxaflóa, verður ekki með tölum talið. Þetta tjón tekur einnig til fleiri en þeirra, sem við flóann búa eða þar í nánd. Fiskurinn, sem fær frið og næði til að vaxa upp í Faxaflóa, dreifist, er hann stækkar, um öll fiskisvæði við strendur landsins. Hér þarf því þegar að spyrna við fótum og bægja frá þeirri augljósu hættu, sem við blasir. En það verður ekki gert með öðrum hætti en þeim að banna með öllu dragnóta- og botnvörpuveiðar í Faxaflóa. Slíkar ráðstafanir þarf vafalaust að gera víðar, en hér í Faxaflóa er sökum legu hans og staðhátta allra mest í húfi. Þess vegna má það ekki dragast lengur, að hér verði bót á ráðin á þann hátt, sem lagt er til í frumvarpi þessu.

Sþ. 283. Breytingartillaga [68. mál]

við till. til þál. um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir leggist í eyði.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Sigurður Ágústsson, Jón Árnason, Ásgeir Bjarnason.

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd, og sé hún þannig skipuð, að búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri séu sjálfkjörnir í nefndina, en landbúnaðarráðherra skipi þriðja nefndarmanninn án tilnefningar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. Að kynna sér, að hvað miklu leyti jarðir fari í eyði vegna þess, að menn kaupi þær eða sleppi ekki eignarrétti sínum af þeim vegna laxveiði eða annarra hlunninda.
2. Að safna gögnum um áhrif slíkrar þróunar á landbúnað annarra þjóða og ráðstafanir þeirra þjóða til varnar gegn henni.
3. Að semja frumvarp til laga, sem tryggi það, svo sem auðið er, að komið sé í veg fyrir slíka þróun.

Í sambandi við undirbúning að lagafrumvarpi skal nefndin athuga eftirfarandi:

1. Hvort ekki sé eðlilegt, að jarðakaupasjóður ríkisins sé skyldaður til að kaupa slíkar jarðir, ef ekki fæst kaupandi, sem tryggir það, að þær séu í ábúð, og þá sé kveðið á í lögum um þessi jarðakaup jarðakaupasjóðs.
2. Hvort ekki sé jafnframt eðlilegt, að jarðakaupasjóður selji þessar jarðir aftur, þegar ábúandi fæst.
3. Hvort ekki sé eðlilegt og réttmætt, þegar lög þau taka gildi, er hér um ræðir, að gera eigendum þeirra laxveiðijarða, sem í eyði eru og síðar verða, að greiða til sveitarsjóða viðkomandi sveitarfélaga skatt sem svarar meðalútsvari af viðkomandi jörð síðustu þrjú árin, sem hún var í byggð, þó með þeim hlutfallslegu breytingum, sem orðið hafa á útsvari til hækkunar eða lækkunar í sveitarfélaginu á því tímabili.

Nefndin hraði störfum, svo sem auðið er, og skili áliti og lagafrumvarpi eigi síðar en á árinu 1964.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Nd. 284. Frumvarp til laga [156. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi.

Flm.: Jón Pálmason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eyðijörðina Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi, Vestur-Húnavatnssýslu, Sigurgeiri Jónatanssyni bónda að Skeggjastöðum í Fremri-Torfustaðahreppi fyrir það verð, sem ákveðið er samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Jörðin Lækjabær í Fremri-Torfustaðahreppi í Vestur-Húnavatnssýslu, sem er ríkiseign, hefur verið í eyði um áratugaskeið. Hús á jörðinni eru engin, og túnið, sem var lítið, er komið í órækt. Engin líkindi eru til þess að áliti kunnugra manna, að býli verði þarna endurreist, enda er hér um heiðarland að ræða. Sigurgeir Jónatansson bóndi að Skeggjastöðum í Fremri-Torfustaðahreppi hefur í nokkur ár haft afnot jarðarinnar og annazt umsjón með henni fyrir jarðareiganda. Leikur honum nú hugur á að fá jörðina keypta, og hyggst hann nýta land hennar sem beitarland. Hefur Sigurgeir stórt bú, en hagabeit er takmörkuð á ábýlisjörð hans, Skeggjastöðum.

Meiri hluti hreppsnefndar Fremri-Torfustaðahrepps (2 hreppsnefndarmenn af 3, en Sigurgeir Jónatansson er þriðji hreppsnefndarmaðurinn) hefur lýst samþykki sínu við, að Sigurgeir Jónatansson fái umrædda jörð keypta, og þar með fallið frá forkaupsrétti að jörðinni.

Yfirlýsing meiri hluta hreppsnefndar Fremri-Torfustaðahrepps frá 31. okt. 1961 er prentuð hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Höfum móttekið bréf Sigurgeirs Jónatanssonar, Skeggjastöðum, dags. 30. okt. s. l., þar sem farið er fram á samþykki meiri hluta hreppsnefndar Fremri-Torfustaðahrepps fyrir kaupum ofanritaðs á Lækjabæ, sem hann hefur haft á leigu um nokkurt skeið.

Undirritaðir hreppsnefndarmenn erum samþykkir kaupum á Lækjabæ, svo sem að ofan greinir.

Bjargi, 31. okt. 1961.

Aðalbjörn Benediktsson. Sigurgeir Karlsson.

Ed. 285. Frumvarp til laga [156. mál]

um bændaskóla.

Frá landbúnaðarnefnd.

Um búnaðarskóla og stjórn þeirra.

1. gr.

Hér á landi skulu vera tveir skólar, er veita verklega og bóklega menntun bændaefnum og öðrum þeim, er hyggjast gera landbúnaðarstörf að lífsstarfi sínu.

Skal annar þeirra vera að Hólum í Hjaltadal, en hinn að Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðunum skulu rekin fjölþætt bú á sviði jarðræktar og búfjárræktar, og veita skólastjórarnir þeim forstöðu. Skal þar gera tilraunir og rannsóknir í þágu landbúnaðarins. Rekstri skólabúanna skal hagað þannig, að nemendum sé til fyrirmyndar og lærdóms.

3. gr.

Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn bændaskólanna og skólabúanna.

4. gr.

Við hvorn skóla um sig skal vera skólastjóri og eigi færri en fimm fastir kennarar, miðað við fullt skólastarf.

Þeir einir geta orðið kennarar við bændaskólana, sem lokið hafa kandidatsprófi í búfræði, og þeir sem hlotið hafa hliðstæða menntun eða meiri. Sé sérstakur kennari ráðinn til kennslu í almennum greinum, skal gera til hans sömu menntunarkröfur og kennara við skóla gagnfræðastigsins.

Kennari við vélfræði, meðferð og hirðingu búvéla, skal hafa lokið prófi í þeim greinum eða hlotið þá þekkingu og starfsþjálfun, sem skólastjóri og ráðherra telja fullnægjandi.

Ráðherra skipar skólastjóra og kennara, en skólastjóri ræður stundakennara.

5. gr.

Skólastjóri og kennarar taka laun samkvæmt kjarasamningum.

Laun stundakennara skulu vera í samræmi við laun fastra kennara skv. ákvæðum kjarasamninganna og reglugerðar um stundakennara.

Fyrir bústjórn skólastjóra á skólabúum bændaskólanna, sbr. 2. gr., skulu greidd sérstök laun samkvæmt samningi, er ráðherra staðfestir.

Nánar skal kveðið á um störf skólastjóra og kennara í erindisbréfum, er ráðherra setur.

6. gr.

Heimilt er ráðherra, eftir tillögum skólastjóra bændaskólanna, að ákveða verkaskiptingu milli skólanna í einstökum greinum, svo og að ákveða um eitt ár í senn, að einungis önnur deild annars hvors skólans starfi.

Inntökuskilyrði.

7. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólana skulu vera þessi:

a) Að umsækjandi sé fullra 17 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með. Skólastjóra er einnig heimilt að veita þeim umsækjendum inngöngu í eldri deild skólanna, sem að hans dómi hafa næga undirbúningsmenntun, en skylt er þeim að taka þátt í verklegu námi jafnlangan tíma og aðrir nemendur.
b) Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, bóklega og verklega, sem reglugerð ákveður.
c) Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

Námsefni og próf.

8. gr.

Búnaðarfræðslan fer fram í tveimur deildum. Árlegur kennslutími skal vera 6½—7½ mánuðir.

9. gr.

Eftirtaldar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði, þar með talin flatar- og rúmmálsfræði, búreikninga, almenna þjóðhagfræði, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu, búnaðarlandafræði, grasafræði, eðlisfræði, efnafræði, steina- og jarðfræði, líffærafræði, líf-eðlisfræði, búfjárfræði, mjólkurfræði, erfðafræði, véla- og verkfærafræði, jarðræktarfræði, byggingafræði, gerlafræði, dönsku og ensku. Enn fremur skal kenna söng, leikfimi og íþróttir. Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjárfræði og jarðræktarfræði, þar á meðal hagnýting jarðhita.

Heimilt skal ráðherra að fjölga eða fækka námsgreinum, ef skólastjóri óskar þess.

10. gr.

Í verklega náminu skal viðhafa þá fjölbreytni í kennslu, sem tími og aðstæður leyfa. Einkum skal leggja áherzlu á meðferð véla og verkfæra, land- og hallamælingar, hirðingu búfjár og sýnikennslu í sem flestum greinum jarðyrkju. Skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í þeirri tilraunastarfsemi, er fer fram á vegum skólanna.

Við bændaskólana skal vera aðstaða til kennslu í meðferð, hirðingu og viðgerðum landbúnaðarvéla, og skal kennsluverkstæði starfrækt í þessu skyni.

Veita skal fræðslu um nýjar búgreinar, eftir því sem við verður komið.

11. gr.

Próf skulu haldin í lok skólaárs. Þeir einir, sem lokið hafa fullnaðarprófi í búfræði eða hliðstæðu prófi frá búnaðarskólum erlendis, hafa rétt til þess að bera starfsheitið búfræðingur.

12. gr.

Heimilt er að halda námskeið við bændaskólana fyrir bændur og bændaefni, svo og fyrir leiðbeinandi menn á sviði landbúnaðarins. Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu.

13. gr.

Á landi skólajarðanna skal reisa bústaði fyrir kennara skólanna á kostnað ríkisins, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum.

Kennarar og aðrir starfsmenn, sem reisa vilja íbúðarhús á eigin kostnað, skulu eiga rétt á lóð undir það. Skal lóðin ákveðin í samræmi við skipulagsuppdrátt staðarins. Uppdrættir að þessum íbúðarhúsum skulu vera samþykktir af húsameistara ríkisins. Leita skal samþykkis ráðherra, áður en bygging er hafin, og höfð samráð við skólastjóra.

Njóti kennarar eða aðrir starfsmenn landsnytja eða afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

14. gr.

Skólastjórar sjái um, að nemendur geti haft sameiginlegt mötuneyti, en ella selji skólabúin nemendum fæði og þjónustu við kostnaðarverði.

15. gr.

Stofnkostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum, svo og rekstrarkostnaður skólanna greiðist úr ríkissjóði. Verði rekstrarhalli á skólabúunum, skal hann greiðast úr ríkissjóði.

16. gr.

Í reglugerð, sem ráðherra setur, að fengnum tillögum skólastjóranna, skal kveða nánar á um starfsemi skólanna.

17. gr.

Við bændaskólann á Hvanneyri skal starfrækja framhaldsdeild í búfræði. Um fyrirkomulag þessarar deildar skal ákveðið í reglugerð, sem ráðherra setur.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24 22. marz 1948.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni landbúnaðarráðherra, og er það samið af milliþinganefnd. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur í afstöðu til frumvarpsins.

Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

Með bréfi dags. 25. marz 1960 skipaði landbúnaðarráðherra, Ingólfur Jónsson, nefnd til þess að endurskoða núgildandi lög um bændaskóla, nr. 24 1948, og gera tillögur um endurbætur á búnaðarfræðslunni, þannig að hún verði í framkvæmd í sem beztu samræmi við þarfir landbúnaðarins og þjóðarinnar, og stuðli að hagkvæmum og menningarlegum vinnubrögðum við landbúnaðarstörf.

Í nefnd þessa voru skipaðir þeir Guðmundur Jónsson, skólastjóri á Hvanneyri, formaður; Aðalsteinn Eiríksson, skólaeftirlitsmaður; Ásgeir Pétursson, deildarstjóri (síðar sýslumaður); Kristján Karlsson, skólastjóri (síðar erindreki) og Gunnar Vagnsson, fulltrúi. Var sá síðastnefndi kosinn ritari nefndarinnar. Með bréfi landbúnaðarráðuneytisins 4. marz 1961 var Gunnar Bjarnason, kennari, sem tók við skólastjórn á Hólum 1. júní s. á., skipaður í nefndina og gegndi hann nefndarstörfum til 1. júní 1962, er hann lét af skólastjórastarfi.

Samkvæmt áðurnefndu bréfi ráðuneytisins má greina verkefni nefndarinnar í þessa meginþætti:

1. að „gera tillögur um **æskilegar breytingar** og endurbætur á búnaðarfræðslunni“,
2. að „gera tillögur um og vera til **ráðuneytis um þær framkvæmdir**, sem fyrirhugaðar eru á bændaskólasetrunum“ með hliðsjón af heildartillögum nefndarinnar um framtíðarskipun búnaðarfræðslunnar.

Auk margra funda, sem nefndin hefur haldið, hefur hún heimsótt skólasetrin á Hvanneyri og Hólum. Einstakir nefndarmenn hafa átt tal við kennara og aðra starfsmenn þessara stofnana. Um þau meginatriði, sem að ofan eru greind, hefur verið athugað og rætt af nefndinni og er niðurstaða hennar í aðalatriðum þessi:

1. **Nefndin hefur samið frumvarp að lögum um bændaskóla**, þar sem fram eru settar þær breytingar og endurbætur á búnaðarfræðslunni, sem hún telur æskilegar.
2. Nefndin hefur tekið saman **tillögur um aðkallandi framkvæmdir á bændaskólasetrunum** og fylgja þær hér með á sérstöku málsskjali, ásamt greinargerð.

Áður en lýst verður lagafrumvarpi því, er nefndin leggur fram, verður gerð nokkur grein fyrir sögu búnaðarfræðslunnar hér á landi og þeim viðhorfum, sem helzt hafa mótað störf nefndarinnar.

Nokkrir sögulegir þættir.

Það er löngu viðurkennt, að vel reknir atvinnuvegir séu undirstaða menningar og góðrar fjárhagslegrar afkomu. Þegar á 18. og 19. öld voru uppi menn meðal Íslendinga, sem bentu á, að eitt helzta ráð til bjargar og viðreisnar væri það, að efla kunnáttu landsmanna í búnaðarstörfum og öðrum verklegum efnum.

Um miðja 19. öld koma fram hér á landi raddir um stofnun búnaðarskóla, en þá höfðu slíkir skólar starfað í flestum nágrannalöndum okkar um nokkurt árabil, en ekki varð af framkvæmdum.

Fyrsti búnaðarskólinn hér á landi var stofnaður í Ólafsdal árið 1880, en síðan á Hólum í Hjaltadal, Eiðum og Hvanneyri á árunum 1882—1889. Skólinn í Ólafsdal starfaði til ársins 1907 og hafði þá útskrifað um 160 búfræðinga. Skólinn á Eiðum hætti sem bændaskóli 1917. Þaðan eru útskrifaðir um 260 búfræðingar. Nemendur bændaskólans á Hvanneyri til og með haustinu 1962 hafa verið um 1500, en á Hólum um 1350.

Fram yfir aldamótin var námstíminn í skólunum 2 ár og kennslan bæði bókleg og verkleg, en þá var gerð gagnger breyting á kennslunni. Verklega námið var afnumið sem skyldunám og námstíminn því styttur í 2 vetur. Þessi breyting var gerð vegna þess, að skólarnir höfðu ekki næga aðsókn, en hinn langi námstími var talinn vera orsök þess.

Við styttingu námstímans færðist nýtt líf í skólastarfsemina, enda hafa vafalaust verið fleiri ástæður fyrir því. Allmikið þótti þó á það skorta, að búfræðingar hefðu næga verklega þekkingu. Var því ákveðið um 1930 að leiða í lög verknámsskyldu um 8 vikna tíma, vor og haust.

Enn var verknámstíminn lengdur 1936 og skyldi nú ná yfir allt sumarið milli námsvetranna. Þetta fyrirkomulag varð brátt óvinsælt af nemendum. Þeir töldu sér ekki fært að vera fjarri heimilum sínum yfir sumarið. Þeim var sérstaklega annt um heyskapartímann, sauðburð og göngur. Skólarnir neyddust því oft til að gefa þeim undanþágu að einhverju leyti frá dvöl sinni við skólann.

Árið 1949 var svo verknámið stytt aftur, og skyldi það þá verða 13 vikur vor og haust. Þrátt fyrir þessa breytingu töldu margir nemendur, að þeim væri ekki fært, vegna manneklu á heimilum þeirra, að vera svo lengi að heiman, og hefur því orðið að slá nokkuð af þessari kröfu á báðum skólunum hin síðustu ár.

Við allar þessar breytingar hefur verið reynt að taka tillit til breyttra aðstæðna í landbúnaðinum og óska nemendanna. Hin mikla tækni og bættar búskaparaðferðir, sem bændur hafa víða tileinkað sér, gerir það að verkum, að þeir, sem nú koma í bændaskóla, hafa tiltölulega meiri verklega þekkingu en áður var. Af þeim ástæðum getur verklega námið verið styttra nú en áður. Á það má einnig benda, að nokkuð af hinum langa verknámstíma var notaður í venjuleg bústörf, enda fengu nemendur nokkurt kaup fyrir.

Viðhorf til breytinga á búnaðarfræðslu.

Ekki verður um það deilt, að búnaðarfræðsla hér á landi hefur haft mikla þýðingu fyrir íslenzka bændastétt og á veigamikinn þátt, beint og óbeint, í þeim öru framförum, sem hafa einkennt síðustu áratugi. Til þess að svo megi einnig verða í nútíð og framtíð, þarf ávallt að leggja megináherzlu á þá þætti búnaðarfræðslunnar, sem á hverjum tíma eru taldir þýðingarmestir fyrir bændur og afkomu landbúnaðarins.

Í þessu efni eru aðallega þrjú viðhorf, sem nefndin hefur rætt ítarlega og mótað hafa tillögur hennar:

I. Aukin tækni í búskapnum. Til þess að fullnægja góðri kennslu á þessu sviði hefur bændaskólana skort mjög aðstöðu og vinnukrafta. Það er ekki unnt að gera slíkri kennslu fullnægjandi skil, nema því aðeins að fyrir hendi sé gott húsrými og áhöld, safn af vélahlutum og einstökum vélum og verkfærum og að sérfróður maður hafi kennsluna á hendi. Allt þetta hefur vantað á bændaskólana.

Hjá nágrannaþjóðum okkar hefur kennsla í véla- og verkfærafræði verið mjög aukin hin síðari ár. Byggingar hafa verið reistar í því skyni og keypt fjölbreytt kennslutæki. Var Marshallfé mikið notað í þessu efni í Noregi og Danmörku. Norðmenn skipta vélakennslunni í 5 kafla:

1. Þýðing vélvæðingar fyrir landbúnaðinn.
2. Þekking á einstökum vélahlutum, vélum og verkfærum.
3. Viðhald og viðgerðir.
4. Notkun og meðferð véla og verkfæra.
5. Um slysahættu og varnir gegn slysum.

Í hverjum skóla er sérstakur kennari í véla- og verkfærafræði. Í Jönsberg búnaðarskóla í Noregi var nýlega reist bygging fyrir handverkkennslu, sem er 660 m² að flatarmáli. Skólinn útskrifar árlega um 50 búfræðinga.

Nefndin telur, að hér á landi mundi mega komast af með hús fyrir verklega kennslu í vélfræði, verkfærafræði og smíðum, sem væri um 500—600 m² að stærð, og mundi það kosta um 1 millj. króna fyrir hvorn bændaskóla. Ráða þarf við hvorn skóla **sérstakan kennara í véla- og verkfærafræði,** bóklegri og verklegri, en að sumarlagi annist hann, ef hentugt þykir, viðgerðir á vélakosti skólabúanna.

II. Aukin fjölbreytni í búskapnum. Á síðari árum hefur aukizt hér á landi áhugi fyrir nýjum búgreinum, t. d. kornyrkju, fjölþættari garðyrkju, svínarækt, hænsnarækt o. fl. Æskilegt væri að geta tekið upp kennslu í þessum greinum við bændaskólana. Til þess vantar fleiri **sérmenntaða kennara og byggingar,** er hæfi þessum búgreinum. Hér skulu tvær af þessum greinum gerðar nokkru nánar að umtalsefni.

Svínarækt. Svínarækt hefur aukizt talsvert hér á landi hin síðari ár.

Ár 1940	voru	framtalin	svín	á hagskýrslum	458
— 1957	—	—	—	—	709
— 1958	—	—	—	—	774
— 1959	—	—	—	—	1235
— 1960	—	—	—	—	1198

Samkvæmt hagskýrslum 1957 eru afurðir svína í þjóðarbúið það ár metnar á rúml. 6 millj. kr. Trúlega má tvöfalda þá upphæð árið 1961. Hér er því um veruleg verðmæti að ræða, svo að ekki virðist vanþörf á, að búfræðingar kunni nokkuð fyrir sér í hirðingu og eldi svína.

Nú er svo háttað kennslu um svínarækt í bændaskólunum, að hún er einungis bókleg og henni ætlaður mjög svo takmarkaður tími. Á þessu þarf að verða breyting. Koma þarf upp svínaræktarbúi við bændaskólana, a. m. k. annan þeirra, og kenna þar svínarækt. Jafnframt gæti það orðið hentugt hlutverk svínabúsins að selja grísi. Er það algengt í öðrum löndum, að bændur kaupi grísi, um 6 vikna gamla, og ali þá upp til slátrunar. Á þann hátt losna þeir við örðugasta þáttinn í svínarækt, að hafa fullorðin svín.

Til þess að svínabú geti orðið til fyrirmyndar bæði um fyrirkomulag og hagfelldan rekstur, þarf það að vera svo stórt, að hæfilegt starf sé fyrir einn mann að hirða um það. Þarf hann að vera það vel að sér í faginu, að hann geti jafnframt kennt svínarækt, og framkvæmt tilraunir með fóðrun, meðferð alla og kynbætur.

Jafnframt þyrfti að vera kostur á því, að bændaskólinn, sem hefði svínabúið, gæti tekið nemendur frá hinum skólanum á námskeið í svínarækt, ef þeir hefðu áhuga á því. Mætti t. d. hafa slík námskeið að vorinu að afloknu verklegu

námi. Á öðrum tímum ársins mætti hafa slík námskeið fyrir aðra, er vildu kynna sér svínarækt.

Á svínabúinu mundi vera hæfilegt að hafa 15—18 fullorðin svín og tilsvarandi af grísum. Þórir Baldvinsson áætlar, að hús fyrir slíkt bú þurfi að vera um 370 m² og um 1100 m³, en hver rúmmetri kosti um 450.00 kr. eða alls um hálfa milljón króna.

Tillögur: Reist verði á öðrum bændaskólanna svínahús, er rúmi 15—18 fullorðin svín, auk grísa. Áætlaður kostnaður um ½ millj. kr.

Að búinu verði ráðinn fær maður til þess að annast hirðingu, svo og kennslu, bóklega og verklega, og tilraunir.

Að búið framleiði sölugrísi fyrir bændur eftir því sem möguleikar leyfa og markaður er fyrir á hverjum tíma.

Að haldin verði námskeið í svínarækt fyrir nemendur þess bændaskóla, sem hefur ekki svínabú, svo og aðra eftir ástæðum.

Alifuglarækt. Hagskýrslur sýna eftirfarandi um tölu alifugla:

	År 1940	År 1955	År 1958	År 1959	År 1960
Endur og gæsir	2.270	443	3.041	578	573
Hænsni	72.714	93.449	95.206	100.057	96.397

Hænsnum hefur því verið fjölgað, en öðrum alifuglum fækkað, þar til 1959. Samkvæmt hagskýrslum 1957 var verðmæti alifuglaframleiðslu hér á landi rúml. 20 millj. kr. Ekki mun óvarlegt að ætla þá tölu nú um 25 millj. kr.

Enginn staður er til hér á landi, sem veitir kennslu í alifuglarækt. Stendur það að sjálfsögðu bændaskólunum næst að taka upp kennslu í þeirri grein.

Fram að þessu hefur kennslan í þessari búgrein aðeins verið bókleg við bændaskólana, og svo er enn. Tími til hennar er mjög takmarkaður. Er því full þörf á því, að komið verði upp alifuglabúi, að minnsta kosti við annan bændaskólann, þar sem lögð sé megináherzla á hænsnarækt, en einnig aðrar greinar alifuglaræktar, eftir því sem ástæður eru til hverju sinni.

Þar sem alifuglarækt er rekin í smáum stíl, þykir víða hentugt að kaupa unga rúml. sólarhrings gamla til uppeldis, því að útungun er vandasöm og dýr. Mundi þetta geta orðið hentugt verkefni fyrir bændaskólana.

Alifuglabúið þyrfti að vera rekið á þann hátt, að til fyrirmyndar væri í umönnun og hagfelldum rekstri. Stærð þess þyrfti að miða við hóflegt verk fyrir einn mann, er gæti þó samhliða kennt þessa grein nemendum skólanna, og framkvæmt tilraunir eftir aðstæðum.

Aðstaða yrði að vera fyrir hendi að taka pilta á námskeið í alifuglarækt.

Gera má ráð fyrir, að hæfileg bústærð væri um 1000 hænur, en auk þess útungun og uppeldi unga. Þórir Baldvinsson áætlar, að slíkt hús þurfi að vera um 280 m² og um 700 m³. Hver rúmmetri muni kosta um 400.00 kr. eða alls kr. 280.000.

Tillögur: Reist verði á öðrum bændaskólanna hænsnahús fyrir 1000 hænur, auk útungunar og uppeldis. Áætlaður kostnaður um 280 þús. kr.

Ráðinn verði hæfur maður til þess að hirða um búið, kenna nemendum skólans alifuglarækt og framkvæma tilraunir eftir því sem aðstæður leyfa.

Að búið framleiði unga til sölu.

Að haldin verði námskeið í alifuglarækt fyrir nemendur þess bændaskóla, sem ekki hefur hænsnabú, svo og aðra eftir ástæðum.

Loks verður í sambandi við búfræðinámið að taka tillit til þess, hve **sveitirnar eru mannfáar** og að margir sveitapiltar eiga lítt heimangengt, nema vissa tíma ársins. Það er því mjög athugandi að reyna, á öðrum bændaskólanum eða báðum, að stofna til **stuttra námskeiða** í ýmsum greinum búfræðinnar. Þau gætu staðið nokkrar vikur hvert.

Af sömu ástæðu og að framan getur, teljum við ekki hægt að hafa búfræðinámið eins langt og það hefur verið að undanförnu, heldur þurfi því að vera lokið á vorin um það bil að sauðburður byrjar eða um 25. maí.

Reynslan verður að leiða í ljós, á hvern hátt mundi hentugast að haga fyrirkomulagi námskeiðanna, en benda má á eftirfarandi:

Námskeið í vélfræði og meðferð dráttarvéla. Námið stæði í 4—6 vikur og væri bóklegt og verklegt. Ef til vill mætti einnig kenna nokkuð um landbúnaðarverkfæri, enn fremur eðlisfræði, rafmagnsfræði o. fl.

Námskeið í hirðingu nautgripa 6—8 vikur, bóklegt og verklegt. Kennt væri m. a. fóðurfræði, kynbótafræði, mjólkurfræði, byggingarfræði, dýralækningar, svo og fjósstörf og nautgripadómar.

Námskeið í hirðingu sauðfjár, 4—6 vikur, bóklegt og verklegt. Kennt væri m. a. fóðurfræði, kynbótafræði, byggingarfræði, dýralækningar, svo og verkleg hirðing sauðfjár og sauðfjárdómar.

Námskeið í áburðarfræði, 4 vikur, þar sem kennd væri áburðarfræði, jarðvegsfræði, efnafræði og verkfærafræði.

Námskeið í svínarækt og alifuglarækt, 4—6 vikur hvort. Hefur verið minnzt á þessi námskeið á bls. 5—6 hér að framan. Kennslan væri tilsvarandi og á námskeiðum fyrir nautgripi og sauðfé.

Búsmíðar. Slík námskeið gætu staðið lengri eða skemmri tíma eftir atvikum. Þar væri m. a. hugsanlegt að kenna mætti undirstöðuatriði þess að slá upp steypumótum fyrir minni hús. Gæti það orðið til hins mesta gagns fyrir lagtæka sveitapilta, sem hefðu ekki tækifæri til þess að læra það á annan hátt.

Einkum mundu þó þessi námskeið verða ætluð til þess að kenna mönnum að fara með ýmsa smíðaáhöld, smíða húsgögn, halda við byggingum o. fl.

Auk þessara námskeiða mætti hugsa sér ýmis fleiri búnaðarnámskeið í öðrum greinum landbúnaðarins. Þá er og vafalaust réttmætt að halda uppi mjög stuttum námskeiðum fáeina daga, eins og gömlu bændanámskeiðin voru. Þangað sóttu aðallega bændur og bændasynir, en búnaðarleiðbeinendur gáfu yfirlit um mörg hagnýt, búfræðileg efni.

Í 2. og 3. tölulið skipunarbréfs ráðherra til nefndarinnar er bent á að tekin sé til athugunar kennsla í „meðferð og nýtingu búsafurða“ og „undirstöðuatriðum hagfræðinnar“.

Nefndin hefur aflað sér upplýsinga um það, að í bændaskólunum er lögð nokkur áherzla á þessi atriði í kennslu, t. d. í sambandi við framleiðslu mjólkur og garðávaxta, svo að um 1. fl. vörur verði að ræða. Í flestum greinum búfræðinnar er undirtónninn viðskiptalegs eðlis. Allar leiðbeiningar eru miðaðar við það, að sem mestur og beztur arður fáist. Auk þess eru kenndir búreikningar, hagfræði, búnaðarsaga og þjóðfélagsfræði. Segja má, að í þessum greinum sé ekki ávallt völ á færum kennurum, þar sem fjöldi kennara við bændaskólana er mjög takmarkaður. Er því oft erfitt að velja hæfa menn til að kenna hverja námsgrein. Í erlendum búnaðarskólum eru kennarar yfirleitt fleiri en hér, oft 7—8 í hverjum skóla. Er þá auðveldara að velja hæfa menn í hverja af hinum veigameiri námsgreinum. Sem dæmi má á það benda, að í hagfræði og búreikningum er víðast sérstakur kennari, en hér á landi er það ekki hægt, heldur eru þessar greinar teknar sem aukafög. Ef bændaskólarnir hér á landi fengju tækifæri til þess að fjölga kennurum, t. d. um tvo á hvorum skóla, þá mundu skilyrðin batna til muna í því efni, að sérhver grein búfræðinámsins gæti notið sín, og að til þeirra mætti velja hæfa kennara. Mundi þá meðal annars lögð meiri stund á hagfræði og búreikninga en nú er gert.

Niðurstöður nefndarinnar.

Búnaðarfræðslunefndin leyfir sér, eftir þennan inngang um málið, að senda ráðuneytinu frumvarp til laga um bændaskóla og fylgja því sérstakar athugasemdir um þær breytingar, sem þar koma fram miðað við gildandi lög, nr. 24 1948. Meginþættir þeirra breytinga, sem nefndin leggur til að gerðar verði, eru þessir:

1. **Að bændaskólar skuli vera tveir** hér á landi, en ekki þrír. Ástæður fyrir þessari breytingu eru aðallega tvær: a) að aðsókn að bændaskólunum er ekki meiri en svo, að tveir skólar geta fullnægt henni og b) að mikið skortir á, að svo sé búið að þeim tveimur skólum, sem nú starfa, að viðunandi sé.
2. **Fleiri kennara þarf við skólana.** Við það verður námið betra og auðveldara að bæta við nýjum námsgreinum eftir kröfum tímans.
3. Ekki er brýn þörf á því, að hafa námið í báðum skólunum að öllu leyti hið sama, eins og nú er, heldur væri hugsanlegt að viðhafa **verkaskiptingu milli þeirra,** ef hentugt þætti.
4. **Verklega námið er stytt,** þar sem sveitapiltar eiga oft erfitt um vik að vera frá heimilum sínum á vorin og margir þeirra kunna allvel til búnaðarstarfa.
5. Meiri áherzla er lögð á **kennslu í vélfræði** og allan aðbúnað þar að lútandi en í gildandi lögum.
6. Meiri áherzla er lögð á **margs konar námskeið** við bændaskólana, annan eða báða.

Skýringar á einstökum greinum frumvarpsins.

1. gr.

Í núgildandi lögum um bændaskóla er gert ráð fyrir að hér á landi skuli vera þrír bændaskólar: á Hólum, Hvanneyri og í Skálholti. Stofnun Skálholtsskóla hefur ekki komið til framkvæmda. Telur nefndin ekki þörf á nema tveimur bændaskólum eins og sakir standa. Er því lagt til, að bændaskólar skuli vera tveir: á Hólum og Hvanneyri.

2. gr.

Engar breytingar koma fram í þessari grein.

3. gr.

Engar breytingar koma fram í þessari grein.

4. gr.

Í gildandi lögum er ákveðið, að við hvern bændaskóla skuli vera tveir fastir kennarar, auk skólastjóra. Í framkvæmd hefur þetta reynzt of lítið. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1963 er gert ráð fyrir 3 kennurum á Hólum og 4 kennurum á Hvanneyri (bls. 140), þar af einn við framhaldsdeildina, auk skólastjóra og launa eins aukakennara. Í frumvarpi nefndarinnar er lagt til, að kennarar verði 5 við hvorn skóla. Er það fjölgun um 2 frá því, sem nú er á hvorum skóla. Er þar fyrst og fremst hafður í huga kennari í vélfræði og verkfærafræði, svo og í hagfræðilegum efnum.

5. gr.

Þarf ekki skýringar.

6. gr.

Í þessari grein er það nýmæli, að ekki sé nauðsynlegt að námið í báðum bændaskólunum sé með alveg sama sniði, en geti að einhverju leyti verið frábrugðið eftir aðstæðum á hvorum stað.

7. gr.

Þessi grein er að efni til eins og 6. grein í gildandi lögum. Þó er aldurstakmarkið fært niður um eitt ár.

8. gr.

Þessi grein er að efni til svipuð 5. grein í gildandi lögum. Bóklegt og verklegt nám er hér ekki aðskilið og það síðarnefnda stytt verulega frá því, sem nú er í lögum.

9. gr. og 10. gr.

Þessar greinar eru að mestu samhljóða 7. gr. í gildandi lögum, en þó lögð meiri áherzla á kennslu í vélfræði og að kennsluverkstæði verði starfrækt í skólunum.

11. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 9. grein í gildandi lögum.

12. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 11. grein í gildandi lögum.

13. gr.

Í þessa grein er tekið efni úr 3. og 4. grein gildandi laga.

14. gr.

Greinin er samhljóða 10. grein gildandi laga.

15. gr.

Þessi grein er að mestu samhljóða 13. grein gildandi laga, en nokkru ákveðnara orðalag um greiðslu á rekstrarhalla skólabúanna.

16.—19. gr.

Þurfa ekki skýringa.

Ed. 286. Breytingartillögur [105. mál]

við frv. til l. um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Við 1. gr.: Í stað 8. töluliðar komi tveir töluliðir:

1. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla að Árneshreppi.
2. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.

Sþ. 287. Tillaga til þingsályktunar [157. mál]

um hagnýtingu síldarafla við Suðurland.

Flm.: Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ýtarlega rannsókn á því, hvernig hagnýta megi síldaraflann við Suðurland á sem beztan og verðmætastan hátt, og gera að þeirri rannsókn lokinni áætlun um það, á hvern hátt ríkið geti bezt stuðlað að því, að upp byggist iðnaður, er vinni sem fullkomnastar vörur úr þessum afla.

Greinargerð.

Fiskiðnaður okkar Íslendinga hefur beztu hráefni heims. Engin önnur þjóð hefur eins góða aðstöðu til að ná fjölbreyttum og glænýjum afla á land.

En við förum ekki nægilega vel með þetta hráefni, enda verða okkur of lítil verðmæti úr því, og hlutfallið milli afurðaverðmætis og aflamagns hefur versnað á undanförnum árum.

Framfarir í fiskiðnaði okkar hafa verið hægfara um nokkurt skeið. Við söltum aflann, herðum hann og frystum, eins og við höfum lengi gert. Aðrar þjóðir gera meira. Þær sjóða niður, reykja og pakka í margvíslegar neytendaumbúðir og auka þannig verðmætin stórlega. En slíkar aðferðir eru vanræktar hjá okkur.

Með tilkomu kraftblakkar og nælonnóta hefur aðstaðan til síldveiða gerbreytzt, og síld veiðist nú við ýmsar aðstæður, sem áður hefðu ekki komið til álita.

Þannig veiðist nú síld að vetrarlagi austur með öllu Suðurlandi, og á undanförnum vikum hefur borizt á land í Vestmannaeyjum meiri síld en nokkru sinni áður. Aðstaða til vinnslu hennar er þar slæm. Frystihúsin geta aðeins tekið við litlu magni. Talsvert er ísað til útflutnings, en mest fer í mjöl- og lýsisframleiðslu. Í Vestmannaeyjum er ein síldarverksmiðja, sem nú er verið að stækka, þannig að hún geti brætt 5000 mál á sólarhring. Í Þorlákshöfn er enn þá engin aðstaða til að taka á móti síld til annarrar vinnslu en frystingar.

Með þessum hætti verða þau framleiðsluverðmæti, sem úr síldinni fást, allt of lítil, og brýna nauðsyn ber til, að kannað sé til hlítar, með hvaða hætti megi úr þessu bæta.

Ýmsir aðilar hafa sýnt virðingarverða viðleitni til þess að gera tilraunir með betri hagnýtingu síldar. Samband íslenzkra samvinnufélaga hefur komið upp tilraunaverksmiðju í Hafnarfirði, sem m. a. fæst við reykingu síldar, og fleiri aðilar hafa byrjað ýmiss konar viðleitni af þessu tagi. En í hafnarbæjum Suðurlands er síldveiði í stórum stíl svo nýlega hafin, að fyrir liggur að taka afstöðu til nýrra viðhorfa þar. Hér er um stórmál að ræða, sem eðlilegt virðist að ríkisvaldið hlutist til um að komist í farsæla höfn.

Ed. 288. Frumvarp til laga [108. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. febr.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Orla Preben, landbúnaðarverkamaður, Teigi í Mosfellssveit, f. í Danmörku 29. janúar 1939.
2. Benke, Veronika Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 6. apríl 1940.
3. Bischoff, Ingeburg (Eiríksson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. júní 1928.
4. Bjartmars, Kirsten Fritzie, f. Mortensen, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 6. maí 1933.
5. Csillag, Erzsébet Eszter, f. Varga, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 1. janúar 1934.
6. Csillag, György, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. maí 1935.
7. Csillag, József, járnsmiður í Reykjavík, f. í Ungverjandi 2. júní 1934.
8. Csillag, Rozália, f. Szatmári, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rúmeníu 25. nóvember 1937.

9. Dam, Jörgen Kulmbak, verkamaður, Hraunprýði, Engidal, Garðahreppi, f. í Danmörku 27. febrúar 1937.
10. Fivelsdal, Harald Undertun, bóndi í Dalasýslu, f. í Noregi 15. marz 1940.
11. Gærdbo, Finn, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 25. júní 1938.
12. Hansen, Benny Martin, framreiðslumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 13. júní 1931.
13. Hansen, Jörgen Christian, kjötiðnaðarmaður á Selfossi, f. í Danmörku 26. júní 1938.
14. Hegedüs, Béla, sjómaður á Akranesi, f. í Ungverjalandi 12. janúar 1937.
15. Hentze, Carmen Edith Ruth, f. Heinze, húsmóðir í Saltvík á Kjalarnesi, f. í Þýzkalandi 29. janúar 1931.
16. Hentze, Jens Paule Konrad, ráðsmaður í Saltvík á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 25. ágúst 1921.
17. Horváth, Gabriella (Þórðarson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 22. júlí 1934.
18. Horváth, József C., bifreiðastjóri í Keflavík, f. í Ungverjalandi 14. júlí 1926.
19. Horváth, Mária T., húsmóðir í Keflavík, f. í Ungverjalandi 7. okt. 1926.
20. Häusler, Margot Helga, hjúkrunarkona í Hólmavík, f. í Þýzkalandi 11. janúar 1937.
21. Jacobsen, Sommer Thorstein, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 22. apríl 1920.
22. Jensen, Aage Christian, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. ágúst 1915.
23. Joensen, Asbjörg Alfrida, húsmóðir á Efri-Brúnavöllum, Skeiðahreppi, f. í Færeyjum 3. júlí 1936.
24. Joensen, Hans Sigurd, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 4. apríl 1909.
25. Johansen, Jakob Oluf, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 30. júní 1928.
26. Johnsen Langelyth, Sigrún Dagbjört, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Danmörku 8. júlí 1936.
27. Józsa, Eva, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 24. febrúar 1934.
28. Klimits, Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. júní 1930.
29. Klimits, János, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 26. nóvember 1936.
30. Klimits, Lajos, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 16. febrúar 1941.
31. Larsen, Kaj Flemming, verkamaður í Höfn í Hornafirði, f. í Danmörku 29. október 1939.
32. Lau, Betti Meta Frieda Karla, ráðskona í Garðahreppi, f. í Þýzkalandi 26. september 1917.
33. Mágyár, Ferenc, verkamaður í Ytri-Njarðvík, f. í Ungverjalandi 27. maí 1937.
34. Marten, Margarete Ida Marta (Guðjónsson), húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Þýzkalandi 23. janúar 1932.
35. Midjord, Johan Andrew Elmar, sjómaður, Búðum í Fáskrúðsfirði, f. í Færeyjum 27. júlí 1937.
36. Moen, Nils, ráðsmaður í Ölfusi, f. í Noregi 26. febrúar 1932.
37. Munro, Leo, kennari í Reykjavík, f. í Bretlandi 1. ágúst 1925.
38. Niclasen, Niels Jacob, sjómaður, Akureyri, f. í Færeyjum 10. júlí 1933.
39. Nielsen, Bent, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 27. desember 1932.
40. Nissen, Lilja, f. Bjarnadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 20. marz 1912.
41. Nissen, Ursula (Sigurðsson), húsmóðir á Tjörn í Aðaldal, f. í Þýzkalandi 29. janúar 1930.
42. Pal, Joli, saumakona í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 9. maí 1914.
43. Peschel, Max, glerslípunarmaður í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 18. september 1902.
44. Reiss, Margarete Herta, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 26. september 1937.
45. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. febrúar 1913.

46. Schultz, Helene, húsmóðir á Selfossi, f. í Danmörku 11. september 1935.
47. Sólrún Hervör Jónsdóttir, f. Heinesen, verkakona í Neskaupstað, f. í Færeyjum 2. ágúst 1944.
48. Svensson, Ingeborg Lucie Selma (Björnsson), húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 6. desember 1934.
49. Thomsen, Björk, nemandi í Reykjavík, f. í Danmörku 28. október 1945.
50. Thomsen, Lisa, nemandi í Reykjavík, f. í Svíþjóð 17. júlí 1944.
51. Toftum, Torgrim, landbúnaðarverkamaður á Móum á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 14. ágúst 1940.
52. Töczik, Mihály, verkamaður í Húsavík, f. í Ungverjalandi 25. júlí 1938.
53. Tölgyes, Miklos, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 17. október 1935.
54. Zsibók, Jozsef, verkamaður á Akranesi, f. í Ungverjalandi 12. apríl 1936.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 289. Tillaga til þingsályktunar [158. mál]

um heildarskipulag Suðurlandsundirlendis.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela skipulagsnefnd ríkisins í samráði við rannsóknaráð ríkisins, hagstofustjóra, Framkvæmdabankann, nýbýlastjóra, raforkumálastjóra og aðra sérfróða aðila ásamt þar til kjörnum fulltrúum viðkomandi sýslufélaga að gera svo fljótt sem auðið er frumdrög að heildarskipulagi Suðurlandsundirlendis, miðað við 10—15 ára tímabil. Skal að því stuðlað, að mannvirkjagerð hins opinbera og önnur fjárfesting á svæðinu miðist við að fá sem hagkvæmasta nýtingu orkulinda og annarra lands- og sjávargæða.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi, og fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Fyrirfram-heildarskipulagning landssvæða ryður sér mjög til rúms erlendis, og er nauðsynlegt, að Íslendingar fylgist með þeirri þróun. Þjóðin hefur ekki efni á að láta byggð og atvinnulíf þróast á jafn-tilviljunarkenndan hátt og verið hefur til þessa. Er því nauðsynlegt að auka hlutverk ríkisvaldsins og skipulagsstjórnarinnar á þessu sviði. Ýtarlegar rannsóknir þurfa að fara fram á hugsanlegri nýtingu auðlinda landsins, svo að unnt sé að gera víðtækari skipulagsáætlanir en hingað til hefur tíðkazt, um lengri tíma í senn og þó sérstaklega um stærri svæði, heil byggðarlög eða landshluta.

Þá er og ekki aðeins rétt, að skipulagsstjórnin fylgist með eða áætli þróun byggðar í landinu, heldur láti hún einnig rannsaka og gera áætlanir um æskilega þróun byggðarinnar, svo að ríkisvaldið á þeim grundvelli geti með sérstökum aðgerðum beinlínis stuðlað að hraðari uppbyggingu þeirra landssvæða, sem undangengnar rannsóknir leiða í ljós að séu bezt til búsetu fallin, og hafi þannig forustu um að beina fjárfestingu inn á þær brautir, sem mest gildi hafa.

Lög um skipulagsmál frá árinu 1921 hafa til þessa einvörðungu miðazt við

skipulag einstakra þorpa og kaupstaða, og eru löngu úrelt. Með tillögu þessari er stefnt að því að nú þegar verði lagður grundvöllur að þeim vinnubrögðum, sem óhjákvæmilega verður að viðhafa á þessu sviði, ef vel á að takast. Lagt er til, að byrjað verði á Suðurlandsundirlendinu, sem er eðlilega afmarkað landssvæði, auðugt að orkulindum með mikla framtíðarmöguleika, svo að mikilvægt er, að nú þegar verði reynt að gera sér sem bezta grein fyrir þeim möguleikum, sem fyrir hendi eru, og hvernig þeir verði bezt nýttir, miðað við framtíðarþarfir.

Með framkvæmd tillögunnar, ef samþykkt yrði, tekur skipulagsstjórn ríkisins að sér að skipuleggja frá grunni lítt byggð svæði, svo sem kringum hafnarstæði, fyrirhuguð orkuver o. s. frv., og auk þess yrðu gerðar heildartillögur um nýbýlahverfi á sviði landbúnaðar og garðyrkju, viðskipta- og samgöngukerfi, staðsetningu félagsheimila, skóla, heilbrigðisstofnana og íþróttamannvirkja og aðrar opinberar framkvæmdir.

Loks fengist af slíkri heildarskipulagningu heils landshluta dýrmæt reynsla, sem kæmi að miklu gagni við skipulagningu annarra byggðarlaga. Jafnframt yrði að fenginni slíkri reynslu mun auðveldara að semja sérstök lög um heildarskipulagningu landsins alls (national planning), svo sem æskilegt væri að gera svo fljótt sem kostur er.

Tillaga þessi var flutt á ofanverðu seinasta þingi og var þá send nokkrum aðilum til umsagnar. Fékk tillagan jákvæðar undirtektir m. a. frá sýslufundi Árnessýslu. Rannsóknaráð ríkisins segir í umsögn: „Ekki er að efa, að hér er um mjög mikilvægt verkefni að ræða“, og enn fremur: „Slík skipulagning verður ekki unnin í flýti eða án verulegs undirbúnings.“

Í umsögn frá bankastjóra Framkvæmdabankans segir svo: „Það fer meir og meir í vöxt erlendis, að ákveðnir landshlutar séu teknir til skipulagningar í einu lagi. Mönnum er það ljóst, að atvinnulífið með sínum orku- og hráefnalindum og samgönguæðum myndar ásamt byggðarlaginu lífræna heild og að bezt fer á því, að þess sé gætt strax í upphafi, ef um nýtt land eða landssvæði er að ræða, eða um meiri háttar nýjar framkvæmdir á landssvæði, þar sem byggð er fyrir. Ég tel æskilegt, að samið verði heildarskipulag fyrir Suðurlandsundirlendið, þar sem ekki er ólíklegt, að farið verði af stað með meiri háttar mannvirkjagerð þar á næstu árum, og að tillaga sú um þingsályktun, sem háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur sent mér, stefni í rétta átt. Leyfi ég mér að mæla með því, að hún verði samþykkt.“

Í framsögu fyrir þessari tillögu á seinasta þingi var að því vikið, að nauðsyn bæri til að gera sér grein fyrir framtíðarskipan hafnarmála héraðsins, fyrirkomulagi heilbrigðismála, hvað snertir sjúkrahús eða heilsuverndarstöðvar, og færð voru rök að því, að mikil fjárfesting í félagsheimilum mundi nýtast betur í þágu íbúa héraðsins með því að haga staðsetningu þeirra eftir fyrirframgerðri áætlun til langs tíma.

Enn fremur var þess getið, að mikilvægt sé að skipuleggja frá grunni hagnýtingu jarðhita í Hveragerði til orkuvinnslu og lækninga. Gerð hefur verið áætlun um gufuorkuver til rafmagnsframleiðslu, en afgangsorka frá því mundi skapa skilyrði til efnaiðnaðar ýmiss konar og stórrekstrar í ræktun gróðurhúsaafurða. Einnig hafa vísindamenn gert áætlun um vinnslu á þungu vatni, en ákvörðun um framkvæmdir hefur verið frestað til ársins 1965. Í Hveragerði eru hin ákjósanlegustu skilyrði til rekstrar heilsuhæla að erlendri fyrirmynd, og Alþýðusamband Íslands áformar að reisa orlofsdvalarheimili á landssvæði, sem einnig mundi henta vel undir almenn hressingarhæli. Af þessu er ljóst, að reyna verður að fyrirbyggja, að eitt reki sig á annars horn, þegar til framkvæmda kemur. Verksmiðja og sjúkrahús fara ekki vel saman, en með skipulagningu fyrir fram, gerðri meðan tími er til, mætti ráðstafa landi með þeim hætti, að hvort tveggja kæmist fyrir, svo að vel færi.

Þá þarf ekki síður en skipuleggja í dreifbýlinu og stefna að því að gera landbúnaðinn arðsamari en verið hefur. Fyrst og fremst kemur til greina að vinna

markvisst að eflingu landbúnaðar á þeim svæðum landsins, þar sem búast má við mestum árangri, þar sem skilyrðin eru bezt frá náttúrunnar hendi. Koma þarf skipulagi á sandgræðslu í ríkum mæli og á kornrækt jafnvel í byggðahverfum, sem stofnuð yrðu sérstaklega um þessa búgrein, og svipaða tilhögun mætti hugsa sér um grasrækt til framleiðslu heymjöls í verksmiðjum. Skógrækt á vegum ríkisins kynni að verða til meiri nytsemdar en nú er með ræktun skjólbelta þvert yfir héruð. Leggja ber drög að aukinni landþurrkun í lágsveitum, rannsaka þarf beitarþol afréttanna og bæta nýtingu þeirra m. a. með samstarfi sveitarfélaga um dreifingu áburðar úr lofti. Allt eru þetta atriði, sem hafa verður í huga við væntanlega heildarskipulagningu.

Þá er til þess ætlazt, að gerð verði áætlun um nýjar atvinnugreinar. Óvenjugóð skilyrði eru víða til laxaeldis. Með dælingu sjávar í áveituskurði mætti sennilega koma á stórfelldu fiskaeldi, og vel kæmi til greina, að hið opinbera hefði forgöngu um stofnun almenningssamtaka með bændum á öllu vatnasvæði Ölfusár og Hvítár um stórátök sem þarf, til þess að laxaklak og laxveiði verði hin arðvænlegasta búgrein. Rannsaka þarf möguleika á hagnýtingu hinna margvíslegu náttúruauðlinda. Hafin er með góðum árangri vinnsla þangmjöls úr sjávargróðri, en ókannað er með öllu, hvort útflutningur vikurgjalls og annarra byggingarefna væri arðbær. Þá er þess enn ógetið, að senn líður að fyrstu virkjun Þjórsár við Búrfell til vinnslu raforku til handa alúmíníumveri, sem til greina kemur að staðsetja í Þorlákshöfn. Þjórsá er virkjanleg á 8 eða 10 stöðum, og eru þá ótaldir fjölmargir virkjunarstaðir við önnur stórfljót. Að þessu ber að huga, svo mjög sem afkoma landsmanna er undir því komin, að fljótlega takist að nýta þá orkuauðlegð, sem óbeizluð fellur í elfum landsins.

Það er engin tilviljun, að hagvöxtur hefur hér á landi verið hægari en efni standa til. Þjóðin hefur af vanefnum hagnýtt aðeins 3% af virkjanlegri vatnsorku, sem talin er vera um 4 millj. kw., og aðeins 1% af hitaorku landsins, sem talin er þreföld vatnsorkan og jafnframt ódýrasta orkulindin. En að mörgu má líta, þótt minna sé. Aðkallandi er að bæta skilyrði til móttöku erlendra ferðamanna á Suðurlandi. Staðsetningu og innréttingu skólahúsa ber að haga svo, að húsin megi nota sem gistihús að sumri til, og hraða þarf lagningu vegar milli Þingvalla, Laugardals, Geysis og Gullfoss. Þá þarf skjótlega að ákveða, hvort réttara sé að leggja Austurveg að Selfossi um Ölfus eða um brú á Ölfusárósi, sem nú er í athugun, samkvæmt tillögu, sem vísað var til ríkisstjórnarinnar á seinasta þingi.

Af framansögðu má ráða, að margt kemur til greina við svæðaskipulag og að ærin ástæða er til að taka skipulagsmál Suðurlandsundirlendis fyrir sem sérstakt verkefni. Kynslóðar okkar bíður langur verkefnalisti, sem verður ekki tæmdur á augabragði. Velja verður þær framkvæmdir, sem leiða til mestrar framleiðniaukningar. Handahóf fortíðarinnar verður að víkja fyrir vísindalegri skipulagningu í þágu framtíðarinnar. Þá gefast tækifæri til að ná hraðari vexti þjóðartekna hér en í öðrum ríkjum. Væntanleg framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar um þjóðarbúskapinn í heild verður vafalaust mikilsvert framfaraspor, en hvort sem litið er langt eða skammt fram á veginn, er ljóst, að framkvæmd þessarar tillögu um svæðaskipulag með nýtízkulegum hætti yrði einnig talsvert spor í áttina til velferðarríkis."

Sþ. 290. Tillaga til þingsályktunar [159. mál]

um vinnuaðstöðu og sumarhvíld barna og unglinga.

Flm.: Margrét Sigurðardóttir.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd, sem taki til athugunar aðstöðu barna og unglinga innan 15 ára aldurs til eðlilegrar og heilbrigðrar sumarhvíldar og hæfilegrar og þroskandi vinnu þann tíma, sem börnin eru ekki í skóla.

Nefndin geri ýtarlega skýrslu um athuganir sínar, sem lögð sé fyrir Alþingi, og skili jafnframt tillögum um úrbætur í þessum efnum eigi síðar en fyrri hluta árs 1964.

Greinargerð.

Í flestum löndum, þar sem um svipaða skólaskyldu er að ræða og hér á landi, eru skólarnir starfrækir mestan hluta ársins. Þar eru skólaleyfin einungis notuð nemendum og kennurum til hressingar og hvíldar frá störfum og námi.

Hér á landi er hafður annar háttur á. Skólar eru yfirleitt ekki starfrækir lengur en í 8 mánuði árlega. Vissir kostir þessa stutta árlega námstíma liggja í augum uppi, svo sem möguleikar nemenda til þess að afla tekna til námskostnaðar, þátttaka nemenda í atvinnulífi landsmanna og kynning og samskipti við hinar ýmsu þjóðfélagsstéttir. Fyrir þá, sem stunda langskólanám, hefur þetta hin jákvæðustu áhrif, en gagnvart börnum og unglingum, sem eru í skyldunámi, koma þessi rök ekki til greina.

Um það eru líka farnar að heyrast raddir, að þróunin hér á landi hljóti að leiða til lengri árlegs námstíma, líkt og erlendis. Hins vegar eru þessar kröfur ekki svo almennar, að ástæða sé til að ætla, að róttækar breytingar á fræðslukerfi okkar í þessa átt standi fyrir dyrum. „Iðjuleysið er rót alls ills," segir máltækið. Og börn una iðju- eða réttara sagt athafnaleysi aldrei. Aðalvandræðin og e. t. v. má segja hættan er fólgin í því, að þegar börnin missa hið skipulega aðhald skólanámsins, er freistingin langtum meiri til að leiðast út í athafnir, sem eru miður heppilegar fyrir börnin og oft óþolandi fyrir umhverfi barnanna, fjölskyldur þeirra og nágranna.

Þetta er flestum foreldrum ljóst, og þess vegna reyna þeir að koma börnunum í einhvers konar vinnu.

Fyrsta verkefni slíkrar nefndar, sem hér er lagt til að kosin verði, yrði því að athuga, hvernig sumarvinnu barna og unglinga er varið, hve mörg stunda ákveðna vinnu, hvers konar vinnu og hve langur vinnudagur þeirra er. Þá fyrst, er nokkurt yfirlit er fengið í því efni, er unnt að gera sér grein fyrir, á hvern hátt framlag og frumkvæði ríkisins kæmi bezt að haldi. Þar getur orðið um ýmsar leiðir að ræða, t. d. rekstur vinnuskóla, að láta unglinga sitja fyrir um vinnu eða mynda heila vinnuflokka, sem vinna störf, sem þeim eru holl og heppileg, og fleira. Sömuleiðis kemur til álita, hvort ríkið hefði slíkan rekstur algerlega á sínum vegum eða aðallega yrði farin sú leið að styrkja á myndarlegan hátt slíka starfsemi á vegum bæjarfélaga og kauptúna og félagasamtaka.

Einnig þyrfti að athuga, hvort hægt væri að annast einhvers konar miðlun um sumardvöl barna á sveitabæjum og þá jafnframt eftirlit með slíkri dvöl.

Þörfin á því, að athafnaþrá barna og unglinga sé virkjuð með einhvers konar vinnu, er viðurkennd hér á landi. Má heita, að það hafi verið grundvallarsjónarmið í uppeldismálum þjóðarinnar í gegnum aldir.

Í augum fjölda fólks er það grundvallarsjónarmið í uppeldismálum enn þá.

Það er þó nauðsynlegt að skilja, að eigi þjóðin að svara þeim kröfum, sem nútímaþjóðfélag gerir um langa og jafnframt stranga skólagöngu og sérhæfingu á ótalmörgum sviðum, og eigi hún jafnframt að halda því, sem hefur verið aðalsmerki íslenzkrar menningar, þ. e. traust alþýðumenning, þarf hún að búa mjög vel að æsku landsins.

Þar nægir ekki fleiri og betri skólar og betri aðstaða kennara. Það þarf einnig að skipuleggja hin löngu, samfelldu „sumarfrí", sem börn og unglingar hafa frá skólanámi. Þann tíma má ekki einungis nota til stritvinnu, sem að vísu forðar e. t. v. frá öðru verra og gefur peninga í aðra hönd, heldur þarf sá tími fyrst og fremst að notast til uppbyggingar andlegra og líkamlegra krafta, veita unglingum félagslegt uppeldi og siðferðisþrótt.

Í þeim tilgangi er annar liður þessarar tillögu fram borinn.

Nefndin ætti að athuga möguleika á að hefja starfsemi sumarbúða fyrir unglinga, svo að að því yrði stefnt, að skólabörn frá 12—15 ára aldurs ættu slíkrar dvalar kost í nokkrar vikur árlega fyrir viðráðanlegt gjald. Í slíkum búðum yrðu börnin undir handleiðslu hæfra manna (t. d. kennara), iðkuðu íþróttir, leiki, gönguferðir og náttúruskoðun.

Slík starfsemi er ekki með öllu óþekkt hér á landi. T. d. hefur Kristilegt félag ungra manna og kvenna rekið sumarbúðir í Vatnaskógi í Borgarfjarðarsýslu, og nú síðustu árin hafa tveir ungir íþróttamenn hafið slíka starfsemi á eigin vegum.

Það er skoðun flutningsmanns þessarar tillögu, að hér sé um merkt mál að ræða, sem ástæða sé til að athuga af gaumgæfni, og að það sé líklegt, ef vel tekst til um framkvæmd, til að verða hollur þáttur í þjóðaruppeldi Íslendinga.

Þeirri nefnd, sem hér er lagt til að kosin verði, bæri að sjálfsögðu að leita sér nákvæmra upplýsinga hjá þeim aðilum, sem gerst vita um ástand og líklegastir eru til að kunna ráð til úrbóta í þeim efnum, sem þingsályktunartillaga þessi fjallar um.

Ed. 291. Nefndarálit [37. mál]

um frv. til laga um kornrækt.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Landbúnaðarnefnd hefur ekki orðið sammála um þetta frv. Minni hlutinn leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Minni hluti nefndarinnar hefur leitað umsagnar tilraunastjórans á Sámsstöðum, og er álit hans birt hér með, og er þar gefið yfirlit yfir þann árangur, sem kornyrkja hefur náð hér á landi.

Alþingi, 15. febr. 1963.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson.

Fylgiskjal.

Helztu atriði varðandi útbreiðslu og uppbyggingu innlendrar kornframleiðslu.

Grundvallað á þeirri reynslu, er fengizt hefur í kornyrkju frá 1923—1962 við tilraunir og stærri ræktun á Sámsstöðum og prófræktun í flestöllum héruðum landsins, virðist ræktun á byggi vera sú framleiðsla, sem skylt er að bæta við íslenzka fóðuröflun. Til þess að gera fært, að þessi framleiðsla nái öruggri fótfestu í íslenzkri ræktun sem víðast á landinu, er brýn þörf á, að þjóðfélagið, þ. e. ríkið, stuðli að útbreiðslu kornyrkjunnar. Markið er, að kornyrkja verði stunduð á Suðurlandi í flestum héruðum, og eru þá einkum Rangárvallasýsla og Skaftafellssýslur hafðar í huga, svo og Árnessýsla.

Á Vesturlandi má ætla, að í flestum árum þroskist bygg í Gullbringu- og Kjósarsýslu, víða í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, svo og héruðunum í kringum Breiðafjörð. Þá má ætla, að nokkuð örugg verði byggrækt í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum, svo og víða í Múlasýslum. Alls staðar á þessum stöðum eru byggðarlög, sem hafa meira og minna góð skilyrði og sums staðar ágæt fyrir byggþroskun.

Það, sem kornræktin byggist á:

Tilraunastarfsemi og ræktun til framleiðslu s. l. 40 ár.

Það, sem tilraunirnar hafa sannað:

Bygg og hafrar þroskast fyllilega 8 af hverjum 10 árum að meðaltali og uppskera 15—25 tn. af ha. í verstu árum og með óhöppum vegna veðurs 5—12 tn. af ha., og

ber þá kornframleiðslan sig illa, en verður að jafnaði arðgæf. Þetta gildir fyrir Suðurland. Aðrir landshlutar gefa ekki að jafnaði eins góðan árangur.

Tilraunir, sem gerðar hafa verið, eru í höfuðdráttum þessar:

1. Sáðtímatilraunir með bygg og hafra 20 sumur. Þær hafa varðað sáðtíma korns hér á landi. Bezti sáðtími 20/4—10/5.
2. Áburðartilraunir með búfjáráburð og tilbúinn áburð. Þessar tilraunir hafa sagt fyrir um áburðarmagn við ýmisleg skilyrði við kornrækt.
3. Tilraunir með sáðskipti og forræktun.
4. Tilraunir með sáðmagn og sáðdýpi.
5. Tilraunir með áburðartíma.
6. Tilraunir með kornafbrigði, og eru það umfangsmestu tilraunir, sem enn hafa verið gerðar. Má í þessu efni nefna, að búið er að reyna á 4. hundrað kornafbrigði af byggi, höfrum, rúgi og hveiti.

Þessar tilraunir hafa bent á eftirfarandi afbrigði til þroskunar: Af 6 raða byggi: Donnesbygg, Eddabygg, Flojabygg, Tamparbygg og Sigurbygg. Tvö þau síðastnefndu eru ættuð frá Færeyjum og hafa þolað bezt af öllu byggi stormasama haustveðráttu. Atvinnudeildin hefur kvíslað saman Eddabygg og Floja og hyggst að ná ræktunarhæfu korni úr þeirri blöndu — en það tekur talsverðan tíma. Af 2 raða byggi, er þarf um 6—10 daga lengri þroskunartíma en 6 raða bygg, eru þessi afbrigði bezt: Hertabygg, Maribygg og Morgunroði (Morgenrot), sem þroskast fyrst, eða á sama tíma og 6 raða bygg. Af höfrum: Samehafrar, Niðarhafrar, Tammehafrar og Níphafrar. Af vorhveiti: Norronehveiti, Apuhveiti, Fylgia og Diamant, en eigi ná þessi afbrigði fullum þroska nema í betri sumrum á venjulegum móajarðvegi. Það skal þó tekið fram, að vorhveitiafbrigði hafa náð fullum þroska á Skógasandi 1962, og er líklegt, að sandarnir með suðurströnd landsins þroski fyrst og bezt korn hér á landi. Vetrarrúgur þrífst í flestum árum.

Sú þekking og aðstaða, sem skapazt hefur á síðustu 4 áratugum, er það verðmæt fyrir innlenda fóður- og mataröflun, að brýn nauðsyn er á að hagnýta þau sannindi, sem þegar eru fengin. Útbreiðsla og uppbygging kornræktarinnar er hvort tveggja í senn, hagsmuna- og menningarmál þjóðarinar. Með áframhaldandi tilrauna- og rannsóknarstarfsemi verður vafalaust hægt að gera kornyrkju árvissari og fjölbreyttari en liðin tilraunastarfsemi hefur orkað, en það er þó sýnt, að með þeim kornafbrigðum, sem nú er völ á, má reka arðgæfa kornrækt. S. l. sumar var slæmt fyrir þessa framleiðslu, m. a. í því, hvað vorið tálmaði og dró á langinn sáðtímann, og svo 3—11°C frost fyrri hluta sept. Þó fengust á Geitasandi á Rangárvöllum 10—11 tn. af ha. af byggi og í smátilraunum 20—24 tn. af ha. Á Skógasandi náði Hertabygg fullum þroska og 14—15 tn. uppskeru af ha. og meira á Síðunni. Bygg náði góðum þroska víðast í Hornafirði í A.-Skaftafellssýslu. Í Gunnarsholti náði Hertabygg um 85% af fullþroska, á Hvolsvelli um 65—70% af fullþroska (eftir athugun í haust). Uppskera varð á þessum stöðum minni en 10 tn. af ha., en hér kom ekki til að öllu leyti sumarið, heldur framkvæmdir (einkum sáðtími, áburðardreifing og sáðmagn).

Í þessu sambandi má benda á, að kornrækt hefur víðar mistekizt en hér á landi s. l. ár, því að um alla Norður-Evrópu urðu mikil áföll á kornframleiðslu, og væri hægt að benda á ýmis héruð, t. d. N.-Þýzkaland, þar sem kornið varð ekki uppskorið vegna rigninga og annarra veðurfarsgalla, sem þar eru taldir óvenjulegir.

Þá má minna á eitt atriði, sem gæti tryggt mjög t. d. byggrækt, en það er vetrarbyggrækt. Nú eru í gangi tilraunir á Sámsstöðum með 2 afbrigði af vetrarbyggi á 3 jarðvegstegundum og reyndir 6 sáðtímar frá 5/7—20/10. Engu skal spáð um árangur, en víst virðist mér vera, að vinna mætti vetrarbyggrækt inn í íslenzka kornrækt, og væri það aðferð, sem tryggði öruggari árangur en vorbyggræktin ein. Vetrarbygg á að þroskast 2—3 vikum fyrr en vorsáð bygg.

Það, sem ég hef hér nefnt varðandi innlenda kornframleiðslu, er þess eðlis að stefna að fullkomnu landnámi kornyrkjunnar, og það ætti að vera ósk allra, sem

vilja hag og heill íslenzkra atvinnuvega. En til þess að þessar athafnir allar nái sem fyrst eðlilegri útbreiðslu í sem flestum byggðarlögum landsins, þarf meiri átök en gerð hafa verið fram að þessu. Virðist mér, að það hljóti að felast í eftirfarandi atriðum:

1. Að haldið sé áfram þeirri tilraunastarfsemi, sem rekin hefur verið af atvinnudeild og tilraunastöðvum með aðstoð ríkisvaldsins.
2. Að samin verði og lögfest löggjöf um ráðstafanir til útbreiðslu kornræktarinnar, er m. a. feli í sér:
   a. Innlend kornframleiðsla sé gerð jafnrétthá hvað verðlag snertir og samtegunda erlent korn (sem er nú niðurgreitt).
   b. Að veittur sé ákveðinn styrkur til vélastöðva, er aðstoða við kornrækt.
   c. Að veitt sé jarðvinnsluframlag miðað við ha. árlega næstu 10 ár, meðan kornyrkjan er að ná fótfestu.
   d. Að sérstök ráðunautastarfsemi verði hafin með leiðbeiningum lútandi að því að leiða á faglegan hátt framkvæmd á útbreiðslu og rekstri almennrar kornframleiðslu bænda.

Ef þessu, sem hér hefur verið á minnzt, yrði framfylgt, er ég ekki í neinum vafa, að kornyrkjan nær útbreiðslu í flestum byggðarlögum landsins, bæði til fóðurs og manneldis.

Ed. 292. Breytingartillögur [108. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Einarsson, Lucie, húsmóðir, Bolungarvík, f. í Danmörku 3. september 1936.
2. Petersen, Jens Arne, sjómaður, Stokkseyri, f. í Færeyjum 15. marz 1943.
3. Strömmen, Bjarni Jóhann, barn, Akureyri, f. á Íslandi 13. apríl 1951.
4. Strömmen, Grétar Sævar, barn, Akureyri, f. á Íslandi 23. október 1948.
5. Strömmen, Margrét, barn, Akureyri, f. á Íslandi 19. apríl 1954.
6. Strömmen, Robert, barn, Akureyri, f. á Íslandi 13. marz 1947.

Sþ. 293. Fyrirspurn [160. mál]

til flugmálaráðherra um byggingu þverbrautar á Vestmannaeyjaflugvöll.

Frá Unnari Stefánssyni.

a. Hvenær er ráðgert að fullgera þann 600 metra áfanga af þverbraut á Vestmannaeyjaflugvöll, sem byrjað hefur verið á?
b. Hve mikið er áætlað að sá áfangi þverbrautar kosti?
c. Hversu mikið fé er handbært til framkvæmda á þessu ári?

Sþ. 294. Tillaga til þingsályktunar [161. mál]

um fullnýtingu vetrarsíldarafla til manneldis og bræðslu.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvernig unnt verði að fullnýta vetrarsíldarafla út af Suður- og Suðausturlandi með sérstöku tilliti til nýtingar síldarinnar til manneldis og bræðslu.

Greinargerð.

Bæjarstjórnin í Vestmannaeyjum samþykkti nýlega einróma tillögu frá bæjarfulltrúa Alþýðuflokksins, Magnúsi Magnússyni, um að leita eftir því, að Síldarverksmiðjur ríkisins reisi síldarbræðslu í Vestmannaeyjum. Áður hafði komið fram tillaga frá sama bæjarfulltrúa á þá leið, að athugað yrði í samráði við opinbera aðila og einstaklinga, hvað gera þyrfti til undirbúnings fjölbreyttum síldariðnaði í Vestmannaeyjum. Málefni þetta blasir nú við mjög brýnt og aðkallandi. Stærri veiðiskip, ný leitar- og veiðitækni og örugg vitneskja um lífsvenjur síldarinnar hafa skapað þessi nýju viðhorf. Flutningsmaður þessarar tillögu hefur haft samráð við fiskifræðingana Jakob Jakobsson og Jón Jónsson, og telja þeir ástæðu til að ætla, að síld muni verða í talsverðu magni á svæðinu frá Reykjanesi til Ingólfshöfða að jafnaði allan fyrri hluta árs og allt fram í júlímánuð. Skipulegar rannsóknir, sem atvinnudeild háskólans hefur framkvæmt á s. l. fjórum árum, benda ótvírætt til, að síldarganga sé árviss á þessum slóðum. Þessi niðurstaða fiskifræðinganna kemur heim við álit sjómanna, sem telja, að síld hafi einatt verið í stórum stíl fyrir suðurströndinni, og þýzkir togarar munu stundum hafa tekið heila farma af síld út af Selvogsbanka í síldartroll.

Síldin, sem veiðist á þessum tíma árs, er yfirleitt horuð, með fitumagn 8—12%, og því ekki heppileg til bræðslu í lýsi. Hins vegar stendur nú opinn markaður fyrir slíka síld til manneldis, sé hún verkuð með súrsun og reykingu. Til þessarar verkunar er vetrarsíldin, sem nú veiðist við Suðausturland, sérstaklega góð, og er einmitt beðið um síld með fitumagn kringum 10%. Alveg sérstaklega munu síldarkaupendur þó óska eftir hrognfylltri síld, en hún veiðist eingöngu nú í síðari hluta febrúar og allan marzmánuð og síðar á vorinu við Suðurland. Talsverð eftirspurn virðist nú vera eftir slíkri síld og jafnvel síldarhrognum einum saman, sem unnt er að gera að miklu verðmæti.

Óþarft er að fjölyrða hér almennt um nauðsyn á fjölbreyttum síldariðnaði og knýjandi þörf, sem nú er á stórfelldu sölustarfi og víðtækri markaðsleit samhliða uppbyggingu síldariðnaðarins, en meira vert að víkja að þeim erfiðleikum, sem nú eru á því að nýta vetrarsíldveiðiaflann. Fram til 2. febrúar s. l. höfðu borizt til Vestmannaeyja 116217 tunnur síldar, og mun nú hafa borizt þangað eftir aflahrotu seinustu dægur ámóta mikið síldarmagn og til þeirra staða við Faxaflóa, sem tekið hafa á móti mestu síldarmagni næst Reykjavík. Um aðra móttökustaði hefur varla verið að ræða í viðunandi fjarlægð frá miðunum, en margir bátar hafa orðið að sigla til Reykjavíkur eða annarra Faxaflóahafna í þriggja sólarhringa ferðalag með aflann. Aflinn, sem borizt hefur til Eyja, hefur að mestu verið bræddur í 2000 tunna verksmiðju, sem fyrst og fremst er ætluð til annarra nota sem beinamjölsverksmiðja. Nokkuð hefur verið fryst, nokkru umskipað í togara til flutnings á markað erlendis, en sama og ekkert hefur verið unnið með öðrum hætti.

Á sama tíma og sölumöguleikar eru fyrir hendi og mikill markaður fyrir verðmikla síldariðnaðarvöru til manneldis, getur hið opinbera ekki horft aðgerðalaust á slíka verðmætasóun sem þarna á sér stað, meðan síldaraflinn er ekki nýttur betur en raun er á.

Því er þessi tillaga flutt, að Alþingi mundi með samþykkt hennar láta í ljós hvatningu um, að gert verði nú þegar það átak, sem um munar til að nýta þau verðmæti, sem daglega fara í súginn, meðan ekki er hafizt handa um úrbætur.

Ed. 295. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til laga um Iðnlánasjóð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumv., en varð ekki sammála um afstöðu til þess. Einn nefndarmanna (Hermann Jónasson) er andvígur ýmsum ákvæðum þess, m. a. tekjuöflunarleið frv., og mun flytja við það breytingartillögur á sérstöku þingskjali.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (Ásgeir Bjarnason) var fjarverandi afgreiðslu málsins í nefndinni.

Alþingi, 20. febr. 1963.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Gísli Jónsson.

Sþ. 296. Tillaga til þingsályktunar [162. mál]

um verknámsskóla í járniðnaði.

Flm.: Hannibal Valdimarsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því, að stofnsettur verði í Reykjavík verknámsskóli í járniðnaði á grundvelli heimildar í 1. gr. laga um iðnskóla frá 1955. Skólinn skal taka til starfa eigi síðar en 1. okt. 1963.

Greinargerð.

Í 1. gr. laga um iðnskóla, sem gildi tóku 1. okt. 1955, segir svo: „Iðnskólar veita fræðslu þeim nemendum, sem iðnmeistarar og iðnfyrirtæki hafa tekið til náms samkvæmt lögum um iðnfræðslu, og þeim, sem nema vilja iðn til sveinsprófs í vinnustöðvum, sem skólarnir hafa ráð á.“ Lagagrein þessi heimilar iðnskólum að útskrifa iðnsveina án þess, að þeir (sem iðnnemar) séu á námssamningi hjá iðnmeisturum eða iðnfyrirtækjum.

Iðnnemasamband Íslands hefur allt frá stofnun þess á árinu 1945 bent á nauðsyn verklegrar kennslu í iðnskólunum. Þá hafa þing Landssambands iðnaðarmanna gert samþykktir í þessa átt á undanförnum árum. Af þessu er ljóst, að áhugi er hjá báðum þessum aðilum fyrir því, að þessi þáttur iðnskólalaganna komi til framkvæmda. Flutningsmenn þessarar tillögu álíta því fyllilega tímabært, að hrundið verði sem fyrst í framkvæmd stofnun verknámsskóla í járniðnaði, svo sem umrædd lagagrein heimilar.

Skólinn skal vera deild við Iðnskólann í Reykjavík. Gert skal ráð fyrir, að námið taki eitt ár og ljúki nemar á þeim tíma einnig bóklegu námi sem svari tveim fyrri bekkjum iðnskólans. Að skólanum loknum skulu nemendur stunda nám hjá meistara og ljúka sveinsprófi.

Með tillögu þessari er gert ráð fyrir, að með vel skipulagðri kennslu í verknámsskólanum megi stytta heildarnámstímann um eitt ár og tryggja nemunum þó mun betri menntun í iðninni en almennt gerist með núverandi námstilhögun. Í þessu sambandi má benda á, að gagnfræðastig verknámsins gefur 6 mánaða styttingu iðnnámsins, samkv. samþykkt iðnfræðsluráðs.

Það er raunar skoðun flutningsmanna, að í framtíðinni eigi allt iðnnám að fara fram í slíkum verknámsskólum, en rétt sé að hefjast handa nú þegar með eina iðngrein og þá að sjálfsögðu þá, sem langflesta nema hefur.

Sþ. 297. Nefndarálit [34. mál]

um till. til þál. um endurskoðun laga um stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur haft þáltill. þessa til athugunar og leitað umsagna um hana hjá eftirtöldum aðilum: skólastjóra stýrimannaskólans, Fiskifélagi Íslands, fræðslumálastjóra og sjóvinnunefnd æskulýðsráðs. Allir þessir aðilar mæla með samþykkt tillögunnar. Allsherjarnefnd er sammála um að mæla með samþykkt hennar.

Alþingi, 20. febr. 1963.

Benedikt Gröndal, form. Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm. Sigurður Bjarnason. Björn Pálsson.
Jónas G. Rafnar. Geir Gunnarsson. Gísli Guðmundsson.

Sþ. 298. Nefndarálit [35. mál]

um till. til þál. um, hvernig daglega megi fylgjast með ferðum íslenzkra fiskiskipa.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og sent hana til umsagnar eftirtalinna aðila: skipaskoðunarstjóra, landhelgisgæzlunnar, Sjómannasambands Íslands, Slysavarnafélags Íslands og Alþýðusambands Íslands. Allir þessir aðilar eru því samþykkir, að athugun sú, er þáltill. segir til um að framkvæma eigi, sé gerð og á grundvelli hennar verði gerðar tillögur til úrlausnar þessa vandamáls.

Allsherjarnefnd er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 20. febr. 1963.

Benedikt Gröndal, form. Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm. Geir Gunnarsson. Sigurður Bjarnason.
Björn Pálsson. Gísli Guðmundsson. Jónas G. Rafnar.

Sþ. 299. Breytingartillögur [96. mál]

við till. til þál. um jarðhitarannsóknir, jarðhitaleit og áætlanir um hagnýtingu jarðhita á Norðurlandi eystra.

Frá Halldóri Ásgrímssyni, Jónasi Péturssyni, Eysteini Jónssyni, Lúðvík Jósefssyni og Páli Þorsteinssyni.

1. Á eftir orðunum „á Norðurlandi eystra“ í 1. mgr. komi: og Austurlandi.
2. Í stað orðsins „landshluta“ í 2. mgr. komi: landshlutum.
3. Á eftir orðunum „á Norðurlandi eystra“ í fyrirsögn komi: og Austurlandi.

Nd. 300. Breytingartillögur [90. mál]

við frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. Við 5. gr. Á eftir 1. málslið komi orðin: nema um skólaskip sé að ræða.
2. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   23. gr. laganna orðist þannig:
   Fækki skipverjum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.
   Fækki stýrimönnum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli skipstjóra og stýrimanns, eða stýrimanna, í hlutfalli við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.
3. Við 14. gr. Orðið „eftirlifandi“ í b-lið falli niður.
4. Við 44. gr. Framan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
   Ákvæði laga þessara um réttindi skipverja skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.

Sþ. 301. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]

um eftirlit með fyrirtækjasamtökum.

Flm.: Unnar Stefánsson, Benedikt Gröndal, Eggert G. Þorsteinsson, Jón Þorsteinsson, Birgir Finnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga með hverjum hætti hið opinbera geti haft eftirlit með viðleitni fyrirtækja til að hafa með sameiginlegri afstöðu á markaði óæskileg áhrif á verðmyndun í landinu og hvernig bezt megi tryggja, að neytendur fái notið ávaxta aukinna framleiðsluafkasta í meira vöruúrvali og hagstæðara verðlagi.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á seinasta þingi, en varð eigi afgreidd. Fylgdi henni þá svofelld greinargerð:

„Ísland er nú eina ríkið meðal þjóða Vestur-Evrópu, sem hefur ekki lög um heimild hins opinbera til að hamla móti einokun eins fyrirtækis eða samtökum

fyrirtækja um að halda uppi í skjóli einkasöluaðstöðu óeðlilega háu verði til að afla sér óréttmæts ágóða. Verðlagseftirlit í núverandi mynd gegnir ekki þessu hlutverki. Í Noregi er verðlagseftirlit. Þar hafa þó verið bannaðir nær 400 verðsamningar einkaaðila.

Mikil brögð eru hérlendis að samtökum fyrirtækja í sömu grein viðskipta, sem geta haft óæskileg áhrif, þótt ekki sé um risafyrirtæki að ræða. Verðsamkomulag tveggja eða þriggja smáaðila, sem ráða yfir miklum hluta framboðs í einni grein viðskipta, hefur ekki síður skaðleg áhrif á sínu sviði en myndun stórhrings, sem auðveldara væri að henda reiður á.

Í umsögn Hagstofu Íslands um sömu tillögu á seinasta þingi segir m. a.: „Ýmislegt bendir til þess, að fyrirtækjasamtök séu nú orðin talsvert útbreidd hér á landi, en hins vegar vantar alla vitneskju um ástand þessara mála hér í einstökum atriðum, vegna þess að aldrei hefur farið fram nein athugun á þeim. Hníga ýmis rök að því, að slík athugun verði látin fara fram."

Um frekari atriði vísast til grg. frá fyrra ári, svo hljóðandi:

„Íslenzk löggjöf hefur ekki ákvæði, sem lúta að heimild hins opinbera til að hafa eftirlit með tilraunum fyrirtækjasamtaka til aðgerða, sem gætu haft óæskileg áhrif á vöruval og verðlag í landinu. Með flutningi þessarar tillögu er lagt til, að ríkisstjórnin láti rannsaka starfsemi þeirra fyrirtækjasamtaka, sem hafa einkasöluaðstöðu eða líkleg þykja til að geta öðlazt hana, og láti síðan undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um opinbert eftirlit með slíkum samtökum einkafyrirtækja.

Myndun fyrirtækjasamtaka hefur verið eitt meginvandamálið í markaðsþróun síðustu áratuga, einkum meðal þeirra þjóða, sem hafa vilja í heiðri lögmál frjálsrar verðmyndunar og athafnafrelsi einstaklinga. Sérstaklega kveður að þessum vanda í þeim ríkjum, sem nú eru með lækkun tolla og afnámi innflutningshafta að taka upp frjálsari viðskiptahætti sín á milli.

Víðari markaðsheild á Vesturlöndum ásamt greiðari samgöngum og fullkomnara vörudreifingarkerfi eykur til muna hagkvæmni sérgreiningar og stórrekstrar, sem á hinn bóginn skapar skilyrði til enn víðtækari verkaskiptingar yfir landamærin, en það er einmitt ein aðalundirstaða efnahagslegra framfara.

En samtímis því, að aukin sjálfvirkni í vélvæðingu og nýjar uppfinningar, sem gera byltingu á sviði tækniframfara, leiða til enn frekari stóriðju, þá safnast framleiðsla hverrar einstakrar vörutegundar saman á færri og stærri hendur, sem fá með þessum hætti einokunaraðstöðu og efnahagsleg völd.

Þessi þróun stafar meðal annars af því, að markaðshættir nútímans mótast í vaxandi mæli af einkasölusamkeppni með miklum fjölbreytileika vörutegunda, þar sem hver framleiðandi keppir að því, að gefa afurð sinni einhverja sérstöðu, sem veitir honum tækifæri til að reka sjálfstæða verðstefnu án verulegs tillits til verðákvörðunar annarra.

Reynsla undanfarinna áratuga hefur sýnt, að rík tilhneiging hefur verið til samvinnu fyrirtækja í stað samkeppni. Hafa fyrirtækin myndað með sér efnahagssamsteypur (trusts) eða efnahagssamtök (cartels) til að sölsa undir sig einhvers konar einkasöluaðstöðu á markaðinum. Í staðinn fyrir verðsamkeppni kemur þá formlegur verðsamningur eða leynilegt samkomulag, og er þannig úr sögunni frjáls samkeppni um verð, og í hennar stað kemur samkeppni á sviði sölustarfs, viðskiptagæða, þjónustu og auglýsinga.

Af þessum ástæðum má fullyrða, að stórum hafi dregið úr gildi frjálsrar samkeppni um verð í nútíma verzlunarháttum. Er ekki aðeins, að sjálfstæð einkafyrirtæki geti í krafti samtaka sinna, með hömlum á framboði eða framleiðslu, dregið úr eða útilokað samkeppni, heldur geta þau einnig staðið gegn auknum afköstum, hagnýtingu tækninýjunga og eðlilegri framþróun, sem ella mundi leiða til meiri heildarframleiðslu og aukinnar hagsældar. Einstök afbrigði fyrirtækjasamtaka geta

haft að markmiði, auk þess að halda uppi verði, að takmarka gæði, samræma söluskilmála, leggja höft á innflutning og hömlur á framboð, skipta með sér sölusvæðum og viðskiptavinum og ákvarða sölukvóta í því skyni að bæta hag meðlima sinna á kostnað neytenda.

Samræmdar aðgerðir, sem að yfirlögðu ráði hafa þvílík markmið, geta ekki talizt einkamál viðkomandi fyrirtækja, sem geta verið mikilsverður hlekkur í þjóðarbúskapnum og eiga því skyldum að gegna við samfélagið.

Ríkisvaldið hefur því víðast hvar látið þetta vandamál til sín taka, annaðhvort bannað slík samtök með öllu, eins og í Bandaríkjunum, Ástralíu og Japan, eða tekið upp strangt eftirlit með starfsemi þeirra, eins og á Norðurlöndum, Englandi, Írlandi, Hollandi, Belgíu, Kanada og víðar. Fyrirtækjum er þá yfirleitt gert að tilkynna alla samninga sína hinu opinbera og gefa þær upplýsingar, sem það biður um.

Íslenzki markaðurinn er þröngur og hefur vegna smæðar sinnar og mikils innflutnings þá sérstöðu, að hér væri auðvelt fyrir kaupmenn, innflytjendur eða framleiðendur með framleiðendasamtökum og innkaupasamböndum að öðlast einkasöluaðstöðu og efnahagsleg völd.

Hins vegar hefur ríkisvaldið um langt skeið með verðlagseftirliti og sérstakri skipan innflutnings- og gjaldeyrismála tryggt sér aðstöðu til að fylgjast allnáið með verðmyndun inanlands, sem af þeim sökum hefur ekki lotið neinum lögmálum frjálsrar verðmyndunar. Hefur af þessum sökum ekki verið talin ástæða til frekari ihlutunar um verðmyndun með markaðsrannsóknum og nánara eftirliti af hálfu hins opinbera.

Enda þótt verðlagseftirlit sé mikilsvert tæki til að vernda hagsmuni neytenda, þá hefur það að óbreyttri löggjöf engin skilyrði til að ná þeim tilgangi, sem hér er gert ráð fyrir. Ríkisstjórnin stefnir að frjálsum innflutningi og heitir landsmönnum, að með því vilji hún stuðla að meira vöruframboði og frjálsara neyzluvali, en svo fremi getur hún náð þessu marki, að innflytjendur sjálfir láti ekki samtök sín viðhalda þeim óæskilegu höftum, sem hún vill afnema, og komi þannig beinlínis í veg fyrir, að ráðstafanir hennar í þessum efnum nái tilætluðum árangri.““

Sþ. 302. Tillaga til þingsályktunar [164. mál]

um vatnsöflun í Vestmannaeyjum.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta rannsaka í samráði við bæjarstjórn Vestmannaeyja, hvernig heppilegast sé að leysa til frambúðar vandamál vatnsöflunar í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Tillaga þessi var flutt á ofanverðu fyrra þingi, en náði þá ekki afgreiðslu. Henni fylgdi þá svofelld greinargerð:

„Andrúmsloftið hefur um skeið verið mengað eiturefnum eftir risakjarnorkusprengingar Rússa við Norður-Íshaf, aðeins 700—900 km frá Íslandi. Kjarnageislun er að vísu hvarvetna geigvænleg, en eitt byggðarlag hérlendis, Vestmannaeyjar, býr þó við algera sérstöðu, þar sem regnvatn af húsþökum er notað til almennrar neyzlu. Kjarnageislun í regnvatni hefur aukizt geipilega við þessar sprengingar. Á fyrri helmingi seinasta árs mældist hún 2 til 8 pico Curie/lítra (mælieiningar), en það sem af er þessu ári 440 til 481 pico Curie/lítra, samkvæmt upplýsingum frá Eðlisfræðistofnun háskólans, sem fær vikulega send sýnishorn af vatni frá

Vestmannaeyjum. Búizt er við, að geislun aukist enn vegna rykskýja, sem yfir ber úr háloftum, og er þá ekki gert ráð fyrir áframhaldandi á sprengingum, sem því miður virðast horfur á að verði vegna andstöðu Rússa við raunhæft eftirlit með alþjóðlegri afvopnun. Fari svo, að kjarnageislun aukist að ráði í vatni, er talið óhjákvæmilegt að banna neyzlu regnvatns af húsaþökum, sem oft er blandað loftryki. Óþarft er að geta um þá hættu, sem yrði, ef ófrið bæri að höndum.

Þessi nýju viðhorf valda vaxandi áhyggjum og beina jafnframt athygli að öðrum þætti málsins, því ástandi, að sjór skuli vera notaður við fiskvinnslu í Vestmannaeyjum, þar sem verulegur hluti af heildarmagni útfluttra sjávarafurða er verkaður. Meðan svo er að sjór er tekinn skammt frá hafnarmynni til fiskþvotta, vofir stöðugt yfir viss hætta. Matvælaeftirlit í sumum ríkjum fiskkaupenda okkar gerir stöðugt strangari kröfur um hreinlæti í meðferð innfluttra matvæla, og eru sýnishorn af þeim rannsökuð nákvæmlega. Finnist skaðlegir sýklar í íslenzkum fiski, mundi afleiðing þess geta varðað allan fiskútflutning landsmanna. Hér er því um að ræða alvarlegt mál, sem tvímælalaust er í verkahring ríkisvaldsins. Auk þessara ástæðna er skortur á fersku vatni til almennra heimilisnota orðinn svo tilfinnanlegur í Vestmannaeyjum, að leita verður varanlegra úrræða.

Þrjár leiðir koma þar til greina:

I. **Lagning vatnsveitu úr landi.** Bæjarverkfræðingurinn, Þórhallur Jónsson, hefur þegar gert áætlun um þá framkvæmd og telur heildarkostnað um 34 millj. kr. Er þá gert ráð fyrir að stífla Leitisá, sem er bergvatnsá, við Seljaland undir Eyjafjöllum, 10.5 km frá ströndinni, leggja pípur úr plastefni 13.5 km vegalengd í sjó og reisa loks dælistöð og vatnsgeymi á Heimaey.

II. **Djúpborun eftir vatni.** Gerð hefur verið tilraun með leit að vatni á Heimaey með ófullkomnum jarðbor, en án árangurs. Reynsla, sem fengizt hefur á Reykjaneskaga, bendir til, að hugsanlegt sé, að með djúpborun megi finna jarðvatn, en til þessa verks þyrfti að nota jarðbor ríkisins og Reykjavíkurborgar. Ef jarðfræðingar telja líkindi til, að slík tilraun geti borið árangur, væri þessi lausn öruggari en leiðsla úr landi og ef til vill hagkvæmari, og ber að meta það.

III. **Vinnsla vatns úr sjó.** Á allra seinustu árum hefur átt sér stað ör tækniþróun í vinnslu vatns úr sjó, og hafa uppfinningar á nýjum framleiðsluaðferðum gert hana kostnaðarminni en áður. Er þessi leið farin í mörgum borgum erlendis, sem eiga við sama vanda að glíma. Magnús Magnússon póst- og símstöðvarstjóri í Vestmannaeyjum hefur í blaðagrein vakið athygli á þessu. Er nauðsynlegt, að kannað verði til þrautar, hvort unnt væri að hagnýta slíkar tækninýjungar, og þá jafnvel stofna til saltvinnslu, með því að ódýr raforka sem aflgjafi er fyrir hendi.

Eðlilegt virðist að telja, að ríkisstjórnin feli sérmenntuðu starfsliði í stofnunum sínum að kanna þær leiðir, sem hér hafa verið nefndar, og gera á þeim vísindalegan samanburð, enda á ríkissjóður verulega hagsmuni bundna við farsæla lausn, þegar til framkvæmda kemur, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna. Að sjálfsögðu ber að hafa um alla framkvæmd náið samstarf við bæjarstjórn og hagnýta þær upplýsingar, sem fyrir hendi eru um málið. En aðkallandi er, að niðurstöður fáist hið allra fyrsta, og er því tillagan fram borin.“

Tillagan er nú endurflutt, enda hefur orðið enn ljósara en áður, að hér er um alvörumikið mál að ræða. Geislavirkni í regnvatni heldur áfram að vaxa síðan í haust, og er það afleiðing af kjarnorkusprengingum Rússa. Geislavirkni, eða kjarnageislun, sem er betra orð, var að meðaltali í desembermánuði í regnvatni 520 pc/l.

Varðandi þær leiðir, sem koma til greina við lausn vandans, hefur það nýtt komið fram, að bæjarverkfræðingur Vestmannaeyjakaupstaðar hefur gert allnákvæma áætlun um kostnað við að leggja leiðslu úr landi, og byggist athugun hans á nýjum upplýsingum á verði plastefnis, sem notað yrði. Samkvæmt þessari áætlun hans virðist vatnsleiðsla geta orðið allmiklu ódýrari en gert var áður ráð fyrir eða í kringum 21 milljón. Þá telur hann einnig, að ekki sé kannað til þrautar, hvort

ekki mætti leysa vandann með grunnborun eftir jarðvatni með því að bora margar holur, sem næðu ekki niður fyrir sjávarmál. Sífellt er unnið að endurbótum á tækni við vinnslu vatns úr sjó, svo að af þessu er augljóst, að gera verður hið fyrsta nákvæma athugun á þeim lausnum, sem gætu reynzt tæknilega öruggar, og jafnframt að gera nákvæman fjárhagslegan samanburð á þeim leiðum.

Sþ. 303. Breytingartillögur [74. mál]

við till. til þál. um fullnaðarrannsókn á brúargerð yfir Lagarfljót við Lagarfoss.

Frá Halldóri Ásgrímssyni.

1. Við tillgr. Á eftir orðunum „fullnaðarkostnaðaráætlun um“ komi: brúargerðir yfir Lagarfljót við Lagarfoss og Steinboga.
2. Fyrirsögn till. orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um fullnaðarrannsókn á brúargerðum yfir Lagarfljót.

Sþ. 304. Tillaga til þingsályktunar [165. mál]

um tryggingarsjóð landbúnaðarins.

Flm.: Karl Guðjónsson, Björn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að undirbúa, í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, löggjöf um tryggingarsjóð landbúnaðarins, er ætlað sé það hlutverk að bæta bændum tjón, er þeir verða fyrir, þegar uppskerubrest eða annað afurðatjón ber að höndum, svo sem vegna sérstaklega óhagstæðs tíðarfars, kalskemmda í túnum eða náttúruhamfara.

Við undirbúning þessarar löggjafar skal höfð hliðsjón af kjörum, sem sjávarútvegurinn nýtur samkvæmt lögum um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

Greinargerð.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að undirbúin verði löggjöf um stofnun sérstaks tryggingarsjóðs landbúnaðarins, er ætlað verði það hlutverk, að bæta bændum uppskerubrest eða afurðatap, er þeir verða fyrir af náttúrunnar völdum, á hliðstæðan hátt og aflatryggingasjóður sjávarútvegsins bætir aflabrest skipa og báta.

Flestir munu sammála um, að rekin sé með aðstoð ríkisins tryggingastarfsemi, sem jafni afkomumöguleika þeirra, sem sjávarútveg stunda, og fleyti þeim yfir ófyrirséða erfiðleika, er að höndum ber, þegar afli bregzt eða rýrnar mjög á einstökum veiðisvæðum.

Í búrekstri landsmanna steðja alltaf öðru hverju að erfiðleikar, sem telja verður alveg hliðstæða aflabresti útvegsins og eðlilegt er, að tryggðir séu á hliðstæðan hátt.

Enn er það svo, að árferði af náttúrunnar hendi ræður miklu um afkomu bænda og verulegar sveiflur geta orðið í uppskeru og afurðamagni þeirra ekki síður en á sjávarafla. Þannig eru þess dæmi, og þeirra er ekki langt að leita, að bændur hafi þurft vegna lélegs heyfengs að draga saman bústofn sinn eða verja miklum fjár-

munum til kaupa á kjarnfóðri eða heyjum, hafi þau verið föl í betur settum byggðarlögum. Þá hafa oft, og ekki sízt á síðari árum, orðið stórfelldar kalskemmdir í túnum og valdið þungum búsifjum í heilum sveitum. Enn geta og náttúruhamfarir af ýmsum toga kippt stoðunum undan afkomu einstakra bænda og jafnvel verulegs hluta heilla byggðarlaga.

Í landinu er nú enginn tryggingasjóður á vegum hins opinbera, sem mildað gæti afleiðingar af óhagstæðu árferði að því er afkomu bænda varðar. Aðeins í einstökum neyðartilfellum hefur af opinberri hálfu verið gripið inn í til hjálpar, svo sem gert var með nokkrum lánveitingum til bænda á Norður- og Austurlandi vegna slæms árferðis 1949 og 1951 og til bænda á Suðurlandi vegna mikilla óþurrka sumarið 1955. Þeirri aðstoð verður þó á engan hátt jafnað við eðlilega tryggingastarfsemi, enda er reyndin sú, þrátt fyrir þessi dæmi, að bændur hafa miklu oftar orðið að bera tjón sitt án þess, að til móts við þá hafi verið komið á nokkurn hátt.

Það mun sannast mála, að þótt þróunin sé að ýmsu leyti í þá átt, að vaxandi tækni, t. d. að því er varðar heyverkun, tryggi bændum betur en áður jafnari fóðuröflun, sé hún að ýmsu öðru leyti á þá lund, að bændur þoli skakkaföll og framleiðslutap verr en áður, og er mál það, sem í tillögu þessari er fjallað um, því hin brýnasta nauðsyn.

Sþ. 305. Nefndarálit [39. mál]

um till. til þál. um endurskoðun skiptalaganna.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin leitaði umsagnar lagadeildar háskólans um tillöguna.

Lagadeildin telur tilllöguna þarfa og tímabæra og mælir því með, að hún verði samþykkt. Jafnframt bendir deildin á, að gildandi gjaldþrotaskiptalög séu mjög í brotum og að ýmsu gölluð og úrelt. Sé því einnig þörf á, að þau verði endurskoðuð.

Nefndin mælir með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Aftan við tillögugreinina bætist: og lögum nr. 25 frá 14. júní 1929, um gjaldþrotaskipti.

Alþingi, 16. febr. 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Jónas G. Rafnar, frsm.	Björn Pálsson.
	Gísli Guðmundsson.	Geir Gunnarsson.	

Sþ. 306. Tillaga til þingsályktunar [166. mál]

um hægri handar akstur.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Birgir Finnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvort ekki sé orðið tímabært að taka upp hægri handar akstur hér á landi, og enn fremur að láta gera áætlun um framkvæmdir í því sambandi.

Greinargerð.

Með greiðum og vaxandi samgöngum milli landa fer það í vöxt, að fólk taki með sér bifreiðar, er það ferðast meðal annarra þjóða. Þá er óheppilegt og hættulegt, að umferðarreglur séu mismunandi. Flestar þjóðir hafa hægri handar akstur, þar á meðal allar Evrópuþjóðir nema Englendingar, Svíar og Íslendingar. Svíar eru ákveðnir að breyta þessu árið 1967, og í Englandi eru sérfræðingar í umferðarmálum farnir að hvetja til breytinga þar og telja brýna nauðsyn að taka upp sömu reglu og á meginlandinu. Hjá því getur varla farið, að við verðum fyrr eða síðar að fylgjast með í þessum efnum. Það þarf hins vegar allmikinn undirbúning og verður kostnaðarsamara, eftir því, sem það dregst lengur. Með vandlegum undirbúningi og því að hafa nægan tíma til umráða má verulega draga úr kostnaði við breytinguna. Þess vegna er þessi tillaga flutt nú.

Nd. 307. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 17. maí 1957, um breyt. á l. nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og sent það til umsagnar þessara aðila:
Farmanna og fiskimannasambands Íslands,
Alþýðusambands Íslands,
Sjómannasambands Íslands,
Landssambands ísl. útvegsmanna,
skólastjóra stýrimannaskólans,
Fiskifélags Íslands.

Umsagnir hafa borizt frá skólastjóra stýrimannaskólans, A. S. Í. og Sjómannasambandinu, og mæla þessir aðilar með samþykkt frumvarpsins.

Í umsögn skólastjóra stýrimannaskólans segir:

„Í frumvarpinu er gert ráð fyrir, að námskeiðin fyrir hið minna fiskimannapróf, sem haldin hafa verið undanfarin 5 ár, verði framlengd um næstu 5 ár. Með tilliti til þess ástands, sem skapaðist, eftir að hið minna fiskimannapróf var fellt niður árið 1945, mundi ég telja varhugavert að fella það niður aftur, þar eð mikil líkindi eru til, að sækja mundi í sama horf og áður, þ. e., að erfitt yrði, þegar frá líður, að fá menn með fullum réttindum í yfirmannsstöður á bátaflotanum, sem sjálfsagt mundi leiða til þess neyðarúrræðis, að veita mönnum með litla eða jafnvel enga siglingafræðilega þekkingu undanþágu til yfirmannsstarfa á fiskibátum.

Þá virðist sú æskilega þróun vera að skapast, að æ fleiri taki þetta próf sem áfanga til fiskimannaprófs, er veitir réttindi til skipstjórnar á fiskiskipum af hverri stærð sem er í innan- og utanlandssiglingum.

Ég tel mig því ekki þurfa að gera athugasemdir við frumvarpið."

Í nefndinni kom fram sú skoðun, að ekki mætti draga úr þeim kröfum, sem gerðar eru til staðgóðrar menntunar og þekkingar yfirmanna á fiskiskipum og farskipum. Öryggi skipshafnar og skipa er oft undir því komið, að stjórnendur skipanna séu starfi sínu vaxnir, og sú tækniöld, sem nú er gengin í garð, útheimtir stöðugt meiri kunnáttu skipstjórnarmanna í meðferð þeirra tækja, sem eru í umsjá þeirra.

Út frá þessu sjónarmiði eru nefndarmenn hlynntir því, að þáltill., sem nú liggur fyrir Alþingi á þskj. 34, um endurskoðun laga um stýrimannaskóla Íslands og athugun á stofnun sjóvinnuskóla o. fl., nái fram að ganga, og með tilliti til þess, að

nefndin gengur út frá, að sú tillaga verði samþykkt, telur hún nægja að heimila námskeið þau, sem frv. fjallar um, til ársloka 1965, í trausti þess, að þá verði lokið við að semja gagngerar tillögur um sjómannafræðsluna.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „Til ársloka 1967“ í 1. gr. frumvarpsins komi: Til ársloka 1965.

Alþingi, 21. febr. 1963.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Pétur Sigurðsson.

Gísli Guðmundsson. Geir Gunnarsson.

Ed. 308. Frumvarp til laga [167. mál]

um breyting á lögum nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Flm.: Jón Árnason.

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar varðskip veitir íslenzku fiskiskipi hjálp úr háska, skal greiðsla fyrir hjálpina fara eftir reglum, er dómsmálaráðherra setur. Við ákvörðun gjaldsins skal miðað við útgerðarkostnað varðskipsins og tíma þann, er hjálpin tók. Teljist háski sá, sem fiskiskipið er í, stórkostlegur, svo sem eldsvoði eða strand, má þó krefjast björgunarlauna eftir reglum siglingalaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 22. gr. laga nr. 61 frá 1947, um vátryggingarfélög fyrir fiskiskip, er svo ákveðið, að greiðsla fyrir hjálp, er skip, sem gerð eru út af ríkissjóði eða ríkisstofnunum, veita skipum, sem tryggð eru samkvæmt þeim lögum eða hjá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, skuli ekki fara eftir venjulegum björgunarreglum, heldur ákveðin af stjórn Samábyrgðarinnar, og skal greiðsla miðast við það fjártjón og tilkostnað, sem hjálpin hefur bakað þeim, er hana veitti.

Hjá bátaábyrgðarfélögunum eru naumast vátryggð önnur skip en þar er skylt að tryggja og eru minni en 100 brúttórúmlestir. Hin stærri fiskiskip eru flest tryggð hjá einkavátryggingarfélögum, sem njóta ekki hagsbóta af fyrrgreindum reglum. Hefur þetta valdið því, að tryggingar þessar hafa orðið nokkru dýrari en ella.

Ríkissjóður gerir út nokkur varðskip, sem sérstaklega eru byggð til þeirra nota, en búin björgunartækjum. Þá gerir ríkissjóður út nokkur björgunarskip eða björgunarskútur, sem að verulegu leyti eru byggð fyrir samskotafé og ætluð aðallega til öryggiseftirlits með skipum og bátum og björgunarstarfsemi á ákveðnum hafsvæðum. Þessi skip eru einnig notuð til gæzlu fiskveiðilandhelginnar.

Þegar litið er til þessa, virðist ekki rétt, að ríkissjóður krefji um björgunarlaun eftir reglum siglingalaganna, þegar þessi skip veita íslenzku fiskiskipi hjálp í háska.

Í frumvarpi þessu er því lagt til, að dómsmálaráðherra ákveði með reglugerð, hver sé hæfileg þóknun fyrir aðstoð, er þessi skip veiti, og virðist eðlilegt, að það

sé miðað við rekstrarkostnað hvers skips á hverja klukkustund, og mundi þá hjálpargjaldið fara eftir því, hvaða skip hjálpina veitti og hve langan tíma hún tók.

Ef um stórkostlega hættu er að ræða fyrir skip það, sem í háska er, svo sem eldsvoða um borð eða strand, virðist ekki ástæða til að víkja frá reglum siglingalaganna um björgun og bjarglaun.

Geta má þess, að erlendis er það föst venja, að skip, sem hafa björgunarstarfsemi að atvinnu, taki fyrir hjálp sína tímakaup, en ekki bjarglaun samkvæmt ákvæðum siglingalaganna.

Nd. 309. Frumvarp til laga [108. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. febr.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Orla Preben, landbúnaðarverkamaður, Teigi í Mosfellssveit, f. í Danmörku 29. janúar 1939.
2. Benke, Veronika Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 6. apríl 1940.
3. Bischoff, Ingeburg (Eiríksson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. júní 1928.
4. Bjartmars, Kirsten Fritzie, f. Mortensen, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 6. maí 1933.
5. Csillag, Erzsébet Eszter, f. Varga, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 1. janúar 1934.
6. Csillag, György, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. maí 1935.
7. Csillag, József, járnsmiður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 2. júní 1934.
8. Csillag, Rozália, f. Szatmári, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rúmeníu 25. nóvember 1937.
9. Dam, Jörgen Kulmbak, verkamaður, Hraunprýði, Engidal, Garðahreppi, f. í Danmörku 27. febrúar 1937.
10. Einarsson, Lucie, húsmóðir, Bolungarvík, f. í Danmörku 3. september 1936.
11. Fivelsdal, Harald Undertun, bóndi í Dalasýslu, f. í Noregi 15. marz 1940.
12. Gærdbo, Finn, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 25. júní 1938.
13. Hansen, Benny Martin, framreiðslumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 13. júní 1931.
14. Hansen, Jörgen Christian, kjötiðnaðarmaður á Selfossi, f. í Danmörku 26. júní 1938.
15. Hegedüs, Béla, sjómaður á Akranesi, f. í Ungverjalandi 12. janúar 1937.
16. Hentze, Carmen Edith Ruth, f. Heinze, húsmóðir í Saltvík á Kjalarnesi, f. í Þýkalandi 29. janúar 1931.
17. Hentze, Jens Paule Konrad, ráðsmaður í Saltvík á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 25. ágúst 1921.
18. Horváth, Gabriella (Þórðarson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 22. júlí 1934.
19. Horváth, József C., bifreiðastjóri í Keflavík, f. í Ungverjalandi 14. júlí 1926.
20. Horváth, Mária T., húsmóðir í Keflavík, f. í Ungverjalandi 7. okt. 1926.
21. Häusler, Margot Helga, hjúkrunarkona í Hólmavík, f. í Þýzkalandi 11. janúar 1937.

22. Jacobsen, Sommer Thorstein, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 22. apríl 1920.
23. Jensen, Aage Christian, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. ágúst 1915.
24. Joensen, Asbjörg Alfrida, húsmóðir á Efri-Brúnavöllum, Skeiðahreppi, f. í Færeyjum 3. júlí 1936.
25. Joensen, Hans Sigurd, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 4. apríl 1909.
26. Johansen, Jakob Oluf, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 30. júní 1928.
27. Johnsen Langelyth, Sigrún Dagbjört, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Danmörku 8. júlí 1936.
28. Józsa, Eva, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 24. febrúar 1934.
29. Klimits, Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. júní 1930.
30. Klimits, János, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 26. nóvember 1936.
31. Klimits, Lajos, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 16. febrúar 1941.
32. Larsen, Kaj Flemming, verkamaður í Höfn í Hornafirði, f. í Danmörku 29. október 1939.
33. Lau, Betti Meta Frieda Karla, ráðskona í Garðahreppi, f. í Þýzkalandi 26. september 1917.
34. Marten, Margarete Ida Marta (Guðjónsson), húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Þýzkalandi 23. janúar 1932.
35. Mágyár, Ferenc, verkamaður í Ytri-Njarðvík, f. í Ungverjalandi 27. maí 1937.
36. Midjord, Johan Andrew Elmar, sjómaður, Búðum í Fáskrúðsfirði, f. í Færeyjum 27. júlí 1937.
37. Moen, Nils, ráðsmaður í Ölfusi, f. í Noregi 26. febrúar 1932.
38. Munro, Leo, kennari í Reykjavík, f. í Bretlandi 1. ágúst 1925.
39. Niclasen, Niels Jacob, sjómaður, Akureyri, f. í Færeyjum 10. júlí 1933.
40. Nielsen, Bent, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 27. desember 1932.
41. Nissen, Lilja, f. Bjarnadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 20. marz 1912.
42. Nissen, Ursula (Sigurðsson), húsmóðir á Tjörn í Aðaldal, f. í Þýzkalandi 29. janúar 1930.
43. Pal, Joli, saumakona í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 9. maí 1914.
44. Peschel, Max, glerslípunarmaður í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 18. september 1902.
45. Petersen, Jens Arne, sjómaður, Stokkseyri, f. í Færeyjum 15. marz 1943.
46. Reiss, Margarete Herta, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 26. september 1937.
47. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. febrúar 1913.
48. Schultz, Helene, húsmóðir á Selfossi, f. í Danmörku 11. september 1935.
49. Sólrún Hervör Jónsdóttir, f. Heinesen, verkakona í Neskaupstað, f. í Færeyjum 2. ágúst 1944.
50. Strömmen, Bjarni Jóhann, barn, Akureyri, f. á Íslandi 13. apríl 1951.
51. Strömmen, Grétar Sævar, barn, Akureyri, f. á Íslandi 23. október 1948.
52. Strömmen, Margrét, barn, Akureyri, f. á Íslandi 19. apríl 1954.
53. Strömmen, Robert, barn, Akureyri, f. á Íslandi 13. marz 1947.
54. Svensson, Ingeborg Lucie Selma (Björnsson), húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 6. desember 1934.
55. Thomsen, Björk, nemandi í Reykjavík, f. í Danmörku 28. október 1945.
56. Thomsen, Lisa, nemandi í Reykjavík, f. í Svíþjóð 17. júlí 1944.
57. Toftum, Torgrim, landbúnaðarverkamaður á Móum á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 14. ágúst 1940.
58. Töczik, Mihály, verkamaður í Húsavík, f. í Ungverjalandi 25. júlí 1938.
59. Tölgyes, Miklos, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 17. október 1935.
60. Zsibók, Jozsef, verkamaður á Akranesi, f. í Ungverjalandi 12. apríl 1936.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 310. Frumvarp til laga [105. mál]

um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Eftir 3. umr. í Ed., 21. febr.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Dýralæknisumdæmi í landinu skulu vera sem hér segir:

1. Gullbringu- og Kjósarsýsluumdæmi: Reykjavík, Kópavogskaupstaður, Hafnarfjörður, Keflavík, Gullbringu- og Kjósarsýsla.
2. Borgarfjarðarumdæmi: Borgarfjarðarsýsla og Akraneskaupstaður.
3. Mýrasýsluumdæmi: Mýrasýsla.
4. Snæfellsnesumdæmi: Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla.
5. Dalaumdæmi: Dalasýsla og Austur-Barðastrandarsýsla vestur að Klettshálsi.
6. Barðastrandarumdæmi: Flateyjarhreppur og Múlahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, Vestur-Barðastrandarsýsla og Auðkúluhreppur, Þingeyrarhreppur og Mýrahreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu.
7. Ísafjarðarumdæmi: Mosvallahreppur, Flateyrarhreppur og Suðureyrarhreppur í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Ísafjarðarkaupstaður, Norður-Ísafjarðarsýsla og Árneshreppur í Strandasýslu.
8. Vestur-Húnaþingsumdæmi: Vestur-Húnavatnssýsla og Strandasýsla að Árneshreppi.
9. Austur-Húnaþingsumdæmi: Austur-Húnavatnssýsla.
10. Skagafjarðarumdæmi: Skagafjarðarsýsla, Sauðárkrókur og Siglufjörður.
11. Vestur-Eyjafjarðarumdæmi: Akureyri, Ólafsfjörður, Hrafnagilshreppur, Glæsibæjarhreppur, Öxnadalshreppur, Skriðuhreppur, Arnarneshreppur, Árskógsstrandarhreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvík og Hrísey.
12. Austur-Eyjafjarðarumdæmi: Grímsey, Saurbæjarhreppur, Öngulsstaðahreppur og Grýtubakkahreppur, Svalbarðsstrandarhreppur og Hálshreppur í Suður-Þingeyjarsýslu.
13. Þingeyjarþingsumdæmi: Suður-Þingeyjarsýsla austanverð, Húsavík og Norður-Þingeyjarsýsla.
14. Austurlandsumdæmi: Norður-Múlasýsla, Seyðisfjörður, Neskaupstaður og Suður-Múlasýsla að Breiðdalsheiði.
15. Austur-Skaftafellssýsluumdæmi: Austur-Skaftafellssýsla og Suður-Múlasýsla norður að Breiðdalsheiði.
16. Vestur-Skaftafellssýsluumdæmi: Vestur-Skaftafellssýsla og Austur-Eyjafjallahreppur í Rangárvallasýslu.
17. Rangárvallaumdæmi: Rangárvallasýsla að Austur-Eyjafjallahreppi.
18. Selfossumdæmi: Villingaholtshreppur, Gaulverjabæjarhreppur, Stokkseyrarhreppur, Eyrarbakkahreppur, Sandvíkurhreppur, Selfosshreppur, Hraungerðishreppur, Ölfushreppur, Selvogshreppur, Hveragerðishreppur og Vestmannaeyjar.

19. Laugarásumdæmi: Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Skeiðahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur, Laugardalshreppur, Þingvallahreppur og Grafningshreppur.

Landbúnaðarráðherra ákveður, hvar héraðslæknar skuli hafa búsetu.

Meðan ekki fást dýralæknar í hin lögákveðnu dýralæknisumdæmi, samkvæmt þessari grein, er héraðsdýralæknum skylt að gegna dýralæknisstörfum í þessum umdæmum, samkvæmt ákvörðun ráðherra.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt eru úr gildi fallin lög nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, lög nr. 7/1959, um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, og lög nr. 38/1960, um breyting á lögum nr. 7/1959, um breyting á lögum nr. 19/1955, um breyting á lögum nr. 124/1947, um dýralækna.

Ed. 311. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til. l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur sent frumv. til umsagnar vegamálastjóra, landnámsstjóra og jarðeignadeildar ríkisins. Vegamálastjóri og landnámsstjóri hafa svarað skriflega og mæla báðir með því, að Öxnadalshreppur fái jörðina keypta. Jarðeignadeildin hefur ekki heldur neitt við það að athuga, að frumv. verði samþykkt.

Ásgeir Bjarnason var ekki viðstaddur afgreiðslu málsins í landbúnaðarnefnd. Aðrir nefndarmenn leggja til, að frumv. verði samþykkt.

Alþingi, 22. febr. 1963.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Jón Þorsteinsson.

Ed. 312. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til laga um Iðnlánasjóð.

Frá minni hl. iðnaðarnefndar.

Minni hlutinn telur, að brýna nauðsyn beri til að efla Iðnlánasjóð verulega. Telur minni hlutinn nauðsynlegt, að sjóðurinn fái eigi minna en 15 milljón króna framlag á ári. Engin ástæða virðist til þess að leggja nýja skatta á iðnaðarvörur til að afla þessa fjár. Eðlilegra virðist að taka þetta fé af þeim sölusköttum og tollum, sem innheimtir eru í ríkissjóð.

Augljóst ætti að vera öllum þeim, sem gera sér grein fyrir þýðingu iðnaðarins og stofnkostnaði þeim, sem nú er orðinn við að koma upp iðnaðarfyrirtækjum, að minna en 15 milljón króna árlegt framlag getur tæpast talizt frambærilegt og hrekkur þó skammt til að efla sjóðinn miðað við þarfir.

Minni hl. leggur því til, að felld verði niður ákvæði frumvarpsins um 0.4% nýjan söluskatt, en í staðinn komi ákvæði um 15 milljón króna árlegt framlag úr ríkissjóði til sjóðsins.

Þá leggur minni hl. til, að stjórn Iðnlánasjóðs verði kosin þannig, að þrír séu þingkjörnir, en tveir tilnefndir af samtökum iðnaðarmanna og iðnrekenda, og er það í samræmi við aðrar breytingar, sem minni hl. leggur til að gerðar verði á frumvarpinu.

Minni hl. leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Stjórn Iðnlánasjóðs skipa fimm menn. Þrír skulu kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt. Tveir skulu tilnefndir í sameiningu af stjórn Landssambands iðnaðarmanna, stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda og stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga til sama tíma. Tveir varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Iðnaðarmálaráðherra skipar einn hinna fimm stjórnarmanna formann sjóðsins.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur Iðnlánasjóðs eru:
   1. Framlag ríkissjóðs, 15 milljónir króna á ári.
   2. Vextir.
3. Við 8. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar falli niður.

Alþingi, 21. febr. 1963.

Hermann Jónasson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Nd. 313. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til laga um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frumv. á nokkrum fundum sínum, en varð ekki sammála um afstöðu til þess.

Einn nefndarmanna (Björn Fr. Björnsson) leggur til, að frumv. verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, annar nefndarmaður (Gunnar Jóhannsson) leggur til, að frumv. verði fellt.

Meiri hluti nefndarinnar mælir hins vegar með því, að frumv. verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 1. gr. Aftan við greinina komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi.

Alþingi, 22. febr. 1963.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Unnar Stefánsson, fundaskr. Alfreð Gíslason.

Nd. 314. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til laga um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp til laga um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf er flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum um sama efni, útgefnum 2. maí 1962.

Það er margyfirlýst stefna Alþýðubandalagsins og samtaka verkalýðshreyfingarinnar, að ófært sé að leysa vinnudeilur með löggjöf, heldur beri að leysa slíkar deilur á lýðræðislegan hátt með samningum, en ekki með valdboði.

Fyrir því legg ég til, að frumvarp til laga um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf verði fellt.

Það skal tekið fram, að með þessu er engin afstaða tekin til gjaldskrár Verkfræðingafélagsins frá 1. maí 1962.

Alþingi, 17. febr. 1963.

Gunnar Jóhannsson.

Sþ. 315. Tillaga til þingsályktunar [168. mál]

um endurskoðun raforkulaga.

Flm.: Björn Jónsson, Karl Guðjónsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd til að endurskoða lög nr. 12 2. apríl 1946 (raforkulögin). Endurskoðunin miði sérstaklega að eftirfarandi:

1. Að heildsöluverð raforku verði hið sama um land allt, og ef unnt er, að raforka til sams konar nota verði seld með sama verði, hvar sem er á landinu.
2. Að athugað verði gaumgæfilega, hvort æskileg þróun á sviði rafvæðingar, bætt skilyrði atvinnurekstrar og almannahagur verði ekki bezt tryggt með því, að ríkið eigi og reki öll raforkuver og aðalorkuveitur í landinu, svo og dreifiveiturnar, ef horfið yrði að algerri verðjöfnun til notenda um land allt.
3. Að dregið verði úr misræmi verðlags annars vegar á raforku til heimilisnota og hins vegar á raforku til iðnaðar eða annarra nota.
4. Að rafvæðingu allra byggða landsins verði lokið á sem skemmstum tíma og tryggð sem fullkomnust nýting á framleiðslugetu orkuveranna, m. a. með því að hraða samtengingu orkuveranna.

Framangreindri endurskoðun verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi og frumvarp til nýrra raforkulaga í samræmi við niðurstöður endurskoðunarinnar lagt fyrir það þing.

Greinargerð.

Raforkulögin eru nú 17 ára gömul, og framvinda raforkumálanna hefur á því tímabili verið allör. Það er því sízt mót vonum, þótt tími sé til þess kominn að endurskoða þennan lagabálk.

Meiri háttar virkjanir landsins eru ýmist framkvæmdar af ríkinu og á þess reikning eða af félögum, þar sem ríkið er aðili ásamt fleirum. Sogsvirkjunin og Laxárvirkjunin eru t. d. sjálfstæð fyrirtæki, en aðrar virkjanir og aðalorkuveitur eru hrein ríkiseign, sem rafmagnsveitur ríkisins reka. Dreifiveiturnar eru ýmist í ríkiseign eða viðkomandi byggðarlög eiga þær og reka.

Sökum þess að eignarhald á virkjunum og veitum er hjá ýmsum aðilum og reikningsfærslur þeirra sundur hlutaðar, þar sem hvert fyrirtækið um sig gerir sínar kostnaðaráætlanir og miðar söluverð til notenda við gjaldaþarfir hverju sinni, hlýtur rafmagn að vera mismunandi dýrt á hinum ýmsu stöðum. Kemur þar margt til, svo sem mismunandi hagkvæmni í rekstri, en einnig og ekki síður verður það þungt lóð á vogarskál, hvort stofnkostnaður hefur myndazt á ódýrum tímum eða eftir að dýrtíð reis í nálægð við það, sem nú er.

Þeir, sem nú búa við hinn lægri stofnkostnað, geta að sjálfsögðu látið sína notendur njóta hans í lágu rafmagnsverði, meðan ekki er þörf neinnar meiri háttar endurnýjunar. En þegar til hennar kemur, geta líka orðið snögg umskipti þar á.

Þegar þess er gætt, að ríkið hefur í langflestum tilfellum lagt fram eða ábyrgzt mest af því fjármagni, sem í rafveitum landsins liggur, og einnig með hliðsjón af því, að endurnýjanir og meiri háttar aukningar gamalla veitna munu að óbreyttri þróun verðlagsmála valda miklum sveiflum í verðlagi rafmagns á einstökum svæðum, hlýtur mjög að koma til mála að koma á meiri jöfnuði á rafmagnsverði til landsmanna en nú er.

Hér er um allflókið viðfangsefni að ræða, og er því eðlilegt, að sett verði milliþinganefnd til að undirbúa nýja raforkulöggjöf, er samrýmist nútímaaðstæðum þessara mála.

Hér er því lagt til, að þingið kjósi 5 manna nefnd til að fjalla um þetta viðfangsefni, og nefndinni falið að leitast við að kanna, hvort ekki sé unnt og æskilegt:

Í fyrsta lagi að lögbinda það, að heildsöluverð á raforku verði eitt og hið sama alls staðar á landinu, þannig að hver héraðsveita fái rafmagn á hinu ákveðna verði. Í framhaldi af því verði það svo athugað, hvort ekki sé einnig unnt að samræma hina ýmsu greiðslustiga rafveitnanna, þannig að raforka til sams konar nota verði í sama gjaldstiga um allt land.

Í öðru lagi verði athugun gerð á því, hverjar breytingar á eignarhaldi virkjana og aðalorkuveitna séu nauðsynlegar til að tryggja þá heildsöluverðjöfnun á raforku, sem tillagan gerir ráð fyrir, og kemur þá augljóslega mjög til greina, að allar virkjanir og aðalveitur verði óskoruð ríkiseign, og væri það enda ekki stórvægileg breyting frá því, sem gildandi raforuklög gera ráð fyrir. Eignarhald héraðsrafveitnanna er hins vegar flóknara mál, en vandséð er, hvort algerri verðjöfnun til notenda verður nokkru sinni á komið, fyrr en ríkið verður eigandi allra veitnanna.

Í þriðja laga ber að athuga, hvort ekki er hægt að draga úr þeim mikla verðmismun, sem nú er algengur, þannig að rafmagn til heimilisnota er selt miklum mun dýrara en til ýmissa annarra nota. Ef horfið yrði að meiri jöfnuði gjaldstiganna, ætti að miklu eða öllu að mega komast hjá því, að verðjöfnun raforku yfir allt landið leiði til hækkunar á heimilisgjaldstigum, þar sem þeir eru neðan við meðallag nú.

Í fjórða lagi yrði að sjálfsögðu að miða endurskoðun raforkulaga við það, að rafvæðingu landsins verði lokið á sem skemmstum tíma og að hagnýting virkjaðrar orku geti á hverjum tíma orðið sem bezt.

Raforkumál þessarar þjóðar eru þann veg vaxin, að hagkvæm skipan þeirra og réttlát hlýtur að hafa heillavænleg áhrif á framleiðslu landsmanna, hún hefur stóru hlutverki að gegna til aðstöðujöfnunar fólks í hinum ýmsu byggðarlögum, og með því að orkulindir landsins, sem rafvæðingin byggist fyrst og fremst á, eru sameign allra Íslendinga, hlýtur það að vera almennt réttlætismál, að afnot þeirra standi landsmönnum sem fyrst og almennast til boða á jöfnu verði.

Nd. 316. Frumvarp til laga [90. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. febr.).

Samhljóða þskj. 110 með þessum breytingum:

5. gr. hljóðar svo:
10. gr. laganna orðist svo:
Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og ekki yngri konur en 18 ára við vinnu á skipi, nema um skólaskip sé að ræða.
Yngri menn en 18 ára mega ekki vera kyndarar eða kolamokarar, og ekki mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu.
Enginn má hefja starf á skipi, nema hann hafi gengið áður undir læknisskoðun.

12. gr. hljóðar svo:
23. gr. laganna orðist þannig:
Fækki skipverjum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli þeirra, sem eftir eru, að tiltölu við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.
Fækki stýrimönnum, meðan ferð stendur yfir, skulu kaupgreiðslur, sem af því leiðir, skiptast á milli skipstjóra og stýrimanns, eða stýrimanna, í hlutfalli við aukna vinnu hvers þeirra um sig, hafi þeir eigi fengið hana greidda sem yfirvinnu.

14. gr. hljóðar svo:
29. gr. laganna breytist þannig:
a. 1. málsgr. orðist svo:
Ef skipverji deyr, skal skipstjóri gera útför hans sæmilega. Ef líkbrennsla fer fram, ber skipstjóra að sjá um heimsendingu öskunnar.
b. Aftan við greinina komi ný málsgr., svo hljóðandi:
Skipstjóri skal tafarlaust tilkynna maka, ef til er, en ella nánasta ættingja andlát skipverja og hafa samráð við þá, eftir því sem föng eru á, um þær ráðstafanir, sem að framan greinir.

44. gr. hljóðar svo:
Ákvæði laga þessara um réttindi skipverja skulu í engu skerða fyllri rétt þeirra samkvæmt kjarasamningum.
Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1963. Falla þá jafnframt úr gildi lög nr. 36 27. júní 1941, og breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

Nd. 317. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til l. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp þetta er lagt fram af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til staðfestingar á bráðabirgðalögum, útgefnum 2. maí 1962.
Frumvarpið hefur verið athugað og rætt á nokkrum fundum nefndarinnar. Til viðtals hafa komið stjórnarmenn úr Verkfræðingafélagi Íslands ásamt framkvæmdastjóra, svo og stjórn Stéttarfélags verkfræðinga.
Efni frv. er á þá lund, að ný gjaldskrá, sem Verkfræðingafélagið hafði um nokkurn tíma unnið að og síðan samþykkt, að taka skyldi gildi 1. maí 1962, komi ekki til

framkvæmdar. En áfram gildi, svo sem verið hafði, gjaldskrá Verkfræðingafélagsins frá 19. apríl 1955 ásamt lögleyfðum uppbótum.

Ljóst sýnist, að frv. tekur einungis til verkfræðistofnana, þ. e. sjálfstætt starfandi verkfræðinga, sem halda uppi sérstökum verkfræði- eða rannsóknarstofum. Hins vegar snertir það ekki launakjör fastráðinna verkfræðinga, t. d. þeirra, sem vinna hjá ríkinu. Flestir slíkra verkfræðinga búa við sérstakt samkomulag við atvinnurekendur, sem byggist á lágmarksráðningarskilmálum Stéttarfélags verkfræðinga. Formlegir samningar hafa þannig ekki verið gerðir með þessum aðilum. Þá snertir frv. ekki erlenda verkfræðinga, sem hér kunna að starfa.

Hin nýja gjaldskrá um þóknun fyrir verkfræðistörf er verðlagningarreglur verkfræðinganna sjálfra um greiðslur fyrir útselda vinnu af verk- eða rannsóknarstofum þeirra.

Frv. miðar að því að hefta frjálsræði verkfræðinga um eigin verðlagningu á útseldri þjónustu. Hins vegar hafa aðrir aðilar, svo sem t. d. arkitektar, löggiltir endurskoðendur o. fl. ekki verið af löggjöf bundnir um svipaðar gjaldskrár.

2. minni hl. telur með skírskotun til þess, er stuttlega hefur verið rakið, að frv. sé eigi þess efnis, að rétt sé að samþykkja það. Á þetta hefur meiri hl. nefndarinnar ekki getað fallizt, og hefur nefndin því klofnað um málið.

2. minni hl. leggur til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með skírskotun til þess, að aðrar stéttir hliðstæðar verkfræðingum, svo sem arkitektar, endurskoðendur o. fl., verðleggja sjálfar þjónustu, sem þær selja frá skrifstofum eða verkstofum, þykir deildinni ekki ástæða til staðfestingar á bráðabirgðalögum þeim, sem frv. fjallar um, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. febr. 1963.

Björn Fr. Björnsson.

Sþ. 318. Nefndarálit [42. mál]

um till. til þál. um hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag í atvinnurekstri Íslendinga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið um hana umsagnir frá Vinnuveitendasambandi Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Alþýðusambandi Íslands, Iðnaðarmálastofnuninni og Félagi ísl. iðnrekenda. Eru skoðanir þessara aðila nokkuð skiptar um tillöguna. Allir telja þeir þó, að nauðsynlegt sé að freista nýrra leiða til þess að sætta vinnu og fjármagn og koma í veg fyrir árekstra á vinnumarkaðinum.

Nefndin er sammála um, að æskilegt sé, að athugun fari fram á því, hvort hlutdeildar- og arðskiptifyrirkomulag henti í íslenzku athafnalífi. Er það skoðun hennar, að eðlilegt sé, að nefnd sú, sem nú vinnur að athugun á lengd vinnutíma og öðrum hugsanlegum úrræðum til þess að bæta sambúð launþega og vinnuveitenda, taki þetta atriði einnig til meðferðar. Leggur nefndin því til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að hún beini því til framangreindrar nefndar að taka efni hennar til athugunar.

Einn nefndarmanna (BP) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Sigurður Bjarnason, frsm.
Geir Gunnarsson.	Gísli Guðmundsson.	Jónas G. Rafnar.

Sþ. 319. Nefndarálit [52. mál]

um till. til þál. um launabætur til starfsfólks af ágóða atvinnufyrirtækja.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og fengið umsögn um hana frá Iðnaðarmálastofnun Íslands, sem er henni andvíg.

Nefndin telur, að æskilegt sá, að athugun fari fram á þessu atriði eins og fleiri leiðum, sem leitt gætu til bættrar sambúðar verkafólks og vinnuveitenda. Var hún sammála um, að eðlilegt sé, að nefnd sú, sem vinnur að athugun á vinnutíma o. fl., fái þessa tillögu til meðferðar. Leggur hún til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að hún feli framangreindri milliþinganefnd að athuga hana.

Einn nefndarmanna (BP) var fjarstaddur afgreiðslu málsins.

Alþingi, 25. febr. 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Sigurður Bjarnason, frsm.
Geir Gunnarsson.	Gísli Guðmundsson.	Jónas G. Rafnar.

Sþ. 320. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]

um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga.

Flm.: Einar Ágústsson, Ingvar Gíslason, Jón Skaftason, Halldór E. Sigurðsson, Sigurvin Einarsson, Jón Kjartansson, Halldór Ásgrímsson, Helgi Bergs.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til þess að útvega Byggingarsjóði ríkisins allt það fjármagn, sem þarf, til þess að unnt sé án tafar að veita hámarkslán samkvæmt lögum til allra þeirra, er sótt hafa um lán og komið íbúðum sínum í lánshæft ástand. Enn fremur að ríkisstjórnin ákveði, að 150 þús. króna hámarkið, sem nú er ákveðið í lögum um lánveitingar Húsnæðismálastofnunarinnar, verði látið ná til íbúða, sem byrjað var á eftir gengisbreytinguna 1960.

Greinargerð.

Byggingarsjóður ríkisins hafði 82 millj. kr. til ráðstöfunar á árinu 1962. Þetta reyndist algerlega ónóg. Um áramótin seinustu mun sjóðinn hafa vantað 92.3 millj. kr. til þess að fullnægja fyrirliggjandi beiðnum. Auk þess hafa á tímabilinu 1/1—15/2 1963 borizt 190 umsóknir um ný lán og 125 umsóknir um viðbótarlán. Þá er nauðsynlegt að veita þeim, sem hófu framkvæmdir á tímabilinu frá gengislækkun 1960 og fram til 1/8 1961, sama lán og þeim, sem byrjað hafa byggingu síðar, þar sem hin mikla hækkun byggingarkostnaðar, sem af gengislækkuninni leiddi, hefur einnig lent á þeim með fullum þunga. Hinn aukni byggingarkostnaður gerir það enn nauðsynlegra en áður, að menn geti fengið hámarkslánin, strax og settum reglum er fullnægt, en á því hefur, sem kunnugt er, verið mikill misbrestur.

Af því, sem hér hefur verið rakið, er augljóst, að Byggingarsjóður þarf á miklu meira fjármagni að halda en hann hafði á s. l. ári, og því enn nauðsynlegra, að ráðstafanir séu hafnar til þess að tryggja honum þessi fjárráð.

Í tillögunni er ekki bent á ákveðnar leiðir til að tryggja sjóðnum þetta fjármagn. Þar getur verið um margar leiðir að velja og ekki óeðlilegt, að ríkisstjórnin hafi frjálst val um þær.

Í þessari tillögu er ekki gert ráð fyrir hækkun á hámarki þeirrar fjárhæðar, sem lánuð er til einstakra íbúða. Ástæðan er sú, að framsóknarmenn hafa á öðru þingskjali flutt tillögu um heildarendurskoðun laganna um Byggingarsjóð, þar sem lagt er til, að lánveitingar til byggingar nýrra íbúða verði auknar svo, að unnt verði að lána til hverrar íbúðar af hóflegri stærð 2/3 hluta af byggingarkostnaði. Ber að vænta þess, að niðurstöður þeirrar endurskoðunar geti legið fyrir á næsta þingi.

Nd. 321. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til laga um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál á nokkrum fundum, en varð eigi að fullu sammála um afgreiðslu þess. Fjórir undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

Við 1. gr.

1. Á eftir orðinu „Rípurhreppi“ í 1. málsgr. komi: enda verði hún gerð að ættaróðali.
2. Aftan við 1. málgsr. bætist nýr málsliður, þannig: Sama gildir um þann hluta jarðarinnar, sem um ræðir í 1. málslið, ef ábúandi gengur frá.

Einn nefndarmaður, Karl Guðjónsson, er andvígur frumvarpinu.

Alþingi, 26. febr. 1963.

Jón Pálmason, form., frsm.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Helgi Bergs.
	Jónas Pétursson.	

Nd. 322. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til laga um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins, og hef ég ekki getað fallizt á þá ákvörðun meiri hlutans að mæla með samþykkt þess.

Mín tillaga er sú, að frumvarpið verði fellt.

Ástæður þær, er til þess liggja, að ég get ekki á frumvarpið fallizt, eru þessar:

Utanverðunes er kristfjárjörð. Þess háttar eignarhald er strangt til tekið óriftanlegt. Það er til komið sem gjöf til fátækraframfæris og harðar skorður reistar við því, að jörðin geti gengið kaupum og sölum.

Því er raunar ekki að neita, að oft getur verið miklum erfiðleikum bundið á okkar tímum að halda stranglega reglum þeim, er um kristfjárjarðir gilda, og eru þess dæmi, að Alþingi hafi með sérstökum lögum heimilað sölu slíkra jarða, ef salan hefur þótt skipta sköpum um það, hvort slík jörð héldist í byggð eða ekki.

Að því er sölu Utanverðuness varðar, virðist gegna allt öðru máli.

Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir, að eigninni verði skipt og hún seld í tveim pörtum. Engin réttlæting er tilfærð fyrir skiptingunni, og ekki verður séð, að slík skipting auki notagildi eignarinnar.

Í öðru lagi gerir frumvarpið ráð fyrir, að núverandi ábúandi annars jarðarhlutans verði kaupandi hans, en söluheimildin á hinum hluta eignarinnar er skv. frumvarpinu ekki stíluð á neinn sérstakan kaupanda. Það virðist fráleitt og allt of fjarlægt skilyrðum gefenda, að eigninni sé þannig tvístrað í veður og vind.

Í þriðja lagi gerir hreppsnefndin í Rípurhreppi grein fyrir því, að sú sala, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, muni ekki tryggja neina ábúð á jörðinni, enda hafi hinn væntanlegi kaupandi engan teljandi búrekstur á jörðinni, eigi auk þess aðra nýhýsta jörð í sama hreppi og nytji hana einnig lítið. Varar hreppsnefndin við því að láta jörðina lenda í braski.

Að öllu þessu athuguðu teldi ég samþykkt frumvarpsins misráðna.

Alþingi, 26. febr. 1963.

Karl Guðjónsson.

Fylgiskjal.

Útdráttur úr fundargerð hreppsnefndar Rípurhrepps 29. jan. 1963 ásamt skýringum á afstöðu meiri hl. hreppsnefndar.

Ár 1963, hinn 29. dag janúarmán., kom hreppsnefnd Rípurhrepps saman að Eyhildarholti að boði oddvita. Allir nefndarmenn voru mættir.

Gerðir fundarins voru þessar:

— — —

2. Oddviti lagði fram samrit af frumvarpi um heimild til sölu á kristfjárjörðinni Utanverðunesi, sem Gunnar Gíslason alþm. flytur á yfirstandandi Alþingi, ásamt með samriti af bréfi, er stjórn Utanverðuneslegats skrifaði flutningsmanni.

Allmiklar umræður urðu um málið, en síðan samþykkt með öllum atkv. svofelld tillaga:

„Hreppsnefnd Rípurhrepps mælir fyrir sitt leyti með því, að frumv. til laga um heimild til sölu á kristfjárjörðinni Utanverðunesi í Rípurhreppi verði samþykkt, en telur eðlilegt, að salan sé ekki bundin við núverandi leigutaka.“

— — —

Fleira ekki fyrir tekið. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið.

Árni Gíslason. Þórarinn Jónasson. Sigurður Jónsson.
Þórður Þórarinsson. Jónas Hróbjartsson.

Til skýringar þeirri viljayfirlýsingu hreppsnefndar, að heimild til sölu á Utanverðunesi, ef samþykkt verður, sé ekki bundin við núverandi ábúanda, skal þetta tekið fram:

Hreppsnefnd er ekki andvíg því, að heimiluð sé sala á jörðinni. Hins vegar telur meiri hluti nefndarinnar hverfandi litlar líkur til þess, að tryggð mundi framtíðarábúð á Utanverðunesi, ef núverandi ábúandi, er síðastl. tvö ár hefur dvalið að mestu á Sauðárkróki og eigi haft teljandi búrekstur á jörðinni — aðeins nokkrar kindur —, fengi eignarhald á henni. Má í því sambandi geta þess, að ábúandinn á Utanverðunesi á jörðina Hróarsdal I í sama hreppi, ásamt með gólfhæð í stóru íbúðarhúsi þar, steinsteyptu, fárra ára gömlu, en nytjar þá jörð lítt.

Það er að sjálfsögðu þessu litla sveitarfélagi mikið hagsmunamál, að Utanverðunes, sem er hlunnindajörð, ágætlega í sveit sett, hefur til að bera mikil og hagstæð skilyrði til ræktunar og beitiland víðlent og gott, komist í trygga og örugga

ábúð, en lendi ekki í braski. Því væri mjög æskilegt, að sveitarstjórn gæti haft nokkra hönd í bagga um kaupanda, ef til sölu á jörðinni skyldi koma.

F. h. meiri hl. hreppsn. Rípurhr.

Árni Gíslason,
oddviti Rípurhrepps.

Til landbúnaðarnefndar neðri deildar Alþingis.

Sþ. 323. Tillaga til þingsályktunar [170. mál]

um bifreiðaferju á Hvalfjörð.

Flm.: Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera kostnaðaráætlun fyrir fullkomna bifreiðaferju á Hvalfjörð, svo og flotbryggjur og nauðsynlega vegi báðum megin fjarðarins. Jafnframt verði gerð áætlun um rekstur slíkrar ferju og þessar upplýsingar lagðar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Með þessari tillögu er hreyft á nýjan leik máli, sem mikið var rætt og undirbúið fyrir 17 árum. Þá féll það niður. En nú eru aðstæður breyttar og fyllsta ástæða til að kanna að nýju, hvort ekki mundi verða hin mesta samgöngubót að fullkominni bifreiðaferju yfir Hvalfjörð.

Snemma árs 1946 tóku Akurnesingar mál þetta upp undir forustu bæjarstjóra síns, Arnljóts Guðmundssonar. Keypti bærinn tvær ferjur, sem smíðaðar höfðu verið til hernaðarþarfa, og var ætlunin að nota þær til bifreiðaflutninga milli Kataness og Eyrar við Hvalfjörð. Pétur Ottesen og fleiri alþingismenn fluttu þingsályktunartillögu þess efnis, að ríkisstjórninni heimilaðist að verja allt að 800 þús. krónum til lendingarbóta og vegagerðar í sambandi við væntanlega ferju yfir Hvalfjörð.

Tillagan hlaut ekki afgreiðslu, enda fram komin nálægt þinglokum. Samt sem áður var lagður vegur að Katanesi og gerðar þar lendingarbætur. Eftir það féll málið niður, og reyndust vera næg önnur verkefni fyrir ferjurnar. Önnur þeirra er notuð enn í dag, meðal annars til sementsflutninga milli Akraness og Reykjavíkur.

Þegar málið var borið fram 1946, var bent á sex kosti við bifreiðaferju yfir Hvalfjörð:

1) Greiðari ferðir. Leiðin frá Suðvesturlandi til Vestur- eða Norðurlands styttist um 42 km eða 1½ klst. akstur. Síðan hafa verið gerðar allmiklar vegabætur í Hvalfirði, en þó mundi tímasparnaður enn verða að minnsta kosti um eina klukkustund.
2) Ódýrari ferðir. Athuganir 1946 sýndu, að flutningar mundu reynast ódýrari, þrátt fyrir ferjugjald.
3) Sparnaður á gjaldeyri var þá talinn einn kostur málsins.
4) Sparnaður í vegaviðhaldi og vegagerðarkostnaði. Ef góð ferja væri á firðinum, mundi ekki vera eins aðkallandi að leggja varanlega braut fyrir Hvalfjörð, og viðhald þar yrði minna, sérstaklega á vetrum.
5) Öruggari ferðir, sérstaklega vetrarferðir.
6) Ferjan væri mikil samgöngubót fyrir Akurnesinga og Borgnesinga, sem sækja oftar til Reykjavíkur en fjarlægari byggðir. Aksturstími milli Akraness og Reykjavíkur mundi styttast um helming.

Flestar þessara röksemda eru jafngildar, ef ekki gildari nú en fyrir 17 árum. Ekki mundi nú verða talið fullnægjandi að nota ferjur sem þær, er keyptar voru 1946.

Í þeirra stað yrði að koma fullkomin bifreiðaferja, sem afgreidd væri við flotbryggjur, þannig að bifreiðar gætu ekið báðum megin inn á og út af ferjunni, en hún sigldi fram og aftur án þess að snúast. Slíkar ferjur eru til víða um lönd og eru notaðar með ágætum árangri á fjörðum í Skotlandi og Noregi.

Umferð er nú miklu meiri en 1946 og fer ört vaxandi. Ætti að vera tryggari fjárhagsgrundvöllur fyrir Hvalfjarðarferju nú en þá — og þörf hennar mun meiri.

Tímabært virðist að taka þetta mál upp og byrja á nákvæmum kostnaðaráætlunum um ferjuna og nauðsynleg mannvirki. Á þeim grundvelli mætti síðan gera áætlun um rekstur slíkrar ferju.

Sþ. 324. Fyrirspurnir. [171. mál]

I. Til samgöngumálaráðherra um brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Frá Unnari Stefánssyni.

Hvað hefur verið gert til framkvæmdar tillögu um undirbúning brúarbyggingar yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi, sem Alþingi samþykkti að vísa til ríkisstjórnarinnar á árinu 1961?

II. Til sjávarútvegsmálaráðherra um síldariðnað á Vestfjörðum.

Frá Sigurði Bjarnasyni, Kjartani J. Jóhannssyni og Birgi Finnssyni.

1. Hvað líður þeirri athugun á starfrækslumöguleikum síldarverksmiðjanna á Ingólfsfirði og Djúpavík, sem ákveðið var að framkvæmd skyldi með þingsályktunartillögu, sem samþykkt var á Alþingi 27. maí 1960?
2. Hefur verið athugað, hvar annars staðar á Vestfjörðum sé heppilegast að koma upp síldarverksmiðjum og feitfisksbræðslum, eins og einnig var gert ráð fyrir í fyrrgreindri þingsályktunartillögu?

Ed. 325. Frumvarp til laga [172. mál]

um byggingasjóð aldraðs fólks.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingasjóður aldraðs fólks.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum og styrkjum að því að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, samkvæmt ákvæðum þar um í lögum um happdrættið.
2. Frjáls framlög eða aðrar tekjur, sem til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

4. gr.

Stjórn sjóðsins annast Tryggingastofnun ríkisins. Skal fulltrúi stjórnar happdrættis D.A.S. eiga tillögurétt um lánveitingar.

5. gr.

Styrki og lán úr sjóðnum má veita gegn öruggum tryggingum sveitarfélögum eða aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki. Lán til einstaklinga til kaupa á íbúðum fyrir sjálfa sig má þó aðeins veita skv. 6. gr.

6. gr.

Tryggingaráð getur ákveðið, að hluti sjóðsins komi til úthlutunar á vegum húsnæðismálastjórnar eftir reglum, sem það setur og félagsmálaráðuneytið staðfestir. Skal því fé varið til að lána einstaklingum yfir 67 ára aldri til kaupa á litlum íbúðum, sem sérstaklega eru gerðar við hæfi aldraðs fólks. Skal þá vera sú kvöð á íbúðunum, að þær verði einungis notaðar fyrir aldrað fólk meðan lánin hvíla á þeim.

7. gr.

Styrkir og lán, sem veitt eru úr sjóðnum skv. 5. gr., mega nema allt að 50% af byggingarkostnaði.

8. gr.

Styrki og lán skv. 5. gr. má því aðeins veita:

a. að fyrir liggi teikningar af fyrirhuguðum byggingum, sem ráðherra hefur samþykkt.
b. Umsækjandi sýni fram á, að hann hafi tryggt sér nægilegt fjármagn til byggingarinnar annars staðar frá.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp það, um byggingarsjóð aldraðs fólks, sem hér liggur fyrir, er samið af nefnd, sem kosin var af Alþingi, samkvæmt ályktun þess frá 4. marz 1959, til að athuga á hvern hátt unnt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína.

Frumvarpi þessu var nokkuð breytt frá því sem það var, þegar það kom frá nefndinni, en breytingarnar hafa verið gerðar í samráði við formann nefndarinnar, frú Ragnhildi Helgadóttur, alþm. og fleiri nefndarmenn.

Í greinargerð nefndarinnar fyrir frumvarpi þessu, segir m. a. svo:

„Á næstu árum má búast við sívaxandi fjölda fólks á ellilífeyrisaldri, og er fyrirsjáanlegt, að þörfin fer vaxandi fyrir dvalarheimili eða húsnæði við hæfi aldraðs fólks. Lausn þess máls hlýtur að stuðla að því að skapa hinu aldraða fólki skilyrði til að lifa sem lengst meðal heilbrigðs starfandi fólks.

Í 2. gr. segir um hlutverk sjóðsins almennt. Er þar bæði rætt um lán og styrki. Ráðlegt hefur þótt að binda það ekki í lögum, að hve miklu leyti væri um styrk og að hve miklu leyti lán að ræða hverju sinni. Slíkt gæti verið undir ýmsum mismunandi aðstæðum komið og eðlilegt að hafa það í hendi lánveitanda svo sem er t. d. um erfðafjársjóð.

Lántakar geta verið sveitarfélög eða aðrir aðilar, einstaklingar eða samtök, sem takast vilja slíkar byggingar á hendur."

Enn fremur segir í greinargerðinni:

„Um ráðstöfun á íbúðum aldraðs fólks kemur þetta helzt til greina:

1. Sala á íbúðinni. Væri þá kaupanda kostur m. a. á láni með hagkvæmum kjörum skv. 6. gr.
2. Leiga á íbúðinni.

3. Samningur um lífstíðaríbúðarrétt gegn ákveðinni stofngreiðslu, t. d. 10—15% af byggingarkostnaði. Síðan mánaðargreiðslum. Slíkir samningar gætu verið mjög æskilegir þar sem svo stæði á, sami aðilinn gæti einnig látið í té ýmsa þjónustu með húsnæðinu.“

Tvö önnur frumvörp, sem milliþinganefndin samdi, eru flutt samtímis þessu frumvarpi. Annað frumvarpið er um breyting á lögum nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum. Hitt frumvarpið er um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Nefndarálit milliþinganefndarinnar er prentað sem fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Fylgiskjal.

Nefndarálit.

Hinn 11. maí 1959 kaus Alþingi nefnd til að athuga skilyrði aldraðs fólks til að nota starfsorku sína. Nefndin var kosin í samræmi við ályktun, sem gerð var á Alþingi 4. marz s. á., og hljóðaði svo:

„Alþingi ályktar að kjósa í sameinuðu Alþingi fimm manna nefnd til að athuga á hvern hátt unnt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína. Nefndin kýs sér formann úr sínum hópi.

Nefndin skal m. a. taka til athugunar þessi atriði:

1. Stofnun vistheimila fyrir aldrað fólk og þá, sem hafa skerta starfsorku.
2. Stofnun vist- og hjúkrunarheimila.
3. Aðild að greiðslu stofnkostnaðar.
4. Fyrirkomulag á rekstri þessara heimila.

Að athugun lokinni leggi ríkisstjórnin fyrir Alþingi frumvarp um þetta efni.“

Í nefndina voru kosin: Alfreð Gíslason, Kjartan Jóhannsson, Ólafur Ólafsson, Ragnhildur Helgadóttir, Sigríður Thorlacius.

Nefndin kom fyrst saman til funda um haustið. Formaður var kosin Ragnhildur Helgadóttir og ritari Sigríður Thorlacius.

Ljóst var, að verkefni nefndarinnar var æði víðtækt, enda um að fjalla vandamál, sem er sameiginlegt flestum menningarlöndum. Hefur vandamálum aldraðs fólks verið vaxandi gaumur gefinn víðast hvar og nýjar leiðir reyndar til úrbóta. Var ákveðið að leita upplýsinga frá öðrum löndum um:

1. hvað væri gert af hálfu hins opinbera til að hjálpa öldruðu fólki til að nota starfsorku sína.
2. hvernig atvinnumöguleikum aldraðs fólks væri háttað,
3. hvað gert væri til að greiða fyrir öldruðu fólki um útvegun húsnæðis við þess hæfi utan stofnana.
4. hvernig væri fyrirkomulag vistheimila aldraðs fólks og sérstaklega ef um vinnuhæli væri að ræða.

Upplýsingar bárust frá Danmörku, Noregi, Finnlandi, Bretlandi og Bandaríkjunum.

Auk þess kynntu einstakir nefndarmenn sér fyrirkomulag þessara mála erlendis eftir því, sem föng voru á, m. a. með heimsóknum á vistheimili aldraðs fólks, er þeir voru þar á ferð annarra erinda.

Aflað var skýrslna um skiptingu aldraðs fólks milli byggðarlaga hérlendis og um starfandi vistheimili fyrir aldrað fólk og fylgja þær skýrslur þessu nefndaráliti. Aflað var upplýsinga hjá ýmsum aðilum, sem þekkingu og reynslu hafa í störfum varðandi velferðarmál aldraðs fólks.

Málin voru rædd á fundum nefndarinnar, og varð samkomulag um, að í megindráttum yrði störfum svo skipt, að læknarnir Alfreð Gíslason, Kjartan Jóhannsson og Ólafur Ólafsson undirbyggju þann þátt nefndarálitsins, er fjallar um vistheimili og fyrirkomulag þeirra, en Ragnhildur Helgadóttir og Sigríður Thorlacius undirbyggju tillögur um aðstoð við aldrað fólk utan vistheimila.

Fjöldi fólks yfir 65 ára aldur.

Í menningarlöndum hefur meðalaldur manna hækkað mjög á síðustu hundrað árum vegna bættra lífskjara, hollustuhátta og framfara í læknavísindum. Hefur hlutfall milli aldursflokka breytzt við það, — hópur þeirra, sem komast yfir 65 ára aldur orðið hlutfallslega stærri en áður, og mun enn fara stækkandi á komandi árum.

Á tímabilinu 1860—1950 lengist meðalævi 65 ára fólks á Íslandi um 4 ár, og á áratugnum 1940—1950 varð lenging meðalævi 65 ára karla á Íslandi um 1½ ár og 65 ára kvenna á Íslandi um ½ ár miðað við áratuginn næsta á undan.

Árið 1900 var 4.1% bandarísku þjóðarinnar 65 ára eða eldri. Þessi hlutfallstala var þar komin upp í 6.8% árið 1940 og giskað á, að hún verði 14.5% árið 1980. Í Danmörku voru 1951 nærri 10% þjóðarinnar 65 ára eða eldri, og áætlað var, að sú tala yrði komin upp í 14.9% að 30 árum liðnum. Þessi verulega fjölgun gamalmenna í þjóðfélögunum veldur vissum áhyggjum, sem ekki hvað sízt snúast um það, hvernig bezt verði tryggð heilbrigði og starfsorka gamals fólks. Í Danmörku var á það bent fyrir einum áratug, að þá hafi það komið í hlut hverra 6 manna á fullum starfsaldri (20—64 ára) að sjá fyrir einu gamalmenni, en yrðu aðeins 3—4 menn til að gegna sama hlutverki að þrem áratugum liðnum.

Hér á landi hefur gömlu fólki fjölgað í samræmi við almenna mannfjölgun og ríflega það, eins og sést á þessu:

Fjöldi landsmanna	Fjöldi manna 65 ára og eldri	Hlutfallstölur
1901 77292	5325	6.9
1920 94436	6566	7.0
1940 121474	9468	7.8
1950 143961	10868	7.6
1960 17892	14429	8.1

Samkvæmt þjóðskrá 1. des. 1960 voru þá 14429 manns í landinu 65 ára og eldri, af þeim voru 2318 66 ára, 3327 67—69 ára og 8784 70 ára og eldri. Sé miðað við 67 ára og hærri aldur er skiptingin þannig eftir landssvæðum (kjördæmum, að öðru leyti en því, að Kópavogur og Seltjarnarnes fylgja Reykjavík).

	67—69 ára	70 ára og eldri	Samtals
Reykjavík, Kópavogur, Seltjarnarnes	1351	3471	4822
Reykjanessvæði	255	654	909
Vesturland	242	619	861
Vestfirðir	219	654	873
Norðurland vestra	251	648	899
Norðurland eystra	431	1216	1647
Austurland	243	626	869
Suðurland	335	896	1231
Landið allt	3327	8784	12111

Í dreifbýli voru á sama tíma taldir búa 798 manns 67—69 ára og 2181 70 ára og eldri, en í mesta þéttbýli hvers kjördæmis utan Reykjavíkur voru tölurnar þannig:

	67—69 ára	70 ára og eldri	Samtals
Hafnarfjörður	121	306	427
Akranes	57	133	190
Ísafjörður	54	148	202
Siglufjörður	46	139	185
Akureyri	162	532	694
Neskaupstaður	27	116	143
Vestmannaeyjar	82	205	287

Um aðbúnað aldraðs fólks utan vistheimila og starfsskilyrði þess.

Samkvæmt framfærslulögum er það tvímælalaust skylda ættmenn að annast aldrað fólk, en vegna breyttra þjóðfélagshátta, m. a. vegna smækkandi fjölskyldueininga, fækkar þeim heimilum, sem telja sig geta sjálf annazt aldrað fólk, sem farið er að heilsu. Veldur því einkum skortur á vinnuafli á heimilum, og er óþarft að fjölyrða um það hér.

Nauðsyn þess, að aðrir aðilar en nánustu vandamenn hlypu hér undir bagga, hefur löngu verið viðurkennd með lagasetningum um aðstoð ríkisvalds og annarra aðila við aldrað fólk.

Er athuga skal, hvernig búa megi öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína, verður það atriði naumlega skilið frá ráðstöfunum, sem nauðsynlegar eru í sambandi við vistheimili eða aðstoð við aldrað fólk í heimahúsum.

Beinast liggur við að segja, að starfsorka aldraðs fólks hagnýtist bezt með því, að það haldi áfram að sinna þeim störfum, sem því eru tömust, meðan starfsþrek þess leyfir. Má í því sambandi benda á athugun, sem fram fór á vegum norska atvinnumálaráðuneytisins árið 1961, á starfsgetu og starfsvilja fólks, sem tekið var að nálgast eftirlaunaaldur. Þessi athugun var gerð hjá 107 atvinnufyrirtækjum, sem höfðu um 5 þúsund manns í vinnu, og tók til karla eldri en 60 ára og kvenna eldri en 55 ára.

Læknisrannsókn fór fram á 685 manns, sem láta áttu af störfum eftir tvö ár eða skemmri tíma. Varð niðurstaðan sú, að 87% af þeim gætu haldið áfram starfi, 79% fullan starfstíma, en 8% við léttari störf eða styttri vinnutíma. Af þessum 685 manns töldu læknarnir að aðeins 13% ættu að hætta störfum, er þeir náðu eftirlaunaaldri. 26% óskuðu að hætta þá, en 70% vildu halda áfram og 4% óskuðu eftir styttri vinnutíma.

Í þeim löndum, sem bezt búa að öldruðum borgurum, er reynt að gera þeim kleift að búa að sínu og bjarga sér sjálfir svo lengi sem heilsa þeirra leyfir, og er það talið eitt grundvallarskilyrði þess, að starfsorka manna nýtist svo lengi, sem hún er nokkur. Mörgu öldruðu fólki verður það ofraun að eiga að skipta um umhverfi og starf eða láta af starfi, sem það hefur lengi stundað. En það fer eftir heilsufari og heimilishögum einstaklingsins, hvaða ráðstafana er þörf þeim til aðstoðar. Í stórum dráttum má flokka aldrað fólk í eftirtalda hópa:

1. Aldrað fólk með fulla starfsgetu.
2. Þá, sem hafa orku til að starfa hluta úr degi.
3. Þá, sem hafa litla starfsgetu og þurfa sérstök vinnuskilyrði.
4. Þá, sem enga starfsgetu hafa umfram það, að geta annazt eigin daglegar þarfir sjálfir, eða með aðstoð (aðstandenda) vandamanna.
5. Þá, sem þurfa sérstaka hjúkrun vegna líkamlegs eða andlegs ástands.

Fjórir fyrstu flokkarnir eiga það sameiginlegt, að þeir geta hagnýtt sér allar ráðstafanir, sem gerðar yrðu til að aðstoða aldrað fólk utan stofnana. Með því

nýtur þjóðfélagið starfsorku þeirra í því, að ekki þarf að annast það á sérstofnunum. Til aðstoðar þessu fólki ætti að gera eftirfarandi ráðstafanir:

1. Aðstoða það við útvegun hentugs húsnæðis, ef þörf kefur.
2. Útvega því hjálparfólk til ræstinga, sendiferða o. s. frv.
3. Vinnumiðlun eða milliganga um að útvega þeim, er æskja, starf við sitt hæfi.
4. Starfsleiðbeiningar, rannsókn á vinnugetu og leiðbeiningar um hvaða störf hæfa þeim, er starfs óska.
5. Vinnulækningar og endurhæfing.

Húsnæðismál.

Þegar fólk er orðið aldurhnigið og líkamsþrek tekið að þverra, þarfnast það þægilegs og notalegs húsnæðis af hæfilegri stærð, sem ekki ofbýður þreki þess. Eigi það kost á slíku húsnæði, getur það lengur séð um sig sjálft heldur en ef það verður að sætta sig við óhaganlegt húsnæði.

Fjárhagur margra, sem komnir eru á eftirlaunaaldur, leyfir þeim ekki að keppa um íbúðir, sem seldar eru eða leigðar á gangverði. Víða erlendis hefur sá háttur verið upp tekinn, að byggja íbúðir, sem miðaðar eru við þarfir aldraðs fólks og leigja því við sanngjörnu verði. Má nefna sem dæmi, að í Helsingfors þar sem íbúar eru á fimmta hundrað þúsund, á bærinn tvær húsasamstæður með 240 íbúðum alls, sem eingöngu eru ætlaðar öldruðu fólki, sem hefur heilsu til að dveljast utan vistheimila. Í þessum húsum eru einnig sérstakar íbúðir fyrir hjúkrunarkonu og aðstoðarstúlku, sem veita gamla fólkinu aðstoð, jafnskjótt og hennar gerist þörf. Sérstakur sjóður hefur með höndum rekstur þessara bygginga í nánu samstarfi við nefnd, er hefur yfirstjórn allra stofnana, sem annast aldrað fólk og öryrkja.

Að jafnaði er þó talið hentara, að slíkar íbúðir séu ekki reistar sem heilar húsasamstæður, heldur séu þær staðsettar í þeim hluta almennra íbúðarbygginga, sem aðgengilegastar eru öldruðu fólki, þ. e. á fyrstu hæð, því að stigagangur er öldruðu fólki yfirleitt erfiður. Að stærð ættu þær að vera við hæfi einhleypinga eða hjóna, og að öllu skyldi búa þær með það fyrir augum, að þær eru ætlaðar fólki með þverrandi starfsorku.

Meðal þeirra kosta, sem fylgja því, að svona íbúðir séu byggðar á víð og dreif í bæjum og í nábýli við aðrar íbúðir, fremur en einangraðar, er það, að þá getur fólk frekar valið hvar það býr í viðkomandi bæ, t. d. miðað við að vera í grennd við venzlafólk sitt. Það kemst frekar í samband við fólk á öllum aldri og kynnist unglingum og börnum, sem flestu öldruðu fólki er mikils virði. Stóru sambýlishúsunum, eins og þeim, sem byggð hafa verið í Helsingfors, fylgir aftur sá kostur, að þar er auðveldara að veita ýmsa þjónustu, svo sem fæðissölu og ræstingu.

Nefndin leggur til, að flutt verði frv. um byggingasjóð aldraðs fólks með það fyrir augum, að hafizt verði handa um byggingu einstakra íbúða eða íbúðasamstæða fyrir aldrað fólk, en nánari grein er gerð fyrir því í grg. frv. Vill nefndin benda á þá staðreynd, að byggingarkostnaður hverrar smáíbúðar fyrir tvo íbúa mun nú vera álíka mikill og stofnkostnaður fyrir hvert rúm á vistheimili fyrir aldrað fólk. Ætti því tvennt að mæla mjög með byggingu slíkra íbúða: Þær yrðu ódýrari en vistheimili, og þær gerðu þeim, sem óskuðu þess, fært að búa lengur að sínu og lifa ánægjulegri elli.

Heimilishjálp.

Margt aldrað fólk leitar fyrr eftir vist á dvalarheimili en því sjálfu þykir æskilegt, vegna þess að ógerlegt reynist að fá nokkra aðstoð við heimilisstörf eins og ræstingu, sendiferðir og matreiðslu. Víða erlendis skipulegggja bæjar- og sveitarfélög slíka heimilisaðstoð, á öðrum stöðum taka félagssamtök þau að sér (líknarfélög, kvenfélög). Væru félagssamtök hérlendis fáanleg til þess að taka að sér

að annast slíka þjónustu, væri ekki óeðlilegt, að sveitarfélögin tækju þátt í kostnaðinum við framkvæmdina, en hann yrði alltaf minni en sá kostnaður, sem hlyti að verða af dvöl á vistheimili fyrir aldrað fólk.

Nefndin leggur til, að flutt verði frv. til l. um breyt. á lögum um heimilisaðstoð í viðlögum, þannig að sameina megi undir sömu stjórn þá þjónustu, sem heimilishjálp í viðlögum nú veitir og aðstoð við aldrað fólk í heimahúsum. Svo sem gerð er grein fyrir í grg. með frv., þá er ekki ótrúlegt, að til starfa af þessum toga mætti fá starfskrafta, sem ekki anna því að taka að sér heils dags störf, en gætu sinnt því að aðstoða aldrað fólk nokkra tíma á dag, eða nokkra tíma á viku. Erlendis tíðkast það, að ármenn hafi eftirlit með því, að sú hjálp, sem látin er í té í þessu skyni, sé fullnægjandi.

Þá vill nefndin benda á þann möguleika, að matarverzlanir eða veitingastaðir annist heimsendingu á tilbúnum mat til aldraðs fólks, sem þess æskir, eða ef horfið yrði að því á einum eða fleiri stöðum að byggja heilar íbúðasamstæður handa öldruðu fólki, að þá yrðu í þeim húsum eldhús, sem önnuðust matreiðslu handa þeim af íbúunum, er þess kynnu að óska.

Allar þessar ráðstafanir, samfara góðri heilsuverndarstarfsemi, myndu stuðla mjög að því, að aldrað fólk geti lengur verið sjálfbjarga. Margir myndu þá fremur halda áfram að stunda ýms störf, en ef þeir væru komnir á vistheimili.

Vinnuheimili.

(Dvalarheimili þar sem vistmenn vinna á verkstæðum, sem heimilin starfrækja).

Nefndin telur, að ekki eigi að svo stöddu að stofna sérstök vinnuheimili eða vinnustofur fyrir aldrað fólk, heldur eigi að gera kleift að sameina á vinnuheimilum og vinnustofum alla þá, sem hafa skerta starfsorku, án tillits til aldurs, ef orsakir örorkunnar krefjast ekki sérstakra aðstæðna. Sú aðgreining, sem nú er á vinnuheimilum er að mestu sprottin af því, að fjársafnanir hafa farið fram handa einum og einum hóp öryrkja. Öll slík störf eru sprottin af góðum hug og hafa oft borið lofsverðan árangur, en í mörgum tilfellum yrði hagkvæmara bæði fyrir öryrkja og þjóðfélagið í heild, að sameina fleiri flokka öryrkja í sömu stofnanir.

Leggur nefndin til, að vinnustofur og vinnuhæli, sem framvegis verða skipulögð fyrir öryrkja, standi einnig opin öldruðu fólki með skerta starfsorku. Enda er svo ráð fyrir gert í lögum um erfðafjársjóð, að stofnanir, sem njóta styrks úr þeim sjóði, séu jafnhliða miðaðar við þarfir öryrkja og aldraðs fólks.

Vinnumiðlun.

Hið sama gildir um vinnumiðlun og vinnuheimili. Vinnumiðlunar- og starfsleiðbeiningarstöðvar fyrir öryrkja eiga einnig að sinna þeim málum að því er tekur til aldraðs fólks, enda njóti þær stofnanir styrks af almannafé.

Í þessu sambandi má benda á það, að hagkvæmara er oft fyrir fólk, sem vinnur mjög erfið störf, að reyna að skipta um til hægara starfs, áður en það hefur með öllu ofboðið starfsþreki sínu. Í Englandi t. d. hafa stjórnarvöldin beitt sér fyrir því, að innan stórra atvinnufyrirtækja sé haldið uppi áróðri fyrir því, að mönnum gefist kostur á að breyta um til léttara starfa áður en hin erfiðari störf verða þeim ofraun.

Vistheimili fyrir aldrað fólk.

Svo sem fram kemur í því, sem fyrr er ritað, telur nefndin ákjósanlegast, að aldrað fólk, sem þess æskir. geti sem lengst dvalist á eigin heimilum. Sá hópur hlýtur þó alltaf að verða allstór, sem af ýmsum ástæðum þarfnast hælisvistar.

Hérlendis hafa einstaklingar, félagasamtök, sveitarfélög og ríki reist vistheimili fyrir aldrað fólk víðsvegar um land.

Fyrsta elliheimilið hér á landi mun hafa tekið til starfa á Ísafirði 1. janúar 1922. Fyrstu árin rak Hjálpræðisherinn það á kostnað bæjarsjóðs en síðan tók bæjarfélagið við rekstrinum. Tæpum tveimur árum síðar tók Elliheimilið Grund í Reykjavík til starfa, og hefur það ætíð verið rekið sem sjálfseignarstofnun. Á Seyðisfirði stofnaði kvenfélagið elliheimili árið 1929, en sú starfsemi lagðist síðar niður. Seinna risu upp elliheimili í Hafnarfirði, á Akranesi og víðar.

Nefndinni er kunnugt um 13 starfandi vistheimili fyrir aldrað fólk í landinu, og mun samanlagður rúmafjöldi þeirra vera nálægt 750. Meðfylgjandi yfirlit sýnir staðsetningu þeirra, rúmafjölda og tölu vistmanna í febrúar 1962.

	Rúmafjöldi	Vistmannatala í febr. 1962
Reykjavík:		
Grund	340	320
Hrafnista	124	130
Reykjanessvæði:		
Hafnarfj., Sólvangur	45	17
Keflavík:	20	19
Vesturland:		
Akranes	15	14
Vestfirðir:		
Ísafjörður	22	23
Norðurland vestra:		
Blönduós	25	15
Hvammstangi	10	10
Sauðárkrókur	20	18
Norðurland eystra:		
Skjaldarvík	70	50
Austurland:		
Neskaupstaður	10	15
Suðurland:		
Vestmannaeyjar	23	11
Hveragerði	30	24
Samtals	754	666

Sá mismunur, sem fram kemur sums staðar á tölu rúma og vistmanna, mun m. a. stafa af því, að vistheimilin eru í sambandi við sjúkrahús, og eru stundum fleiri teknir á ellideild, en rúm er fyrir á slíkri deild.

Nefndarmenn hafa skoðað nokkur þessara hæla, þ. e. dvalarheimili aldraðra sjómanna, Hrafnistu, og Elli- og hjúkrunarheimilið Grund í Reykjavík, Elli- og hjúkrunarheimilið Sólvang í Hafnarfirði, elliheimilið í Keflavík og dvalarheimilið Ás í Hveragerði. Stofnanir þessar eru með ýmsu sniði, sum eru rekin af sveitarfélögum, önnur eru einkastofnanir. Herbergjaskipan, húsbúnaður og hreinlætistæki eru allmisjöfn, stærð herbergja frá eins manns herbergjum upp í 10 manna stofur. Sum heimili, einkum þau minni, eru eingöngu ætluð vistmönnum, sem hafa ferlivist og eru tiltölulega hressir, en önnur gegna því tvíþætta hlutverki að vera í senn dvalarstaður heilbrigðra og sjúkra — vera hvorttveggja, vistheimili og hjúkrunarheimili.

Í sumum vistheimilum er auðvelt að aðgreina heilbrigða og sjúka, en annars staðar er sú aðgreining óframkvæmanleg. Ekki hefur farið fram nákvæð athugun á hlutfallinu milli þessara tveggja hópa, sem á vistheimilunum eru, en áætlað er, að um 250 sjúklingar dveljist þar um þessar mundir.

Vitað er, að ný vistheimili fyrir aldrað fólk munu rísa á næstu árum, og önnur verða stækkuð. Við Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík, er verið að byggja nýja álmu, sem á að rúma 70 vistmenn, sem ferlivist hafa. Á Akureyri hefur vistheimili verið í smíðum síðan 1959, og verður fyrsta deildin, sem á að rúma um 30 sjúklinga, tilbúin innan skamms. Í Borgarnesi mun bráðlega hefjast bygging vistheimilis fyrir 15—20 manns. Á Húsavík á að hefja byggingu nýs sjúkrahúss á þessu ári, og þar verður öldruðu fólki ætlað nokkuð húsrými. Á Siglufirði hefur verið ráðgert að stofna vistheimili fyrir um 15 manns í húsakynnum núverandi sjúkrahúss, þegar nýtt sjúkrahús hefur verið reist. Virðist mega telja fullráðið, að um 150 rúm komi til viðbótar þeim rösklega 750, sem til eru nú, á næstu árum.

Að vísu verður mikil fjölgun í aldursflokknum 65 ára og eldri næstu ár, og má gera ráð fyrir, að um 1970 verði tala þeirra um 20 þúsund, en með hliðsjón af því, að nú eru ekki öll vistheimili fullsetin, önnur en þau, sem annast sjúklinga, telur nefndin ekki ástæðu til að mæla með því, að ráðizt verði í byggingu fleiri vistheimila en þeirra, sem þegar hafa verið ráðgerð, eða verið er að reisa. Hins vegar er nefndinni ljóst, að endurnýja þarf byggingar sumra starfandi vistheimila og endurbæta aðrar. Um aðstoð við byggingar vistheimila vísast til grg. og frv. um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Eins og þegar hefur verið tekið fram, leggur nefndin mikla áherzlu á, að unnið verði að því, að aldrað fólk fái nauðsynlega aðstoð til þess, að standa svo lengi á eigin fótum, sem geta þess leyfir, ef það óskar þess, og telur nefndin, að þær ráðstafanir, sem hún hefur bent á í því sambandi, gætu komið að miklu gagni. Vistheimili fyrir aldrað fólk eru þó nauðsynlegar stofnanir, og kemur þar margt til greina, sem óþarft er að rekja. Nefndin telur, að slík heimili eigi ekki að vera mjög stór og æskilegt sé, að flokkun vistmanna eftir heilsufari verði meiri en hún nú er. Í stað sjúkradeilda á vistheimilum aldraðs fólks, telur hún að stefna beri að því, að sjúk gamalmenni fari á sjúkrahús, þar sem þau njóti sams konar aðbúnaðar og aðrir sjúklingar, en eigi þess hins vegar kost að dveljast á litlum notalegum vistheimilum við góðan aðbúnað meðan þau hafa ferlivist.

Í viðtölum við vistmenn og starfsfólk á þeim dvalarheimilum, sem nefndin hefur heimsótt, og með hliðsjón af ýmsum öðrum upplýsingum, telur nefndin æskilegast, að vistheimilin séu ekki öllu stærri en 15—20 manna. Íveruherbergi ættu helzt ekki að vera stærri en eins og tveggja manna, en dagstofa, vinnustofur og borðstofa sameiginleg. Búa þarf herbergin hagkvæmum en notalegum húsgögnum og sjá t. d. fyrir því, að hver vistmaður hafi þægilegan stól að sitja í inni í herbergi sínu. Nauðsynlegt er að taka tillit til þverrandi líkamskrafta vistmanna, þegar gengið er frá tilhögun bað- og snyrtiherbergja. Af fenginni reynslu má álykta, að 15—20 manna vistheimili séu við hæfi margra byggðarlaga hér á landi.

Þar sem nauðsyn þykir bera til að hafa vistheimilin stærri ætti að leggja áherzlu á, að húsakynni og aðrar aðstæður séu þannig, að skipta megi þeim í deildir, þar sem hver hópur sé sem mest út af fyrir sig og þá ekki fleiri en 20 í hóp. Slík aðgreining getur gert svip stórra stofnana heimilislegri og hlýlegri.

Ekki vill nefndin mæla með því, að vistheimili sé reist í afskekktum og fámennum byggðarlögum, því að þangað mundi erfitt að fá nægilegt starfslið, læknis-eftirlit og annað, sem nauðsynlegt er til að aðbúð vistmanna verði ákjósanleg.

Þróunin hefur orðið sú, sem og eðlilegt er, að vistheimili eru einkum reist á þeim stöðum, sem mannaferð liggur helzt að, eða á verzlunarstöðum viðkomandi héraða. Aldrað fólk saknar þess mjög, ef samband þess rofnar við ættingja og vini vegna fjarlægðar.

Séu vistheimili staðsett þar, sem fyrir eru sjúkrahús eða sjúkraskýli, verður einnig auðveldara fyrir vistmennina að skipta um dvalarstað, ef heilsan versnar um lengri eða skemmri tíma, heldur en að flytja það á milli héraða. Nefndin telur,

að starfræksla vistheimila fyrir aldrað fólk yrði auðveldari, ef gengið væri út frá því, að sjúkrahúsin tækju við þeim vistmönnum, sem rúmfastir verða og þarfnast fullkominnar hjúkrunar.

Nauðsynlegt er að skapa vistmönnum, sem til þess hafa heilsu, í auknum mæli aðstöðu til starfa. Með hliðsjón af reynslu erlendis má fulyrða, að með skynsamlegum leiðbeiningum og í sumum tilfellum með starfsþjálfun, má leggja öldruðu fólki í hendur ýms verkefni, sem veita því ánægju fyrst og fremst, en geta einnig haft hagnýta þýðingu. Einnig má benda á það fyrirkomulag, sem m. a. tíðkast í Finnlandi, að þeir af vistmönnunum, sem óska og eru til þess færir, vinni létt störf fyrir stofnun sína og fái fyrir þau hæfilega greiðslu.

Nefndinni er ljóst, að fullmikinn kostnað væri í ráðizt fyrir ýms smá dvalarheimili úti um land að hafa fastráðna vinnukennara til að annast starfsþjálfun. En benda mætti á þann hátt, sem í sumum nágrannalöndum okkar er á hafður og gefst vel, að Rauði krossinn gengst fyrir námskeiðum í starfsþjálfun fyrir þá, sem annast hina öldruðu á dvalarheimilum. Er þar um farandkennslu að ræða. Enn fremur væru vafalaust til góðs föndurnámskeið fyrir aldrað fólk utan dvalarheimila. Loks mætti hugsa sér, að vinnu- eða föndurkennarar ferðuðust milli dvalarheimila, og ynnu hluta úr ári á hverjum stað, þar sem þess væri óskað. Allt eru þetta leiðir, sem færar geta verið til að hagnýta öldruðu fólki, þótt lasburða sé, starfsorku þess sjálfu því til ánægju og því og öðrum til gagns.

Ed. 326. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1974.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingasjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af milliþinganefnd, sem kosin var af Alþingi, samkvæmt ályktun þess frá 4. marz 1959 til að athuga á hvern hátt unnt sé að búa öldruðu fólki skilyrði til að nota starfsorku sína.

Í samráði við formann milliþinganefndar, frú Ragnhildi Helgadóttur, og við formann Sjómannadagsráðs, herra Pétur Sigurðsson, alþm., var frumvarpinu breytt nokkuð frá því sem það var, þegar það kom frá milliþinganefndinni.

Greinargerð nefndarinnar fyrir frumvarpinu er svo hljóðandi:

„Hér er gert ráð fyrir, að framlengd verði heimild dvalarheimilis aldraðra sjómanna til til að reka happdrætti og verkefni happdrættisins verði gert víðtækara en nú er."

Ed. 327. Frumvarp til laga [174. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Við 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þá má samkvæmt lögum þessum starfrækja heimilishjálp handa öldruðu fólki, eftir því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með þessu frumvarpi er ætlunin, að ákvæði laga um heimilishjálp í viðlögum gildi einnig um hjálp, sem veitt kynni að vera öldruðu fólki um lengri tíma en lögin gera annars ráð fyrir.

Nauðsynlegt væri að gera heimilishjálp aldraðs fólks að sérstakri deild í heimilishjálparstofnunum viðkomandi sveitarfélaga. Aldraða fólkið kæmist af með aðstoð við heimilisstörf, rekstur erinda o. s. frv. hluta úr degi, og í ýmsum tilfellum aðeins nokkra daga í viku. Kemur því til greina að ráða til þessara starfa fólk, sem ekki ynni fullan vinnutíma, svo sem annars er að jafnaði um þá, er taka að sér heimilishjálp í viðlögum.

Sþ. 328. Tillaga til þingsályktunar [175. mál]

um jarðborun í Hveragerði.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að jarðhitasjóður annist á komandi vori um borun eftir heitu vatni í Hveragerði.

Greinargerð.

Tillaga þessi er borin fram að ósk hreppsnefndar Hveragerðishrepps.

Á vegum jarðhitasjóðs mun ekki vera gert ráð fyrir borun í Hveragerði á þessu ári. Hins vegar er talin brýn nauðsyn á, að þar verði nú boraðar ein eða tvær holur eftir heitu vatni, til þess að hitaveitan þar geti mætt vaxandi byggð og nýjum atvinnufyrirtækjum og einnig til þess að skapa henni viðunandi öryggi. Hveragerðishreppur hefur til þessa algerlega staðið undir kostnaði við jarðboranir til hitaveitu í hreppnum og á því í fjárhagsörðugleikum. Rétt er að taka fram, að ekki kemur til greina að nota vatn til hitaveitu þorpsins úr þeim holum, sem þar hafa verið boraðar vegna byggingar raforkuvers eða vinnslu á þungu vatni.

Í lögum um jarðhitasjóð er gert ráð fyrir því, að ríkið láti framkvæma jarðboranir eftir heitu vatni til hagnýtingar í hitaveitum til almenningsþarfa og til iðnaðar, og tekið fram í 3. gr. laganna, að jafnan skuli sitja í fyrirrúmi borun á þeim stað eða á þeim stöðum, þar sem vænta má, að verðmæti jarðhitans verði mest og komi fyrst að notum.

Þar sem fyrir fram er vitað um árangur af borunum í Hveragerði, er þess hér með farið á leit, með hliðsjón af framangreindu lagaákvæði, að jarðhitasjóður annist um borun í Hveragerði á komandi vori, og óskað atbeina Alþingis, til þess að svo megi verða.

Sþ. **329. Tillaga til þingsályktunar** [176. mál]

um stofnun Búnaðarbankaútibús í Árnes- eða Rangárvallasýslu.

Flm.: Unnar Stefánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita áhrifum sínum í þá átt, að Búnaðarbanki Íslands opni útibú í Árnessýslu eða Rangárvallasýslu.

Greinargerð.

Samkvæmt lögum um Búnaðarbanka Íslands, nr. 115 7. nóv. 1941, er tilgangur bankans „að styðja landbúnaðinn og greiða fyrir fjármálaviðskiptum þeirra, er stunda landbúnaðarframleiðslu.“ Getur bankinn haft útibú eða umboðsskrifstofur, þar sem bankastjórn telur þörf á, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, sem hefur umsjón bankans, sbr. lög nr. 48 1960, um breyt. á l. nr. 115 7. nóv. 1941, um Búnaðarbankann.

Verulegur hluti af starfsemi bankans er varzla Stofnlánadeildar landbúnaðarins, sem hefur yfirtekið starfsemi ræktunarsjóðs og byggingarsjóðs sveitabæja og hafði í útlánum um seinustu áramót 459 milljónir króna. Í annan stað er varzla veðdeildar bankans, sem hafði í útlánum um áramótin 100.9 milljónir. Má gera ráð fyrir, að nær allir bændur landsins eigi meiri og minni viðskipti við þessar deildir bankans.

Bankinn rekur nú útibú á Akureyri, á Egilsstöðum og á Blönduósi og þar að auki þrjú útibú í Reykjavík, Vegamótaútibú, Austurbæjarútibú og Vesturbæjarútibú, og er í þann mund að opna fjórða bankaútibúið í Reykjavík. Vert er að vekja athygli á þeim mun, sem er á útibúi í Reykjavík, sem eingöngu annast söfnun sparifjár og móttöku geymslufjár, og á útibúi annars staðar á landinu, sem annast útlánastarfsemi. Þrátt fyrir það hlýtur að teljast ekki óeðlilegt, að Búnaðarbankinn hefði útibú í því héraði landsins, þar sem landbúnaður er mestur og á lifvænlegasta framtíð. Í Árnessýslu, Rangárvallasýslu og í Vestur-Skaftafellssýslu búa kringum 1500 bændur, meira en fjórðungur allra bænda á landinu, og þar fer fram tiltölulega mun meiri hluti landbúnaðarframleiðslunnar en tala bænda segir til um, þar sem bústærð er þar miklu meiri en annars staðar. Allir bændur á þessu svæði þurfa að gera sér ferð til Reykjavíkur til að sinna viðskiptum við lánastofnanir landbúnaðarins í bankanum.

Með tilliti til þessa er það engin furða, þótt sparisjóðsviðskipti bænda við Búnaðarbankann séu minni en efni standa til, en þau mundu að sjálfsögðu eflast við stofnun útibús, sem væri nær en nú er.

Það væri til mikils hagræðis fyrir bændur í þessu héraði, ef bankinn kæmi til móts við þarfir þeirra og setti upp útibú annaðhvort í Árnessýslu, t. d. á Selfossi, eða austar í sveitum, í Rangárvallasýslu, t. d. á Hellu eða á Hvolsvelli. Það væri því ekki óeðlilegt, þótt Alþingi lýsti nú þeim vilja sínum, að svo verði gert.

Búnaðarbankinn hefur nú komizt í þær álnir að eiga kringum 60 milljónir í skuldlausri eign, og ætti hann því að gera orðið að liði sem lánastofnun í héraði, þar sem landbúnaður er í örum vexti. Því er ekki þar með haldið fram, að bankaútibú út af fyrir sig leysi lánsfjárvandamál bænda. En hitt má þó vera ljóst, að útibú í slíku héraði mundi stórlega greiða fyrir fjármálaviðskiptum bænda, en það er einmitt upprunalegur og óumdeilanlegur tilgangur Búnaðarbankans að ætlan Alþingis.

Nd. 330. Frumvarp til laga [130. mál]

um breyting á lögum nr. 30 17. maí 1957, um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. febr.)

1. gr.

Í stað orðanna „Til ársloka 1962“ í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1957 komi: Til ársloka 1965.

2. gr.

3. mgr. 1. gr. laga nr. 30/1957 orðist þannig: Námskeiðin utan Reykjavíkur skulu að jafnaði haldin til skiptis á Ísafirði, á Akureyri, í Neskaupstað og í Vestmannaeyjum. Ráðherra er heimilt að ákveða, að námskeið skuli haldið á öðrum stað, ef sérstaklega stendur á og næg þátttaka fæst eða ef námskeið, sem halda átti annars staðar, fellur niður vegna ónógrar þátttöku. Þó skulu ekki haldin fleiri en tvö námskeið utan Reykjavíkur árlega.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 331. Frumvarp til laga [177. mál]

um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Ríkissjóður leggur árlega fram 2 millj. króna á árunum 1963—1972, sem ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.

Fé þetta skal geymt á sérstökum reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum, ef því er ekki öllu ráðstafað árlega. Enn fremur skulu afborganir lána og vextir leggjast inn á þann reikning og er heimilt að lána það fé í sama skyni.

2. gr.

Félagsmálaráðuneytið hefur með höndum umsjón og allar framkvæmdir í sambandi við lánveitingar skv. 1. gr., svo sem frágang lánsskjala, innheimtu afborgana og vaxta, svo og reikningshald, en heimilt er ráðuneytinu að fela lánastofnun að annast þessi störf.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum þeim, sem um getur í 1. mgr.

Reikningshald skal endurskoðað af ríkisendurskoðuninni og reikningar birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Standi sveitarfélag, sem notið hefur aðstoðar samkvæmt lögum þessum, ekki í skilum með afborganir eða vaxtagreiðslur, er heimilt að halda eftir framlögum, sem það á að fá úr Jöfnunarsjóði til fullnustu hinum vangreiddu fjárhæðum.

3. gr.

Lán samkvæmt 1. gr. mega nema allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands, en jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 40% af verðinu. Ef svo semst um á milli seljanda og sveitarfélags, að sveitarfélag megi greiða land-

verðið með skuldabréfi, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 100% af fjárhæð þess.

Hið keypta land skal vera til tryggingar láni og ábyrgð ríkissjóðs.

4. gr.

Lánstími má vera allt að 25 árum og vextir 5%. Skilyrði ríkisábyrgðar er, að ríkisábyrgðarlánið sé, að dómi ríkisstjórnarinnar, með svo hagstæðum kjörum, að sveitarfélagið fái risið undir því.

5. gr.

Það er skilyrði fyrir aðstoð ríkisins, samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórnin telji sveitarfélagi nauðsynlegt að eignast umrædd landsvæði vegna almennra þarfa. Rétt er að synja um aðstoð, ef ríkisstjórnin telur kaupverðið óhæfilega hátt.

6. gr.

Nú samþykkir ríkisstjórnin að veita sveitarfélagi aðstoð samkvæmt lögum þessum, en eigandi lands vill eigi selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917.

7. gr.

Áður en ríkisstjórnin veitir sveitarfélagi aðstoð, skal leitað umsagnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga um málið.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þar með úr gildi numin lög nr. 64 27. júní 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Eins og segir í 8. gr. frumvarpsins verða lög nr. 64 27. júní 1941 numin úr gildi, ef frumvarp þetta nær fram að ganga.

Í því sambandi þykir rétt að rekja stuttlega helztu breytingar á skipan mála þessara, sem ráð er fyrir gert í lagafrumvarpi þessu.

Lög nr. 64/1941 um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa gera, eins og heiti laganna ber með sér, ekki ráð fyrir neinni aðstoð ríkisins við kaup á landi vegna kaupstaða. Í lagafrumvarpi þessu er hinsvegar gert ráð fyrir, að aðstoð ríkisins í því efni nái einnig til kaupstaða.

Skv. lögum nr. 64/1941 er ríkisstjórninni heimilað, að uppfylltum nokkrum skilyrðum, að kaupa landsvæði í kauptúnum og sjávarþorpum eða í grennd við þau og leigja síðan hlutaðeigandi sveitarfélagi, þannig að árleg leiga verði 4% af kaupverði eignarinnar. Þá er ríkinu skylt, ef sveitarstjórn óskar, að selja sveitarfélaginu með hagkvæmum greiðsluskilmálum og með kostnaðarverði landsvæði þau, sem ríkið kaupir skv. lögunum.

Með lagafrumvarpi þessu er sú meginbreyting á gerð, að ríkið er ekki lengur neinn milliaðili að landakaupum, heldur verða hlutaðeigandi sveitarfélög sjálf kaupendur landsins þegar í stað, en ríkið veitir aðeins aðstoð við kaupin með beinni hagstæðri lánveitingu og veitingu ríkisábyrgðar fyrir láni til kaupanna.

Í lögum nr. 64/1941 eru þau skilyrði sett fyrir því, að ríkið kaupi lönd skv. lögunum, að landið sé ekki í eign hlutaðeigandi sveitarfélags, að samþykkt hafi verið á lögmætum hreppsnefndarfundi formleg beiðni um kaupin, er fylgi rökstuðningur fyrir, að sveitarfélaginu sé fjárhagslega um megn að standa undir kaupunum, að beiðni um kaupin hafi verið samþykkt á almennum sveitarfundi, og að fyrir liggi rökstudd meðmæli frá Búnaðarfélagi Íslands.

Þessi skilyrði eru öll niður felld með lagafrumvarpi þessu. Í þeirra stað er það eitt skilyrði sett fyrir aðstoð skv. lögunum, að ríkisstjórnin telji hlutaðeigandi

sveitarfélagi nauðsynlegt að eignast landið vegna almennra þarfa, og skal þá, áður en aðstoð er veitt, leitað umsagnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga.

Samkv. lögum nr. 64/1941 mega sveitarfélög, sem keypt hafa land með aðstoð ríkisins ekki selja það aftur, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Þessari kvöð er ekki haldið í lagafrumvarpi þessu.

Loks er í frumvarpi þessu gert ráð fyrir, að aðstoð ríkisins við kaup lands sé takmörkuð við, að það sé innan takmarka þess sveitarfélags, sem aðstoðarinnar óskar. Skv. lögum nr. 64/1941 má hinsvegar taka land eignarnámi, þótt það sé í öðru hreppsfélagi, ef það liggur að hreppamörkum.

Á fjárlögum fyrir árið 1963 eru veittar 2 millj. króna, eins og ráð er fyrir gert í 1. gr. frumvarpsins. Hefur Þórshafnarhreppi verið veitt aðstoð, svo sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, en Þórshafnarhreppur hefur nú keypt land úr jörðinni Syðra-Lóni. Sérstök yfirvirðing á Syðra-Lóns landi fór fram í desember 1961 og nam yfirvirðingarverðið ásamt matskostnaði og öðrum kostnaði samtals kr. 3918200.00, sem er kaupverð hreppsins á eigninni. Þá hefur farið fram sérstök yfirvirðing á landi úr jörðunum Járngerðarstöðum og Hópi, skv. ósk Grindavíkurhrepps, og nam yfirvirðingarverðið ásamt matskostnaði og öðrum kostnaði kr. 7218144.65, en það verð mun Grindavíkurhreppur verða að greiða fyrir land þetta.

Sé miðað við það, að sveitarfélag fái fulla fyrirgreiðslu samkvæmt frumvarpinu og geti útvegað lán til 15 ára með venjulegum vöxtum til greiðslu 40% af andvirðinu, mun láta nærri, að sveitarfélagið þurfi að greiða árlega í afborgun og vexti ca. 10% af andvirðinu næstu 15 árin.

Ef athugað er gjaldþol þeirra tveggja sveitarfélaga, sem nú hafa óskað aðstoðar í þessu efni, Þórshafnar og Grindavíkur, kemur eftirfarandi í ljós:

1. Þórshöfn. Árleg greiðsla yrði ca. kr. 390000.00. Þar frá dragast árlegar tekjur af landinu ca. kr. 100000.00 Á fjárhagsáætlun yrði þá að taka ca. kr. 290000.00 Á þessu ári reyndust útsvör þar ca. kr. 1200000.00 og afsláttur frá skala 25%. Til þess að standa undir greiðslum vegna landakaupanna þyrftu útsvörin að vera ca. kr. 1490000.00 og afsláttur hefði þá aðeins orðið ca. 6% frá skala. Útsvarsbyrðin væri þá all þung, eða t. d. svipuð og var á Akureyri á þessu ári, en þar reyndist afslátturinn aðeins 5%.
2. Grindavík. Árleg greiðsla yrði ca. kr. 720000.00. Þar frá dragast árlegar tekjur af landinu ca. kr. 30000.00 Á fjárhagsáætlun yrði þá að taka ca. kr. 690000.00. Á þessu ári reyndust útsvör þar ca. kr. 2250000.00 og afsláttur 50% frá skala. Til þess að standa undir greiðslum vegna landakaupanna þyrftu útsvörin að vera ca. kr. 2940000.00 og afsláttur hefði þá orðið ca. 34%. Útsvarsbyrðin væri þá alls ekki meiri en í meðallagi og tæplega það, ef miðað er við kauptúnahreppa.

Ástæðulaust virðist að gera athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins, þær skýra sig sjálfar.

Sþ. 332. Tillaga til þingsályktunar [178. mál]

um endurskoðun laga nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Pétur Sigurðsson, Guðlaugur Gíslason, Jónas Pétursson, Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara endurskoðun á lögum nr. 80 11. júní 1938, um stéttarfélög og vinnudeilur.

Skal að því stefnt, að frumvarp að nýrri vinnulöggjöf verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Í frjálsu nútímaþjóðfélagi er löggjöfin um stéttarfélög og vinnudeilur einhver mikilvægasta löggjöfin, sem þjóðfélagsþegnarnir búa við.

Með löggjöf um þessi mál þarf að tryggja, svo sem kostur er, æskilega samstöðu og samstarf innan samtaka launþega og vinnuveitenda svo og skynsamlega meðferð deilumála þessara aðila. Að öðrum kosti er vá fyrir dyrum.

Gildandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur eru nær aldarfjórðungs gömul. Frumvarp að þeim lögum var samið af hinni svokölluðu vinnulöggjafarnefnd. Var frumvarpið lagt fyrir Alþingi 1938 og samþykkt á því þingi. Eru lögin enn þá nær óbreytt. Aðeins tvær smávægilegar breytingar hafa verið á þeim gerðar.

Öllum, sem fylgzt hafa með þróun þessara mála, er ljóst, að löggjöfin um stéttarfélög og vinnudeilur er að mörgu leyti orðin úrelt og í ýmsu ábótavant, og er endurskoðun löggjafarinnar því orðin aðkallandi.

Við öðru er ekki heldur að búast. Hér var um frumsmíð að ræða, en nú, 24 árum eftir gildistöku laganna, eru gerbreyttar aðstæður og viðhorf í þjóðfélaginu.

Semjendur frumvarpsins gerðu sér ljóst, að löggjöfina þyrfti að endurskoða, áður en langt um liði. Segir svo í áliti nefndarinnar m. a.:

„Engum mun þó ljósara en henni (þ. e. nefndinni), að ekki má við því búast, að hér sé um neina frambúðarlausn að ræða. Annars staðar hefur hin fyrsta löggjöf af þessu tagi yfirleitt þarfnazt endurskoðunar, lagfæringar og viðbótar eftir skamman tíma, enda þótt lengur og við betri skilyrði hafi verið að henni unnið en hér hefur verið gert.“

Þegar svo er komið, að þýðingarmikil löggjöf fullnægir ekki lengur hlutverki sínu vegna breyttra aðstæðna, verður löggjafinn að endurbæta hana, til þess að hún nái tilætluðum árangri.

Með þessar staðreyndir í huga og að fenginni langri reynslu er ofangreind tillaga flutt til þess að freista þess, að með nýrri og bættri vinnulöggjöf megi m. a. firra launþega og vinnuveitendur og þjóðarbúið í heild því tjóni, sem þessir aðilar verða nú fyrir hvað eftir annað og virðist sumpart stafa af úreltri og ófullkominni löggjöf.

Flutningsmenn þessarar tillögu vilja benda á nokkur atriði, sem að þeirra dómi þarf m. a. að taka til athugunar við endurskoðun vinnulöggjafarinnar:

1. Leitazt verði við að setja sanngjarnar reglur um beitingu verkfalls- og verkbannsréttarins, sem miði að því að minnka það tjón, sem þjóðarbúið hefur einatt orðið fyrir og yfir því hefur vofað vegna deilna um kaup og kjör. Reglur þessar verði grundvallaðar á þeim skilningi, sem aðilar vinnumarkaðarins munu almennt viðurkenna, að verkfalls- og verkbannsrétturinn sé neyðarréttur og skuli aðeins beitt sem slíkum. Sýnist ekki óeðlilegt að tryggja, að þessum rétti verði beitt þannig, að fórnað sé minni hagsmunum fyrir aðra meiri, eins og gildir almennt um neyðarrétt.
2. Stefnt verði að því að setja fastar reglur um hagstofnun launþega og vinnuveitenda. Skal stofnun þessi m. a. starfa fyrir aðila vinnumarkaðarins að hagfræðilegum útreikningum og öflun annarra upplýsinga varðandi breytingar á lífskjörum atvinnustéttanna svo og breytingar á högum atvinnuveganna og þjóðarbúskaparins í heild. Slíkar upplýsingar um efnahagslegar staðreyndir ættu að auðvelda mjög alla samninga um kaup og kjör.
3. Settar verði reglur til að fyrirbyggja, að þjónusta við börn og sjúklinga verði hindruð með verkfalli eða verkbanni.

   Ákveðin fyrirmæli verði sett til að koma í veg fyrir eyðileggingu þegar framleiddra vara eða framleiðslutækja af völdum verkfalla eða verkbanna.
4. Settar verði reglur, sem tryggi ríflegan tíma milli kröfugerðar og verkfalls- eða verkbannsboðunar, svo að sáttaumleitanir geti farið fram með nægilegum fyrirvara, áður en verkfall eða verkbann skellur á.

5. Nánari reglur verði settar um boðun verkfalls eða verkbanns, þannig að tiltekinn hluta félagsmanna í viðkomandi starfs- eða atvinnugrein þyrfti, til þess að slík boðun sé lögmæt.
6. Nánari reglur verði settar um félög launþega og félagasambönd svo og félög og félagasambönd vinnuveitenda.

Þess verði gætt sérstaklega, að leikreglur lýðræðisins verði ekki fyrir borð bornar, og pólitísk misnotkun útilokuð.

Flutningsmönnum er að sjálfsögðu ljóst, að þau atriði, sem hér hefur verið bent á, eru aðeins nokkur af þeim fjölmörgu atriðum, sem til athugunar koma við heildarendurskoðun umræddrar löggjafar.

Eins og áður er fram tekið, er það álit allra aðila, sem á annað borð vilja hugsa raunhæft um þessi mál, að endurskoðun fyrrgreindrar löggjafar sé orðin mjög aðkallandi, og er tillaga þessi flutt til þess að hraða því máli svo sem verða má.

Nd. 333. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til laga um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til þess að fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frv.

Alþingi, 26. febr. 1963.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Unnar Stefánsson, fundaskr. Matthías Á. Mathiesen.
Einar Ágústsson. Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 334. Breytingartillaga [60. mál]

við brtt. á þskj. 313 [Hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf].

Frá Einari Olgeirssyni.

Í stað orðanna „nýir samningar“ og til loka setningarinnar komi: 1. júlí 1963.

Nd. 335. Frumvarp til laga [179. mál]

um breyting á lögum nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir.

Flm.: Jón Skaftason.

1. gr.

Aftan við 1. málsgrein 4. gr. laganna komi nýr málsliður, svo hljóðandi:

Undanþegnir áhættugjaldi eru þó þeir, sem fá ríkisábyrgðir til byggingar íbúðarhúsa á vegum byggingarsamvinnufélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lögum nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir, var það nýmæli í lög tekið, að þeir, sem fengu ábyrgðir ríkissjóðs á lánum, urðu að gjalda fyrir það 1% af lánsfjárhæðinni, ef um einfalda ábyrgð var að ræða, en 1½%, ef um sjálfskuldarábyrgð var að ræða. Gjald þetta nefnist áhættugjald og rennur í ríkisábyrgðasjóð, sem stendur undir þeim útgjöldum, er ríkissjóður verður fyrir vegna ábyrgðar á lánum.

Um langt árabil hafa félagsmenn í byggingarsamvinnufélögum getað fengið ríkisábyrgð á lánum úr lífeyrissjóðum. Reynslan hefur sýnt, að ríkissjóður hefur ekki orðið fyrir fjárhagstjóni af þeim ábyrgðum, og vafalaust mun svo verða áfram að óbreyttri framkvæmd þessara mála.

Hins vegar verða félagsmenn byggingarsamvinnufélaga, sem þessar ríkisábyrgðir fá, að greiða 1% áhættugjaldið eins og aðrir, sem fá einfalda ríkisábyrgð. Á þennan hátt eru þeir skattlagðir til þess að standa undir töpum, sem aðrir valda og þeir eiga engan þátt í að skapa.

Þegar það er enn fremur virt, að óðadýrtíð sú, sem nú ríkir, hefur á fáa lagzt með jafnmiklum þunga og húsbyggjendur, þá er með öllu óverjandi að halda þessari skattheimtu áfram.

Er því hér lagt til, að þeir, sem fá ríkisábyrgðir á lánum til byggingar íbúðarhúsa á vegum byggingarsamvinnufélaga, verði undanþegnir greiðslu áhættugjaldsins.

Sþ. 336. Nefndarálit [14. mál]

um till. til þál. um raforkumál.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Í lögum nr. 53 21. apríl 1954, þar sem lögð var undirstaða að 10 ára áætlun um rafvæðingu landsins, var ákveðið, að í áætluninni skyldu felast þessi verkefni:

„1. að koma upp raforkuverum rafmagnsveitna ríkisins utan orkuveitusvæðis Sogs- og Laxárvirkjananna;
2. að gera aðalorkuveitur og dreifiveitur rafmagnsveitna ríkisins og héraðsrafmagnsveitna ríkisins fyrir kaupstaði, kauptún og sveitir víðs vegar um landið;
3. að veita bændum lán til að koma upp smárafstöðvum, vatnsafls- og mótorstöðvum;
4. til virkjunarrannsókna og undirbúnings rafveitna, og
5. að lækka raforkuverð, þar sem það er hæst.“

Framkvæmd 10 ára áætlunarinnar samkv. lögunum hófst árið 1954 og átti því að verða lokið á árinu 1963, þ. e. á yfirstandandi ári. Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, virðist hafa verið varið til framkvæmda samkv. 1. og 2. tölul. hér að framan, þ. e. til byggingar orkuvera, aðalorkuveitna og dreifiveitna á vegum rafmagnsveitna ríkisins (þ. á m. héraðsrafmagnsveitna ríkisins) fjárupphæðum sem hér segir:

Ár 1954	.....	24.3 millj. kr.
— 1955	.....	37.2 — —
— 1956	.....	60.4 — —
— 1957	.....	75.3 — —
— 1958	.....	117.4 — —
— 1959	.....	36.0 — —
— 1960	.....	86.2 — —
— 1961	.....	54.9 — —
— 1962	.....	Uppl. ekki fyrir hendi.

Við athugun þessara talna verður auðvitað að hafa í huga þá miklu hækkun framkvæmdakostnaðar, sem orðið hefur á þessu tímabili. Umreikningur samkvæmt nýlegri verðlagsvísitölu framkvæmdakostnaðar, t. d. síðastl. ár, mundi hækka framkvæmdakostnaðartölurnar frá fyrstu 6 árum áætlunarinnar mjög verulega, ef gerður væri. Geta má þess í því sambandi, að í árslok 1961 er aukinn stofnkostnaður vegna gengisbreytinga (vegna erlendra raforkulána fyrri ára) talinn 130.6 millj. kr., og kemur sá stofnkostnaðarauki auðvitað ekki fram í tölum einstakra ára hér að framan. Kostnaður við nýja orkuveitu til Keflavíkurflugvallar er hér ekki með talinn.

Á sama tímabili hefur fjöldi heimilisrafstöðva, sem lánað hefur verið til úr raforkusjóði, verið sem hér segir:

	Vatnsaflsstöðvar	Dísilrafstöðvar
Ár 1954	22	15
— 1955	28	35
— 1956	17	48
— 1957	10	51
— 1958	7	23
— 1959	8	23
— 1960	6	63
— 1961	7	71
— 1962	1	41

Þótt komið hafi verið upp dísilstöðvum, eins og að framan greinir, verður nú yfirleitt að líta á þær sem bráðabirgðaúrræði, sem horfið verði frá, þegar komið hefur verið upp samveitum á hlutaðeigandi svæðum.

Upplýsingar um rannsóknarkostnað vegna 10 ára áætlunarinnar munu ekki liggja glöggt fyrir. Sumpart kemur hann fram í stofnkostnaði hér að framan, en blandast jafnframt að einhverju leyti saman við kostnað vegna rannsókna, sem telja verður á öðru sviði, þ. e. kostnað vegna almennra rannsókna á vatnsafli landsins. Til nokkurra dísilstöðva í þorpum voru veitt svonefnd K-lán, sem telja má, að stuðlað hafi að lækkun raforkuverðs.

Tillaga sú, sem hér liggur fyrir, fjallar um að hraða áætluninni um áframhaldandi framkvæmdir, er miðist við það, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Er gert ráð fyrir, að gerðar verði áætlanir um ný orkuver, aðalorkuveitur og dreifilínur um sveitir ásamt áætlunum um að koma upp einkastöðvum fyrir einstök heimili. sem eru svo mjög afskekkt, að ekki þyki fært að leggja raflínur til þeirra frá samveitum, enda sé aðstoðin ákveðin með hliðsjón af þeim stuðningi, sem veittur er íbúum samveitusvæðanna. Í greinargerð tillögunnar er tekið fram, að í þeim áfanga, sem hér er um að ræða, verði að leggja raflínur um byggðir, þó að meðalvegalengd milli bæja verði miklu meiri en gert er ráð fyrir í þeim reglum, sem talið er, að í gildi hafi átt að vera hingað til við ákvörðun um dreifilínur í sveitum.

Eins og kunnugt er, hafa nú síðustu árin verið felldar niður úr þeirri 10 ára áætlun, sem fyrir lá hjá Rafmagnsveitum ríkisins, aðalorkuveitur og orkuver, sem áformað hafði verið að koma upp á síðustu árum áætlunarinnar. Af því leiðir, að ekki hefur verið hægt að leggja dreifilínur út frá þeim orkuveitum eða orkuverum, eins og búizt hafði verið við, og þá í stað þess stundum leitað úrræða, sem síður geta talizt til frambúðar. Þessi þáttur málsins þarf sérstakrar athugunar við, í sambandi við hina nýju áætlun, sem hér er um að ræða.

Rafvæðing landsbyggðarinnar er mikil nauðsyn. Þar er um að ræða eina brýnustu þörf þjóðarinnar um þessar mundir. Miklu skiptir, að sem allra fyrst megi ljóst verða, hvenær og á hvern hátt raforkuþörfinni verður fullnægt í hinum einstöku landshlutum og byggðum. Óvissan í þessu efni skapar hættu á kyrrstöðu, sem gæti a. m. k. sums staðar leitt til brottflutnings. Þeir, sem heima eiga í dreifbýlinu og

enn hafa ekki eða aðeins að litlu leyti notið þess hagræðis og þeirra hagsbóta, sem rafmagnið hefur í för með sér, vænta þess að fá að vita sem fyrst, hvað í vændum sé.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að tillagan verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Í stað orðanna „fyrir 1. jan. 1963“ í tillgr. komi: fyrir 1. okt. 1963.

Alþingi, 28. febr. 1963.

Gísli Guðmundsson, frsm. Geir Gunnarsson. Björn Pálsson.

Nd. 337. Frumvarp til laga [180. mál]

um breyting á lögum nr. 93 5. júní 1947, um aðstoð til vatnsveitna.

Flm.: Björn Fr. Björnsson, Helgi Bergs, Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson.

1. gr.

1. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Styrkur ríkissjóðs nær til greiðslu hluta af kostnaði við vatnsgeyma, dælur, jarðboranir, stofnæðar og aðaldreifiæðar. Styrkurinn nemi þó aldrei meira en helmingi alls kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum nr. 93 5. júní 1947 er kveðið á um efnahagslega aðstoð ríkissjóðs við sveitarfélög, sem koma sér upp vatnsveitum. Enn fremur eiga ákvæði laganna við um vatnsveitufélög, sem stofnuð eru samkvæmt vatnalögunum frá 1923. Styrkurinn, sem heimilt er að veita úr ríkissjóði, má nema allt að helmingi kostnaðar við stofnæðar, vatnsgeyma, dælur og jarðboranir.

Löggjöf þessi hefur um margt reynzt hin nýtasta og gert ýmsum sveitarfélögum fært að stofna til vatnsveitugerðar, sem að öðrum kosti hefði reynzt erfitt eða ókleift.

Einn er þó sá hængur á lögunum, sem þörf sýnist að ráða bót á. Komið hefur í ljós, að styrkurinn úr ríkissjóði getur orðið æði takmarkaður, þegar sérstaklega háttar, og langt fram yfir það, sem ætla má, að löggjafinn hafi hugsað sér. Það er í því tilfelli, þegar svokölluð stofnæð er aðeins lítill hluti alls vatnsveitukerfins. Þá koma hins vegar aðaldreifiæðar snemma til og verða höfuðhluti dreifilínukerfisins. Miðast styrkurinn þá einungis við stofnæðina sjálfa, sem skilgreind er af hálfu þeirra, sem styrkjum úthluta, sá hluti vatnsæðar, sem liggur frá vatnsbóli eða upptökum vatns að fyrstu greiningu. Við þessa skilgreiningu er styrkurinn bundinn. Skal út af fyrir sig eigi dregið í efa, að þessi túlkun sé rétt. En auðsætt er hins vegar, að hátti svo sem greint hefur verið, er nauðsynlegt, að styrkurinn nái einnig til aðaldreifilínukerfisins, ef gagn á að vera að. Slík aðstaða getur komið til, og þess eru dæmi bæði í kauptúnum, þorpum og ekki hvað sízt í sveitum, þar sem strjálbýlt er og dreifingarkerfið er víðáttumikið. Við þessar aðstæður getur framkvæmd vatnsveitugerðar stöðvazt eða orðið ónóg, nema ríflegur styrkur komi til. En þá skortir heimild í lögunum til nauðsynlegrar aðstoðar, en þörf hennar hvað brýnust.

Til þess að færa út heimildir til styrkja við vatnsveitugerð í þessum tilfellum höfum við flm. leyft okkur, með skírskotun til þess, er áður greinir, að flytja til-

lögu um þá breytingu á löggjöfinni um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93 1947, að styrkur úr ríkissjóði skuli einnig ná til aðaldreifiæða.

Hér er að dómi okkar flm. um eðlilega lagfæringu að ræða og málið engan veginn þess eðlis, að ágreiningi geti valdið í aðalatriðum.

Nd. 338. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til lyfsölulaga.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 7. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Leyfi til að reka lyfjabúð (lyfsöluleyfi) má veita einstaklingum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, samvinnufélögum, svo og Háskóla Íslands. Leyfishafa er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna, svo sem þau eru á hverjum tíma, um réttarstöðu hans og starfshætti, þ. á m. um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða.
2. Við 9. gr.
   a. Næstsíðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
      Forstöðumaður félagsrekinna lyfjabúða skal fullnægja ákvæðum 1. málsgreinar (tölul. 1—6), og ber að auglýsa stöðu hans samkv. ákvæðum 7. gr., og skal ráðherra samþykkja ráðningu hans að fenginni umsögn samkv. 3. málsgr. 7. gr.
   b. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
      Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvizkusemi og í samræmi við landslög. Gildir þetta einnig um forstöðumann lyfjabúðar, sem rekin er af sveitarfélagi, sjúkrasamlagi, samvinnufélagi eða af Háskóla Íslands, svo og um forstöðumann lyfjaútibús, sbr. 43. gr., og um forstöðumann lyfjagerðar, sbr. 13. gr. Ráðherra ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar eða heitstafs.
3. 17.—19. gr. (IV. kafli, Vinnudeilur og kjarasamningar) falli niður.

Ed. 339. Nefndarálit [32. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur rætt mál þetta á fundi sínum 26. febr. s. l. og athugað umsögn hafnarmálastjóra, dags. 13. nóv. 1962, um málið. Eru nefndarmenn sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 28. febr. 1963.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson.

Björn Jónsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Ed. 340. Nefndarálit [142. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 28. febr. 1963.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson.
Björn Jónsson. Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. 341. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til lyfsölulaga.

Frá Jóni Skaftasyni.

1. Við 7. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Leyfi til að reka lyfjabúð (lyfsöluleyfi) má veita einstaklingum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, félögum svo og Háskóla Íslands. Leyfishafa er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna, svo sem þau eru á hverjum tíma, um réttarstöðu hans og starfshætti, þ. á m. um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða.
2. Við 9. gr.
   a. 3. málsl. næstsíðustu málsgr. orðist svo:
      Forstöðumaður félagsrekinna lyfjabúða skal fullnægja ákvæðum 1. málsgr. (tölul. 1—6), og ber að auglýsa stöðu hans skv. ákvæðum 7. gr., og skal ráðherra samþykkja ráðningu hans að fenginni umsögn skv. 3. málsgr. 7. gr.
   b. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
      Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvizkusemi og í samræmi við landslög. Gildir þetta einnig um forstöðumann lyfjabúðar, sem rekin er af sveitarfélagi, sjúkrasamlagi, félagi eða af Háskóla Íslands, svo og um forstöðumann lyfjaútibús, sbr. 43. gr., og um forstöðumann lyfjagerðar, sbr. 13. gr. Ráðherra ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar.

Nd. 342. Frumvarp til laga [125. mál]

um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. marz.)

1. gr.

Stjórn Utanverðunesslegats heimilast með lögum þessum að selja ábúanda hálfa jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi, enda verði hún gerð að ættaróðali. Enn fremur heimilast stjórn legatsins að selja hinn helming jarðarinnar, ef ábúð á þeim hluta jarðarinnar er tryggð eða önnur sú starfsemi, sem jafngildir ábúð. Sama gildir um þann hluta jarðarinnar, sem um ræðir í 1. málslið, ef ábúandi gengur frá.

Jörðin skal seld því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð.

Andvirði jarðarinnar skal vera eign Utanverðunesslegats.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 343. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um verðlaunaveitingu fyrir menningarafrek vegna tuttugu ára afmælis lýðveldisins.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að veita fimm milljónir króna til þess að minnast tuttugu ára afmælis lýðveldisins þann 17. júní 1964 með eftirfarandi móti:

Veitt skulu verðlaun, er samanlagt nema þessari upphæð, fyrir beztu afrek íslenzkra manna á sviði tónlistar, myndlistar, bókmennta, sagnaritunar og vísindarannsókna, svo og fyrir ritgerðir og rannsóknir, er varða auðlindir Íslands og nýtingu þeirra.

Menntamálaráð skal annast veitingu þessara verðlauna samkvæmt reglugerð, er það semur og menntamálaráðherra staðfestir. Verðlaunaafhending fari fram 17. júní 1964.

Greinargerð.

Það er rétt og nauðsynlegt, að íslenzka lýðveldið minnist tuttugu ára afmælis lýðveldisstofnunarinnar með nokkru því móti, er orðið gæti til þess að efla þjóðmenningu vora, auka á þjóðerniskenndina og laða fram sem flesta hæfileikamenn á hinum ýmsu sviðum lista og vísinda. Því er með þáltill. þessari lagt til, að Alþingi veiti fimm milljónir króna til veitingar verðlauna fyrr beztu afrek á ýmsum sviðum íslenzkrar menningar svo sem:

Á sviði tónlistar: fyrir sinfónísk verk, óperur, ballett o. fl.

Á sviði myndlistar: fyrir málverk, höggmyndir, kvikmyndir o. s. frv.

Á sviði fagurra bókmennta: fyrir skáldsögur, leikrit, ljóð o. s. frv.

Á sviði sagnaritunar: fyrir rit eða rannsóknir á íslenzkum bókmenntum, sögu, íslenzkri tungu o. fl.

Á sviði vísinda: fyrir hvers konar rannsóknir og uppgötvanir íslenzkra manna.

Á sviði hagnýtra rannsókna: fyrir ritgerðir og hvers konar rannsóknir varðandi auðlindir Íslands og nýtingu þeirra.

Lagt er til, að menntamálaráð annist úthlutun þessara verðlauna og undirbúning allan. Fari þar um eftir reglugerð, er ráðið setur og menntamálaráðherra staðfestir.

Nd. 344. Frumvarp til laga [182. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri.

Flm.: Jónas G. Rafnar.

1. gr.

Ríkisstjórninni skal heimilt að ábyrgjast allt að 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri, til endurbóta á skipasmíðastöð fyrir-

tækisins og til þess að koma upp skipasmíðastöð fyrir stálskip á Akureyri, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frv. þessu er lagt til, að Alþingi heimili ríkisstjórninni að ábyrgjast allt að 5 milljón króna innlent eða erlent lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri, til endurbóta á skipasmíðastöð sinni og til þess að koma upp skipasmíðastöð fyrir stálskip á Akureyri, gegn tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

Slippstöðin h/f hefur starfað á Akureyri síðan 1952 og hefur haft dráttarbraut bæjarins á leigu. Nýlega samdi fyrirtækið við bæinn um 15 ára leigu á dráttarbrautinni.

Slippstöðin annast í stórum stíl viðgerðir og viðhald fiskibáta, og þar hafa verið byggð allt að 90 tonna tréskip. Við fyrirtækið munu nú vinna milli 80 og 90 manns.

Forráðamenn fyrirtækisins telja, að þörf sé fyrir skipasmíðastöð norðanlands, sem annazt geti smíði stálskipa, og Akureyri sé einmitt hentugur staður fyrir slíka starfsemi, þar sem þar eru búsettir margir hæfir járniðnaðarmenn.

Samþykkt var á Alþingi í fyrra heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast framkvæmdalán fyrir þrjár skipasmíðastöðvar við Faxaflóa.

Sþ. 345. Tillaga til þingsályktunar [183. mál]

um rannsókn á aðbúnaði verkafólks í verbúðum og á vinnustöðum.

Flm.: Gunnar Jóhannsson, Eðvarð Sigurðsson.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd, sem rannsaki aðbúnað verkafólks í verbúðum og á vinnustöðum, með sérstöku tilliti til öryggis og heilbrigðiseftirlits.

Sérstaklega skal nefndin rannsaka aðbúnað og alla aðstöðu þess fólks, sem sækja verður atvinnu sína til fjarlægra staða um sumar- og vetrarvertíðir.

Nefndin skal gera ýtarlega skýrslu um störf sín og leggja fram tillögur til úrbóta varðandi þessi mál, ef rannsóknir hennar upplýsa, að þess sé þörf.

Nefndin kveður sér til aðstoðar fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands, frá verkalýðsfélögum viðkomandi staða, frá Vinnuveitendasambandi Íslands og frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna.

Nefndin skal ljúka störfum fyrir ársbyrjun 1964.

Greinargerð.

Flestir eru sammála um, að hin mesta nauðsyn sé á því, að allur aðbúnaður og öryggi á vinnustað sé sem beztur og að öll aðstaða verkafólks á vinnustaðnum sé í sem fullkomnustu lagi. Á þetta virðist þó allmikið skorta.

Þrátt fyrir það, að til séu lög um öryggi á vinnustöðum og þrátt fyrir það, að ákveðið sé í lögum þessum, að haft skuli öruggt eftirlit með hvers konar vélum og tækjum, sem notuð eru við vinnu, virðist ekki draga mikið úr slysahættunni. Margt bendir til þess, að þau slys, sem orðið hafa, hafi orðið vegna lélegs útbúnaðar og ónógs eftirlits af hendi þeirra aðila, sem það höfðu á hendi. Oft og tíðum sýnir verkafólkið sjálft ekki nægilega mikla aðgæzlu í meðferð véla og annarra tækja og eykur þar með slysahættuna.

Á hverju ári koma fyrir óhugnanleg slys, sem í mörgum tilfellum hafa valdið varanlegri örorku, og önnur, sem leitt hafa af sér dauða viðkomanda.

Menn eru sammála um, að allt beri að gera, sem í mannlegu valdi stendur, til þess að forðast slysin. En því miður hefur allt of lítið verið gert til varanlegra úrbóta á þessu sviði. Þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir frá ýmsum aðilum um að herða eftirlit við meðferð hinna margvíslegu véla og tækja og með því, að á vinnustöðum sé í einu og öllu fylgt gildandi lögum og reglugerðum, virðist þar mörgu vera ábótavant. Með aukinni véltækni vex slysahættan, sem aftur á móti krefst strangara eftirlits af hendi öryggiseftirlitsins og öruggari útbúnaðar af hendi vinnuveitenda.

Atvinnuvegum okkar er þannig háttað, að á hverju ári þarf fjöldi fólks að sækja atvinnu sína til staða langt frá heimilum sínum. Aðbúnaður þessa fólks er á margan hátt mjög ófullkominn. Þannig er t. d. ástatt í mörgum tilfellum um það fólk, sem leitar til síldarsöltunarstöðvanna og síldarverksmiðjanna á Norður- og Austurlandi.

Margir atvinnurekendur virðast oft og tíðum hafa það eitt í huga að safna að sér sem flestu verkafólki, án þess að skeyta sé um það, hvort verkafólkið kann að bera mikið eða lítið úr býtum, og án þess að þeir hafi viðunandi möguleika til að veita þessu fólki viðhlítandi skilyrði með húsnæði, fæði og aðra nauðsynlega þjónustu. Á sumum þessara staða, t. d. á Siglufirði og Raufarhöfn, verða atvinnurekendur þó að sjá föstu starfsfólki, sem er aðkomandi, fyrir húsnæði án endurgjalds, enda er þar um ákvæði í kaupgjaldssamningum verkalýðsfélaganna á staðnum. Sumt af þessu húsnæði er langt frá því að vera viðunandi, t. d. gamlir timburhjallar, þar sem er gífurleg eldhætta. Margt af þessu fólki verður sjálft að sjá sér fyrir fæði, en á því geta oft verið miklir örðugleikar. Mörg dæmi eru þess, að fólk, sem farið hefur norður í atvinnu, hefur hvergi getað komið sér fyrir og orðið að liggja í óinnréttuðum geymsluskúrum eða jafnvel legið við í tjöldum. Komið hefur fyrir, að menn hafa hrökklazt burt vegna vöntunar á viðunandi húsnæði og fæði og þar með máske tapað af sumarvinnunni. Þess skal þó getið, að þar mun aðallega hafa verið um óráðið fólk að ræða.

Ekki mun ástandið í sjávarplássunum hér við Faxaflóa og í Vestmannaeyjum vera til fyrirmyndar, hvað þetta snertir. Það mun hafa verið algengt, að menn, sem ráðnir voru til verstöðvanna, urðu að greiða ótrúlega háa húsaleigu, oft og tíðum visst gjald fyrir rúmstæðið á mánuði. Í hverju herbergi voru máske upp undir 10 manns án nokkurra sérstakra þæginda. Fæði urðu margir að útvega sér sjálfir og greiða fyrir það ótrúlega hátt verð.

Á þessu ófremdarástandi hefur einhver breyting orðið til bóta. Þó er það algengt um íbúðir vermanna, sem byggðar eru yfir vinnuplássinu, að þar sé léleg eða jafnvel engin einangrun á milli svefnstaðar og vinnustaðar og aðstöðu til lostræstingar mjög ábótavant. Öllu heilbrigðiseftirliti er þarna mjög áfátt. Lykt af veiðarfærum og fleira blandast oft og tíðum saman við kolsýru og aðrar óhollar loftteg undir og getur því haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu þess fólks, sem þar dvelst.

Að dómi þeirra, sem til þekkja, er það hin mesta nauðsyn, að öryggiseftirlit ríkisins og heilbrigðisyfirvöld viðkomandi staða láti þessi mál til sín taka og fyrirskipi nauðsynlegar úrbætur.

Um öryggi og aðbúnað á öðrum vinnustöðum, svo sem við byggingarvinnu, bæjarvinnu og hafnarvinnu, væri að sjálfsögðu margt hægt að segja. Vitanlega er þar mörgu ábótavant og á annan hátt en æskilegt getur talizt, enda hefur byggingarvinnan og hafnarvinnan (losun og lestun skipa) ekki farið varhluta af margs konar slysum og óhöppum. Þá verður og að telja, að aðbúnaður þess fólks, sem þessa vinnu stundar, sé í mörgum tilfellum lítt sæmandi, að því er varðar mat- og kaffistofur.

Um aðbúnað þess fólks, sem hefur aðalvinnu sína við iðju og iðnað og fleiri þess háttar störf, mun verða greint nánar í framsögu, en þar mun í mörgum tilfellum vera mörgu ábótavant, bæði að því er varðar öryggi og annan útbúnað.

Slys við margs konar vinnu hérlendis virðast vera óhugnanlega mörg. Úr þessu

þarf að bæta. En það verður ekki gert nema með auknu eftirliti af hendi hins opinbera, með auknu aðhaldi af hendi verkalýðssamtakanna og með samkomulagi við viðkomandi atvinnurekendur.

Þingsályktunartillaga þessi er flutt í trausti þess, að samkomulag náist um raunhæfar úrbætur á þessu ástandi.

Nd. 346. Nefndarálit [119. mál]

um frv. til l. um almennar náttúrurannsóknir og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. og er einróma sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 5. marz 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Alfreð Gíslason. Einar Olgeirsson.

Sþ. 347. Fyrirspurnir. [184. mál]

I. Til félagsmálaráðherra um framkvæmd þingsályktunar um endurskoðun laga um byggingarsamvinnufélög.

Frá Jóni Skaftasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 16. jan. 1961 um endurskoðun laga um byggingarsamvinnufélög?

II. Til sjávarútvegsmálaráðherra um vísindalegt eftirlit með dragnótaveiði í fiskveiðilandhelgi í Faxaflóa.

Frá Jóni Skaftasyni og Gísla Guðmundssyni.

Hver áhrif hefur heimild til dragnótaveiði í fiskveiðilandhelgi í Faxaflóa haft á fiskistofna þar, sbr. 5. gr. l. nr. 40/1960?

Nd. 348. Frumvarp til laga [185. mál]

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Blindrafélagsins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Árið 1963 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:

Styrktarfélags vangefinna,
Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,

Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra,
Krabbameinsfélags Reykjavíkur,
Blindrafélagsins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin hefur á undanförnum þingum flutt frumvörp um skattfrelsi vinninga í happdrættum flestra þeirra félaga, sem talin eru í 1. gr. frumvarpsins, og hefur það verið gert að beiðni félaganna. Að þessu sinni bætist Blindrafélagið við. Öll þessi félög vinna að góðum málum, og eru happdrættin verulegur þáttur í fjáröflun þeirra. Þess vegna hefur heilbrigðis- og félagsmálanefnd talið rétt að verða við fram komnum óskum nú eins og áður, og er frumvarpið flutt í sama formi og s. l. ár.

Nd. 349. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Ágúst Þorvaldsson skilar séráliti. Aðrir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem nefndin ber fram á sérstöku þingskjali. Lagt er til, að inn komi ný grein, sem kveði á um, að styrkur til íbúðarhúsabygginga á nýbýlum skv. 48. gr. hækki úr 40 í 50 þúsund. Jafnframt þótti rétt og eðlilegt að kveða nokkru skýrar að orði en gert er í 63. gr. laganna um þá, er til greina koma að hljóta byggingarstyrk til íbúðarhúsa á jörðum. Í lögunum stendur nú „örðugan fjárhag“, en nefndin leggur til, að við bætist: og hafa meðaltekjur eða lægri.

Karl Guðjónsson ritar undir með fyrirvara og áskilur sér rétt að fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 5. marz 1963.

Jón Pálmason, form.	Benedikt Gröndal, fundaskr.	Jónas Pétursson, frsm.
	Karl Guðjónsson, með fyrirvara.	

Nd. 350. Breytingartillögur [102. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

1. Við 1. gr. Greinin orðist svo:
   2. málsgr. 27. gr. laganna orðist þannig:
   Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 7.15 millj. kr. árlega frá 1963—1985, að báðum árum meðtöldum.

2. Á eftir 3. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Í stað orðanna „40 þúsund“ í 1. málsgr. 48. gr. laganna komi: 50 þúsund.
3. Á eftir 5. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Á eftir orðunum „örðugan fjárhag“ í 63. gr. laganna komi: og hafa meðaltekjur eða lægri.
4. Á eftir 6. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 351. Nefndarálit [105. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt, eins og það liggur fyrir.

Karl Guðjónsson, 6. þm. Suðurlands, var fjarverandi.

Alþingi, 6. marz 1963.

Jón Pálmason, form., frsm. | Benedikt Gröndal, fundaskr. | Ágúst Þorvaldsson.
Jónas Pétursson.

Nd. 352. Nefndarálit [155. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Lækjabæ í Fremri-Torfustaðahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og fengið um það umsagnir frá landnámsstjóra og jarðeignadeild ríkisins.
Viðstaddir nefndarmenn mæla með því, að frumvarpið verði samþykkt, eins og það liggur fyrir.

Karl Guðjónsson, 6. þm. Suðurlands, mætti eigi á fundinum.

Alþingi, 6. marz 1963.

Jón Pálmason, form., frsm. | Benedikt Gröndal, fundaskr. | Ágúst Þorvaldsson.
Jónas Pétursson.

Nd. 353. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með samþykkt þess, eins og það liggur fyrir.

Alþingi, 6. marz 1963.

Jón Pálmason, form. Benedikt Gröndal, fundaskr. Ágúst Þorvaldsson, frsm.
Jónas Pétursson. Karl Guðjónsson.

Nd. 354. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur haft þetta mál til athugunar og orðið sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „60% — sextíu af hundraði“ í 2. málsl. komi: 85% — áttatíu og fimm af hundraði.
2. Við greinina bætist: Endurlán ríkissjóðs verði bundið sömu skilyrðum um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning framkvæmdanna og tíðkast við vatnsveituframkvæmdir, sem fá ríkisábyrgð skv. lögum nr. 93/1947.

Alþingi, 5. marz 1963.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Lúðvík Jósefsson.
Skúli Guðmundsson. Jóhann Hafstein.

Ed. 355. Nefndarálit [86. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að leyfa h/f Hval innflutning á hvalveiðiskipi.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir samhljóða með samþykkt þess.

Alþingi, 7. marz 1963.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson.
Kjartan J. Jóhannsson. Björn Jónsson.

Ed. 356. Frumvarp til laga [186. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að auglýsa til sölu og selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu fyrir hæfilegt verð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frumvarpsins.

Ákveðið hefur verið, að fengnum tillögum hlutaðeigandi aðila lögum samkvæmt, að flytja prestssetur í Vatnsendaprestakalli í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi og Æsustaðaprestakalli í Húnavatnsprófastsdæmi á hentugri stað í prestköllunum. Er fyrirhugað, að andvirði hinna seldu prestssetra gangi, svo sem 7. gr. laga um skipun prestakalla, nr. 31 1952, gerir ráð fyrir, til byggingar hinna nýju prestssetra.

Sþ. 357. Þingsályktun [28. mál]

um hagfræðilegar leiðbeiningar fyrir bændur.

(Afgreidd frá Sþ. 7. marz.)

Samhljóða þskj. 28.

Nd. 358. Frumvarp til laga [60. mál]

um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

(Eftir 2. umr. í Nd., 7. marz.)

1. gr.

Þóknun verkfræðinga fyrir verkfræðistörf, unnin í ákvæðisvinnu eða tímavinnu, skal eigi vera hærri en ákveðið er í gjaldskrá Verkfræðingafélags Íslands, frá 19. apríl 1955, að viðbættum lögleyfðum uppbótum.

Leggi verkkaupandi til vinnuaðstöðu verkfræðings, skal sú vinnuaðstaða teljast 40% þóknunar samkvæmt fyrrnefndri gjaldskrá, frá 19. apríl 1955.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, þar til nýir samningar um kaup og kjör verkfræðinga, sem starfa hjá ríkisstofnunum, hafa tekið gildi.

2. gr.

Með brot gegn lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 359. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Frumvarp til laga um veitingu ríkisborgararéttar hefur verið til umræðu á nokkrum fundum í allsherjarnefnd. Frumvarp þetta var flutt í Ed. Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hlutinn leggur til samkvæmt tillögu dómsmálaráðuneytisins, að gerð verði undanþága frá þeim reglum, sem gilt hafa um útlendinga, að þeir skuli hafa átt hér lögheimili 10 ár, nema Norðurlandabúar 5 ár.

Nú hafa 18 ungverskir flóttamenn sótt um ríkisborgararétt, þó að þeir hafi ekki dvalizt hér nema 6 ár. Undanþágan frá gildandi reglum um ríkisborgararétt, sem dómsmálaráðuneytið mælir með, er sú, að hinum ungversku flóttamönnum, sem hér dveljast, verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur, þó að þeir uppfylli ekki þau skilyrði, sem ríkisborgarar annarra landa en Norðurlanda verða að uppfylla. Engin rök virðast mæla með þessari undanþágu. Það er á flestra vitorði, að sumt af hinu ungverska flóttafólki hefur ekki kynnt sig neitt sérstaklega vel. Virðist jafnvel sem þetta fólk hafi átt örðugt með að samlaga sig íslenzkum staðháttum. Hegningarvottorð einstakra umsækjenda eru ekki í sem bezta lagi. Af skiljanlegum ástæðum hefur enginn umsækjendanna nein hegningarvottorð frá heimalandi sínu.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frumvarpið verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Við 1. gr. Eftirtaldir liðir falli niður:

a.	töluliður	2	(Benke, Veronika Erzsébet).
b.	—	5	(Csillag, Erzsébet Eszter, f. Varga).
c.	—	6	(Csillag, György).
d.	—	7	(Csillag, József).
e.	—	8	(Csillag, Rozália, f. Szatmári).
f.	—	15	(Hegedüs, Béla).
g.	—	18	(Horváth, Gabriella (Þórðarson)).
h.	—	19	(Horváth, József C.).
i.	—	20	(Horváth, Mária T.).
j.	—	28	(Józsa, Eva).
k.	—	29	(Klimits, Erzsébet).
l.	—	30	(Klimits, János).
m.	—	31	(Klimits, Lajos).
n.	—	35	(Mágyár, Ferenc).
o.	—	43	(Pal, Joli).
p.	—	58	(Töczik, Mihály).
q.	—	59	(Tölgyes, Miklos).
r.	—	60	(Zsibók, Jozsef).

Alþingi, 7. marz 1963.

Gunnar Jóhannsson.

Nd. 360. Breytingartillögur [185. mál]

við frv. til l. um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna, Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra, Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra, Krabbameinsfélags Reykjavíkur og Blindrafélagsins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Fyrir orðin „Krabbameinsfélags Reykjavíkur“ komi: Krabbameinsfélags Íslands og sambandsfélaga þess.
   b. Aftan við greinina bætist: Geðverndarfélags Íslands.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Frumvarp til laga um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna o. fl.

Nd. 361. Frumvarp til laga [187. mál]

um smíði nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn.

Flm.: Karl Guðjónsson, Ágúst Þorvaldsson, Björn Fr. Björnsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta byggja nýtt strandferðaskip fyrir reikning ríkissjóðs.

Skipið skal vera 500—1000 rúmlestir að stærð, byggt til að vera í förum með fólk og farartæki. Einnig skal í skipinu vera farmrými og hluti þess búinn kælitækjum.

2. gr.

Skip það, er um ræðir í 1. gr., skal ríkissjóður reka, þannig að það verði í förum milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar og fari jafnan eigi minna en eina ferð hvora leið milli þeirra staða á dag.

3. gr.

Rekstur skipsins getur ríkisstjórnin falið Skipaútgerð ríkisins, sveitar- eða sýslufélögum þeim, einu eða fleirum, sem hagsmuni eiga sérstaklega tengda við greiðar samgöngur á þessari siglingaleið, eða hverjum þeim aðila öðrum, sem treysta má til þess að annast góða flutningaþjónustu á siglingaleið skipsins með sem hagkvæmustum hætti.

4. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka lán allt að 10 millj. kr.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er alkunna, að Vestmannaeyjar bjuggu um skeið við algerlega óviðunandi samgöngur. Á því ástandi var veruleg bót ráðin með tilkomu strandferðaskipsins Herjólfs, sem ríkið lét byggja til að annast samgöngur milli Vestmannaeyja og nálægra hafna. Það skip hefur vissulega bætt samgöngur við Vestmanneyjar mikið og

er nú talið svo nauðsynlegt, að margir hafa það á orði, að það sé næsta óskiljanlegt, hvernig komizt var af varðandi Eyjasamgöngur, áður en það kom til sögunnar.

En þótt byggt væri skip til Vestmannaeyjasiglinga, gat það að sjálfsögðu ekki fullnægt öllum samgönguþörfum á siglingaleiðunum við Vestmannaeyjar til langrar frambúðar.

Herjólfur fer nú 2—3 ferðir á viku milli Vestmannaeyja og Reykjavíkur og aðra eða þriðju hverja viku einnig eina ferð til Hornafjarðar. Á sumrin fer skipið einnig vikulega eina ferð til Þorlákshafnar.

Milli Vestmannaeyja og Þorlákshafnar er aðeins þriggja og hálfrar stundar sigling, og eru þær ferðir einkar vinsælar. Sá er þó ágalli þeirra ferða, að sökum ófullkominnar hafnar í Þorlákshöfn hefur til þessa verið ógerningur að halda uppi reglubundnum siglingum þangað nema yfir sumarmánuðina, og einnig á þeirri árstíð hefur orðið að fella áætlaðar ferðir þangað niður í óhagstæðum veðrum.

Nú er hins vegar á döfinni allmikil hafnargerð í Þorlákshöfn, svo að ætla verður, að þegar lokið er þeim áfanga, sem nú er unnið að, þá verði hægt að taka upp áætlunarsiglingar þangað með litlum frátökum allt árið. Opnast þá alveg nýr möguleiki fyrir Vestmanneyinga og aðra landsmenn, sem fara vilja til Eyja, að komast leiðar sinnar á tiltölulega auðveldan hátt, og þannig, að þeir geti valið sér hvern þann dag, sem þeir vilja, til ferðarinnar, hvort heldur er til Eyja eða þaðan til lands.

Það styður enn að hagkvæmni daglegra sjóferða milli Þorlákshafnar og Vestmannaeyja, að Þrengslavegurinn nýi styttir mjög ökuleiðina milli Þorlákshafnar og Reykjavíkur og fastar áætlunarferðir bifreiða milli þeirra staða hljóta brátt að verða teknar upp og yrðu að sjálfsögðu að vera í beinu samræmi við Vestmannaeyjasiglingarnar, þegar þær kæmust á, svo sem þær eru fyrirhugaðar í frumvarpi þessu.

Þeir, sem nú fara sjóleiðis milli Reykjavíkur og Vestmannaeyja, eru venjulega um 10 klst. á leiðinni. Með því að þetta er með úfnustu siglingaleiðum hér við ströndina, þar sem t. d. er yfir Reykjanesröst að fara, mundi mörgum farþega þykja mikils um það vert að geta stytt ferðatímann niður í 4½ stund, þar sem sjóleiðin tæki þó aðeins 3½ tíma og sloppið væri við röstina.

Stöðugt verður það algengara, að menn vilji taka bíla sína með í ferð eða þá bifhjól, og er þegar svo komið, að Herjólfur getur ekki alltaf annað þeim bifreiðaflutningum, sem óskað er eftir. Það yrði því að sjálfsögðu að miða gerð skips, er sigla ætti Vestmannaeyja—Þorlákshafnar-leið, við það, að auðvelt væri að flytja með því mikið af bifreiðum og bifhjólum, — það yrði öðrum þræði að vera bílaferja, þótt sjóhæfni og góður aðbúnaður farþega yrði að vera aðalatriði í gerð þess. Þá yrði og að vera nokkurt farmrými í skipinu og hluti þess kældur, þannig að hagkvæmt væri til mjólkurflutninga.

Að undanförnu hafa verið uppi háværar raddir um það, að ný skipulagning þurfi fram að fara á rekstri Skipaútgerðar ríkisins og í samræmi við það væntanlega einhverjar breytingar á skipakosti hennar. Allar slíkar breytingar þurfa fyrst og fremst að miða að því að bæta þá þjónustu, sem Skipaútgerðin veitir landsmönnum. En það er mat flutningsmanna þessa frumvarps, að sú breyting á skipakosti og þjónustu, sem hér er stefnt að, mundi miða vel til þeirrar áttar.

Þótt telja verði líklegast, að Skipaútgerð ríkisins yrði falin útgerð skips þess, er þetta frumvarp fjallar um, þá vilja flutningsmenn þó halda opnum þeim möguleika, að öðrum aðila eða aðilum verði falin rekstur þess, ef það þætti hagkvæmara.

Lánsheimild sú, sem gert er ráð fyrir til framkvæmda þessara, er auðvitað ekki fullnægjandi til endanlegra greiðslna á byggingarkostnaði hins fyrirhugaða skips, en hún er miðuð við hugsanlegar þarfir á fyrstu stigum málsins, en síðar yrði að taka málið upp í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.

Nd. **362. Frumvarp til laga** [188. mál]

um veitingu prestakalla.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Þegar prestakall losnar og prestur er eigi kallaður til embættisins (sbr. 6. gr.), auglýsir biskup kallið með hæfilegum umsóknarfresti.

2. gr.

Að liðnum umsóknarfresti sendir biskup prófasti hlutaðeigandi prófastsdæmis, sé hann eigi umsækjandi, svo og sóknarnefndum prestakallsins, skrá yfir þá, er sótt hafa, ásamt skýrslu um aldur þeirra, náms- og embættisferil og störf. Jafnframt sendir hann prófasti nægilega marga atkvæðaseðla með nöfnum umsækjenda og felur honum að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan tiltekins tíma. Kjörmenn eru: Sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar prestakallsins (aðalmenn). Fyrsti varamaður tekur sæti aðalmanns, ef forfallaður er. Sé prófastur héraðsins umsækjandi um kallið, nefnir biskup annan prófast í hans stað.

3. gr.

Á kjörmannafundi skulu umsóknir ásamt umsögnum biskups liggja frammi til athugunar. Fundurinn er lokaður, og stýrir prófastur honum. Ef meiri hluti kjörmanna samþykkir, að kjör skuli fram fara, skal það framkvæmt með þeim hætti, sem segir í 4. gr. Að öðrum kosti ráðstafar kirkjumálaráðherra embættinu samkvæmt tillögu biskups.

4. gr.

Ef samþykkt er, að kjör fari fram, ákveður prófastur kjörfund kjörmanna þá þegar eða næsta dag hið síðasta. Kjörfundur er lokaður, og stýrir prófastur honum. Fer þar fram leynileg, skrifleg atkvæðagreiðsla um umsækjendur. Prófastur afhendir hverjum kjörmanna einn atkvæðisseðil, og setur kjörmaður kross framan við nafn þess, er hann kýs. Prófastur skilar atkvæði á sama hátt. Að lokinni atkvæðagreiðslu eru atkvæði innsigluð og send biskupi í póstábyrgð, ásamt afriti af gerðabók kjörfundar. Verði ágreiningur um undirbúning eða framkvæmd kosningar eða hún kærð, fellir kjörstjórn úrskurð um málið. Kjörstjórn skipa, auk biskups, 2 menn, er kirkjumálaráðuneytið skipar til 5 ára í senn.

5. gr.

Þegar kjörstjorn hefur kynnt sér niðurstöður kjörfundar, sendir biskup afrit af bókun hennar til kirkjumálaráðherra, ásamt rökstuddri tillögu sinni um veitingu. Biskup styður með tillögu sinni þann umsækjanda, er hlotið hefur ⅔ atkvæða kjörmanna. Skal veita honum embættið, enda telst hann hafa hlotið lögmæta kosningu. Nái umsækjandi ekki ⅔ atkvæða kjörmanna, telst kosningin ólögmæt, og mælir biskup þá með tveimur umsækjendum, ef um fleiri en einn er að ræða, er hann telur, þegar tillit er tekið til allra aðstæðna, standa næst því að hljóta embættið, og í þeirri röð, sem næst liggur að hans dómi. Veitir ráðherra því næst embættið öðrum hvorum þessara tveggja.

6. gr.

Heimilt er kjörmönnum að kalla prest. Ef ¾ kjörmanna prestakallsins eru einhuga um að kalla tiltekinn prest eða guðfræðikandidat án umsóknar, gera þeir prófasti viðvart um það í tæka tíð, en hann tilkynnir biskupi, sem felur þá prófasti að boða kjörmenn prestakallsins á sameiginlegan fund innan viku, og er þá embættið

eigi auglýst. Samþykki ¾ kjörmanna að kalla tiltekinn mann til embættisins, sem lögum samkvæmt á rétt til prestsembættis í íslenzku þjóðkirkjunni, skal biskup birta köllunina þeim presti eða kandidat, sem í hlut á. Taki hann köllun, skal veita honum embættið, ella er embættið auglýst til umsóknar.

7. gr.

Prestsembættin að Skálholti, Hólum og Þingvöllum veitir forseti Íslands samkvæmt tillögu biskups og kirkjuráðs.

8. gr.

Setja má reglugerð, er kveði nánar á um framkvæmd þessara laga.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta samkvæmt ósk kirkjumálaráðherra. Nefndarmenn áskilja sér allan rétt um afstöðu til málsins, og mun nefndin fjalla efnislega um frv. fyrir 2. umræðu.

Eftirfarandi greinargerð fylgdi frv.:

Frumvarp þetta var samþykkt á 3. kirkjuþingi þjóðkirkju Íslands 1962, en þar var það flutt af biskupi og kirkjuráði. Er frumvarpið nú flutt samkvæmt ósk biskups, og hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytinu borizt svo hljóðandi greinargerð frá honum:

„Lögin um veitingu prestakalla (lög nr. 32 3. nóv. 1915) hafa staðið óbreytt í nálega hálfa öld. Þau hafa þó sætt gagnrýni og mikil óánægja komið fram með þetta fyrirkomulag á veitingu prestakalla. Hefur þessi gagnrýni og óánægja farið sívaxandi. Einkum hefur í því sambandi verið bent á það tvennt, að prestskosningar í núverandi mynd reynast einatt illkynjuð þolraun fyrir söfnuðina og að þær geri prestum óeðlilega erfitt að færa sig til á starfssviði sínu.

Mál þetta hefur mjög verið rætt á kirkjulegum fundum á undanförnum árum, og benda umræður og samþykktir mjög í þá átt, að tímabært sé og nauðsynlegt að breyta lögum um veitingu prestakalla. Á hinum almenna kirkjufundi, sem haldinn var í Reykjavík í október 1961, var þetta eitt aðalumræðuefnið, og var samþykkt svo hljóðandi ályktun í málinu: „með rúmlega tveim þriðju hlutum greiddra atkvæða“ (sbr. fundargerð):

„Hinn almenni kirkjufundur leikmanna og presta 1961 telur nauðsynlegt að breyta núgildandi lögum um veitingu prestakalla í það horf, að prestskosningar leggist niður, en forseti Íslands veiti prestaköllin samkvæmt tillögum biskups.“

Á prestastefnum undanfarinna ára hefur þetta mál oftar en einu sinni verið á dagskrá. Var það annað aðalmál prestastefnu 1960 og afgreitt þá með svo hljóðandi ályktun, er samþykkt var í einu hljóði:

„Prestastefnan telur brýna nauðsyn bera til að endurskoða gildandi lög um veitingu prestsembætta. Beinir prestastefnan því til biskups og kirkjuþings að athuga gaumgæfilega, með hvaða hætti þetta sé tiltækilegast, sérstaklega hvað læra má af erlendri reynslu.“

Með tilliti til þessarar samþykktar samdi biskup frumvarp um veitingu prestakalla og lagði fyrir kirkjuþing 1960. Lýsti kirkjuráð sig samþykkt frumvarpinu í meginefnum. Kirkjuþing afgreiddi málið með ályktun um að bera undir álit héraðsfunda tillögur um veitingu prestakalla, þ. e. a. s. í fyrsta lagi frumvarp biskups með smávægilegum breytingum, en auk þess í öðru lagi tillögu „um veitingu prestakalla án kosningar.“ Var síðarnefnda tillagan fram komin vegna tilmæla frá stjórn Prestafélags Íslands, er taldi, að frumvarp biskups mundi ekki, þótt að lögum yrði, rýmka nægilega um möguleika presta til þess að flytja sig til. Fyrir því benti hún á það

úrræði, að í annað eða þriðja hvert skipti, sem prestsembætti verður laust, yrði það veitt án þess, að fram færi kosning. Var gert ráð fyrir, að núverandi skipan héldist að öðru leyti.

Samkvæmt þessu hefur málið verið ýtarlega rætt á héraðsfundum, og hafa flestir þeirra skilað áliti. Vann kirkjuráð úr álitsgerðum héraðsfundanna, og hlaut sú hugmynd mestan stuðning að breyta fyrirkomulaginu í líkt form og þetta frumvarp gerir ráð fyrir. Einn héraðsfundur skilaði áliti, eftir að málið hafði verið undirbúið af kirkjuráði og kirkjuþing var tekið til starfa. Það var héraðsfundur Kjalarnessprófastsdæmis, er lagði til, að núverandi fyrirkomulag skyldi haldast.

Kirkjuráð gerði nokkrar breytingar á frv. biskups frá 1960, og lagði biskup frv. í því formi fyrir kirkjuþing 1962. Gerði þingið nokkrar breytingar á frv., og var það síðan samþykkt með 10 atkvæðum gegn 5.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, er þannig komið frá kirkjuþingi, og má samkvæmt því, sem áður segir, telja öruggt, að sú breyting, sem það miðar að, eigi fylgi að fagna með meiri hluta þeirra manna, leikra og lærðra, sem gegna trúnaðarstörfum í söfnuðum landsins.

Frumvarpið miðar að því að bæta úr þeim meinbugum, sem fylgja gildandi lögum um veitingu prestakalla. Samkvæmt því skulu almennar prestskosningar lagðar niður, en íhlutun safnaðanna um val á prestum sínum tryggð á annan veg, þ. e. með því, að þeir menn, sem söfnuðirnir velja til forgöngu í málefnum sínum, sóknarnefndarmenn og safnaðarfulltrúar, fjalli um málið og greiði atkvæði um umsækjendur. Eðlilegt er, að héraðsprófastur hafi umsjón með framkvæmd þessarar kosningar og hafi atkvæðisrétt, enda er líkur háttur hafður í Danmörku og Noregi, þar sem sóknarnefndir gera tillögur um veitingu prestsembætta á hliðstæðan hátt og hér er gert ráð fyrir. Skv. 5. gr. frv. skal veita þeim umsækjanda embættið, er hlýtur ⅔ atkvæða fyrrnefndra kjörmanna, og verður þá aðstaða veitingavaldsins hin sama og skv. gildandi lögum, þegar kosning er lögmæt. Hljóti enginn umsækjenda slíkan stuðning kjörmanna, mælir biskup með tveimur umsækjendum, ef um fleiri en einn er að ræða, eftir því sem hann telur eðlilegast, en kirkjumálaráðherra veitir öðrum hvorum embættið.

Skv. 6. gr. geta trúnaðarmenn kallað prest án umsóknar, ef nægilega margir þeirra eru einhuga um að kveðja tiltekinn mann til þjónustunnar. Þykir eðlilegt að gera ráð fyrir þessum möguleika, og má ætla, að vel gæfist.

Í þjóðkirkjum nágrannalandanna eru allmörg prestsembætti undanþegin almennum ákvæðum um veitingu. Veldur því bæði eðli embættanna sjálfra og svo hitt, að kirkjunni er nauðsyn að hafa einhver embætti til ráðstöfunar handa sérstökum verðleikamönnum. Þykir eðlilegt, að slík sérstaða sé lögákveðin um prestsembættin á hinum fornu biskupssetrum og á Þingvöllum.“

Nd. 363. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess.

Meiri hlutinn álítur, að frv. sé óþarft, en lögfest hafi verið á síðasta þingi með lögum nr. 40, um atvinnubótasjóð, meginefni þess, er hér skiptir máli, enda var það frv. undirbúið í samræmi við ályktun Alþingis frá 29. marz 1961 um, að ríkisstjórnin undirbyggi og legði fyrir Alþingi frv. til laga um ráðstafanir til framleiðsluaukningar og jafnvægi í byggð landsins. Í greinargerð þess frv. var tekið fram, að það væri einnig samið með hliðsjón af hinum ýmsu frv. um jafnvægi í byggð landsins, sem áður hefðu verið til meðferðar á Alþingi.

Af hálfu flm. frv. er að vísu bent á það í greinargerð, að ganga verði lengra. Sagt er, að koma þurfi til „föst stofnun með starfsmanni eða starfsmönnum, sem geta helgað sig viðfangsefninu, og sjóðsstjórn, sem inni af hendi annars konar starf en nú er gert ráð fyrir". Jafnframt er viðurkennt í greinargerðinni, að „að svo stöddu er að dómi flm. ógerlegt að setja með lögum nákvæmar reglur um þá starfsemi til stuðnings jafnvægi í byggð landsins, sem hér ræðir um. Í frv. eru ákvæði um tilgang hennar og meginatriði, en að öðru leyti verður hún að mótast smám saman af rannsóknum og reynslu og áætlunum þeim, sem gerðar verða á vegum jafnvægisnefndar".

Sama á við um löggjöfina um atvinnubótasjóð, og er því skynsamlegt að öðlast fyrst reynslu af framkvæmd þeirra laga, áður en til nýrra ráða er gripið.

Enn segir í greinargerð þessa frv.: „Nauðsynlegrar þekkingar verður að afla á hverjum tíma með því að ferðast um landið, ræða við sveitarstjórnir og aðra þá, er forustu hafa í atvinnulífinu á hverjum stað, gera skýrslur og semja áætlanir, sem úthlutun fjármagns byggist á. Ella er hætt við, að hún verði fálmkennd og atvikum háð og komi ekki að fullu gagni."

Í þessu sambandi er rétt að hafa í huga, að ríkisstjórnin er nú, eins og kunnugt er, að ljúka framkvæmdaáætlun næstu 4—5 ára, og hefur Efnahagsmálastofnun ríkisins ásamt fjölda sérfræðinga unnið að henni í samráði við ríkisstjórn og fjármálastofnanir. Hér er því einnig þegar unnið að því, sem flm. telja þörf á í sínu frv.

Að framangreindu athuguðu leggur meiri hluti fjárhagsnefndar til, að frv. verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem frv. felur ekki í sér nein nýmæli, sem máli skipta, umfram það, sem þegar hefur verið lögfest í lögum um atvinnubótasjóð frá síðasta þingi, en tilgangur þeirrar löggjafar er fyrst og fremst að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og að hagnýtingu góðra framleiðsluskilyrða í landinu, og einnig þegar séð fyrir þeirri áætlunargerð, sem frv. ráðgerir og úthlutun fjármagns skuli byggjast á, sbr. fyrirhugaða framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar, telur deildin samþykkt frumvarpsins með öllu óþarfa og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 8. marz 1963.

Birgir Kjaran, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Sþ. 364. Tillaga til þingsályktunar [189. mál]

um endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum iðnaðarins.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, er gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.

Greinargerð.

Í marzmánuði 1958 flutti Sveinn Guðmundsson forstjóri, sem þá átti sæti á Alþingi sem varaþingmaður, svo hljóðandi tillögu í sameinuðu þingi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um, að Seðlabankinn endurkaupi framleiðslu- og hráefnavíxla iðnaðarfyrirtækja eftir ákveðnum reglum, er

settar verði með svipuðu sniði og reglur þær, sem nú gilda um endurkaup framleiðsluvíxla sjávarútvegs og landbúnaðar.“

Í greinargerð, sem fylgdi tillögu Sveins, var hún ýtarlega rökstudd. Greinargerðinni lauk með þessum orðum:

„Iðnaðurinn er nú orðinn einn af þremur aðalatvinnuvegum þjóðarinnar, og er eðlilegt, að hann sitji við sama borð sem landbúnaður og sjávarútvegur í þessu efni, enda fullvíst, að hann verði þjóðinni giftudrjúgur til bættrar lífsafkomu.“

Tillögu Sveins var að lokinni umræðu vísað til allsherjarnefndar sameinaðs þings, og gerði hún nokkrar breytingar á orðalagi tillögunnar, en ekki efni, og var hún þannig breytt afgreidd samhljóða sem ályktun Alþingis 3. júní 1958.

Þótt liðin séu nú nær fimm ár, síðan þessi tillaga var samþykkt á Alþingi, hefur enn ekki verið gert neitt raunhæft til þess að framfylgja henni. Á þessum tíma hefur það hins vegar gerzt, að núverandi ríkisstjórn hefur tvívegis stórlækkað gengi íslenzkrar krónu og það aukið mjög rekstrarfjárþörf iðnaðarins. Því er enn meiri þörf fyrir það nú en fyrir fimm árum, að ráðstafanir séu gerðar til, að iðnaðurinn njóti jafnræðis við aðra atvinnuvegi að því er snertir endurkaup Seðlabankans á framleiðslu- og hráefnavíxlum.

Iðnaðurinn er nú óumdeilanlega einn af þremur aðalatvinnuvegum landsmanna við hlið sjávarútvegs og landbúnaðar. Þetta er nú líka almennt viðurkennt í orði, en enn skortir mikið á, að það sé gert í verki. Úr því misrétti verður að bæta og tryggja iðnaðinum fullkomlega jafnræði við aðra aðalatvinnuvegi landsins.

Í samræmi við þetta sjónarmið höfum við talið rétt að leggja fyrir Alþingi áðurnefnda tillögu Sveins Guðmundssonar, eins og hún var upphaflega orðuð af honum, og væntum þess, að hún njóti ekki minni stuðnings á Alþingi en fyrir fimm árum. Reynslan hefur sýnt, að ekki mun af veita, að Alþingi endurnýi viljayfirlýsingu sína í þessum efnum.

Sþ. 365. Tillaga til þingsályktunar [190. mál]

um breyting á lögum um sjúkrahús.

Flm.: Kjartan J. Jóhannsson, Birgir Finnsson, Gísli Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa breyting á lögum nr. 93 frá 31. des. 1953, um sjúkrahús, þess efnis, að ríkisstyrkur samkvæmt lögunum verði hækkaður. Við það sé miðað, að styrkurinn ásamt þeim daggjöldum, sem sjúkrahúsunum er leyft að taka, nægi til þess, að unnt sé að veita þá þjónustu, sem til er ætlazt, án verulegs rekstrarhalla. Undirbúningi sé hraðað svo, að tillögurnar verði tilbúnar næsta haust.

Greinargerð.

Sjúkrahús þau, sem hér er átt við, hafa lengi búið við þröngan fjárhag. Þeim hefur ekki verið leyft að hækka daggjöld sín, svo að nægði til nauðsynlegra útgjalda, og hefur hallinn á rekstri þeirra því farið vaxandi. Hér er farið fram á, að ríkisstjórnin láti fyrir næsta haust undirbúa breyting á lögákveðnum styrk til þessara sjúkrahúsa, svo að unnt sé að reka þau hallalaust án þess að draga úr nauðsynlegri þjónustu.

Nánar í framsögu.

Nd. 366. Nefndarálit [108. mál]

um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta var upphaflega flutt í Ed. og hlaut þar afgreiðslu án nokkurs ágreinings. Nefndin hefur athugað frv. og rætt á nokkrum fundum. Samkomulag var um þær breytingar á frv., sem nefndin flytur á sérstöku þingskjali.

Hins vegar kom til ágreinings um þá 18 ungversku flóttamenn, sem í frv. getur og íslenzk stjórnvöld höfðu leyft landvist á árinu 1956 og dvalizt hafa hér síðan.

Meiri hl. nefndarinnar fellst á, að flóttamenn þessir fái ríkisborgararétt hér, og er það í samræmi við tillögur dómsmálaráðuneytisins.

Minni hl. (GJóh) leggur hins vegar til, að umsóknir flóttamannanna verði ekki teknar til greina og þeir felldir brott úr frv. Skilar hann um þá till. sína séráliti.

Um þær reglur, sem að öðru leyti er fylgt, má vísa til nefndarálits allshn. Ed.

Alþingi, 9. marz 1963.

Einar Ingimundarson, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr.	Björn Fr. Björnsson, frsm.
	Alfreð Gíslason.	

Nd. 367. Breytingartillögur [108. mál]

við frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Frederiksen, Kristian Emil, sjómaður, Akranesi, f. í Reykjavík 3. nóvember 1931.
2. Gottsbacher, Leonilla, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Austurríki 29. apríl 1923.
3. Jensen, Marianne Sjurðadóttir, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 8. september 1934.
4. Reiners, Dora, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. október 1938.
5. Schmidt, Kjerstine Andrea, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 31. marz 1935.
6. Schulz, Johanna, vökukona á Vífilsstöðum, f. í Þýzkalandi 4. marz 1899.
7. Stephensen, Gunnlaugur Hans, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Kanada 12. febrúar 1925.
8. Tausen, Tryggvi, matsveinn, Bifröst í Borgarfirði, f. í Færeyjum 19. ágúst 1933.

Ed. 368. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess, Valtýr Kristjánsson þó með fyrirvara.

Alþingi, 9. marz 1963.

Jón Þorsteinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm.	Auður Auðuns.
	Alfreð Gíslason.	Valtýr Kristjánsson, með fyrirvara.

Ed. 369. Nefndarálit [143. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 9. marz 1963.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.
Alfreð Gíslason. Valtýr Kristjánsson.

Ed. 370. Nefndarálit [174. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir einróma með samþykkt þess.

Alþingi, 9. marz 1963.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.
Alfreð Gíslason. Valtýr Kristjánsson.

Nd. 371. Lög [32. mál]

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

(Afgreidd frá Ed. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 32.

Ed. 372. Lög [142. mál]

um breyting á lögum nr. 38/1951, um landshöfn í Rifi á Snæfellsnesi.

(Afgreidd frá Ed. 11. marz.)

Samhljóða þskj. 252.

Nd. 373. Frumvarp til lyfsölulaga. [54. mál]

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. marz.)

Samhljóða þingskjali 54 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:

Setja skal lyfjaskrá (pharmacopoea) með tilskipun, er forseti Íslands staðfestir. Í lyfjaskrá skal greina einkenni lyfja og segja fyrir um hreinleika þeirra, gerð, meðferð og geymslu. Ráðherra löggildir lyfseðlasöfn (dispensatoria), lyfjaforskriftir og sérlyfjaskrá með auglýsingu.

Lyfjaskrárnefnd, skipuð sex mönnum til sex ára í senn, gerir tillögur um lyfjaskrá, lyfseðlasöfn, svo og lyfjaforskriftir. Skal einn nefndarmanna vera prófessor í lyfjafræði (pharmakologi), annar dósent (prófessor) í lyfjafræði lyfsala (pharmaci), hinn þriðji prófessor í lyflæknisfræði við háskólann, en hina þrjá skipar ráðherra samkvæmt tillögu landlæknis, einn úr hópi lyfsala, annan úr hópi starfandi lyfjafræðinga og hinn þriðja úr hópi starfandi lækna. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Ráðherra skipar varamenn til jafnlangs tíma eftir tillögu landlæknis. Kostnaður við störf lyfjaskrárnefndar greiðist úr ríkissjóði, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, er sé ákveðin árlega. Nánari ákvæði um starfssvið og starfshætti lyfjaskrárnefndar skal setja í reglugerð.

14. gr. hljóðar svo:

Rétt til að kalla sig lyfjafræðing (pharmaceut) og starfa sem slíkur hér á landi hefur sá einn, sem til þess hefur fengið leyfi ráðherra, enda mæli landlæknir með leyfisveitingunni að fenginni umsögn lyfjaskrárnefndar.

Til þess að öðlast slíkt leyfi þarf umsækjandi að hafa lokið lyfjafræðiprófi, sem metið er gilt hér á landi, og auk þess skal hann fullnægja skilyrðum 2. og 3. töluliðs 1. málsgreinar 9. gr., enda sé gætt ákvæða 6. töluliðs sömu málsgreinar.

22. gr. hljóðar svo:

Lyfseðill (recept) er lyfjaávísun gefin út af lækni, tannlækni eða dýralækni, er lækningaleyfi hefur hér á landi, og undirrituð af honum með eigin hendi. Í bráðri nauðsyn eða vegna verulegrar fjarlægðar frá lyfjabúð, er lyfjaávísun í síma heimil, en staðfesta skal hana með samhljóða lyfseðli, svo fljótt sem auðið er. Nánari ákvæði um lyfjaávísanir skulu sett í reglugerð.

Lyfseðil skal stíla á nafn sjúklings eða eiganda dýrs og miða magn ávísaðs lyfs við þarfir sjúklings eða hins sjúka dýrs. Heimilt er þó að ávísa með lyfseðli nauðsynlegu magni tíðkanlegra heimilislyfja, án þess að um veikindi sé að ræða, og skal þá stíla lyfseðil á nafn húsbónda eða húsmóður.

29. gr. hljóðar svo:

Um smásölu lyfja skal fylgja fyrirmælum lyfjaverðskrár. Lyf, sem afgreitt er samkvæmt lyfseðli, má hvorki selja við hærra né lægra verði en lyfjaverðskrá tilgreinir. Ef lyf er eigi greint í lyfjaverðskrá, skal það verðlagt samkvæmt almennum fyrirmælum lyfjaverðskrár og leitað staðfestingar ráðherra.

Í smásölu skal þó veita sjúkrahúsum, heilsuhælum og læknum (dýralæknum, tannlæknum) afslátt samkvæmt fyrirmælum lyfjaverðskrár, sbr. 42. gr. 4. málsgr.

Þótt lyf sé gert með sérstökum hætti, má ekki krefjast hærra verðs fyrir það en meginreglur lyfjaverðskrár ákveða.

Lyfjaheildverzlunum er óheimilt að selja lyf til starfandi lækna (dýralækna), sem ekki hafa leyfi til lyfjasölu, svo og til tannlækna. Opinberar tilraunastofnanir mega þó selja þeim eigin framleiðslu. Einnig er lyfjaverzlun ríkisins heimilt að selja þeim efni til ónæmisaðgerða.

Ákveða skal í lyfjaverðskrá aukagjald fyrir næturafgreiðslu í lyfjabúð, og renni gjaldið í Lífeyrissjóð apótekara og lyfjafræðinga. Aukagjald má þó ekki taka fyrir afgreiðslu lyfs eftir nýjum lyfseðli.

31. gr. hljóðar svo:

Aðili, er fengið hefur lyfsöluleyfi, skal hefja reksturinn innan árs frá leyfisveitingu.

Ráðherra getur eftir atvikum lengt þennan frest, þó ekki lengur en eitt ár, nema óviðráðanlegar ástæður sé fyrir hendi.

Nú er það ráðið, að lyfsali láti af rekstri lyfjabúðar í því skyni að taka við rekstri annarrar lyfjabúðar, og getur sá, er tekur við af honum, ekki krafizt þess að hefja reksturinn, fyrr en hinn fyrrnefndi hefur hafið rekstur lyfjabúðar þeirrar, er hann tekur við, enda hefjist sú starfræksla innan þeirra fresta, sem greindir eru í 1. og 2. málsgr.

32. gr. hljóðar svo:

Ef lyfsali, sem lætur af rekstri lyfjabúðar, eða bú hans krefst þess, skal lyfsala þeim, er við tekur, skylt að kaupa vörubirgðir og áhöld lyfjabúðarinnar, að svo miklu leyti, sem þau eru nothæf og við hæfi rekstrarins.

Ráðherra getur, ef fráfarandi lyfsali eða bú hans krefst þess, skyldað lyfsala þann, er við lyfjabúð tekur, til þess að kaupa húseign þá, er lyfjabúðin er í, enda sé hún eingöngu ætluð til rekstrar lyfjabúðarinnar og íbúðar lyfsalans og viðunandi hæf til hvors tveggja. Þessarar kvaðar skal sérstaklega getið í auglýsingu um lyfsöluleyfi.

Vilji fráfarandi lyfsali, eða bú hans, ekki selja húsnæði lyfjabúðarinnar, skal honum skylt að leigja það þeim, er við tekur, í allt að eitt ár. Ágreiningi um leigufjárhæð og leiguskilmála skal lokið með þeim hætti, er segir í 5. málsgrein.

Ef fráfarandi lyfsali hefur haft húsnæði lyfjabúðarinnar á leigu, gengur lyfsalinn, sem við tekur, inn í leigusamninginn allt að einu ári.

Ef ekki næst samkomulag milli lyfsala þess, sem við tekur, og hins fráfaranda eða bús hans um þau atriði, sem um ræðir í þessari grein, skal ágreiningurinn úrskurðaður af gerðardómi, og er úrskurður hans fullnaðarúrskurður.

Ráðherra skipar þrjá menn í gerðardóm til fjögurra ára í senn og þrjá til vara. Skulu formaður og varaformaður fullnægja dómaraskilyrðum. Auk þess tilnefna málsaðilar sinn manninn hvor til setu í gerðardómi í hverju einstöku máli.

Gerðardómurinn ákveður, hvernig kostnaði af hverju máli skuli skipt milli málsaðila.

35. gr. hljóðar svo:

Nú getur lyfsali ekki annazt rekstur lyfjabúðar sinnar sökum sjúkdóms, fjarvistar eða annarra orsaka, sbr. 20. gr., og má ætla, að svo verði lengur en tvær vikur, þó eigi lengur en tvo mánuði, og má þá í samráði við landlækni fela lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi, sbr. 15. gr., að annast rekstur lyfjabúðarinnar á ábyrgð lyfsala.

Líði tveir mánuðir svo, að lyfsali geti ekki annazt rekstur lyfjabúðar sinnar, eða verði í upphafi að álíta, að svo muni fara, skal forstöðumaður annast reksturinn á eigin ábyrgð. Leita skal samþykkis landlæknis um ráðningu forstöðumanns. Forstöðumanni má ekki fela rekstur lyfjabúðar lengur en eitt ár. Þó getur ráðherra framlengt þann tíma um eitt ár í senn, ef lyfsali er sjúkur og ætla má, að hann verði innan þess tíma fær um að taka við rekstri lyfjabúðarinnar. Forstöðumaður skal fullnægja skilyrðum 9. gr.

41. gr. hljóðar svo:

Lyf, sem lyfjabúðum einum er heimilt að verzla með, má hvorki selja né afhenda til endursölu öðrum en þeim, sem réttindi hafa til að verzla með slíka vöru, sbr. þó ákvæði 50. gr.

Ráðherra getur leyft, að þau lyf, sem lyfjabúðum einum er heimilt að selja, séu afhent læknum (tannlæknum, dýralæknum) ókeypis til reynslu, sbr. enn fremur 54. gr. 2. málsgr.

42. gr. hljóðar svo:

Í læknishéruðum, þar sem ekki er rekin lyfjabúð, hefur héraðslæknir á hendi einfalda samsetningu og sölu lyfja, hjúkrunarvarnings og annarra sjúkragagna.

Ráðherra getur og, ef sérstaklega stendur á, leyft héraðslæknum, svo og öðrum læknum, sem búsettir eru fjarri lyfjabúð í læknishéraði, að hafa á hendi lyfjagerð og lyfjasölu, svo sem segir í 1. málsgr.

Ráðherra setur reglugerð um nánari tilhögun á lyfjagerð þeirri og lyfjasölu, sem um getur í þessari grein.

Aðrir læknar mega ekki án leyfis landlæknis afhenda lyf til sölu, þar á meðal lyfjasýnishorn. Þó er læknum í starfi sínu heimilt að hafa með sér lyf, sem keypt eru í lyfjabúð hérlendis til notkunar í bráðri nauðsyn í sjúkravitjunum og á lækningastofum. Enn fremur er þeim heimilt að afla sér og nota ónæmisefni frá innlendum tilraunastofnunum og Lyfjaverzlun ríkisins.

Nú er lyfjasala héraðslæknis svo umfangsmikil, að hann getur ekki annazt hana án aðstoðarmanns í fullu starfi. Lætur landlæknir þá í samráði við viðkomandi sveitarstjórn fara fram athugun á því, hvort nauðsynlegt sé að stofna lyfjaútibú eða lyfjabúð á staðnum.

43. gr. hljóðar svo:

Ráðherra getur samkvæmt ósk hlutaðeigandi sveitarstjórnar heimilað lyfsala að setja um lyfjaútibú í nágrenni sínu, þar sem þörf er sérstakrar lyfjasölu, að dómi landlæknis, en ekki er líklegt, að sjálfstæð lyfjabúð geti borið sig.

Leyfi þetta veitist til tiltekins tíma, þó ekki lengur en 10 ár í senn.

Ef stofnuð verður sérstök lyfjabúð, þar sem útibú hefur verið rekið, á eigandi lyfjabúðar þeirrar, er útibúið rak, kost á að velja á milli, hvort hann vill reka hina fyrri lyfjabúð áfram eða takast á hendur rekstur hinnar nýstofnuðu lyfjabúðar.

Ekki má fela öðrum forstöðu lyfjaútibús samkvæmt þessari grein en lyfjafræðingi eða aðstoðarlyfjafræðingi.

Ráðherra ákveður í reglugerð, hvernig haga skuli búnaði og rekstri lyfjaútibús.

49. gr. hljóðar svo:

Dýralæknum er heimilt að selja lyf handa dýrum, enda séu þau keypt í lyfjabúðum hérlendis eða lyfjaheildverzlunum, sem og ónæmisefni frá innlendum tilraunastofnunum eða Lyfjaverzlun ríkisins, sbr. 29. gr. 2. málsgr.

Þeim er einnig heimilt, að fengnu leyfi ráðherra, að hafa á hendi sölu hjúkrunarvarnings og annarra sjúkragagna handa dýrum svo og einfalda samsetningu lyfja í sama skyni, enda sé ekki rekin lyfjabúð í umdæminu eða dýralæknir sé búsettur fjarri lyfjabúðinni.

Í dýralæknisumdæmum, þar sem dýralæknar starfa, skulu ekki aðrir læknar ávísa lyfjum, sem ætluð eru dýrum, nema ekki náist til dýralæknis.

Ráðherra setur í samráði við landlækni, að fengnum tillögum yfirdýralæknis, nánari fyrirmæli í reglugerð um lyfjagerð og lyfjasölu dýralækna.

50. gr. hljóðar svo:

Þau fyrirtæki ein, sem hlotið hafa til þess meðmæli landlæknis og leyfi ráðherra, mega framleiða lyf og selja þau í heildsölu þeim aðilum, sem hafa rétt til lyfjasölu (sbr. 40., 41. og 42. gr.), enda fullnægi fyrirtækin eftirfarandi skilyrðum:

a. séu undir tæknilegri stjórn manns, sem fullnægir skilyrðum 9. gr., 1.—5. liðs, sbr. 6. lið, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið;

b. séu þannig búin að dómi landlæknis, að þau séu fær um að framleiða lyf, sem fullnægi kröfum lyfjaskrár.

Fyrirtæki þau, sem slíkt leyfi hljóta, skulu haga framleiðslu sinni þannig, að hún sé ávallt í samræmi við gildandi fyrirmæli um gerð og samsetning lyfjanna samkvæmt lyfjaskrá eða viðurkenndum lyfjaforskriftum og lyfseðlasöfnum, og áritun svari ávallt til viðkomandi lyfs eða lyfjasamsetningar.

Framleiðsluna skal selja með venjulegum greiðsluskilmálum.

Ráðherra getur afturkallað leyfi til lyfjagerðar, ef sett skilyrði hafa ekki verið haldin eða um er að ræða mikla eða endurtekna vanrækslu eða mistök í meðferð eða sölu lyfjanna.

Umrædd fyrirtæki skulu eingöngu selja og afhenda lyfjaframleiðslu sína í umbúðum með áletruðu nafni fyrirtækisins og nafni og framleiðslunúmeri lyfsins. Nú er um lyf að ræða, sem lyfjaskráin ákveður takmarkaðan geymslutíma á, og skal þá greina framleiðslu- og fyrningardag.

Slíkum lyfjagerðum er skylt að hlíta eftirliti, sem landlæknir ákveður, og fer um það eftir ákvæði 47. gr., þ. á m. um gjaldskyldu. Skýrslur um eftirlitið má birta í heilbrigðisskýrslum.

Tilraunastofnunum, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, er heimilt að selja lyf, sem þær hafa sjálfar framleitt, svo og dýralyf, sem þær gera tilraunir með, án takmarkana þeirra, er greinir í 1. málsgr., en hlíta skulu þær stofnanir þó ákvæðum b-liðs 1. málsgr.

Nánari fyrirmæli um efni þessarar greinar skal setja í reglugerð.

51. gr. hljóðar svo:

Lyfjabúðum og viðurkenndum lyfjagerðum (sbr. 50. gr.) svo og tilraunastofnunum, sem reknar eru af ríkinu eða Háskóla Íslands, er heimilt að flytja inn lyf og efni til lyfjagerðar vegna eigin þarfa.

Önnur fyrirtæki mega því aðeins flytja inn og selja lyf í heildsölu, að þau hafi til þess leyfi ráðherra, enda mæli landlæknir með leyfisveitingunni.

Fyrirtæki þessi skulu fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. vera undir tæknilegri stjórn manns, sem fullnægir skilyrðum 9. gr., 1.—5. liðs, sbr. 6. lið, enda gegni hann fullu starfi við fyrirtækið;
b. vera þannig búin að dómi landlæknis, að þau fullnægi kröfum um meðferð og geymslu lyfja.

Nú fullnægir fyrirtæki framangreindum skilyrðum, og ber þá að veita því leyfi samkvæmt 2. málsgrein.

Öllum öðrum er bannað að flytja inn lyf eða lyfjavörur.

Lyfjainnflytjendum er skylt að hlíta þeim reglum, er ráðherra kann að setja um eftirlit með innflutningi á lyfjum og efnum til lyfjagerðar, og greiða hæfilegt gjald vegna þess í ríkissjóð, sbr. 47. gr. Enn fremur getur ráðherra með reglugerð skyldað fyrirtæki til að sannprófa á eigin kostnað gæði og hreinleik hinna innfluttu lyfja og lyfjaefna.

Ráðherra getur afturkallað leyfi, sem um ræðir í þessari grein, ef sett skilyrði eru ekki haldin eða um er að ræða mikla eða endurtekna vanrækslu fyrirtækisins í sambandi við meðferð eða sölu lyfjanna.

Bráðabirgðaákvæði hljóða svo:

1. Þeir lyfsalar, sem hafa lyfsöluleyfi, er lög þessi öðlast gildi, og fullnægja ákvæðum laganna, eiga rétt á að halda leyfinu til 75 ára aldurs.
2. Verzlanir, er verzlað hafa með vörur, sem þeim er gert óheimilt að selja, samkvæmt ákvæðum laga þessara, eða þær mega því aðeins selja, að þær fullnægi sérstökum fyrirmælum laganna, halda rétti sínum óskertum í eitt ár frá gildistöku laga þessara. Slíkur frestur nær þó ekki til innflutnings þeirrar vöru, er lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem rétt eða leyfi hafa til lyfjasölu, er einum heimilt að selja.

Ráðherra má þó veita undanþágu um einstök vörukaup, sem sannanlega hafa verið gerð áður en lög þessi gengu í gildi, enda sé tegund vörunnar hentug, gæði hennar óvefengjanleg, verð sanngjarnt og magn við hæfi. Vöruna má aðeins afhenda aðilum, sem rétt hafa samkvæmt lögum þessum til að verzla með viðkomandi varning, og þá gegn kostnaðarverði.

Ráðherra má einnig veita einstaklingi, sem haft hefur innflutning lyfja sem aðalstarf a. m. k. síðastliðin 10 ár, leyfi til að halda þeirri starfsemi áfram um eitt ár í senn.

Nd. 374. Frumvarp til laga [102. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 11. marz.)

1. gr.

2. málsgr. 27. gr. laganna orðist þannig:

Til þessara framkvæmda greiðir ríkissjóður minnst 7.15 millj. kr. árlega frá 1963—1985, að báðum árum meðtöldum.

2. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrsta málslið 39. gr. laganna komi: 15 ha.

3. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í fyrstu málsgrein 47. gr. laganna komi: 15 ha.

4. gr.

Í stað orðanna „40 þúsund“ í 1. málsgr. 48. gr. laganna komi: 50 þúsund.

5. gr.

Í stað orðanna „10 ha“ í 50. gr. laganna komi: 15 ha.

6. gr.

60. gr. laganna orðist svo:

Á tímabilinu 1963—1970, að báðum árum meðtöldum, er heimilt að veita jörðum, er hafa véltæk tún undir 15 ha, óafturkræft framlag á úttekna ræktun að því marki, að þessari túnstærð sé náð. Ákvæði þetta nær til lögbýlisjarða, þar sem athuganir Landnáms ríkisins hafa leitt í ljós, að aukin ræktun geti tryggt viðunandi lífsafkomu á jörðunum og komi í veg fyrir, að jarðirnar fari í eyði.

Óafturkræft framlag má þó ekki vera hærra en sem nemi, að viðbættu framlagi samkvæmt jarðræktarlögum, 50% af ræktunar- og girðingarkostnaði eftir meðalverði ár hvert.

Framræslukostnaður og framlag til hans samkvæmt jarðræktarlögum koma ekki til greina við útreikning framlags samkvæmt þessari grein.

7. gr.

Á eftir orðunum „örðugan fjárhag“ í 63. gr. laganna komi: og hafa meðaltekjur eða lægri.

8. gr.

64. gr. laganna orðist svo:

Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður 7.6 milljónir króna árlega á árunum 1963—1970, að báðum árum meðtöldum.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. **375. Tillaga til þingsályktunar** [191. mál]

um héraðsskóla í Eyjafjarðarsýslu.

Flm.: Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa stofnun héraðsskóla með heimavist á heppilegum stað í Eyjafjarðarsýslu. Skal í því sambandi m. a. hafa samráð við sýslunefnd og fræðsluráð sýslunnar og aðra aðila, sem mál þetta kann að heyra undir.

Greinargerð.

Hin síðari ár hafa vaxið mjög örðugleikar eyfirzkra foreldra á að afla börnum sínum skólavistar í framhaldsskólum. Er nú svo komið, að gagnfræðaskóli Akureyrar hefur ekki tök á að taka utanbæjarnemendur að neinu ráði, og menntaskólinn á Akureyri hefur þegar stigið fyrsta sporið í þá átt að leggja niður gagnfræðadeild sína og veitti engum nýjum gagnfræðanemum viðtöku s. l. haust. Þegar svo er komið, hafa lokazt þau sund, sem eyfirzkum unglingum voru helzt fær í sambandi við almennt framhaldsnám. Einstöku nemendur kunna að hafa fengið skólavist á Laugum og öðrum héraðsskólum, en ekki mun ofmælt, að slík heppni sé í hæsta máta tilviljunarkennd, enda er það alkunna, að allir 8 héraðsskólar landsins eru fullsetnir og geta hvergi nærri fullnægt eftirspurn eftir skólavist. Munu hundruð unglinga, sem sækja um upptöku í héraðsskólana, fá synjun vegna þess, að alls staðar er meira en fullsetinn bekkur.

Virðist þetta helzt benda til þess, að æskufólk sveitanna sé í stórum mæli útilokað frá almennu gagnfræðanámi og, ef svo er, sæta alvarlegu misrétti, sem nauðsynlegt er að bæta úr með öllum tiltækum ráðum. Það er fjarri flutningsmanni þessarar tillögu að kenna núverandi ríkisstjórn eða fræðsluyfirvöldum um ástandið, eins og það blasir við í Eyjafirði og víðar í þessum málum. Án efa má rekja orsakir þessa vandræðaástands lengra aftur í tímann, en hitt er jafnvíst, að vöxtur þess hefur orðið örari með hverju ári sem líður, og er nú óviðunandi með öllu.

Héraðsskólarnir eru öðrum skólum vinsælli og alkunna, að foreldrar treysta þeim almennt vel fyrir uppeldi og fræðslu barna sinna, e. t. v. betur en öðrum almennum framhaldsskólum. Á það ekki aðeins við um foreldra sveitabarna, heldur engu síður um kaupstaðarfólk, sem margt leitar eftir því að koma börnum sínum til náms í héraðsskólum. Þörfin fyrir þessa skóla er því áreiðanlega mjög mikil og ýmislegt, sem bendir til þess, að rétt sé að fjölga héraðsskólum verulega frá því, sem nú er.

Í þessari tillögu er lagt til, að stofnaður verði héraðsskóli í Eyjafjarðarsýslu, enda er flutningsmanni bezt kunnugt um þörfina þar. Ætti það engan veginn að torvelda möguleika annarra héraða til þess að fá bætt úr skólamálum sínum, heldur mætti það fremur verða til þess að auka þá, þar sem málið er vakið og verður vonandi tekið til almennrar athugunar, áður en langt um líður.

Flutningsmaður hefur af ásettu ráði sleppt að benda á ákveðinn stað handa skólanum, enda koma fleiri en einn til álita, og yrði það liður í undirbúningnum að velja staðinn. Þó sýnist augljóst, að keppa ætti að því að reisa umræddan héraðsskóla á jarðhitastað, en þeir eru allmargir í sýslunni.

Nd. 376. Frumvarp til laga [192. mál]

um breyting á lögum nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Í stað setningarinnar: „Má í reglugerð ákveða dagsektir, allt að 5 kr. fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur“ í 1. mgr. 14. gr., komi: „Má í reglugerð ákveða dagsektir og tiltaka sektarfjárhæð fyrir hvern dag, er vanrækt er að senda fyrirskipaðar skýrslur, enda fylgi sektunum lögtaksréttur.“

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi að ósk landlæknis, er telur óhjákvæmilegt að breyta dagsektaheimildinni í 14. gr. laganna vegna breyttra viðhorfa.

Að öðru leyti sýnist frumvarpið ekki þurfa frekari skýringa.

Nd. 377. Frumvarp til höfundalaga. [193. mál]

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

I. KAFLI
Réttindi höfunda o. fl.

1. gr.

Höfundur að bókmenntaverki eða listaverki á eignarrétt á því með þeim takmörkunum, sem í lögum þessum greinir.

Til bókmennta og lista teljast samið mál í ræðu og riti, leiksviðsverk, tónsmíðar, myndlist, byggingarlist, kvikmyndir, ljósmyndalist, nytjalist og aðrar samsvarandi listgreinar, á hvern hátt og í hverju formi sem verkið birtist.

Uppdrættir, teikningar, mótanir, líkön og önnur þess háttar gögn, sem fræðslu veita um málefni eða skýra þau, njóta verndar með sama hætti og bókmenntaverk.

2. gr.

Það er eintakagerð, þegar bókmenntaverk eða listaverk er tengt líkamlegum hlutum, einum eða fleiri, sem skilað geta verkinu til vitundar manna.

Verk telst gefið út, þegar eintök af því eru með réttri heimild og í álitsverðum fjölda boðin opinberlega til sölu, láns eða leigu eða þeim er dreift til almennings með öðrum hætti. Nú er vernd verks háð því, að það hafi fyrst verið gefið út hér á landi, og telst því skilyrði þá fullnægt, ef það er gefið hér út innan 30 daga frá því, að það kom fyrst út erlendis.

Verk telst birt, þegar það er með réttri heimild flutt eða sýnt opinberlega eða eintök af því hafa verið gefin út, eins og segir í 2. málsgr.

Nú er verk flutt eða sýnt á atvinnustöðvum, þar sem 10 menn vinna eða fleiri, og telst það þá opinber birting.

Þegar rætt er í lögum þessum um flutning verks eða birtingu í útvarpi, nær það bæði til hljómvarps og sjónvarps, nema annars sé getið.

3. gr.

Höfundur hefur einkarétt til að gera eintök af verki sínu og til að birta það í upphaflegri mynd eða breyttri, í þýðingu og öðrum aðlögunum.

4. gr.

Skylt er, eftir því sem við getur átt, að geta nafns höfundar bæði á eintökum verks og þegar það er birt.

Óheimilt er að breyta verki höfundar eða birta það með þeim hætti eða í því samhengi, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

Ógilt er afsal höfundar á rétti samkvæmt þessari grein, nema um einstök tilvik sé að ræða, sem skýrt eru tilgreind bæði um tegund og efni.

5. gr.

Sá, sem þýðir verk, aðhæfir það tiltekinni notkun, breytir því úr einni grein bókmennta eða lista í aðra eða framkvæmir aðrar aðlaganir á því, hefur höfundarétt að verkinu í hinni breyttu mynd þess. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að frumverkinu.

Nú hefur verk verið notað sem fyrirmynd eða með öðrum hætti við gerð annars verks, sem telja má nýtt og sjálfstætt, og er þá hið nýja verk óháð höfundarétti að hinu eldra.

6. gr.

Þegar verk eða hlutar af verkum höfunda, eins eða fleiri, eru tekin upp í safnverk, sem í sjálfu sér má telja til bókmennta eða lista, hefur sá, sem safnverkið gerði, höfundarétt að því. Ekki raskar réttur hans höfundarétti að þeim verkum, sem í safnverkið eru tekin.

Ákvæði 1. málsgr. taka ekki til blaða og tímarita, sbr. 40. gr.

7. gr.

Nú eru tveir menn eða fleiri höfundar að sama verki, og framlög þeirra verða ekki aðgreind hvert frá öðru sem sjálfstæð verk, og eiga þeir þá saman höfundarétt að verkinu.

8. gr.

Höfundur verks telst sá, unz annað reynist, sem nafngreindur er á eintökum þess með venjulegum hætti eða lýstur er höfundur, þegar verk er birt. Gildir þetta einnig um höfunda, sem nota gervinöfn eða merki, þegar almennt er vitað, hver þar felst að baki.

Nú er verk gefið út, án þess að höfundar þess sé getið samkvæmt 1. málsgr., og kemur útgefandi þá fram fyrir hönd hans, unz nafn hans er birt á nýrri útgáfu eða með tilkynningu til menntamálaráðherra.

9. gr.

Lög, reglugerðir, fyrirmæli stjórnvalda, dómar og önnur áþekk gögn, sem gerð eru af opinberri hálfu, njóta ekki verndar eftir lögum þessum.

10. gr.

Mynztur njóta verndar sem nytjalist, enda fullnægi þau skilyrðum um notagildi og listræn einkenni.

II. KAFLI

Takmarkanir á höfundarétti.

11. gr.

Heimilt er að gera eintök af birtu verki til einkanota eingöngu.

Ákvæði 1. málsgr. veitir ekki rétt til mannvirkjagerðar eftir verki, sem verndar nýtur samkvæmt reglum um byggingarlist.

Ekki veitir ákvæði 1. málsgr. heldur rétt til eintakagerðar, ef leitað er til hennar aðstoðar annarra manna:
1. Á verkum, sem verndar njóta eftir reglum um höggmyndalist eða nytjalist.
2. Á öðrum verkum, þegar um listræna eftirgerð er að ræða.

12. gr.

Ákveða má í reglugerð, að tilgreindum opinberum bókasöfnum, skjalasöfnum og vísinda- og rannsóknastofnunum sé heimilt að ljósmynda verk til sjálfs sín nota. Greina skal skilyrði fyrir heimildinni, þar á meðal um umráð eintakanna og varðveizlu. Ekki má lána þau né afhenda út fyrir stofnunina.

13. gr.

Nú nýtur mannvirki verndar eftir reglum um byggingarlist, og er eiganda þó allt að einu heimilt að breyta því án samþykkis höfundar, að því leyti sem það verður talið nauðsynlegt vegna afnota þess eða af tæknilegum ástæðum.

Heimilt er án samþykkis höfundar að breyta munum, sem verndar njóta eftir reglum um nytjalist.

14. gr.

Heimil er tilvitnun í birt verk í sambandi við gagnrýni, vísindi, almenna kynningu eða í öðrum viðurkenndum tilgangi, enda sé hún gerð innan hæfilegra marka og rétt með efni farið.

Með sömu skilyrðum er heimilt að birta myndir og teikningar af birtum listaverkum og gögnum, sem getið er í 3. málsgr. 1. gr.

Nú eru birtar myndir eða teikningar af tveimur verkum eða fleiri hins sama höfundar í sambandi við meginmál, sem lýtur að almennri kynningu, og á hann þá rétt til þóknunar.

15. gr.

Dægurgreinar um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál má taka upp í blöð eða tímarit úr öðrum blöðum eða tímaritum, nema þess sé getið við greinarnar, að eftirprentun sé bönnuð. Ekki nær heimild þessi til sérstakra fylgirita.

Heimilt er að birta í blöðum eða tímaritum myndir eða teikningar af birtum listaverkum í sambandi við frásögn af dægurviðburðum. Þetta nær þó ekki til verka, sem gerð eru í þeim tilgangi að birta þau í blöðum eða tímaritum.

Þegar flutningur eða sýning verks er þáttur í dægurviðburði, sem kynntur er almenningi í útvarpi eða kvikmynd, er heimilt að láta einstaka þætti úr verkinu fylgja með í sýningu viðburðarins eða frásögn af honum.

16. gr.

Heimilt er að taka og birta myndir af listaverkum, sem staðsett hafa verið varanlega utanhúss á almannafæri. Nú er slíkt listaverk aðalatriði myndar, sem hagnýtt er í atvinnuskyni eða ávinnings, og á höfundur þá rétt til þóknunar, nema um blaðamyndir sé að ræða.

Heimilt er að taka og birta myndir af byggingum, þó að þær njóti að öðru leyti verndar eftir reglum um byggingarlist.

17. gr.

Heimilt er að birta í safnverkum, sem tekin eru saman úr verkum margra höfunda og ætluð til notkunar við guðsþjónustu eða skólakennslu:
1. Einstök bókmenntaverk eða tónverk, ef smá eru að vöxtum, og kafla úr stærri verkum, þegar liðin eru 5 ár frá næstu áramótum eftir útgáfu þeirra.
2. Myndir eða teikningar af listaverkum eða gögnum, sem getið er í 3. málsgr. 1. gr., í tengslum við meginmál samkvæmt 1. tölul., enda séu 5 ár liðin frá næstu áramótum, eftir að verkið var birt.

Verk, sem samin hafa verið til notkunar við skólakennslu, má þó ekki án samþykkis höfundar taka að neinu leyti upp í safnverk, sem gefið er út í sama skyni.

Þegar verk eða hluti af verki höfundar er birt í safnverki samkvæmt þessari grein, á hann rétt til þóknunar.

18. gr.

Fræðslumálastjórninni er heimilt að láta fara fram innan opinberra skóla upptöku birtra verka á hljóðrit til bráðabirgðanotkunar við kennslu. Ekki má nota hljóðritin í öðru skyni.

Ákvæði 1. málsgr. veitir ekki rétt til beinnar upptöku eftir hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem framleidd eru til markaðssölu.

Menntamálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar, þar á meðal um notkun og varðveizlu umræddra bráðabirgðahljóðrita.

19. gr.

Heimilt er að prenta og gefa út með blindraletri bókmenntaverk og tónverk, sem út hafa verið gefin. Einnig má ljósmynda þau til notkunar í heyrnar- og málleysingjaskólum.

20. gr.

Þegar lög eru sungin opinberlega á hljómleikum, er heimilt að nota sem texta einstök kvæði eða kafla úr stærri verkum, sem út hafa verið gefin. Má þá einnig prenta textann á söngskrá án nótna til afnota fyrir áheyrendur.

Höfundur á rétt til þóknunar fyrir afnot samkvæmt þessari grein.

21. gr.

Opinber flutningur bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið og ekki er leiksviðsverk, er heimill, eins og hér segir:

1. Við fræðslustarfsemi.
2. Á samkomum, sem stofnað er til í góðgerðaskyni, til almenns mannfagnaðar, til kynningar á menntum og menningu eða til styrktar málefnum, sem að öðru leyti miða að almannaheill, enda komi ekki þóknun fyrir flutninginn.
3. Á mannfundum, sem ekki er stofnað til í atvinnuskyni eða ávinnings, svo sem á samkomum skóla eða félaga og við önnur svipuð tækifæri, enda sé ekki greitt fyrir flutninginn og aðgöngueyrir ekki hærri en svarar beinum kostnaði. Danslög má leika kvaðalaust á slíkum samkomum, þó að hljóðfæraleikari taki venjulega þóknun, nema félagsbundin eða föst hljómsveit leiki.
4. Við guðsþjónustu og aðrar kirkjulegar embættisathafnir. Höfundur á rétt til þóknunar samkvæmt þessum tölulið eftir reglum, sem menntamálaráðherra setur.

22. gr.

Heimil er prentun, upptaka á hljóðrit og önnur eintakagerð og birting á umræðum, sem fram fara í heyranda hljóði á opinberum fulltrúasamkomum, og á gögnum, sem þar eru lögð fram opinberlega og starfsemi þeirra varða. Sama gildir um dómþing, sem háð eru fyrir opnum dyrum, nema dómstóll leggi bann við birtingu tiltekinna gagna.

Ákvæði 1. málsgr. ná einnig til umræðna um málefni, sem varða almenna hagsmuni, og fram fara á samkomum, sem almenningur á aðgang að, eða í útvarpi.

Höfundur hefur einkarétt til að gefa út safn af sjálfs sín framlagi til umræðna, sem getur í 1. og 2. málsgr., og af gögnum, sem hann hefur lagt þar fram.

23. gr.

Nú hefur stéttarfélag eða stéttarsamband höfunda fengið almenna aðild eða umboð um flutningsrétt á bókmenntaverkum eða tónverkum eða sérstökum greinum þeirra og menntamálaráðherra sett reglur um það efni, og skal þá heimilt án sérstaks leyfis hverju sinni að flytja í Ríkisútvarpinu áður útgefin einstök kvæði,

smásögur og ritgerðir eða kafla úr stærri verkum og einstök lög og tónverk, ef smá eru, og kafla úr stærri tónverkum, enda sé fullnægt skilyrðum um greiðslu til höfundar. Nú er höfundur ekki í stéttarfélagi, og nýtur hann þó sama réttar sem áskilinn er í hinum almennu reglum, en hvorki meiri né minni. Framangreindar reglur um afnotakvöð gilda ekki um leiksviðsverk og ekki heldur um önnur verk, er höfundur hefur lagt bann við flutningi þeirri í útvarpi.

Þegar ríkisútvarpinu er heimilt að útvarpa verki, er því frjáls upptaka þess á hljóðrit eða filmur til sjálfs sín nota, en ekki í öðru skyni. Menntamálaráðherra setur reglur um notkun og varðveizlu slíkrar upptöku, þar á meðal um rétt til endurtekins útvarps og þóknun fyrir það. Einnig má setja þar reglur um aukaþóknun til höfundar, ef Ríkisútvarpið heimilar öðrum útvarpsstofnunum endurvarp. Reglur þær, sem hér var getið, skulu þó ekki koma til framkvæmdar, ef samið hefur verið um málefnið á annan veg milli Ríkisútvarpsins og einstakra höfunda eða stéttarsambands þeirra.

24. gr.

Heimil er sala, lán, leiga og önnur dreifing til almennings á eintökum bókmenntaverks eða tónverks, sem út hefur verið gefið. Útleiga tónverka á nótum til almennings er þó óheimil án samþykkis höfundar.

25. gr.

Nú hefur eintak af listaverki verið afhent til eignar, og er eiganda þá heimilt, nema annað sé áskilið, að láta eintakið af hendi og sýna það almenningi. Opinber kynning þess á listsýningum er þó óheimil án samþykkis höfundar, nema á listasöfnum sé, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um eintök, sem gerð hafa verið eftir listaverki og gefin út.

Heimilt er eiganda listaverks að taka eða leyfa töku mynda af því til sýningar í kvikmynd eða sjónvarpi, ef myndin er aðeins aukaatriði í efni kvikmyndar eða sjónvarpsdagskrár.

Þegar listaverk heyrir til listasafni, er heimilt að birta myndir af því í safnmunaskrá.

Nú er listaverk boðið til sölu, og má þá birta myndir af því í tilkynningu um sölutilboð.

Nú hefur andlitsmynd verið máluð, mótuð eða gerð með öðrum hætti eftir pöntun, og er höfundi þá ekki heimilt að neyta einkaréttar síns samkvæmt 3. gr. án samþykkis þess, sem lét gera myndina, eða erfingja hans, ef hann er látinn.

26. gr.

Ákvæði kafla þessa, að undanskilinni 13. gr., raska ekki rétti höfundar eftir 4. gr.

Þegar verk er birt almenningi samkvæmt þessum kafla, skal auk nafns höfundar geta þeirrar heimildar, sem notuð er, eftir því sem ástæður leyfa.

Þegar eintök af verki eru gerð samkvæmt þessum kafla, má ekki án samþykkis höfundar gera breytingar á verkinu fram yfir það, sem lögmætur tilgangur með eintakagerðinni leyfir.

III. KAFLI

Um aðiljaskipti að höfundarétti.

Almenn ákvæði.

27. gr.

Framsal höfundaréttar að nokkru leyti eða öllu er heimilt með þeirri takmörkun, sem leiðir af ákvæðum 4. gr.

Nú er eintak af verki afhent til eignar, og felst þá ekki í þeim gerningi framsal á höfundarétti að verkinu, nema þess sé getið sérstaklega.

28. gr.

Framsal höfundaréttar að verki veitir framsalshafa ekki rétt til að gera breytingar á því, nema svo hafi verið um samið.

Ekki er framsalshafa heimilt að framselja öðrum höfundaréttinn án samþykkis höfundar. Ef rétturinn er þáttur í eignum fyrirtækis, má þó framselja hann ásamt því eða tiltekinni grein þess. Þrátt fyrir slíkt framsal ber framseljandi áfram ábyrgð á efndum skuldbindinga sinna við höfund.

29. gr.

Gerning um framsal höfundaréttar má meta ógildan í heild eða í einstökum atriðum, ef hann mundi leiða til niðurstöðu, sem væri bersýnilega ósanngjörn. Sama gildir, ef ákvæði í framsalsgerningi brýtur mjög í bága við góðar venjur í höfundaréttarmálum.

30. gr.

Nú er höfundur í hjúskap, og skal höfundaréttur þá vera séreign hans, sem ekki verður skert með kaupmála eða með öðrum hætti, þar á meðal ekki við slit á fjárfélagi né við búskipti, meðan höfundur lifir. Tekjur af höfundarétti og endurgjald fyrir framsal hans verða hjúskapareign, nema ákveðið sé á annan veg í kaupmála. Að höfundi látnum telst höfundaréttur til hjúskapareignar hans, nema kaupmáli hjóna standi til annars, sbr. og 2. málsgr. 31. gr.

Skuldheimtumenn geta ekki leitað fullnustu í höfundarétti, hvorki hjá höfundi sjálfum né neinum þeim, sem hlotið hafa réttinn að arfi eða fyrir hjúskap. Nú hefur aðili eignazt höfundarétt með framsali, og má þá aðeins leita fullnustu hjá honum í þeim rétti, sem honum er heimilt að framselja, sbr. 2. málsgr. 28. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. gilda einnig um eintök listaverka, sem höfundur hefur ekki haft til sýnis almenningi, boðið opinberlega til sölu eða viðurkennt með öðrum hætti, að birta megi opinberlega, svo og um handrit.

31. gr.

Nú deyr höfundur, og fer þá um höfundarétt eftir ákvæðum erfðalaga, sbr. og 30. gr.

Höfundur getur með ákvæði í erfðaskrá gert ráðstafanir um framkvæmd höfundaréttar að honum látnum og meðal annars falið sérstökum tilsjónaraðilja að annast hana. Skulu slík ákvæði hafa gildi gagnvart öllum erfingjum, þar á meðal skylduerfingjum, og einnig að því er varðar búshluta maka.

Fyrirmæli 2. málsgr. taka einnig til slíkra eintaka af verkum, sem getið er í 3. málsgr. 30. gr.

Flutningsréttur.

32. gr.

Þegar höfundur hefur veitt heimild til opinbers listflutnings á verki, fylgir henni ekki einkaréttur til flutnings, nema svo hafi verið um samið.

Ef heimildin er veitt um óákveðinn tíma, hvort sem í henni felst einkaréttur eða ekki, skal talið, að hún gildi ekki lengur en 3 ár.

Nú hefur einkaréttur til flutnings verið veittur um tiltekinn tíma, lengur en 3 ár, og skal höfundi þó heimilt að flytja verkið sjálfur eða leyfa öðrum flutning þess, ef umrædds einkaréttar hefur ekki verið neytt í 3 ár samfleytt, enda hafi ekki verið á annan veg samið.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til kvikmyndagerðar.

Útgáfusamningar.

33. gr.

Það er útgáfusamningur, er höfundur veitir tilteknum aðilja (útgefanda) rétt til að framleiða á prenti eða með svipuðum hætti eintök af bókmenntaverki eða listaverki og gefa þau út.

Útgáfusamningur veitir útgefanda ekki eignarrétt að handriti því eða annars konar eintaki af verki, sem notað er til eftirgerðar, nema svo sé um samið sérstaklega.

34. gr.

Útgefandi hefur, ef ekki er á annan veg samið, rétt til að gefa út upplag, er nemi 2000 eintökum af bókmenntaverki, 1000 eintökum af tónverki og 200 eintökum af myndlistarverki.

Með orðinu upplag er átt við þann eintakafjölda, sem út er gefinn í einu lagi.

35. gr.

Skylt er útgefanda að gefa verkið út innan hæfilegs tíma og stuðla að dreifingu þess, eftir því sem aðstæður leyfa og venja er um sams konar verk.

36. gr.

Nú hefur bókmenntaverk eða myndlistarverk ekki verið gefið út innan 2 ára eða tónverk innan 4 ára frá því, að útgefandi fékk í hendur fullgert handrit eða annað eintak, sem nota skal til eftirgerðar, og er höfundi þá, ef ekki hefur verið samið um lengri frest til útgáfu, heimilt að rifta útgáfusamningi, enda þótt skilyrði til riftunar eftir almennum réttarreglum séu ekki fyrir hendi. Sama gildir, ef upplag hefur selzt upp og útgefandi, sem fengið hefur rétt til nýrrar útgáfu, hefur ekki gefið verkið út að nýju innan árs frá því, að höfundur krafðist þess.

Þegar útgáfusamningi er riftað samkvæmt 1. málsgr., er höfundi ekki skylt að skila aftur greiðslu, sem hann hefur þegar fengið. En hafi hann beðið tjón vegna saknæmra vanefnda útgefanda, sem ekki er bætt að fullu með þeirri greiðslu, á hann rétt til frekari bóta.

37. gr.

Skylt er útgefanda að láta höfundi í té skriflega yfirlýsingu prentsmiðju eða annars aðilja, sem framkvæmir eintakagerð, um eintakafjölda þann, sem gerður hefur verið.

Nú á höfundur rétt til þóknunar, miðað við sölu eða leigu eintaka á reikningsári, og ber útgefanda þá að senda honum innan 9 mánaða frá lokum reikningsárs skilagrein um sölu eða leigu á reikningsárinu og um eftirstöðvar upplags í lok reikningsárs.

Þó að höfundur eigi ekki að fá þóknun, eins og getið er í 2. málsgr., á hann samt rétt til að fá skilagrein um eftirstöðvar upplags í lok reikningsárs, þegar 9 mánuðir eru liðnir frá þeim tíma.

Höfundur getur ekki með samningi fallið frá rétti þeim, sem honum er áskilinn með þessari grein.

38. gr.

Ef hafizt er handa um útgáfu á nýju upplagi, þegar meira en ár er liðið frá útkomu hins fyrra, ber útgefanda að gefa höfundi kost á að gera breytingar, enda hafi þær ekki í för með sér verulegan kostnað né breyti heildarsvip verksins.

39. gr.

Ef ekki er á annan veg samið, fær útgefandi einkarétt til að gefa verkið út með þeim hætti og í því formi, sem útgáfusamningur greinir. Nú hefur útgefandi fengið einkarétt, og er höfundi þá ekki heimilt að gefa verkið út með greindum hætti né leyfa öðrum að gera það, fyrr en uppselt er upplag það eða upplög, sem útgáfusamningur tekur til.

Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgr. hefur höfundur rétt til að gefa bókmenntaverk út sem hluta af heildarútgáfu verka sinna eða úrvals úr þeim, þegar liðin eru 15 ár frá næstu áramótum, eftir að útgáfusamningur var gerður. Höfundur getur með samningi fallið frá þessum rétti sínum.

40. gr.

Útgefendur blaða og tímarita hafa einkarétt til að endurprenta rit þessi bæði í heild og einstök blöð eða hefti.

Ekki raskar réttur útgefenda höfundarétti að einstökum ritgerðum, myndum eða öðrum verkum, sem í blöðum eða tímaritum birtast. Þó þarf ekki að leita samþykkis höfunda til þeirrar endurprentunar, sem í 1. málsgr. getur, nema svo hafi verið um samið.

Ákvæði þessa kafla um útgáfusamninga taka ekki til blaða og tímarita framar en segir í 1. og 2. málsgr.

Ákvæði 35. og 36. gr. gilda ekki um framlög til safnverka.

Samningar um kvikmyndagerð.

41. gr.

Nú er með samningi veittur réttur til upptöku bókmenntaverks eða listræns verks á kvikmynd, og felst þá í samningnum, nema annars sé getið, réttur til að birta verkið, eins og það kemur fram í kvikmyndinni, í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og með öðrum hætti. Ákvæði þetta tekur þó ekki til tónverka.

42. gr.

Nú hefur aðili fengið með samningi rétt til að nota bókmenntaverk eða tónverk við gerð kvikmyndar, sem ætluð er almenningi til sýnis, og skal hann þá, ef ekki er á annan veg samið, ljúka gerð kvikmyndarinnar innan hæfilegs tíma og annast um, að hún verði sýnd, eftir því sem aðstæður leyfa og venja er um sams konar verk.

Nú er gerð kvikmyndar ekki lokið innan 5 ára frá því, að höfundur fullnægði samningsskyldum sínum, og er höfundi þá heimilt, ef ekki hefur verið samið um lengri frest, að rifta samningnum, enda þótt riftunarskilyrði eftir almennum reglum séu ekki fyrir hendi. Ákvæði 2. málsgr. 36. gr. gilda hér, eftir því sem við á.

IV. KAFLI

Gildistími höfundaréttar.

43. gr.

Höfundaréttur helzt, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar. Nú er um verk að ræða, sem ákvæði 7. gr. taka til, og skal þá telja greint 50 ára tímabil frá næstu áramótum eftir lát þess höfundar, sem lengst lifir.

44. gr.

Þegar verk hefur verið birt, án þess að höfundur sé nafngreindur, sbr. 2. málsgr. 8. gr., helzt höfundaréttur að verkinu, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir fyrstu birtingu þess. Nú er slíkt verk gefið út í deildum, sem mynda þó eina heild eftir efni sínu, og telst greint 50 ára tímabil þá frá næstu áramótum eftir birtingu síðustu deildarinnar.

Ef höfundur er nafngreindur með þeim hætti, sem segir í 2. málsgr. 8. gr., áður en framangreint 50 ára tímabil er liðið, eða leitt er í ljós, að höfundur var látinn, er verkið birtist, skal um gildistíma höfundaréttar fara eftir ákvæðum 43. gr.

V. KAFLI

Ýmis réttindi, skyld höfundarétti.

45. gr.

Óheimilar eru án samþykkis listflytjanda þær aðgerðir, sem hér eru taldar:

1. Upptaka til endurflutnings á beinum listflutningi hans. Það telst beinn listflutningur, sem listflytjandi flytur persónulega, þar á meðal flutningur í út-

varp. Nú hefur útvarpsstofnun framkvæmt bráðabirgðaupptöku á persónulegum listflutningi, og fer þá um útvarp eftir slíkri upptöku sem um beinan listflutning.
2. Útvarp á beinum listflutningi.
3. Dreifing beins listflutnings með tækniaðferðum, um þráð eða þráðlaust, frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða, sem almenningur á aðgang að.
4. Eftirgerð á upptöku listflutnings, sem framkvæmd hefur verið með samþykki listflytjanda. Réttur listflytjanda samkvæmt þessum tölulið helzt í 25 ár frá næstu áramótum, eftir að upptaka fór fram.

Um upptöku, dreifingu og eftirgerð listflutnings, sem um getur í 1. málsgr., skulu gilda, eftir því sem við á, ákvæði 4. gr., 1. málsgr. 11. gr., 1. málsgr. 14. gr., 3. málsgr. 15 gr., 18. gr., 21. gr., 2. málsgr. 23. gr., 26.—31. gr. og 53. gr.

46. gr.

Óheimil er eftirgerð á hljómplötum og öðrum hljóðritum án samþykkis framleiðanda, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að frumupptaka var framkvæmd.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsgr. 11. gr., 1. málsgr. 14. gr., 3. málsgr. 15. gr., 18. gr. og 2. málsgr. 23. gr.

47. gr.

Nú er hljóðrit notað á því tímabili, sem í 46. gr. getur, 1) til flutnings í útvarpi eða 2) til annarrar opinberrar dreifingar listflutnings í atvinnuskyni eða ávinnings, hvort heldur með beinni notkun eða eftir útvarpi, og ber notanda þá að greiða framleiðanda þess og listflytjendum þóknun í einu lagi.

Setja má í reglugerð fyrirmæli um þessi efni, þar á meðal um fyrirsvar af hálfu listflytjenda, ef þeir standa fleiri saman að hinum sama listflutningi, hvernig viðtöku þóknunar skuli háttað og skiptingu hennar milli framleiðenda og listflytjenda. Þessar reglur koma þó ekki til framkvæmdar, ef sameiginleg félagssamtök framleiðenda og listflytjenda, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, hafa gert heildarsamning við notanda eða notendur eða sérsamningar eru fyrir hendi í einstökum tilvikum.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsgr 14. gr., 3. málsgr. 15. gr. og 21. gr. Sama er um ákvæði 27.—31. gr., að því er til listflytjenda tekur.

Ákvæði greinar þessarar gilda ekki um hljómkvikmyndir.

48. gr.

Óheimilar eru eftirgreindar aðgerðir án samþykkis útvarpsstofnunar:
1. Endurvarp (samtímisútvarp) á útvarpi hennar.
2. Upptaka til endurflutnings á útvarpi hennar.
3. Birting á sjónvarpi hennar í atvinnuskyni eða ávinnings.
4. Eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku útvarps hennar. Réttur útvarpsstofnunar samkvæmt þessum tölulið helzt, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum, eftir að útvarp fór fram.

   Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum 1. málsgr. 11. gr., 1. málsgr. 14. gr., 3. málsgr. 15. gr., 18. gr., 21. gr. og 2. málsgr. 23. gr.

49. gr.

Þó að ljósmynd njóti ekki verndar laga þessara sem listaverk, skal eftirgerð samt óheimil án samþykkis ljósmyndara eða þess aðilja, sem rétt hans hefur hlotið. Nú er slík mynd birt opinberlega í atvinnuskyni eða ávinnings, og á ljósmyndari eða síðari rétthafi þá kröfu til þóknunar. Vernd ljósmynda samkvæmt þessari grein skal haldast, unz liðin eru 25 ár frá næstu áramótum eftir gerð hennar.

Ákvæði II. kafla laga þessara taka til ljósmynda þeirra, sem í 1. málsgr. getur, eftir því sem við á.

50. gr.

Nú taka reglur um höfundarétt ekki til rits, sem út hefur verið gefið, og er þá eftirprentun eða önnur eftirgerð óheimil, unz liðin eru 10 ár frá næstu áramótum, eftir að það var gefið út.

Beita skal, eftir því sem við á, ákvæðum II. kafla laga þessara.

VI. KAFLI
Ýmis ákvæði.

51. gr.

Nú hefur höfundur notað sérstakan titil, gervinafn eða merki á birtu verki, og er öðrum þá óheimilt að birta verk með sams konar auðkenni eða svo áþekku, að líklegt sé, að villzt verði á verkunum eða höfundum þeirra.

52. gr.

Engum er heimilt án samþykkis höfundar að setja nafn hans eða höfundarauðkenni á listaverk.

Óheimilt er bæði höfundi og öðrum að setja nafn hans eða höfundarauðkenni á eintak, sem gert hefur verið eftir listaverki, ef hætta er á, að villzt verði á eftirgerðinni og frumverkinu.

53. gr.

Ákvæði 2. málsgr. 4. gr. skulu gilda um bókmenntaverk og listaverk, sem ekki eru háð höfundarétti.

Mál út af brotum gegn 1. málsgr. skal aðeins höfða eftir kröfu menntamálaráðherra, enda telji hann þess þörf vegna tillits til almennrar menningarverndar.

VII. KAFLI
Refsiákvæði, bætur, ákærureglur o. fl.

54. gr.

Fyrir brot á lögum þessum skal því aðeins refsa, að þau séu framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Sektum eða varðhaldi, allt að 3 mánuðum, varða:

1. Aðgerðir, sem brjóta í bága við einkarétt höfundar samkvæmt 3. gr.
2. Brot á 1. og 2. málsgr. 4. gr., 2. og 3. málsgr. 26. gr., 1. málsgr. 28. gr., 1. málsgr. 39. gr., 53. gr. og fyrirmælum, sem getur í 2. málsgr. 31. gr.
3. Brot á 1. málsgr. 45. gr. og 2. málsgr. sömu gr., sbr. tilvitnanir þar í 4. gr., 1. málsgr. 28. gr. og fyrirmæli, sem getur í 2. málsgr. 31. gr.
4. Brot á 1. málsgr. 46. gr., 1. málsgr. 48. gr., 1. málsgr. 49. gr., 1. málsgr. 50. gr., 51. gr. og 52. gr.
5. Innflutningur til landsins á eintökum af verkum eða annarri framleiðslu, sem verndar nýtur eftir V. kafla laga þessara, ef eintökin eru gerð erlendis og atvikum svo háttað, að gerð þeirra hér á landi hefði brotið í bága við lögin, enda séu eintökin flutt inn í þeim tilgangi að sýna þau opinberlega eða dreifa þeim til almennings.

Nú er brot framið á vegum félags eða annars fyrirtækis, og má þá dæma fésekt á hendur því.

55. gr.

Nú hafa eintök af verkum verið gerð, flutt hingað til lands eða birt almenningi, þannig að í bága fari við ákvæði laga þessara eða fyrirmæli, sem sett hafa verið

samkvæmt 2. málsgr. 31. gr., og má þá ákveða í dómi, að eintökin séu án endurgjalds upptæk til handa þeim, sem misgert var við, eða afhent honum gegn endurgjaldi, sem ekki má nema hærri fjárhæð en framleiðslukostnaði. Sama gildir um prentmót, prentsteypu, myndamót og þess háttar muni, sem varða undirbúning eða framkvæmd brots eða eru til sliks fallnir.

Ákveða má, að í stað upptöku til afhendingar samkvæmt 1. málsgr., séu munir eða eintök ónýtt að öllu leyti eða nokkru, eða gerð á annan hátt óhæf til hinna ólöglegu nota.

Ákvæðum 1. og 2. málsgr. verður ekki beitt gagnvart aðiljum, sem hafa eignazt í grandleysi eintak eða eintök til einkanota.

Ákvæði um upptöku og ónýtingu taka ekki til bygginga.

56. gr.

Þegar saknæmt brot á lögum þessum hefur haft fétjón í för með sér, ber að bæta það eftir almennum reglum fébótaréttar.

Dæma má höfundi og listflytjanda miskabætur úr hendi þess, sem raskað hefur rétti þeirra með refsiverðri háttsemi.

Heimilt er að dæma þeim, sem misgert er við, bætur úr hendi þess, sem réttarröskun olli, þó að hann hafi gert það í grandleysi, en ekki mega bæturnar nema hærri fjárhæð en ávinningi hans af brotinu.

57. gr.

Mál út af brotum á lögum þessum getur sá höfðað, sem misgert er við.

Nú er höfundur látinn, og getur þá tilsjónaraðili, sem nefndur hefur verið eftir 2. málsgr. 31. gr., en ella eiginmaður eða eiginkona hins látna, foreldrar, börn og systkin höfðað mál út af brotum gegn 1. og 2. málsgr. 4. gr., 2. og 3. málsgr. 26. gr., 1. málsgr.. 28. gr. og fyrirmælum höfundar samkvæmt 2. málsgr. 31. gr. eða listflytjanda samkvæmt sama ákvæði, sbr. 2. málsgr. 45. gr.

Mál út af brotum gegn ákvæðum 53. gr. sæta opinberri saksókn eftir kröfu menntamálaráðherra.

VIII. KAFLI

Gildissvið laganna.

58. gr.

Ákvæði um höfundarétt í lögum þessum taka til:

1. Verka íslenzkra ríkisborgara.
2. Verka erlendra ríkisborgara, sem eiga heimilisfang hér á landi.
3. Verka ríkisfangslausra manna og flóttamanna, sem hafa samfellt aðsetur hér á landi.
4. Verka, sem fyrst hafa verið birt hér á landi, sbr. og 2. málsgr. 2. gr.
5. Bygginga, sem reistar hafa verið hér á landi, og listaverka, sem eru hluti af slíkum byggingum.

Ákvæði 2. málsgr. 4. gr. og 51.—53. gr. gilda um öll verk, sem falla undir ákvæði 1. gr., án tillits til uppruna þeirra eða þjóðernis höfunda.

59. gr.

A. Ákvæði 45. gr. taka til:
   1. Listflutnings íslenzkra ríkisborgara, hvar sem hann hefur fram farið.
   2. Listflutnings erlendra ríkisborgara og ríkisfangslausra manna, sem hér segir:
      a. Ef listflutningur hefur farið fram hér á landi.
      b. Ef listflutningur hefur verið tekinn upp á hljóðrit, sem verndar nýtur eftir ákvæðum 2. tölul. C-liðs, hér á eftir.
      c. Ef listflutningi, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, er útvarpað af útvarpsstofnun, sem verndar nýtur eftir ákvæðum í D-lið hér á eftir.

B. Ákvæði 46. gr. taka til hljóðrita, hvar og af hverjum sem þau hafa verið framleidd.
C. Ákvæði 47. gr. taka til:
   1. Listflutnings íslenzkra ríkisborgara, sem tekinn hefur verið upp á hljóðrit.
   2. Hljóðrita, sem fullnægja einhverju eftirgreindra skilyrða, svo og listflutnings þess, sem þau hafa að geyma:
      a. Ef framleiðandi hljóðrits er íslenzkur ríkisborgari eða fyrirtæki, sem hefur aðsetur hér á landi.
      b. Ef frumupptaka á hljóðrit hefur farið fram hér á landi.
      c. Ef fyrsta útgáfa hljóðrits hefur farið fram hér á landi, sbr. og 2. málsgr. 2. gr.
D. Ákvæði 48. gr. taka til útvarpsstofnana, ef þær fullnægja öðruhvoru því skilyrði, sem hér segir:
   1. Að aðalstöðvar stofnunarinnar séu hér á landi.
   2. Að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu hér á landi.

60. gr.

Ákvæði 1.—4. tölul. 1. málsgr. 58. gr. skulu, eftir því sem við getur átt, gilda um ljósmyndir og rit, sem getur í 49. og 50. gr.

61. gr,

Að því leyti og með þeim takmörkunum, sem Ísland hefur gerzt eða kann að gerast aðili að alþjóðasáttmálum um höfundarétt eða skyld réttindi, sbr. V. kafla, skulu ákvæði sáttmálanna gilda sem lög hér á landi. Nú hefst aðild Íslands að slíkum sáttmálum eftir gildistöku laga þessara, og ákveður ráðherra þá, frá hvaða tíma sáttmálinn skuli hafa lagagildi.

Ákveða má með forsetaúrskurði, að einstakir milliríkjasamningar um þau efni, sem í 1. málsgr. getur, þar sem gagnkvæmur réttur ríkjanna er viðurkenndur, skuli hafa lagagildi hér á landi. Með sama hætti má ákveða, að lög þessi taki til verka, sem alþjóðlegar stofnanir hafa fyrst gefið út eða hafa rétt til að gefa út.

62. gr.

Ákvæði laga þessara skulu einnig taka til bókmenntaverka og listaverka, sem til hafa orðið fyrir gildistöku laganna.

Ákveða má í reglugerð, að fyrirmæli 1. málsgr. gildi einnig um listflutning, hljóðrit og útvarp, sbr. V. kafla laga þessara.

63. gr.

Frá því, er lög þessi koma til framkvæmdar, falla eftirfarandi lagaákvæði úr gildi:

Tilsk. 11. des. 1869, um eftirmyndun ljósmynda o. fl.

Augl. 10. febr. 1870, um tilkynningu um einkarétt til að eftirmynda ljósmyndir.

Lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Lög nr. 127 9. des. 1941, um viðauka við lög nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Lög nr. 49 14. apríl 1943, um breyting á lögum nr. 13 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Lög nr. 74 5. júní 1947, um inngöngu Íslands í Bernarsambandið, 2. gr.

Lög nr. 11 2. febr. 1956, um breyting á lögum nr. 13 frá 20. okt. 1905, um rithöfundarétt og prentrétt.

Loks eru öll önnur eldri lagafyrirmæli úr gildi felld, er brjóta í bága við lög þessi.

64. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar sex mánuðir eru liðnir frá staðfestingu þeirra.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. maí 1959 var samþykkt í Neðri deild Alþingis rökstudd dagskrá, þar sem þess er vænzt, að ríkisstjórnin láti fram fara endurskoðun á höfundaréttarlöggjöfinni. Aðalákvæðin um höfundarétt eru nú í lögum um rithöfundarétt og prentrétt, nr. 13 20. okt. 1905, en þau eru fyrir löngu orðin á eftir tímanum í mörgum atriðum. Breyting sú, sem á þeim var gerð með lögum nr. 49 frá 1943 ber það með sér, að hún var aðeins gerð til bráðabirgða til að bæta úr helztu vanköntunum og koma því til leiðar, að Ísland gæti fengið inngöngu í Bernarsambandið. Hefur og orðið ljóst við framkvæmd gildandi laga, að ekki yrði til lengdar við þau unað. Með bréfi menntamálaráðherra dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, dags. 2. júlí 1959, var dr. Þórði Eyjólfssyni hæstaréttardómara falið að semja frumvarp til höfundalaga. Hefur hann samið frumvarp þetta og látið því fylgja greinargerð þá, sem fer hér á eftir.

I.

Inngangur.

1. Hlutverk og efni höfundalaga er að veita mönnum réttarvernd á tilteknum andlegum verðmætum: bókmenntum og listum. Með lögunum er viðurkenndur réttur þess, sem verkið hefur gert, þ. e. höfundarins, til umráða yfir því, sem ýmist eru fjárhagslegs eða persónulegs eðlis.

Þau ytri gæði, sem menn geta haft af fjárhagslegar nytjar og réttarverndar njóta, eru með ýmsum hætti. Má þar m. a. greina á milli líkamlegra hluta, þ. e. fasteigna og lausafjár, og ólíkamlegra verðmæta, svo sem orku, auðkenna, t. d. vörumerkja, og hugverka, þ. e. verka á sviði bókmennta, lista, vísinda og tækni, sem eru árangur andlegs sköpunarstarfs. Meginhluti hugverka er látinn njóta verndar samkvæmt höfundalögum, enda er flestum vísindalegum verkum þannig háttað, að þau teljast til bókmennta. Hvarvetna er þó haldið utan höfundaréttar einkarétti þeim, sem veittur er vegna uppfinninga á sviði vísinda eða tækni, sbr. lög um einkaleyfi, nr. 12 20. júní 1923.

Fyrr og síðar hafa reglur fjármunaréttar beinzt að langmestu leyti að eignarrétti á líkamlegum hlutum. Enginn veit nú um aldur og uppruna slíkra reglna, og miðað við þær má telja, að réttarvernd hugverka sé nýtilkomin. Líkamleg og andleg verðmæti eru svo mismunandi eðlis, að lagareglur um umráð þeirra og vernd hljóta að verða með mjög ólíkum hætti. Meðal annars lýsir munurinn sér í því, að líkamlegir hlutir, sem eignarrétti eru háðir, eru venjulega í föstum vörzlum á meira eða minna vísum stað, þar sem hagnýting þeirra fer fram, en andleg verðmæti eru hvorki bundin við stað né stundir, og af þeim má hafa fjárhagsleg not á mörgum stöðum samtímis. Þau eyðast ekki heldur né rýrna við notkun, og um réttargæzlu þeirra verður að beita öðrum aðferðum en um líkamlega hluti.

Andlag höfundaréttar, sem lagaverndin er veitt, er ávallt ólíkamleg, þ. e. hugsmíð sú eða sköpunarstarfsemi, sem birtist í bókmenntaverki eða listaverki. Ef aðrir menn en höfundurinn sjálfur eiga að geta notið þess, verður að koma því til vitundar þeirra með einhverjum hætti. Um bókmenntaverk og tónverk er þetta unnt án þess að tengja verkið líkamlegum hlut, þ. e. með hljómum eingöngu, svo sem munnlegri frásögn eða upplestri, söng, hljóðfæraleik o. s. frv. Getur verkið þá gengið þannig frá manni til manns og dreifst meðal ótiltekins fjölda, sem nemur það og nýtur þess. Þannig hefur ávallt verið um kvæði og sögur, áður en ritlist var upp fundin, og tónverk, meðan þau voru ekki á nótur skráð. Önnur verk, þ. e. listaverk, sem fólgin eru í litum eða formi, svo sem málverk, höggmyndir, nytjalist o. fl., verða hins vegar ekki skynjuð, nema þau (þ. e. hugsmíð höfundar) séu

fyrst á efni fest. Og nú á dögum fer dreifing bókmenntaverka og tónverka einnig oftast fram með þeim hætti, að þau eru tengd líkamlegum hlutum, bókum, nótnaheftum, hljómplötum o. s. frv. Eru fjárhagsleg afnot verksins og oftast við það bundin.

Sú tenging hugverks við fast efni, sem hér var getið, er í höfundarétti nefnd eintakagerð eða eftirgerð af verkinu. Í lögum nr. 49 frá 1943 er þetta einnig nefnt margföldun verksins, en það orðalag er órökrænt, því að í fyrsta lagi er hugverkið aðeins eitt, hversu mörg eintök sem af því eru gerð, og í öðru lagi telst það til eintakagerðar eða eftirgerðar, þó að aðeins sé gert eitt eintak af hugverki, t. d. málverk, sem einungis er til í frumgerð sinni. Þess er að gæta, að hinir líkamlegu hlutir, eintökin, eru ekki andlag höfundaréttar, þó að þau komi þar mjög við sögu. Þau lúta hins vegar yfirleitt almennum reglum um eignarrétt að líkamlegum hlutum. Þó eru í höfundalögum lagðar tilteknar hömlur á meðferð þeirra, einkum að því leyti, að umráð þeirra eða afnot mega ekki fara í bága við rétt höfundar yfir sjálfu hugverkinu.

Auk hins fjárhagslega réttar hafa aðrir og persónulegri hagsmunir höfundar verið teknir undir vernd höfundalaga. Bókmenntaverk eða listaverk, sem höfundur hefur skapað, er í nánari tilfinningatengslum við hann en venjulegt er um líkamlega hluti. Af þeim sökum er honum m. a. veitt vernd gegn breytingum á verkum sínum og tillit tekið til persónulegra hagsmuna í sambandi við reglur, sem að meginefni eru fjárhagslegs eðlis.

2. Ekki er í fornum lögum, hvorki innlendum né erlendum, neinn vísir að vernd bókmenntaverka eða listaverka. Það var líka fjarri hugsunarhætti hinna fornu menningarþjóða, t. d. Grikkja og Rómverja, að viðurkenna eignarrétt að öðru en líkamlegum munum. Höfundar áttu vitanlega, eins og nú, þau eintök af verkum sínum, sem þeir gerðu sjálfir, handrit, málverk, höggmyndir o. s. frv., og gátu áskilið sér gjald fyrir þau, ef þeir létu þau af hendi. En eftir það var hverjum manni heimilt án samþykkis höfundar að gera ný eintök af verkunum og með þeim breytingum, sem henta þótti. Meðan tækni var skammt á veg komin, skipti þetta höfunda litlu máli fjárhagslega. Öll eintakagerð, jafnvel afritun handrita, var seinunnin og dýr og fremur framkvæmd til einkanota en til sölu á almennum markaði.

Afstaða höfunda til þessara mála tekur þá fyrst að breytast, er tækni um gerð eintaka kemst á það stig, að framleiðsla þeirra til markaðssölu verður almennt arðvænleg. Hefst það með tilkomu prentlistarinnar á síðara hluta 15. aldar og þeirri byltingu í bókagerð og dreifingu rita, sem hún hafði í för með sér. Þegar bókaútgefanda tókst að ná í handrit að verki, sem hann taldi vænlegt til sölu, gat hann gefið það út undir nafni höfundar án þess að spyrja hann um leyfi. Það var einnig algengt, að verkin væru gefin út eftir breyttum og afbökuðum handritum, og stóðu höfundar varnarlausir gegn því. Enn síður var um það að ræða, að höfundar ættu rétt til þóknunar fyrir prentun og útgáfu verkanna eða til arðs af sölu þeirra. Þó að höfundar teldu sig hart leikna, höfðu þeir öldum saman engin samtök með sér til að hrinda þessari ágengni, enda var það rótgróið í almenningsáliti, að þegar höfundur hefði látið verk af hendi, væri það þar með orðið almannaeign, sem hver mætti gera við það, sem hann vildi. En lagaleysi á þessu sviði kom sér einnig illa fyrir útgefendur. Þegar einn þeirra gaf út rit, sem vel seldist, komu aðrir þegar til, endurprentuðu ritið og kepptu við frumútgefandann um söluna. Með því að bókaútgefendur urðu brátt áhrifamiklir í þjóðfélögunum, gátu þeir komið því til leiðar, að þjóðhöfðingjar veittu þeim einkaleyfi til útgáfu tiltekinna rita og síðar jafnvel heilla bókmenntagreina. Ef höfundur var á lífi, var stundum gert að skilyrði fyrir einkaleyfunum, að hann gæfi samþykki sitt til útgáfunnar. Veitti það honum þá færi á að áskilja sér þóknun og gæta þess, að rétt væri með verk hans farið. Er þetta talinn fyrsti vísir að opinberri viðurkenningu á rétti

höfunda. Þetta fyrirkomulag um veitingu einkaleyfa reyndist óheppilegt og hvarf síðar úr sögunni, en það stuðlaði að auknum skilningi á því, að höfundum væri nauðsyn á sérstakri lagavernd um verk sín.

England varð fyrst til að hefjast handa um setningu höfundalaga árið 1709. Í lögunum var bönnuð útgáfa rita án samþykkis höfunda, en opinber skráning hins prentaða rits gerð að skilyrði fyrir verndinni (registered copyright). Nokkrar fleiri þjóðir settu sér lög á 18. öldinni um bókaútgáfu, en þau voru fremur í hag útgefendum en höfundum. Á dögum frönsku stjórnarbyltingarinnar var komið á höfundalöggjöf í Frakklandi (1791 og 1793), sem bar langt af höfundalögum annarra landa á þeim tíma. Hafa Frakkar síðan talið sig forustuþjóð um höfundalöggjöf og endurbætur á henni. Á 19. öldinni bættust sífellt fleiri lönd í hópinn um setningu höfundalaga, og má telja, að þegar kemur fram yfir miðja öldina, sé höfundalöggjöf orðin almenn. Fyrst í stað tóku lögin aðeins til bókmennta og tónsmíða, en þegar fram í sækir, bætast við fleiri listgreinar, m. a. málaralist og myndlist.

Bókmenntir og listir eru alþjóðleg að eðli og berast fljótt land úr landi, óbreytt eða í þýðingum, en samkvæmt höfundalögum nutu höfundar einungis verndar í heimalandi sínu. Erfitt var að koma á samningum milli einstakra ríkja um gagnkvæma vernd, með því að lög þeirra greindi oft á um ýmis mikilsverð atriði. Varð þá að samkomulagi með mörgum ríkjum að koma á alþjóðasamþykkt um höfundarétt, sem öllum ríkjum væri heimilt að gerast aðiljar að, ef þau veittu höfundum í heimalandi sínu þá lágmarksvernd, sem í samþykktinni yrði áskilin. Árið 1886 var alþjóðleg ráðstefna haldin í Bern í þessu skyni. Tókst þar að ná samkomulagi um höfundaréttarsamþykkt, sem nefnd hefur verið Bernarsáttmálinn, en samtök aðildarþjóðanna eru nefnd Bernarsambandið. Með sáttmála þessum var höfundum í fyrsta sinn opnuð leið til heimsmarkaðarins. Fjöldi ríkja hefur gengið í Bernarsambandið, en margar þjóðir hafa þó til þessa dags staðið utan samtakanna, þar á meðal Bandaríkin og Ráðstjórnarríkin. Eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar gengust Sameinuðu þjóðirnar fyrir því, að gerður yrði nýr alþjóðasáttmáli um höfundarétt, einkum í því skyni að ná til ríkja, sem af einhverjum ástæðum vildu ekki gerast aðiljar að Bernarsáttmálanum. Á alþjóðlegri ráðstefnu, sem haldin var í Genf árið 1952, var gerð ný höfundaréttarsamþykkt, sem nefnd er Genfarsáttmálinn. Gekk hann í gildi árið 1955, eftir að tilskilinn fjöldi ríkja hafði fullgilt hann, þar á meðal Bandaríkin. Heimilt er hverri þjóð að vera samtímis aðili að báðum sáttmálunum, en í skiptum tveggja ríkja, sem þannig er ástatt um, skal fara eftir Bernarsáttmálanum.

Eftir að Bernarsáttmálinn gekk í gildi, hefur hann orðið fyrirmynd um höfundalöggjöf víða um heim. Margar þjóðir settu sér ný höfundalög kringum síðustu aldamót og samræmdu þau ákvæðum sáttmálans. Á Bernarsáttmálanum hafa verið gerðar víðtækar breytingar og endurbætur á alþjóðaráðstefnum í París 1896, Berlín 1908, Róm 1928 og Brüssel 1948. Hafa þá verið teknar upp nýjar reglur í samræmi við tækniframfarir yfirstandandi aldar, þar á meðal tilkomu tal- og tónmynda, útvarps og sjónvarps. Einstök ríki hafa þá einnig endurbætt höfundalöggjöf sína. Meðal annars hafa Norðurlandaríkin Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð sett sér ný höfundalög á árunum 1960—1961. Eru þau árangur af samstarfi þessara landa, er hófst árið 1939, um endurbætur og samræmingu á höfundalöggjöf þeirra.

Höfundalög höfðu lengi framan af einungis ákvæði um réttindi og vernd höfunda, þ. e. þeirra, sem skapað höfðu bókmenntaverk eða listaverk. Eru þá þar með taldir þeir, sem aðlöguðu verk tiltekinni notkun, svo sem þýðendur rita, þeir, sem breyttu skáldsögu í leikrit, sömdu kvikmyndahandrit eftir skáldsögu eða leikriti o. s. frv. Hins vegar voru lögin yfirleitt ekki látin taka til listflytjenda, þ. e. manna, sem túlkuðu verk höfunda með listflutningi, svo sem söngvara, hljóðfæraleikara,

leiksviðsleikara, upplesara o. s. frv. Sökum náins sambands slíkra listamanna við höfunda hefur á síðari tímum verið talið haganlegt að hafa ákvæði um réttindi þeirra í höfundalögum. Sama er að segja um réttindi einstaklinga eða fyrirtækja, sem framleiða hljómplötur eða önnur hljóðrit, svo og útvarpsstofnana. Á alþjóðlegri ráðstefnu, sem haldin var í Róm árið 1961, var samþykktur alþjóðasáttmáli um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana.

3. Saga höfundaréttar hér á landi hefst ekki fyrr en á síðari hluta 19. aldar. Þó má geta þess, að hér var birt dönsk tilskipun frá 7. maí 1828 um bann við eftirprentun rita, útgefinna í ríkjum, er Danmörk hafði gert við samninga um gagnkvæma vernd forlagsréttar. Var þar vísað til danskrar tilskipunar frá 7. janúar 1741, sem ekki hafði verið lögleidd hér.

Tilskipun 11. desember 1869 um einkarétt til að eftirmynda ljósmyndir o. fl. var lögleidd hér, eftir að Alþingi hafði á hana fallizt, sbr. og augl. 10. febrúar 1870. Með tilskipun þessari var veittur einkaréttur um 5 ára skeið hverjum þeim, „sem á sjálfs sín kostnað býr til frumlega ljósmynd eftir náttúrunni eða ljósmyndar eitthvert listaverk, sem enginn hefur einkarétt á að eftirmynda". Svarar ákvæðið til þess, að listrænum ljósmyndum sé veitt vernd, en öðrum ekki. Einkarétturinn er í tilskipuninni bundinn ströngum formskilyrðum, og hefur því verið óþjáll í framkvæmd. Lagaákvæði þetta hefur ekki verið fellt formlega úr gildi, en í lögum nr. 49 frá 1943 eru ljósmyndir taldar meðal verndaðra verka, og eru ákvæði tilskipunarinnar því úrelt orðin.

Árið 1889 flutti Jón Ólafsson rithöfundur frumvarp á Alþingi um eignarrétt á sömdu máli. Var það að mestu sniðið eftir dönskum höfundalögum frá 1857. Alþingi samþykkti frv. með nokkrum breytingum, en konungur synjaði því staðfestingar. Á þeim tíma var ráðgerð í Danmörku gagngerð breyting á höfundalögunum frá 1857 vegna tilkomu Bernarsáttmálans árið 1886, og mun það einkum hafa valdið synjuninni. Frumvarp Jóns Ólafssonar með áorðnum breytingum var endur flutt á Alþingi 1901, og voru flutningsmenn þeir Stefán Stefánsson skólameistari og Hermann Jónasson á Þingeyrum. Frumvarpið varð ekki útrætt á þinginu, og féll það þar með úr sögunni.

Árið 1905 bar ríkisstjórnin fram á Alþingi frumvarp til laga um rithöfundarétt og prentrétt. Var það sniðið eftir nýjum dönskum höfundalögum frá 1904, en þó með þeirri takmörkun, að ákvæði laganna skyldu aðeins ná til bókmennta og tónsmíða, en ekki annarra listgreina. Er tekið fram í greinargerð frv., að listamennska sé svo í bernsku hér á landi, að of snemmt sé að setja lög um vernd íslenzkra listaverka. Frv. varð að lögum nr. 13 20. október 1905. Eru þau enn í gildi og hafa að geyma höfuðákvæði íslenzks höfundaréttar.

Á lögum nr. 13 frá 1905 hafa verið gerðar allmiklar breytingar og við þau aukið. Með lögum nr. 11 frá 1912 var ákveðið, að höfundavernd skyldi ná til hvers konar mynda og uppdrátta, þar á meðal þeirra, er hefðu listgildi. Lög þessi voru af numin með lögum nr. 49 frá 1943. Með lögum nr. 127 frá 1941 var meðal annars ákveðin sérstök vernd á ritum eftir lok höfundaréttar. Gagngerðasta breytingin var svo gerð með lögum nr. 49 frá 1943. Þar eru teknar undir vernd höfundaréttar hvers konar listgreinar, sem eldri lög náðu ekki til, en ákvæði um efni réttindanna í einstökum atriðum eru ófullnægjandi. Loks var verndartímabil verka gagnvart þýðingum lengt úr 10 árum í 25 ár með lögum nr. 11 frá 1956.

Ísland hefur gerzt aðili að Bernarsambandinu, sbr. lög nr. 74 frá 1947 og augl. nr. 110 frá sama ári. Af þess hálfu var samþykkt breyting sú, sem gerð var á Bernarsáttmálanum í Brüssel árið 1948, en fullgilding á sáttmálanum þannig breyttum hefur ekki farið fram. Þá hefur Ísland einnig gerzt aðili að Genfarsáttmálanum, sbr. þingsályktun 4. nóv. 1953 og augl. nr. 82 frá 1956. Af Íslands hálfu hefur og verið samþykktur sáttmáli sá um vernd listflytjenda o. fl., sem gerður var í Róm 1961, en fullgilding hans hefur ekki farið fram.

4. Við samningu frv. þessa hafa í öllum aðalatriðum verið lögð til grundvallar hin nýju, norrænu höfundalög frá 1960—1961. Með því er fylgt þeirri stefnu, að Ísland sé þátttakandi að samræmingu norrænnar löggjafar, þar sem því verður vel við komið. En ekki er síður á það að líta, að Norðurlandalögin höfðu fengið ágætan undirbúning og að þar er fylgt nýjustu fræðikenningum á sviði höfundaréttar. Í nokkrum atriðum víkur frv. þetta þó frá norrænu lögunum, enda eru þau ekki heldur að öllu leyti samhljóða sín á milli. Á þetta einkum við um skipun efnisins og niðurröðun, en aðeins að litlu leyti um efnisatriðin sjálf. Auk hinna norrænu laga hefur aðallega verið höfð hliðsjón af frönskum höfundalögum frá 11. marz 1957 og frumvarpi til höfundalaga Sambandslýðveldisins Þýzkalands frá 23. marz 1962. Loks hefur þess verið gætt sérstaklega, að haga ákvæðum frumvarpsins þannig, að þau fullnægðu kröfum Bernarsáttmálans, Genfarsáttmálans og hins nýja Rómarsáttmála um vernd listflytjenda o. fl.

Í fræðiritum um höfundarétt og umræðum, sem um hann hafa spunnizt á ráðstefnum og þingum, hafa komið fram ýmis atriði, sem frv. þetta hefur engin ákvæði um. Hafa sum þessara atriða verið tekin upp í höfundalög einstakra ríkja, en þar er þó aðeins um undantekningar að ræða. Verður nánar að þessu vikið, eftir því sem við á, í umsögn um einstakar greinar frv. Kemur hér einkum til sögu:

a. Réttur höfunda vegna upptöku tónsmíða á segulbönd til einkanota, sjá umsögn um 11. gr.
b. Réttur höfunda vegna útlána á bókum, sjá umsögn um 24. gr.
c. Að höfundum sé áskilinn hluti af söluverði listaverka á uppboðum, sjá umsögn um 25. gr.
d. Skattlagning í þágu höfunda á útgáfu rita, sem ekki eru háð höfundarétti, sjá umsögn um IV. kafla.

II.

Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frumvarpsins.

Um I. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um meginatriði höfundaréttar. Þess er getið í 1. málsgr. 1. gr. og 5.—7. gr., hverjir eigi að njóta þess réttar, sem lögin veita. Er orðalag hér, eins og í frv. yfirleitt, miðað við höfundinn sem hinn fyrsta eiganda réttindanna, en samkvæmt III. kafla getur höfundaréttur einnig komizt í hendur annarra aðilja, og njóta þeir þá sama réttar og höfundur, nema annað sé tekið fram eða leiði af eðli málsins. Þá er ákveðið í kaflanum, hvaða verðmæti eða gæði séu vernduð með lögunum, sbr. 1., 6. og 10. gr. og undantekningarreglu 9. gr. Hér er þó ekki um tæmandi upptalningu að ræða, sbr. ákvæði V. kafla um ýmis réttindi, sem ekki teljast til höfundaréttar. Um efni höfundaréttar ræðir svo í 1. málsgr. 1. gr., 3. gr. og 4. gr. Ákvæði 2. gr. eru tengd 3. gr. um ákvörðun á efni hins fjárhagslega réttar. Loks eru tilteknar sönnunarreglur í 8. gr.

Um 1. gr.

Ákvæði greinar þessarar fela ekki í sér efnisbreytingar á þeim rétti, sem nú gildir, sbr. 1. gr. laga nr. 49 frá 1943 og áður 1. gr. laga nr. 13 frá 1905. Hins vegar er niðurskipan efnisins með öðrum hætti.

Um 1. málsgr. Sá, sem skapar andlegt verk á sviði bókmennta eða lista, telst höfundur þess. Réttur hans yfir verkinu stofnast um leið og það verður til. Af þessu má ráða, að höfundarhugtakið er bundið við einstaklinga. Ópersónulegir aðiljar, svo sem félög og stofnanir, geta ekki verið höfundar, en þeir kunna að verða eigendur höfundaréttar, að svo miklu leyti sem yfirfærsla hans er heimil, sbr. ákvæði III. kafla. Höfundur telst ekki einungis sá, sem frumverk skapar, heldur og sá, sem aðlagar verk annars manns nýju formi, sbr. 5. gr. Einnig geta fleiri menn en einn staðið að sköpun sama verksins, verið samhöfundar, eins og getið er í 7. gr.

Samkvæmt 1. málsgr. er andlag höfundaréttar verk, sem telst til bókmennta eða lista. Þar er um að ræða hina andlegu sköpun, hugsmíðina, en ekki þann líkamlega hlut, sem verk kann að vera tengt, og hefur áður verið að því vikið. Í sumum höfundalögum og í Genfarsáttmálanum eru vísindaleg verk nefnd sem hin þriðja grein verndaðra hugverka, en þar sem þau falla undir hugtakið bókmenntir, ef höfundaréttur á að taka til þeirra á annað borð, þá er ekki ástæða til að geta þeirra sérstaklega. Ekki eru nein föst takmörk milli bókmenntaverka og listaverka, með því að sum verk í ræðu og riti heyra listinni til (fagrar bókmenntir), en meginhluti samins máls er á öðru sviði.

Hugtökin bókmenntaverk og listaverk ber að skýra svo, eins og áður hefur verið gert, að í verkinu eigi að koma fram andleg sköpun, sem sé ný og sjálfstæð, a. m. k. að formi til. Þess er þó að gæta, að það er tegund verksins, heimfærsla þess undir bókmenntir eða tiltekna listgrein, en ekki mat á gæðum þess, sem oftast kemur til álita við framkvæmd höfundaréttar. Mörkin niður á við eru óglögg, en jafnan hefur verið talið, að rit, sem aðallega eru samtíningur staðreynda án sjálfstæðrar úrvinnslu, verði ekki til bókmennta talin.

Að því er efni réttarins varðar, hefur sú leið verið farin í flestum höfundalögum að áskilja höfundum ekki almennan rétt til verka sinna, heldur er látið nægja að telja upp tilteknar heimildir þeim til handa um umráð og ráðstöfun á verkunum, og er þeim þá oftast veittur einkaréttur, að því er til þeirra heimilda tekur. Nú á dögum er þó í sífellt ríkara mæli farið að viðurkenna, að slíkar upptalningar eigi ekki að vera tæmandi, enda sé þróun réttarins svo ör, meðal annars vegna nýrra tækniaðferða, að tæmandi tilgreiningar mundu verða vexti og viðgangi höfundaréttar fjötur um fót.

Frá því að höfundalög voru fyrst sett hér á landi árið 1905, hefur verið tekið fram berum orðum í lögunum, að höfundar ættu eignarrétt á verkum sínum, sbr. 1. gr. laga nr. 13 frá 1905 og nú 1. gr. laga nr. 49 frá 1943. Hvorttveggja er, að eignarréttarhugtakið er svo rúmt, að heimildir þær, sem höfundarétti fylgja, geta vel rúmazt innan þess, og að ekki verður séð, að réttur höfunda verði gerður óeðlilega víðtækur, þó að hann sé til eignarréttar talinn. Yrði það að teljast spor aftur á bak, ef nú væri vikið frá þessari réttarskipun, eftir að hún hefur haldið gildi í meira en hálfa öld. Hins vegar verður um framkvæmd höfundaréttar að hafa í huga, að eignarrétti að hugverkum er að ýmsu leyti öðruvísi háttað en eignarrétti að líkamlegum munum, bæði samkvæmt ákvæðum höfundalaganna sjálfra og eðli málsins.

Um 2. málsgr. Í samræmi við forna hefð, bæði í höfundalögum og alþjóðasáttmálum um höfundarétt, eru í 2. málsgr. nefndar hinar helztu greinar þeirra verka, sem heyra til bókmenntum og listum, án þess að sú upptalning sé tæmandi. Tilgreiningin hefur tvenns konar hlutverki að gegna. Annars vegar skýrir hún efni heildarhugtakanna bókmennta og lista, og hins vegar tekur hún af tvímæli um það, að þau verk, sem þar eru talin, eigi að njóta verndar laganna.

Um einstakar greinar verka, sem í 2. málsgr. getur, skal eftirfarandi tekið fram.

Með orðunum **„samið mál í ræðu og riti“** er átt við bókmenntir. Þarf þá að vera fullnægt því skilorði um nýsköpun, sem áður greinir, og að því lýtur einnig það orðalag, að verk skuli vera „samið“. Hefur það einkum þýðingu um mál, sem birt er, án þess að það sé áður fært í letur, svo sem munnlega fyrirlestra og ræður. Að vísu getur mál stundum talizt samið, þó að það sé mælt af munni fram (improviserað), t. d. tækifærisræður. En venjulegar viðræður mundu yfirleitt ekki njóta verndar sem bókmenntaverk, þó að þær væru jafnótt skráðar eða hljóðritaðar.

Til **leiksviðsverka,** sem eru ein grein bókmennta, teljast þau verk, sem ætluð eru til listflutnings á leiksviði, svo sem venjulegir sjónleikir, leikræn tónverk eða

söngleikir og verk, sem heyra danslist til og látbragðalist. Er hér vitanlega átt við verkið sjálft, en ekki listflutninginn.

Hugtakið **tónsmíðar** tekur til hvers konar hljómlistarverka, með eða án orða, og án tillits til þess, hvort verkið hefur verið samið áður eða um leið og það er flutt.

Til **myndlistar** teljast í höfundarétti m. a. málverk, listrænar teikningar og önnur dráttlistarverk, málmristur, steinprent, tréskurðarverk, höggmyndalist og önnur samsvarandi verk í litum og formum (grafísk og plastísk).

Byggingarverk falla undir vernd laganna, en þó vitanlega háð því almenna skilyrði, að þau geti talizt til listaverka. Hér til heyra ekki eingöngu hús, heldur og önnur mannvirkjagerð, ef í henni kemur fram sjálfstæð, listræn sköpun. M. a. hefur skrautgarðagerð verið talin til byggingarlistar (arkitektur). Verndin nær einnig til teikninga og líkana af byggingum, með því skilorði, sem hér var greint. Einstakir hlutar af byggingum, bæði hið innra og ytra, geta og notið sjálfstæðrar verndar, hvort sem byggingin er vernduð í heild eða ekki, t. d. sérstakar gerðir súlna eða turna, veggskreytingar, myndskreyttar rúður o. s. frv.

Kvikmyndaverk voru tekin upp í Bernarsáttmálann árið 1928 meðal verndaðra verka, sbr. 14. gr., og svo hefur einnig verið gert yfirleitt í höfundalögum, sbr. 1. gr. laga nr. 49 frá 1943. Verndin tekur til verksins sem heildar, en auk þess geta einstakir þættir þess notið sjálfstæðrar verndar, t. d. tónverk í hljómmynd. Höfundarétt að heildarverkinu öðlast þeir, sem með listrænu framlagi eiga þátt í heildarsköpun þess, og þá einkum höfundur kvikmyndahandritsins og leikstjórinn í sameiningu. Oftast fær framleiðandi kvikmyndarinnar þó með fyrirframgerðum samningi flestar þær heimildir, sem höfundarétti fylgja, svo sem rétt til eintakagerðar, birtingar og hagnaðar af afnotum. Þetta gildir þó ekki að öllu leyti um tónverk, sem notuð eru í kvikmyndum.

Ljósmyndagerð á sér ekki langa sögu og er í nánari tengslum við tækni en hin eldri myndlist. Alþjóðleg viðurkenning er samt fengin á því, að ljósmyndaverk geti haft listgildi. Í Bernarsáttmálanum, eins og frá honum var gengið árið 1948, eru ljósmyndaverk nefnd í flokki þeirra listgreina, sem undir höfundarétt falla. Samt er ljóst, að þetta á ekki við um meginhluta ljósmynda, sem er á venjulegu iðnaðarsviði. Sumar þjóðir hafa ekki tekið ákvæði um ljósmyndagerð upp í almenn höfundalög, heldur sett sérstök lög um vernd hennar í heild án tillits til þess, hvort myndir hefðu listgildi eða ekki. Þannig hafa Norðurlandaþjóðirnar farið að í sambandi við setningu hinnar nýju höfundalöggjafar sinnar. Vegna ákvæða Bernarsáttmálans má vernd listrænna ljósmynda þó ekki vera minni en þar er áskilið. Önnur ríki, þar á meðal Þýzkaland, hafa um langan aldur haft ákvæði um ljósmyndagerð í heild í almennum höfundalögum um vernd listaverka, en látið hana lúta nokkrum sérreglum. Er enn gert ráð fyrir þessu í hinu nýja þýzka frumvarpi til höfundalaga frá 23. marz 1962, og má af því ráða, að þetta fyrirkomulag hefur ekki valdið vandkvæðum í framkvæmd. Í 1. gr. gildandi laga nr. 49 frá 1943 eru ljósmyndir taldar meðal verndaðra verka, og tekur það vitanlega aðeins til listrænna ljósmynda. Þykir ekki þörf að gera breytingu á þessu, enda er þá líka fullnægt kröfum Bernarsáttmálans. Um vernd annarra ljósmynda eru svo sett sérákvæði í 49. gr., sbr. nánar umsögn um hana.

Loks er **nytjalist** nefnd sérstaklega í 2. málsgr. Hér gegnir svipuðu máli og um byggingarlist og ljósmyndalist, að meginhluti allra nytjamuna hefur ekki listrænt gildi. Nytjalist nýtur nú höfundaréttarverndar hér á landi, sbr. orðið listsmíði í 1. gr. laga nr. 49 frá 1943. Á ráðstefnunni í Brüssel árið 1948 var ákveðið, að nytjalist skyldi njóta verndar samkvæmt Bernarsáttmálanum. Í sænsku höfundalögunum er verndartímabil nytjalistar aðeins haft 10 ár, en það hefur sætt mikilli gagnrýni. Ekki skiptir máli, hvernig eintök nytjahluta eru framleidd, ef þau fullnægja skilyrðum um listrænt gildi, þ. e. hvort þau eru gerð í verksmiðjum eða handunnin.

Í lok 2. málsgr. er tekið fram, að einu gildi, á hvern hátt eða í hvaða formi verkið birtist. Sem dæmi má nefna, að bókmenntaverk nýtur jafnt verndar, hvort heldur það birtist í munnlegum upplestri, á prenti eða á hljómplötu.

Um 3. málsgr. Hér ræðir um teikningar, mótanir og þess háttar verk, sem ekki hafa listgildi og ekki geta heldur beint til bókmennta talizt, en standa venjulega í nánu sambandi við þær til fyllingar þeim eða skýringar, sbr. m. a. línurit, landabréf o. s. frv. Sams konar ákvæði var upphaflega í 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 13 frá 1905, sbr. síðar lög nr. 11 frá 1912 og nú b-lið 1. gr., sbr. 4. gr. laga nr. 49 frá 1943.

Um 2. gr.

Eins og nánar verður getið í umsögn um 3. gr., er höfundum almennt veittur einkaréttur til að gera eintök af verkum sínum og til að birta þau opinberlega. Hugtökin eintakagerð og birting eru því svo mikilvæg, að rétt þykir að skýrgreina þau sérstaklega.

Um 1. málsgr. Um eintakagerð af hugverki er rætt í 1. tölul. inngangsins hér að framan, og vísast almennt til þess. Um orðalag skal þess getið, að fræðilega merkja orðin eintakagerð, eftirgerð og margföldun verks eitt og hið sama. Eins og fyrr var greint, er orðið margföldun óheppilegt. Orðið eftirgerð leiðir og hugann að því, að frumeintak sé notað til nýrrar eintakagerðar, sbr. orðin eftirprentun, eftirmyndun, eftirlíking o. s.frv. En það, sem við er átt, er eftirgerð hugverksins eða hugsmíðarinnar. Hugtakið á því bæði að ná til þess, er höfundur festir sjálfur verk sitt á efni í fyrsta sinni, t. d. skrifar handrit eða málar málverk, og allrar síðari eftirgerðar. Þykir orðið eintakagerð ná bezt þeirri hugsun, sem hér felst að baki.

Upptaka hljóma á hljómplötur, segulbönd eða önnur hljóðrit og upptaka kvikmynda á filmur er að sjálfsögðu eintakagerð, og er ekki ástæða til að geta þess sérstaklega í lögunum.

Um 2. málsgr. Útgáfa verks er ein tegund birtingar þess, eins og sjá má af 3. málsgr. Eru ýmis réttaráhrif bundin við þenna sérstaka birtingarhátt. Það er skilyrði fyrir útgáfu, að gerð hafi verið eintök af verki og almenningi veittur aðgangur að þeim í álitsverðum fjölda, eins og greinir í 4. tölul. 4. gr. Bernarsáttmálans. Meta verður hverju sinni eftir tegund verksins og öðrum aðstæðum, hvort um nægilegan fjölda sé að ræða. Útgáfa tekur einkum til bókmenntaverka og tónverka á nótum, en listaverk, t. d. málverk, teljast einnig gefin út, ef gerðar eru af þeim eftirmyndir og þær boðnar almenningi.

Ákvæði 2. málsl. 2. málsgr. er sett í samræmi við fyrirmæli í 2. málsgr. 3. tölul. 4. gr. Bernarsáttmálans, sbr. og 2. tölul. 5. gr. Rómarsáttmálans frá 1961 um vernd listflytjenda o. fl.

Um 3. málsgr. Hér er heildarskýrgreining á hugtakinu birting. Það er skilyrði, að almenningur eigi þess kost að kynna sér verkið. Bókmenntaverk og tónverk má kynna með flutningi þeirra, svo sem upplestri eða framsögu samins máls, leiksviðsverk er flutt á leiksviði, tónverk er sungið eða leikið á hljóðfæri o. s. frv. Slík kynning getur farið fram án undanfarandi eintakagerðar af verkinu. Sem dæmi um birtingu verka, sem heyra myndlist til, má nefna, að þau séu sett á opinbera listsýningu, höfð til sýnis í sýningargluggum, höggmynd komið fyrir á almannafæri o. s. frv. Svipað kemur til greina um byggingarlist og nytjalist. En auk slíkrar beinnar kynningar, sem hér var getið, telst verk jafnan birt, þegar það hefur verið gefið út, sbr. 2. málsgr. Þegar lögin tengja sérstök réttaráhrif við það, að verk hafi verið birt, er átt við fyrstu birtingu, nema annars sé getið.

Önnur kynning verka en opinber fellur ekki undir hugtakið birting. Verk telst jafnan birt opinberlega, þegar það hefur verið gefið út, flutt eða sýnt á stöðum, sem almenningur á frjálsan aðgang að, hvort heldur gegn aðgangseyri eða gjaldfrjálst, flutt eða sýnt í útvarpi, sjónvarpi o. s. frv. Hins vegar tekur þetta ekki til

kynningar verka á heimilum, í lokuðum hópi fjölskyldu eða kunningja, m. a. í tækifærisveizlum o. fl. Mörkin eru hér vitanlega óglögg. Talið hefur verið, sbr. m. a. Knopf: Aandsretten, bls. 90, að ákveða verði svið einkabirtingar þröngt. T. d. beri að telja birtingu opinbera, ef hún fer fram á fundum félaga, jafnvel þó að félagatala sé takmörkuð. Almenna reglu um þetta mun vart unnt að setja, heldur verður að meta það hverju sinni, ef ágreiningur rís. Má þá hafa hliðsjón af venjum og réttarframkvæmd í löndum, þar sem löggjöf er á sama veg háttað.

Um 4. málsgr. Á síðari tímum hefur í mörgum löndum orðið að fastri reglu, að til opinberrar birtingar sé talinn flutningur verka, einkum hljómlistar, á atvinnustöðvum, þar sem margir starfsmenn vinna. Skiptir þá ekki máli, hvort verkið er flutt af listflytjanda þar á staðnum, hljómplata er leikin eða útvarpsflutningi er dreift til áheyrenda, venjulega með hátalarakerfi. Í 4. málsgr. er sett sú meðalhófsregla, að um birtingu á atvinnustöðvum, þar sem 10 menn eða fleiri vinna, skuli fara sem um opinbera birtingu. Er þetta í samræmi við venju, sem hér hefur myndazt í þessum efnum.

Um 5. málsgr. Til hægri verka er í frv. orðið útvarp látið ná bæði til hljómvarps (venjulegs útvarps) og sjónvarps, nema annars sé getið.

Um 3. gr.

Þess er getið í 1. gr., að höfundur hafi eignarrétt á verkum sínum. Leiðir þegar af því, að höfundur nýtur þeirra umráðaheimilda, sem almennt fylgja eignarrétti, m. a. réttar til afnota verksins og ráðstöfunar á því með löggerningi í lifanda lífi og með erfðaskrárákvæði. Réttarráð höfundar eru þó háð þeim takmörkunum, sem í lögunum greinir. T. d. fylgir eignarrétti að líkamlegum hlutum yfirleitt réttur til almennrar skuldfestingar, en svo er ekki með höfundarétt, sbr. 2. málsgr. 30. gr. Þrátt fyrir hið almenna ákvæði í 1. gr. þykir rétt að hafa í lögunum sérstakt ákvæði um rétt höfundar til eintakagerðar og birtingar, enda er þar um aðalinntak höfundaréttar að tefla.

Að því leyti sem ekki eru gerðar undantekningar, sbr. ákvæði II. kafla, nær einkaréttur höfundar samkvæmt 3. gr. til hvers konar eintakagerðar af verkum hans. Þó að höfundur hafi aðeins gert eitt eintak af verki og selt það af hendi, hefur hann, en ekki eigandi þess, rétt til eftirgerðar. Einkarétturinn nær einnig til eintakagerðar af verkinu í breyttri mynd þess eða breyttum formum, t. d. að gera ljósmyndir eða eftirprentanir af málverki, upptöku tónverks á hljóðrit, útgáfu á bókmenntaverkum í þýðingum og öðrum aðlögunum, sbr. 5. gr., o. s. frv.

Í öðru lagi hefur höfundur einkarétt til að birta verk sitt, sbr. 3. málsgr. 2. gr. Gildir það bæði um fyrstu birtingu og aðrar síðar. Kynning verks fyrir almenningi skiptir mestu máli um fjárhagsleg afnot þess, og er því eðlilegt, að höfundi einum sé áskilinn réttur til slíkra aðgerða. En auk þess koma sjónarmið persónuréttar þar mjög til greina, einkum um fyrstu birtingu. Um einkarétt til birtingar gildir sama og um einkarétt til eintakagerðar, að hann nær einnig til breyttra forma af frumverkinu. Réttur höfundar nær bæði til birtingar verksins í heild og einstakra hluta þess. Hins vegar er heimil almenn frásögn af efni birts verks (referat).

Um 4. gr.

Ákvæði greinar þessarar lúta að persónuréttindum, sem varða álit höfundar og heiður í sambandi við kynningu verka hans. Eiga þau að veita höfundum tryggingu fyrir því, að verk þeirra komizt óbrjáluð í hendur almenningi og að ekki sé um villt, frá hverjum þau stafa. Réttur þessi er í höfundarétti nefndur **droit moral**, sbr. og 6. gr. a Bernarsáttmálans.

Um 1. málsgr. Hér ræðir um rétt höfundar til að fá nafns síns getið, þegar verk hans er birt almenningi. Lagt er til grundvallar, að höfundum sé almennt

annt um að koma orði á sig og verk sín og fá að njóta heiðurs af þeim. Nafngreining getur orðið með þeim hætti, að hún sé prentuð eða hennar getið á annan veg á eintökum, sem af verkinu eru gerð, svo sem á bókum eða hljómplötum. Er útgefanda skylt að gæta þess, en þó með þeim undantekningum, sem síðar greinir. Í öðru lagi skal nafngreining fara fram, þegar verk er flutt eða sýnt opinberlega. Sem dæmi má nefna, að á hljómleikum eiga höfundar bæði lags og texta rétt til að fá nafns síns getið, á málverkasýningu ber að greina nöfn málara, þegar tónlist er flutt í útvarpi, skal geta um nöfn höfunda lags og texta og einnig greina nafn listflytjanda, sbr. 2. málsgr. 45. gr., o. s. frv.

Í 1. málsgr. segir, að nafngreining skuli fara fram, eftir því sem við getur átt. Þegar höfundur kynnir verk sín undir gervinafni, skal greina það, og er óheimilt að kynna nafn höfundar nema með samþykki hans. Ef höfundur hefur birt verk sitt nafnlaust, verður ekki um nafngreiningu að ræða, jafnvel þó að um höfund sé vitað, enda nafnbirting þá óheimil, nema hann samþykki hana. Við sum tækifæri verður nafngreiningu ekki komið við, svo að vel fari á því, t. d. við söng og annan hljómlistarflutning í kirkjum, tilvitnanir í tækifærisræðum o. fl. Verður að meta þetta eftir ástæðum hverju sinni.

Um 2. málsgr. Efni þessarar málsgr. er tvíþætt, og skal fyrst vikið að því fyrirmæli, að ekki megi breyta verki höfundar þannig, að skert geti höfundarheiður hans eða höfundarsérkenni.

Höfundi er í 3. gr. veittur einkaréttur til að breyta verki sínu. Er öðrum því óheimil hvers konar breyting þess án samþykkis hans. Ákvæði 2. málsgr. gildir því við hlið nefnds ákvæðis 3. gr., en er að því leyti þrengra, að það nær aðeins til breytinga, sem höfundi gæti orðið vansæmd að. Hefur það og sjálfstæðu hlutverki að gegna, þar sem um það koma til greina almennar reglur persónuréttar, sbr. einkum ákvæði 3. málsgr.

Við mat á því, hvort breyting sé til þess fallin að skerða heiður höfundar, koma m. a. til greina svipuð sjónarmið og um ærumeiðingar almennt. En þar sem um höfundarheiður er að tefla, ber einnig mjög á það að líta, hvort breytingin dregur úr listgildi verksins. Í framkvæmd koma breytingar á verki höfundar helzt til sögu, þegar hann hefur veitt öðrum heimild til aðlögunar á því, sbr. 5. gr. Ef höfundur hefur t. d. heimilað, að harmleikur sé notaður til kvikmyndagerðar, mundi höfundarheiður hans vera skertur, ef leiknum væri breytt þannig, að hann fengi hamingjusaman endi. Gæti hann þá stöðvað sýningu kvikmyndarinnar þannig gerðrar. Þess má geta, að skopstælingar teljast ekki til slíkra breytinga, sem ákvæði 2. málsgr. veita vernd fyrir.

Breyting má ekki heldur vera til þess fallin að skerða höfundarsérkenni þess, sem verkið hefur samið. Gildir það bæði um form verks og efni og er óháð því, hvort breytingin yrði almennt talin vansæmandi. Sem dæmi má nefna, að rit manns, sem kunnur er að baráttu fyrir tilteknu málefni, er notað sem uppistaða í kvikmynd, sem flytur andstæðan boðskap.

Í 2. málsgr. er höfundi einnig veitt vörn gegn því, að verk hans sé birt með þeim hætti eða í því samhengi, að honum verði til vansæmdar. Ef höfundur hefur t. d. selt tilteknu útgáfufyrirtæki rétt til að birta skáldsögu sem framhaldssögu í nýju tímariti, þá gæti hann hindrað birtingu á framhaldi sögunnar, ef efni tímaritsins reyndist þannig að öðru leyti, að telja mætti það til sorprita. Sama er, ef listaverki væri í listasafni valinn staður, sem telja mætti óvirðulegan, o. s. frv.

Þegar brotið er gegn ákvæðum 1. eða 2. málsgr., mundi höfundur oft eiga rétt til miskabóta, sbr. 2. málsgr. 56. gr.

Um 3. málsgr. Ákvæði þetta er í samræmi við almennar reglur um afsal persónuréttinda eða uppgjöf á þeim.

Um 5. gr.

Um 1. málsgr. Aðlaganir (adaptations) eru hér nefndar einu nafni breytingar á bókmenntaverki eða listaverki, sem fullnægja þeim skilyrðum, að hin breytta gerð verksins gegni sérstöku hlutverki við hlið aðalverksins og að hún sé árangur sjálfstæðrar, andlegrar starfsemi.

Aðlögun getur verið þannig háttað, að hún heyri til hinni sömu grein bókmennta eða lista og aðalverkið, en breytt frá upphaflegri gerð þess. Þar til teljast fyrst og fremst þýðingar bókmenntaverka á önnur tungumál. Þær eru oft gerðar af mikilli list, þó að frumleiki efnisins sé í aðalverkinu. Auk þýðinga má í þessu sambandi nefna, að skáldsaga sé endursögð í styttra og einfaldara máli sem lestrarefni handa börnum, eða tónverk sett út fyrir fleiri raddir eða fleiri hljóðfæri en höfundurinn hafði gert. Mörkin niður á við eru hér óglögg. Ýmsar breytingar, þó að nauðsynlegar geti verið, eru ekki svo mikilvægar, að þær verði taldar til aðlaganа. Sviðsetning og önnur leikstjórn á leiksviðsverki er sjaldan þess eðlis, að hún yrði álitin aðlögun á leikritinu, en í sumum tilvikum kann hún að vera svo frumleg og sjálfstæð, að leikstjórinn yrði talinn eiga höfundarétt að henni samkvæmt 5. gr.

Verki má einnig breyta frá upphaflegu formi sínu í aðra grein bókmennta eða lista. T. d. er títt, að skáldsögu sé snúið í leikrit og að kvikmyndaverk sé gert eftir skáldsögu eða leikriti. Einnig má nefna sem dæmi, að málmstunga sé gerð eftir málverki.

Í höfundalöggjöf sumra landa hefur listflutningur, t. d. söngvara, hljóðfæraleikara, leiksviðsleikara o. fl., verið talinn aðlögun á verki því, sem flutt er. Þetta hefur þó ekki hlotið almenna viðurkenningu, og eftir setningu alþjóðasáttmála um vernd listflytjenda o. fl. í Róm 1961, mun þetta vera úr sögunni. Enn síður getur upptaka tónverks á hljómplötur talizt til aðlögunar á verkinu, þó að svo hafi verið gert í dönsku höfundalögunum frá 1933, enda er frá því horfið í hinum nýju dönsku höfundalögum frá 1961.

Sá, sem framkvæmir aðlögun á verki, öðlast höfundarétt á því í hinni breyttu gerð þess, en vitanlega haggar það ekki rétti höfundar yfir aðalverkinu. Þegar þýðing eða önnur aðlögun er gerð á óvernduðu verki, er aðlagandinn einn um höfundaréttinn, en öðrum er heimil sams konar aðlögun á verkinu með sínum hætti. Ef um vernduð verk er að ræða, þarf að vísu ekki samþykki höfundar til sjálfrar aðlögunarinnar. Öllum er t. d. heimilt að þýða vernduð erlend verk til sjálfs sín nota, sbr. 11. gr. En höfundur hefur einkarétt til opinberrar birtingar á aðlögunum verka sinna. Útgáfa, flutningur í útvarp og önnur opinber birting á þýðingu verndaðs rits er því óheimil, nema samþykki höfundar komi til, og sama er að segja um hvers konar aðlaganir. Af þessu leiðir, að sérstakt réttarsamband stofnast milli höfundar og aðlaganda. Þeir verða hvor öðrum háðir um birtingarrétt á aðlöguninni með svipuðum hætti og væru þeir sameigendur að henni. Sá þeirra, sem birti aðlögun án samþykkis hins, gæti sætt viðurlögum fyrir það samkvæmt VII. kafla. En ekki mundi slíkt brot af hálfu aðlaganda leiða til þess, að hann glataði höfundarétti að aðlöguninni.

Aðlagandi nýtur um verk sitt sömu réttarráða, sem almennt fylgja höfundarétti, og með sömu takmörkunum. Hann nýtur m. a. verndar eftir 4. gr. Verndartímabil aðlögunar er hið sama sem annarra verndaðra verka, þ. e. ævi aðlaganda og 50 ár frá næstu áramótum eftir lát hans, sbr. 43. gr. Getur það því staðið lengur en verndartímabil aðalverksins.

Um 2. málsgr. Mörk aðlögunar upp á við fara eftir mati á því, hvort telja megi nýtt og sjálfstætt verk til orðið, þó að eldra verk sé að meira eða minna leyti notað sem uppistaða þess. Ef hið nýja verk er metið nýtt frumverk, fylgir því höfundaréttur samkvæmt 1. málsgr. 1. gr., sbr. og 13. gr. laga nr. 13 frá 1905. Sem dæmi úr réttarframkvæmd má benda á Hæstaréttardóma 1953, bls. 130. Þar var leikritið

Valpone eftir Stefan Zweig talið sjálfstætt frumverk, en ekki aðlögun á samnefndu leikriti Ben Jonsons. Að vísu mundi niðurstaða hafa orðið hin sama, þó að verkið hefði verið metið aðlögun.

Um 6. gr.

Um 1. málsgr. Í samræmi við meginreglur höfundaréttar og erlend höfundalög nú á tímum er þeim, sem unnið hefur að samsetningu safnverks, því aðeins veittur höfundaréttur að því, að það sé árangur sjálfstæðrar, andlegrar starfsemi, en ekki einungis samsafn af handahófi. Ákvæðið tekur aðallega til bókmenntaverka, en listræn samsetning listaverka, t. d. myndlistar, getur og fallið undir það. Sem dæmi um vernduð safnverk, má nefna úrval ljóða, smásagna eða ferðasagna, lestrarbækur handa nemendum til kynningar á bókmenntum, alfræðibækur (sjálfstæð, andleg starfsemi við samsetningu er þar einkum fólgin í vali uppsláttarorða), o. s. frv. Úrval úr verkum eins höfundar getur verið safnverk í merkingu 6. gr.

Höfundarétt að safnverki fær sá, sem lagt hefur til hina andlegu starfsemi við gerð þess. Verk hans á mjög skylt við aðlögun, þar sem hér er verið að hagræða verkum annarra manna. Ef safnverk geymir eingöngu óvernduð verk, t. d. úrval ljóða frá 17. öld, er höfundur þess einn um höfundaréttinn. En séu þar einnig eða eingöngu vernduð verk, er opinber birting safnverksins háð samþykki höfundar eða höfunda hinna vernduðu verka. Gildir það einnig um síðari útgáfur safnverksins, eins og um önnur verk. Hinir einstöku höfundar halda að sjálfsögðu höfundarétti sínum að verkunum, þrátt fyrir birtingu þeirra í safnriti.

Oft er útgáfu safnrita hagað þannig, að útgefandi öðlast með samningi við þann, sem verkið vinnur, m a. starfssamningi, ýmsar þær heimildir, sem almennt fylgja höfundarétti.

Um 2. málsgr. Um dagblöð og tímarit gegnir sérstöku máli. Útgefendur þeirra eru að jafnaði ópersónulegir aðiljar, félög eða stofnanir. Ritstjórar, sem koma og fara, ráða að vísu hverju sinni um gerð ritsins og efni, en ekki er ástæða til að láta þá, hvern um sig, fá höfundarétt að þeim árgöngum eða hlutum árganga af ritunum, sem út eru gefnir í ritstjórnartíð þeirra. Í 3. gr. laga nr. 13 frá 1905 er útgefendum blaða og tímarita veittur einkaréttur á að gefa út rit þessi í einni heild sem höfundar væru. Rétt þykir að láta reglu þessa haldast, en samkvæmt niðurröðun efnis á ákvæði um hana heima í III. kafla, sbr. 40. gr. Skýrgreining á hugtakinu tímarit í 9. gr. laga nr. 57 frá 1956 gildir ekki hér, að því leyti sem þar ræðir um útgáfu rits ekki sjaldnar en tvisvar á ári.

Um 7. gr.

Verk, sem höfundaréttur fylgir, er stundum skapað af tveimur eða fleiri mönnum í sameiningu. Það á þó einkum við um leiksviðsverk. Getur slíkt samstarf verið með ýmsum hætti. Þegar unnt er að aðgreina framlögin án þess að rjúfa heildarverkið, hefur hvor eða hver höfundur sjálfstæðan rétt á sínu verki. T. d. hefur höfundur söngleikstexta höfundarétt að honum og tónskáldið að tónverkinu, þó að í flutningi söngleiksins komi báðir þættirnir fram í sameiningu. Sama er oftast að segja um myndskreytingar bóka, þar sem annar er höfundur texta, en hinn mynda. Taka ákvæði 7. gr. ekki til slíkra verka. En þegar aðgreining er ógerleg eða mundi skaða heildarverkið verulega, eignast báðir eða allir höfundarnir höfundarétt í sameiningu.

Almennar reglur um sameign á líkamlegum hlutum eiga ekki að öllu leyti við um sameign höfunda á bókmenntaverki eða listaverki, með því að persónuréttindi tengjast þar hinum fjárhagslega rétti, sbr. m. a. 4. gr. Um slíka sameign er það almenn regla, að til umráða og ráðstöfunar á verkinu þarf samþykki allra samhöfundanna. Gildir það um opinbera birtingu, bæði í fyrsta sinn og síðar, breytingar á verkinu og afnot þess. Þó má vera, að synjun um fjárhagsleg afnot, einkum eftir að verkið hefur verið birt almenningi, þyki svo rakalaus, að hún eigi ekki rétt á

sér, t. d. synjun um upplestur í útvarp á bók, sem er til sölu á almennum markaði. Brot á höfundaréttinum getur hver samhöfundanna átalið sjálfstætt, enda á enginn þeirra að þurfa að hlíta því að brotinn sé á honum réttur, þó að hinir vilji sætta sig við það, e. t. v. af því, að þeir hafa ráðstafað verkinu leynt eða ljóst í bága við rétt þess, sem vill átelja brotið. Þykir ekki þörf á að taka þetta sérstaklega fram í lögunum, þar sem það er í samræmi við almennar réttarreglur, sbr. og Hæstaréttardóma 1960, bls. 512.

Ef samhöfundar hafa ekki sjálfir samið með sér um skiptingu þóknunar fyrir afnot verksins, mundi bera að ákveða þeim hlut að tiltölu við framlög þeirra, hvers um sig.

Um 8. gr.

Ákvæðum greinar þessarar er ætlað að stuðla að því, að unnt sé í viðskiptum manna að henda reiður á því, hver sé höfundur tiltekins verks eða fari með fyrirsvar höfundar. Þegar samið er um líkamlega hluti, er venjulega auðvelt að kynna sér, hvernig umráðum þeirra er háttað, sbr. og reglur um þinglýsingu eignarráða á fasteignum. Andlag höfundaréttar er hins vegar ólíkamlegt, og ytri atvik gefa yfirleitt ekki til kynna umráð þess. Þegar eintök eru gerð af verkinu, má nokkuð úr þessu bæta með nafngreiningu höfundar á þeim, og þegar verk er flutt eða sýnt opinberlega, má jafnframt kynna nafn höfundar, sbr. og ákvæði 4. gr.

Um 1. málsgr. Hér eru reglur um löglíkur fyrir því, hver sé höfundur verks, þegar nafngreining hefur farið fram á eintökum þess eða við birtingu. Ákvæðið er í hag höfundi, þar sem tekið er af honum ómak um að sanna höfundarétt sinn hverju sinni. Í reglunni felst einnig hagræði til handa viðsemjanda höfundar, sem á að geta treyst því, að hann semji við réttan umráðamann, ef engin sérstök atvik gera það tortryggilegt.

Í 15. gr. Bernarsáttmálans er sams konar regla um löglíkur, þegar höfundur er nafngreindur á eintökum verks. Í samræmi við hina nýju norrænu höfundalöggjöf eru löglíkur einnig látnar koma til, þegar nafns höfundar er getið við annars konar birtingu verks. Gervinöfn og höfundarmerki eru hér, eins og í nefndri grein Bernarsáttmálans, látin jafngilda nafngreiningu, þegar alkunna er, hver gervinafnið eða merkið notar, sbr. t. d. gervinöfnin Jón Trausti og Steinn Steinarr.

Um 2. málsgr. Nauðsynlegt er að hafa reglur um lögmælt fyrirsvar fyrir höfund, þegar hann er ekki nafngreindur samkvæmt 1. málsgr. Ákvæðið tekur þó aðeins til verka, sem út hafa verið gefin, sbr. 2. málsgr. 2. gr. Er útgefanda verksins þá falið fyrirsvarið. Orðið útgefandi er hér notað í sömu merkingu sem í 2. málsgr. 15. gr. Bernarsáttmálans, enda er það, að því er bókmenntaverk varðar, í samræmi við 3. sbr. 10. gr. laga um prentrétt nr. 57 frá 1956. Orðið á því ekki við um ritstjóra, sem ráðnir eru af útgefanda, og enn síður um aðra menn, sem ráðnir hafa verið til að búa verk undir prentun, þó að þeir séu stundum gegn rökréttri orðmyndun og málvenju nefndir útgefendur. Sbr. og ákvæði 33.—40. gr. frv. þessa.

Útgefendur verndaðra verka hafa yfirleitt fengið útgáfurétt með samningi, sbr. 33. gr. Vegna ákvæða 2. málsgr. um lögmælt fyrirsvar, verður höfundur bundinn við gerðir útgefanda gagnvart grandlausum viðsemjanda, þó að þær brjóti í bága við fyrirmæli í útgáfusamningi, en þá getur og útgefandi sætt viðurlögum eftir almennum reglum. Er höfundur birtir nafn sitt, getur hann ef til vill komið því til leiðar, að viðsemjendur útgefanda verði ekki grandlausir um heimild hans. En gagnvart grandlausum viðsemjendum verður fyrirsvarið aðeins fellt niður með nafngreiningu höfundar á nýrri útgáfu verksins eða í tilkynningu til menntamálaráðherra.

Meðan fyrirsvar helzt, hefur útgefandi á hendi hvers konar réttarráð, sem höfundarétti fylgja, þar á meðal að leyfa afnot verksins og ráðstafa því á annan hátt með samningi, sem væri hann sjálfur höfundur. Hann getur og tekið við greiðslum, átalið brot á réttinum, þar á meðal á ákvæðum 4. gr., o. s. frv. Með því að höf-

undur er ókunnur, verður útgefandi persónulega bundinn við samningsgerð, og er það undantekning frá almennum fyrirsvarsreglum.

Rétt til að birta nafn höfundar á nýrri útgáfu eða með tilkynningu til menntamálaráðherra hefur höfundur einn, meðan hann lifir (persónulegur réttur), en að honum látnum handhafi höfundaréttar eða handhafar, enda séu þeir, ef fleiri eru, sammála um nafngreiningu. Jafnan er þó óheimilt að birta nafn höfundar eftir lát hans, ef hann hefur lagt bann við því í erfðaskrárákvæði samkvæmt 2. málsgr. 31. gr.

Um 9. gr.

Í 8. gr. laga nr. 13 frá 1905 er mælt, að ýmis gögn, sem þar eru talin, megi „hver gefa út sem vill". Þessi regla er hér látin haldast um nokkurn hluta þeirra gagna, sem getið er í nefndri 8. gr., og þau gerð að öllu leyti óháð höfundarétti. Er þar um að tefla ákvarðanir eða niðurstöður löggjafarvalds, framkvæmdarvalds og dómsvalds, sem annaðhvort ber að birta eða ekki skal halda leyndum fyrir almenningi. Þykir rétt, bæði vegna hins opinbera og almennings, að greitt sé fyrir kynningu slíkra gagna. Tilgreining 9. gr. á gögnum er ekki tæmandi. T. d. mundu ákvæði hennar einnig taka til þingsályktana.

Um ýmis gögn, sem getið er í 8. gr. laga nr. 13 frá 1905 er það að segja, að ekki þykir ástæða til að fella þau með öllu undan vernd laganna. Eru þau með nokkrum breytingum tekin upp í 22. gr. frv. og víðtæk takmörkun gerð á vernd þeirra. Skiptir því yfirleitt ekki miklu máli, hvort tiltekin gögn eigi að færa undir ákvæði 9. gr. eða 22. gr., en þegar vafi er, ber fremur að nota 22. gr.

Fyrirmæli 9. gr. taka aðeins til þar greindra gagna, eins og þau koma frá hendi hins opinbera. Ef úr þeim er unnið, t. d. gefið út lagasafn með skýringum, fellur slíkt verk undir vernd laganna. Sama er að segja um þýðingar á erlend mál á lögum, dómum o. s. frv.

Um 10. gr.

Í ýmsum löndum hafa verið sett sérlög um vernd á mynztrum, án tillits til listgildis þeirra, en ekki hafa slík lög verið sett hér á landi.

Með ákvæðum 10. gr. er þeim mynztrum einum veitt höfundaréttarvernd, sem sameina notagildi og listrænt gildi. Í 5. tölul. 2. gr. Bernarsáttmálans er lagt á vald aðildarríkjanna, hvort og að hverju leyti þau veiti mynztrum vernd í höfundalögum.

Um II. kafla.

Eignarréttur að líkamlegum hlutum er í lögum allra þjóða háður margs konar almennum takmörkunum. Sama hefur verið um höfundarétt, frá því hann kom fyrst til sögu. Var þess og að vænta í upphafi, að verndin væri af skornum skammti, meðan enn var rótgróið í hugum manna, að afnot andlegra verka ættu að vera öllum frjáls, eftir að höfundur hafði kynnt þau. Í þessum kafla eru ákvæði um almennar takmarkanir á höfundarétti. Gætir þar mest undantekninga frá reglum 3. gr. um einkarétt höfundar til eintakagerðar af verki sínu og til að birta það almenningi. Um takmarkanir á rétti höfunda samkvæmt 4. gr. (droit moral) er yfirleitt ekki að ræða, að undanteknum ákvæðum 13. gr. Takmarkanir eru ýmist þannig, að tiltekin afnot verka eru heimiluð kvaðalaus, eða að þau eru leyfð án samþykkis höfundar, en gegn þóknun til hans (afnotakvöð, compulsory licence, tvangslán).

Ástæður til takmörkunar á verndinni eru mismunandi, og verður að því vikið í umsögn um einstakar greinar. Til grundvallar þeim öllum liggur þó það, að hagsmunir höfunda verði að þoka fyrir tilteknum, almennum hagsmunum, sem meira eru metnir. Þegar takmarkanir eru gerðar í þágu ríkisins, þykir þó ekki rétt að leyfa gjaldfrjáls afnot vegna þess eins, að með því séu ríkissjóði spöruð útgjöld. Mun slíkt hvergi tíðkast nú á tímum.

Um 11. gr.

Um 1. málsgr. Samkvæmt 3. gr. hefur höfundur einkarétt til að gera eintök af verki sínu. Frá þeirri meginreglu er hér gerð viðtæk undantekning. Leyfð er eintakagerð án samþykkis höfundar, en heimildin því skilyrði bundin, að eintökin séu aðeins höfð til einkanota. Eru því umráð yfir slíkum eintökum að miklum mun takmarkaðri en á eintökum, sem gerð eru af höfundi sjálfum eða samkvæmt heimild frá honum og menn hafa eignazt með kaupum eða öðrum löglegum hætti, sbr. um það einkum ákvæði 24. og 25. gr.

Höfundaréttur hefur hvarvetna verið háður þeirri takmörkun, sem leiðir af ákvæðum 1. málsgr. Liggja til þess ýmis rök, og eru þau veigamest, að almenn menning er mjög undir því komin, að menn geti í einkalífi sínu tileinkað sér bókmenntir og listir, sem almenningur hefur fengið aðgang að, enda eyðist hér ekki það, sem af er tekið. Um hinn fjárhagslega rétt höfunda skiptir mestu máli, að þeim sé áskilin þóknun fyrir afnot verka þeirra í atvinnurekstri eða að öðru leyti í ávinningsskyni. Fyrir menningarframlög höfunda vegna einkanota á verkunum verða þjóðfélögin að launa þeim með öðrum hætti.

Á síðustu áratugum hefur komið til sögu vandamál, sem mjög hefur verið rætt í sambandi við höfundarétt og setningu nýrra höfundalaga. Er hér átt við segulbandstæki, sem hafa gert mönnum kleift að taka upp tónlist og talað mál eftir hljómplötum eða útvarpi til afnota í heimahúsum. Almennt er viðurkennt að útbreiðsla og síaukin notkun segulbandstækja dragi úr sölu á hljómplötum og skerði þar með hag höfunda (auk framleiðenda og listflytjenda). Ekki er kunnugt, að í nokkru landi hafi enn verið sett lagaákvæði, sem banni upptöku verndaðra verka á segulbandstæki til einkanota án samþykkis höfunda, né að þeim hafi verið áskilin þóknun fyrir slíka notkun eftir reglum um afnotakvöð. Hins vegar gekk dómur í Sambandslýðveldinu Þýzkalandi hinn 18. maí 1955 á þá leið, að samkvæmt meginreglum höfundaréttar sé umrædd upptaka til einkanota á heimilum óheimil án samþykkis höfunda. Ráðgert er í hinu nýja þýzka frumvarpi til höfundalaga frá 23. marz 1962, að ekki þurfi að leita samþykkis höfunda til segulbandsupptöku, en að þeir eigi rétt til þóknunar fyrir afnot tækjanna, þar á meðal til einkanota, þ. e. að afnotakvöð komi í stað einkaréttar samkvæmt dóminum. Meðan frumvörp til hinna norrænu höfundalaga voru á döfinni, tóku Danir einir upp í sitt frv., að eigendur segulbandstækja skyldu greiða afgjald til höfunda eftir nánari ákvörðun í reglugerð, en síðar felldu þeir ákvæði þetta niður. Leyfa öll norrænu lögin upptöku á segulbönd án samþykkis höfunda og án greiðsluskyldu. Hefur og verið talið lítt framkvæmanlegt að hafa eftirlit með einkanotkun bæði á þessu sviði og öðrum. Til orða hefur komið að leggja innflutningsgjald eða söluskatt á segulbandstæki til hagnaðar fyrir höfunda, en slík ákvæði ásamt reglum um sjóðstofnun, sem þeim væri samfara, ætti heima í sérlögum, en ekki almennum höfundalögum. Eins og þessum málum er háttað, hafa ekki verið teknar í frv. þetta neinar sérreglur um segulbandsupptöku.

Þess má einnig geta, að fundin hafa verið upp og tekin í notkun sérstök ljósmyndunartæki, sem mynda ritað eða prentað mál í mjög smækkuðu formi á filmur, sem síðan má lesa af með þar til gerðum lestækjum. Hafa bókasöfnum reynzt tæki þessi hagkvæm að ýmsu leyti, en ekki er notkun þeirra orðin svo almenn, að hag bókaútgefenda sé í hættu stefnt.

Einkanot samkvæmt 1. málsgr. taka fyrst og fremst til beinna persónulegra afnota. Nefna má sem dæmi afritun kvæða úr ljóðabókum, ljósmyndun á listaverkum til geymslu í myndasafni, afrit nemenda á fyrirlestrum kennara til notkunar við námið, æfingar í að þýða erlend rit eða gera eftirmyndir eftir málverkum o. s. frv. Einnig hefur verið talið, að auk slíkra persónulegra nota séu heimil almenn afnot innan fjölskyldu og í þröngum kunningjahópi. Spurning hefur verið um, hvort þeim, sem gert hefur eintak til einkanota, sé heimilt að láta það af hendi.

Því hefur almennt verið svarað þannig, að afhending sé leyfileg innan sama hóps fjölskyldu og kunningja, sem leyfa mætti afnot eintakanna samkvæmt framansögðu, en þó eingöngu til einkanota fyrir viðtakanda. Hins vegar væri gengið á rétt höfundar, ef gerð væru póstkort eftir ljósmynd af verki hans og höfð til sölu, afrit af fyrirlestri væri fjölritað og dreift meðal nemenda, eftirmynd eftir málverki höfð til sýnis opinberlega eða æfingar í þýðingu á vernduðu verki lesnar upp á almennri samkomu eða í útvarpi o. s. frv. Í 3. gr., sbr. 3. málsgr. 2. gr., er höfundum veittur einkaréttur til að birta verk sín opinberlega, og felst ekki í 1. málsgr. 11. gr. nein undantekning frá þeirri reglu.

Hugtakið einkanot hefur ávallt verið skýrt svo, að það nái ekki til notkunar í atvinnurekstri. Undantekningar frá því hafa samt verið taldar eiga rétt á sér, ef afnotin eru algerlega persónuleg, t. d. ef læknir eða verkfræðingur afritar eða ljósmyndar kafla úr vísindariti til afnota við starf sitt. En aftur á móti mundi fjölritun og dreifing til margra starfsmanna fara í bága við rétt höfundar.

Heimilt er samkvæmt 1. málsgr. að gera fleiri eintök en eitt af vernduðu verki. Höfundur mundi þó hafa rétt til að hindra eintakagerð, ef hún væri framkvæmd í mun stærri stíl en tilefnið helgar.

Um 2. málsgr. Sú undantekning er gerð hér frá reglu 1. málsgr., að mannvirkjagerð er ávallt óheimil eftir vernduðu verki, sem heyrir byggingarlist til. Er auðsætt, að höfuðtilgangi með vernd byggingarlistar yrði ekki náð, ef öllum væri heimilt að koma sér upp slíkum mannvirkjum til einkanota. Ákvæðið nær aðeins til þess, að mannvirki sé gert, t. d. hús smíðað. Aðrar tegundir eintakagerðar innan sviðs einkanota eru því heimilar, svo sem eftirmyndun teikninga, smíði líkana, ljósmyndagerð o. s. frv.

Um 3. málsgr. Eins og sjá má með gagnályktun af ákvæðum þessarar málsgr., er það aðalregla, að við eintakagerð samkvæmt 1. málsgr. er leyfilegt að neyta aðstoðar annarra manna. Oftast mundi vera um aðstoð að ræða, sem ekki væri tengd atvinnu þess, sem hana veitir. En launuð aðstoð við sjálfa eintakagerðina er ekki hið sama sem notkun eintaksins í atvinnuskyni. Hefur verið talið heimilt að láta launaða starfsmenn gera eintök til einkanota. Sjálfstæðum vélritunarstofum er heimilt að vélrita einstök eintök til einkanota eftir pöntun, en hins vegar óheimilt að gera eintök á sjálfs sín vegum til sölu handa hverjum, sem vildi. Þá er og bóka- og skjalasöfnum talið leyfilegt að ljósmynda einstök eintök eftir pöntun gegn greiðslu. Þegar slík launuð aðstoð er veitt, hvílir ábyrgðin á því, að eintak verði aðeins haft til einkanota, á þeim, sem pöntun gerir, nema hlutdeildarábyrgð komi til eftir almennum reglum.

Undantekningar frá framangreindum reglum um aðstoð eru gerðar í 3. málsgr. Hin almenna regla er við það miðuð, að ekki þurfi sérhæfingu eða listræn handbrögð til eintakagerðarinnar, sbr. t. d. vélritun eða upptöku á segulband. Hins vegar væri of nærri höggvið rétti höfundar, ef leita mætti til annarra listamanna um eftirmyndun á listaverki eða til húsgagnasmiða um gerð húsgagns, sem verndar nyti eftir reglum um nytjalist. Eru ákvæði 3. málsgr. við þetta miðuð.

Um 12. gr.

Þar sem opinber bóka- og skjalasöfn eru opin almenningi til afnota, njóta þau ekki góðs af ákvæðum 11. gr. um eintakagerð verndaðra verka til einkanota. Nú á tímum er mjög mikilvægt fyrir söfnin að eiga kost á því að ljósmynda verk til notkunar í starfsemi sinni, einkum eftir að ljósmyndun í smækkuðu formi (mikrofilming) kom til sögu. Þykir því rétt að veita þeim heimild til eintakagerðar, eins og í þessari grein segir. Hagsmunir höfundar eru ekki heldur að neinu ráði skertir, ef notkun eintakanna er bundin við starfsemi innan safnanna.

Svipuðu máli og um söfn gegnir um vísinda- og rannsóknastofnanir. Þeim er það mikið hagræði að geta safnað saman, eftir því sem við á, efni úr vísindalegum

verkum og sérfræðitímaritum. Er þeim því veitt sama heimild og opinberum bóka- og skjalasöfnum. Hvorki haggar þessi grein né önnur ákvæði frv. rétti Listasafns Íslands samkvæmt lögum nr. 53 frá 1961.

Lagt er á vald ráðherra að ákveða í reglugerð, hvaða stofnanir eigi að njóta réttar til eintakagerðar eftir þessari grein. Má bæði gera það með því að nefna tilteknar stofnanir og með almennri tilgreiningu. Einnig skal þá setja nánari reglur um umráð eintakanna. Ekki er heimilt að afhenda þannig gerð eintök af vernduðum verkum út fyrir stofnunina. Heimild til aðstoðar eftir 11. gr. ber að skýra svo, að eintök séu gerð hverju sinni samkvæmt pöntun, en ekki gerð fyrirfram til afhendingar eða útlána.

Um 13. gr.

Höfundur hefur samkvæmt 3. gr. einkarétt til að gera breytingar á verki sínu, og í 4. gr. er bannað að breyta verki þannig, að skert geti höfundarheiður eða höfundarsérkenni þess, sem það hefur skapað. Þegar listaverk er einungis gert til skrauts eða listnautnar, er auðvelt að koma þessum reglum við, en öðru máli gegnir, þegar það hefur jafnframt nytjagildi. Þá getur verið, að afnot þess hafi í för með sér nauðsyn á breytingum. Getur það leitt til hagsmunaárekstrar milli eiganda og höfundar. Að því lúta ákvæði greinar þessarar.

Um 1. málsgr. Hér ræðir um verk, sem verndar njóta eftir reglum um byggingarlist. Um breytingar ber að hafa í huga, að verndin nær aðeins til hins listræna forms verksins, og eru ýmsar aðgerðir á mannvirkinu óháðar því, t. d. að jafnaði breytingar á herbergjaskipun innan húss. En þegar breytingin hefur áhrif á hið listræna form, verður að meta hverju sinni, hvort meira má sín tillitið til hagsmuna höfundar, og þá einkum réttar hans eftir 4. gr., eða tillit til hagsmuna eiganda, sem venjulega eru fjárhagslegs eðlis. Við matið kemur m. a. til greina, hvort eiganda er unnt að bæta úr þörf sinni með öðrum hætti, og hver kostnaðarauki honum yrði að því. Ekki er réttur eiganda samkvæmt 1. málsgr. við það bundinn, að nota eigi mannvirkið eftir upphaflegu hlutverki þess.

Um 2. málsgr. Breyting muna, sem heyra nytjalist til, er hér gerð frjáls og óháð höfundi. Oft er þar um fjöldaframleiðslu að ræða, og hefur meðferð einstakra muna þá yfirleitt engin áhrif á rétt höfundar til verksins sjálfs.

Hvergi mun í höfundalögum lagt bann við því, að eigandi eintaks af listaverki ónýti það eða eyði því, og eru engin ákvæði þess efnis tekin upp í frv. Eiganda byggingar, sem háð er höfundarétti, er því heimilt að láta fara fram niðurrif á henni.

Sams konar ákvæði og hér eru í 13. gr. hafa verið tekin upp í lög ýmissa Bernarsambandsríkja, og er ekki talið, að þau brjóti í bága við fyrirmæli 6. gr. a í sáttmálanum.

Um 14. gr.

Í sjálfstæðum ritverkum er oft þörf á að vitna til eldri rita, þar á meðal verndaðra verka. Gildir þetta einkum um vísindaleg verk, gagnrýni og almenna bókmenntakynningu. Af þessum sökum hefur í höfundarétti ávallt verið talið óhjákvæmilegt að leyfa tilvitnanir í birt verk höfunda án samþykkis þeirra. Hitt hefur þótt meiri vandkvæðum bundið, hverjum takmörkunum tilvitnunarréttur eigi að vera háður. Tilvitnanir varða aðallega bókmenntaverk og tónverk, en þær koma einnig til greina um fleiri tegundir verndaðra verka. Þó er auðsætt, að rétti höfunda myndlistar væri oftast misboðið, ef aðeins væri birt mynd af hluta verks, en ekki af því í heild. Eru í 2. og 3. málsgr. sérreglur, sem að slíkum listaverkum lúta.

Um 1. málsgr. Hér er þess getið, að tilvitnanir séu heimilar í sambandi við gagnrýni, vísindi og almenna kynningu, en sú upptalning er ekki tæmandi. Aðalatriðið er það, að tilvitnun helgist af réttmætum tilgangi, þ. e. að ástæðan til hennar sé slík, að viðurkenna megi hana við framkvæmd laganna. Auk þeirra dæma, sem nefnd eru, hafa tilvitnanir m. a. verið taldar eiga rétt á sér til að krydda með

ræður og ritgerðir við sérstök tækifæri. Ekki mun hafa verið amazt við því, þó að stuttar tilvitnanir hafi verið notaðar í blöðum og tímaritum án beins sambands við meginmál, svo sem þegar tínd eru saman spakmæli eða hnyttiyrði um tiltekin efni úr ýmsum ritum, tilvitnun notuð sem einkunnarorð fyrir ritgerð o. s. frv. Ávallt er það þó skilyrði, að tilvitnun sé ekki að ráði viðtækari en hæfa þykir eftir tilganginum. Ef teknir væru upp kaflar úr vernduðu riti að óþörfu eða til að spara blaði eða tímariti útgjöld, væri með því gengið á fjárhagslegan rétt höfundar.

Í öðru lagi er þess krafizt, að rétt sé með efni farið. Í því felst, að tilvitnun verður að vera gerð á tilhlýðilegan hátt og í samræmi við góðar venjur á sviði höfundaréttar. Lýtur þetta einkum að höfundarheiðri, sbr. 4. gr., svo sem að ekki má gefa tilvitnun rangt innihald með því að slíta hana úr samhengi eða afbaka hana.

Ýmsir fræðimenn hafa talið það felast í sjálfu hugtakinu tilvitnun (citat), að ekki megi birta verk í heild, heldur aðeins hluta úr því. Höfundalög sumra landa hafa verið í samræmi við þetta, en önnur hafa leyft, að stutt kvæði eða lög séu tekin í heild upp í tilvitnun, sbr. t. d. dönsku höfundalögin frá 1933. Í þýzkum höfundalögum er upptaka einstakra kvæða eða tónsmíða, ef smá eru, leyfð í vísindalegum verkum eingöngu (Grosse Zitat), en í öðrum ritum er aðeins heimilað að taka hluta af verki upp í tilvitnun (Kleine Zitat). Er þessi regla látin haldast í hinu nýja þýzka frv. til höfundalaga. Í norrænu höfundalögunum er ekki tekin bein afstaða til þessa atriðis, en í greinargerð danska frv. er gert ráð fyrir, að almennt sé óheimilt að taka verk í heild upp í tilvitnun, en undantekningar ætti þó að mega gera, t. d. um smákvæði í sambandi við vísindaleg rit eða gagnrýni. Í a-lið 15. gr. laga nr. 13 frá 1905 er leyft „að taka einstaka kafla úr útgefnum ritum annarra upp í önnur rit, sem samkvæmt aðalefni sínu eru fullkomlega sjálfstæð". Í frv. þessu er ekki, fremur en í norrænu lögunum, tekin bein afstaða til þessa máls, og útilokar ákvæði 1. málsgr. því ekki, að í framkvæmd laganna yrði leyfð upptaka smárra kvæða eða tónsmíða í heild í tilvitnunum, ef það þykir við eiga.

Um 2. málsgr. Hér er leyfð birting mynda eða teikninga af birtum listaverkum, þegar eins stendur á og áður segir um tilvitnanir í ritum. Sá munur er þó gerður samkvæmt eðli málsins, að gert er ráð fyrir því, að slíkar myndir yrðu að jafnaði birtar í heild.

Um 3. málsgr.: Hér er ákveðið, að þegar tilgangur með birtingu mynda eða teikninga er almenn kynning lista, þá skuli höfundur eiga rétt til þóknunar, ef birtar eru myndir af tveimur verkum hans eða fleiri. Slík kynning fer einkum fram í blöðum og tímaritum, og þykir ekki ástæða til, að höfundar leggi þeim til gjaldfrjálst efni. Þar sem ekki þarf að leita samþykkis höfundar til birtingarinnar, er hér um afnotakvöð að ræða.

Um 15. gr.

Efni þessarar greinar er að greiða fyrir almennri fréttaþjónustu blaða og útvarps, að því er varðar dægurviðburði og dægurgreinar um þjóðmál.

Um 1. málsgr. Í 16. gr. laga nr. 13 frá 1905 var blöðum og tímaritum leyfð eftirprentun á hvers konar greinum úr öðrum blöðum og tímaritum, ef þess var ekki getið, að eftirprentun væri bönnuð. Með 2. gr. laga nr. 74 frá 1947 var heimildin þrengd í samræmi við 2. tölul. 9. gr. Bernarsáttmálans, þannig að hún nær nú aðeins til greina um hagfræðileg efni, stjórnmál eða trúmál. Eru þessi ákvæði laga nr. 74 frá 1947 tekin hér upp í 1. málsgr., enda vart ástæða til að fella heimildina með öllu niður.

Um 2. málsgr. Blöðum og tímaritum er hér veitt rýmri heimild en leiðir af ákvæðum 2. málsgr. 14. gr. til birtingar mynda af listaverkum án samþykkis höfunda. Þó verður að gæta þess skilyrðis, að birting myndar sé í nægilega nánu sambandi við frásögn af dægurviðburði. Undantekningin í síðara málslið er gerð til

að spilla ekki atvinnu þeirra, sem framleiða myndir til birtingar í blöðum eða tímaritum.

Um 3. málsgr. Ákvæði þetta er sett í samræmi við 10. gr. a Bernarsáttmálans. Í frásögn um dægurviðburðinn eða sýningu hans verður hlutur verksins að vera aukaatriði. Ella verður að leita samþykkis höfundar og greiða honum þóknun eftir venjulegum reglum. Undir ákvæði 3. málsgr. falla allar tegundir verndaðra verka.

Um 16. gr.

Um 1. málsgr. Réttur höfunda er ekki látinn standa því í vegi, að mönnum sé frjálst að taka myndir utan húss og birta þær, þó að vernduð listaverk, sem þar hefur verið valinn fastur staður, verði með á myndinni eða jafnvel aðalefni hennar. Gildir einu, hvort listaverkið er í opinberri eign eða einkaeign. Ekki nær heimildin til að gera líkan af slíku listaverki nema til einkanota, sbr. 11. gr. Í samræmi við meginreglur höfundaréttar er höfundi áskilinn réttur til þóknunar, ef myndir af listaverki eru hagnýttar í ávinningsskyni, t. d. með sölu póstkorta af þeim. Birting slíkra mynda í blöðum eða tímaritum þykir þó ekki vera slíkt atvinnuatriði, að ástæða sé til að láta ákvæði um greiðsluskyldu ná til þeirra.

Um 2. málsgr. Ástæður til þessa ákvæðis eru hinar sömu, sem um ræðir í 1. málsgr., enda nær það aðeins til mynda, sem teknar eru af byggingum utan frá. Ekki veitir ákvæðið rétt til birtingar á teikningum eða líkönum af mannvirki, sem nýtur verndar eftir reglum um byggingarlist.

Um 17. gr.

Um 1. málsgr. Með gr. þessari er lögð sú afnotakvöð á vernduð verk höfunda, að leyft er að taka án samþykkis þeirra verk eða hluta af verkum í safnverk, sbr. 6. gr., sem ætluð eru til notkunar við guðsþjónustu eða skólakennslu, svo sem sálmabækur og lestrarbækur. Ákvæði um þetta efni eru nú í b-lið 15. gr. laga nr. 13 frá 1905, en á þeim eru gerðar nokkrar breytingar, eins og hér skal rakið. Sbr. og 2. tölul. 10. gr. Bernarsáttmálans.

Gert er að skilyrði fyrir heimildinni, að í safnverki séu verk eða kaflar úr verkum margra höfunda. Er því óheimilt að gefa út, t. d. úrval úr verkum eins höfundar eða fárra.

Heimildin tekur, eins og í gildandi lögum, til skólabóka. Verða bækurnar því að vera gefnar út því skyni, að þær séu notaðar við kennslu í opinberum skólum, hærri eða lægri, eða einkaskólum. Hins vegar er hér felld niður heimild gildandi laga um upptöku verndaðra verka í almennar lesbækur, svo sem úrval sönglagatexta o. fl.

Heimildin um upptöku verndaðra verka í safnverk til notkunar við guðsþjónustu er nýmæli.

Þá er það og nýmæli, að taka megi með í safnverk án samþykkis höfundar myndir eða teikningar af listaverkum o. fl. í sambandi við meginmál ritanna.

Biðtíminn, frá því að verk kom út og þangað til taka má það eða hluta af því í safnverk, er hér ákveðinn 5 ár, en er nú 2 ár, sbr. b-lið 15. gr. laga nr. 13 frá 1905.

Um 2. málsgr. Ákvæði þetta er nýmæli. Á höfundur ekki að þurfa að hlíta því, að verk hans sé að honum forspurðum tekið upp í safnrit, sem dregið getur úr sölu hans eigin rita.

Um 3. málsgr. Safnverk þau, sem grein þessi fjallar um, eru ekki þess eðlis, að ástæða sé til að skylda höfunda til að leggja þeim til efni án greiðslu.

Um 18. gr.

Eftir að upp voru fundin handhæg tæki handa almenningi til upptöku hljóma og endurflutnings, hafa þau, einkum segulbandstækin, víða erlendis verið tekin til notkunar í skólum til að auðvelda og bæta kennslu í ýmsum námsgreinum, og þó sér-

staklega tungumálakennslu. Eru ákvæði, sem að þessu lúta, tekin í ýmis ný höfundalög. Er og auðvelt að haga framkvæmd þannig, að ekki verði hag höfunda til hnekkis.

Hér skiptir ekki máli önnur upptaka en á vernduðu efni. Er þess þá fyrst að geta, að í 2. málsgr. er gert óheimilt að taka upp efni af hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem eru til sölu á almennum markaði, svo að upptakan spilli ekki fyrir sölu þeirra. Ná ákvæði greinarinnar því aðallega til hljóðritunar á efni, sem í útvarpi er flutt. Oft getur verið hagkvæmt að taka þannig upp útvarpsefni, sem sérstaklega er ætlað skólum eða flutt til kennslu, og endurflytja það á þeim tímum, sem bezt hentar hverjum skóla fyrir sig samkvæmt stundaskrá hans. Líka getur komið sér vel að endurtaka sama efni mörgum sinnum. Og þó að ekki sé um skólaútvarp að ræða, getur upptaka annars efnis orðið nemendum að miklum notum, t. d. að heyra lestrarlag góðra upplesara, framburð erlendra manna, sem í útvarp tala á sínu tungumáli, o. s. frv. Hér hefur höfundur fengið greiðslu fyrir flutninginn frá útvarpsstofnuninni, og skiptir hann litlu máli, þó að efni sé endurflutt innan skólanna.

Greinin heimilar aðeins bráðabirgðaupptöku, en ekki gerð varanlegra hljóðrita. Og ekki má nota hljóðritin nema í kennsluskyni. Er fræðslumálastjórn falin framkvæmd og forsjá þessara mála.

Um 19. gr.

Fyrri málsl. miðar að því að greiða fyrir útgáfu á bókum með blindraletri og þarfnast ekki skýringar. Síðari málsl. lýtur að því, að í heyrnar- og málleysingjaskólum þykir hentugt að ljósmynda lestrarefni á filmur og sýna það í stækkuðu formi á tjaldi til afnota við kennsluna.

Um 20. gr.

Tíðkazt hefur í höfundalögum að gera tilteknar takmarkanir á einkarétti ljóðskálda til eintakagerðar og birtingar á verkum sínum í þágu tónlistar og til að efla útbreiðslu hennar. Eru takmarkanir þessar mismunandi víðtækar í höfundalögum, og í Bernarsamþykktinni eru engin ákvæði, sem að þessu víkja. Hefur aðildarríkjunum samt verið talið heimilt að setja slík fyrirmæli í höfundalög sín.

Í c-lið 15. gr. laga nr. 13 frá 1905 eru nú ákvæði um þetta efni. Þar er meðal annars heimilað að prenta án samþykkis höfundar „áður útgefin kvæði sem texta, þegar sönglög eru gefin út". Samsvarandi ákvæði er ekki tekið í frv. þetta, og þykir rétt að gera grein fyrir ástæðum til þess. Fyrir ákvæðinu hafa að jafnaði verið færð þau rök, að tónsmíðar séu oft í svo nánum listtengslum við texta þann, kvæði eða ljóð, sem þau eru gerð við, að ekki megi rjúfa það samband. Hagsmunir ljóðskáldsins eigi ekki að standa í vegi fyrir opinberri kynningu lagsins. Þessi rök eru mjög einhliða. Ef litið er til hagsmuna höfundar ljóðsins, þá er auðsjáanlega nærri honum gengið með því að gera hann varnarlausan fyrir útgáfu ljóðs hans í sambandi við lag, sem kann að vera því ósamboðið. Með slíkri heimild er opnuð leið til þess, að ljóð þjóðskálda séu að þeim forspurðum gefin út sem texti við léleg dægurlög á nótnaheftum eða hljómplötum. Á það er einnig að líta, að oftast mundu ljóðskáld leyfa úgáfu texta ásamt lagi, sem honum hæfir.

Í stað slíkrar eintakagerðar af ljóði og lagi sameiginlega, sem hér var getið, er í 20. gr. veitt heimild til að nota einstök kvæði eða kafla úr stærri verkum ljóðskálda án samþykkis þeirra, þegar lög eru sungin opinberlega á hljómleikum. Er tónskáldinu þá veittur kostur á að koma lagi sínu á framfæri í sambandi við ljóðið. Ákvæðið er þó ekki við það bundið, að lagið hafi verið samið við ljóðið, og má því á hljómleikum m. a. nota yngra ljóð við eldra lag. Þá er látin haldast heimild í c-lið 15. gr. laga nr. 13 frá 1905 til að prenta á söngskrár án samþykkis höfundar þau kvæði eða hluta af ljóðum, sem á hljómleikum eru sungin. Prentunin verður

þó að vera án nótna, því að rétt þykir að sporna við útgáfu ljóðs og lags sameiginlega án samþykkis réttra hlutaðeigenda. Með því að hljómleikar eru venjulega haldnir í ávinningsskyni, er höfundi söngtexta áskilinn réttur til þóknunar.

Um 21. gr.

Í 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 49 frá 1943 er leyfður opinber flutningur bókmenntaverka og tónverka í ýmsum tilvikum án samþykkis höfunda og án greiðslu til þeirra. Þær reglur eru teknar án verulegra efnisbreytinga í 2. og 3. tölul. þessarar greinar. Ákvæðin í 1. og 4. tölul. um flutning við guðsþjónustu og fræðslustarfsemi eiga ekki beina hliðstæðu í gildandi lögum, en efni þeirra mundi að sumu leyti falla undir almenn ákvæði í 2. gr. laga nr. 49 frá 1943. Samsvarandi ákvæði eru í hinum nýju norrænu höfundalögum. Í Bernarsáttmálanum eru engar reglur, sem svara til efnis þessarar greinar, en í aðalgreinargerð fyrir honum í Brüssel 1948 er þess getið, að heimilt sé að setja slíkar reglur í höfundalög aðildarríkjanna.

Ákvæði greinarinnar eiga ekki við um öll vernduð verk, heldur aðeins bókmenntaverk og tónverk. Leiksviðsverk eru þó undanskilin. Þykir ekki rétt að leyfa flutning þeirra án samþykkis höfunda í þeim tilvikum, sem greinin fjallar um, með því að miklu máli skiptir um fjárhagsleg afnot slíkra verka, hvar og hvenær leiksýningar fara fram, t. d. að sjónleikur sé ekki sýndur samtímis á fleiri stöðum en einum í sama bæ eða borg. Ákvæði greinarinnar taka að sjálfsögðu ekki til kvikmynda.

Flytja má að frjálsu þau ein verk, sem út hafa verið gefin, sbr. 2. málsgr. 2. gr. Það nægir því ekki, að verk hafi verið birt með öðrum hætti, svo sem með flutningi einum saman á samkomum, í útvarpi o. s. frv.

Greinin heimilar ekki eintakagerð að neinu leyti og því ekki heldur rétt til útgáfu verks.

Ákvæði 1. tölul. eiga við um almenna fræðslustarfsemi í skólum og útvarpi, og gilda allt að einu, þó að laun séu goldin fyrir fræðsluna. Takmörkin eru oftast glögg, að því er varðar fræðslu innan viðurkenndra skóla, en að því er til útvarpsfræðslu tekur, verður að skýra ákvæðið þröngt og miða aðallega við sams konar fræðslu og í skólum er veitt.

Ákvæði 2. tölul. gilda um samkomur, þar sem aðgöngueyrir er tekinn, en haldnar eru í sérstökum tilgangi, eins og þar greinir. Gert er að skilyrði, að listflytjendur taki ekki laun fyrir flutninginn.

Fyrirmæli 3. tölul. eru tekin óbreytt úr gildandi lögum að efni til. Það skilur aðallega 2. og 3. tölul., að í 3. tölul. er gert að skilyrði, að ekki sé um samkomu í ávinningsskyni að ræða. Þó má taka aðgöngueyri, ef hann er ekki hærri en svarar beinum tilkostnaði. Hér gildir einnig það skilyrði, að listflytjendum sé ekki greidd þóknun, að undanteknu sérstöku tilviki samkvæmt síðasta málslið.

Í 4. tölul. er heimilaður opinber flutningur verka við guðsþjónustu og aðrar kirkjulegar embættisathafnir. Undir ákvæðið fellur einnig útvarp á greindum athöfnum, og ekki skiptir máli, þó að þær fari fram eftir beiðni einstaklinga, t. d. kirkjubrúðkaup eða jarðarfarir. Hins vegar nær ákvæðið ekki til sjálfstæðra kirkjuhljómleika. Höfundum er hér áskilin þóknun, enda eru afnot af verkum höfunda sálma og sálmalaga að mestu bundin við kirkjuathafnir.

Um 22. gr.

Þess er getið í umsögn um 9. gr., að ákvæðum 8. gr. laga nr. 13 frá 1905 sé í frv. þessu skipt á milli 9. og 22. gr. Eru verk, sem falla undir 9. gr. gerð algerlega óháð höfundarétti, en hér í 22. gr. er verndin mjög takmörkuð, en höfundum þó áskilinn réttur til safnverka, sbr. 3. málsgr., auk þess sem þeir njóta um verk sín verndar 4. gr., sbr. 26. gr. Í 2. gr. a í Bernarsáttmálanum er leyft að setja í höfundalög þær takmarkanir á höfundarétti, sem hér greinir.

Um 1. málsgr. Hér ræðir um samkomur, sem haldnar eru af opinberri hálfu og fulltrúar eru til kjörnir, svo sem Alþingi, sveitarstjórnarfundi, Kirkjuþing o. fl. Hins vegar nær heimildin ekki til þess, er sérstakir embættismannaflokkar koma saman til að ræða málefni stéttar sinnar, t. d. á prestastefnu, dómarafélagsfundum o. s. frv. Undir ákvæðið falla enn síður samkomur, sem eru einkaeðlis, t. d. samkomur verkalýðssambanda eða atvinnurekendasambanda.

Ekki er heimilt að birta aðrar umræður en þær, sem fram fara á opnum fundum, og ekki önnur gögn, þótt fram séu lögð, en þau, sem fundarstörf varða og talizt geta beinn þáttur í þeim. Er því ekki heimilt að birta gögn í heild, sem háð eru höfundarétti annars en þess, sem leggur þau fram, t. d. álitsgerð til rökstuðnings framkominnar tillögu, en vitanlega má sem ella segja almennt frá efni þeirra, sbr. umsögn um 3. gr.

Þá er og í 1. málsgr. fylgt dæmi erlendra höfundalaga og Bernarsáttmálans svo og alþjóðlegri venju um frjálsa birtingu þess, sem fram fer á opnum dómþingum.

Ekki þykir rétt að heimila frjálsa eintakagerð eða birtingu á verkum, sem fyrir koma í starfsemi opinberra starfsmanna á sviði framkvæmdarvalds, fram yfir það, sem í 9. gr. er ákveðið. Er ógerlegt að greina þar almennt á milli þess, sem varðar einstaklinga og opinbera hagsmuni.

Um 2. málsgr. Heimild 1. málsgr. er hér látin gilda um samkomur, sem ekki þurfa að vera haldnar af opinberri hálfu, en geta verið það. Sett er það skilyrði, eins og í 1. málsgr., að almenningur eigi aðgang að samkomunni. Ef svo er eigi, en t. d. blaðamönnum boðið, hafa þeir aðeins heimild til að segja almennt frá efni umræðna, en ekki til að birta þær í heild, nema það sé leyft sérstaklega. Í 8. gr. laga nr. 13 frá 1905 er birtingarheimildin látin ná til umræðna á hvers konar samkomum, sem almenningur á aðgang að, en hér er gerð sú takmörkun, að umræður fari fram um málefni, sem varða almenna hagsmuni, hvort heldur í víðtækum skilningi, t. d. um stjórnmál á opnum þingmálafundum, eða um sérstök málefni, t. d. flugmál, aðflutningsbann á áfengi o. s. frv. Ef stofnað er til sams konar umræðna í útvarpi, má og birta þær, t. d. kosningaræður stjórnmálaflokka og dagskrárat riði, þar sem stefnt er saman mönnum undir fundarstjórn til að ræða almenn málefni.

Um 3. málsgr. Um rétt þann, sem hér er áskilinn, gilda almennar reglur um safnverk, sbr. umsögn um 6. gr. Samkvæmt 2. gr. a (3) í Bernarsáttmálanum er aðildarríkjunum ekki heimilt að svipta höfunda þeim rétti, sem hér greinir.

Um 23. gr.

Um 1. málsgr. Hér eru tekin upp óbreytt að efni ákvæði 1. málsgr. 2. gr. laga nr. 49 frá 1943 um heimild Ríkisútvarpsins til flutnings á bókmenntaverkum og tónverkum án samþykkis höfunda, ef fullnægt er sérstökum skilyrðum, m. a. um greiðslu fyrir flutninginn. Slík ákvæði um afnotakvöð eru talin heimil samkvæmt 11. gr. a (2) Bernarsáttmálans. Þess skal getið, að reglur gildandi laga um þetta efni, sem hér er gert ráð fyrir að haldist, eru víðtækari en samsvarandi ákvæði í norrænu höfundalögunum. Þar er gert að skilyrði, að samningar hafi tekizt milli útvarpsstofnunar annars vegar og stéttarsambanda höfunda hins vegar, og nær afnotakvöðin þá aðeins til höfunda, sem standa utan stéttarsambandanna. Ekki þykir næg ástæða til að þrengja heimild Ríkisútvarpsins frá því, sem nú gildir. Er ekki heldur líklegt, að í framkvæmdinni verði almennt notuð víðtækari afnotakvöð en annars staðar á Norðurlöndum, því að ætla má, að hér verði höfð sama skipan og þar um samninga Ríkisútvarpsins við stéttarsambönd höfunda. Ber þá að fara eftir samningunum í samskiptum við félagsbundna höfunda, en eftir afnotakvöðinni, að því er tekur til hinna ófélagsbundnu.

Síðasti málsl. 1. málsgr. er nýmæli. Þykir ekki rétt að láta afnotakvöðina taka til leiksviðsverka af sömu ástæðum sem um slík verk greinir í umsögn um 21. gr.

Þá telst og rétt að leyfa höfundum að leggja bann við flutningi tiltekinna verka, sbr. meginregluna í 4. gr. Gildir það einnig um höfunda, sem að allsherjarsamningum standa.

Um 2. málsgr. Almennt er viðurkennt, að útvarpsstofnunum sé nauðsynlegt vegna starfsemi sinnar að hafa heimild til bráðabirgðaupptöku til sjálfs sín nota. Eru ákvæði 2. málsgr. um þetta í samræmi við ákvæði í 11. gr. a (3) Bernarsáttmálans og 2. tölul. 7. gr. Rómarsáttmálans frá 1961 um vernd listflytjenda o. fl.

Um 24. gr.

Grein þessi fjallar um eignarumráð á **eintökum** af bókmenntaverkum og tónverkum. Um eintök af listaverkum er rætt í 25. gr.

Í höfundarétti er viðurkennt, að almennt eigi eigandi eintaks af bókmenntaverki eða tónverki, t. d. bók, nótnahefti eða hljómplötu, að hafa sömu eignarréttarheimildir að því sem hverjum öðrum líkamlegum hlut, enda virði hann sem aðrir einkarétt höfundar til eintakagerðar og opinbers flutnings á verkinu. Spurning hefur aðeins risið um afstöðu höfunda til útlána á bókum til almennings frá opinberum bókasöfnum og um útleigu á eintökum frá bókaverzlunum.

Af hálfu höfunda hefur lengi verið talið, að útlán bóka frá bókasöfnum dragi úr bókakaupum almennings og skerði þar með hag þeirra. Telja þeir sig því eiga rétt til greiðslna eða bóta með einhverjum hætti fyrir útlánin. Á hinn bóginn er viðurkennt, að bókaútlán sé svo mikið menningaratriði, að ekki komi til mála að draga úr þeirri starfsemi. Í Danmörku og Noregi hafa í lögum um bókasöfn verið ákveðnar árlegar greiðslur úr ríkissjóði til höfunda vegna útlána á bókum. Renna greiðslurnar í sérstaka höfundasjóði, sem úthlutað er úr eftir tilteknum reglum. Þar sem úrlausn þessa málefnis þykir fremur eiga heima í slíkum sérlögum en í almennum höfundalögum, verður ekki vikið nánar að því hér.

Útleiga frá verzlunum á bókum, hljómplötum eða öðrum eintökum bókmenntaverka eða tónverka hefur ekki tíðkazt hér. Þykir því ekki ástæða til að setja reglur, sem þar að lúta, í frv. þetta. Þó er í 2. málsl. tekin upp regla um útleigu tónverka á nótum til samræmis við hin nýju norrænu höfundalög. Sú regla er á því reist, að tónverk séu yfirleitt gefin út í mjög litlu upplagi, og mundi það spilla tilfinnanlega fyrir sölu slíkra eintaka, ef útleiga á þeim til almennings væri heimiluð.

Um 25. gr.

Reglur um eignarumráð á eintökum listaverka, t. d. málverka og höggmynda, hljóta að sumu leyti að verða með öðrum hætti en á eintökum bókmenntaverka og tónverka, sbr. 24. gr. Um listaverk er títt, að af þeim er gert aðeins eitt eintak, og jafnvel þó að eintök séu fleiri, hafa eftirmyndanir oft ekki sama gildi og frumverkið. Sá, sem eignast eintak af listaverki, öðlast ekki þar með höfundarétt að því. Hins vegar fær hann venjuleg eigandaumráð yfir eintakinu, sem þó eru háð tilteknum takmörkunum vegna höfundaréttar í höndum annars aðilja. Svo getur einnig verið, að eiganda listaverks séu veittar rýmri heimildir en öðrum mönnum til eftirmyndunar af því, sbr. 2.—4. málsgr. Þegar um þetta eru settar reglur, verður að taka tillit til hagsmuna beggja, höfundar og eiganda eintaksins, og láta ríkari hagsmuni ganga fyrir þeim, sem veigaminni eru, eins og venja er til. En við slíkan samjöfnuð verða menn ekki alltaf á einu máli enda er úr þessu efni leyst með mismunandi hætti í höfundalögum.

Um 1. málsgr. Hér eru aðalákvæði um ráðstöfunarrétt á listaverkum. Tekið er fram að eiganda eintaks af listaverki sé heimilt að láta það af hendi. Honum er því frjáls sala þess, lán eða leiga, nema annað hafi verið áskilið, er hann eignaðist það, eða hömlur á afhendingu séu ákveðnar í lögum, sbr. 9. og 10. gr. í lögum um Listasafn Íslands nr. 53 frá 1961.

Það er alkunna, að verk ýmissa frægra listamanna hafa verið lítils metin í

upphafi listaferils þeirra og stundum lengur. En þegar augu manna opnuðust fyrir listagildi verkanna, stigu þau í verði, og rann þá ágóðinn af verðhækkuninni í vasa þeirra, sem listaverkin höfðu keypt af höfundi á sínum tíma fyrir lítið fé. Til þess að rétta að nokkru hlut höfunda, þegar þannig hefur staðið á, hafa nokkur lönd tekið upp í höfundalög sín ákvæði um, að þegar listaverk eru seld á opinberu uppboði, skuli tiltekinn hluti söluverðs, allt að 6% renna til höfundarins eða annarra handhafa höfundaréttar. Hefur þessi réttur verið nefndur fylgiréttur (droit de suite). Sum lönd, svo sem Frakkland og Belgía, láta hlut höfundar vera óháðan því, hvort listaverkið hefur hækkað í verði frá síðustu sölu, en önnur, svo sem Ítalía, veita höfundi aðeins hlutdeild í verðhækkun verksins. Í 14. gr. a í Bernarsáttmálanum er gert ráð fyrir, að aðildarríkin kunni að setja slík fylgiréttarákvæði í höfundalög sín, en ekki er þeim gert skylt að gera það. Ákvæði um fylgirétt hafa ekki verið tekin upp í nýju norrænu höfundalögin, enda telja nefndir þær, sem unnu að undirbúningi laganna, reynslu hafa sýnt, að fyrirkomulag þetta hafi orðið höfundum að litlum notum í þeim löndum, sem hafa lögfest það. Eins og sölu listaverka er háttað hér á landi, virðist ekki vera næg ástæða til að taka ákvæði um fylgirétt upp í lögin.

Fyrirmæli 1. málsgr. hagga ekki við einkarétti höfundar til að gera breytingar á verkum sínum, sbr. og 4. gr. Eiganda listaverks er því óheimilt að gera breytingu á því í öðrum tilvikum en þeim, sem getur í 13. gr.

Í 3. gr. er höfundi veittur einkaréttur til að sýna verk sín opinberlega. Er þá spurning um, hvort eða að hverju leyti þessi réttur hans á að sæta takmörkunum vegna afhendingar listaverks í hendur annars aðilja. Í flestum höfundalögum, þar á meðal hinum norrænu, er eiganda listaverks veittur ótakmarkaður réttur til að sýna það opinberlega, m. a. á listsýningum. Í c-lið 1. gr. laga nr. 49 frá 1943 er gagnstæð regla. Höfundur er þar látinn halda óskertum rétti til að sýna listaverk opinberlega, í hvaða skyni sem það er, þó að það sé í einkaeign. Undantekning er aðeins gerð um einkasöfn, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Auðsætt er, að þessi regla gildandi laga er of víðtæk. Ekki er ástæða til að meina eiganda að sýna listaverkið hverjum þeim, sem þess óskar, enda væri bann við því yfirleitt ekki höfundum í hag. Af söluheimild eiganda leiðir einnig, að hann verður að hafa rétt til að auglýsa það og kynna í söluskyni, m. a. með því að hafa það til sölu í listmunaverzlunum eða á listmunauppboðum. Um kynningu listaverka á listsýningum koma þó sérstök sjónarmið til greina. Um það hefur eigandi venjulega lítilla eða engra hagsmuna að gæta. Hins vegar skiptir höfund mjög miklu máli, hvernig fer um val verka hans á opinberar listsýningar, innanlands eða utan, þar sem listrænt gildi verka hans er metið og samanburður gerður á þeim og verkum annarra listamanna. Höfundur á ekki að þurfa að hlíta því, að slíkt val sé í höndum óviðkomandi aðilja, e. t. v. lítt vinveittra og með ólíkar listskoðanir. Ákvæði 4. gr. veita honum hér engan veginn næga vernd, þar sem breitt bil er á milli þess, hvort höfundur telur heppilegt að setja tiltekið verk á listsýningu og hvort sýning þess yrði talin honum til vansæmdar.

Samkvæmt því sem að framan segir, er í 1. málsgr. gert að aðalreglu, að eigandi listaverks hafi rétt til að kynna það almenningi, en einkaréttur höfundar látinn haldast um listsýningar. Sá einkaréttur er þó ekki látinn ná til listasafna, sem opin eru almenningi samkvæmt staðfestri reglugerð. Er eiganda þá einnig heimilt að afhenda slíkum söfnum listaverkið. Það skal tekið fram, að þó að höfundur hafi einkarétt til að kynna verk sín á listsýningum, þá leiðir ekki af því, að eiganda sé skylt að láta listaverk af hendi í því skyni, nema svo hafi verið um samið. Sama er að segja um afhendingu þess til að gera eftirmyndir af því.

Um 2.—4. málsgr. Hér eru gerðar smávægilegar undantekningar frá einkarétti höfundar til eintakagerðar. Lúta þær eingöngu að myndatöku, en ekki öðrum tegundum eftirgerðar.

Um 5. málsgr. Í þessari málsgr. er gerð almenn takmörkun á einkarétti höfundar samkvæmt 3. gr., að því er tekur til andlitsmynda. Þeir, sem slíkar myndir panta sjálfum sér til eignar eða í gjafaskyni, munu ógjarnan vilja, að eftirmyndir séu almennt á boðstólum, þar sem það getur dregið úr gildi frumverksins. Höfundur heldur, þrátt fyrir ákvæðið, höfundarétti að verkinu, getur t. d. hindrað, að því sé breytt, eftirmyndir gerðar af því, að það sé sett á listsýningar o. s. frv.

Um 26. gr.

Um 1. málsgr. Með því að í þessum kafla er í ýmsum tilvikum heimiluð eintakagerð af verki og opinber birting þess án samþykkis höfundar, þykir rétt að taka fram, að ákvæði 4. gr. um vernd á höfundarheiðri nái til slíkrar eintakagerðar og birtingar.

Um 2. málsgr. Þegar verk höfundar er notað til birtingar eftir þessum kafla án samþykkis hans eða annarra handhafa höfundaréttar, ber þeim, sem það gerir, að geta heimildar þeirrar, sem eftir er farið, ef unnt er, t. d. þegar vitnað er til rita samkvæmt 14. gr.

Um 3. málsgr. Ákvæði þetta á að koma í veg fyrir, að þegar eintök af verki eru gerð samkvæmt þessum kafla án samþykkis höfundar, sé verki breytt, nema að því leyti sem ekki verður hjá því komizt, t. d. vegna annarrar leyfilegrar tækni við eftirgerðina.

Um III. kafla.

Höfundur einn hefur höfundarétt að verki, þegar það verður til, sbr. 1. gr. Í þessum kafla eru ákvæði um, með hverjum hætti höfundaréttur getur flutzt úr höndum höfundar til annars aðilja og síðan gengið manna á milli. Þess má geta, að vegna samnings, m. a. starfssamnings, getur höfundaréttur fallið í skaut öðrum aðilja en höfundi, um leið og verkið verður til, en til grundvallar því liggur hinn upphaflegi réttur höfundar, enda helzt þá hjá honum sá réttur, sem ekki verður framseldur, sbr. 4. gr. og 1. málsgr. 27. gr.

Framsal á höfundarétti víkur að ýmsu leyti frá almennum reglum um afsal á eignarrétti að líkamlegum hlutum. Til þess liggja tvenn meginrök. Þar sem andlag höfundaréttar er hvorki líkamlegt né staðbundið, er unnt að hafa samtímis á mörgum stöðum bæði hin sömu og mismunandi afnot verksins, án þess að til árekstrar þurfi að koma. Í öðru lagi verður að taka meira tillit til persónulegra hagsmuna höfundar við hin fjárhagslegu afnot verksins en venjulegt er um eigendur líkamlegra muna.

Í 27.—31. gr. ræðir um yfirfærslu höfundaréttar með löggerningi í lifanda lífi, vegna hjúskapar, arfs og lögsóknar skuldheimtumanna. Í 32.—42. gr. eru svo reglur um sérstakar tegundir samninga, sem gerðir eru í sambandi við yfirfærslu höfundaréttar í heild eða að hluta. Þar er þó aðeins um nokkrar meginreglur að ræða, sem í framkvæmd verður að fylla með almennum réttarreglum. Eins og ráða má af orðalagi nefndra greina, koma ákvæði þeirra því aðeins til framkvæmdar, að ekki sé á annan veg samið, nema tekið sé fram sérstaklega, að regla sé ófrávíkjanleg, sbr. 37. gr.

Um 27. gr.

Um 1. málsgr. Framsal á höfundarétti getur aðeins tekið til hins fjárhagslega réttar höfundar, og þá sérstaklega einkaréttar hans eftir 3. gr. til eintakagerðar af verki og birtingar þess. Þó að afsal á hreinum persónuréttindum sé ekki gilt eftir almennum reglum, er samt tekið fram hér til öryggis, að óheimilt sé framsal á rétti höfundar eftir 4. gr.

Framselja má höfundarétt (þ. e. hinn fjárhagslega rétt) í heild og einnig sér í lagi tilteknar heimildir, er í honum felast. Í sumum höfundalögum er aðeins leyft framsal tiltekinna afnotaheimilda, en ekki réttarins í heild, sbr. t. d. ákvæði þýzkra

höfundalaga um Nutzungsrechte. Ekki þykir ástæða til að taka upp slíka reglu, enda unnt að ná svipaðri niðurstöðu og um heildarframsal með upptalningu hinna mismunandi greina afnotaheimilda. Annað mál er það, að í framkvæmd er tíðast framsal á tilteknum afnotarétti.

Gerningar um framsal á einstökum heimildum, sem höfundarétti fylgja, geta verið mjög fjölbreytilegir að efni innan hverrar bókmenntagreinar eða listgreinar. T. d. er unnt að gera sér í lagi samninga um útgáfu á riti í bókarformi, þýðingu á því og notkun þess til að semja eftir því leikrit og kvikmyndahandrit. Semja má um útgáfu á tónverki á nótum eða með upptöku á hljómplötur o. s. frv. Þá getur framsal í einstökum tilvikum verið staðbundið eða tímabundið, t. d. framsal á einkarétti til að sýna ákveðið leikrit um eins árs skeið í tiltekinni borg. Sérstaklega má nefna, að framsal til eintakagerðar felur ekki í sér rétt til flutnings eða sýningar og gagnkvæmt, nema það verði talið fólgið í samningi eða helgist af venju. Það leiðir af sjálfu sér, að framsalshafi öðlast ekki rétt til annarra afnota af verkinu en áskilið er í samningi eða verður talið í honum fólgið.

Framsali getur fylgt einkaréttur til þeirra afnota, sem gerningur fjallar um, og er höfundi þá óheimilt að veita öðrum sams konar afnot, meðan réttur framsalshafa stendur, og að neyta þeirra sjálfur. Er það tíðast um útgáfusamninga og heimildir til leiksýninga í tilteknum bæjum eða borgum. Þegar ekki er veittur einkaréttur, er afnotaheimildin nefnd leyfisréttur (licence), og má höfundur þá neyta sama réttar við hlið leyfishafa eða veita hann öðrum. Svo er t. d. venjulega, þegar veitt er leyfi til flutnings tónverka í útvarpi eða á tilteknum stöðum.

Þegar samtök höfunda hafa fengið rétt til að koma fram fyrir þeirra hönd, er venjulega um umboð að ræða, en ekki framsal á höfundarétti.

Um 2. málsgr. Um reglu þá, sem felst í þessari málsgr., hefur áður verið getið í umsögn um 25. gr.

Um 28. gr.

Um 1. málsgr. Rétt þykir að taka fram, að framsal til eintakagerðar, í hverri mynd sem er, eða til sýningar, flutnings og annarrar birtingar á verki, hefur ekki í för með sér rétt til að gera breytingar á því, nema höfundur eða annar réttur hlutaðeigandi hafi veitt til þess sérstakt leyfi. Ef framsalsréttar verður ekki neytt án breytingar, mundi réttur til hennar oft felast þegjandi í samningnum, en ella verður að leita leyfis framseljanda. Það telst ekki breyting á riti, þó að útgefandi láti leiðrétta eða samræma stafsetningu, greinarmerkjaskipun o. s. frv., nema ljóst sé, að höfundur hafi viljað hafa þetta með þeim hætti, sem í handriti stendur.

Um 2. málsgr. Ákvæði þetta um bann við framsali framsalshafa er á því reist, að höfund skiptir miklu máli, hver fer með hinn framselda rétt. Ef höfundur hefur t. d. selt góðkunnu útgáfufyrirtæki útgáfurétt að riti, þarf hann ekki að hlíta því, að það framselji réttinn til annars fyrirtækis, sem hefur miður gott orð á sér. Enn ljósara er þetta þó um leyfi eða framsal á flutningsrétti á tónverki til söngvara eða hljómsveitar eða á leikriti til sýningar í tilteknu leikhúsi. Sú undantekning er gerð, að framselja má réttinn ásamt fyrirtæki því, sem hann hefur fengið, enda má ætla, að það skerði ekki hag framseljanda. Síðari málsl. er í samræmi við almennar reglur.

Um 29. gr.

Heimild þessarar greinar til að meta gerning ógildan að öllu leyti eða nokkru er áþekk fyrirmæli í 34. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20 frá 1954. Heimild til ógildingar samkvæmt fyrra skilyrðinu, þ. e. ef gerningurinn mundi leiða til bersýnilega ósanngjarnrar niðurstöðu, er víðtækari en ógildingarheimildir samkvæmt 32. gr. laga nr. 7 frá 1936 og 7. gr. laga nr. 58 frá 1960, þar sem hér má eftir 29. gr. einnig meta til ógildingar atvik, sem gerzt hafa eftir lok samningsgerðar. Ástæður til setningar þessa ákvæðis eru einkum þær, að oft er erfitt fyrir höfunda, einkum á ungum aldri, að meta fjárgildi verka sinna. Handrit, sem lágu verði er selt, getur

orðið metsölubók, og samningar, einkum þeir, sem gerðir eru til langs tíma, verða þá oft ósanngjarnir. En ákvæðið má einnig nota í hag framsalshafa, t. d. þegar útgáfuréttur að skáldsögu er keyptur háu verði, en hún reynist stæling á eldra verki og því gildislítil. Enn má vera, að eftir gerð framsalsgernings verði fundnar upp nýjar aðferðir til hagnýtingar á verkinu, og er þá réttmætt, að höfundur njóti góðs af því. Kæmi þetta einkum til greina, þegar höfundaréttur er framseldur í heild.

Um 30. gr.

Um 1. málsgr. Ákveðið var í 17. gr. laga um fjármál hjóna nr. 3 frá 1900, sem nú eru úr gildi numin, að rithöfundaréttur og sams konar réttindi skuli vera séreign höfundar, en arður af þeim renna í félagsbúið, nema öðruvísi sé ákveðið í lögum, kaupmála eða annarri lögmætri ráðstöfun. Sams konar ákvæði eru ekki í gildandi lögum um réttindi og skyldur hjóna nr. 20 frá 1923, en í stað þess segir í 2. málsgr. 17. gr., að þegar annað hjóna eigi réttindi, sem ekki megi afhenda eða séu að öðru leyti persónulegs eðlis, þá skuli reglur um hjúskapareign koma að svo miklu leyti til framkvæmdar, „sem þær fara eigi í bága við sérreglur þær, sem um þau réttindi gilda". Vafalaust er, að höfundaréttur fellur undir þessi ákvæði, en sérreglur þær, sem gert er ráð fyrir, eru ekki í skráðum lögum, að því er hann varðar. Þykir því rétt að skipa þessum málum hér.

Ákvæði 1. málsgr. eru í höfuðatriðum í samræmi við framangreind fyrirmæli 17. gr. laga nr. 3 frá 1900 um þá skipun, sem höfundaréttur sætir, meðan hjónaband helzt. Mun það og vera almenn skoðun, að eftir svipuðum reglum beri að fara án skráðra lagaákvæða, þó að höfundaréttur verði nú væntanlega ekki talinn beinlínis til séreignar. Ákveðið er hér, að þessu fyrirkomulagi verði ekki breytt með kaupmála og höfundaréttur ekki að neinu leyti skertur við búskipti meðan höfundur lifir, t. d. ekki samkvæmt 52. gr. laga nr. 20 frá 1923. Sama gildir vitanlega um slit á fjárfélagi án skilnaðar. Athuga ber, að það, sem fyrir höfundarétt kemur við framsal hans, verður hjúskapareign, sbr. hins vegar 3. tölul. 23. gr. laga nr. 20 frá 1923. Þá þykir og rétt að ákveða í samræmi við almennar fræðiskoðanir, að við lát höfundar, ef hann er þá í hjónabandi, verði höfundaréttur við skipti talinn hjúskapareign hans. Verður rétturinn því tekinn með, þegar ákveðinn er búshelmingur maka og erfðahluti hans. Ekkert virðist vera því til fyrirstöðu, að höfundaréttur teljist til eigna við setu í óskiptu búi.

Um 2. málsgr. Ákvæði þessi um takmarkanir á rétti skuldheimtumanna til að leita fullnustu í höfundarétti eru að mestu í samræmi við meginreglur 12 gr. laga nr. 13 frá 1905, að því undanteknu, að felldur er niður réttur til að leita fullnustu í fjárarði af verkum, sem eigi eru enn út gefin. Sá réttur er lítt raunhæfur, og þykir ekki rétt að gera verkin háð skuldheimtumönnum, áður en ákvörðun er tekin um útgáfu þeirra. Látið er haldast það fyrirmæli 12. gr. laga nr. 13 frá 1905, að bann við því að leita fullnustu í höfundarétti nái einnig til þess, er rétturinn er kominn í hendur erfingjum höfundar, þar á meðal bréferfingjum, og bætt er við, að sama gildi um búshelming maka. Þá er sett það nýmæli, að fullnustu verði einungis leitað í þeim rétti framsalshafa, sem framseljanlegur kann að vera. Höfundur, sem t. d. hefur samið við tiltekið útgáfufyrirtæki um útgáfu rits, á ekki að þurfa að sætta sig við það, að skuldheimtumaður fyrirtækisins gangi að því og taki útgáfuréttinn í sínar hendur með lögsókn.

Um 3. málsgr. Í 1. og 2. málsgr. eru gerðar undantekningar frá almennum reglum, að því er tekur til sjálfs höfundaréttarins. Í 3. málsgr. eru svo sett fyrirmæli um sams konar takmarkanir, að því er varðar einstök eintök af verkum höfundar, sem eru í sérstaklega nánum persónulegum tengslum við hann. Að því er handrit varðar, eru nú samsvarandi reglur í 12. gr. laga nr. 13 frá 1905. Eru ákvæði 1. og 2. málsgr. látin ná til handritanna, hvort sem verkið hefur verið út gefið eða ekki. Hins vegar gilda almennar reglur um eintök af slíkum verkum, sem út hafa

verið gefin, t. d. bókaupplag, sem kann að vera í eign höfundar. Þá eru ákvæði 1. og 2. málsgr. einnig látin taka til eintaka af listaverkum, sem höfundur hefur hvorki birt opinberlega né viðurkennt, að birta megi. Er þá líka oft óvíst, að um fullgerð verk sé að ræða.

Um 31. gr.

Um 1. málsgr. Að höfundi látnum fer um höfundarétt eftir almennum reglum erfðalaga, sbr. þó 2. og 3. málsgr. Er hér tekin upp um þetta óbreytt regla 1. málsgr. 11. gr. laga nr. 13 frá 1905. Hins vegar eru felldar niður sérreglur 3. og 4. málsgr. sömu greinar um afdrif höfundaréttar, þegar höfundur lætur ekki eftir sig neinn erfingja. Gilda því um það eftir frv. almennar reglur erfðalaga, þ. e. að höfundarétturinn fellur þá til erfðafjársjóðs, sbr. VIII. kafla erfðalaga nr. 8 frá 1962. Höfundur hefur rétt til að ráðstafa höfundarétti í heild og einnig einstökum afnotaheimildum með erfðaskrá, enda sé gætt ákvæða erfðalaga um skylduarf.

Í arf fellur hinn fjárhagslegi réttur, sem í höfundarétti felst, en heimild til að halda uppi heiðri höfundar að honum látnum og ákæra brot á ákvæðum 4. gr. er persónulegur réttur, sem ekki verður til arfs talinn. Eru ákvæði um uppihald þess réttar í 57. gr.

Um 2. málsgr. Í 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 13 frá 1905 er höfundi heimilað að setja í erfðaskrá tiltekin fyrirmæli um framkvæmd höfundaréttar að honum látnum, þannig að bindandi sé fyrir erfingja. Er sú regla tekin hér upp og aukin. Ákvæði 2. málsgr. eru undantekning frá hinni almennu reglu í 1. málsgr. 36. gr. fyrrnefndra erfðalaga um, að arfleifanda sé óheimilt að setja erfingja fyrirmæli um meðferð á skylduarfi. Ekki hefði höfundur heldur getað lagt bönd á réttindi, sem tilheyra búshelmingi maka, nema lagaákvæði kæmi til.

Höfundi er ekki með 2. málsgr. veittur réttur til að auka erfðahluta eins skylduerfingja á kostnað annars, og ekki getur hann áskilið tilteknum skylduerfingja höfundaréttinn framar en segir í 2. málsgr. 36. gr. erfðalaganna. En hann getur þrengt kosti erfingjanna í heild fjárhagslega með því t. d. að leggja bann við útgáfu tiltekinna verka, hvort sem þau hafa verið áður út gefin eða ekki. Honum er og heimilt að leyfa sum afnot verkanna, en banna önnur, t. d. leyfa sýningu leikrits í leikhúsi, en leggja bann við því, að það sé kvikmyndað, o. s. frv. Að sjálfsögðu hagga slík fyrirmæli ekki rétti aðilja, þar á meðal erfingja, sem þeir kunna að hafa eignazt fyrir lát höfundar. Loks er þess að geta, að höfundur getur tekið af erfingjum rétt til að annast framkvæmd höfundaréttarins að öllu eða nokkru leyti og fengið hann sérstökum tilsjónaraðilja í hendur.

Um 32. gr.

Ákvæði þessarar greinar lúta að sérstakri tegund framsalsgerninga um höfundarétt, þ. e. þegar heimild er veitt til opinbers listflutnings á verki. Þau ná því til þeirra verka einna, sem háð geta verið listflutningi, bókmenntaverka og tónverka. Samningar um kvikmyndagerð eru þó undanskildir samkvæmt 4. málsgr.

Í greininni eru ekki settar allsherjarreglur um framsal á listflutningsrétti. Um slíka samninga koma til greina almennar reglur samningsréttar og þær sérreglur, sem í þessum kafla eru settar um framsal á höfundarétti. Hér koma svo að auki nokkrar reglur til fyllingar og skýringar, og koma þær ekki til framkvæmdar, ef á annan veg er samið.

Um 1. málsgr. Leyfum til listflutnings fylgir venjulega ekki einkaréttur, og er regla 1. málsgr. við það miðuð. Þegar meta skal, hvort um einkarétt hafi verið samið, koma ekki aðeins til greina bein samningsákvæði, heldur ber og að athuga, hvað telja megi í samningi fólgið, og geta þá venjur á þessu sviði komið til álita. En sönnunarbyrði fyrir því, að um einkarétt hafi verið samið, hvílir á viðsemjanda höfundar, og komi slík sönnun ekki fram, hefur höfundur þrátt fyrir heimildina rétt til að flytja verkið sjálfur við hlið framsalshafa eða leyfa öðrum flutning þess.

Um 2. málsgr. Hér eru sett mörk fyrir tímagildi heimildarinnar, ef ekki er samið um tiltekinn tíma. Það telst óákveðinn tími, ef heimild er veitt út verndartímabilið, sbr. 43. gr. Reglan er sett með það fyrir augum, að áhættusamt getur verið fyrir höfund að binda sig um langan, óákveðinn tíma, og þó sérstaklega, þegar einkaréttur er veittur. Samt þykir rétt að láta samninga haldast, þegar samið er um tiltekinn tíma, þó að lengri sé en 3 ár, enda geta og ákvæði 29. gr. jafnan komið til álita við hlið þessarar greinar.

Ekki þykir fært að setja hér almennar skýringar- eða fyllingarreglur um það, hvort framsalshafa sé heimilt að flytja verkið víðar en á einum stað. Verður það að fara eftir venjulegri skýringu á samningnum hverju sinni.

Um 3. málsgr. Tómlæti framsalshafa um notkun heimildar er hér látið valda því, að einkaréttur hans fellur niður, en samt sem áður heldur hann rétti til flutnings verksins út tímabilið við hlið höfundar eða þeirra, sem höfundur veitir flutningsleyfi.

Um 4. málsgr. Um réttarsamband höfunda og kvikmyndaframleiðenda hafa myndazt ýmsar sérreglur og venjur, og þykir því ekki rétt að láta samninga þeirra á milli vera háða ákvæðum þessarar greinar.

Um 33. gr.

Um 1. málsgr. Útgáfusamningar hafa komið mjög við sögu höfunda bókmenntaverka og tónverka. Hefur því þótt rétt að setja í höfundalög hinar helztu reglur, sem sérkenna þessa tegund samningsgerðar. Um ákvæði 33.—40. gr. gegnir sama máli og um listflutningssamninga, sbr. umsögn um 32. gr., að þar sem sérreglur þeirra þrýtur, koma til greina önnur sérákvæði þessa kafla um framsal höfundaréttar og svo almennar reglur samningsréttar. Ákvæðin koma ekki til framkvæmdar, ef samið hefur verið á annan veg, að undanteknum fyrirmælum 37. gr.

Reglur 33.—40. gr. gilda um framleiðslu eintaka á prenti eða með svipuðum hætti, svo sem ljósprentun, málverkaprent o fl. Geta þær því náð til myndlistar auk bókmenntaverka og tónverka. Ekki fellur upptaka hljóma eða mynda á hljóðrit og filmur undir ákvæðin, enda svipar þeirri eintakagerð ekki til prents.

Það felst í hugtakinu útgáfa, að gera eigi eintök af verki í álitsverðum fjölda til dreifingar, sbr. umsögn um 2. gr. Orðið útgefandi er hér notað um þann aðilja, sem útgáfurétt fær samkvæmt samningi þar um og síðan ræður útgáfu verksins, sbr. og umsögn um 2. málsgr. 8. gr.

Um 2. málsgr. Efni útgáfusamnings er framsal á höfundarétti eða tilteknum heimildum samkvæmt honum, en ekki á eintökum verks, þó að höfundur leggi þau til í sambandi við útgáfuna, t. d. handrit, málverk til málverkaprents o. s. frv. Þykir rétt að taka þetta fram berum orðum í lögunum.

Um 34. gr.

Ekki verður hjá því komizt að setja reglur um eintakafjölda til þess að fara eftir, þegar útgáfa er heimiluð, en ekki getið um stærð upplags. Ætti það líka að ýta undir, að ekki sé gengið fram hjá svo veigamiklu atriði í útgáfusamningnum. Í 9. gr. laga nr. 13 frá 1905 er ákveðið, að réttur útgefanda nái til prentunar á 1000 eintökum, nema öðruvísi sé samið. Miðað við aukinn fólksfjölda og fjárráð ætti nú að mega tvöfalda þá tölu, þegar um bókmenntaverk er að ræða. Er eintakafjöldinn hér hafður hinn sami sem í norrænu höfundalögunum.

Um 2. málsgr. Ákvæði þetta er í samræmi við almennar útgáfureglur.

Um 35. gr.

Með útgáfusamningi fær útgefandi ekki einungis útgáfurétt gegn umsaminni greiðslu, heldur tekur hann og á sig skyldu til að gefa verkið út og vinna að sölu þess og dreifingu. Gildir þetta eins, þó að höfundur hafi þegar fengið fulla greiðslu, því að hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta auk hinna fjárhagslegu.

Ef útgefandi vanefnir skyldur sínar samkvæmt þessari grein, getur hann orðið skaðabótaskyldur eftir almennum reglum, hvort sem vanefndir leiða til riftunar eða ekki.

Um 36. gr.

Um 1. málsgr. Í málsgr. þessari er sérregla um heimild til riftunar á útgáfusamningi. Þegar samið hefur verið um tiltekinn útgáfufrest, ber eftir því að fara. Ef frestur er lengri en segir í 36. gr., koma reglur hennar ekki til framkvæmdar. Ef frestur er styttri, t. d. eitt ár, getur verið, að höfundur hafi vegna vanefnda útgefanda öðlazt riftunarrétt eftir almennum reglum fyrr en í 36. gr. getur, og er honum þá heimilt að neyta riftunarréttar þegar í stað, því að ákvæði 36. gr. lengja ekki umsaminn frest í hag útgefanda. Ákvæði 36. gr. eiga því við um það, er ekki hefur verið um neinn tiltekinn útgáfufrest samið, eða umsaminn frestur er liðinn, án þess að riftun hafi farið fram. Þegar svo er ástatt, er höfundi ávallt heimil riftun, þegar liðin eru 3 ár frá þeim tíma, er útgefandi fékk í hendur fullnægjandi eintak til eftirgerðar. Skiptir ekki máli um riftunarréttinn, þó að vanefnd útgefanda verði ekki talin honum saknæm, t. d. vegna hlutlægs ómöguleika. Atvik, sem drætti valda, gerast því á áhættu útgefanda. Að sjálfsögðu gildir reglan þó ekki, er höfundur hefur sjálfur með síðari aðgerðum átt sök á drættinum.

Riftunarheimild eftir 2. málsl. 1. málsgr. er þeim skilyrðum bundin, að útgefandi hafi fengið rétt til nýrrar útgáfu, að fyrra eða fyrri upplög séu uppseld, og að höfundur hafi gert sérstaka kröfu um nýja útgáfu. Er fresturinn þá eitt ár frá kröfugerð. Upplag telst uppselt, þegar eintök þess eru þrotin í almennum bókaverzlunum og þær eiga þess ekki lengur kost að afla sér nýrra eintaka frá útgefanda eða öðrum, sem upplag kann að hafa eignazt.

Um 2. málsgr. Hvort sem dráttur hefur verið útgefanda saknæmur eða ekki, er höfundi ekki skylt að skila aftur greiðslu, sem hann kann að hafa fengið, og leiðir þetta af áhættu þeirri, sem lögin leggja á útgefanda. Ekki má draga þá gagnályktun af þessu ákvæði, að höfundi muni jafnan bera að skila aftur greiðslu, þegar samningi er rift vegna vanefnda á fyrirmælum 35. gr., nema hann sanni meira tjón af vanefndunum. Um það fer eftir almennum reglum fébótaréttar. Ef útgefandi er bótaskyldur eftir almennum reglum í þeim tilvikum, sem 36. gr. fjallar um, og greiðsla sú, sem höfundur kann að hafa fengið, nægir ekki til að bæta tjón hans, skal útgefandi greiða frekari bætur.

Um 37. gr.

Hér ræðir um ýmsar skyldur útgefanda til að láta höfundi í té vitneskju um framkvæmd útgáfunnar.

Um 1. málsgr. Ákvæðið er sett til að tryggja höfundi, að ekki séu gerð fleiri eintök af verkinu en um var samið eða leiðir af ákvæðum 34. gr.

Um 2. málsgr. Þegar höfundur á rétt til þóknunar, miðað við sölu eða leigu eintaka, t. d. tiltekna fjárhæð af hverju eintaki, ber útgefanda af sjálfsdáðum að senda höfundi árleg reikningsskil. Er 9 mánaða fresturinn settur með það fyrir augum, að útgefanda sé unnt að fá áður reikningsskil frá útsölumönnum.

Um 3. málsgr. Hér er útgefanda gert að skyldu að láta höfundi í té, ef hann æskir þess, vitneskju um fjölda óseldra eintaka í lok reikningsárs, enda þótt hann hafi greitt að fullu fyrir útgáfuréttinn. Er höfundi oft nauðsynlegt að fá vitneskju um óselt upplag vegna nýrra útgáfusamninga.

Um 4. málsgr. Ákvæði greinar þessarar skipta höfunda svo miklu máli, m. a. um reikningsskil, að rétt þykir að hafa þau ófrávíkjanleg.

Um 38. gr.

Nauðsynlegt getur verið fyrir höfund að gera ýmsar smábreytingar á verki, þegar það er gefið út að nýju. Getur þetta m. a. stafað af málvöndunarástæðum,

til að leiðrétta villur í fyrri útgáfu eða koma að nýjum atriðum í fræðibókum. Er þá og oftast hagur að því fyrir útgefanda, að til útgáfunnar sé vandað. Ber útgefanda að grennslast eftir því hjá höfundi, áður en ný útgáfa hefst, hvort hann æski eftir slíkum breytingum.

Um 39. gr.

Um 1. málsgr. Þó að ekki sé beint tekið fram í útgáfusamningi, að útgefandi eigi að fá einkarétt, er það venjulega þegjandi undirskilið. Þykir samt rétt að setja um þetta fasta reglu, þannig að höfundur, sem ekki vill veita einkarétt, verði að áskilja það í samningnum. Þegar útgáfuréttur er veittur um óákveðið tímabil, helzt einkarétturinn, unz upplag er uppselt, sbr. umsögn um 36. gr. En sé um tiltekið tímabil samið, og upplag selst upp, áður en það er liðið, hefur höfundur rétt til að krefjast nýrrar útgáfu, sbr. nánar um það og riftunarheimild höfundar í 36. gr. Þó að tekið sé fram, að einkaréttur nái til þess að gefa verk út með þeim hætti og í því formi, sem í útgáfusamningi greinir, verður að meta í hverju einstöku tilviki, hvort útgáfa með öðrum hætti kunni ekki að brjóta í bága við forsendur útgáfusamningsins.

Um 2. málsgr. Ákvæði þetta er sett í hag höfundi og nær hvorki til útgáfu á tónverkum né myndlistarverkum.

Um 40. gr.

Um 1. málsgr. Blöð og tímarit teljast til safnverka, sbr. 6. gr., en útgáfa þeirra er með svo sérstökum hætti, að ekki þykir rétt að láta höfundarétt að þeim sem safnverki falla til ritstjóra, nema hann sé jafnframt útgefandi, sbr. umsögn um 6. gr. Í samræmi við þetta er ákveðið hér, að útgefandi blaðs eða tímarits hafi einkarétt á því að endurprenta ritin í heild eða einstök blöð og hefti.

Um 2. málsgr. Efni fyrra málsl. er í samræmi við reglur 6. gr. um safnverk, en í síðara málslið er gert það frávik, að ekki þarf að leita samþykkis einstakra höfunda við endurútgáfu. Hér er venjulega um svo marga og oft óvissa höfunda að ræða, að vart væri kleift að ná til þeirra eða síðari handhafa höfundaréttar, einkum þegar langur tími er liðinn frá frumútgáfu.

Um 3. og 4. málsgr. Ákvæði þessa kafla um útgáfusamninga henta ekki birtingu einstakra verka í blöðum og tímaritum, og eru ritin því undanskilin útgáfuákvæðunum. Sama er að segja um fyrirmæli 35. og 36. gr., að því er varðar önnur safnverk.

Um 41. gr.

Kvikmyndagerð hefur í framkvæmd öðlazt allmikla sérstöðu meðal verndaðra listgreina. Auk sjálfs kvikmyndahandritsins er þörf fyrir margs konar aðra listsköpun, svo sem danslist, skreytingarlist, jafnvel byggingarlist o. fl. Þá er og tónlist oftast einn af aðalþáttum kvikmyndar. Sú venja hefur myndazt, að framleiðendur kvikmynda hafa tryggt sér með samningi rétt til eintakagerðar og birtingar á þeim. Þetta hefur þó ekki tekið til tónlistar að því leyti, að höfundar hennar hafa átt sjálfstæðan rétt til þóknunar við sýningar kvikmyndanna, sbr. Hæstaréttardóma 1952, bls. 457. Reglur þessarar greinar eru í samræmi við umrædda venju.

Um 42. gr.

Hér eru settar um samninga, er lúta að kvikmyndagerð, sams konar reglur og um útgáfusamninga í 35. og 36. gr. Nægir að vísa til umsagnar um þær greinar.

Um IV. kafla.

Í 7. gr. Bernarsáttmálans, eins og honum var breytt á Brüsselráðstefnunni 1948, er öllum aðildarríkjum gert skylt að láta höfundarétt haldast hið skemmsta, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát höfundar, ef hann er nafngreindur,

en ella 50 ár frá næstu áramótum eftir birtingu (publication) verksins. Reglur íslenzks réttar um þetta efni eru nú í 22.—24. gr. laga nr. 13 frá 1905 og, að því er til þýðinga tekur, í 4. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 11 frá 1956. Reglur 22.—24. gr. laganna frá 1905 eru í meginatriðum hinar sömu sem í Bernarsáttmálanum. Frestur telst þó frá dánardegi höfundar, en ekki næstu áramótum eftir lát hans, og skiptir það litlu máli. Í frv. þessu eru ákvæðin höfð að öllu leyti í samræmi við Bernarsáttmálann og nýju norrænu lögin. Meðan Ísland hefur ekki fullgilt breytingu þá, sem gerð var á Bernarsáttmálanum 1948, mun því að vísu ekki skylt að lengja verndartímabilið, að því er þýðingar varðar, frá því, sem nú gildir, en ekki er líklegt, að sú sérstaða geti haldizt til lengdar, eftir að flest Bernarsambandsríkin, þar á meðal Norðurlandaríkin, hafa tekið upp fulla vernd verka gagnvart þýðingum sem öðrum aðlögunum. Ef ekki þætti rétt að fara þessa leið um þýðingar, mætti hafa sérreglu um þær í bráðabirgðaákvæði, þ. e. að núgildandi reglur haldist, þar til Ísland hefur fullgilt breytingar Bernarsáttmálans frá 1948 eða önnur skipan verði á gerð.

Lengd verndartímabilsins er við það miðuð, að höfundur sjálfur og nánir niðjar hans og aðrir erfingjar fái notið hagnaðar af verkum hans. Fram hafa komið á ýmsum tímum tilmæli um, að verndin væri látin haldast um lengri tíma. Ákvörðun um þetta efni er vitanlega álitamál. Það er þó ljóst, að þegar langir tímar líða, verður vart um það að ræða, að höfundaréttur haldist sameiginlega í höndum niðja höfundar eða annarra manna, sem erfðaheimildir geta til hans rakið, enda mundi hinn fjárhagslegi réttur verða lítils virði hjá hverjum einum, er hann dreifðist þannig á margar hendur. Þess mætti því vænta, að höfundaréttur yrði brátt framseldur í heild einstökum aðiljum og gengi svo kaupum og sölum í þjóðfélaginu, slitinn úr tengslum við ætt höfundar. Það liggur í augum uppi, að ekki væri æskilegt, að hinn sameiginlegi menningararfur þjóðanna í bókmenntum og listum yrði um langan aldur látinn vera í höndum einstakra aðilja, háður gróðavon þeirra og öðrum annarlegum sjónarmiðum, og þeim hömlum, sem slíkt fyrirkomulag hefði í för með sér. Verður ekki heldur séð, að minningu höfundar væri með því betur borgið. Yfirleitt hafa 50 ár eftir lát höfundar verið talin hæfilegur verndartími, og segja má, að það sé orðin alþjóðleg regla, þó að benda megi á fáar og þýðingarlitlar undantekningar. Helzt gæti þótt sanngjarnt, að rétturinn væri látinn haldast, meðan börn höfundar væru á lífi. Á síðustu árum hefur verið uppi hreyfing í Bernarsambandslöndum um lengingu frestsins upp í 80 ár, en óvíst er enn, hvort sú breyting verður gerð.

Þeirri spurningu hefur verið hreyft, hvort rétt væri að láta höfundarétt falla til ríkisins að verndartímabilinu loknu (domaine d'état), en svo veigamikil rök hafa þótt mæla í gegn því, að nú á tímum munu engar þjóðir utan einræðisríkja ljá þeirri hugmynd fylgi. Fremur hefur komið til álita, að lagður væri sérstakur skattur á afnot verka eftir liðinn verndartíma (domaine public payant), og þá einkum með það fyrir augum, að af gjaldinu yrði myndaður sjóður, sem höfundar á hverjum tíma nytu góðs af með einhverjum hætti. Til þessa dags munu fimm lönd hafa komið á slíkri skipun (Búlgaría, Ítalía, Júgóslavía, Rúmenía og Urugay). Önnur lönd, þar sem þetta hefur borið á góma þar á meðal Norðurlandaríkin, hafa ekki talið nægja ástæðu til að fara þessa leið. Hefur og verið á það bent, að ákvæði um skattlagningu og sjóðstofnanir eigi fremur heima í sérlögum en almennri höfundalöggjöf.

Um 43. og 44. gr.

Um greinar þessar vísast til hinnar almennu umsagnar um IV. kafla, hér að framan.

Um V. kafla.

Safnað er í þenna kafla ákvæðum um vernd tiltekinna aðilja, sem ekki teljast til höfunda, en eru í þeim tengslum við þá, að hagkvæmt þykir að hafa reglur um réttindi þeirra í höfundalögum.

Þegar tónverk hefur verið gert, nær það yfirleitt ekki til almennings, nema til komi sérstakur listflutningur. Leiksviðsverk eru einnig gerð til listflutnings, og flytja má önnur bókmenntaverk, kvæði og sögur, með listrænum upplestri eða framsögu, sem gefa þeim aukið gildi. Þeir, sem koma verkum höfunda þannig á framfæri, eru nefndir listflytjendur eða listtúlkendur. Til þeirra teljast söngvarar, hljóðfæraleikarar, leiksviðsleikarar, danslistarmenn, upplesarar o. s. frv. Í höfundalögum sumra þjóða hefur listflutningur verið talinn til aðlögunar á verki því, sem flutt er, enda gefur hver listflytjandi verkinu sérstakan og oft sjálfstæðan blæ í túlkun sinni. Nú er þó almennt ríkjandi sú skoðun, að réttindi listflytjenda eigi ekki að falla beint undir höfundarétt, heldur verði að setja um þau sérreglur.

Um útgáfu tónverka á nótum hafa frá öndverðu gilt sömu reglur sem um útgáfu á bókmenntaverkum. Þegar upptaka á hljómum á hljómplötur og síðar önnur hljóðrit kom til sögu, opnaðist ný leið til að dreifa tónverkum til almennings. Ekki hefur þótt henta að láta reglur um útgáfusamninga taka til framleiðslu á hljóðritum, en hins vegar talið rétt að hafa sérreglur um réttindi framleiðendanna í höfundalögum.

Kynning bókmennta og tónlistar svo og listflutnings á þeim er eitt af aðalhlutverkum útvarpsstofnana, bæði hljómvarps og sjónvarps. Eiga útvarpsstofnanir því náin samskipti við höfunda og listflytjendur. Auk þess eru ýmsir dagskrárliðir stofnananna sjálfra teknir saman í sjálfstæðu, listrænu formi. Af þessum sökum hafa tilteknar reglur um réttindi útvarpsstofnana verið teknar upp í höfundalög.

Réttindi framangreindra þriggja aðilja, listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana, eru í höfundarétti oft nefnd skyld eða hliðstæð réttindi, þegar miðað er við réttindi höfunda (droits voisins, neighbouring rights o. s. frv.). Árið 1961 var á ráðstefnu í Róm samþykktur alþjóðasáttmáli um vernd aðilja þessara.

Í 49. gr. eru ákvæði um vernd ljósmynda, sem ekki falla undir höfundaréttarvernd. Vísast um það til umsagnar um 1. gr.

Loks eru í 50. gr. ákvæði um vernd rita, sem ekki eru þess eðlis, að þau eigi að njóta verndar eftir höfundarétti.

Um 45. gr.

Um 1. málsgr. Hér eru listflytjendum veittar tilteknar einkaréttarheimildir um listflutning sinn. Eru aðgerðir þær, sem í 1.—4. tölul. eru greindar, óheimilar án samþykkis þeirra.

Um 1. tölul. Listflytjanda er áskilinn einkaréttur til að framkvæma eða leyfa öðrum upptöku á beinum listflutningi sínum, hvort heldur í hljómum eða myndum. Með beinum listflutningi er átt við frumflutninginn, sem listflytjandi flytur persónulega. Er þá útvarpssending, sem fram fer samkvæmt bráðabirgðaupptöku útvarpsstofnunar, látin jafngilda beinum listflutningi.

Um 2. tölul. Útvarp á beinum listflutningi er óheimilt án samþykkis listflytjanda. Hins vegar þarf ekki leyfi listflytjanda til útvarps samkvæmt hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem afla má á almennum markaði, en um rétt hans til þóknunar fer þá eftir ákvæðum 47. gr. Heimilt er útvarpsstofnun, sem við er samið um útvarp á beinum listflutningi, að leyfa öðrum útvarpsstofnunum endurvarp (samtímisútvarp) án samþykkis listflytjanda, en um endurvarp, bráðabirgðaupptöku á listflutningnum og endurtekið útvarp fer eftir því, sem ákveðið kann að verða í reglugerð, sbr. tilvísun í 2. málsgr. til 2. málsgr. 23. gr. Ákvæði 2. tölul. ná bæði til hljómvarps og sjónvarps.

Um 3. tölul. Hér ræðir um dreifingu beins listflutnings með tækniaðferðum frá listflutningsstað til annarra tiltekinna staða án samþykkis listflytjanda. Nær það bæði til hljóma og mynda. Almenn dreifing í útvarpi fellur ekki hér undir, heldur 2. tölul. Ákvæðið á t. d. við um það, að hljómsveit leikur í tilteknu veitingahúsi, en hljómlistin er flutt með tækniaðferðum í annað veitingahús. Er hér venjulega um að tefla leynilega dreifingu, þ. e. án vitundar listflytjanda.

Um 4. tölul. Þó að listflytjandi hafi samþykkt upptöku listflutnings í hljómum

eða myndum, á hann samt ekki að þurfa að hlíta því, að annar aðili en hann samdi við framkvæmi eftirgerð á hljóðriti eða filmu og noti hana t. d. í atvinnurekstri. Réttur listflytjanda til að hindra eftirgerð er sjálfstæður og óháður því, hvort framleiðandi sá, sem við var samið, hefur sams konar rétt, sbr. um hljóðrit 46. gr. En um réttindi aðilja þess, sem við var samið um eintakagerð, fer eftir upptökusamningnum. Ef framleiðandinn gerist sekur um brot á samningnum, t. d. með því að framleiða fleiri eintök en áskilið var, mundi það að jafnaði aðeins hafa í för með sér venjuleg vanefndaáhrif, en ekki viðurlög eftir VII. kafla. Réttur listflytjanda samkvæmt þessum tölulið fellur niður eftir 25 ár frá þeim degi, er upptaka fór fram. Hins vegar fellur ekki niður réttur hans til að átelja upptöku, sem gerð hefur verið á beinum listflutningi án samþykkis hans, og eftirgerð slíkrar upptöku.

Um 2. málsgr. Einkaréttur listflytjenda, bæði um eintakagerð og birtingu, er hér gerður háður margs konar takmörkunum, sbr. skírskotanir til ýmissa greina í II. kafla. Eru undantekningarnar, eftir því sem við getur átt, hinar sömu sem gerðar eru í sambandi við einkarétt höfunda. Tilvitun í 4. gr. sýnir, að listflytjendum er áskilin vernd gegn aðgerðum, sem skert geta listamannsheiður þeirra, og að geta ber nafns listflytjanda, þegar eintök eru gerð eða listflutningur fer fram. Aðiljaskipti geta orðið að réttindum listflytjenda, sbr. tilvitnun til 26.—31. gr. Svo eru og ákvæði 53. gr. látin ná til jafnt til listflytjenda sem höfunda.

Til glöggvunar skal þess að lokum getið, þó að það leiði óbeint af ákvæðum 1. málsgr., að einkaréttur listflytjenda nær ekki til neins konar notkunar á hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem á markað hafa verið sett. Þarf því ekki að leita samþykkis viðkomandi listflytjanda, þegar hljómplata er notuð til útvarpsflutnings, í veitingahúsum eða með öðrum hætti í atvinnuskyni eða ávinnings. En um rétt listflytjanda til þóknunar fyrir afnot fer eftir 47. gr.

Um 46. gr.

Um 1. málsgr. Það mun almennt viðurkennt, þó að ekki sé í lög komið, að eftirgerð á hljómplötum og öðrum hljóðritum eigi að vera óheimil án samþykkis framleiðanda. Gegnir um það svipuðu máli og um útgáfu bóka. Verndartími er hér ákveðinn 25 ár frá frumupptöku, sbr. og 4. tölul. 45. gr. Er verndin yfirleitt ekki látin haldast lengur samkvæmt erlendum höfundalögum. Ekki er það skilyrði fyrir vernd hljóðrita, að þau geymi listflutning.

Ekki skiptir máli, með hverjum hætti eftirgerð er framkvæmd, hvort t. d. er um beina afsteypu að ræða eða flutning hljóms með öðrum aðferðum af einum hlut á annan.

Um hljóðritaframleiðendur gildir hið sama, sem sagt var síðast í umsögn um 45. gr., að einkaréttur þeirra tekur ekki til neins konar notkunar á hljóðritum, sem sett hafa verið á markað, en fyrir tiltekin afnot eiga þeir rétt til þóknunar eftir 47. gr.

Um 2. málsgr. Með tilvitnunum til ákvæða í II. kafla eru hér gerðar ýmsar takmarkanir á einkarétti hljóðritaframleiðenda til eintakagerðar.

Um 47. gr.

Um 1. málsgr. Það er alkunna, að afnot af hljómplötum er nú á dögum ríkur þáttur í starfsemi útvarpsstofnana og að notkun þeirra í atvinnuskyni hefur færzt mjög í vöxt. Víða í löndum hafa listflytjendur og framleiðendur hljóðrita fengið viðurkenndan rétt til þóknunar fyrir slík afnot, ýmist með frjálsum samningum eða með lagaákvæðum. Er auðsætt, að þetta er að verða almennt viðtekin regla, enda mun samþykkt Rómarsáttmálans frá 1961 um vernd listflytjenda o. fl. ýta undir viðurkenningu hennar í löndum, þar sem hún hefur ekki enn verið upp tekin. Um þetta er í 47. gr. fylgt fordæmi hinna nýju norrænu höfundalaga.

Samkvæmt 1. málsgr. eiga listflytjendur og framleiðendur hljóðrita rétt til þóknunar, þegar tónlist af hljómplötum eða öðrum hljóðritum, sem á markað hafa verið sett, er notuð í útvarpi. Í öðru lagi eiga þeir rétt til greiðslu, þegar tónlist af

slíkum hljóðritum er dreift til almennings í atvinnuskyni eða ávinnings, svo sem á atvinnustöðvum, skemmtistöðum, í veitingahúsum o. s. frv. Skiptir þá ekki máli, hvort hljómplata eða annað hljóðrit er leikið beint á staðnum eða útvarpstónlist af hljóðritum er dreift þar með hátalara eða öðrum hætti. Um afnot á atvinnustöðvum er sett sérstök regla í 4. málsgr. 2. gr., en hún á ekki við um afnot á skemmtistöðum, veitingahúsum og víðar, þar sem tónlist er dreift í þágu viðskiptamanna. Í framkvæmd hefur verið mjög eftir því farið, hvort komið hefur verið upp sérstöku hátalarakerfi til dreifingar á tónlistinni.

Samkvæmt gildandi lögum eiga höfundar rétt til þóknunar fyrir afnot tónverka í þeim tilvikum, sem hér ræðir um. Er lagt til grundvallar, að um mat á því, hvort dreifing listflutnings af hljóðritum fari fram í atvinnuskyni eða ávinnings, fari með sama hætti og verið hefur í sambandi við greiðslu til höfunda.

Notendum er aðeins gert skylt að greiða þóknunina í einu lagi til listflytjenda og framleiðenda hljóðrita. Þeir þurfa því ekki að leita uppi marga viðtakendur, sbr. 2. málsgr.

Um 2. málsgr. Gert er ráð fyrir, að um framkvæmdaratriði verið settar reglur í reglugerð. Þær verða þó ávallt að víkja fyrir samningsákvæðum.

Um 3. málsgr. Rétt þykir, að reglur um afgjaldslaus afnot af verkum höfunda taki einnig til listflytjenda og framleiðenda hljóðrita, sbr. tilvitnanir til ákvæða í II. kafla. Einnig eru reglur um aðiljaskipti látnar ná til listflytjenda.

Um 4. málsgr. Vegna sérreglna, sem gilda um kvikmyndagerð, sbr. umsögn um 4. málsgr. 32. gr., þykir ekki rétt að láta ákvæði 47. gr. ná til hljómkvikmynda.

Um 48. gr.

Útvarpsstarfsemi er þannig háttað, bæði um undirbúning og samningu einstakra dagskrárliða og kostnað við öflun útvarpsefnis, að rétt þykir að veita útvarpsstofnunum vernd gegn tilteknum afnotum annarra á útvarpi þeirra.

Um 1. tölul. Samkvæmt þessu ákvæði er útvarpsstofnunum gert óheimilt að endurvarpa útvarpssendingu annarra útvarpsstofnana án samþykkis þeirra.

Um 2. tölul. Útvarpsstofnun er hér veittur einkaréttur til upptöku á útvarpssendingum sínum. Nær það bæði til hljómvarps og sjónvarps. Ekki veitir ákvæðið útvarpsstofnun rétt til sjálfstæðrar eintakagerðar á vernduðum listflutningi, þ. e. upptakan má ekki skerða á neinn hátt lögmæltan rétt höfunda, listflytjenda eða framleiðenda hljóðrita. T. d. er hljóðritaframleiðanda heimilt með samþykki höfundar og listflytjanda að taka upp eftir útvarpi sérstakan listflutning og gefa hann út á hljómplötum. Að því er sjónvarp varðar, hindrar einkarétturinn ekki töku einstakra ljósmynda, t. d. til birtinga í blöðum, enda nær hugtakið upptaka ekki til slíkra mynda (still photographs). En þess er að gæta, að birting slíkra mynda kann að brjóta í bága við rétt höfunda.

Um 3. tölul. Ekki þykir næg ástæða til að láta afnot útvarps í atvinnuskyni eða ávinnings vera almennt háð samþykki útvarpsstofnana. Undantekning er gerð um sjónvarp. Þar gætir listrænna vinnubragða meira en algengt er um útvarpsefni, auk þess sem fleiri atriði, m. a. fjárhagsleg, koma til greina. Samkvæmt þessu geta útvarpsstofnanir áskilið sér þóknun fyrir dreifingu sjónvarps í atvinnuskyni eða ávinnings.

Um 4. tölul. Ákvæði þetta er í samræmi við fyrirmæli 46. gr. um vernd á hljóðritum.

Frá einkarétti útvarpsstofnana eru gerðar sams konar undantekningar og um einkarétt höfunda, sbr. tilvitnanir til II. kafla.

Um 49. gr.

Um vernd ljósmynda er áður rætt í umsögn um 1. gr. Vernd sú, sem hér er veitt öðrum ljósmyndum en þeim, sem teljast til listaverka, nær til allrar eftirgerðar á myndunum, óbreyttum eða lítt breyttum, en heimilt er að nota efni þeirra við gerð

sjálfstæðra verka, t. d. málverka, sbr. 2. málsgr. 5. gr. Eintakagerð til einkanota er og jafnan heimil, einnig með aðstoð annarra manna. Ekki þykir koma til greina að meina almennt opinbera birtingu á ljósmyndum, sem fengnar eru með réttri heimild. Réttur ljósmyndara á að vera nægilega tryggur, ef honum er áskilin þóknun fyrir birtingu mynda í atvinnuskyni eða ávinnings. Verndartími er hér hinn sami, sem almennt er ákveðinn í höfundalögum eða sérlögum um ljósmyndir. Svo þykir og rétt að gera heimildir ljósmyndara háðar sömu takmörkunum og rétt höfunda, sbr. tilvitnanir til II. kafla.

Um 50. gr.

Í umsögn um 1. gr. er þess getið, að til bókmenntaverka verði aðeins talin þau verk, sem í felst sjálfstæð andleg sköpun. Vernd höfundaréttar nær því ekki til rita, sem hafa aðallega að geyma upplýsingar um tilteknar staðreyndir, svo sem er um ýmsar skrár og töflur. Rétt þykir samt að láta þá vinnu, sem þar felst að baki, njóta nokkurrar verndar. Í grein þessari er bönnuð eftirgerð umræddra rita, og verndartími ákveðinn 10 ár.

Um VI. kafla.

Hér eru ákvæði um nokkur mismunandi efni, sem tengd eru höfundarétti. Vísast um það til umsagnar um einstakar greinar.

Um 51. gr.

Þó að ákvæði laga nr. 84 frá 1933 um varnir gegn óréttmætum verzlunarháttum kunni stundum að eiga við um það efni, sem grein þessi fjallar um, þykir samt henta að hafa um það sérákvæði í höfundalögum. Fyrirmælin taka til titla (heita, fyrirsagna) á bókmenntaverkum, t. d. bókum og tímaritum, svo og gervinafna og merkja á hvers konar bókmenntaverkum og listaverkum án tillits til þess, hvort þau eru vernduð eða verndartími liðinn. Fyrirmælin taka hins vegar ekki til eiginnafns höfundar, og kunna því að koma til greina um misnotkun eiginnafna ákvæði 9. gr. laga nr. 84 frá 1933.

Um 52. gr.

Sjálfsagt þykir, að höfundur einn fái ráðið því, hvort nafn hans eða annað auðkenni sé sett á verk hans, hvort sem hann hefur látið eintak eða eintök af þeim af hendi í lifandi lífi eða lætur þau eftir sig, er hann fellur frá.

Ákvæði 2. málsgr. er sett til að koma í veg fyrir, að kaupendur listaverka verði blekktir, þannig að þeir ætli það frumverk, sem aðeins er eftirgerð. Þrátt fyrir ákvæðið er heimilt að láta nafn eða merki höfundar koma fram á eftirprentunum málverka, enda tekur orðalag ekki til þess, og um hættu á blekkingu er þar vart að ræða. Fyrirmæli þessarar greinar gilda án tillits til þess, hvort verndartími er liðinn eða ekki.

Um 53. gr.

Þó að liðið sé verndartímabil eftir IV. kafla og bókmenntaverk eða listaverk sé orðið hluti af sameiginlegum, alþjóðlegum menningararfi, rís spurning um, hvort verkin eigi að vera óvernduð gegn hvers konar misþyrmingum og spjöllum, sem á þeim kunna að vera gerð. Sú skoðun hefur á síðari tímum hlotið mikið fylgi, að veita beri verkunum vernd gegn slíkum aðgerðum með nokkrum hætti. Hefur þá og verið talið, að verndin ætti að til allra bókmenntaverka og listaverka án tillits til uppruna þeirra eða þess, hvort þau hafa á sínum tíma verið háð höfundarétti eða ekki. Samkvæmt þessu er tekin hér upp með nokkrum breytingum regla úr fyrra málslið 1. gr. laga nr. 127 frá 1941. Er verndin látin ná til erlendra verka jafnt sem íslenzkra, sbr. 2. málsgr. 58. gr.

Í refsirétti nútímans er þess krafizt, að verknaðarlýsing refsiverðs brots sé svo glöggt skilgreind í lögum, að almenningur geti gert sér grein fyrir því, hvort tiltekinn verknaður fari í bága við refsiákvæðið. Það mundi vera of óákveðin verknaðarlýsing, ef refsinæmi væri við það miðað, að háttsemi færi í bága við almenna menningu.

Þykir ekki fært að gera refsinæmi brots á ákvæðum 53. gr. háð slíku skilyrði. Hins vegar er ráðgert, að menntamálaráðherra geri ekki kröfu um málshöfðun, nema hann telji þess þörf vegna almennrar menningarverndar.

Réttur menntamálaráðherra til að krefjast málshöfðunar hefst þegar við gildistöku laganna um verk, sem ekki njóta verndar höfundaréttar, en ella þegar höfundaréttur fellur niður eftir ákvæðum IV. kafla. Að vísu kunna þá að vera til aðiljar, sem málssóknarrétt eiga samkvæmt 2. málsgr. 57. gr., en ekki virðist það geta komið að sök.

Um VII. kafla.

Í kafla þessum eru ákvæði um viðurlög við brotum á lögunum og ákærureglur. Samsvarandi fyrirmæli í gildandi lögum nr. 13 frá 1905 eru fyrir löngu orðin úrelt og því nauðsynlegt að færa þau til nútíðarhorfs. Að öðru leyti vísast um þetta til umsagnar um einstakar greinar.

Um 54. gr.

Verk þau, sem verndar njóta að höfundalögum, eru ólíkamleg og fara því ekki forgörðum, þótt brotið sé gegn ákvæðum laganna. Verkin eru að vísu eignarrétti háð, en hér gegnir öðru máli en um brot gegn eignarrétti á líkamlegum munum. Aftur á móti eru eintök, sem gerð eru af verkum höfunda, svo sem bækur, málverk, hljómplötur o. s. frv., líkamlegir hlutir, sem m. a. njóta refsiverndar eftir 26. og 27. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Með brotum á ákvæðum höfundalaga er annaðhvort skertur möguleiki höfundar til fjárhagslegra nytja af verkum sínum, er skylt á við venjuleg atvinnuréttindi, eða raskað er rétti þeirra til að njóta heiðurs af verkunum, og á það skylt við æruréttindi. Þykir hæfilegt, miðað við refsingar fyrir áþekk brot í almennri löggjöf, að hafa hámark refsingar fyrir brot á höfundarétti varðhald 3 mánuði. Er og á það að líta, að brot gegn ákvæðum 4. gr. getur jafnhliða verið brot á æruréttindum og þá refsivert eftir 25. kafla alm. hegningarlaga. Í gildandi lögum er aðeins lögð fésekt við brotum á höfundarétti, og er því um aukið refsihámark að ræða samkvæmt frv. þessu.

Um 55. gr.

Um 1. málsgr. Nauðsynlegt er að hafa í lögunum ákvæði um aðgerðir til að koma í veg fyrir misnotkun á eintökum verka, sem ólöglega hafa verið gerð, og munum, sem varða undirbúning að gerð slíkra eintaka. Skiptir ekki máli, hvort eintökin hafa verið gerð með saknæmum hætti eða í grandleysi. Lagt er á vald dómstóla að ákveða upptöku á ólöglegum eintökum og undirbúningsmunum til handa þeim, sem misgert er við, gegn endurgjaldi eða án þess, eftir því sem við þykir eiga.

Um 2. málsgr. Látin er haldast heimild 17. gr. laga nr. 13 frá 1905 um ónýtingu slíkra hluta, sem getur í 1. málsgr. Dómstólar skera úr um það, hvort beitt er heimild 1. eða 2. málsgr. í einstökum tilvikum, en vitanlega munu þeir haga ákvörðunum sínum um það í samræmi við megintilgang laganna um vernd höfundaréttar. Þess vegna verður að taka ríkt tillit til óska þess, sem misgert er við, um upptöku honum til handa eða ónýtingu. Það mun því heyra til undantekninga, að ekki sé farin önnurhvor sú leið. Dómstólar geta þó samkvæmt 2. málsgr. ákveðið, að eintök eða aðrir munir séu án afhendingar eða ónýtingar gerðir óhæfir til ólöglegra nota. Má þar til nefna, að ólöglegu bókaupplagi sé komið í örugga geymslu, það sem eftir er verndartímans, einkum þegar skammt er til loka hans, sbr. 6. málsgr. 17. gr. laga nr. 13 frá 1905. Þá getur og ólögleg eftirgerð af listaverki verið svo listræn í sjálfu sér, að ekki þætti hæfa að ónýta hana. Mætti þá ákveða, að hún sé geymd án tjóns fyrir höfund eða annan handhafa höfundaréttar, unz verndartímabil er liðið, enda sé þess og gætt, að meðferð hennar, að því tímabili loknu, fari ekki í bága við ákvæði 51. gr.

Um 3. málsgr. Ekki þykir rétt að láta ákvæði greinarinnar ná til aðilja, sem eignazt hafa í grandleysi ólögleg eintök til einkanota, sbr. áþekka reglu í 1. tölul. 69. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940.

Um 4. málsgr. Þar sem verðmæti bygginga er að jafnaði mikið, ekki sízt þeirra, sem verndar eiga að njóta að höfundarétti, þykir ekki fært að láta ákvæði um upptöku eða ónýtingu ná til þeirra.

Um 56. gr.

Fyrsta málsgr. þarfnast ekki skýringar. Í 2. málsgr. ræðir um miskabætur, sem aðeins höfundi eða listflytjanda verða dæmdar, og það allt að einu, þó að þeir kunni að hafa framselt rétt sinn til annarra aðilja. Vænta má, að miskabætur verði einkum dæmdar vegna brota á ákvæðum 4. gr., en ekki er ákvæðið þó einskorðað við þá grein. Fyrirmæli 3. málsgr. lýtur að því, að tiltekinn aðili hafi hlotið ávinning með hlutlægu broti á rétti höfundar eða listflytjanda, en án huglægrar sakar. Gert er ráð fyrir, að ákvæði 3. málsgr. verði þá beitt í samræmi við það, sem talið er gilda um bætur samkvæmt svonefndri auðgunarreglu.

Um 57. gr.

Um 1. málsgr. Ákvæði þetta er óbreytt frá því, sem nú gildir, sbr. 25. gr. laga nr. 13 frá 1905. Eftir almennri löggjöf sæta áþekk brot ekki opinberri málssókn, sbr. m. a. 22. gr. laga um einkaleyfi nr. 12 frá 1923, sbr. 124. gr. laga nr. 85 frá 1936, og 3. tölul. 242. gr. alm. hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Þykir ekki næg ástæða til að gera breytingu að þessu leyti á gildandi löggjöf.

Um 2. málsgr. Ef tilsjónaraðili hefur verið nefndur eftir 2. málsgr. 31. gr., hefur hann einn málshöfðunarrétt út af þeim brotum, sem hér ræðir um, meðan hans nýtur við. Ella hafa málshöfðunarrétt hinir sömu aðiljar, sem greindir eru í 3. málsgr. 25. gr. laga nr. 19 frá 1940.

Um 3. málsgr. Þar sem enginn einkaaðili er til eftirmáls, þegar brot kunna að verða framin á ákvæðum 53. gr., þykir verða að ákveða, að saksókn út af þeim fari að hætti opinberra mála. Samkvæmt 2. málsgr. 53. gr. er skilyrði, að menntamálaráðherra krefjist saksóknar.

Um VIII. kafla.

Ákvæði um gildissvið íslenzkra höfundalaga eru nú í 27. gr. laga nr. 13 frá 1905. Fullnægja þau hvergi nærri þeim kröfum, sem nú eru hvarvetna gerðar um alþjóðlegar einkaréttarreglur, er varða vernd höfundaréttar.

Við samningu fyrirmæla í þessum kafla hefur þess verið sérstaklega gætt, að þau fullnægðu kröfum Bernarsáttmálans, að því er til höfunda tekur, og Rómarsáttmálans um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana, að því er þá aðilja varðar. Er þá haft í huga, að Ísland kunni að fullgilda þá gerð Bernarsáttmálans, sem samþykkt var af hálfu Íslands í Brüssel 1948, og Rómarsáttmálann, sem einnig var samþykktur af Íslands hálfu í Róm 1961.

Um 58. gr.

Um 1. málsgr. Ákvæði þessarar málsgr. gilda um bókmenntaverk og listaverk, sem verndar njóta eftir lögunum.

Regla 1. tölul. er í samræmi við gildandi rétt, sbr. 27. gr. laga nr. 13 frá 1905 og 1. tölul. 4. gr. Bernarsáttmálans.

Ákvæði 2. tölul. er nýmæli, sem byggt er á fordæmi í höfundalögum ýmissa ríkja. Er og í 3. tölul. 2. gr. Genfarsáttmálans, sem Ísland er aðili að, gert ráð fyrir slíkri reglu, þó að ekki sé hún skylduákvæði. Hér er átt við lögheimili, sbr. lög nr. 35 frá 1960.

Í 3. tölul. er flóttamönnum og ríkisfangslausum mönnum mæltur sami réttur og íslenzkum ríkisborgurum, ef þeir hafa hér samfellt aðsetur. Er regla þessi sett í samræmi við 14. gr. alþjóðasáttmála frá 28. júlí 1951 um stöðu flóttamanna, sem Ísland hefur gerzt aðili að, sbr. augl. nr. 74 frá 1955. Orðin „samfellt aðsetur“ eru hér notuð í sömu merkingu sem í 10. gr. nefnds sáttmála.

Ákvæði 4. tölul. eru óbreytt frá gildandi rétti, sbr. 27. gr. laga nr. 13 frá 1905 og 3. tölul. 4. gr. Bernarsáttmálans.

Í 5. tölul. er tekin upp ný regla í samræmi við ákvæði í 5. tölul. 4. gr. Bernarsáttmálans. Er og auðsætt, að veita ber byggingum, sem reistar eru hér á landi, vernd eftir höfundarétti án tillits til þess, hvort höfundur er innlendur eða erlendur.

Um 2. málsgr. Í umsögn um 53. gr. var þess getið, að vernd samkvæmt þeirri grein gegn spjöllum á bókmenntaverkum eða listaverkum, sem ekki eru háð höfundarétti, ætti að ná jafnt til erlendra verka sem íslenzkra. Það væri óviðkunnanlegt, að slík vernd á verkum erlendra manna hæfist þá fyrst, er höfundaréttur væri niður fallinn. Ekki virðast heldur nein rök liggja til þess, að meina eigi erlendum manni að reka hér réttar síns í sambandi við spjöll á höfundarheiðri hans, þó að hann njóti hér ekki fjárhagslegrar verndar um verk sín. Er því ákveðið hér, að öll erlend verk skuli njóta verndar eftir 2. málsgr. 4. gr. Fyrirmæli 51. og 52. gr. eru sett ekki síður í þágu almennings en höfundar, og kæmi sú vernd ekki að fullum notum, nema hún sé látin ná til allra verka, án tillits til uppruna.

Um 59. gr.

Rétt þykir, að listflutningur íslenzkra ríkisborgara sé verndaður hér á landi án undantekningar, sbr. sams konar reglu um höfunda í 58. gr. Þá liggja og næg rök til þess að banna eftirgerð hljóðrita án samþykkis framleiðanda, hvar sem hann kann að eiga ríkisfang, sbr. B-lið.

Að öðru leyti eru ákvæði greinar þessarar í samræmi við 4.—6. gr. Rómarsáttmálans frá 1961 um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana.

Um 60. gr.

Þarfnast ekki skýringar.

Um 61. gr.

Um 1. málsgr. Þegar Ísland gerist aðili að alþjóðasáttmálum um höfundarétt eða skyld réttindi, verður íslenzka ríkið eftir venjulegum reglum þjóðréttarlega við þá bundið, en ekki gilda ákvæði þeirra sem lög í landinu, þannig að dómstólum sé skylt eftir þeim að dæma, nema þeim hafi verið veitt lagagildi. Með lögum nr. 74 frá 1947 var ríkisstjórninni veitt heimild til að staðfesta Bernarsáttmálann fyrir Íslands hönd og menntamálaráðuneytinu falið að setja reglur um framkvæmd hans hér á landi. Var síðan tilkynnt með augl. nr. 110 frá 1947, að sáttmálinn hefði gengið í gildi fyrir Ísland 7. sept. 1947, og hefur hann verið talinn hafa hér lagagildi, sbr. Hæstaréttardóma 1953, bls. 130. Með þingsályktun 4. nóv. 1953 var ríkisstjórninni falið að gerast fyrir Íslands hönd aðili að Genfarsáttmálanum. Var aðildarskjal afhent hinn 18. sept. 1956, og gekk sáttmálinn í gildi fyrir Ísland hinn 18. des. s. á., sbr. augl. nr. 82 frá 1956. Ekki hefur sáttmála þessum enn verið veitt lagagildi, enda þótt svo sé áskilið í 10. gr. hans. Ef Ísland gerist aðili að Rómarsáttmálanum frá 1961 um vernd lisflytjenda o. fl., ber og samkvæmt 26. gr. hans að veita honum lagagildi.

Ákvæði 1. málsgr. eru sett með það fyrir augum, að ekki þurfi að koma til sérstök löggjöf hverju sinni um lögfestingu sáttmála um framangreint efni eða breytinga, sem á þeim kunna að verða gerðar. Er þá einnig við það miðað, að Ísland hafi gerzt aðili eftir réttum stjórnlagareglum.

Um 2. málsgr. Í 1. málsl. ræðir um sérstaka milliríkjasamninga um höfundarétt eða skyld réttindi, sem Ísland kann að gera við einstök ríki. Er þá ráðgert, að veita megi samningunum lagagildi hér á landi með forsetaúrskurði, enda sé gagnkvæmur réttur ríkjanna viðurkenndur. Sams konar ákvæði eru í hinum nýju norrænu höfundalögum. Fyrirmæli 2. málsl. eru sett til að fullnægja skyldu, er aðildarríki að Genfarsáttmálanum hafa á sig tekið, sbr. 2. viðbótarákvæði við þann sáttmála.

Um 62. gr.

Um 1. málsgr. Ákvæði þetta er í samræmi við 18. gr. Bernarsáttmálans.

Um 2. málsgr. Þó að Ísland gerist aðili að Rómarsáttmálanum frá 1961 um vernd listflytjenda o. fl., verður því ekki skylt að láta ákvæði hans taka til listflutnings eða útvarps, sem fram hefur farið, eða hljóðrita, sem gerð hafa verið, áður en sáttmálinn öðlast hér gildi, sbr. 2. málsgr. 20. gr. sáttmálans. Þykir bezt henta, að afstaða til þessara mála verði tekin í sambandi við gildistöku sáttmálans hér, ef af henni verður. Er þá nauðsynlegt að hafa í lögum heimild ríkisstjórninni til handa til að taka ákvarðanir um þetta efni.

Nd. 378. Frumvarp til laga [194. mál]

um heimild til að staðfesta milliríkjasáttmála, er gerður var í Róm 26. okt. 1961, um vernd listflytjenda o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd milliríkjasáttmála, sem gerður var í Róm 26. október 1961, um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana. Gera má þá fyrirvara um einstök ákvæði, sem ríkisstjórninni þykir við eiga og heimilt er að gera samkvæmt sáttmálanum. Eftir að sáttmálinn hefur verið staðfestur, skulu ákvæði hans, sem Ísland er við bundið, hafa lagagildi hér á landi frá þeim tíma, sem ríkisstjórnin ákveður. Sáttmálinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Fylgiskjal.

Milliríkjasáttmáli um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana.

Aðildarríkin, sem telja æskilegt að vernda réttindi listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana, hafa orðið ásátt um það, sem fer hér á eftir:

1. gr.

Vernd sú, sem veitt er með sáttmála þessum, skal ekki á neinn hátt hagga né halla vernd höfundaréttar á bókmenntum og listaverkum. Má því ekki skýra neitt ákvæði sáttmálans þannig, að með því sé skert vernd höfundaréttar.

2. gr.

1. Í sáttmála þessum merkir orðið þegnréttarkjör þau kjör, sem aðildarríki, þar sem verndar er krafizt, ákveður í löggjöf sinni til handa eftirgreindum aðiljum:
   a. listflytjendum, sem eiga þar ríkisborgararétt, um listflutning, sem fram hefur farið, útvarpað hefur verið eða frumupptaka hefur verið gerð á innan yfirráðasvæðis þess,
   b. hljóðritaframleiðendum, sem eiga þar ríkisborgararétt, um hljóðrit, sem frumupptaka hefur verið gerð á eða fyrst hafa verið gefin út á yfirráðasvæði þess,
   c. útvarpsstofnunum, sem hafa aðalstöðvar sínar á yfirráðasvæði þess, um útvarp, sem sent er með senditækjum, staðsettum á yfirráðasvæði þess.

2. Þegnréttarkjör eru háð ákvæðum um vernd, sem er tryggð sérstaklega með sáttmála þessum, og þeim takmörkunum, sem greindar eru sérstaklega í sáttmálanum.

3. gr.

Í sáttmála þessum merkja:

a. orðið „listflytjandi“: leikara, söngvara, hljóðfæraleikara, danslistamenn og aðra menn, sem leika á leiksviði, syngja, lesa upp, segja fram, taka þátt í eða flytja með öðrum hætti verk, sem heyra til bókmenntum eða listum,
b. orðið „hljóðrit“: sérhvern hlut, sem hefur að geyma upptöku, til heyrnar eingöngu, á hljómum frá listflutningi eða á öðrum hljómum,
c. orðið „hljóðritaframleiðandi“: einstakling eða stofnun, sem framkvæmir frumupptöku á hljómum frá listflutningi eða á öðrum hljómum,
d. orðið „útgáfa“: framboð til almennings á hljóðritum í álitsverðum fjölda,
e. orðið „eftirgerð“: tilbúning á hlutum í einu eintaki eða fleirum, sem upptöku hafa að geyma,
f. orðið „útvarp“: þráðlausa útsendingu til almennings á hljómum eða myndum og hljómum,
g. orðið „endurvarp“: samtímisútvarp tiltekinnar útvarpsstofnunar á útvarpi annarrar útvarpsstofnunar.

4. gr.

Aðildarríki skal láta listflytjendur njóta þegnréttarkjara, ef fullnægt er einhverju því skilyrði, sem hér segir:

a. listflutningur fer fram í öðru aðildarríki,
b. listflutningur er tekinn upp á hljóðrit, sem verndar nýtur eftir 5. gr. sáttmála þessa,
c. listflutningur, sem ekki hefur verið tekinn upp á hljóðrit, er fluttur af útvarpi, sem verndar nýtur eftir 6. gr. sáttmála þessa.

5. gr.

1. Aðildarríki skal láta hljóðritaframleiðendur njóta þegnréttarkjara, ef fullnægt er einhverju því skilyrði, sem hér segir:
   a. hljóðritaframleiðandi er ríkisborgari annars aðildarríkis (skilyrði um ríkisborgararétt),
   b. frumupptaka hljómsins hefur verið gerð í öðru aðildarríki (skilyrði um upptöku),
   c. fyrsta útgáfa hljóðritsins hefur farið fram í öðru aðildarríki (skilyrði um útgáfu).
2. Nú hefur fyrsta útgáfa hljóðrits farið fram í ríki, sem ekki er aðili að sáttmála þessum, en það hefur einnig verið gefið út í aðildarríki innan 30 daga frá fyrstu útgáfu þess (samtímisútgáfa), og skal þá svo með farið, sem fyrsta útgáfa hafi farið fram í aðildarríkinu.
3. Aðildarríki hvert hefur rétt til að lýsa yfir því í tilkynningu, sem afhent skal framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, að það muni annaðhvort ekki veita vernd samkvæmt skilyrðinu um útgáfu eða samkvæmt skilyrðinu um upptöku. Getur aðildarríki afhent slíka tilkynningu samtímis fullgildingu, staðfestingu eða inngönguyfirlýsingu og hvenær sem er síðar. Í síðastgreindu tilviki verður tilkynningin virk 6 mánuðum eftir afhendingu hennar.

6. gr.

1. Aðildarríki skal láta útvarpsstofnanir njóta þegnréttarkjara, ef fullnægt er öðruhvoru því skilyrði, sem hér segir:
   a. að aðalstöðvar útvarpsstofnunar séu í öðru aðildarríki,
   b. að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu í öðru aðildarríki.

2. Aðildarríki hefur rétt til að lýsa yfir því í tilkynningu, sem afhent skal framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna, að það muni því aðeins veita útvarpi vernd, að aðalstöðvar útvarpsstofnunar séu í öðru aðildarríki og að útvarpað hafi verið með senditæki, staðsettu í sama aðildarríki. Getur aðildarríki afhent slíka tilkynningu samtímis fullgildingu, staðfestingu eða inngönguyfirlýsingu og hvenær sem er síðar. Í síðastgreindu tilviki verður tilkynningin virk 6 mánuðum eftir afhendingu hennar.

7. gr.

1. Vernd sú, sem listflytjendum er veitt með sáttmála þessum, skal gera þeim kleift að koma í veg fyrir:
   a. útvarp og dreifingu til almennings á listflutningi þeirra, án þess að samþykki þeirra hafi komið til, nema listflutningurinn sjálfur, sem notaður er í útvarpi eða dreifingu til almennings, sé þegar orðinn útvarpsflutningur eða stafi frá upptöku,
   b. upptöku án samþykkis þeirra á listflutningi, sem upptaka hefur ekki verið framkvæmd á,
   c. eftirgerð án samþykkis þeirra á upptöku listflutnings, svo sem hér segir:
      i. ef frumupptakan var gerð án samþykkis þeirra,
      ii. ef eftirgerðin er framkvæmd í öðrum tilgangi en þeim, sem listflytjandi hafði veitt samþykki til,
      iii. ef frumupptakan var gerð samkvæmt heimild í ákvæðum 15. gr., en eftirgerðin er framkvæmd í öðrum tilgangi en þeim, sem um getur í greindum ákvæðum.
2. 1) Nú hefur listflytjandi samþykkt útvarp listflutnings, og skal þá vera komið undir innanlandslöggjöf þess aðildarríkis, þar sem verndar er krafizt, hvernig háttað sé vernd gegn endurvarpi, upptöku til útvarpsnota og eftirgerð slíkrar upptöku til útvarpsnota.
   2) Reglur um notkun útvarpsstofnana á upptöku, sem gerð hefur verið til útvarpsnota, skulu ákveðnar í samræmi við innanlandslöggjöf þess aðildarríkis, þar sem verndar er krafizt.
   3) Innanlandslöggjöf, sem um getur í málsgreinunum 1) og 2) hér á undan, skal samt sem áður ekki hafa þau áhrif, að listflytjendur séu sviptir færi á að skipa með samningi samskiptum sínum við útvarpsstofnanir.

8. gr.

Lagt er á vald aðildarríkja að ákveða í löggjöf sinni og reglugerðum, með hverjum hætti haldið sé uppi fyrirsvari af hálfu listflytjenda um framkvæmd réttinda þeirra, þegar þeir taka fleiri saman þátt í hinum sama listflutningi.

9. gr.

Lagt er á vald aðildarríkja að ákveða í löggjöf sinni og reglugerðum, að vernd sú, sem veitt er með sáttmála þessum, skuli látin ná til fjölleikamanna, sem ekki flytja bókmenntaleg eða listræn verk.

10. gr.

Hljóðritaframleiðendur hafa rétt til að heimila eða hindra beina og óbeina eftirgerð á hljóðritum sínum.

11. gr.

Nú er vernd hljóðritaframleiðenda eða listflytjenda eða beggja þessara aðilja háð formskilyrðum í innanlandslöggjöf aðildarríkis, að því er tekur til hljóðrita, og skal þá talið, að þeim skilyrðum sé fullnægt, ef öll eintök útgefinna hljóðrita, sem á boðstólum eru, eða umslög þeirra bera sem tilgreiningu táknið (P) ásamt ártali fyrstu útgáfu, enda sé tilgreiningu þessari komið fyrir á þann hátt, að það gefi nægilega til kynna áskilnað um vernd. Ef eintökin eða umslög þeirra

greina ekki framleiðanda eða leyfisþega hans (með því að bera nafn hans, vörumerki eða annað viðeigandi kennimerki), þá skal tilgreiningin jafnframt fela í sér nafn þess, sem er eigandi framleiðandaréttar. Ef eintökin eða umslög þeirra greina ekki aðallistflytjendur, skal tilgreiningin einnig fela í sér nafn aðilja þess, sem er eigandi að réttindum greindra listflytjenda í því landi, þar sem upptaka fór fram.

12. gr.

Nú er hljóðrit, sem gefið hefur verið út í markaðssöluskyni, eða eftirgerð slíks hljóðrits notuð beint til útvarpsflutnings eða dreifingar til almennings, hvers kyns sem er, og skal notandi þá greiða sanngjarna þóknun í einu lagi til listflytjenda eða til hljóðritaframleiðenda eða til beggja þessara aðilja. Ákveða má í innanlandslöggjöf skilmála um skiptingu þóknunarinnar milli þessara aðilja, enda hafi þeir ekki sjálfir samið um hana sín á milli.

13. gr.

Útvarpsstofnanir hafa rétt til að heimila eða hindra:

a. endurvarp útvarps þeirra,
b. upptöku á útvarpi þeirra,
c. eftirgerð, eins og hér segir:
   i. á upptöku útvarps þeirra, sem gerð hefur verið án samþykkis þeirra,
   ii. á upptöku útvarps þeirra, sem gerð hefur verið samkvæmt heimild í ákvæðum 15. gr., ef eftirgerðin er framkvæmd í öðrum tilgangi en þeim, sem um getur í greindum ákvæðum.
d. dreifingu til almennings á sjónvarpi þeirra, ef hún fer fram á stöðum, sem almenningur á aðgang að gegn greiðslu inngangseyris. Um skilmála fyrir framkvæmd þessa réttar fer eftir því, sem ákveðið er í innanlandslöggjöf ríkis þess, þar sem verndar er krafizt.

14. gr.

Vernd sú, sem veita ber eftir sáttmála þessum, skal haldast hið skemmsta í 20 ár frá næstu áramótum, eftir að atvik þau gerðust, sem hér segir:

a. að upptaka fór fram, að því er tekur til hljóðrita og listflutnings, sem þau hafa að geyma,
b. að listflutningur fór fram, að því er tekur til listflutnings, sem ekki er tekinn upp á hljóðrit,
c. að útvarpssending fór fram, að því er til útvarps tekur.

15. gr.

1. Aðildarríki hefur rétt til að gera í löggjöf sinni og reglugerðum undantekningar um vernd þá, sem tryggð er með sáttmála þessum, að því er varðar:
   a. einkanot,
   b. afnot stuttra útdrátta í sambandi við frásagnir af dægurviðburðum,
   c. bráðabirgðaupptöku útvarpsstofnana með sjálfs sín tækjum og til eiginna útvarpssendinga,
   d. afnot, sem eingöngu eru í kennsluskyni eða til vísindalegra rannsókna.
2. Heimilt er aðildarríki hverju, án tillits til ákvæða 1. töluliðs þessarar greinar, að ákveða í lögum sínum og reglugerðum sams konar takmarkanir á vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana sem gerðar eru í lögum þess og reglugerðum um vernd höfundaréttar á bókmenntum og listaverkum. Afnotakvaðir má þó aðeins ákveða, að því leyti sem það getur samrýmzt sáttmála þessum.

16. gr.

1. Þegar ríki gerist aðili að sáttmála þessum, verður það háð öllum skyldum og nýtur allra réttinda, sem þar greinir. Aðildarríki er þó heimilt á hverjum tíma

sem er að lýsa yfir því í tilkynningu, sem afhent skal framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna:

a. um 12. gr.:
   i. að það muni ekki framkvæma nein ákvæði þeirrar greinar,
   ii. að það muni ekki framkvæma ákvæði þeirrar greinar, að því er varðar tiltekin afnot,
   iii. að það muni ekki framkvæma ákvæði þeirrar greinar, að því er tekur til hljóðrita, þegar framleiðandi þeirra er ekki ríkisborgari annars aðildarríkis,
   iv. að það muni takmarka vernd þá, sem mælt er í þeirri grein, að því er tekur til hljóðrita, sem framleidd eru af ríkisborgurum annars aðildarríkis, þannig að verndin verði bæði að inntaki og verndartíma hin sama sem síðastnefnt aðildarríki áskilur hljóðritum, sem upptaka hefur fyrst verið framkvæmd á af ríkisborgara ríkis þess, sem yfirlýsinguna gefur. En þó að aðildarríki það, þar sem framleiðandinn á ríkisborgararétt, láti ekki vernd í té hinum sama eða hinum sömu réttarnjótendum og ríki það, sem yfirlýsinguna gefur, þá skal það ekki talinn mismunur á inntaki verndarinnar,
b. um 13. gr., að það muni ekki framkvæma ákvæði stafliðs d) þeirrar greinar. Nú hefur aðildarríki gefið slíka yfirlýsingu, og er öðrum aðildarríkjum þá ekki skylt að veita útvarpsstofnunum, sem hafa aðalstöðvar í því ríki, rétt þann, sem getur í 13. gr., staflið d).

2. Ef tilkynning samkvæmt 1. tölulið þessarar greinar fer fram, eftir að afhent hefur verið skjal um fullgildingu, staðfestingu eða inngönguyfirlýsingu, verður hún virk, þegar 6 mánuðir eru liðnir frá afhendingu hennar.

17. gr.

Ríki, sem hinn 26. október 1961 veitir hljóðritaframleiðendum vernd samkvæmt skilyrðinu um upptöku einu saman, getur með tilkynningu, sem afhent sé framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna samtímis fullgildingu, staðfestingu eða inngönguyfirlýsingu, lýst yfir því, að það muni í sambandi við 5. gr. veita vernd eingöngu samkvæmt skilyrðinu um upptöku, og að það muni í sambandi við 16. gr., 1. tölulið a) iii) og iv) veita vernd samkvæmt skilyrðinu um upptöku í stað skilyrðisins um ríkisborgararétt.

18. gr.

Ríki, sem afhent hefur tilkynningu samkvæmt 3. tölulið 5. gr., 2. tölulið 6. gr., 1. tölulið 16. gr. eða 17. gr., getur með síðari tilkynningu, sem afhent skal framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna, takmarkað efni hinnar fyrri tilkynningar eða afturkallað hana.

19. gr.

Án tillits til annarra ákvæða í sáttmála þessum, hver sem þau eru, skulu ákvæði 7. gr. ekki koma til framkvæmda, þegar listflytjandi hefur veitt samþykki til upptöku í myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega á listflutningi sínum.

20. gr.

1. Með sáttmála þessum eru ekki skert nein réttindi, sem áunnin hafa verið í einhverju aðildarríkjanna, áður en sáttmálinn gekk í gildi í því ríki.
2. Aðildarríki er ekki skylt að beita ákvæðum sáttmálans um listflutning eða útvarp, sem fram hefur farið, eða hljóðrit, sem gerð hafa verið, áður en sáttmálinn öðlaðist gildi í því ríki.

21. gr.

Vernd sú, sem veitt er með sáttmála þessum, skal ekki skerða neina vernd, sem listflytjendum, hljóðritaframleiðendum eða útvarpsstofnunum hefur verið tryggð með öðrum hætti.

22. gr.

Aðildarríkin áskilja sér rétt til að gera með sér sérsamninga, enda veiti slíkir samningar listflytjendum, hljóðritaframleiðendum eða útvarpsstofnunum víðtækari réttindi en þau, sem mælt eru í sáttmála þessum, eða hafi að geyma önnur ákvæði, sem ekki brjóta í bága við sáttmálann.

23. gr.

Sáttmáli þessi skal falinn framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna til varðveizlu. Sáttmálinn skal liggja frammi til 30. júní 1962 til undirritunar hverju því ríki, sem boðin var þátttaka í stjórnarfulltrúaráðstefnu um alþjóðlega vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana og jafnframt er aðili að Allsherjarsáttmálanum um höfundarétt eða þátttökuríki í Alþjóðasambandinu um vernd bókmennta og listaverka.

24. gr.

1. Sáttmáli þessi skal háður fullgildingu eða staðfestingu þeirra ríkja, sem hafa undirritað hann.
2. Ríki hvert, sem boðin var þátttaka í ráðstefnu þeirri, er getur í 23. gr., og hvert það ríki, sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum, skal eiga þess kost að gerast þátttakandi að sáttmála þessum, enda sé viðkomandi ríki aðili að Allsherjarsáttmálanum um höfundarétt eða þátttökuríki í Alþjóðasambandinu um vernd bókmennta og listaverka.
3. Fullgilding, staðfesting eða inngönguyfirlýsing skal fara fram með afhendingu skjals þess efnis til framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna.

25. gr.

1. Sáttmáli þessi gengur í gildi, þegar 3 mánuðir eru liðnir frá afhendingu hins sjötta skjals um fullgildingu, staðfestingu eða inngönguyfirlýsingu.
2. Eftir það tekur sáttmálinn gildi, að því er hvert einstakt ríki varðar, þegar 3 mánuðir eru liðnir frá afhendingu skjals þess um fullgildingu, staðfestingu eða inngönguyfirlýsingu.

26. gr.

1. Aðildarríki hvert skuldbindur sig til að gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við stjórnskipun sína til að tryggja framkvæmd sáttmála þessa.
2. Þegar ríki afhendir skjal um fullgildingu, staðfestingu eða inngönguyfirlýsingu, verður það að hafa þá aðstöðu samkvæmt löggjöf sinni að geta látið ákvæði sáttmálans koma til framkvæmda.

27. gr.

1. Ríki hvert getur samtímis fullgildingu, staðfestingu eða inngönguyfirlýsingu og hvenær sem er síðar lýst yfir því í tilkynningu til framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna, að sáttmálinn skuli ná til allra eða einhverra þeirra landsvæða, sem það fer með utanríkismál fyrir, enda taki Allsherjarsáttmálinn um höfundarétt eða Alþjóðasáttmálinn um vernd bókmennta og listaverka til landsvæðis þess eða landsvæða, sem um er að ræða. Tilkynningin verður virk, þegar 3 mánuðir eru liðnir frá viðtöku hennar.
2. Tilkynningar þær, sem getur í 3. tölulið 5. gr., 2. tölulið 6. gr., 2. tölulið 16. gr., 17. gr. og 18. gr., má láta ná til einstakra eða allra þeirra landsvæða, sem getið er í 1. tölulið þessarar greinar.

28. gr.

1. Aðildarríki getur sagt upp aðild að sáttmála þessum af sinni hálfu eða af hálfu allra eða einhverra þeirra landsvæða, sem um ræðir í 27. gr.

2. Uppsögn skal gerð með tilkynningu til framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna, og verður hún virk, þegar 12 mánuðir eru liðnir frá viðtöku hennar.
3. Aðildarríki er óheimilt að beita uppsagnarrétti sínum, fyrr en liðin eru 5 ár frá þeim degi, er sáttmálinn öðlaðist gildi í því ríki.
4. Nú kemst aðildarríki í þá aðstöðu, að það er hvorki aðili að Allsherjarsáttmálanum um höfundarétt né þátttökuríki í Alþjóðasambandinu um vernd bókmennta og listaverka, og fellur þá niður frá þeim tíma aðild þess að sáttmála þessum.
5. Nú kemst landsvæði, sem um ræðir í 27. gr., í þá aðstöðu, að hvorki Allsherjarsáttmálinn um höfundarétt né Alþjóðasáttmálinn um vernd bókmennta og listaverka taka til þess, og verður ákvæðum sáttmála þessa þá ekki beitt eftir það, að því er það landsvæði varðar.

29. gr.

1. Aðildarríki er heimilt, þegar 5 ár eru liðin frá gildistöku sáttmála þessa, að fara þess á leit í orðsendingu til framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna, að kvödd sé saman ráðstefna til að endurskoða sáttmálann. Framkvæmdarstjórinn skal tilkynna öllum aðildarríkjunum tilmæli þessi. Nú hefur á næstu 6 mánuðum eftir dagsetningu tilkynningar framkvæmdarstjórans helmingur aðildarríkjanna hið fæsta tjáð honum samstöðu sína að tilmælunum, og skal hann þá kynna það aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, aðalforstjóra Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og forstjóra aðalskrifstofu Alþjóðasambandsins um vernd bókmennta og listaverka, en þeir kveðja saman endurskoðunarráðstefnu í samráði við milliríkjanefnd þá, sem í 32. gr. getur.
2. Engin breyting verður gerð á sáttmála þessum né við hann aukið, nema ⅔ hlutar þeirra ríkja, sem taka þátt í endurskoðunarráðstefnunni, gjaldi því jákvæði, enda standi að þessum meiri hluta ⅔ hlutar þeirra ríkja, sem þá eiga aðild að sáttmálanum.
3. Nú hefur verið samþykktur nýr sáttmáli, sem felur í sér breytingu á þessum sáttmála í heild eða í einstökum atriðum, og skal þá, nema hinn nýi sáttmáli mæli á annan veg:
   a. falla niður heimild til að fullgilda, staðfesta eða gerast aðili að sáttmála þessum, frá þeim tíma er nýi sáttmálinn gengur í gildi,
   b. sáttmáli þessi halda gildi sínu í samskiptum aðildarríkja, sem ekki hafa gerzt aðiljar að nýja sáttmálanum.

30. gr.

Sérhver ágreiningur milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um skýringu á sáttmála þessum eða framkvæmd hans, sem ekki hefur verið jafnaður með samkomulagi, skal lagður undir úrskurð Alþjóðadómstólsins, ef einhver deiluaðili æskir þess, enda hafi aðiljar ekki samið um að leysa úr ágreiningnum með öðrum hætti.

31. gr.

Engir fyrirvarar verða gerðir í sambandi við sáttmála þennan aðrir en þeir, sem getur í 3. tölulið 5. gr., 2. tölulið 6. gr., 1. tölulið 16. gr. og 17. gr.

32. gr.

1. Sett skal á stofn stjórnarfulltrúanefnd, sem gegni þessu hlutverki:
   a. að kynna sér málefni, sem varða beitingu og framkvæmd sáttmála þessa,
   b. að safna tillögum og undirbúa gögn í sambandi við endurskoðun sáttmála þessa, þegar slíkt kemur til álita.
2. Nefndin skal skipuð fulltrúum frá aðildarríkjunum, og skal um val þeirra taka tillit til hæfilegrar dreifingar eftir hnattstöðu ríkjanna. Nefndarmenn skulu vera sex, ef aðildarríkin eru tólf eða færri, níu, ef þau eru þrettán til átján að tölu, og tólf, ef þau eru fleiri en átján.

3. Nefndin skal stofnuð með kosningu aðildarríkjanna, áður en 12 mánuðir eru liðnir frá gildistöku sáttmálans. Fer hvert ríki um sig með eitt atkvæði. Aðalforstjóri Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, aðalforstjóri Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og forstjóri aðalskrifstofu Alþjóðasambandsins um vernd bókmennta og listaverka annast skipulagningu kosningarinnar í samræmi við reglur, sem meiri hluti aðildarríkjanna hefur samþykkt fyrirfram.
4. Nefndin kýs sér formann og aðra fulltrúa. Hún setur sér sjálf starfsreglur Í þeim skal sérstaklega kveðið á um framtíðarstörf nefndarinnar og hvei aðferð skuli höfð um kosningu nefndarmanna eftirleiðis, þannig að tryggt sé, að aðildarríkin eignist til skiptis fulltrúa í nefndinni.
5. Skrifstofa nefndarinnar skal skipuð starfsmönnum, sem aðalforstjórar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar og Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og forstjóri aðalskrifstofu Alþjóðasambandsins um vernd bókmennta og listaverka velja til þess starfa úr hópi starfsmanna greindra stofnana.
6. Kveðja skal til nefndarfunda, hvenær sem meiri hluti nefndarmanna telur þess þörf. Fundina skal halda til skiptis í aðalstöðvum Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og aðalskrifstofu Alþjóðasambandsins um vernd bókmennta og listaverka.
7. Ríkisstjórnir hlutaðeigandi ríkja skulu greiða kostnað af nefndarstörfum fulltrúa sinna.

33. gr.

1. Sáttmáli þessi er gerður á ensku, frönsku og spönsku. Eru þessir þrír textar jafngildir.
2. Opinbera texta af sáttmála þessum skal einnig gera á þýzku, ítölsku og portúgölsku.

34. gr.

1. Framkvæmdarstjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna ríkjum, sem boðið var til ráðstefnu þeirrar, er í 23. gr. getur, og sérhverju því ríki, sem er aðili að Sameinuðu þjóðunum, og svo enn fremur aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, aðalforstjóra Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og forstjóra aðalskrifstofu Alþjóðasambandsins um vernd bókmennta og listaverka:
   a. um afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu eða inngönguyfirlýsingu,
   b. um dag þann, er sáttmáli þessi gengur í gildi,
   c. um allar tilkynningar, yfirlýsingar og orðsendingar, sem getur í sáttmála þessum,
   d. um tilvik, sem greinir í 4. og 5. tölulið 28. gr., ef þau ber að hendi.
2. Framkvæmdarstjóri Sameinuðu þjóðanna skal einnig tilkynna aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, aðalforstjóra Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og forstjóra aðalskrifstofu Alþjóðasambandsins um vernd bókmennta og listaverka tilmæli, sem honum berast samkvæmt 29. gr., og einnig allar orðsendingar, sem hann fær frá aðildarríkjunum um endurskoðun sáttmála þessa.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir samkvæmt lögmætum umboðum sínum ritað nöfn sín undir sáttmála þennan.

Gjört í Róm hinn 26. október 1961 í einu eintaki á ensku, frönsku og spönsku. Staðfest endurrit skulu afhent framkvæmdarstjóra Sameinuðu þjóðanna, öllum ríkjum, sem boðið var til ráðstefnu þeirrar, sem í 23. gr. getur, öllum ríkjum, sem eru aðiljar að Sameinuðu þjóðunum, og enn fremur aðalforstjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar, aðalforstjóra Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og forstjóra aðalskrifstofu Alþjóðasambandsins um vernd bókmennta og listaverka.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO), Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Alþjóðasambandið um vernd bókmennta og listaverka (Bernarsambandið) stóðu sameiginlega að milliríkjaráðstefnu, sem haldin var í Róm dagana 10.—26. október 1961. Hlutverk ráðstefnunnar var að semja alþjóðasáttmála um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana. Eftirgreind lönd sendu á ráðstefnuna fulltrúa með atkvæðisrétti:

Argentína, Ástralía, Austurríki, Bandaríki Norður-Ameríku, Belgía, Brasilía, Bretland, Burma, Chile, Danmörk, Finnland, Frakkland, Holland, Indland, Írland, Ísland, Ísrael, Ítalía, Japan, Júgóslavía, Kambodía, Kongo (Leopoldville), Kúba, Lúxemborg, Máritanía, Mexico, Monaco, Noregur, Perú, Pólland, Portúgal, Spánn, Suður-Afríka, Svíþjóð, Sviss, Tékkóslóvakía, Túnis og Sambandslýðveldið Þýzkaland. Dr. Þórður Eyjólfsson, hæstaréttardómari, sótti fundinn af Íslands hálfu, að beiðni menntamálaráðuneytisins, og hefur hann samið frumvarp þetta og greinargerðina.

Á ráðstefnunni var saminn og samþykktur með atkvæðum allra framangreindra ríkja sáttmáli sá, sem prentaður er hér að framan (International Convention for the Protection of Performers, Producers of Phonograms and Broadcasting Organisations). Samkvæmt ákvæðum sáttmálans, sbr. m. a. 34. gr., skal framkvæmd hans fara fram á vegum Sameinuðu þjóðanna og er lögð í hendur framkvæmdarstjóra þeirra. Ekkert ríki verður þó við sáttmálann bundið, fyrr en fullgilding eða staðfesting af þess hendi hefur farið fram, sbr. 24. gr. Verður hér á eftir gerð nánari grein fyrir tildrögum sáttmálans og efni hans.

I. Sögulegt yfirlit.

A. Listsköpun og listflutningur.

Í þeim löndum, sem sett hafa löggjöf um vernd höfunda og listflytjenda, svipar réttarstöðu þessara aðilja að ýmsu leyti saman. Miðað við höfundarétt, sem á sér eldri sögu, hefur verið algengt að nefna rétt listflytjenda afleidd eða skyld réttindi (droits derivés, droits voisins, neighbouring rights, beslægtede rettigheder o. s. frv.). Verður hér í upphafi gerð nokkur grein fyrir þeim tengslum, sem eru á milli réttinda höfunda og listflytjenda.

Til höfunda hafa þeir verið taldir, sbr. m. a. 2. gr. Bernarsáttmálans, sem skapað hafa sjálfstæð hugverk á sviði bókmennta eða lista, svo sem rithöfundar, tónskáld, listmálarar, myndhöggvarar, semjendur listdansverka, kvikmyndaverka o. s. frv. Aðlaganir (adaptations), þ. e. breyting á hugverkum, annaðhvort innan hins sama listforms, m. a. þýðingar, eða úr einu listformi í annað, t. d. samning leikrits upp úr skáldsögu, njóta einnig verndar höfundaréttar.

Nú er ýmsum hugverkum þannig háttað, að þau njóta sín alls ekki eða ekki til fulls, nema til komi sérstakur listflutningur. T. d. verða tónverk á nótum fæstum að notum, fyrr en þau eru gerð heyranleg með söng eða hljóðfæraleik. Leikrit og listdansverk eru beinlínis samin til listflutnings, og ljóð, skáldsögur og önnur bókmenntaverk geta öðlazt aukið gildi í upplestri eða framsögn snjallra upplesara. Frá ómunatíð hafa verið til ýmsar greinar listflytjenda: söngvarar, hljóðfæraleikarar, leiksviðsleikarar, upplesarar, listdansarar o. s. frv. Listflutningur er þó, eins og nafnið bendir til, ekki fyllilega sjálfstæður, heldur háður þeirri list eða því hugverki, sem annar maður hefur að jafnaði skapað.

Lögvernd höfundaréttar átti upptök sín í enskum rétti á öndverðri 18. öld. Eftir það ruddi hún sér til rúms í löggjöf annarra þjóða og hefur fram á þennan dag sífellt verið efld og aukin, m. a. með alþjóðasamningum, sbr. Bernarsáttmálann frá 1886 með síðari breytingum og Genfarsáttmálann frá 1952.

Réttarreglur þær, sem smám saman urðu til um vernd höfundaréttar, voru í

upphafi knúðar fram af þeirri þörf að koma í veg fyrir óheimila eintakagerð (eftirgerð, margföldun) og birtingu hugverka (sbr. orðið copyright). Tók þetta í fyrstu einkum til bókmennta og tónverka, sem voru rituð eða prentuð, enda fengu höfundar litlu ráðið um örlög verkanna, eftir að þeir höfðu látið þau frá sér fara. Síðar var verndin svo látin ná til fleiri listgreina og fleiri hagsmunaþátta. Má þar m. a. til nefna sæmdarrétt höfunda (droit moral), en í honum felst, að óheimil er breyting á verkum höfunda án samþykkis þeirra og að gert hefur verið skylt að geta nafns höfundar, þegar verk hans er birt eða sýnt opinberlega, nema hann hafi fallið frá þeim rétti.

Um nærfellt tvær aldir, eftir að höfundalög komu til sögu, var engin þörf á sams konar vernd til handa listflytjendum, þ. e. vernd gegn heimildarlausri eftirgerð og birtingu. Hver einstakur listflutningur fór aðeins fram einu sinni, háður því, að listflytjandinn kæmi fram sjálfur og flytti hann á tilteknum stað og fyrir njótendum, sem þar voru viðstaddir. Birting listflutnings án samþykkis listflytjanda gat því vart komið til greina, og um eftirgerð, þ. e. upptöku listflutnings eða festing hans á efni til endurflutnings síðar, var alls ekki að ræða. Ef listflutningur fór fram á vegum annars en listflytjandans sjálfs, svo sem í leikhúsum, veitingahúsum, á skemmtistöðum o. s. frv., var gerður beinn samningur um þau atriði, sem máli skiptu, m. a. um þóknun til listflytjandans. Hér var því engin þörf fyrir vernd fram yfir það, sem leiddi af almennum reglum samningsréttar. Hafði þetta í för með sér, að fram til síðustu tíma voru engin sérstök ákvæði um rétt listflytjenda í höfundalögum eða annarri löggjöf einstakra ríkja, og í Bernarsáttmálanum frá 1886 var listflutnings ekki að neinu getið. Þörf á sérstökum reglum um vernd listflytjenda gerir þá fyrst vart við sig, er tekizt hafði að festa listflutning á efni til endurflutnings.

B. Tækniþróun og áhrif hennar.

Telja má, að sú tækniþróun, sem nú hefur víða leitt til sérstakrar lagasetningar um rétt listflytjenda og að síðustu til samþykktar Rómarsáttmálans, eigi upptök sín á síðustu áratugum 19. aldar. Það er þó ekki fyrr en eftir aldamót, sem þróunin kemst á það stig, að umræður hefjast um þörf slíkrar löggjafar.

1. Upptaka hljóma (hljóðritun).

Þegar á fyrra hluta 19. aldar voru með nokkrum árangri gerðar tilraunir til að festa hljóma á efni til endurflutnings, en raunhæft gildi hafði það þá fyrst, er Edison fann upp grammófóninn á áttunda tug aldarinnar. Þá var opnuð leið til að framleiða að vild ný eintök hljóðrita eftir frumupptöku hljómsins og þar með lögð undirstaðan að hinni yfirgripsmiklu hljóðritaframleiðslu nútíðarinnar.

Fram yfir síðustu aldamót skipti tilkoma hljóðritanna litlu máli fyrir listflytjendur. En á fyrstu áratugum þessarar aldar hafði tæknin náð þeirri fullkomnun, að farið var að taka upp á hljóðrit (hljómsívalninga og síðar hljómplötur) listflutning ýmissa kunnra listflytjenda til markaðssölu. Listflutningur af hljóðritum naut sín þó fyrst í stað hvergi nærri eins vel og beinn listflutningur, og þótti jafnvel niðurlæging fyrir fræga listamenn, að settar væru á markað hljómplötur með listflutningi þeirra. Gerðist hér svipuð saga og um kvikmyndirnar, en á frumstigi þeirra þótti leikurum, sem getið höfðu sér mikinn orðstír á leiksviði, ekki sæmandi að leika í kvikmyndum. En brátt kom sá tími, að listflytjendur létu ekki á sér standa. Hin tæknilega hlið við upptöku á hljómplötur og gerð þeirra tók örum framförum, auk þess sem á síðustu áratugum hefur komið til upptaka hljóma á fleiri tegundir hljóðrita: stálvír, segulbönd og filmur.

Tækniþróunin, tilraunir til nýrra uppfinninga og endurbóta á hljómplötum og framleiðsla þeirra til markaðssölu krafðist mikils fjármagns. Þar voru ekki listflytjendur eða samtök þeirra að verki, heldur sérstakir **hljóðritaframleiðendur.**

Hefur framleiðslan verið rekin sem hver annar iðnaður eða iðja, og í atvinnugrein þessari hafa víða um heim orðið til stórfyrirtæki, svo sem alkunnugt er.

2. Upptaka mynda (kvikmyndagerð).

Hljóðritun gat aðeins varðveitt listflutning í tónum eða hljómum og framkallað hann að nýju. Listflytjandinn var sjálfur ósýnilegur, og gætti því ekki persónulegra áhrifa hans með sama hætti og við beinan listflutning.

Í lok 19. aldar komu kvikmyndir til sögu, en undirstaða þeirra var ljósmyndagerð, sem fundin hafði verið upp á fyrra hluta aldarinnar. Með kvikmyndagerðinni var fundin leið til að festa listflutning á efni og gera hann sýnilegan að nýju. Fram á þriðja tug þessarar aldar var þó aðeins um þöglar kvikmyndir að ræða. Upptaka og geymd hljóma og upptaka og geymd mynda fóru ekki saman, heldur þróuðust þessar tvær greinar sjálfstætt. En með tilkomu hljómmyndanna (talmyndanna) laust fyrir 1930 voru þessir tveir þættir sameinaðir eða samstilltir. Var þá svo komið, að sjá mátti og heyra samtímis listflutning, sem áður hafði fram farið, en festur hafði verið á efni til endurflutnings.

3. Útvarp og sjónvarp.

Upptaka hljóma og mynda, sem um var rætt hér næst á undan, og framleiðsla hljóðrita og kvikmynda varða **eintakagerð** eða **eftirgerð** listflutnings. Hér verður vikið að tilteknum atriðum, sem lúta að **birtingu** (dreifingu) listflutnings.

Birting listflutnings af hljóðritum var fyrst framan af eingöngu staðbundin, þ. e. háð því, að áheyrendur væru viðstaddir, þar sem hljómplata var leikin. Í því sambandi má greina á milli tvenns konar notkunar hljóðrita. Annars vegar eru einkanot, svo sem á heimilum, í lokuðum félagsskap o. s. frv. Hins vegar er dreifing til almennings, þ. e. notkun hljóðrita á stöðum, sem almenningur á aðgang að, t. d. í veitingahúsum, á skemmtistöðum o. fl.

Þau afnot, sem hér voru greind, haldast enn í ríkum mæli, en auk þess hefur komið til miklu víðtækari dreifing á listflutningi af hljóðritum með þráðlausri útsendingu útvarpsstofnana.

Á árunum 1920—1930 höfðu tilraunir með útvarp borið þann árangur, að tekið var að reisa útvarpsstöðvar um heim allan. Auk annars útvarpsefnis flutti útvarpið nú hvers kyns tónlist inn á heimili manna, skemmtistaði, atvinnustöðvar o. s. frv. Einnig var útvarpað fleiri greinum listflutnings, þar á meðal upplestri á ljóðum, sögum og öðrum bókmenntaverkum, flutningi leikrita o. fl. Útvarpsefnis hefur ýmist verið aflað, að því er listflutning varðar, með beinum útsendingum frá listflytjendum, sem koma sjálfir að hljóðnemanum, eða með flutningi af hljómplötum, sem keyptar eru á almennum markaði. Eftir að upptaka á stálvír og síðar segulband kom til sögu, hefur það færzt í vöxt, að útvarpsstofnanir önnuðust sjálfar upptöku á slík hljóðrit til útsendingar frá stöðvum sínum.

Birting eða sýning kvikmynda var einnig framan af bundin við tiltekna staði, aðallega kvikmyndahúsin. Tilraunir með sjónvarp, þ. e. þráðlausa útsendingu á upptöku mynda, höfðu verið lengi á döfinni fyrir síðustu heimsstyrjöld, en það er ekki fyrr en að henni lokinni, að sjónvarp kemst á það stig, að það fær raunhæft gildi fyrir almenning. Með tilkomu og útbreiðslu sjónvarpsins hefur þáttur höfunda og listflytjenda í daglegu lífi manna náð því hámarki, sem heimurinn á í dag við að búa.

Útvarp og sjónvarp eru yfirleitt rekin af sérstökum **útvarpsstofnunum**, sem eiga mikil og náin samskipti við listflytjendur, en eru að öðru leyti óháðar þeim. Víða, einkum í Evrópu, eru útvarpsstofnanir reknar af viðkomandi ríkjum eða í nánum tengslum við ríkisvaldið, en sums staðar, einkum í Ameríku, eru þær reknar sem einkafyrirtæki.

Þess skal getið hér, að í Rómarsáttmálanum er orðið útvarp (broadcasting) notað sameiginlega um útvarp og sjónvarp, sbr. f-lið 3. gr. sáttmálans.

C. Réttarstaða listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana í innanlandslöggjöf einstakra ríkja.

1. Listflytjendur.

Þegar svo var komið, eins og að framan greinir, að hafin var framleiðsla á hljómplötum og listflutningur þar með orðinn markaðsvara til síðari afnota (second use), óháð listflytjandanum, endurtók sig hin sama saga, sem áður hafði gerzt um höfunda, eftir að prentlist var upp fundin. Hin breytta aðstaða listflytjenda hafði í för með sér þörf á sérstakri réttarvernd þeim til handa.

Í atvinnugreinum listflytjenda gætti áhrifa tækniþróunarinnar með ýmsum hætti. Meðal annars dró úr eftirspurn eftir beinum listflutningi. Margir atvinnurekendur, sem haft höfðu listflytjendur í þjónustu sinni, sögðu þeim nú upp atvinnu, en tóku í þess stað upp vélrænan listflutning. Að vísu tók þetta einkum til hinna smærri veitinga- og skemmtistaða, en þar sem mikill fjöldi slíkra fyrirtækja er í stórborgum, var hér um tilfinnanlega röskun að ræða. Hins vegar fengu nú ýmsir listflytjendur, sérstaklega hinir beztu þeirra og frægustu, miklar greiðslur fyrir upptöku listflutnings úr höndum hljóðritaframleiðenda. Fyrst var þar venjulega aðeins um eina greiðslu að ræða, þ. e. fyrir frumupptökuna, en brátt fóru listflytjendur einnig að áskilja sér með samningi við framleiðendur tiltekna fjárhæð eða tiltekinn hundraðshluta af söluverði hljómplatnanna. Aftur á móti fengu þeir ekki með sama hætti og höfundar greiðslur úr hendi notenda, þegar notkun fór fram í atvinnu- eða ávinningsskyni. Þegar útvarp kom til sögu, byggðist starfsemi útvarpsstofnana mjög á notkun hljómplatna, sem á markaði voru keyptar, en hér gerðist sama sagan, að listflytjendur fengu enga þóknun fyrir þessi afnot á listflutningi þeirra, enda þótt höfundar fengju samkvæmt höfundalögum greiðslur fyrir sitt framlag. Olli þetta fljótlega óánægju meðal listflytjenda, sem töldu eftirspurn og afnot á hljómplötum engu síður byggjast á listflutningnum en á tónverkum þeim, sem flutt voru.

Ýmsar kenningar komu fram meðal fræðimanna um réttarstöðu listflytjenda. Sumir töldu, að þeir ættu um listflutning sinn að njóta verndar eftir almennum reglum um eignarrétt (prófessor F. Vinding Kruse). Aðrir héldu því fram, að reglur um vernd persónuréttinda tækju að sumu leyti til listflutnings, einkum að því er varðaði birtingu hans án samþykkis listflytjandans. Einnig voru þær kenningar uppi, að ákvæði höfundalaga tækju annaðhvort beint til listflutnings, sem telja megi eina grein aðlögunar á hugverkum, eða að beita megi ákvæðum höfundarréttar samkvæmt lögjöfnun. Engin þessara kenninga öðlaðist þó almennt fylgi, og hefur því þótt nauðsynlegt að setja bein lagaákvæði um réttarstöðu listflytjenda. Er slík löggjöf nú komin á í allmörgum löndum.

Á Englandi hafa verið sett sérstök lög um vernd listflytjenda. Í ýmsum öðrum ríkjum, einkum í Vestur-Evrópu, hafa ákvæði um listflytjendarétt verið tekin upp í höfundalög. Er réttur listflytjenda þá yfirleitt hinn sami og réttur höfunda, en þó ekki að öllu leyti. Einkum er algengt að hafa verndartíma listflutnings styttri en hugverka.

Í öllum hinum nýju norrænu höfundalögum (Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar) eru ákvæði um vernd listflytjenda, en þó ekki að öllu leyti samhljóða. Þar sem hér er um nýja og fullkomna löggjöf að ræða, skal hér drepið á ákvæði um listflytjendur í dönsku höfundalögunum nr. 158 frá 31. maí 1961, en þar eru þeim veitt réttindi, sem eru í höfuðatriðum þessi:

1. Bönnuð er upptaka, hvort heldur hljóma eða mynda, á listflutningi án samþykkis listflytjanda.

2. Bönnuð er útsending í útvarpi og sjónvarpi á **beinum** listflutningi án samþykkis listflytjanda.

3. Þegar listflytjandi flytur listflutning fyrir tilteknum hópi áheyrenda eða áhorfenda (t. d. í leikhúsi), er óheimilt án samþykkis hans að dreifa listflutningnum

með tækniaðferðum til annarra staða, sem almenningur á aðgang að. Hér er átt við dreifingu, hvort heldur um þráð eða þráðlaust, frá listflutningsstað til annarra tiltekinna staða, t. d. veitingahúsa.

4. Ef upptaka á listflutningi hefur verið framkvæmd, er eftirgerð samkvæmt henni bönnuð, nema samþykki listflytjanda komi til. Gert mun ráð fyrir, að því er tekur til hljóðritaframleiðenda, sem frumupptöku annast, að um heimild þeirra til útgáfu og síðari eintakagerðar fari eftir upptökusamningi. Ákvæði því, sem hér ræðir um, er aðallega ætlað að veita vernd gegn eftirgerð, framkvæmdri af aðilja, sem listflytjandi hefur ekki samið við (piratreproduktion). Þess skal getið, að í lögum ýmissa ríkja er hljóðritaframleiðendum einum, en ekki listflytjendum, veittur réttur til að koma í veg fyrir eftirgerð á hljóðritum, þegar listflytjandi hefur samþykkt upptökuna.

5. Ef listflutningur, sem tekinn hefur verið upp á hljóðrit, er notaður í útvarpi eða sjónvarpi eða dreift til almennings í atvinnuskyni (i erhvervsmæssigt öjemed), er notanda skylt að greiða listflytjanda (ásamt hljóðritaframleiðanda) þóknun fyrir afnotin. Listflytjandi getur því ekki bannað slík afnot (second use), en á rétt til greiðslu.

6. Sæmdarréttur (droit moral) er ákveðinn hinn sami til handa listflytjendum sem höfundum.

7. Verndartími er 25 ár frá lokum þess árs, er listflutningur fór fram.

2. Hljóðritaframleiðendur.

Ekki verður talið, að framleiðsla hljóðrita til markaðssölu hafi orðið sérstök atvinnugrein, fyrr en komið var fram yfir síðustu aldamót. En þá kom brátt í ljós, að framleiðendur töldu almenna atvinnulöggjöf ekki fullnægja þörfum sínum. Hér var um að tefla nýja tegund söluvarnings, sem í ýmsum atriðum hafði sérstöðu, miðað við almenna vöruframleiðslu.

Fyrst í stað fóru hljóðritaframleiðendur einkum fram á, að þeim væri veitt vernd gegn óleyfðri eftirgerð á hljómplötum þeirra. Engin bein lagaákvæði voru því til fyrirstöðu, að kaupandi hljómplötu framleiddi ný eintök af henni án samþykkis upphaflega framleiðandans og setti þau á markað. Einkaleyfaréttur (patentréttur) átti hér ekki við, og var ekki unnt að afla sér verndar samkvæmt honum. Í sumum löndum var hins vegar talið, að eftirgerð án samþykkis framleiðanda væri óheimil eftir reglum um óréttmæta verzlunarháttu.

Í öðru lagi töldu hljóðritaframleiðendur, að notkun hljómplatna í atvinnu- eða ávinningsskyni, t. d. á veitingastöðum, drægi mjög úr sölu á framleiðslu þeirra. Þó hafi það spillt enn meira fyrir atvinnu þeirra, er útvarpsstofnanir tóku að byggja rekstur sinn að miklu leyti á dreifingu listflutnings af hljómplötum. Hafa þeir gert ákveðnar kröfur um, að þeim væri með lögum áskilin þóknun fyrir slík afnot.

Það mun hvarvetna viðurkennt, að framleiðsla hljóðrita sé ein grein iðnaðar, en heyri ekki undir sköpun hugverka. Þó má geta þess, að í dönsku höfundalögunum frá 1933 var hljóðritaframleiðendum veitt vernd eftir reglum um aðlögun á hugverkum, og í skjóli þessa ákvæðis voru þeir ekki einungis taldir njóta verndar gegn óleyfilegri eftirgerð, heldur einnig eiga rétt til þóknunar fyrir notkun hljómplatna í útvarpi og aðra hagnýtingu í ávinningsskyni. Í Noregi var með hæstaréttardómi árið 1940 viðurkennt gildi fyrirvara, sem skráð var á hljómplötu um, að bannað væri að nota hana í útvarpi. Leiddi sá dómur til þess, að norska útvarpið tók að greiða framleiðendum þóknun, jafnvel þótt slíkur fyirvari væri ekki gerður.

Á síðustu árum hefur sífellt aukizt tala þeirra ríkja, sem veitt hafa hljóðritaframleiðendum með lögum vernd gegn eftirgerð hljóðrita og rétt til þóknunar fyrir afnot þeirra í útvarpi. Eru ákvæði um það venjulega sett í höfundalög. Í sumum löndum, þar sem slík löggjöf hefur ekki enn verið sett, hafa samtök hljóð-

ritaframleiðenda náð samkomulagi við útvarpsstofnanir um greiðslu. Er auðsætt, að þess verður ekki langt að bíða, að réttur framleiðenda til þóknunar verður almennur, a. m. k. í Bernarsambandslöndum.

Í hinum nýju norrænu höfundalögum eru hljóðritaframleiðendur verndaðir fyrir eftirgerð á hljóðritum þeirra, og einnig er þeim veittur réttur til greiðslu, þegar hljóðrit eru notuð til útvarpssendinga. Sá réttur er þeim áskilinn ásamt listflytjendum. Í Danmörku, en ekki hinum norrænu ríkjunum, er hljóðritaframleiðendum (ásamt listflytjendum) einnig veittur þóknunarréttur, þegar hljóðrit er notað í atvinnuskyni, t. d. í veitingahúsum.

3. Útvarpsstofnanir.

Vernd sú, sem útvarpsstofnanir, þar á meðal sjónvarpsstofnanir, hafa óskað eftir í því sambandi, sem hér ræðir um, er þrenns konar:

1. Gegn endurvarpi annarra útvarpsstofnana á útvarpssendingum þeirra. Með endurvarpi er hér átt við samtímisútvarp.
2. Gegn upptöku á útvarpssendingum þeirra og eftirgerð og notkun slíkrar upptöku.
3. Gegn notkun sjónvarpssendinga í hagnaðarskyni, svo sem á skemmtistöðum. Hins vegar munu útvarpsstofnanir ekki hafa farið fram á þóknun eða vernd sér til handa, þótt útvarpssendingar, þar sem eingöngu er um hljómvarp að ræða, séu notaðar með slíkum hætti.

Hér er átt við vernd útvarpssendingar sem slíkrar, með hverju efni sem er. Skiptir ekki máli, þó að höfundar, listflytjendur eða hljóðritaframleiðendur kunni einnig að njóta verndar, að því er varðar tiltekna þætti útvarpssendingar. Telja útvarpsstofnanir, að hvort sem vernd annarra aðilja eigi við um útvarpsefni eða ekki, þá hafi undirbúningur útvarpsdagskrár í för með sér mikinn tilkostnað og fyrirhöfn, enda sé þar um að ræða tæknilegt og oft listrænt framlag. Réttlæti þessi sjónarmið, að þeim sé veitt sjálfstæð vernd gegn endurvarpi og upptöku á útvarpssendingum þeirra.

Fram til síðustu ára munu tiltölulega fá ríki hafa tekið upp í löggjöf sína vernd til handa útvarpsstofnunum, slíka sem að framan greinir. Í hinum nýju norrænu höfundalögum er útvarpsstofnunum áskilin vernd gegn endurvarpi og upptöku á útvarpssendingum þeirra.

D. Aðdragandi alþjóðasáttmála fram að Rómarráðstefnunni.

Á árunum 1930—1940 var vernd listflytjenda og hljóðritaframleiðenda nokkuð á veg komin í löggjöf einstakra ríkja, þótt ekki væri hún almenn orðin. Var nú líkt ástatt um þessi mál sem verið hafði um vernd höfunda fram eftir 19. öldinni, áður en Bernarsáttmálinn var gerður. Ýmsir annmarkar komu í ljós, sem nauðsyn þótti úr að bæta. T. d. var óheppilegt vegna hinna nánu samskipta, sem nú á dögum eru orðin þjóða á milli, að á svo mikilvægu sviði, sem hér er um að tefla, ríkti réttleysi í sumum löndum, eftir að önnur höfðu tekið málefnið undir lagavernd. Í öðru lagi var löggjöf um þessi efni með mismunandi hætti í þeim löndum, sem höfðu ákvæði um hana, en samræmi í lagasetningu þjóða er jafnan mikils virði. Og loks kom verndin listflytjendum og hljóðritaframleiðendum aðeins að notum innanlands í þeim ríkjum, sem höfðu ákvæði um hana, en utan heimalandsins nutu þeir engrar verndar. Úr þessu var ekki unnt að bæta, svo að fullum notum kæmi, nema með setningu alþjóðasáttmála, enda mátti nú hafa fyrir augum áhrif Bernarsáttmálans áður.

Sumar greinir listflytjenda hafa myndað með sér alþjóðleg samtök eða sambönd, þar á meðal leikarar með **Federation Internationale des Acteurs** og hljómlistarmenn með **Federation Internationale des Musiciens.** Hljóðritaframleiðendur hafa

einnig gert með sér slík samtök, sem eru **Bureau International de l'Edition Mecanique** og **Federation Internationale de l'Industrie Phonographique.** Loks hafa verið mynduð alþjóðleg samtök eða millirikjasamtök útvarpsstofnana, **Organisation Internationale de Radiodiffusion et Television** og **Union Européenne de Radiodiffusion.** Hafa framangreind sambönd unnið að því, að komið yrði á alþjóðasáttmála á verksviði þeirra.

Fyrstu umræður á opinberum vettvangi um nauðsyn þess, að sett yrðu ákvæði um alþjóðlega vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana, fóru fram á ráðstefnu Bernarsambandsins í Róm árið 1928, en ekki leiddu þær til neinnar niðurstöðu.

Alþjóðavinnumálastofnunin (The International Labour Organization), sem stofnuð hafði verið á vegum Þjóðabandalagsins, tók síðan mál þetta til fyrirgreiðslu. Á fundi, sem haldinn var á hennar vegum í Samaden í Sviss árið 1939, var ákveðið að hefja undirbúning að gerð alþjóðasáttmála og kveðja til ráðstefnu í því skyni, en sökum heimsstyrjaldarinnar féll sú viðleitni niður að sinni.

Þegar Bernarsáttmálinn var endurskoðaður á ráðstefnu Bernarsambandsins í Brüssel árið 1948, var eitt af fyrirframboðuðum verkefnum ráðstefnunnar, hvort setja ætti í sáttmálann ákvæði um vernd hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana. Ráðstefnan hafnaði þessu, en lét í ljós óskir um, að settur yrði sérstakur alþjóðasáttmáli um það efni. Á ráðstefnunni kom fram tillaga um, að í Bernarsáttmálann væru tekin ákvæði um vernd listflytjenda, en hún var felld.

Á vegum Bernarsambandsins var svo haldinn fundur sérfræðinga (Committee of Experts) í Róm árið 1951. Var þá samið hið fyrsta uppkast að alþjóðasáttmála um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana (The Rome Draft 1951).

Að heimsstyrjöldinni lokinni var Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO) endurskipulögð. Að hennar frumkvæði kom saman í Genf árið 1956 sérfræðinganefnd, sem samdi nýtt uppkast að alþjóðasáttmála um umrætt efni (The Geneva Draft).

Árið 1957 kom önnur sérfræðinganefnd saman í Monaco að tilhlutan Menningarstofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) og Bernarsambandsins. Samdi hún einnig uppkast að alþjóðasáttmála um sama efni (The Monaco Draft 1957).

Þegar hér var komið, varð að samkomulagi með þessum þremur alþjóðastofnunum, ILO, UNESCO og Bernarsambandinu, að taka málið sameiginlega á sína arma. Kvöddu þær saman fund sérfræðinga, sem haldinn var í Haag árið 1960. Var þar enn samið uppkast að alþjóðasáttmála (The Hague Draft 1960).

E. Rómarráðstefnan.

Árið 1961 boðuðu ILO, UNESCO og Bernarsambandið sameiginlega til alþjóðaráðstefnu í Róm, sem hafa skyldi það hlutverk að semja og samþykkja alþjóðasáttmála um vernd listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana. Var ráðstefnan háð í Róm dagana 10.—26. nóvember 1961, og tóku þátt í henni þau ríki, sem áður voru greind.

Til grundvallar störfum ráðstefnunnar og umræðum var lagt uppkastið, sem gert var í Haag 1960, ásamt umsögnum um það, sem borizt höfðu frá allmörgum ríkjum og prentaðar höfðu verið til afnota á ráðstefnunni. Auk þess voru uppköstin frá 1951, 1956 og 1957 höfð til hliðsjónar.

Þrátt fyrir þann ýtarlega undirbúning, sem málið hafði fengið áður í höndum sérfræðinga, svo sem lýst hefur verið, voru gerðar gagngerðar breytingar á ýmsum greinum Haag-uppkastsins. Ágreiningur var með fulltrúunum um ýmis atriði, einkum ákvæði 12. gr., enda ber sáttmálinn það með sér, að gera varð málamiðlanir, sbr. m. a. undanþáguákvæði 16. gr. Að lokum var sáttmálinn þó samþykktur með öllum atkvæðum og síðan undirritaður af fulltrúum, sem til þess höfðu umboð.

II. Ákvæði sáttmálans.

A. Almenn umsögn.

1. Sáttmálinn hefur inni að halda ákvæði um vernd til handa þremur greinum rétthafa: listflytjendum, hljóðritaframleiðendum og útvarpsstofnunum, sbr. nánar 3. gr. sáttmálans og umsögn um hana.

Við undirbúning sáttmálans kom sú skoðun fram, að ekki væri eðlilegt að skipa málum þessara þriggja aðilja í sama sáttmálanum. Til þess væri skyldleiki réttindanna ekki nægur. Atvinna eða framlag listflytjenda ætti mjög skylt við höfundarétt. Þar gæti m. a. komið til greina vernd sæmdarréttar. Atvinna hljóðritaframleiðenda væri ein grein iðju eða iðnaðar, sem lúta ætti meginreglum iðnlöggjafar, þó að um veigamikil sérkenni væri að ræða. Loks ættu útvarpsstofnanir ekki samstöðu með hinum tveimur aðiljunum, sérstaklega í löndum, þar sem útvarpsstarfsemi væri rekin af ríkinu og ætti að lúta reglum opinbers réttar.

Framangreindar mótbárur hlutu lítið fylgi. Bent var á, að með sáttmálanum séu ekki settar heildarreglur um réttarstöðu aðiljanna í samskiptum ríkja á milli, heldur aðeins um tiltekna þætti í starfsemi þeirra. Sáttmálanum sé ætlað, og þó með ýmsum takmörkunum, að fjalla um upptöku og aðra eftirgerð hljóma og mynda til endurflutnings, útsendingu útvarpsstofnana á hljómum og myndum og dreifingu listflutnings með tækniaðferðum. Um þessi efni séu svo mikil og náin samskipti milli umræddra aðilja, að heppilegt sé að hafa ákvæði um vernd þeirra á þessu sviði í sama sáttmálanum. Því var þó ekki andmælt, að aðgreining hefði sína kosti, með því að sáttmáli, sem aðeins næði til einnar greinar réttarnjótenda, mundi verða gleggri og gerð hans heilsteyptari.

2. Til þess að rétthafar (listflytjendur, hljóðritaframleiðendur og útvarpsstofnanir) njóti verndar eftir sáttmálanum, verða þeir að vera í tilteknum tengslum við eitthvert aðildarríki, eins og rakið er í 4.—6. gr. Þar má sjá, að í ýmsum tilvikum geta aðiljar, sem ekki eru ríkisborgarar neins aðildarríkis, komizt undir vernd sáttmálans. Þegar skilyrðum samkvæmt nefndum greinum er fullnægt, skulu rétthafar njóta í öðrum aðildarríkjum þegnréttarkjara, þ. e. þeirra kjara, sem aðildarríki það, þar sem verndar er krafizt, veitir ríkisborgurum sínum samkvæmt innanlandslöggjöf sinni. Er hugtakið þegnréttarkjör nánar skilgreint í 2. gr. sáttmálans.

Um vernd eftir sáttmálanum og ákvæðið um þegnréttarkjör verður þó að hafa í huga, það sem hér á eftir segir.

Í sáttmálanum er ákveðin tiltekin lágmarksvernd, sem hverju aðildarríki er skylt að veita í samskiptum sínum við önnur aðildarríki. Verður það að haga löggjöf sinni þannig, að fyrirmæli sáttmálans hafi lagagildi, sbr. 26. gr. En af því leiðir ekki, að aðildarríki sé skylt að veita sínum eigin þegnum þau lágmarksréttindi sem ákveðin eru í sáttmálanum. Fyrirmæli hans taka einungis til samskipta þjóða á milli (international situations), en hagga ekki heimild aðildarríkja til að skipa réttindum og vernd eigin þegna í löggjöf sinni (domestic situations). Til orða kom á ráðstefnunni að gera að skilyrði fyrir aðild ríkja að sáttmálanum, að þau veittu þegnum sínum umrædd lágmarksréttindi, sbr. 2. gr. Bernarsáttmálans og 1. gr. Genfarsáttmálans, en frá því var horfið, enda þótti ekki ætlandi, að einstök aðildarríki veittu þegnum sínum minni rétt en erlendum aðiljum.

Samkvæmt framansögðu er hverju aðildarríki skylt í skiptum sínum við önnur aðildarríki að veita þá lágmarksvernd, sem áskilin er í sáttmálanum, og auk þess þá betri vernd, sem þegnum þess kann að vera veitt að innanlandslögum.

3. Svo sem getið var, er það almenn regla, að verndaraðiljar skuli njóta þegnréttarkjara í því landi, þar sem verndar er krafizt. Skiptir yfirleitt ekki máli, þó að þegnar þess ríkis njóti ekki jafngóðs réttar í heimalandi aðilja þess, sem verndar krefst. Að undanteknum tveimur ákvæðum í 16. gr., sem getið verður í

umsögn um þá grein, hefur sáttmálinn ekki að geyma nein ákvæði um efnislega gagnkvæman rétt milli aðildarríkja (material reciprocity). Sem dæmi má nefna, að jafnvel þó að tiltekið aðildarríki hefði undanþegið sig samkvæmt 16. gr. skyldu til að veita listflytjendum og hljóðritaframleiðendum rétt til þóknunar eftir 12. gr. fyrir þar greinda notkun hljóðrita, þá mundu samt þegnar þess ríkis eiga rétt til slíkrar þóknunar í öðrum aðildarríkjum, sem ekki hefðu undanþegið sig ákvæðum 12. gr.

4. **Lágmarksvernd listflytjenda** er ákveðin í 7. og 12. gr. sáttmálans, sbr. og 14., 15., 16. og 19. gr. Verndin nær bæði til eintakagerðar (eftirgerðar) og birtingar listflutnings, en þó með miklum takmörkunum.

Með **eftirgerð** er hér bæði átt við frumupptöku listflutnings, hvort heldur mynda eða hljóma, til vélræns endurflutnings og einnig tilbúning eða framleiðslu á eintökum (hljóðritum eða filmum) samkvæmt frumupptökunni eða eintökum, sem eftir henni hafa verið gerð. Upptaka getur verið í hljómum eingöngu, myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega.

Með **birtingu** er átt við það, að listflutningur er gerður heyranlegur eða sjáanlegur eða hvorttveggja í senn. Gilda mismunandi reglur um birtingu eftir því, hvort um beinan listflutning er að ræða, þ. e. listflytjandi er sjálfur á staðnum og flytur framlag sitt persónulega, eða hvort flutningurinn er vélrænn, þ. e. samkvæmt áður gerðri upptöku. Í sambandi við birtingu, bæði beina og óbeina, koma og sérstakar reglur til greina, þegar listflutningi er dreift til almennings með tækniaðferðum í útvarpi eða á annan hátt.

Um orðalagið: beinn listflutningur (live performance, execution directe) skal þess getið, að í hinum eldri uppköstum að sáttmála, þar á meðal í Haag-uppkastinu frá 1960, var það notað, eins og gert er hér að framan. Í Rómarsáttmálanum er hins vegar notað annað orðalag, án þess að nokkur breyting hafi verið fyrirhuguð að efni til. En athugasemd kom fram um það, að e. t. v. mætti jafnan telja útvarpsflutning óbeinan gagnvart hlustendum. Eldra orðalagið sýnist þó ekki þurfa að valda neinum misskilningi og verður því notað hér til hægari verka. Það orðalag (umiddelbart, direkt) er einnig notað um þetta efni í nýju norrænu höfundalögunum. Um orðalag sáttmálans, sjá einkum 7. gr., 1, a.

a. **Vernd gegn eftirgerð.** Hún er mismunandi eftir því, hvort listflytjandi hefur samþykkt frumupptökuna eða ekki.

1) Samkvæmt 7. gr., 1, b og c, i) nýtur listflytjandi verndar gegn frumupptöku, sem hann hefur ekki samþykkt, og gegn eftirgerð slíkrar upptöku. Skiptir ekki máli, hvort upptakan er í myndum eða hljómum, og ekki heldur, hvort hún kann að vera notuð til markaðssölu (hljómplötur), í útvarpi, þar á meðal sjónvarpi, í kvikmyndum eða með öðrum hætti. Um undantekningar, þar sem upptaka og eftirgerð er heimil án samþykkis listflytjanda, sjá 15. gr. og umsögn um hana. Að því er slíka upptöku varðar, er listflytjandi þó verndaður fyrir eftirgerð, sem framkvæmd er í öðrum tilgangi en þeim, sem í 15. gr. getur, sbr. 7. gr., 1, c, iii).

2) Þegar listflytjandi hefur hins vegar samþykkt frumupptöku á listflutningi, er vernd hans að miklum mun takmarkaðri.

Ef upptakan er í myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega (kvikmyndir, sjónvarp), nýtur hann engrar verndar eftir sáttmálanum gegn eftirgerð á henni, sbr. 19. gr.

Ef upptakan er í hljómum eingöngu (hljóðrit) öðlast hann vernd gegn eftirgerð, sem framkvæmd er í öðrum tilgangi en þeim, er hann veitti samþykki til (7. gr. 1, c, ii). Þeirri vernd getur hann haldið uppi bæði gegn hljóðritaframleiðanda þeim, sem hann samdi við, og öðrum aðiljum. Ef listflytjandi hefur t. d. samþykkt upptöku listflutnings á hljómplötu til markaðssölu, getur hann hindrað, að framkvæmd sé eftirgerð til notkunar í kvikmynd. Hins vegar gæti hann ekki samkvæmt ákvæðum sáttmálans komið í veg fyrir eftirgerð á plötunni til markaðssölu, þó að þar væri að verki aðili, sem hvorki hefði leyfi hans né hljóðritaframl-

leiðandans til eftirgerðarinnar. Slíka framleiðslu hefur hljóðritaframleiðandinn einn rétt til að hindra, sbr. 10. gr., og er listflytjanda talin nægja sú óbeina vernd, sem af því leiðir. Um samband listflytjanda við hljóðritaframleiðanda þann, sem hann hefur samið við, verður nánar rætt í umsögn um 7. gr., 1, c, ii).

Eins og getið var, er listflytjendum ekki veitt vernd í sáttmálanum gegn eftirgerð, þegar þeir hafa samþykkt upptöku í myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega. Ástæða til þess er sú, að ekki þótti rétt að láta ákvæði sáttmálans ná til kvikmyndaframleiðslu. Í höfundalögum eru kvikmyndaverk talin meðal verndaðra listgreina, og svo er einnig gert bæði í Bernarsáttmálanum og Genfarsáttmálanum. Nær það að sjálfsögðu einungis til aðilja, sem gegna höfundahlutverki í sambandi við gerð kvikmynda, en ekki til listflytjenda. Í framkvæmdinni hefur kvikmyndagerð öðlazt allmikla sérstöðu meðal verndaðra listgreina. Hver einstök kvikmynd krefst að jafnaði þátttöku og framlags margra listamanna, bæði höfunda og listflytjenda. Yfirleitt hafa kvikmyndaframleiðendur tryggt sér með samningi við höfunda rétt til sýninga og eftirgerðar. Við setningu sáttmálans var lagt til grundvallar, að um listflytjendur færi hér með sama hætti og um höfunda almennt.

b. **Vernd gegn birtingu.** Hér verður að greina á milli beins listflutnings og birtingar samkvæmt áður gerðri upptöku.

1) Um beinan listflutning er gert ráð fyrir, að hann fari fram með vitund og vilja listflytjanda. Hins vegar kann flutningnum að vera dreift með tækniaðferðum til fleiri eða annarra njótenda (áheyrenda, áhorfenda) en listflytjandi hafði veitt samþykki til. Er listflytjendum áskilin vernd gegn slíkum aðgerðum í tveimur tilvikum:

Í fyrsta lagi er listflytjanda gert kleift að hindra útvarp, bæði hljómvarp og sjónvarp, á beinum listflutningi án samþykkis hans, sbr. 7. gr., 1, a, að því er þar ræðir um útvarp. Þar má einnig sjá, að hafi listflytjandi samþykkt útvarp á beinum listflutningi, nýtur hann ekki verndar gegn endurvarpi annarra útvarpsstöðva. Aftur á móti hefur útvarpsstofnunin rétt til að hindra endurvarp, ef hún hefur ekki samþykkt það, sbr. 13. gr.

Í öðru lagi nýtur listflytjandi verndar gegn „dreifingu til almennings“ (communication to the public) á beinum listflutningi án samþykkis hans, sbr. 7. gr. 1, a. Er hér átt við dreifingu með öðrum tækniaðferðum en útvarpi frá flutningsstað til annarra tiltekinna staða, sem almenningur á aðgang að. Sem dæmi má nefna, að hljómsveit hafi samið um að skemmta á tilteknum veitingastað, en hljómlistinni er dreift — um þráð eða þráðlaust — til annars veitingastaðar án samþykkis hans. Venjulega er hér um leynilega dreifingu (clandestine diffusion) að ræða. Ýmsir voru mótfallnir því að hafa þetta ákvæði í sáttmálanum, þar sem slík dreifing mundi vart fara fram ríkja á milli, og ætti verndarákvæði gegn henni því fremur heima í innanlandslögum en milliríkjasamningi.

2) Um réttindi listflytjenda í sambandi við birtingu listflutnings eftir áður gerðri upptöku hefur sáttmálinn þau ein ákvæði að geyma, sem er að finna í 12. gr. Og neyti aðildarríki ýtrustu heimildar um undanþágu eftir 16. gr., kemur engin vernd til greina eftir sáttmálanum.

Það leiðir þó af eðli málsins, að þegar upptaka listflutnings eða eftirgerð hennar er ólögmæt gagnvart listflytjanda, sbr. það, sem sagt var hér að framan um óheimila eftirgerð, þá á hann þess kost að hindra birtingu samkvæmt slíkri upptöku. Sama er að segja um óútgefin hljóðrit (sbr. d-lið 3. gr.), þegar upptakan hefur farið fram á vegum listflytjandans sjálfs.

Svo að vikið sé aftur að sáttmálanum, þá hefur hann engin ákvæði um vernd gegn birtingu listflutnings samkvæmt upptöku, sem er í myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega (kvikmyndir, sjónvarp).

Þegar hins vegar er um hljóðrit að ræða, getur listflytjandi að vísu ekki samkvæmt sáttmálanum hindrað birtingu, eftir að hann hefur samþykkt upptökuna. En

fari birting fram með þeim hætti, sem í 12. gr. segir, kann hann að eiga rétt til þóknunar úr höndum notanda. Það er þó háð ýmsum skilyrðum.

Aðildarríki er í fyrsta lagi heimilt eftir 16. gr. að undanþiggja sig með öllu skyldum samkvæmt 12. gr. En neyti það ekki slíks réttar, er því skylt að veita annaðhvort listflytjendum eða hljóðritaframleiðendum eða báðum þessum aðiljum rétt til þóknunar. Réttur listflytjenda er samkvæmt þessu háður því skilyrði, að þeim sé áskilinn hann í innanlandslögum.

Ef listflytjendur fá rétt til þóknunar samkvæmt framansögðu, er hann bundinn við, að listflutningi af hljóðriti, sem út hefur verið gefið í markaðssöluskyni, sé dreift til almennings í útvarpi eða með öðrum hætti. Notkun hljóðrita í útvarpi þarfnast ekki nánari umsagnar hér, en þar sem ákvæðið um (aðra) dreifingu til almennings (communication to the the public) er mjög víðtækt og ekki bundið við að dreifingin fari fram í atvinnuskyni eða ávinnings, þá skal á það bent, að samkvæmt 15. gr. má í innanlandslöggjöf ákveða, að tiltekin dreifing til almennings verði ekki gjaldskyld, t. d. ef hún fer fram í góðgerðaskyni. Má hafa um það sömu reglur og settar eru í höfundalögum um birtingu hugverka án þóknunar til höfunda.

Loks er þess að geta, að eftir 16. gr. 1, a, ii) er aðildarríki heimilt að undanþiggja sig ákvæðum 12. gr., að því er varðar tiltekin afnot. Af því leiðir m. a., að með slíkri undanþágu má ákveða listflytjendum þóknun fyrir afnot hljóðrita í útvarpi, en neita þeim um þóknunarrétt, þegar hljóðrit er notað til dreifingar listflutnings til almennings með öðrum hætti, og vice versa.

c. Verndartími listflutnings skal eftir sáttmálanum vera 20 ár hið skemmsta, sbr. nánar umsögn um 14. gr.

d. Í sáttmálanum eru engin ákvæði um vernd til handa listflytjendum, að því er tekur til sæmdarréttar (droit moral).

5. **Lágmarksvernd hljóðritaframleiðenda.** Ákvæði um hana eru í 10. og 12. gr., sbr. og 14.—16. gr. Um hugtökin hljóðrit og hljóðritaframleiðandi, sjá b- og c-lið 3. gr. Verndin nær til allra hljóðrita og er því ekki bundin við það, að þau hafi listflutning að geyma.

a. **Vernd gegn eftirgerð.** Eftir að framleiðandi hefur gert frumupptöku á hljómum, nýtur hann samkvæmt 10. gr. verndar gegn hvers konar eftirgerð á upptökunni, sbr. nánar umsögn um 10. gr.

b. **Vernd gegn birtingu.** Þegar hljóðrit hefur verið gefið út, sbr. d-lið 3. gr., er hverjum sem vill heimilt að birta efni þess með hverjum hætti sem er, án þess að leita þurfi samþykkis framleiðanda. En sé hljóðrit notað til birtingar í útvarpi eða efni þess með öðrum hætti dreift til almennings, kann framleiðandi að eiga rétt til þóknunar úr hendi notanda samkvæmt 12. gr. Gilda um þetta sömu reglur og um listflytjendur og er háð sömu skilyrðum.

c. Verndartími er hinn sami og um listflytjendur, þ. e. 20 ár, sbr. 14. gr.

6. **Lágmarksréttindi útvarpsstofnana.** Um réttindi þeirra eru ákvæði í 13. gr., sbr. 14.—16. gr. Ná þau bæði til hljómvarps og sjónvarps, sbr. f-lið 3. gr. Undir verndina falla allar útvarpssendingar í hljómum eða myndum, bæði í heild og að hluta, án tillits til þess, hvert efni þeirra er. Verndin er sjálfstæð og óháð því, hvort aðrir aðiljar kunni einnig að njóta verndar um tiltekið útvarpsefni, svo sem höfundar, listflytjendur og hljóðritaframleiðendur.

a. **Vernd gegn eftirgerð.** Útvarpsstofnanir njóta samkvæmt 13. gr., b og c, i) verndar gegn upptöku án samþykkis þeirra á útvarpssendingum og eftirgerð slíkrar upptöku. Um undantekningar, þar sem upptaka er heimil án slíks samþykkis, eru ákvæði í 15. gr., en eftirgerð þeirrar upptöku er óheimil, ef hún er gerð í öðrum tilgangi en þar greinir, sbr. 13. gr., c, ii).

b. **Vernd gegn birtingu.** Útvarpsstofnanir eru verndaðar fyrir endurvarpi annarra útvarpsstofnana á útvarpi þeirra, 13. gr. a. Með endurvarpi er átt við samtímisútvarp, sbr. g-lið 3. gr. Ákvæði þessu svipar til þess, er listflytjandi er vernd-

aður gegn því, að beinum listflutningi hans sé dreift til annarra staða en hann hafði veitt samþykki til.

Í öðru lagi skulu sjónvarpsstofnanir hafa rétt til að hindra dreifingu til almennings á sjónvarpi þeirra, ef hún fer fram á stöðum, sem almenningur á aðgang að gegn greiðslu inngangseyris. Aðildarríki geta þó eftir 16. gr., 1, b, undanþegið sig skyldu til að veita þessi réttindi.

c. Verndartími er 20 ár, sbr. 14. gr.

7. Sáttmálinn tekur gildi, þegar 6 ríki hafa gerzt fullgildir aðiljar að honum með afhendingu fullgildingarskjala eða annarrar yfirlýsingar, sem jafngildir fullgildingu, sbr. 25. gr.

Til þess að tryggja það, að verndaraðiljar, sem tengdir eru tilteknu aðildarríki samkvæmt 4.—6. gr., öðlist í öðrum aðildarríkjum þau lágmarksréttindi, sem í sáttmálanum eru áskilin, var það ákvæði sett í 1. tölulið 26. gr., að hverju aðildarríki sé skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við stjórnskipun sína til að tryggja framkvæmd sáttmálans. Og samkvæmt 2. tölulið sömu greinar verður aðildarríki hvert, þegar það afhendir fullgildingarskjal eða aðra samsvarandi yfirlýsingu, að hafa þá aðstöðu eftir innanlandslöggjöf sinni að geta látið fyrirmæli sáttmálans koma til framkvæmdar. Í löndum, þar sem staðfestur milliríkjasáttmáli verður af sjálfu sér ein grein innanlandsréttar, er ákvæði þetta óþarft, en hins vegar nauðsynlegt í öðrum ríkjum, þar á meðal Íslandi, þar sem sérstök lagasetning þarf til að koma, ef fyrirmæli milliríkjasáttmála eiga að gilda sem lög í landinu, m. a. bindandi fyrir dómstóla.

B. Umsögn um einstakar greinar.

Um 1. gr.

Vernd sú, sem listflytjendur hafa öðlazt í innanlandslöggjöf ýmissa ríkja, er í nánum tengslum við höfundarétt, eins og getið hefur verið. Í 1. gr. felst yfirlýsing um, að réttur höfunda samkvæmt höfundalögum og alþjóðasamþykktum (Bernarsáttmálanum og Genfarsáttmálanum) sé að engu leyti skertur með ákvæðum Rómarsáttmálans. Hér er vitanlega átt við lagalegan rétt eingöngu. Fyrirmæli Rómarsáttmálans kunna í framkvæmd að hafa tiltekin áhrif á hagsmuni höfunda, og brýtur það ekki í bága við ákvæði 1. gr. Sem dæmi má nefna, að þegar tónverk hefur verið tekið upp á hljómplötu í markaðssöluskyni, er það ekki á valdi höfundar þess eins að leyfa yfirfærslu hljómlistarinnar af plötunni á filmu til notkunar í kvikmynd. Samkvæmt sáttmálanum þarf nú einnig til að koma leyfi listflytjanda (7. gr., 1, c. ii) og hljóðritaframleiðanda (10.gr.). Þrátt fyrir það helzt óhaggaður hinn lagalegi réttur tónskáldsins til að leyfa eða banna fyrir sitt leyti umrædda yfirfærslu.

Um 2. gr.

Aðalefni sáttmálans er það, að listflytjendur, hljóðritaframleiðendur og útvarpsstofnanir, sem samkvæmt 4., 5. og 6. gr. sáttmálans eru í þar greindum tengslum við tiltekið aðildarríki, eigi að njóta verndar í öðrum aðildarríkjum. Í þeim greinum er einnig mælt, að efni verndarinnar skuli vera „þegnréttarkjör“ (national treatment).

Í 2. gr. er skýrgreining á hugtakinu þegnréttarkjör. Er þar átt við þau kjör, sem ríkisborgarar þess aðildarríkis, þar sem verndar er krafizt, njóta að innanlandslögum þess um tilteknar athafnir eða aðgerðir, sem fram hafa farið innan yfirráðasvæðis þess. Að ekki er miðað eingöngu við ríkisborgararétt heldur einnig það, hvar athöfn hefur fram farið, kemur til af því, að framkvæmdir ríkisborgara tiltekins ríkis utan yfirráðasvæðis þess njóta oft ekki eins ríkrar verndar og framkvæmdir þeirra innan yfirráðasvæðisins.

Í II, A, 2, hér að framan var þess getið, að orðið þegnréttarkjör verði að skilja með þeim fyrirvara, að aðildarríki sé ekki skylt að veita sínum eigin þegnum þau

lágmarksréttindi, sem sáttmálinn áskilur í milliríkjasamskiptum. Ákvæði 2. töluliðs 2. gr. eru sett til að vekja athygli á þessu og þar með einnig því, að hvernig sem rétti þegna aðildarríkis er háttað að innanlandslöggjöf þess, verði það í skiptum við önnur aðildarríki að veita þau lágmarksréttindi, sem mælt eru í sáttmálanum, enda sé þá gætt ákvæða hans um ýmsar takmarkanir og undanþágur.

Um 3. gr.

Í þessari grein eru skýringar á nokkrum orðum, sem mjög koma við sögu í sáttmálanum.

Um a. Aðalskýrgreiningin á orðinu „listflytjandi“ er sú, að þar sé um að tefla menn, er „flytja ....verk, sem heyra til bókmenntum eða listum.“ Er þar átt við hugverk, sem vernduð eru samkvæmt höfundalögum og alþjóðasáttmálum um höfundarétt. Skýrgreining að höfundarétti á orðinu hugverk er eftir þessu undirstaða skýrgreiningar á orðinu listflutningur, og má af því sjá, hversu náið samband er á milli ákvæða sáttmálans og höfundaréttar. Í a-lið eru svo nefnd nokkur dæmi um listflytjendur, en þau eru ekki tæmandi. T. d. kom til orða á ráðstefnunni, að hljómsveitarstjórar ættu að teljast til listflytjenda, og sætti það ekki andmælum. Um fjölleikamenn, sjá 9. gr. og umsögn um hana.

Um b. Orðið „hljóðrit“ er hér notað sem samheiti á hlutum, sem hljóð eða hljómar eru festir á með upptöku til endurflutnings. Til hljóðrita telst ekki upptaka í myndum og hljómum sameiginlega (hljómmyndir, talmyndir, sjónvarp), og þá vitanlega ekki þöglar kvikmyndir. Meðal hljóðrita skipta hljómplötur mestu máli, eins og nú er háttað tækni í þessum efnum, en undir hugtakið fellur einnig upptaka á stálvír, segulbönd o. s. frv. Ekki er það hugtaksatriði, að hljóðrit hafi listflutning að geyma, sbr. orðin „öðrum hljómum“.

Um c. „Hljóðritaframleiðandi“ í merkingu sáttmálans er sá einn, sem framkvæmir frumupptöku á hljómum. Verður hann þá, hvort sem um einstakling eða stofnun er að ræða, eigandi upptökuréttar og nýtur verndar eftir sáttmálanum, m. a. um eftirgerð. Önnur eftirgerð, sem ekki er framkvæmd af frumupptökuaðiljanum eða leidd af rétti hans, fellur ekki undir vernd sáttmálans.

Um d. Hér er skýrgreining á orðinu útgáfa, að því er til hljóðrita tekur. Í ýmsum samböndum skiptir máli, hvar og hvenær fyrsta útgáfa hefur farið fram, sbr. einkum 5. gr. Ekki má blanda saman reglum um útgáfu hljóðrits og reglum um birtingu listflutnings samkvæmt hljóðriti, sbr. umsögn í II, A, 4, hér að framan.

Um e. Þess hefur áður verið getið, að frumupptaka hljóma telst til eftirgerðar í fræðilegri merkingu þess orðs. Hér er orðið eftirgerð skýrgreint sem tilbúningur efniseintaka, sem upptöku hafa að geyma, og nær það bæði til upptöku í myndum og hljómum. Lýst var yfir því, að skýrgreiningin væri sett til að taka af allan vafa um, að útvarpssendingar geti ekki talizt til eftirgerðar.

Um f. Þegar útvarp kom fyrst til sögu, tók það aðeins til þráðlausrar útsendingar til almennings á hljómum. Hefur orðið útvarp orðið fast í málinu um slíka starfsemi, þ. e. „hljómvarp“. Svipað hefur einnig gerzt í öðrum löndum, sbr. orðin „radio“, „broadcasting“ o. s. frv. Eftir að fundin var upp aðferð til að senda þráðlaust til almennings myndir eða myndir og hljóma sameiginlega, hefur orðið sjónvarp verið haft um þá starfsemi (television). Í sáttmálanum er orðið útvarp (broadcasting) notað sem samheiti um hljómvarp og sjónvarp. Verður jafnan að hafa það í huga, að reglur um útvarpsstofnanir eiga einnig við um sjónvarpsstofnanir, sé ekki annars getið. Með orðunum „útsendingu til almennings“ er átt við það, að ákvæði sáttmálans taka ekki til útvarpssendinga, sem ætlaðar eru einstaklingum eða tilteknum hópi einstaklinga, svo sem til skipa, loftfara, bifreiða í innanbæjarakstri o. s. frv.

Um g. Orðið „endurvarp“ tekur aðeins til samtímisútvarps (simultaneous broadcasting) tiltekinnar útvarpsstofnunar á útvarpi (hljómvarpi eða sjónvarpi)

annarrar útvarpsstofnunar. Ef útvarpsstofnunin A tekur upp á segulband útvarpssendingu útvarpsstofnunarinnar B og útvarpar síðar af segulbandinu. þá er þar ekki um endurvarp að ræða í merkingu sáttmálans, en aftur á móti geta þar komið til greina reglur um eftirgerð á útvarpssendingu, sbr. b- og c-liði 13. gr.

Um 4. gr.

Grein þessi tekur einungis til listflytjenda. Má þar greina á milli tveggja aðalatriða:

1) Annars vegar eru ákvæði um, í hvers konar tengslum listflytjandi þurfi að vera við eitthvert tiltekið aðildarríki til þess að listflutningur hans njóti verndar í öðrum aðildarríkjum.

2) Í öðru lagi eru ákvæði um, hvernig vernd listflytjanda, sem fullnægir skilyrðum samkvæmt 1) skuli vera háttað í því aðildarríki, þar sem hann krefst verndar. Verndin skal vera þegnréttarkjör, og vísast um það til umsagnar um 2. gr.

Um fyrrnefnda atriðið, tengsl listflytjanda við aðildarríki, ræðir í a-, b- og c-liðum greinarinnar. Verður listflutningur hans að fullnægja einhverju af þeim þremur skilyrðum, sem þar eru sett.

Um a. Þegar listflutningur fer fram í einhverju aðildarríki, skal hann njóta verndar í öllum öðrum aðildarríkjum. Hér er átt við beinan listflutning utan útvarps, sbr. c-lið. Listflutningur samkvæmt áður gerðri upptöku kemur ekki til greina.

Um b. Þegar listflutningur hefur verið tekinn upp á hljóðrit, sem verndar nýtur eftir 5. gr., kemst hann undir vernd sáttmálans í aðildarríkjunum. Um skilyrði fyrir vernd hljóðritanna vísast til umsagnar um 5. gr. Vakin skal athygli á því, að vernd eftir b-lið 4. gr. nær aðeins til upptöku á hljóðrit, en ekki annarrar upptöku, þar sem um myndir eingöngu eða myndir og hljóma sameiginlega er að ræða.

Um c. Þegar listflutningur fer fram í útvarpi (hljómvarpi eða sjónvarpi), sem verndar nýtur eftir 6. gr., fellur hann undir verndarákvæði sáttmálans. Þetta tekur þó aðeins til beins listflutnings, þ. e. þegar ekki er útvarpað samkvæmt áður gerðri upptöku. Að líkindum mun það þó teljast beinn listflutningur í þessu sambandi, er útvarpsstofnun gerir fyrst bráðabirgðaupptöku á segulband og útvarpar síðan af því.

Um ákvæði 4. gr. í heild skal getið eftirgreindra atriða:

Ef hljóðritaframleiðandi er ríkisborgari einhvers aðildarríkis, nýtur hann ávallt verndar sáttmálans um framleiðslu sína, hvar sem hún fer fram, sbr. 5. gr. a. Sams konar regla gildir ekki eftir 4. gr. um listflytjendur. Eins og sjá má af a-lið þeirrar greinar, er það aðalregla, að vernd samkvæmt sáttmálanum nær ekki til listflutnings, sem fram fer utan aðildarríkjanna, og gildir einu, þó að ríkisborgarar þeirra eigi þar hlut að máli. Listflutningur utan aðildarríkja getur þó öðlazt vernd eftir sáttmálanum, ef upptaka eða útvarpsflutningur fer fram með þeim hætti, að fullnægt er skilyrðum b- eða c-liðar 4. gr., sbr. 5. og 6. gr. En væntanlega mun það heyra til undantekninga um listflutning utan aðildarríkja, að þeim skilyrðum verði fullnægt.

Listflytjandi, sem ekki er ríkisborgari neins aðildarríkis, getur með ýmsum hætti samkvæmt 4. gr. komizt undir vernd sáttmálans. Gildir það fyrst og fremst eftir a-lið um listflutning innan aðildarríkja, en hann nýtur ávallt verndar án tillits til þess, hvar listflytjandi á ríkisborgararétt. Þegar hljóðrit er verndað eftir 5. gr., er listflutningur, sem það hefur að geyma, ávallt verndaður eftir b-lið 4. gr., og skiptir ekki máli, hvar listflytjandi á ríkisborgararétt eða hvar listflutningur hefur farið fram. Sem dæmi má nefna, að Ísland og Danmörk séu bæði aðildarríki, en Rússland ekki. Í Danmörku hefur verið framkvæmd frumupptaka á hljómplötu samkvæmt útvarpi (off the air) á listflutningi rússnesks manns, sem fram hefur farið í Rússlandi. Þar sem hljómplatan nyti verndar hér á landi samkvæmt b-lið 5. gr., mundi og skylt að láta hinn rússneska listflytjanda njóta hér þegnréttarkjara um umræddan listflutning, sbr. b-lið 4. gr. Sama kemur til greina um aðila, sem ekki eiga ríkisborgararétt í neinu aðildarríki, ef listflutningur þeirra fer fram í útvarpi, sem verndar nýtur eftir 6. gr., sbr. c-lið 4. gr.

Ákvæði a-liðs 4. gr. tekur eftir orðum sínum aðeins til þess, er listflutningur fer fram í öðru aðildarríki en því, þar sem verndar er krafizt. Þá rís spurning um, hvernig með skuli fara, þegar listflytjandi, sem er ríkisborgari í aðildarríkinu A, flytur listflutning í aðildarríkinu B og krefst þar verndar. Kom þetta til umræðu á ráðstefnunni, en ágreiningur var uppi um úrlausn þess. Töldu sumir, að hér væri um „international situation" að ræða, sem félli undir ákvæði sáttmálans, en að annarra áliti var þetta „domestic situation", og ætti vernd listflytjanda þá að fara eftir innanlandslöggjöf þess ríkis, þar sem flutningur fer fram, með sama hætti og væri um þess eigin ríkisborgara að ræða, en ekki eftir sáttmálanum. Lauk umræðum þannig, að engin bein úrlausn var veitt um þetta atriði. Þeir munu þó hafa verið fleiri, sem töldu verndina eiga að fara eftir innanlandslögum viðkomandi ríkis, þar sem flutningur fer fram.

Um 5. gr.

Grein þessi fjallar um hljóðritaframleiðendur og er byggð upp með sama hætti og 4. gr., þ. e. hún segir til um skilyrði fyrir því, að hljóðritaframleiðendur njóti verndar í aðildarríkjunum, og að þeim skuli veitt þegnréttarkjör, ef skilyrðunum er fullnægt.

Um 1. tölulið. Skilyrðin eru þrenns konar og talin upp í a-, b- og c-liðum. Nægilegt er, að einu af þessum skilyrðum sé fullnægt.

Um a. Ríkisborgarar aðildarríkja skulu ávallt njóta verndar í aðildarríkjum um framleiðslu sína. Skiptir ekki máli, þó að fyrsta upptaka eða fyrsta útgáfa hljóðrits hafi farið fram utan aðildarríkis. Væntanlega verður að skýra ákvæðið þannig, að aðili, sem áður hefur verið ríkisborgari í ríki, sem ekki á aðild að sáttmálanum, og gefið þar út hljóðrit, öðlist ekki vernd, að því er slík hljóðrit varðar, við það eitt að gerast síðar ríkisborgari aðildarríkis. Þetta er þó óljóst. Einnig skortir ákvæði um það, hvernig stofnunum eða félögum, t. d. hlutafélögum, þurfi að vera háttað, til þess að þau fullnægi skilyrði a-liðar.

Um b. Skilyrði þetta lýtur að því, að frumupptaka hljómsins hafi farið fram í aðildarríki. Er viðkomandi ríki þá upprunaland hljóðritsins, og kemst það með því undir vernd í öðru aðildarríkjum án tillits til þess, hvar framleiðandinn á ríkisborgararétt eða hvar fyrsta útgáfa hefur fram farið. Ekki skiptir máli, hvort frumupptakan er gerð samkvæmt listflutningi á upptökustað eða samkvæmt útvarpi (off the air).

Um c. Þegar fyrsta útgáfa hljóðrits (sbr. d-lið 3. gr.) hefur farið fram í aðildarríki, skal það njóta verndar í öðrum aðildarríkjum. Hér er um að ræða greiðustu leiðina fyrir ríkisborgara ríkja, sem ekki eiga aðild að sáttmálanum, til að koma hljóðritum sínum undir vernd hans. Sbr. samsvarandi ákvæði um höfunda í 6. gr. Bernarsáttmálans.

Um 2. tölulið. Efni þessa tölul. er viðauki við c-lið 1. tölul. og þarfnast ekki skýringar. Sbr. samsvarandi ákvæði í 4. gr. (3) Bernarsáttmálans.

Um 3. tölulið. Hér er aðildarríkjum veitt heimild til að undanþiggja sig tilteknum ákvæðum í 1. tölulið.

Afstaða ríkja, sem þátt tóku í Rómarráðstefnunni, til skilyrðanna í a-, b- og c-liðum 1. tölul. var mismunandi. Flest ríkin voru samþykk skilyrði a-liðar um ríkisborgararétt, en sum þeirra gátu ekki fellt sig við skilyrði b-liðar um upptöku, og önnur vildu hafna skilyrði c-liðar um vernd, miðað við útgáfu. Úrlausnin varð sú málamiðlun, sem fram kemur í 3. tölulið. Skilyrðið um ríkisborgararétt var gert óundanþægt, en aðildarríkjum veittur kostur á að hafna öðruhvoru skilyrðinu um upptöku eða útgáfu, en ekki báðum í senn.

Þá höfðu Norðurlandaríkin Danmörk, Finnland, Noregur og Svíþjóð sérstöðu. Í hinum nýju höfundalögum þeirra er vernd hljóðritaframleiðenda eingöngu miðuð við upptöku. Mæltust þau til þess að fá að vera undanþegin skilyrðunum í a- og c-lið um ríkisborgararétt og útgáfu. Var samþykkt að verða við óskum þeirra og

af því tilefni sett sérstök ákvæði um þetta efni í 17. gr. Þau fyrirmæli eru á þá leið, að ríki, sem hinn 26. október 1961 (þegar sáttmálinn var undirritaður) veiti hljóðritaframleiðendum vernd samkvæmt skilyrðinu um upptöku einu saman, geti áskilið sér að veita eingöngu slíka vernd eftir sáttmálanum, en undanþiggi sig skyldu til að framkvæma ákvæði a- og c-liðar 5. gr. um ríkisborgararétt og útgáfu. Samkvæmt þessu er hér eiginlega um bráðabirgðaákvæði að ræða, sem aðeins verður neytt af takmörkuðum hópi aðildarríkja.

Að því er varðar vernd útgefinna hljóðrita, getur samkvæmt framansögðu orðið um 4 flokka aðildarríkja að ræða:

1. Þau ríki, sem enga yfirlýsingu gefa samkvæmt 3. tölulið 5. gr. eða 17. gr. Þeim er skylt að veita vernd, ef eitthvert af hinum þremur skilyrðum um ríkisborgararétt, upptöku eða útgáfu eru fyrir hendi.
2. Þau ríki, sem með yfirlýsingu samkvæmt 3. tölulið hafna skilyrðinu um upptöku. Þeim er skylt að veita vernd, ef fyrir hendi er skilyrði um ríkisborgararétt eða skilyrði um útgáfu.
3. Þau ríki, sem með yfirlýsingu samkvæmt 3. tölulið hafna skilyrðinu um útgáfu. Þeim er skylt að veita vernd, ef fyrir hendi er skilyrði um ríkisborgararétt eða skilyrði um upptöku.
4. Þau ríki, sem gefa yfirlýsingu samkvæmt 17. gr. Þeim er aðeins skylt að veita vernd eftir skilyrði um upptöku.

Um óútgefin hljóðrit skiptir skilyrðið um útgáfu ekki máli. Um vernd þeirra getur orðið um þrjá ríkjaflokka að ræða:

1. Þau ríki, sem enga yfirlýsingu gefa. Þau veita vernd eftir skilyrðunum um ríkisborgararétt og upptöku.
2. Þau ríki, sem hafna skilyrðinu um upptöku. Þau veita vernd eftir skilyrðinu um ríkisborgararétt einu saman.
3. Þau ríki, sem gefa yfirlýsingu samkvæmt 17. gr. Þau veita vernd eftir skilyrðinu um upptöku einu saman.

Um 6. gr.

Þessi grein segir til um, hverjum skilyrðum það sé háð, að útvarpsstofnanir njóti verndar eftir sáttmálanum. Skilyrðin eru tvö, og nægir, að annað þeirra sé fyrir hendi, sbr. þó 2. tölulið. Verndin er þegnréttarkjör, sbr. 2. gr. og umsögn um hana. Greinin er byggð upp með sama hætti og 4. og 5. gr.

Um 1. tölulið. Hér greinir í a- og b-liðum hin tvö skilyrði. Lýtur hið fyrra að þjóðerni útvarpsstofnunar (condition of nationality), en hið síðara að útsendingarstað (condition of territoriality).

Um a. Þegar aðalstöðvar útvarpsstofnunar eru staðsettar í aðildarríki, nýtur hún verndar eftir sáttmálanum í öðrum aðildarríkjum.

Um b. Þegar útvarpað er með senditæki (transmitter, émetteur), staðsettu í aðildarríki, er einnig skylt að veita vernd eftir ákvæðum sáttmálans án tillits til þess, hvar aðalstöðvar útvarpsstofnunarinnar kunna að vera.

Um 2. tölulið. Aðildarríkjum er frjálst, hvenær sem er, að áskilja sér með yfirlýsingu, eins og hér greinir, að það muni því aðeins veita vernd, að bæði framangreind skilyrði séu fyrir hendi, þ. e. að útvarpað sé með senditæki, sem staðsett er í því aðildarríki, þar sem aðalstöðvar útvarpsstofnunarinnar eru. Ekki er nefndur sá millivegur, að gert sé að skilyrði, að aðalstöðvar séu í aðildarríki og að útvarpað sé með senditæki, staðsettu í því eða öðru aðildarríki.

Um 7. gr.

Í grein þessari eru aðalákvæði sáttmálans um lágmarksvernd listflytjenda. Í [illegible]ngsákvæði sáttmálans og í 8. gr. hans er talað um rétt listflytjenda (right of performers), en ella aðeins um vernd (protection) þeirra.

Í Bernarsáttmálanum er höfundum veittur einkaréttur (exclusive right) á verk-

um sínum, sbr. 11. gr. Þegar undirbúningur hófst að sáttmála um listflytjendur, kom fyrst til álita, að þeim yrði áskilinn einkaréttur að listflutningi sínum með sama hætti og höfundum að verkum sínum. Þetta mætti þó fljótt mótspyrnu, einkum af hálfu Englands, sem ekki vildi á það fallast, að listflytjendum yrði veittur einkaréttur eða yfirleitt réttur fjármálaréttar eðlis (property right). Samkvæmt enskri löggjöf nutu listflytjendur réttar, sem telja má til persónuréttar, og einungis var verndaður með refsiákvæðum (penal sanctions). Englendingar höfðu sitt mál fram með þeim hætti, að í Haag-uppkastinu frá 1960 og nú í 1. mgr. 7. gr. sáttmálans er haft það orðalag, að vernd samkvæmt honum skuli gera listflytjendum „kleift að koma í veg fyrir" (include the possibility of preventing) tilteknar athafnir, sem nánar eru greindar í a-, b- og c-liðum nefndrar málsgreinar. Samkvæmt þessu er réttur listflytjenda gerður rýrari að þessu leyti en réttur hljóðritaframleiðenda eftir 10. gr. og útvarpsstofnana eftir 13. gr., en þessum aðiljum er veittur einkaréttur, fjármálaréttar eðlis, að þar tiltekinni starfsemi sinni, sbr. orðalag í þeim greinum: „hafa rétt til að heimila eða hindra" (right to authorise or prohibit). Hins vegar er lagt á vald einstakra aðildarríkja að ákveða, hvers konar vernd þau veita listflytjendum í innanlandslöggjöf sinni. En flest lönd, sem að sáttmálanum standa, önnur en England og samveldislönd þeirra veita nú þegar eða munu veita listflytjendum einkarétt á listflutningi með sama hætti og höfundar njóta um verk sín. Í þeim löndum njóta þá listflytjendur annarra aðildarríkja, þar á meðal Englands og samveldislanda þeirra, sama réttar samkvæmt ákvæðum 4. gr. um þegnréttarkjör.

Um 1. tölulið. Ákvæðum þessa tölul. um lágmarksvernd listflytjenda hafa áður verið gerð nokkur skil í almennri umsögn, sjá II, A, 4, hér að framan. Er því unnt að fara hér fljótt yfir sögu.

Um a. Forsenda fyrir ákvæðinu er, að **beinn** listflutningur fari fram **utan útvarps** og ætlaður tilteknum njótendum (áheyrendum eða áhorfendum), t. d. í leikhúsi, eða öðru samkomuhúsi, veitingahúsi o. s. frv. Þá er listflytjandi eftir a-lið verndaður fyrir því, að listflutningi hans sé dreift með tækniaðferðum án samþykkis hans til almennings, hvort heldur:

1. í útvarpi (hljómvarpi eða sjónvarpi) eða
2. þráðlaust eða um þráð (by wire) til tiltekinna staða utan flutningsstaðar, sem almenningur á aðgang að (communication to the public). Í þessu eina tilviki er listflytjandi verndaður samkvæmt sáttmálanum fyrir dreifingu um þráð.

Í a-lið er tekið fram, að vernd samkvæmt ákvæði hans taki ekki til:

1. Dreifingar á listflutningi til almennings, hvort heldur í útvarpi eða með öðrum hætti, samkvæmt áður gerðri upptöku.
2. Dreifingar til almennings á listflutningi, sem þegar er orðinn útvarpsflutningur. Í þessu felst tvennt: Í fyrsta lagi, að þegar beinn listflutningur fer fram í tilteknu útvarpi, er listflytjandi ekki verndaður fyrir ósamþykktu endurvarpi (samtímisútvarpi, sbr. g-lið 3. gr.) annarrar útvarpsstofnunar. Hér nýtur útvarpsstofnun sú, sem listflytjandi hefur samið við, verndar eftir 13. gr., og er þá listflytjanda talin nægja sú óbeina vernd, sem af því leiðir. Í öðru lagi nýtur listflytjandi ekki verndar gegn því, að beinum listflutningi hans í útvarpi sé dreift með útvarpstækjum í atvinnu- eða ávinningsskyni á stöðum, sem almenningur á aðgang að, t. d. á skemmtistöðum, veitingahúsum o. s. frv.

Um b. Ákvæðið fjallar um upptöku listflutnings, þ. e. festing hans á efni til endurflutnings. Nær það bæði til upptöku hljóma á hljóðrit, með hverjum hætti sem er, og einnig til upptöku mynda eingöngu eða mynda og hljóma sameiginlega til sýningar í kvikmyndum eða sjónvarpi.

Verndin tekur aðeins til frumupptöku, þ. e. upptöku á beinum listflutningi. Er einkum höfð í huga upptaka á listflutningsstað, en ákvæðið nær einnig til upptöku samkvæmt útvarpi (off the air), þegar listflytjandi kemur sjálfur að hljóðnemanum. Líklegt er, að útsending samkvæmt bráðabirgðaupptöku á segulband teljist í þessu sambandi til beins útvarpsflutnings. Væri þá upptaka á slíkri útvarpssend-

ingu ekki eftirgerð á áður framkvæmdri upptöku í merkingu c-liðar 1. tölulíðar, heldur frumupptaka, og þá óheimil eftir b-lið án samþykkis listflytjanda.

Um undantekningar, þar sem frumupptaka er heimil án samþykkis listflytjanda, sjá 15. gr. Skipta þar mestu máli a-liður um upptöku til einkanota og c-liður um bráðabirgðaupptöku útvarpsstofnana til sjálfs sín nota. Sbr. og 2. tölulið 7. gr. um upptökurétt útvarpsstofnana.

Um c. Hér eru ákvæði um vernd gegn eftirgerð í heild eða að hluta á áður framkvæmdri upptöku, þ. e. tilbúningi á nýjum efniseintökum, einu eða fleiri. Að sjálfsögðu er listflytjandi því aðeins verndaður, að hann hafi ekki samþykkt slíka eftirgerð.

Samkvæmt c-lið er listflytjandi verndaður fyrir eftirgerð í eftirgreindum þremur tilvikum:

i. Ef frumupptakan var gerð án samþykkis hans, sbr. umsögn um b-lið hér að framan. Gildir þetta bæði um upptöku hljóma og mynda.

ii. Ef eftirgerðin er gerð í öðrum tilgangi en þeim, sem listflytjandinn hafði veitt samþykki til. Hér er um að tefla eftirgerð eftir löglegri (samþykktri) upptöku, og greinir það c,ii. frá c,i. Ákvæðið tekur aðeins til eftirgerðar á hljóðritum, en ekki á upptöku mynda eingöngu eða mynda og hljóma sameiginlega, sbr. 19. gr. Listflytjandi er verndaður fyrir umræddum aðgerðum bæði af hendi hljóðritaframleiðanda þess, sem hann hefur samið við, og af hendi þriðja aðilja. Auðsætt er, að oft kann að rísa vafi um það, hvort tilgangurinn með eftirgerðinni sé hinn sami, sem um var samið, sbr. II, A, 4, a, hér að framan.

Af ákvæðinu má hins vegar sjá, að listflytjandi nýtur ekki verndar fyrir eftirgerð á hljóðriti, ef hún er gerð í sama tilgangi og frumupptakan. Sem dæmi má nefna, að listflytjandi hafi samþykkt upptöku tónlistar á hljómplötu í markaðssöluskyni og að ný eintök, sem síðar eru eftir henni gerð, séu einnig ætluð til markaðssölu. Samkvæmt sáttmálanum skiptir ekki máli, hvort slík eftirgerð er framkvæmd af hljóðritaframleiðanda þeim, sem við var samið, eða öðrum. En í samningi listflytjanda við framleiðandann kunna að felast berum orðum eða þegjandi ýmsar takmarkanir varðandi eftirgerð, m. a. um það, hversu mörg eintök megi framleiða eða gefa út. Er framleiðandinn þá vitanlega við það bundinn, en um brot hans á slíkum ákvæðum fer eftir reglum um samningsrof, en ekki eftir ákvæðum sáttmálans. Þess má geta, að hafi ekki verið samið um útgáfu á tilteknum eintakafjölda, gilda hér ekki reglur, sem svara til ákvæðisins í 4. málsgr. 9. gr. ritlöfundalaga nr. 13/1905.

iii. Hér ræðir um löglega upptöku samkvæmt undantekningarákvæðum 15. gr., sem gerð er án samþykkis listflytjanda. Ákvæðið nær bæði til hljómupptöku og myndaupptöku. Eftirgerð í öðrum tilgangi en þeim, sem getur í 15. gr., er þá óheimil án samþykkis listflytjanda.

Um 2. tölulið. Ákvæðin í þessum tölulið varða eingöngu skipti listflytjanda við útvarpsstofnanir. Í umræðum um þau kom fram, að tilgangurinn með þeim væri í raun og veru sá að veita útvarpsstofnunum tiltekin hagræði.

Um 1. Þegar listflytjandi hefur heimilað útvarpsstofnun útvarp á beinum listflutningi, rís spurning um það, hversu víðtækan rétt útvarpsstofnunin hafi við það öðlazt, og þá einkum, hvort veita eigi listflytjanda vernd:

aa. Gegn endurvarpi á listflutningnum.

bb. Gegn upptöku útvarpsstofnunarinnar á listflutningnum til síðari útvarpsnota.

cc. Gegn eftirgerð á slíkri upptöku til síðari útvarpsnota.

Um aa. Í umsögn um 1. tölulið a, hér að framan, var þess getið, að listflytjandi, sem samið hefur við tiltekna útvarpsstofnun um útvarp á listflutningi, er ekki verndaður fyrir endurvarpi (samtímisútvarpi) **annarra** útvarpsstofnana, þ. e. hann getur ekki beint neinum aðgerðum gegn þeim. Ákvæði það, sem hér ræðir um, breytir engu um þetta. Þar koma aðeins til álita samskipti listflytjenda við út-

varpsstofnun þá, sem hann hefur samið við. Ef settar yrðu reglur um endurvarp í þessu sambandi, mundu þær væntanlega einkum fjalla um það, hvort útvarpsstofnun, sem útvarpar beinum listflutningi með samþykki listflytjanda, skuli heimilt án samþykkis hans að leyfa öðrum útvarpsstofnunum endurvarp á listflutningnum. Og ef útvarpsstofnunum er veitt slík heimild, þá hvort listflytjandi ætti rétt til (auka)þóknunar fyrir endurvarpið.

Um bb. Í c-lið 15. gr. er útvarpsstofnunum heimiluð bráðabirgðaupptaka á listflutningi með sjálfs sín tækjum og til eiginna útvarpsnota. Þessi heimild er fyrir hendi, þó að listflytjandi hafi ekki samþykkt útvarp á listflutningnum, en vitanlega verður útvarpsstofnunin að virða ákvæðin í 1. tölulið, a-lið, um útsendingu.

Hér, í 2. tölulið, er gert ráð fyrir, að ákvæðinn sé í innanlandslögum víðtækari upptökuréttur útvarpsstofnunum til handa, þ. e. heimild til varanlegrar upptöku. Sú heimild er við það bundin, að útvarpsstofnun hafi fengið leyfi listflytjanda til að útvarpa listflutningi þeim, sem upptaka er framkvæmd á. Upptökuna má og aðeins nota til endurtekins útvarpsflutnings (sem ekki má blanda saman við endurvarp), en ekki í öðru skyni.

Um cc. Ef útvarpsstofnunum er veittur upptökuréttur, eftir því sem segir í bb, má einnig veita þeim rétt til eftirgerðar á þeirri upptöku, en einungis til sjálfs sín nota við síðari útvarpssendingar.

Um 2. Hér er kveðið á um það, að þegar upptaka hefur verið gerð samkvæmt heimild, er um getur í 2. tölulið (1), þá skuli skilmálar og skilyrði fyrir notkun útvarpsstofnana á slíkri upptöku ákveðnir í innanlandslögum. Mundi hér einkum koma til greina, að settar yrðu tilteknar reglur um notkun upptöku til endurtekins útvarpsflutnings og e. t. v. um þóknun listflytjendum til handa fyrir endurtekið útvarp.

Um 3. Hér segir, að lagareglur samkvæmt 2. tölulið 1. og 2. skuli vera frávíkjanlegar (deklaratorískar), þannig að þær komi ekki til framkvæmda, sé á annan veg samið milli útvarpsstofnunar og listflytjanda. Er hér bæði átt við beina samninga milli tiltekinna aðilja og kjarasamninga, þ. e. við félag eða samtök listflytjenda. Á þetta einnig við um úrlausn gerðardóms, ef um hann væri samið beint við listflytjanda eða hann væri skipaður samkvæmt heimild í kjarasamningi.

Um 8. gr.

Ákvæði greinarinnar á við um söngkóra, hljómsveitir o. s. frv., þar sem margir listflytjendur standa að hinum sama listflutningi. Þá getur orðið spurning um, hvort hver einstakur listflytjandi geti haldið uppi rétti sínum, að því er varðar þátttöku hans í listflutningnum, eða hvort nauðsyn beri til, að flokkurinn standi sameiginlega að uppihaldi réttindanna. Einnig er hugsanlegt, að einhver fyrirsvarsmaður flokksins sé talinn hafa heimild til að koma fram fyrir hönd hans í þessu efni, t. d. söngstjóri, hljómsveitarstjóri o. s. frv.

Úr þessu er ekki leyst í 8. gr., heldur lagt á vald einstakra aðildarríkja að ákveða í löggjöf sinni, með hvaða hætti haldið skuli uppi fyrirsvari fyrir flokkinn um framkvæmd réttindanna. Löggjöf aðildarríkis um þetta efni mundi þá ná til erlendra aðilja, sem þar krefðust verndar. Forðast var að hafa orðalag greinarinnar þannig, að einstök ríki gætu með innanlandslögum á nokkurn hátt dregið úr þeim réttindum, sem listflytjendum eru veitt í sáttmálanum.

Um 9. gr.

Eins og getið var í umsögn um a-lið 3. gr. tekur hugtakið listflytjandi aðeins til manna, sem flytja verk, er tilheyra bókmenntum eða listum. Í 9. gr. er lagt á vald aðildarríkja að láta vernd eftir sáttmálanum einnig ná til fjölleikamanna (artistes). Ákvæðið á ekki við um íþróttasýningar.

Um 10. gr.

Þessi grein hefur inni að halda aðalákvæði sáttmálans um réttindi og vernd hljóðritaframleiðenda. Með henni er þeim veittur einkaréttur til eftirgerðar á hljóðritum sínum, þ. e. tilbúnings á nýjum efniseintökum eftir áður gerðri frumupptöku, sem fram hefur farið á þeirra vegum. Með orðunum „beina og óbeina eftirgerð“ er átt við, að ekki skiptir máli, með hverjum hætti eftirgerð er framkvæmd, svo sem að um beina afsteypu á hljómplötu sé að ræða eða að tekinn sé upp á hljóðrit hljómur eftir áður gerðu hljóðriti, hvort heldur beint eða um útvarp.

Eftirgerð án samþykkis hljóðritaframleiðanda er óheimil bæði í heild og að hluta og sömuleiðis, þó að tekinn sé upp hljómur af einni tegund hljóðrita á annað, svo sem af hljómplötu á segulband eða öfugt. Um undantekningar, þar sem eftirgerð er heimil án samþykkis framleiðanda, sjá 15. gr.

Þegar eftirgerð hljóðrits fer í bága við rétt framleiðanda eftir 10. gr., hefur hann einn heimild til að hindra hana, en ekki listflytjandi jafnframt, sbr. almenna umsögn í II, A, 4, a, hér að framan.

Um 11. gr.

Afstaða alþjóðasáttmála um höfundarétt til formskilyrða er með mismunandi hætti. Bernarsáttmálinn leggur ekki bann við því, að einstök sambandsríki hafi í innanlandslögum sínum ákvæði um formskilyrði, að því er tekur til verndar bókmennta og listaverka, en samkvæmt 4. gr. hans mega þau ekki gera réttindi þau, sem sáttmálinn veitir, háð neinum formskilyrðum. Af þessum sökum m. a. vildu Bandaríkin, sem jafnan hafa haldið fast við formskilyrði fyrir vernd höfundaréttar, ekki gerast aðili að Bernarsáttmálanum. Þau eru hins vegar aðili að Genfarsáttmálanum, en samkvæmt 3. gr. hans hafa aðildarríkin rétt til að gera vernd samkvæmt honum háða formskilyrðum.

Í umræddri 11. gr. er lagt á vald aðildarríkja að gera vernd eftir sáttmálanum háða formskilyrðum. Svipar ákvæðum greinarinnar mjög til samsvarandi fyrirmæla í 3. gr. Genfarsáttmálans.

Um 12. gr.

1. Í grein þessari er ákveðið, að fyrir tiltekna notkun á hljóðritum skuli notandi greiða þóknun til listflytjenda eða til hljóðritaframleiðenda eða til beggja þessara aðilja. Skylda þessi kemur þó ekki til greina í aðildarríkjum, sem lýsa yfir því, eins og segir í 16. gr., að þau undanþiggi sig ákvæðum 12. gr. Ef ekki er annars getið í umsögn hér á eftir, er við það miðað, að slíkur undanþáguréttur hafi ekki verið notaður.

Umsögn um 1. tölulið, a-lið 16. gr. verður hér tengd við umsögn um 12. gr., með því að um sama efni er að ræða.

2. Í sáttmálanum er hvorki hljóðritaframleiðendum né listflytjendum veittur einkaréttur til neins konar notkunar á hljóðritum, sem listflutning hafa að geyma og á markað hafa verið sett. Öllum er heimil hvers konar notkun markaðshljóðrita án samþykkis nefndra aðilja. Í 12. gr. felst því ekki regla um afnotakvöð, þ. e. lögákveðna undantekningu frá því, að leita þurfi samþykkis rétthafa til tiltekinna afnota. Greinin leggur aðeins greiðsluskyldu á þá, sem nota hljóðrit með tilteknum hætti.

3. Ákvæði 12. gr. taka einungis til hljóðrita, sbr. skýrgreiningu í b-lið 3. gr. Undir fyrirmæli greinarinnar fellur því ekki notkun á upptöku mynda, eða hljóma og mynda sameiginlega, svo sem útsending í sjónvarpi. Ákvæðin ná ekki til allra hljóðrita, heldur þeirra einna, sem gefin hafa verið út til markaðssölu, sbr. d-lið 3. gr., enda sé vernd ekki fallin niður eftir 14. gr. Vitanlega er hér aðallega um að ræða hljómplötur, en greinin tekur einnig til annarra tegunda hljóðrita, sem nú tíðkast eða síðar kunna til að verða.

4. Þegar útvarpsstofnun útvarpar beint samkvæmt hljóðriti, ber henni að greiða þóknun. Endurvarp (samtímisútvarp sbr. g-lið 3. gr.) telst ekki bein notkun

og er því ekki gjaldskylt. Fyrir aðalútvarp og endurvarp (eitt eða fleiri) kemur því aðeins ein greiðsla, sbr. umsögn um 2. tölulið 7. gr. Ef útvarpsstofnun tekur hljóm af hljómplötu upp á segulband og útvarpar síðan af því, telst það í þessu sambandi bein notkun á hljómplötunni. Að sjálfsögðu ber útvarpsstofnun að greiða þóknun hverju sinni, þegar útvarpað er eftir sama hljóðriti (endurtekið útvarp), nema annað sé ákveðið í lögum, sbr. 2. tölulið 7. gr.

Í öðru lagi ber notanda að greiða þóknun, þegar hljóðrit er notað beint til dreifingar til almennings (communication to the public), svo sem á skemmtistöðum, veitingahúsum o. s. frv. Um aðgreiningu einkanota, þar á meðal notkunar í lokuðum félagsskap, og dreifingar til almennings fer með sama hætti og í höfundarétti. Með beinni notkun er átt við afnot hljóðrits á staðnum. Þegar listflutningi er útvarpað. hvort heldur beint eða eftir hljóðriti, er dreifing hans með útvarpstækjum, t. d. á veitingahúsum, ekki gjaldskyld samkvæmt 12. gr. eða öðrum ákvæðum sáttmálans. Ekki er skilyrði fyrir greiðsluskyldu, að dreifing til almennings, sem hér ræðir um, fari fram í atvinnuskyni eða ávinnings. Hins vegar takmarkast gjaldskyldan við það, að aðildarríkjum er heimilt eftir 2. tölulið 15. gr. að ákveða sams konar takmarkanir á vernd samkvæmt sáttmálanum sem þau gera um vernd höfundaréttar. Af þessu leiðir m. a., að þegar Bernarsambandsríki er heimilt eftir Bernarsáttmálanum að leyfa frjálsa og kvaðalausa notkun hugverka, sbr. t. d. 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 49/1943, þá er einnig heimilt að leyfa notkun hljóðrita með sama hætti án greiðsluskyldu, enda þótt um dreifingu til almennings væri að ræða. Þá er og aðildarríki heimilt með yfirlýsingu samkvæmt 16. gr. að takmarka skyldu sína eftir 12. gr., að því er varðar tiltekin afnot hljóðrita, sbr. nánar um það í 8. hér á eftir.

5. Tekið er fram í 12. gr., að þóknunin skuli vera „sanngjörn", en nánar segir ekki um ákvörðun hennar. Þess má vænta, að félög eða samtök listflytjenda og hljóðritaframleiðenda semji við útvarpsstofnanir og samtök annarra notenda um þóknunina. En sé það ekki gert, eða viðkomandi aðili standi utan slíkra samtaka og samningar takist ekki með öðrum hætti, mun liggja undir dómstóla að ákveða þóknun, þar sem um er að tefla málefni á sviði fjármálaréttar. Þó mætti ákveða í lögum sérstaka skipun um setningu gjaldskrár eða verðlagsákvarðana, sem kæmi til framkvæmda, þar sem samningar næðu ekki til. Ýmis ríki, m. a. England og Bandaríkin, héldu því mjög fast fram, að ekki mætti með laga- eða reglugerðarákvæðum skerða samningsfrelsi aðilja, sbr. t. d. ákvæði í 2. tölulið 3) 7. gr., niðurlag 12. gr. og meginregluna í síðasta málslið 15. gr.

6. Í innanlandslögum ýmissa ríkja hafa verið farnar mismunandi leiðir um það, til hverra þóknun fyrir afnot hljóðrita er látin renna. Til þess að gera sem flestum til hæfis, er ákveðið í 12. gr., að aðildarríkin geti valið á milli þriggja leiða:

a. Að þóknun renni til listflytjenda einna.

b. Að þóknun renni til hljóðritaframleiðenda einna.

c. Að þóknun renni til beggja þessara aðilja sameiginlega.

Hverju aðildarríki, sem ekki hefur neytt undanþáguréttar eftir 16. gr., er skylt að ákveða rétt til þóknunar með einhverjum þeim hætti, sem hér var sagt. Ef slík ákvæði eru þegar fyrir hendi í innanlandslögum, mundi það nægja, sbr. reglur um þegnréttarkjör. Ella yrði að setja ákvæði um það í sambandi við lögfestingu sáttmálans.

Í umræðum um 12. gr. kom skýrt fram, að orðalag hennar væri við það miðað, að þóknun rynni hvort heldur til einstakra rétthafa eða til félagssamtaka þeirra, ef þau væru til og hefðu rétt til viðtöku. Sömuleiðis, að þegar hljóðrit, sem geymir listflutning listflytjanda í aðildarríkinu A, er notað í aðildarríkinu B, þá eigi þóknun, sem listflytjandi á rétt á, að renna óskert til ríkisins A.

Þá er og sú mikilvæga regla í 16. gr., 1. tölulið, a-lið iv., að aðildarríki, sem einungis áskilur listflytjendum þóknun, getur ekki neitað greiðslu til þess aðildarríkis, sem áskilur hljóðritaframleiðendum einum rétt til þóknunar, og gagnkvæmt.

Rök til þessarar reglu eru þau, að þrátt fyrir mismunandi ákvarðanir ríkja um réttarnjótendur, þá leiði oftast af samningsákvæðum milli hljóðritaframleiðenda og listflytjenda (eða samtaka þessara aðilja), að þóknun skiptist að lokum með einhverjum hætti milli þeirra.

7. Með orðunum „þóknun í einu lagi“ er átt við, að notandi þarf ekki að leita uppi marga viðtakendur þóknunar fyrir eina og sömu notkun hljóðrits. Í þessu felst tvennt:

a. Þegar þóknun á að renna til listflytjenda einna, og listflutningur á hljóðriti hefur verið fluttur af fleiri en einum þeirra, t. d. af hljómsveit, þá verða þátttakendur að taka við þóknuninni sameiginlega í einu lagi, sbr. og 8. gr. og umsögn um hana.

b. Ef þóknun á að renna til listflytjenda og hljóðritaframleiðenda sameiginlega, þá verða þeir að veita henni viðtöku í einu lagi. Ef aðiljar þessir hafa ekki samið sjálfir um skiptingu þóknunar sín á milli, sem væntanlega yrði gert með almennum samningi félagssamtaka þeirra, þá er heimilt að skipa með innanlandslögum, hvernig skiptingu skuli hagað, sbr. 2. málslið 12. gr.

8. Ákvæði 12. gr. ollu mestum ágreiningi á ráðstefnunni. Þar var um efni að ræða, sem hin alþjóðlegu samtök listflytjenda og hljóðritaframleiðenda lögðu mest kapp á, að fram næðu að ganga, og var sem þau teldu árangur af ráðstefnunni lítils virði, ef þóknunarréttur yrði ekki ákveðinn. Vegna andstöðu ýmissa ríkja gegn fyrirmælum 12. gr. var gerð sú málamiðlun, að með ákvæðum í 16. gr. var aðildarríkjum veitt heimild til að undanþiggja sig skyldu samkvæmt greininni að öllu leyti eða nokkru. Þrátt fyrir það greiddu átta ríki atkvæði gegn 12. gr., þegar hún var borin upp sér í lagi, en eftir að hún hafði verið samþykkt, guldu þessi sömu ríki þó að lokum jákvæði við sáttmálanum í heild.

Samkvæmt 16. gr. getur aðildarríki undanþegið sig ákvæðum 12. gr., um leið og það gerist aðili að sáttmálanum. En þó að það hafi í upphafi tekið á sig skyldur eftir greininni, getur það síðar, á hvaða tíma sem er, takmarkað skyldu sína eða fellt hana niður. Um einstök atriði í þessu sambandi verður nánar rætt í umsögn um 16. gr. Þess er hins vegar að geta, að samkvæmt 18. gr. getur ríki, sem í upphafi hefur undanþegið sig ákvæðum 12. gr., undirgengizt þau síðar með nýrri yfirlýsingu. Og hafi það takmarkað skyldur sínar eftir 12. gr., getur það hvenær sem er aukið þær aftur.

Um 13. gr.

Útvarpsstofnanir, sem eru undir vernd sáttmálans vegna tengsla við tiltekið aðildarríki, sbr. 6. gr., skulu í öðrum aðildarríkjum njóta um starfsemi sína þeirra lágmarksréttinda, sem hér eru mælt. Þeim er eins og hljóðritaframleiðendum veittur einkaréttur til þeirra aðgerða, sem verndar njóta. Ákvæði a-, b- og c-liðar eiga bæði við um hljómvarp og sjónvarp, en d-liður tekur eingöngu til sjónvarps.

Um a. Endurvarp á útvarpssendingu er óheimilt án samþykkis útvarpsstofnunarinnar. Hér er aðeins átt við samtímisútvarp, sbr. g-lið 3. gr. Síðari útsending stofnunarinnar A á útvarpi stofnunarinnar B fellur ekki undir vernd eftir a-lið, en upptaka til slíkrar síðari útsendingar kann að vera óheimil eftir b-lið. Réttur til að hindra ósamþykkt endurvarp er veittur útvarpsstofnunum einum, því að eins og getið var í umsögn um 7. gr., 1. tölulið, a, er listflytjendum ekki veitt heimild til að koma í veg fyrir endurvarp, ef þeir hafa samþykkt aðalútvarpið.

Um b. Hér er útvarpsstofnunum veittur einkaréttur til upptöku á eigin útvarpssendingum. Þær geta því hindrað upptöku annarra aðilja, þar á meðal annarra útvarpsstofnana, sbr. þó undantekningarákvæði 15. gr., einkum a-liðar um einkanot og c-liðar um bráðabirgðaupptöku annarra útvarpsstofnana.

Upptökuréttur eftir b-lið tekur aðeins til útvarpssendingar sem slíkrar, en veitir ekki útvarpsstofnunum heimild til frekari eða annars konar eftirgerðar á listflutningi, sem útvarpað er beint, sbr. b- og c-liði 1. töluliðar 7. gr., né á hljóðriti, sem til útvarps er notað, sbr. 10. gr. Þó má samkvæmt 2. tölulið 7. gr. með ákvæðum

í innanlandslöggjöf veita útvarpsstofnunum rétt til sérstakrar upptöku á listflutningi, sem þær útvarpa með samþykki listflytjanda, en aðeins til eigin útvarpsnota, og svo rétt til eftirgerðar á slíkri upptöku í sama tilgangi.

Réttur útvarpsstofnunar til upptöku eftir b-lið mun ekki standa því í vegi, að þegar listflutningur er fluttur í útvarpi, þá geti listflytjandi heimilað, t. d. hljóðritaframleiðanda, upptöku á listflutningnum út af fyrir sig eftir útvarpinu (off the air).

Þegar um útvarp á beinum listflutningi er að ræða, hafa listflytjendur ásamt útvarpsstofnuninni heimild til að hindra upptöku samkvæmt útvarpinu, sbr. umsögn um b-lið 1. töluliðar 7. gr.

Á Rómarráðstefnunni kom til umræðu, hvort ákvæði b-liðar bannaði, þegar um sjónvarp er að tefla, töku einstakra ljósmynda eftir sjónvarpinu (still photographs, isolated images). Allir voru á einu máli um það, að ákvæðið bannaði ekki aðeins upptöku á útvarpssendingu í heild, heldur einnig að hluta. En ágreiningur var samt sem áður um, hvort verndin næði til einstakra ljósmynda, t. d. til birtingar í blöðum og tímaritum. Þótti vafasamt, að slík ljósmyndataka félli undir hugtakið upptaka, eins og skýra bæri það í sambandi við b-lið. Var loks ákveðið, að engin skýring skyldi á þessu gefin í sáttmálanum, en lagt á vald aðildarríkja að skipa þessum málum að vild sinni í innanlandslöggjöf.

Um c. Ákvæði þessi um eftirgerð á þegar framkvæmdri upptöku svara til fyrirmæla í c-lið i. og iii. 1. töluliðar 7. gr., og nægir að vísa til umsagnar þar.

Um d. Almennt hafa útvarpsstofnanir ekki rétt til að hindra notkun útvarps þeirra á stöðum, sem almenningur á aðgang að. Undantekning er gerð hér í d-lið um sjónvarp, og þó eingöngu þegar notkun þess fer fram á stöðum, sem almenningi er seldur aðgangur að, t. d. á leikhúsum. Á ráðstefnunni kom fram tillaga um, að í stað orðanna „gegn greiðslu inngangseyris“ (payment of an entrance fee) kæmi: „í ávinningsskyni“ (for pecuniary gain), en eftir nokkrar umræður var tillagan tekin aftur.

Samkvæmt framansögðu þarf leyfi að vera fyrir hendi hverju sinni, er sjónvarpi er dreift til almennings á stöðum, sem hann á aðgang að gegn greiðslu inngangseyris. Í d-lið felst því ekki ákvæði um afnotakvöð, þannig að dreifing sé heimil án leyfis, en gegn gjaldskyldu.

Ákvæði d-liðar er undanþægt, sbr. 16. gr., 1. tölulið, b.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um lengd verndartímabils og frá hvaða tíma það skuli reiknað.

Í 7. gr. Bernarsáttmálans er svo mælt um vernd höfundaréttar, að hún skuli haldast alla ævi höfundar og eftir það, unz 50 ár eru liðin frá næstu áramótum eftir lát hans. Er innanlandslöggjöf Bernarsambandsríkja í samræmi við þetta, sbr. um Ísland 22. gr. laga nr. 13/1905. Eftir 4. gr. Genfarsáttmálans skal verndartímabil höfundaréttar fara eftir lögum þess aðildarríkis, þar sem verndar er krafizt, en þó eigi vera skemmra en ævi höfundar og 25 ár eftir lát hans.

Flest ríki, sem tekið hafa upp í höfundalög sín ákvæði um vernd listflytjenda, láta verndartímabil listflutnings vera að miklum mun skemmra en verndartímabil hugverka. Undantekning er um Tékkóslóvakíu, sem telur listflutning til aðlagana á hugverkum og falla því beint undir höfundalöggjöf. Í hinum nýju höfundalögum Norðurlandaríkja skal vernd á listflutningi, sem upptaka hefur verið framkvæmd á, haldast í 25 ár frá því, að upptaka fór fram. Sama regla skal gilda um vernd hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana, að því er upptöku varðar. Sumir fræðimenn á þessu sviði hafa bent á, að ekki sé sanngjarnt að láta vernd listflutnings falla niður í lifanda lífi listflytjanda. Hefur og prófessor F. Vinding Kruse mælt sterklega með því, að sama verndartímabil sé látið gilda um listflytjendur og höfunda.

Á Rómarráðstefnunni komu fram ýmsar tillögur um verndartímabil. Gekk Pólland skemmst með tillögu um 10 ár. Bandaríkin báru fram tillögu um 25 ára vernd með möguleika til framlengingar um önnur 25 ár. Að þeim undanteknum gekk Austurríki lengst með tillögu um 30 ár. Rétt þótti að hafa regluna þannig, að sem flest ríki gætu sætt sig við hana. Varð niðurstaðan sú, sem í 14. gr. segir, að vernd skuli hið skemmsta haldast í 20 ár frá þeim tíma, sem í a-, b- og c-liðum getur.

Í umræðum um 14. gr. var á það bent, að þó að verndartímabil eftir sáttmálanum væri ekki haft lengra en 20 ár, þá væri samt hverju aðildarríki unnt að ákveða það lengra í innanlandslögum sínum. Ef það veitti vernd um lengri tíma en 20 ár, gæti það og með yfirlýsingu samkvæmt 16. gr., 1. tölulið, a iv. komið í veg fyrir, að það þyrfti að veita þegnum annarra aðildarríkja vernd um lengri tíma en þegnar þess njóta í þeim ríkjum (gagnkvæmisregla).

Um a. 1. Verndartímabil hljóðritaframleiðenda, sbr. 10. og 12. gr., telst frá upptöku, sbr. c-lið 3. gr., en ekki frá útgáfu hljóðritsins, sbr. d-lið 3. gr.

2. Verndartímabil listflytjenda, að því er varðar listflutning, sem festur er á hljóðrit, sbr. 7. og 12. gr., telst frá sama tíma og áður var sagt um hljóðritaframleiðendur.

Um b. Ef listflutningur hefur ekki verið festur á hljóðrit, telst verndartímabilið frá þeim tíma, er listflutningur fór fram, sbr. 7. gr. Tekur þetta til upptöku á myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega. Um sérstakt verndartímabil fyrir listflutning, sem upptaka er ekki gerð á með neinum hætti, getur ekki verið að ræða samkvæmt eðli málsins.

Um c. Verndartímabil útvarpsstofnana á útvarpssendingum telst frá þeim tíma, er útvarp fór fram.

Um 15. gr.

Aðildarríki hvert getur samkvæmt þessari grein ákveðið í innanlandslögum sínum undantekningar (exceptions) frá vernd þeirri, sem ella skal veita eftir sáttmálanum. Tekur það til allra greina verndaraðilja: listflytjenda, hljóðritaframleiðenda og útvarpsstofnana. Um þetta nægja venjuleg lagafyrirmæli, og gilda því hér aðrar reglur en um undanþágur frá tilteknum skyldum samkvæmt sáttmálanum (reservations), sem aðildarríki geta áskilið sér með sérstökum yfirlýsingum þess efnis, sbr. 3. tölulið 5. gr., 2. tölulið 6. gr., 1. tölulið 16. gr. og 17. gr.

Um 1. tölulið. Hér ræðir um sérstakar greinar undantekninga.

Um a. Ákveða má, að fyrirmæli sáttmálans skuli ekki ná til einkanota. Er þetta mikilvægasta undantekning 15. gr. Hugtakið einkanot er ekki bundið við persónuleg not í ströngum skilningi, heldur falla þar undir afnot á heimili, í lokuðum félagsskap, innan nemendahópa o. s. frv. Ætla má, að aðgreining í þessu efni verði hin sama og um afnot hugverka eftir höfundarétti. Þó að ekki sé tekið fram beinum orðum í Bernarsáttmálanum, að einkanot séu heimil, leiðir sú regla þó af orðalagi verndarákvæða hans, og hefur svið einkanota verið markað samkvæmt því í höfundalöggjöf og lagaframkvæmd Bernarsambandsríkja.

Um b. Sú undantekning, sem hér er gerð, svipar til ákvæða í Bernarsáttmálanum, 9. gr. (3) og 10, a.

Um c. Sbr. 11. gr. a í Bernarsáttmálanum.

Um c. Sbr. 10. gr. (2) í Bernarsáttmálanum.

Um 2. tölulið. Hið almenna ákvæði þessa töluliðar felur í raun og veru í sér undantekningar samkvæmt 1. tölulið, en heimilar að auki aðrar undantekningar, sams konar þeim, sem aðildarríki kunna að gera í lögum sínum, að því er varðar vernd höfundaréttar. Með því að ríki, sem gerast aðiljar að Rómarsáttmálanum, verða auk þess að vera aðildarríki að Bernarsáttmálanum eða Genfarsáttmálanum, sbr. 24. gr., takmarkast heimild eftir 2. tölulið við það, hversu víðtækar undantekningar höfundasáttmálarnir leyfa. Sem dæmi um undantekningar, er gerðar kunna að verða eftir 2. tölulið til viðbótar 1. tölulið, má nefna tilvitnunarrétt, notkun í góðgerðaskyni og notkun, sem um ræðir í 15. gr. laga um rithöfundarétt og prentrétt nr. 13/1905.

Um 16. gr.

Nokkuð hefur áður verið rætt um fyrirmæli þessarar greinar í umsögn um 12. gr. Verður hér vikið að einstökum liðum greinarinnar.

Um 1. tölulið. Hér eru víðtækustu undanþáguheimildir sáttmálans. Getur aðildarríki neytt undanþáguréttarins bæði í upphafi, er það gerist aðili að sáttmálanum, og síðar. Svo getur það og eftir 18. gr. aukið skyldur sínar aftur.

Um a. Undanþáguákvæðin í þessum lið varða aðeins greiðsluskyldu fyrir tiltekin afnot hljóðrita eftir 12. gr.

Um i. Samkvæmt þessu ákvæði er aðildarríki heimilt að undanþiggja sig að öllu leyti ákvæðum 12. gr.

Um ii. Þetta ákvæði heimilar aðildarríki að undanþiggja notendur hljóðrita greiðsluskyldu samkvæmt 12. gr., þegar um tiltekin afnot er að tefla. Samkvæmt þessu eiga aðildarríkin þess kost m. a. að undanþiggja útvarpsstofnanir greiðsluskyldu að öllu leyti, en skylda aðra notendur, t. d. veitingahús o. s. frv., til greiðslu vegna dreifingar á efni hljóðrits til almennings, og gagnkvæmt. Einnig virðist mega um greiðsluskyldu greina á milli mismunandi tegunda útvarpssendinga og annarrar dreifingar til almennings og jafnvel koma á aðgreiningu milli gjaldskyldrar og gjaldfrjálsrar dreifingar með ýmsu móti, en ekki er ljóst, hvernig draga megi mörkin í því sambandi.

Um iii. Samkvæmt þessu ákvæði getur aðildarríki undanþegið notkun á hljóðritum greiðsluskyldu, þegar framleiðandi þeirra er ekki þegn annars aðildarríkis. Í ríki, sem gefur slíka yfirlýsingu, gildir þá um þóknun eftir 12. gr. aðeins skilyrðið í 5. gr., 1. tölulið, a-lið.

Um iv. Í 3. lið almennrar umsagnar hér að framan er þess getið, að yfirleitt sé ekki heimilt að gera vernd samkvæmt sáttmálanum háða skilyrðum um gagnkvæmi (reciprocity). Hér er gerð undantekning frá þeirri reglu, að því er varðar þóknunarrétt eftir 12. gr. Til skýringar skal tekið sem dæmi, að aðildarríkið A sé bundið af ákvæðum 12. gr., en hafi neytt undanþáguréttar samkvæmt a-lið iv. Aðildarríkið B hefur hins vegar undanþegið sig með öllu greiðsluskyldu samkvæmt a-lið i. Loks hefur aðildarríkið C sömu aðstöðu í þessu efni sem A. Ef nú er krafizt þóknunar í A vegna notkunar á hljóðriti, sem framleitt er af ríkisborgara B, getur A synjað um hana, þar sem ríkisborgarar þess njóta ekki slíkrar verndar í B. Skiptir ekki máli um þetta, þó að viðkomandi hljóðrit hafi komizt undir vernd sáttmálans vegna upptöku eða útgáfu í C samkvæmt b- eða c-lið 1. tölul. 5 .gr. Á hinn bóginn á ríkisborgari C ekki að gjalda þess í A, þó að hann hafi komið hljóðriti sínu undir vernd sáttmálans vegna upptöku eða útgáfu í B.

Í a-lið iv segir, að það skuli ekki talinn mismunur á inntaki verndar, þó að aðildarríki það, þar sem framleiðandi hljóðrits á ríkisborgararétt, veiti ekki hinum sömu réttarnjótendum vernd og aðildarríki það, þar sem verndar er krafizt. Um reglu þessa vísast til 6. tölul. umsagnar um 12. gr.

Um b. Aðildarríkjum er hér veitt heimild til að undanþiggja sig skyldum samkvæmt d-lið 13. gr. Ef aðildarríki neytir þessa undanþáguréttar, fá sjónvarpsstöðvar þess ekki heldur rétt eftir d-lið 13. gr. í öðrum aðildarríkjum, þ. e. þær geta ekki hindrað dreifingu þar á sjónvarpi þeirra til almennings á stöðum, sem aðgangur er seldur að.

Um 2. tölulið. Hér ræðir aðeins um, hvenær yfirlýsing samkvæmt 1. tölulið verði virk, og þarfnast ákvæði þetta ekki skýringar.

Um 17. gr.

Ákvæði þessarar greinar voru sett að ósk Norðurlandaþjóðanna Danmerkur, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar, sem í hinum nýju höfundalögum sínum miða vernd hljóðritaframleiðenda við upptöku eina saman, en hvorki ríkisborgararétt né útgáfu, sbr. 5. gr. sáttmálans. Rétt samkvæmt greininni hafa aðeins þær þjóðir, sem

við undirskrift sáttmálans hinn 26. október 1961 miðuðu vernd hljóðritaframleiðenda í innanlandslöggjöf sinni við upptöku aðeins, og geta því engin önnur ríki, þar á meðal Ísland, gert slíkan áskilnað, sem í greininni getur. Sbr. og umsögn um 5. gr.

Um 18. gr.

Þó að aðildarríki hafi neytt undanþáguréttar samkvæmt sáttmálanum að meira eða minna leyti, verður það þó ekki við slíkar yfirlýsingar bundið, lengur en það vill. Það getur með nýjum yfirlýsingum hvenær sem er takmarkað efni hinna fyrri yfirlýsinga eða afturkallað þær að öllu leyti. Rýmkast þá að því skapi vernd sú, er það veitir.

Um 19. gr.

Með þessari grein er vernd samkvæmt 7. gr. takmörkuð, þegar um upptöku á filmur er að ræða, þ. e. upptöku á myndum eingöngu eða myndum og hljómum sameiginlega (kvikmyndir, sjónvarp), enda hafi listflytjandi veitt samþykki sitt til upptökunnar. Ákvæði 19. gr. hagga því ekki vernd eftir 7. gr., þegar upptaka, hvers konar sem er, fer fram án samþykkis listflytjanda, og ekki heldur, þegar upptaka á hljómum eingöngu (hljóðrit) fer fram með samþykki hans. Sbr. nánar umsögn um 7. gr.

Um 20. gr.

Um 1. tölulið. Ákvæði þetta er sett í varúðarskyni, en að sjálfsögðu mundi aðild að sáttmálanum ekki skerða þegar áunnin réttindi.

Um 2. tölulið. Þetta ákvæði er mikilvægara. Þar segir, að engu aðildarríki sé skylt að láta vernd samkvæmt sáttmálanum ná til framleiðslu eða framlags, sem fram hefur farið, áður en hann tók þar gildi. Tekur þetta til allra eldri hljóðrita og allrar eldri upptöku á listflutningi.

Um 21. gr.

Þessu ákvæði svipar til fyrirmæla í 1. tölulið 20. gr. Það mundi m. a. ná til þess, ef í gildi eru sérstakir milliríkjasamningar einstakra aðildarríkja um sama efni og sáttmálinn fjallar um.

Um 22. gr.

Aðild að sáttmálanum haggar ekki rétti aðildarríkja til að gera með sér sérsamninga, en ekki mega þeir skerða þau lágmarksréttindi, sem áskilin eru í sáttmálanum og aðildarríki er bundið við.

Um 23. gr.

Í lok Rómarráðstefnunnar hinn 26. október 1961 var sáttmálinn undirritaður af þeim fulltrúum, sem til þess höfðu umboð. Ríkjum, sem ekki stóðu þá að undirritun, er heimilað að undirrita sáttmálann til 30. júní 1962, en þó því aðeins, að fullnægt sé tveimur skilyrðum, þ. e. að viðkomandi ríki hafi verið boðin þátttaka í ráðstefnunni og að það sé annaðhvort aðili að Bernarsáttmálanum eða Genfarsáttmálanum. Þótti ekki koma til greina, að ríki, sem ekki veitti alþjóðlega höfundaréttarvernd, gæti gerzt aðili að sáttmálanum.

Um 24. gr.

Um 1. tölulið. Þó að sáttmálinn hafi verið undirritaður af hálfu tiltekins ríkis fyrir 30. júní 1962, sbr. 23. gr., verður hann samt ekki bindandi fyrir það, fyrr en fullgilding eða staðfesting hefur fram farið. Tekið var fram, að með orðunum fullgilding eða staðfesting (ratification or acceptance) væri í raun og veru átt við það sama, en venja um notkun þessara orða væri mismunandi í ýmsum ríkjum.

Um 2. tölulið. Hér ræðir um það, með hverjum hætti ríki, sem ekki hefur undirritað sáttmálann fyrir 30. júní 1962, getur gerzt aðili að honum. Til þess þarf sér-

staka inngönguyfirlýsingu (accession), sbr. 3. tölulið, og er skylt að veita ríkinu viðtöku, ef það fullnægir þeim skilyrðum, að því hafi annaðhvort verið boðin þátttaka í ráðstefnunni eða það sé aðili að Sameinuðu þjóðunum, enda sé það jafnframt aðili að Bernarsáttmálanum eða Genfarsáttmálanum.

Um 25. gr.

Ákvæði þessarar greinar, sem varða gildistöku sáttmálans bæði almennt og í einstökum ríkjum, þarfnast ekki umsagnar.

Um 26. gr.

Um efni þessarar greinar hefur verið rætt í almennri umsögn 7, og vísast til þess.

Um 27.—30. gr.

Þarfnast ekki umsagnar.

Um 31. gr.

Hér greind undanþáguákvæði sáttmálans (reservations) eru tæmandi. Aðildarríki er óheimilt að takmarka skyldur sínar eftir sáttmálanum framar en þar greinir.

Um 32.—34. gr.

Þarfnast ekki umsagnar.

Nd. 379. Nefndarálit [84. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að jafnvægi í byggð landsins.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta er í tveimur köflum.

Í fyrri kaflanum eru ákvæði um tilgang lagasetningarinnar, sem er að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, með rannsóknastörfum, áætlanagerð og fjárhagslegum stuðningi til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í þeim landshlutum, þar sem bein eða hlutfallsleg fólksfækkun hefur átt sér stað eða er talin yfirvofandi. Lagt er til, að fimm manna þingkjörin nefnd starfi að staðaldri að þessum málum og hafi með höndum stjórn þeirra.

Síðari kaflinn er um jafnvægissjóð, er hafi það hlutverk að veita fjárhagslegan stuðning til framkvæmda og eflingar atvinnulífi í samræmi við tilgang laganna, fyrst og fremst með lánveitingum, en þó einnig með beinum framlögum, ef sérstaklega stendur á. Lagt er til, að sjóðurinn fái árlegt framlag úr ríkissjóði, er nemi 1½% af ríkistekjum samkvæmt ríkisreikningi. Jafnvægisnefnd sú, sem kjósa ber samkvæmt I. kafla frv., skal annast stjórn sjóðsins.

Fjárhagsnefnd hefur athugað frumvarpið, en samkomulag hefur ekki orðið um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar vísar til laga um atvinnubótasjóð, er samþykkt voru á síðasta þingi, og telur ekki þörf að samþykkja frumvarpið. En 1. minni hl. lítur svo á, að atvinnubótasjóðurinn geti ekki gegnt því hlutverki, sem jafnvægissjóðnum er ætlað samkvæmt þessu frv. Höfuðmarkmiðið með stofnun atvinnubótasjóðsins var að vinna gegn atvinnuleysi, og því takmarkaða fé, sem hann fær til ráðstöfunar, á fyrst og fremst að verja til útrýmingar atvinnuleysi, og er það út af fyrir sig gagnleg ráðstöfun. Hins vegar er að því stefnt með flutningi þessa frv., að gerðar verði áætlanir, byggðar á rannsóknum, um framkvæmdir til eflingar atvinnulífi í ýmsum landshlutum til þess að stuðla að byggðajafnvægi og fé útvegað til þeirra framkvæmda án hliðsjónar af því, hvort atvinnuskortur er á þeim svæðum eða ekki, þegar uppbyggingin er hafin. Þessu þýðingarmikla verkefni

verður ekki sinnt á viðunandi hátt á grundvelli laganna um atvinnubótasjóð. Til þess er fjárveitingin til hans alveg ófullnægjandi, en hún er miklu minni en sú upphæð, sem veitt var fyrir nokkrum árum á fjárlögum til atvinnuaukningar, og var þó verðgildi peninganna stórum meira þá en nú er. Hér þarf því nýtt fjármagn til að styðja þá nauðsynlegu starfsemi, sem frv. þetta gerir ráð fyrir. Það er því tillaga 1. minni hl., að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 11. marz 1963.

Skúli Guðmundsson.

Sþ. 380. Fyrirspurnir. [195. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um árangur rannsókna á möguleikum til hafnargerða við Dyrhólaey og í Þykkvabæ.

Frá Karli Guðjónssyni.


63. gr.

Nú hafa bótaþega verið greiddar hærri bætur en vera bar samkvæmt lögum þessum, og á þá Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlag endurkröfurétt á hendur honum eftir almennum reglum. Má og draga upphæðina frá bótum, sem bótaþegi síðar kynni að öðlast rétt til.

Ef greiðsla samkvæmt 1. málsgr. stafar af sviksamlegu atferli bótaþega, getur Tryggingastofnunin eða sjúkrasamlagsstjórn látið hann endurgreiða allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð, sem ofgreidd var. Hefur þetta engin áhrif á þá refsingu, sem bótaþegi að öðru leyti kann að hafa bakað sér.

64. gr.

Ef umsækjandi á bótakröfu á hendur manni eða stofnun vegna tjóns, sem hann eða hún ber ábyrgð á vegna ásetnings eða gáleysis eða samkvæmt ákvæðum 67. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, eiga tryggingarnar endurkröfurétt fyrir þeim bótum, sem þær hafa innt af hendi vegna tjónsins, án þess að til komi framsal. Endurkröfuréttur inn gildir þó ekki gagnvart atvinnurekanda, að því er varðar bætur vegna slysa, er starfsmenn hans verða fyrir, nema hann eða trúnaðarmenn hans hafi valdið slysinu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

65. gr.

Ef bótaþegi er dæmdur til fangelsisvistar eða á annan hátt úrskurðaður til dvalar á einhverri stofnun, skulu falla niður allar bætur til hans, meðan hann dvelst þar, sbr. þó síðustu málsgr. 56. gr.

Tryggingastofnunin getur þó ákveðið að greiða bæturnar, eða hluta af þeim, konu hans og börnum eða einhverjum þriðja aðila, sem sér um, að bæturnar komi þeim að sem mestu gagni.

66. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja bótakröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak né halda bótafé til greiðslu opinberra gjalda, annarra en iðgjalda samkvæmt lögum þessum.

67. gr.

Nú telur Tryggingastofnun ríkisins vafa leika á um lögheimili bótaþega eða umsækjanda um bætur, sbr. lög nr. 35 30. maí 1960, og skal hún þá leita úrskurðar dómara, enda getur hún beiðzt rannsóknar og úrskurðar með sama hætti og þjóðskrá og sveitarfélag samkvæmt 14. gr. nefndra laga. Sjúkrasamlög eiga einnig rétt á að óska rannsóknar og úrskurðar um lögheimili samlagsmanna.

B. Um iðgjöld, innheimtu o. fl.

68. gr.

Iðgjöld hinna tryggðu samkvæmt 26. gr. skulu lögð á þar, sem gjaldendur eiga lögheimili samkvæmt þjóðskrá 1. desember næstan á undan. Tekur álagningin til þeirra, sem í byrjun gjaldársins hafa náð 16 ára aldri, en yngri eru en 67 ára. Skattstjóri skal leggja iðgjöldin á og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 70/1962, og skulu ákvæði 40. gr. þeirra laga gilda um iðgjöldin eftir því, sem við á. Skal skattstjóri senda Tryggingastofnun ríkisins eintak af gjaldskrá þeirri, er hann lætur innheimtumanni í té.

69. gr.

Iðgjöld samkvæmt 28. gr. og 40. gr. skal skattstjóri leggja á með tekju- og eignarskatti og færa þau á skattskrá, sbr. 39. gr. laga nr. 70/1962, og skulu ákvæði 40. gr. þeirra laga gilda um iðgjöldin eftir því, sem við á, sbr. og ákvæði 68. gr. um

gjaldskrá. Iðgjöld þessi skulu lögð á í heilum krónum. Þó skulu iðgjöld af lögskráðum sjómönnum lögð á og innheimt fyrir fram af lögskráningarstjórum og iðgjöld af ökumönnum bifreiða lögð á af innheimtumönnum bifreiðaskatts og innheimt eftir á fyrir hvert bifreiðaskattár ásamt bifreiðaskatti og skoðunargjaldi bifreiða.

Framtalsskýrslur skulu þannig úr garði gerðar, að skýrt sé fram tekið, fyrir hversu margar vinnuvikur beri að greiða. Þyki vafi leika á, að framtal vinnuvikna sé rétt, skal áætla tölu þeirra eftir öðrum upplýsingum, er framtalið sýnir, en séu þær ófullnægjandi eða hafi framtali ekki verið skilað, þá eftir mati skattstjóra.

Skattfrjálsir aðilar, er hafa í þjónustu sinni menn, sem slysatryggðir skulu samkvæmt 31. gr., skulu senda hlutaðeigandi skattyfirvaldi framtöl um vinnuvikur á sama hátt og skattskyldir atvinnurekendur.

Í reglugerð samkvæmt síðustu málsgr. 40. gr. skal kveða á um álagningu og innheimtu ársiðgjalda vegna tækja þeirra, er þar greinir.

70. gr.

Kæra má iðgjaldaálagningu skattstjóra samkvæmt 68. og 69. gr. til ríkisskattanefndar eftir sömu reglum og gilda um kærur út af tekjuskatti. Ákvæði 42. gr. laga nr. 70/1962 skulu gilda um endurskoðun og leiðréttingar gjaldskrár samkvæmt lögum þessum, eftir því sem við á.

Gjalddagar iðgjalda skulu ákveðnir í reglugerð.

71. gr.

Iðgjöld til lífeyris- og slysatrygginga skulu innheimt af þeim innheimtumönnum ríkissjóðs eða sveitarsjóða eða sérstökum innheimtustofnunum, sem innheimta tekju- og eignarskatt, sbr. þó ákvæði 1. málsgr. 69. gr. um iðgjöld af lögskráðum sjómönnum og ökumönnum bifreiða og ákvæði 3. málsgr. þessarar greinar. Skulu ákvæði laga nr. 70/1962, þar á meðal um dráttarvexti og lögtaksrétt, gilda um innheimtu iðgjalda.

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu á framlögum sveitarfélaga, sbr. þó 3. málsgr. þessarar greinar. Gera má lögtak hjá sveitarfélagi fyrir vangreiddum framlögum, m. a. í álögðum, ógreiddum bæjar- eða sveitargjöldum.

Tryggingastofnunin innheimtir sjálf iðgjöld, sem ríkissjóði ber að greiða. Þá er stofnuninni heimilt að annast sjálf innheimtu iðgjalda hjá tilteknum ríkisstofnunum og framlaga sveitarsjóða í einstökum lögsagnarumdæmum.

Sjúkrasamlagsiðgjöld greiðast til samlaganna eða þeirra aðila, sem þau hafa falið innheimtuna samkvæmt samningi, sbr. lög nr. 68 27. apríl 1962. Verði vanskil, innheimta bæjarstjórnir og sveitarstjórnir hjá gjaldanda eða þeim, sem ábyrgð ber á greiðslunni, og má innheimta iðgjöldin með lögtaki.

Um gjald fyrir innheimtu iðgjalda til lífeyris- og slysatrygginga fer eftir launalögum eða samningum samkvæmt lögum nr. 68/1962.

72. gr.

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupi þessara manna.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess, að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ekki ber að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 26. gr., ef hreinar tekjur hans næsta ár á undan hafa eigi verið hærri en kr. 15 000.00, ef um einstakling er að ræða, kr. 25 000.00,

ef um hjón er að ræða, og kr. 6 000.00 til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri, og má eigi krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi þeirra hreinu tekna, sem umfram verða. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Lífeyristryggingarnar greiða sjúkrasamlagsgjöld þeirra, sem njóta örorkulífeyris, svo og þeirra, sem rétt eiga til bóta samkvæmt 10. gr. og eru orðnir 67 ára að aldri. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvort annars og foreldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

73. gr.

Þeir, sem laun greiða, skulu, ef innheimtuaðili eða sjúkrasamlag krefst þess, halda eftir af iðgjöldum launþega, þegar kaup er greitt, og greiða síðan til þess, er kröfu gerði. Nú vanrækir launagreiðandi að halda eftir af kaupi, og má þá krefja hann um upphæðina. Nánari ákvæði varðandi skyldur atvinnurekanda samkvæmt þessari grein og viðurlög við vanrækslu skulu sett með reglugerð.

74. gr.

Sjúkratryggingin veitir ekki bætur, nema staðið sé í skilum með iðgjöld samkvæmt 54. gr. Heimilt er að ákveða í samþykktum, að allt að sex mánaða vanskil valdi ekki skerðingu bótaréttar. Nemi vanskil meiru en 6 mánuðum, fer um réttindi samlagsmanna samkvæmt 48. gr., sbr. þó 5. gr. laga nr. 68/1962. Nánari ákvæði um réttindaskerðingu vegna vanskila skulu sett í samþykktum.

Tryggingastofnunin getur lækkað aðrar bætur um allt að sama hundraðshluta og hin vangreiddu iðgjöld nema af þeim iðgjöldum, er hlutaðeiganda hefur borið að greiða. Ekki skal þó af þessum ástæðum lækka fæðingarstyrk, sbr. 18. gr., bætur samkvæmt 19. gr. eða slysabætur samkvæmt III. kafla laganna.

75. gr.

Iðgjöld samkvæmt 28. gr., 40. gr. og 54. gr. vegna sjómanna og stjórnenda ökutækja og aflvéla skulu hvíla sem lögveð á hlutaðeigandi skipum, ökutækjum og aflvélum og ganga fyrir öllum öðrum veðum en lögveðum fyrir gjöldum ríkissjóðs. Iðgjöld samkvæmt 28. og 40. gr. vegna byggingar húsa og annarra mannvirkja skulu og hafa sams konar veðrétt í eignum þessum.

C. Önnur ákvæði.

76. gr.

Tekjur varasjóðs lífeyristrygginga eru vextir af höfuðstólnum og tillag samkvæmt 1. málsgr. 24. gr. Tekjur varasjóðs slysatrygginga eru vextir af höfuðstólnum og rekstrarafgangur, en rekstrarhalli skal tekinn úr varasjóðnum. Vörzlufé Tryggingastofnunarinnar skal vera í vörzlu þeirrar deildar, sem fer með lífeyristryggingar.

Tryggingastofnuninni er heimilt að veita lán úr varasjóði til sveitarfélaga eða annarra aðila, sem sveitarstjórn gengur í ábyrgð fyrir, til að koma upp elliheimilum, sjúkrahúsum eða öryrkjastofnunum, gegn öruggum tryggingum. Handbært fé stofnunarinnar, sem ekki þarf að nota til daglegs rekstrar tryggginganna, skal að öðru leyti ávaxta í ríkisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða í lánum, sem tryggð eru með ríkisábyrgð eða annarri öruggri tryggingu.

77. gr.

Ellistyrktarsjóðir þeir, sem um getur í 76. gr. laga nr. 74 31. des. 1937, skulu greiddir hlutaðeigandi sveitarfélögum, er þau hafa komið upp hæli, sem félagsmálaráðherra viðurkennir, fyrir gamalmenni og öryrkja.

78. gr.

Ráðherra getur ákveðið, að lífeyrisdeild greiði:

a. Kostnað vegna yfirstjórnar Tryggingastofnunarinnar á sjúkratryggingamálum.
b. Gjald fyrir rannsóknir, sem Tryggingastofnunin semur um við opinberar rannsóknarstofur, að þær annist fyrir sjúkrasamlögin.
c. Kostnað samkvæmt milliríkjasamningum vegna sjúkrahjálpar til erlendra ríkisborgara, sem dveljast hér um stundarsakir.
d. Allt að einni milljón króna á ári til sjúklinga í utanfararstyrki, sem framlag er ákveðið til í fjárlögum, í framlög til læknisvitjanasjóða, er starfa samkvæmt lögum nr. 59/1942, og sjúkrasamlaga, sem verða fyrir óvenjulegum gjöldum vegna sjúkraflutninga og læknisvitjana og starfa í héruðum, þar sem ekki eru læknisvitjanasjóðir. Úthlutun fjárins ákveður tryggingaráð að fengnum tillögum landlæknis, nema að því er varðar framlög til sjúkrasamlaga.

79. gr.

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með óskilgetnum börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki. Aldrei greiðir Tryggingastofnunin þó hærri fjárhæð en sem nemur barnalífeyri samkvæmt 16. gr.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir meðlag samkvæmt 1. málsgr., á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir 76. gr. framfærslulaga.

Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfu vegna meðlags, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Verði vanskil af hálfu meðlagsskylds aðila, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur, veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkvæmt 76. gr. framfærslulaga. Skal Tryggingastofnunin svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 12 mánaða frá greiðslu meðlagsins bera fram kröfu um endurgreiðslu á hendur framfærslusveit barnsföður, og skal hún þá greiða skuldina innan 6 mánaða frá móttöku kröfunnar.

Nú vanrækir framfærslusveit að sinna kröfunni, og getur þá Tryggingastofnunin krafið ríkissjóð greiðslu samkvæmt 50. gr. framfærslulaga, en þó skulu slíkar kröfur gerðar eigi síðar en tveim árum eftir, að krafan hefur verið send framfærslusveit. Nánari ákvæði um endurgreiðslu setur ráðuneytið með reglugerð.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

80. gr.

Ógift móðir, sem verður að fella niður vinnu og missir tekjur sínar vegna barnsburðar og leggur fram úrskurð á hendur barnsföður fyrir barnsfararkostnaði eða hefur gert ráðstafanir til að afla sér slíks úrskurðar, á rétt á því, að Tryggingastofnunin greiði henni auk fæðingarstyrks samkvæmt 18. gr. allt að kr. 1000.00 á mánuði í allt að 3 mánuði samanlagt fyrir og eftir barnsburð, enda hefur þá

Tryggingastofnunin endurkröfurétt á hendur barnsföður og sveitarfélagi á sama hátt og í 79. gr. segir um endurkröfurétt á meðlagi.

81. gr.

Tryggingastofnunin getur tekið að sér að annast reikningshald og daglega afgreiðslu fyrir einstaka lífeyrissjóði.

82. gr.

Heimilt er Tryggingastofnuninni að taka að sér frjálsar slysatryggingar. Skal þá jafnan gefa út vátryggingarskírteini. Enn fremur getur stofnunin með samþykki ráðherra tekið að sér ábyrgðartryggingar.

Ráðherra ákveður með reglugerð nánari tilhögun á tryggingum samkvæmt þessari grein, þar á meðal, að hve miklu leyti skuli endurtryggja þá áhættu, sem Tryggingastofnunin tekur á sig.

83. gr.

Heimilt er ráðherra að semja við erlendar tryggingastofnanir um gagnkvæm réttindi íslenzkra og erlendra þegna um þau hlunnindi, sem almannatryggingarnar veita.

84. gr.

Ráðherra setur með reglugerð ákvæði um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum Tryggingastofnunarinnar.

85. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, settum samkvæmt þeim, varða sektum allt að 25 000.00 krónum til Tryggingastofnunar ríkisins, og skal fara með þau að hætti opinberra mála.

86. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 24/1956, lög nr. 13/1960, lög nr. 86/1960, lög nr. 95/1961, lög nr. 18/1962 og lög nr. 89/1962.

Ákvæði til bráðabirgða.

Elli-, örorku-, ekkju- og barnalífeyrir, sem vegna afnáms 2. málsgr. 11. gr. laga nr. 24/1956 verður greiddur eftir 1. janúar 1964, skal koma til frádráttar tilsvarandi lífeyri úr viðkomandi lífeyrissjóði. Þegar ákveða skal ellilífeyri sjóðfélaga, sem nýtur eftirlauna úr sjóðnum í árslok 1963, skal frestun, sbr. 2. og 3. málsgr. 12. gr., reiknuð eftir því, hvenær eftirlaun úr sjóðnum voru úrskurðuð í fyrsta sinn.

Þegar niður fellur í árslok 1963 iðgjaldslækkun samkvæmt 85. gr. laga nr. 24/1956, skulu félagsmenn þeirra lífeyrisjóða, sem þar um ræðir, eiga kröfu á, að lífeyrissjóðirnir endurgreiði þeim frá sama tíma 70% iðgjalds til lífeyristrygginga, sbr. 23. og 26. gr.

Lífeyrissjóðir þeir, sem nefndir eru í 2. málsgr., skulu greiða lífeyristryggingunum með vöxtum iðgjöld þau, er sjóðfélagarnir hafa fengið undanþágu frá að greiða, en að frádregnum þeim lífeyri, sem sjóðirnir hafa sparað tryggingunum að greiða. Ráðherra setur nánari reglur um, hvernig uppgjöri þessu við Tryggingastofnunina og útreikningi skuli hagað, og má dreifa greiðslum með jöfnum árgreiðslum á allt að 10 ár.

Með breytingum á reglugerð lífeyrissjóðs, sem notið hefur viðurkenningar Tryggingastofnunar ríkisins, er heimilt að ákveða, að sjóðurinn verði eftir 1. janúar 1964 viðbótarsjóður við almannatryggingar, þannig að frádráttur lífeyris og endurgreiðsla iðgjalds til sjóðfélaga, sbr. 1. og 2. málsgr. þessarar greinar, falli niður, er reglur sjóðsins um bætur og iðgjöld hafa verið endurskoðaðar.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

A. Starf endurskoðunarnefndar.

I. *Skipun nefndarinnar og breytingar á almannatryggingalögum 1960—1962.*

Hinn 12. september 1960 skipaði Emil Jónsson, félagsmálaráðherra, nefnd til þess að endurskoða í heild lögin um almannatryggingar.

Í nefndina voru þessir skipaðir: Hjálmar Vilhjálmsson, ráðuneytisstjóri, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar, Gunnar J. Möller, hæstaréttarlögmaður, frú Jóhanna Egilsdóttir, frú Sigríður J. Magnússon og Sverrir Þorbjörnsson, forstjóri. Í nóvembermánuði 1962 tilnefndi ráðherra enn fremur Björgvin Sigurðsson, framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands, til að taka sæti í nefndinni, þegar rætt væri um slysatryggingar. Með nefndinni hefur starfað Guðjón Hansen, tryggingafræðingur, og hefur hann verið ritari hennar.

Þar eð ákvæði 22. gr. almannatryggingalaganna nr. 24/1956 um skerðingu lífeyris vegna annarra tekna lífeyrisþega giltu aðeins til ársloka 1960, varð nefndin sammála um að láta lagabreytingar þær, sem hún taldi rétt að gera og voru í beinu sambandi við niðurfellingu skerðingarákvæðanna, sitja í fyrirrúmi, en halda síðan áfram starfi sínu að öðru leyti. Samdi hún lagafrumvarp, sem samþykkt var sem lög á Alþingi í desember 1960 (lög nr. 86/1960).

Í október 1962 samdi nefndin frumvarp til laga, þar sem gert var ráð fyrir annarri veigamikilli breytingu á almannatryggingalögunum, þ. e. að skipting landsins í tvö verðlagssvæði skyldi falla úr gildi og bætur almannatrygginga verða frá 1. janúar 1963 hvarvetna á landinu hinar sömu og þær voru áður á fyrsta verðlagssvæði. Var frumvarp þetta samþykkt sem lög á Alþingi í desember 1962 (lög nr. 89/1962).

Um framangreind frumvörp skírskotast til athugasemda, er frumvörpunum fylgdu.

Þann tíma, sem nefndin hefur starfað, hefur tvívegis verið ákveðin hækkun bóta til samræmis við hækkun launa opinberra starfsmanna, í fyrra skiptið með lögum nr. 95/1961, og hækkuðu bætur samkvæmt þeim um 13,8% frá 1. júlí 1961 og um 4% til viðbótar frá 1. júní 1962, en í síðara skiptið með áðurnefndum lögum nr. 89/1962. Síðartalda hækkunin nam 7% frá 1. júní 1962 og tók einungis til elli- og örorkulífeyris, þar eð í athugun var hjá nefndinni hlutfallið milli ýmissa annarra bótategunda með tilliti til betra samræmis en nú er. Loks skal getið breytingar, sem gerð var á lögum nr. 18/1962, en í henni fólst hækkun á greiðslum sjúklinga fyrir almenna læknishjálp ásamt nýjum ákvæðum um samninga sjúkratrygginga við lækna.

II. *Þingmál, sem vísað hefur verið til nefndarinnar.*

Af málum þeim, sem nefndin hefur tekið fyrir, eru nokkur, sem áður hafa verið til afgreiðslu á Alþingi og ýmist afgreidd þar með rökstuddri dagskrá eða send nefndinni af ríkisstjórninni. Verða þau talin hér á eftir.

1. **Þingsályktun um tillit til framfærslukostnaðar námsfólks í sköttum og tryggingum, samþykkt á Alþingi 27. marz 1961.** Þingsályktunin hljóðar svo: „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að rannsaka, hvernig hægt sé að taka réttlátt tillit til kostnaðar af framfærslu námsfólks yfir 16 ára að aldri í trygginga- og skattaiöggjöf landsins.“

Nefndin telur, að af hálfu almannatryggingalaga kæmu tvenns konar breytingar til greina í þessu sambandi, annars vegar hækkun lágmarksaldurs þess (16 ár), sem iðgjaldagreiðsla til lífeyristrygginga er bundin við, og hins vegar greiðsla barnalífeyris og fjölskyldubóta lengur en til 16 ára aldurs barna. Fyrri leiðin mundi hafa í för með sér fækkun iðgjaldsgreiðenda og þar með hækkun ársiðgjalda hinna

tryggðu, sbr. 24. og 27. gr. laga nr. 24/1956 með síðari breytingum, en með hliðsjón af 2. mgr. 76. gr. laganna er ávinningur námsfólks af slíkri breytingu vafasamur. Nefndin telur síðari leiðina athugunar verða, einkum sem heimildarákvæði, en henni hefur þótt rétt að láta aðrar breytingar sitja í fyrirrúmi að þessu sinni.

2. **Þingsályktun um verðtryggingu lífeyris, samþykkt á Alþingi 11. apríl 1962.** Þingsályktun þessi hljóðar svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram athugun á því, hvernig framkvæma megi verðtryggingu frjálsra lífeyristrygginga, bæði lífeyrissjóða verkalýðsfélaga og annarra launþegasamtaka og lífeyristrygginga á vegum einstaklinga. Verði niðurstöður þeirrar athugunar lagðar fyrir Alþingi.“

Nefndin er þeirrar skoðunar, að mikilvægt sé, bæði frá félagslegu og efnahagslegu sjónarmiði, að leitazt verði við að draga sem mest úr þeirri verðrýrnun á fé lífeyrissjóða, sem átt hefur sér stað undanfarna tvo áratugi. Hefur hún valdið því, að líftryggingar og lífeyristryggingar tryggingafélaga eru óverulegar hér á landi gagnstætt því, sem víða á sér stað erlendis, og fullyrða má, að með óbreyttri þróun komi erfiðleikar lífeyrissjóðanna æ betur í ljós. Þar eð hér er um að ræða mál, sem nauðsynlegt er að athuga rækilega, bæði frá efnahagslegu og tryggingalegu sjónarmiði, en hugsanlegar ráðstafanir yrðu án efa ekki gerðar með breytingum á almannatryggingalögum, hefur nefndin ekki treyst sér til að vinna að þessu máli samtímis endurskoðun þeirra.

3. **Frumvarp um fjölskyldubætur,** flutt af Gunnari Jóhannssyni og Lúðvík Jósefssyni. Um frumvarp þetta og afgreiðslu þess skírskotast til þess, sem segir í III., 3. hér á eftir.

4. **Frumvarp um slysatryggingu íþróttamanna,** flutt af Inga R. Helgasyni og Geir Gunnarssyni. Í frumvarpi þessu var gert ráð fyrir, að íþróttafólk, sem tekur þátt í íþróttaiðkunum og orðið er 16 ára, skuli slysatryggt hjá almannatryggingum á sama hátt og launþegar, og skyldu íþróttafélög greiða ¼ af iðgjöldum, en ríkissjóður ¾. Alþingi afgreiddi frumvarpið með svofelldri rökstuddri dagskrá: „Í trausti þess, að félagsmálaráðherra riti nefnd þeirri, er nú vinnur að endurskoðun vissra atriða í tryggingalöggjöfinni, og leggi fyrir hana að taka einnig til athugunar og gera tillögur um slysatryggingar íþróttafólks, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“

Slysatrygging íþróttamanna hefur um langt skeið verið meðal baráttumála íþróttasamtakanna, og hún hefur áður verið rædd við endurskoðun almannatryggingalaga. Í 42. gr. laganna frá 1956 er kveðið svo á, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að taka að sér slysatryggingu íþróttamanna við keppni og æfingar. Má í því sambandi geta þess, að fyrir rúmum tveimur árum gerði Tryggingastofnunin Íþróttasambandi Íslands að beiðni þess tilboð um tryggingu allra iðkenda innan Í. S. Í. Tilboði þessu var ekki tekið, og munu fjárhagslegir örðugleikar hafa valdið, svo og hitt, að Í. S. Í. mun hafa haft í hyggju að koma á fót eigin slysatryggingasjóði.

Í Reykjavík hefur um nokkurra ára skeið starfað slysatryggingasjóður á vegum íþróttahreyfinarinnar, enda hefur þar verið fundinn fjárhagslegur grundvöllur fyrir slíkan sjóð. Í. S. Í. hefur beitt sér fyrir stofnun tilsvarandi sjóðs vegna íþróttamanna utan Reykjavíkur, en málið er þar örðugra viðfangs af fjárhagslegum ástæðum.

Af framanrituðu virðist ljóst, að hér sé um að ræða vandamál fjárhagslegs eðlis. Ef lausn fengist á þeim, telur nefndin af ýmsum ástæðum heppilegra, að aukið verði og bætt bótakerfi slysatryggingasjóða íþróttamanna sjálfra í stað þess að taka upp ákvæði í almannatryggingalögin um skyldutryggingu þeirra. Hefur hún því ekki gert tillögur um efnisbreytingu á lögunum að þessu leyti.

5. **Frumvarp um fæðingarorlof,** flutt af Margréti Sigurðardóttur. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir, að öllum konum, sem laun taka fyrir vinnu sína, skyldi veitt 90 daga orlof með launum við barnsburð. Til þess að standa undir útgjöldum til

slíkra orlofslauna skyldi fjár að hálfu leyti aflað með almennum launaskatti, er miðaðist við fjölda vinnuvikna hvers launþega og greiddur væri af atvinnurekendum, en að hálfu leyti með framlögum úr ríkissjóði.

Alþingi vísaði máli þessu til ríkisstjórnarinnar, og síðan hefur félagsmálaráðherra fengið nefndinni það til athugunar með tilliti til þess, hvort rétt þætti að gera breytingar í þessa átt á almannaryggingalögum.

Í almannaryggingalögunum frá 1946 var ákvæði um sérstakan þriggja mánaða fæðingarstyrk, er greiddur skyldi mæðrum, sem stunduðu vinnu utan heimilis. Styrkur þessi var lágur í hlutfalli við almenn laun og skyldi því aðeins greiddur giftri konu, að maður hennar gæti ekki séð heimilinu farborða. Ákvæði þetta, sem mjög fljótlega var fellt úr gildi, var þess vegna ólíkt því, sem gert var ráð fyrir í frumvarpi því, sem hér um ræðir. Fram til ársins 1958 var hins vegar í almannatryggingalögunum ákvæði þess efnis, að fastir starfsmenn skyldu aldrei missa neins í af launum sínum fyrstu 14 dagana eftir að þeir forfölluðust frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa, sbr. 86. gr. laga nr. 24/1956. Með lögum nr. 16/1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og um rétt þess og fastra starfsmanna til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, var ákvæði þetta tekið út úr almannatryggingalögunum. Þegar af þeirri ástæðu telur nefndin ekki rétt, að í almannatryggingalögin verði nú sett ákvæði um launagreiðslur vegna fæðingarorlofs.

Um efnishlið málsins má segja, að eðlilegt sé, að konur, sem eru launþegar, en eiga ekki rétt á launum, meðan forföll vegna fæðingar eiga sér stað, vilji tryggja sér sama rétt og stallsystur þeirra í þjónustu ríkisins eiga. Hins vegar greiðir ríkið launin sem vinnuveitandi kvenna þeirra, sem í hlut eiga, og er því hugmynd sú um tekjuöflun, sem fram kemur í frumvarpinu, mjög frábrugðin því, er þar gildir. Þegar um er að ræða bætur almannatrygginga, sem fjár er aflað til af almannafé eða með almennu atvinnurekendagjaldi, hlýtur afstaða manna að mótast að nokkru leyti af því, hvort stór hópur þeirra, sem eins illa eða jafnvel verr eru settir fjárhagslega en þeir, sem bótarétt eiga, er utan við tryggginguna. Nægir í þessu sambandi að benda á konur, sem starfa með mönnum sínum að atvinnurekstri, og húsmæður á stórum heimilum, sem mikla þörf hafa fyrir aðkeypta heimilisaðstoð vegna barnsburðar.

Fjölmenn verkalýðsfélög, sem hafa konur innan vébanda sinna og gert hafa samninga við vinnuveitendur um greiðslur í sjúkrasjóði, hafa tekið upp greiðslu fæðingarstyrks, og gæti þetta verið vísir að fullum launagreiðslum, meðan á fæðingarorlofi stendur.

Með hliðsjón af framanrituðu mælir nefndin með, að stefnt verði að hækkun fæðingarstyrks frá því, sem nú er, og telur hækkun þá, sem lagt er til, að ákveðin verði að þessu sinni, spor í þá átt.

6. **Frumvarp um, að landið skyldi verða eitt verðlagssvæði, breytt örorkulífeyrisákvæði og vísitölugreiðslur á bætur almannatrygginga,** flutt af Alfreð Gíslasyni, lækni, og Birni Jónssyni. Alþingi vísaði máli þessu til ríkisstjórnarinnar. Áður hafði nefndin með bréfi, dags. 22. nóvember 1961, að beiðni félagsmálanefndar efri deildar Alþingis látið í té umsögn um frumvarpið. Þar eð verðlagssvæðaskipting hefur verið numin úr lögum, er óþarft að ræða hér fyrstnefnda atriði frumvarpsins. Um annað atriðið, breytt ákvæði um örorkulífeyri, segir svo í umræddu bréfi nefndarinnar:

„Það er rétt, sem fram kemur í greinargerð fyrir frumvarpinu, að í lögum um almannatryggingar er gerður munur á örorku, hvað bætur snertir, eftir því, hvort vinnuslys eða sjúkdómur hefur valdið henni. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir, að þessi munur haldist að nokkru leyti. Að þessu leyti má skipta öryrkjum í þrjá flokka, þ. e.:

a) Örorka yfir 75%. Þessir öryrkjar fá fullan lífeyri, hvort sem um almenna örorku eða slysaörorku er að ræða.

b) Örorka 50—75%. Heimilt er að greiða örorkustyrk, ef um almenna örorku er að ræða, en greiða skal skertan lífeyri (50—100%), ef um slysaörorku er að ræða.
c) Örorka 15—49%. Engar bætur, ef um almenna örorku er að ræða, en skertur lífeyrir (15—49%), greiddur í einu lagi, ef um slysaörorku er að ræða.

Að nokkru leyti stafar framangreindur munur vafalaust af eðlismun á tryggingunum. Þótt höfuðmarkmiðið sé að sjálfsögðu að gera öryrkjann hæfan til síns fyrra starfs eða annars starfs við hans hæfi, er það sjónarmið ríkjandi hér, þegar um vinnuslys er að ræða, að hinum slasaða beri að fá bætur fyrir „læknisfræðilegt“ orkutap án tillits til vinnutaps og atvinnurekstrinum beri að standa undir útgjöldum til slíkra bóta. Í sumum nágrannalöndum okkar, einkum í Noregi, hafa viðhorf manna í þessu efni breytzt mjög.

Í slysatryggingunum er örorkustigið að mestu leyti ákvarðað eftir töflum, sem þó koma misjafnlega heim við hið raunverulega orkutap. Telja verður fráleitt að miða almennan örorkulífeyri **einhliða** við læknisfræðilegt orkutap vegna þess, að margir hafa e. t. v. há laun, þó að heilsufari þeirra sé þann veg háttað, að þeir yrðu metnir öryrkjar, jafnvel á háu stigi, ef örorkan væri aðeins metin með hliðsjón af líkamsástandi þeirra. Þar eð skerðingarákvæði hafa verið numin úr lögum, ættu þeir rétt á örorkulífeyri í hlutfalli við matið, þrátt fyrir miklar launatekjur.

Það er álit nefndarinnar, að endurskoða þyrfti ákvæðin um örorkulífeyri og örorkustyrk, enda verði þá einkum tekið til athugunar 1) auknar ráðstafanir til endurhæfingar, en þær mundu geta haft í för með sér fækkun örorkulífeyrisþega, 2) örorkulífeyrir verði greiddur varanlegum öryrkjum með sama eða svipuðum hætti og nú á sér stað, 3) bætur til þeirra, sem hafa verulega skertar vinnutekjur eða verulegan kostnað vegna fötlunar (komi e. t. v. í stað núgildandi örorkustyrks) og 4) bætur (e. t. v. framhaldsdagpeningar) til þeirra, sem ekki teljast varanlegir öryrkjar, en eru óvinnufærir lengur en dagpeningatíma sjúkrasamlaga.“ Til viðbótar framanrituðu skal tekið fram, að í reglum um úthlutun örorkustyrkja, sem settar voru af tryggingaráði og staðfestar af félagsmálaráðherra 27. nóv. 1961, koma fram sömu sjónarmið og nefnd eru í 3. tölulið bréfsins. Um breytingar í samræmi við 4. tölulið skírskotast til 13. og 50. gr. frumvarpsins og athugasemda við þær.

Um þriðja atriði frumvarpsins segir svo í bréfi nefndarinnar: „Í 71. grein almannatryggingalaganna er kveðið svo á, að á allar bótagreiðslur skuli greiða verðlagsuppbætur samkvæmt vísitölu eftir sömu reglum og greitt er á laun þeirra opinberra starfsmanna, sem lægst laun hafa samkvæmt launalögum. Með lögum nr. 1/1960 um efnahagsmál var tenging kaups við vísitölu framfærslukostnaðar hins vegar numin úr gildi í því skyni að koma í veg fyrir öra verðbólguþróun af völdum víxlhækkana kaupgjalds og verðlags.

Nefndin telur, að gild rök yrðu að hníga að því, ef annan hátt ætti í þessu efni að hafa um bætur almannatrygginga en laun. Að sjálfsögðu má bæta skert lífskjör bótaþega með öðrum hætti en vísitöluákvæðum, enda hefur á undanförnum árum oft verið erfitt að greina á milli verðlagsuppbóta og raunverulegra kjarabóta.“

7. **Frumvarp um hækkun dánar- og örorkubóta slysatrygginga vegna sjómanna,** flutt af Geir Gunnarssyni og Hannibal Valdimarssyni. Alþingi vísaði frumvarpi þessu frá með svofelldri rökstuddri dagskrá: „Í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingarnar greiða, verði hækkaðar, í framhaldi af þeirri endurskoðun, sem nú fer fram á almannatryggingalögunum, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.“ Um þetta mál vísast til þess, sem um slysabætur segir í III., 4. hér á eftir.

III. *Helztu viðfangsefni nefndarinnar.*

Í I. lið hér að framan er gerð grein fyrir tveimur mikilvægum breytingum, sem nefndin hefur haft til meðferðar og nú eru orðnar að lögum, þ. e. afnámi skerð-

ingarákvæða og ákvæða um skiptingu landsins í tvö verðlagssvæði. Hér verður gerð grein fyrir öðrum helztu viðfangsefnum nefndarinnar.

1. **Almannatryggingar og lífeyrissjóðir.** Í almannatryggingalögunum hefur hingað til verið gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir gætu tekið að sér verkefni almannatrygginga, þannig að félagar þeirra ættu ekki rétt á elli-, örorku-, ekkju- né barnalífeyri almannatrygginga, en í stað þess skuldbyndu sjóðirnir sig til að veita aldrei lægri bætur en þær, sem almannatryggingar mundu ella veita. Iðgjald það, sem félagar slíkra sérsjóða greiða til lífeyristrygginga samkvæmt 27. gr. laga nr. 24/1956, nemur nú 30% af almennu iðgjaldi. Hér er ýmist um að ræða lögboðna sjóði eða sjóði, sem sótt hafa um viðurkenningu Tryggingastofnunarinnar samkvæmt 85. gr. almannatryggingalaganna. Um rétt sjóðfélaga til bóta almannatrygginga er kveðið á í 2. málsgr. 11. gr. laganna.

Auk þeirra lífeyrissjóða, sem þannig koma í stað almannatrygginga, starfa fjölmargir sjóðir sem viðbótarsjóðir við þær, og greiða því sjóðfélagar hinna síðarnefndu fullt iðgjald til lífeyristrygginga. Alls munu nú vera starfandi um 50 lífeyrissjóðir, sem stofnaðir hafa verið með lögum eða viðurkenndir af fjármálaráðuneytinu, sbr. D-lið 13. gr. laga nr. 70/1962 um tekjuskatt og eignarskatt, en af þeim falla 3 lögboðnir sjóðir og 16 sjóðir, viðurkenndir af Tryggingastofnuninni, undir ákvæði 2. málsgr. 11. gr. almannatryggingalaga. Meðal þessara 19 sjóða eru margir af fjölmennustu lífeyrissjóðum landsins, svo sem Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar, Lífeyrissjóður Sambands íslenzkra samvinnufélaga og Lífeyrissjóður verzlunarmanna.

Eins og áður er sagt, hefur viðurkenning Tryggingastofnunarinnar í för með sér afsal lífeyrisréttinda hjá almannatryggingum, en í staðinn kemur 70% lækkun iðgjalds til lífeyristrygginga. Atvinnurekandi, sem greiðir iðgjöld til lífeyrissjóðs fyrir starfsmenn sína, greiðir hins vegar fullt iðgjald til lífeyristrygginga, og með opinberum gjöldum til ríkis og sveitarfélaga standa sjóðfélagar undir framlögum þessara aðila til lífeyristrygginga eins og aðrir landsmenn. Þar eð hinir tryggðu bera aðeins 32% af útgjöldum lífeyristrygginga, öðrum en fjölskyldubótum, sbr. 11. gr. laga nr. 13/1960, er því iðgjaldalækkunin lítil miðað við þau réttindi, er menn afsala sér.

Iðgjaldalækkunin gildir ekki fyrir liðinn tíma, áður en viðurkenning sjóðsins eða innganga í hann átti sér stað. Fer það því eftir aldri sjóðfélaga, hve mikils virði lækkunin er. Meðan skerðingarákvæðin giltu um lífeyri almannatrygginga, rákust á hagsmunir hinna eldri starfsmanna og þeirra, sem yngri voru, þegar ákveða átti, hvort sótt skyldi um viðurkenningu. Hinir yngri lögðu áherzlu á iðgjaldslækkunina, en álitu, að vegna skerðingarákvæðanna gætu þeir aldrei öðlazt neinn lífeyrisrétt hjá almannatryggingum. Hins vegar fannst hinum eldri of mikið í húfi að missa lífeyrisrétt hjá almannatryggingum fyrir nokkurra ára iðgjaldslækkun, og sumir þeirra höfðu jafnvel lokið greiðslum til tryggginganna og voru komnir á lífeyrisaldur. M. a. af þessum sökum starfa sumir lífeyrissjóðir í tveimur sjálfstæðum deildum, A- og B-deild, en í þeirri síðarnefndu eru sjóðfélagar, sem komnir eru yfir tiltekinn aldur, er þeir ganga í sjóðinn, og greiða þeir áfram fullt iðgjald til lífeyristrygginga.

Eftir að skerðingarákvæðin eru úr sögunni, má fullyrða, að sjóðfélögum, ungum jafnt sem gömlum, sé hagur að því að halda réttindum sínum hjá almannatryggingum. Þetta er mönnum að verða æ ljósara og hafa undanfarin ár verið stofnaðir margir lífeyrissjóðir, sem ekki hafa óskað eftir viðurkenningu Tryggingastofnunarinnar. Með lögum nr. 13/1960 var sett bráðabirgðaákvæði þess efnis, að Tryggingastofnuninni skyldi, þar til öðruvísi yrði ákveðið, heimilt að fresta frekari viðurkenningu lífeyrissjóða. Ákvæði þetta, sem sett var með tilliti til væntanlegrar endurskoðunar þessara mála, virðist hafa verið óþarft, þar eð þess hefur ekki orðið vart, að neinir sjóðir hafi undanfarin þrjú ár talið æskilegt að fá viðurkenningu.

Margir þeir, sem greitt hafa árum saman til viðurkennds lífeyrissjóðs iðgjald, sem hefur verið miklum mun hærra en sem iðgjaldslækkuninni hjá almannatryggingum nemur, komast að raun um, að lífeyrisréttur þeirra verður engu meiri en

hann hefði orðið hjá almannatryggingunum. Með stórfelldri hækkun lífeyris í hlutfalli við laun hefur þeim fjölgað, sem þannig er ástatt um. Sem dæmi má nefna, að sé miðað við 80.000 króna árslaun, nemur hjónalífeyrir almannatrygginga án frestunarhækkunar, kr. 32 824, nú 41% af launum, en miðað við breytingar á launum ríkisstarfsmanna voru tilsvarandi laun í árslok 1959 kr. 63 173 og lífeyrir kr. 15 927 eða 25% af launum.

Hér fer á eftir einfaldur samanburður á ellilífeyri samkvæmt gildandi reglugerðum flestra viðurkenndra lífeyrissjóða annars vegar og ellilífeyri almannatrygginga hins vegar. Miðað er við, að starfi sé hætt við 67 ára aldur og laun hafi verið óbreytt síðustu 10 starfsárin, kr. 80 000 á ári:

	Úr lífeyrissjóði		Frá almannatryggingum	
			Hjónalífeyrir	Einstaklingslíf.
Starfstími	%	kr.	kr.	kr.
15 ár	20.0	16 000	32 824	18 236
20 —	30.5	24 400	32 824	18 236
25 —	44.0	35 200	32 824	18 236
30 —	60.0	48 000	32 824	18 236

Sé um viðurkenndan sjóð að ræða, verður hann að hækka greiðslur sínar til samræmis við lífeyri almannatrygginga. Miðað við 15 ára starfstíma hér að framan þyrfti þannig að hækka árslífeyri úr kr. 16 000 í kr. 32 824 eða kr. 18 236 eftir því, hvort almannatryggingarnar mundu hafa veitt hjóna- eða einstaklingslífeyri. Í þessu tilfelli hefði sjóðfélaginn engan hagnað haft af þátttöku sinni í sjóðnum, þótt hinn síðarnefndi verði að greiða hærri bætur en fjárhagsgrundvöllur hans e. t. v. leyfir. Ef um viðbótarsjóð er að ræða, er hins vegar einungis greitt eftir hinni almennu reglu, og sjóðfélaginn fær lífeyri á báðum stöðum.

Af framansögðu er ljóst, að hinir viðurkenndu sjóðir taka á sig skuldbindingar, sem hljóta að létta byrðar almannatrygginga. Þar eð tekna til að standa undir útgjöldum almannatrygginga er aflað jafnóðum, þ. e. samkvæmt árlegri fjárhagsáætlun, og í nýjum lífeyrissjóðum er eingöngu fólk á starfsaldri, hefur viðurkenning sjóða í för með sér fækkun þeirra, sem greiða fullt iðgjald til lífeyristrygginga, án þess að um útgjaldalækkun sé að ræða fyrr en að áratugum liðnum, og hefur slík viðurkenning því í för með sér almenna iðgjaldahækkun.

Nefndin taldi, að æskilegast væri, ef kleift reyndist, að allir lífeyrissjóðir yrðu viðbótarsjóðir við almannatryggingarnar, þannig að iðgjöld manna til lífeyristrygginga og réttindi þar yrðu hin sömu, hvort sem þeir væru tryggðir hjá sérsjóðum eða ekki. Þar eð lífeyrissjóðirnir heyra undir fjármálaráðuneytið og mál þetta varðar ríkissjóð sem aðila bæði að almannatryggingunum og stærsta lífeyrissjóði landsins, ákvað nefndin í maí 1961 að senda því ráðuneyti greinargerð um málið. Nokkru síðar fól fjármálaráðherra stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins að endurskoða lögin fyrir þann sjóð, og munu aðalbreytingarnar, sem fyrirhugaðar eru, vera í því fólgnar, að sjóðurinn verði gerður að viðbótarsjóði. Ef slík breyting yrði lögfest, má ætla, að hið sama yrði uppi á teningnum með aðra lögboðna sjóði, sem ekki eru nú þegar viðbótarsjóðir. Tveir sjóðir, sem Tryggingastofnunin hefur veitt viðurkenningu, hafa óskað eftir að gerast viðbótarsjóðir með því að greiða til Tryggingastofnunarinnar iðgjaldamismun fyrir liðinn tíma vegna sjóðfélaga sinna, og enn fremur hafa þeir gert ráðstafanir til að breyta reglugerðum sínum með hliðsjón af því, að sjóðfélagar njóti framvegis fullra réttinda og greiði fullt iðgjald til lífeyristrygginga.

Af því, sem nú hefur verið sagt, má ráða, að þeim sjóðum muni fara fækkandi, sem koma eiga í stað almannatrygginga. Í sjóðum þeim, sem ekki koma á breytingum í þá átt, að þeir verði viðbótarsjóðir, er sennilegt, að óánægja sjóðfélaga með afsal réttinda hjá almannatryggingum aukist smám saman eftir því, sem fleiri komast á ellilífeyrisaldur. Enginn vafi er hins vegar á, að uppgjör fyrir liðinn tíma verður

því erfiðara fyrir sjóðina, sem það dregst lengur. Leggur nefndin því til, að uppgjör verði lögboðið, sbr. bráðabirgðaákvæði frumvarpsins.

Telja verður eðlilegt og sjálfsagt, að endurskoðun fari fram á lögum og reglugerðum þeirra sjóða, sem hér eiga hlut að máli, í sambandi við breytingu í þá átt, sem hér er gert ráð fyrir. Breytingar þær, sem af slíkri endurskoðun mundu leiða, má hugsa sér með ýmsum hætti, og hefur nefndin því tekið þann kost að leggja til, að sjálf lagabreytingin verði engin áhrif látin hafa á heildariðgjaldagreiðslur né heildarlífeyrisréttindi sjóðfélaga, en væntanlegar breytingar á ákvæðum hvers lífeyrissjóðs fyrir sig verði látnar skera þar úr. Ákvæði frumvarpsins um frádrátt bóta almannatrygginga og iðgjalda til þeirra eftir 1. janúar 1964 koma því aðeins til framkvæmda, að endurskoðun hafi þá ekki farið fram á reglugerð hlutaðeigandi lífeyrissjóðs. Verði frumvarpið að lögum, má telja fullvíst, að sjóðirnir beiti sér allir fyrir slíkri endurskoðun og taki afstöðu til, á hvern hátt þeir vilja haga iðgjöldum sínum og bótum með tilliti til hinna nýju aðstæðna, er þeir koma til viðbótar almannatryggingunum, en ekki í stað þeirra eins og áður.

Rétt er að taka fram, að nefndin getur ekki fallizt á, að hverjum einstökum sjóðfélaga verði gefinn kostur á að ákveða, hvort hann öðlizt aftur réttindi hjá almannatryggingum, né þá leið að skerða lífeyri þeirra, sem greitt hafa skert gjald til lífeyristrygginga um tíma, þar eð hvorttveggja mundi hafa í för með sér óeðlilega margbrotið eftirlit um áratugi og tæplega reynast fullnægjandi lausn. Það er einnig í samræmi við þann hátt, sem hafður hefur verið á viðurkenningu sjóða og afsali lífeyrisréttinda, að félagar hvers sjóðs fái í heild réttindi á ný.

Nefndin ritaði umræddum 19 lífeyrissjóðum bréf, þar sem greint var frá þeim breytingum, sem hún hafði í hyggju að leggja fram tillögur um. Óskaði hún umsagnar sjóðanna um hugmynd þessa, en tók jafnframt fram, að hefði svar ekki borizt fyrir tilskilinn tíma, yrði litið svo á, að viðkomandi sjóðstjórn væri ekki mótfallin hugmyndinni. Bárust svör frá 6 sjóðum, öll neikvæð. Þar eð af sumum svörunum var ekki ljóst, hvað olli hinum neikvæðu undirtektum, og nefndinni þótti enn fremur rétt að veita þeim sjóðstjórnum, sem ekki höfðu svarað, kost á að skýra sjónarmið sín, gekkst nefndin fyrir fundi með stjórnum hinna viðurkenndu sjóða. Var þar gerð grein fyrir málinu af hálfu nefndarinnar. Af fulltrúum 12 sjóða, sem þátt tóku í fundinum, tóku til máls fulltrúar 6 sjóða, sem ýmist töluðu fyrir hönd sjóðstjórna eða létu í ljós eigin skoðanir. Voru fjórir hugmyndinni meðmæltir, en tveir lýstu yfir andmælum. Af hálfu einnar sjóðstjórnar, sem andmælt hafði skriflega, var því lýst yfir, að hún félli frá andmælum. Af hálfu þeirra tveggja, sem mótmæltu hugmyndinni, virtist mega ráða, að lánasjónarmiðið væri þyngst á metunum, þ. e. að vegna uppgjörs fyrir liðinn tíma mundi draga nokkuð úr útlánum sjóðanna um sinn. Þar eð nefndin telur undirtektir hafa verið góðar og ekki komu fram aðrar tillögur um lausn þessa máls, hefur hún í frumvarpinu haldið fast við þá hugmynd, sem hún setti fram í áðurnefndu bréfi til lífeyrissjóðanna. Þó leggur hún til, að greiðsla fyrir liðinn tíma geti dreifzt á lengri tíma, og skýr ákvæði eru sett um það, hvernig reikna skuli lífeyri þeirra, sem ellilífeyri taka úr lífeyrissjóði í árslok 1963 og orðnir eru eldri en 67 ára.

2. **Ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla.** Lögin um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla voru mikil réttarbót fyrir fjölmarga þá, sem dveljast þurftu langdvölum í sjúkrahúsum eða á hælum. Jafnframt tók ríkissjóður á sig byrðar, sem áður höfðu getað orðið þungbærar fámennum sveitarfélögum.

Eftir að komið var á lögboðnum sjúkratryggingum fyrir alla landsmenn, breyttust viðhorfin. Samkvæmt almannatryggingalögum njóta menn nú ótakmarkaðan tíma og án tillits til efnahags ókeypis vistar í sjúkrahúsum, sem sjúkrasamlög hafa samning við. Undanteknir þessu ákvæði eru þó þeir, sem haldnir eru ellikröm eða alvarlegum langvinnum sjúkdómi, sem lögin um ríkisframfærslu taka til. Í slíkum tilfellum greiðir sjúkrasamlag ekki sjúkrahúsvist lengur en 5 vikur alls, en síðan fer fram mat samkvæmt ríkisframfærslulögum á efnahag sjúklings. Verði ekki talið, að um

ríkisframfærslu geti orðið að ræða af efnahagsástæðum, falla allar greiðslur vegna sjúkrahúsdvalar niður, einungis vegna þess, að um einhvern þeirra alvarlegu, langvinnu sjúkdóma er að ræða, sem nefnd lög taka til. Jafnvel þótt umsækjandi reyndist styrkhæfur, greiðir ríkissjóður ekki nema ⅘ dvalarkostnaðar, en sveitarfélög eða sjúklingar sjálfir verða að greiða afganginn. Þrátt fyrir þetta er mikil ásókn í að koma sjúklingum á ríkisframfærslu. Stafar sú ásókn af tvennu, annars vegar því, að ýmis hæli eru viðurkennd af ríkisframfærslunni, þótt ekki sé um að ræða greiðslu dvalar af hálfu sjúkratryggingannna, svo og af hinu, að sjúkrahúskostnaður eins einasta langlegusjúklings getur reynzt ofviða fámennu sjúkrasamlagi. M. a. að þessu leyti er það augljós galli á sjúkratryggingunum íslenzku, hve sjúkrasamlög eru mörg og flest fámenn.

Á því leikur ekki vafi, að núverandi skipan þessara mála getur hvorki talizt réttlát né hagkvæm. Fyrir hina tryggðu er það meginókosturinn, að greiðsla fyrir sjúkrahúsvist skuli algerlega geta fallið niður eftir 35 daga legu, sé um tiltekna alvarlega langvinna sjúkdóma að ræða. Verður að telja fráleitt, að trygging sjúkrahúsvistar geti fallið niður eftir svo stuttan tíma vegna efnahags hins tryggða, ekki sízt, þegar þess er gætt, að stöðugt er stefnt í þá átt að gera bótarétt óháðan efnahag. Má á það benda í þessu sambandi, að hinir tryggðu eru að þessu leyti nú mun verr settir en á fyrstu árum alþýðutryggingalaga, þegar allir, sem tryggðir voru í samlögum, áttu rétt á 6 mánaða sjúkrahúsvist án tillits til sjúkdóms og efnahags. Í sambandi við umsóknir og úrskurðun um ríkisframfærslu er lögð mikil vinna af hálfu umsækjenda sjálfra eða aðstandenda þeirra, lækna og starfsmanna sveitarfélaga, ríkis og sjúkrasamlaga í samningu efnahagsskýrslna og læknisvottorða svo og meðhöndlun þessara gagna, og ósjaldan snýst málið um það eitt, hvaða opinberir aðilar skuli bera útgjöldin vegna sjúkrahúsvistar viðkomandi manns.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að æskilegast sé, að ríkisframfærsla sjúkra manna og örkumla verði lögð niður með öllu og mál hennar verði lögð undir sjúkra- og lífeyristryggingarnar. Af þeirri ástæðu lét nefndin árið 1961 fara fram rækilega athugun á skiptingu ríkisframfærslusjúklinga eftir því, í hvaða bæjar- eða sýslufélagi þeir væru heimilisfastir. Var þetta gert til þess að fá úr því skorið, hvort viðunandi jöfnun áhættunnar af langvarandi sjúkrahúsdvöl fengist með því að láta kaupstaða- og héraðssamlög tryggja sjúkrahúsvist að miklu eða öllu leyti. Athugun þessi leiddi í ljós, að byrðarnar mundu koma mjög misjafnt niður, enda þótt héraðssamlög bæru þær í stað hinna fjölmörgu fámennu hreppasamlaga. Var því horfið frá þessari hugmynd, en tvær aðrar leiðir ræddar. Sú fyrri er að takmarka ríkisframfærsluna við fávita, berklaveika og geðveika menn, láta lífeyristryggingarnar taka við framfærslu ellikramarsjúklinga, en sjúkrasamlögin við öðrum, en þó skuli framfærslu drykkjusjúkra manna utan viðurkenndra sjúkrahúsa komið fyrir með sérstökum hætti. Síðari leiðin er í því fólgin að afnema ríkisframfærsluna með öllu í núverandi mynd og hverfa jafnframt að mestu leyti frá því að greina á milli sjúkdóma, heldur skuli gamalt fólk dveljast í sjúkrahúsum eða hælum á kostnað lífeyristrygginga, ef dvölin er nauðsynleg af heilsufarsástæðum, og sama gildi um varanlega öryrkja, sem vegna örorku sinnar þarfnast slíkrar dvalar. Að öðru leyti taki sjúkratryggingarnar að sér sjúkrahústryggingu þeirra, sem nú eiga rétt á ríkisframfærslu. Þar eð ekki er gert ráð fyrir, að breyting þessi hafi í för með sér greiðslu af hálfu sjúkratryggingannna fyrir vist á annars konar stofnunum en nú hafa viðurkenningu sem sjúkrahús, þyrfti að gera sérstakar ráðstafanir vegna drykkjumannahæla, ef leið þessi yrði valin.

Um hvoruga leiðina treystir nefndin sér til að gera tillögur á þessu stigi, en hún telur, að svo mikill ávinningur gæti orðið að síðari leiðinni, að rétt sé að kanna hana til hlítar, og skal því hér nánar að henni vikið.

Í fyrsta lagi hlýtur sú lausn að vera æskilegust, að ríkisframfærslan verði lögð algerlega niður, en þeir, sem hennar hafa notið, komi inn í hið almenna tryggingakerfi að svo miklu leyti, sem unnt er. Vegna skipulags sjúkratryggingannna verður

hins vegar, eins og áður segir, miklum erfiðleikum bundið að láta þá grein tryggginganna taka við meginhluta byrðanna. Slíkt mundi enn fremur verða örðugleikum bundið vegna þess, að ýmsar þær stofnanir, sem viðurkenndar hafa verið af ríkisframfærslunni, eru ekki viðurkenndar sem sjúkrahús, og má sem dæmi nefna sjúkradeildir elliheimila og fávitahæli. Hvorugum þessara agnúa er til að dreifa, ef lífeyristryggingar taka á sig þyngstu byrðarnar.

Í öðru lagi yrði aðeins hálfur ávinningur að breytingunni fyrir þá aðila, sem framkvæmd þessara mála annast, ef t. d. gamla fólkið yrði flutt af ríkisframfærslu yfir á lífeyristryggingarnar. Gera yrði ráð fyrir, að jafnframt yrði efnahagsviðmiðun hætt í sambandi við úrskurði, og mundi það bæði vera réttarbót og spara vinnu. Hins vegar mundi læknisfræðilega hliðin verða jafnflókin og áður, og í stað deilna milli einstakra sjúkrasamlaga og ríkisframfærslunnar mundu sjúkrasamlög og lífeyristryggingar deila um það, hvorum aðilanum bæri að greiða sjúkrahúsvist í einstökum tilfellum. Læknisfræðilega er oft miklum erfiðleikum bundið að skera úr um slík atriði, og kæmi því til álita, hvort heppilegra væri, að fá til úrskurðar mikinn fjölda mála, þar sem um skamma sjúkrahúslegu er að ræða, eða láta sjúkrasamlög ætíð bera kostnað af legu nokkurn tíma, en slíkt veldur aukinni vinnu við að fylgjast með sjúkrahúsvist samlagsmanna. Framkvæmdin hlyti því að verða miklum mun auðveldari, ef öll sjúkrahúsvist ásamt nauðsynlegri hælisvist yrði á vegum lífeyristrygginga, hafi viðkomandi náð tilteknum aldri. Hið sama er að segja um þá, sem yngri eru, einfaldara hlýtur að vera að greina á milli þess, hvort viðkomandi er varanlegur öryrki eða ekki, en fara eftir sjúkdómsgreiningu og láta sjúkrasamlög e. t. v. greiða fyrst tiltekið tímabil, áður en lífeyristryggingarnar taka við. Hins vegar er sennilega ekki að sama skapi og með gamla fólkið ástæða til að láta alla sjúkrahúsvist öryrkja hvíla á lífeyristryggingunum, þar eð hér er um takmarkaðri hóp að ræða og hjá mörgum öryrkjum er ekki ástæða til að ætla, að um sjúkrahúsvist þurfi fremur að verða að ræða en hjá starfhæfu fólki.

Megingallinn við framkvæmd slíkrar breytingar, sem hér um ræðir, virðist vera sá, að mörkin milli sjúkradeilda og almennra deilda elliheimila séu víða hvergi nærri skýr, og þar af leiðandi verði enn erfiðara en nú að skera úr um réttinn til greiðslu fulls dvalarkostnaðar, þegar sami aðili á að kveða á um slíkt og hækkun samkvæmt 23. grein núgildandi almannatryggingalaga. Þessi galli kæmi að sjálfsögðu einnig fram, þótt hin leiðin, sem að framan er getið, yrði valin.

Eins og áður en nefnt, yrði nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna hæla fyrir drykkjusjúka menn, þar eð hvorki Gunnarsholt, Úlfarsá né Bláa bandið eru viðurkennd sjúkrahús og ekki munu vera nema fáir varanlegir öryrkjar meðal vistmanna þar. Ýmislegt fleira þarf gaumgæfilegrar athugunar við, áður en að svo mikilvægri skipulagsbreytingu yrði horfið. M. a. er þörf upplýsinga um fjárhagsleg atriði í sambandi við slíka breytingu, ef ekki á að verða röskun á fjárhagsgrundvelli tryggginganna og heildarframlögum ríkissjóðs og sveitarfélaga til sjúkrasamlaga, lífeyristrygginga og ríkisframfærslu. Hefur nefndin því miðað frumvarpið við, að lögin um ríkisframfærslu haldist óbreytt um sinn, en væntir þess, að á þessum málum reynist innan skamms unnt að finna viðunandi lausn.

3. **Fjölskyldubætur.** Í almannatryggingalögunum frá 1946 var gert ráð fyrir, að fjölskyldubætur væru innifaldar í barnalífeyri og væru þar af leiðandi ekki greiddar samtímis honum. Enn fremur var kveðið svo á, að fjölskyldubætur skyldu ekki greiddar vegna barna, sem greitt væri með samkvæmt meðlagsúrskurði, en í núgildandi lögum er ákvæði þetta orðað svo, að við ákvörðun fjölskyldubóta skuli ekki talin með þau börn í fjölskyldunni, sem eiga framfærsluskyldan föður utan hennar. Ljóst er, að heppilegra hefði verið í upphafi að ákveða barnalífeyri þannig, að hann hefði komið til viðbótar fjölskyldubótum, en lagaákvæðin ollu þó í fyrstu sjaldan erfiðleikum vegna þess, að fjölskyldubætur voru þá greiddar mjög takmörkuðum hópi fjölskyldna, þ. e. ef börnin voru fjögur eða fleiri.

Árið 1953, þegar tekið var að greiða fjölskyldubætur með öðru og þriðja barni í

fjölskyldu, komu fram kröfur um fjölskyldubætur til einstæðra mæðra. Alþingi féllst á slíkar greiðslur, en valdi þeim heitið mæðralaun í stað fjölskyldubóta. Árið 1956 var ákvæðunum um mæðralaun breytt þannig, að síðan hafa þau miðazt við fjárhæð elli- og örorkulífeyris. Samsvara full mæðralaun, sem greidd eru, ef börnin eru þrjú eða fleiri, nú sem næst fjölskyldubótum með sex börnum.

Árið 1960, þegar upp voru teknar fjölskyldubætur með öllum börnum öðrum en þeim, sem barnalífeyrir lífeyristrygginga er greiddur með eða meðlagsskyldan föður eiga utan fjölskyldunnar, varð ekki um villzt, að samband það milli meðlaga, barnalífeyris og fjölskyldubóta, sem valið hafði verið 1946, var mjög óheppilegt. Fjöldi barna, sem almannatryggingar greiða engar bætur með, er af þessum sökum undanskilinn, þegar fjölskyldubætur eru veittar. Mæður margra þessara barna fá fyrirgreiðslu hjá Tryggingastofnuninni í sambandi við meðlagskröfur, en því aðeins er hægt að líkja þessu við bætur, að sveitarfélag verði samkvæmt framfærslulögum að taka á sig greiðsluna fyrir föðurinn. Fyrir önnur börn, sem fjölskyldubætur eru ekki greiddar með, er ekki einu sinni um slíka fyrirgreiðslu að ræða. Til þess að koma í veg fyrir, að einstæðar mæður, sem barnalífeyri fá með einu barni, fengju minni bótahækkun 1960 en hjón með eitt barn á framfæri, var gripið til þess ráðs að hefja greiðslu mæðralauna til einstæðra mæðra með eitt barn á framfæri. Raunveruleg bótahækkun gat þó því aðeins talizt jafngilda fjölskyldubótum, að barnalífeyrir væri greiddur með barninu af Tryggingastofnuninni eða meðlag af sveitarfélagi, þar eð ella var það faðirinn, sem greiddi hluta af þeirri hækkun, sem móðirin fékk.

Nefndin hefur orðið sammála um að leggja til, að fjölskyldubætur skuli greiddar með öllum börnum án tillits til annarra bóta. Þrátt fyrir það, sem að framan er rakið um samband milli fjölskyldubóta og barnalífeyris, hefur hún ekki talið rétt að lækka barnalífeyri um fjölskyldubótaupphæðina, en leggur í þess stað til, að barnalífeyrir og fjölskyldubætur haldist því sem næst óbreytt frá því, sem þessar bætur eru nú, en mæðralaun með einu barni falli niður. Verður útgjaldaaukning með þessu móti miklum mun minni en hún yrði, ef sú almenna 7% bótahækkun, sem gert er ráð fyrir, að nái til annarra bótategunda, væri einnig látin gilda um þessar bætur samtímis umræddri grundvallarbreytingu. Yrði síðarnefnda leiðin valin, mundi útgjaldaaukning nema 26 millj. króna, sem að dómi nefndarinnar mundi að nokkru leyti vera eðlilegra að verja til hækkunar annarra bótategunda. Með þeirri leið, sem nefndin hefur valið, njóta meðlagsskyldir feður einnig að nokkru góðs af breytingunni, þótt fjölskyldubæturnar verði greiddar móðurinni, þar eð meðlög hækka ekki frá því, sem þau eru nú.

Til glöggvunar á því, hver áhrif breytingin hefur á hag einstakra bótaþega, skulu eftirfarandi dæmi tekin:

Bætur á mánuði:	Öryrki með 2 börn		Öryrki með 5 börn	
	Nú	Samkv. frv.	Nú	Samkv. frv.
Örorkulífeyrir	kr. 1 520	kr. 1 520	kr. 1 520	kr. 1 520
Fullar makabætur[1])	— 1 216	— 1 216	— 1 216	— 1 216
Barnalífeyrir	— 1 420	— 1 400	— 3 551	— 3 500
Fjölskyldubætur	— 0	— 500	— 0	— 1 250
Samtals	kr. 4 156	kr. 4 636	kr. 6 287	kr. 7 486

	Ekkja[2]) með 1 barn		Ekkja með 3 börn	
	Nú	Samkv. frv.	Nú	Samkv. frv.
Barnalífeyrir	kr. 710	kr. 700	kr. 2 130	kr. 2 100
Fjölskyldubætur	— 0	— 250	— 0	— 750
Mæðralaun	— 138	— 0	— 1 420	— 1 520
Samtals	kr. 848	kr. 950	kr. 3 550	kr. 4 370

1) Heimildarbætur.

2) Undir 50 ára aldri við andlát mannsins, ella kemur ekkjulífeyrir til viðbótar, og ávallt greiðast hærri bætur fyrsta árið.

Auk þessa verða, eins og áður er ritað, fjölskyldubætur samkvæmt frumvarpinu greiddar með mörgum börnum, sem engra bóta hafa notið hingað til.

Nefndinni þykir að lokum rétt að benda á, að raunverulega eru nú veittar þrenns konar fjölskyldubætur vegna barna, þ. e. fjölskyldubætur almannatrygginga, sem eru fólgnar í beinum greiðslum til bótaþega, og enn fremur tekjuskatts- og útsvarsfríðindi, sem hvortveggja eru fólgin í lækkun opinberra gjalda. Ástæða gæti verið til að athuga mál þessi í einni heild, og vafalaust yrði framkvæmd þeirra einfaldari en nú, ef bætur væru einungis veittar af einum aðila.

4. **Slysabætur.** Í I., 7. hér að framan er drepið á frumvarp Geirs Gunnarssonar og Hannibals Valdimarssonar um sérstakar örorku- og dánarbætur sjómanna. Við meðferð málsins á Alþingi kom fram það álit meiri hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar neðri deildar, að fylgja bæri þeirri meginreglu, að örorku- og dánarbætur vegna slysa skuli vera hinar sömu fyrir alla, en hins vegar þyrfti að hækka verulega slysa- og dánarbætur. Samkvæmt tillögu nefndarinnar var frumvarpinu vísað frá með rökstuddri dagskrá þess efnis, að í trausti þess, að örorkubætur vegna slysa og dánarbætur, sem almannatryggingarnar greiða, verði hækkaðar, í framhaldi af þeirri endurskoðun, sem fram fer á almannatryggingalögum, tæki deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Sú skoðun, að örorku- og dánarbætur almannatrygginga skuli vera hinar sömu fyrir alla án tillits til, hvaða atvinnuveg menn stunda, er í samræmi við álit nefndar, sem árið 1959 var skipuð til að endurskoða ákvæði almannatryggingalaga um upphæð slysabóta. Samkvæmt tillögum þeirrar nefndar var með lögum nr. 13/1960 afnumin sú sérstaða um dánarbætur, sem lögskráðir sjómenn höfðu haft um nokkurra ára skeið.

Endurskoðunarnefnd almannatrygginga hefur miðað starf sitt við framanritaða meginreglu. Sjómenn og ýmsar aðrar stéttir hafa við kjarasamninga lagt ríka áherzlu á tryggingamál, og er líklegt, að svo verði framvegis, enda er eðlilegt, að þeir, sem búa við verulega slysahættu, gefi þessum málum meiri gaum en aðrir. Þegar slys hefur átt sér stað, gildir það hins vegar einu fyrir þann, sem fyrir því hefur orðið, og aðstandendur hans, hvort líkurnar fyrir slysi hafi fyrirfram verið taldar miklar eða litlar, og getur tæplega talizt eðlilegt að láta slíkt ráða upphæð bóta frá almannatryggingum. Nefndin tók fyrst til athugunar, hvort fært þætti að fella þá aukatryggingu — kr. 200 000.00 við örorku eða dauða —, sem sjómenn hafa nú samkvæmt fjölmörgum kjarasamningum, að einhverju eða öllu leyti inn í almannatryggingalögin með þeirri breytingu, að slík trygging næði til allra slysatryggðra manna. Hún taldi þó, að eðli sínu samkvæmt og með tilliti til samræmis við bætur lífeyristrygginga gætu slysatryggingarnar ekki tekið á sig óbreyttar þær bótagreiðslur, sem sjómenn höfðu samið um, að útgerðarmenn tryggðu þeim. Almannatryggingar miða að því að bæta þegnunum tekjumissi, sem þeir verða fyrir sökum elli, örorku, dauða fyrirvinnu o. s. frv., og bætur vegna dauða fara því eftir fjölskylduástæðum. Þótt slysabætur séu í flestum löndum ríflegri en bætur lífeyristrygginga, eru þær yfirleitt sama eðlis. Munurinn er sá, að fært hefur verið talið að láta atvinnureksturinn standa undir hærri bótum til þeirra, sem slasast við vinnu í hans þágu, en bótum þeim, sem almennt eru greiddar vegna sjúkdóma, örorku eða dauða. Í löndum, þar sem almannatryggingar eru komnar lengst, hefur hins vegar verið rætt um að afnema slysatryggingarnar, þar eð þær séu að litlu eða engu leyti hærri en bætur lífeyristrygginga. Af þessum sökum getur tæplega talizt eðlilegt, að í almannatryggingalögum séu ákvæði um verulegar dánarbætur án tillits til fjölskylduástæðna.

Alþýðusambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands var síðan ritað bréf, þar sem óskað var umsagnar um hugmynd að bótaákvæðum, þar sem m. a. var gert ráð fyrir hækkuðum dánarbótum vegna slysa, sem kæmu í stað þeirrar dánarbótatryggingar, sem sjómenn höfðu samið um. Þar eð

hvorki barst svar frá Alþýðusambandi Íslands né Sjómannasambandi Íslands og undirtektir vinnuveitenda voru að miklu leyti neikvæðar, hvarf nefndin frá þessari hugmynd, enda voru henni ljósir erfiðleikarnir á að fella úr gildi ákvæði kjarasamninga, nema lögfest yrðu algerlega hliðstæð bótaákvæði. Tillögur hennar um bætur slysatrygginga miðast því við, að ekki verði reynt að fella samningsbundnar tryggingar inn í almannatryggingalögin.

Nefndin leggur til, að veruleg hækkun eigi sér stað á dánarbótum slysatrygginga til ekkju eða ekkils, en jafnframt verði greiðslutilhögun breytt þannig, að bæturnar greiðist á 8 árum í stað þess að vera greiddar í einu lagi, svo sem nú er gert. Enn fremur leggur hún til, að greiðslutími dagpeninga verði lengdur og örorkubætur hækkaðar til þeirra, sem misst hafa 50—75% starfsorku sinnar. Um breytingartillögur þessar skírskotast til þess, sem í athugasemdum um einstakar greinar frumvarpsins segir.

Í svari Vinnuveitendasambands Íslands við áðurnefndu bréfi nefndarinnar var vitnað til þess, sem fram kom í áliti slysatryggingarnefndar frá 1959, að rétt væri að láta fara fram athugun á, hvort hverfa skuli frá þeim grundvelli, sem slysabætur eru nú byggðar á, og gera bætur almannatryggingalaga vegna slysa að fullum bótum. Taldi Vinnuveitendasambandið rétt, að sú athugun færi fram hið fyrsta, og beindi því til nefndarinnar, hvort hún sæi sér fært að framkvæma þá athugun. Nefndin ræddi þetta mál, og viðræður fóru fram um það við ýmsa aðila. Var hún sammála um, að einkum kæmi til greina, að slysatryggingarnar tækju á sig að bæta það tjón, sem vinnuveitanda bæri að greiða samkvæmt almennum skaðabótareglum, en þó yrðu bætur aldrei lægri en núgildandi slysabætur almannatrygginga. Yrði þetta þannig blönduð ábyrgðar- og slysatrygging.

Ábyrgðartryggingar hafa færzt mjög í vöxt á undanförnum árum, og eru það einkum hin stærri fyrirtæki, sem slíkar tryggingar taka. Hitt er þó títt, að slík trygging sé ekki tekin, og virðist fjölmörgum atvinnurekendum ekki vera ljóst, hve skammt slysabætur almannatrygginga venjulega hrökkva til að geta talizt fullar bætur. Framangreind grundvallarbreyting mundi því í fyrsta lagi auka afkomuöryggi launþega og vinnuveitanda. Í öðru lagi verður að teljast heppilegra og kostnaðarminna, að bætur komi frá einum tryggingaraðila en fjalla þurfi um sama slys bæði hjá slysatryggingunum og ábyrgðartryggjanda. Breytingin mundi hafa í för með sér mikinn samdrátt á ábyrgðartryggingum vátryggingafélaga, en mörg þeirra hafa að undanförnu lagt kapp á þessa grein tryggginganna. Ekki er við því að búast, að Tryggingastofnunin geti með litlum fyrirvara tekið við framkvæmd slíkra trygginga, sem er vandasöm og krefst sérmenntaðs starfsliðs.

Ýmis önnur sjónarmið koma til greina, en þau skulu ekki rakin hér. Nefndin hefur talið ógerlegt að leysa mál þetta á viðunandi hátt á þeim tíma, sem hún hefur haft það til umræðu, en mælir með því, að gerð verði gangskör að rækilegri athugun þess, ekki sízt af þeirri ástæðu, að vinnuveitendur, sem greiða kostnað af slysa- og ábyrgðartryggingunum, leggja áherzlu á, að hún fari fram.

5. **Önnur mál.** Við marga kjarasamninga á undanförnum árum hefur verið lögð áherzla á kaupgreiðslu vinnuveitanda í veikinda- og slysaforföllum umfram það, sem lög ákveða. Í almannatryggingalögunum er hins vegar kveðið svo á, að sjúkra- og slysadagpeningar skuli ekki greiddir, meðan starfsmaður heldur kaupi sínu. Með slíkum samningsákvæðum spara því vinnuveitendur og launþegar slysatryggingunum útgjöld, en launþegar hagnast minna en sem nemur útgjaldaaukningu vinnuveitenda. Hefur þetta valdið megnri óánægju beggja aðila. Í samninga er stundum sett ákvæði þess efnis, að dagpeningar almannatrygginga skuli renna til vinnuveitanda, en slíkt ákvæði haggar ekki ákvæðum laganna. Þá hefur félagsmálaráðherra vísað til nefndarinnar samningi frá 28/2 1962 milli Sjómannafélags Reykjavíkur, Sjómannafélags Hafnarfjarðar og Matsveinafélags S. S. Í. annars vegar og Landssambands íslenzkra útvegsmanna hins vegar, en þar segir svo: „Hafi

skipverji verið í eitt ár eða lengur í þjónustu útgerðarmanns, fær hann auk ofanritaðs dagpeninga kr. 200.00 á dag sem hér segir:

Eftir 1 ár ..... í 14 daga
— 2 — ..... - 28 —
— 3 — ..... - 42 —

enda renni dagpeningar Tryggingastofnunar ríkisins til skipseigenda.“ Samningi þessum fylgir svohljóðandi yfirlýsing frá þeim, sem að samningsgerðinni stóðu: „Samninganefnd sjómannasamtakanna innan A. S. Í. annars vegar og samninganefnd L. Í. Ú. hins vegar eru sammála um að óska eftir því við hæstvirta ríkisstjórn, að hún beiti sér fyrir því við alþingi það, er nú situr, að nauðsynlegar breytingar verði gerðar á lögum um almannatryggingar, er tryggi, að endurgreiðsla sú, sem um ræðir í 17. gr. þessa samnings, komi til framkvæmda frá og með 1. janúar 1961. Jafnframt lýsa samninganefndirnar því yfir, að gildistaka 3. mgr. 17. gr. er bundin því skilyrði, að lagabreytingar þessar nái fram að ganga.“ Þar eð ógerlegt er án stóraukinnar fyrirhafnar og kostnaðar að ákveða mismunandi iðgjöld með tilliti til launaréttar, hefur nefndin orðið sammála um að gera tillögu um breytingu á umræddum ákvæðum, sbr. síðustu málsgrein 35. greinar og næstsíðustu málsgrein 50. greinar frumvarpsins. Til álita kom að binda rétt vinnuveitanda við laun umfram 14 daga, þar eð mikill fjöldi starfsmanna á löghelgaðan rétt til launa þann tíma, sbr. lög nr. 16/1958, en horfið var frá því, þar eð hin nýju ákvæði kæmu þá tæplega að gagni þeim, sem ekki eiga þann rétt en leitast við að ná með samningum frekari rétti en þeir eiga nú.

Eins og áður er sagt, var elli- og örorkulífeyrir með lögum nr. 89/1962 hækkaður um 7% frá 1. júní 1962 að telja. Að undanteknum fjölskyldubótum, barnalífeyri og mæðralaunum með einu barni, sem gerð er grein fyrir í III., 3. hér að framan, hefur nefndin yfirleitt gert ráð fyrir 7% hækkun annarra bóta, og enn meiri hækkun, hafi hún sérstaklega talið hennar þörf með hliðsjón af öðrum bótum, sbr. það, sem að framan er sagt um fæðingarstyrk og slysabætur. Allmikil hækkun er á ekkjubótum samkvæmt 19. gr. frumvarpsins, og ekkjulífeyrir verður mun ríflegri en áður, sbr. 20. gr. Lágmark sjúkradagpeninga meira en tvöfaldast, og margs konar breytingar eru gerðar á dagpeningaákvæðunum að öðru leyti, sbr. 50. gr. Allar bótafjárhæðir eru reiknaðar í heilum krónum og mánaðargreiðslur í heilum tugum eða jafnvel hundruðum, þar sem því hefur þótt verða við komið. Um öll þessi atriði skírskotast til athugasemda um einstakar greinar.

Efnisskipan er að mestu leyti óbreytt frá gildandi lögum. Þó hafa ákvæðin um frjálsa slysatryggingu (42. gr. laganna) verið flutt í kaflann um almenn ákvæði (82. gr. frumvarpsins), og ákvæði 2. málsgr. 62. gr. laganna hafa verið flutt í 49. gr. frumvarpsins. Þá skal vakin athygli á, að ákvæði 63. gr. laganna um, að erlendur ríkisborgari, sem öðlazt hefur rétt til dagpeninga eða lífeyris frá slysatryggingunum, skuli halda þeim rétti, þótt hann flytjist af landi brott, hafa verið felld niður. Nefndin telur rétt, að þetta gildi um alla bótaþega slysatrygginga, enda eru engin ákvæði í sjálfum slysatryggingakaflanum, sem hindra slíkt.

IV. *Fjárhagsatriði.*

Erfitt er að áætla þá útgjaldaaukningu almannatrygginga, sem samþykkt frumvarpsins mun hafa í för með sér, þótt um einstaka stóra liði sé fyrir hendi allnákvæm vitneskja. Áætlun sú, sem Tryggingastofnunin hefur látið semja og birt er hér á eftir sem fylgiskjal, er því gerð með fyrirvara um ýmis atriði, en með henni fæst gott heildaryfirlit um útgjöldin.

Greina má á milli ferns konar útgjaldaaukningar, í fyrsta lagi útgjalda vegna þess, að félagar lífeyrissjóða fá allir full réttindi hjá almannatryggingum, í öðru lagi greiðslna dagpeninga til vinnuveitenda, þegar þeir greiða laun í veikinda- og

slysaforföllum, í þriðja lagi hækkana eða aukningar einstakra bótategunda og í fjórða lagi hækkana til samræmis við kauplagsbreytingar.

Réttindi þau, sem gert er ráð fyrir, að félagar lífeyrissjóða þeirra, er um ræðir í III., 1. hér að framan, fái, hafa í för með sér veruleg útgjöld, og munu þau vaxa hlutfallslega á næstu áratugum vegna breyttrar aldursskiptingar í sjóðunum. Iðgjöld einstakra almennra iðgjaldsgreiðenda munu ekki hækka af þessum sökum, þar eð þeim fjölgar mjög, sem greiða full iðgjöld, og fyrst í stað mun verða um lækkun að ræða. Útgjöld annarra aðila hækka hins vegar. Eins og áður er getið, stefnir þróunin í þá átt, að meiri hluti þessara sjóða leiti að óbreyttum lögum eftir fullum réttindum fyrir félaga sína, og mundi vart verða spornað við því, að þau fengjust. Raunverulega er því hér ekki nema að nokkru leyti um að ræða útgjöld, sem rekja má til þessa frumvarps.

Greiðsla dagpeninga til vinnuveitenda, þegar laun eru greidd í slysa- og veikindaforföllum, veldur að sjálfsögðu auknum útgjöldum slysa- og sjúkratrygginga. Verður útgjaldaaukningin hlutfallslega meiri hjá slysatryggingunum, en þar standa atvinnurekendur sjálfir undir útgjöldunum. Eins og áður er getið, telja bæði vinnuveitendur og ýmis launþegasamtök mikla bót að breytingu þessari.

Um aukningu bóta að öðru leyti, hækkun bóta til samræmis við almennar kauplagsbreytingar, svo og um hækkun einstakra bótategunda umfram þær, hefur nefndin haft það meginsjónarmið, að útgjaldaaukning lífeyristrygginganna fari ekki verulega fram úr því, sem orðið hefði, ef allar bætur hefðu hækkað um 7% með lögum nr. 89/1962. Ef taldar eru með þær tvær breytingar, sem nefndin hefur fjallað um og orðnar eru að lögum, þ. e. afnám skerðingarákvæða og afnám verðlagssvæðaskiptingar, er hins vegar um mikla aukningu útgjalda að ræða.

B. Athugasemdir um einstakar greinar.

I. KAFLI

Um 1. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 2. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 3. gr.

Fyrri málsgreinin er efnislega óbreytt, en starfsmenn eru taldir upp í annarri röð í gildandi lögum. Síðari málsgreinin er í samræmi við lög nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Um 4. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 5. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 6. gr.

Gert er ráð fyrir, að ákvæði núgildandi laga um stöðugt, daglegt eftirlit formanns tryggingaráðs með starfsemi Tryggingastofnunarinnar falli niður. Í 1. málsgr. greinarinnar er hins vegar það nýmæli, að endurskoðunardeild skuli starfa við stofnunina undir eftirliti tryggingaráðs. Óeðlilegt virðist vera, að endurskoðun bótaúrskurða o. fl. sé í höndum hverrar deildar fyrir sig, svo sem nú er, enda hefur reynslan orðið sú, að sumir þættir nauðsynlegrar endurskoðunar hafa setið á hakanum vegna aukinna daglegra afgreiðslustarfa. Að sjálfsögðu mundi starfsemi

ríkisendurskoðunarinnar ekki falla niður hjá stofnuninni, þótt þessi nýskipan á endurskoðun innan stofnunarinnar yrði lögfest.

Um 7. gr.

Greinin er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 8. gr.

Efnislega er greinin óbreytt.

Um 9. gr.

Í 3. málsgr. greinarinnar er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnuninni verði ekki skylt, eins og nú, að gefa út árbók, heldur sé henni heimilt í þess stað að birta með öðrum reglubundnum hætti upplýsingar um alla starfsemi stofnunarinnar. Undanfarin ár hefur Tryggingastofnunin átt rúm í tímaritinu Sveitarstjórnarmálum. Gæti reynzt hagkvæmt að sameina þá tvenna birtingu ýmissa skýrslna, sem nú á sér stað.

II. KAFLI

Um 10. gr.

Svarar til 11. gr. almannatryggingalaga. Frá því, er almannatryggingalögin voru samin, hafa gengið í gildi lög um lögheimili, nr. 35/1960. Þykir rétt að tengja rétt til bóta frá lífeyristryggingunum lögheimilishugtakinu í stað búsetu, sem notað er í núgildandi lögum og hefur við framkvæmd þeirra verið látið tákna hið sama. Skilyrðið í a-lið greinarinnar um það, að íslenzkir ríkisborgarar skuli hafa átt lögheimili hér á landi tiltekinn tíma til þess að öðlast bótarétt, er nýtt og er einkum sett með tilliti til alþjóðasamþykkta, þar sem gert er ráð fyrir, að erlendir ríkisborgarar njóti jafnréttis við innlenda menn, en jafnframt getur það að öðru leyti talizt eðlilegt. Ákvæðið um, að þeir, sem erlendis dveljast og eiga þar bótarétt samkvæmt milliríkjasamningum eða alþjóðasamþykktum, sem Ísland er aðili að, skuli ekki samtímis njóta tilsvarandi bóta hér á landi, er í samræmi við þá framkvæmd, sem gilt hefur. Ákvæði b-liðs er sett með tilliti til hugsanlegra milliríkjasamninga eða alþjóðasamþykkta þess efnis, að við flutning milli landa haldi menn bótaréttindum í því landi, sem þeir flytjast frá, unz þeir öðlast réttinn í landi því, sem þeir flytjast til. Um ellilífeyri gildir slíkur samningur milli Norðurlanda, og fékk ríkisstjórnin með lögum nr. 21/1962 heimild til að staðfesta hann.

Síðari málsgrein 11. gr. laganna hefur verið felld niður, sbr. þó bráðabirgðaákvæði frumvarpsins. Um þetta mál skírskotast til þess, sem sagt er í A., III., 1. hér að framan um sambandið milli lífeyrissjóða og almannatrygginga.

Um 11. gr.

Samhljóða 12. gr. almannatryggingalaga.

Um 12. gr.

Samhljóða 13. gr. almannatryggingalaga að öðru leyti en því, að núgildandi mánaðarlegar bótaupphæðir samkvæmt 1. málsgr. hafa verið hækkaðar í næsta heilan tug, og enn fremur eru sett skýr ákvæði um það, hvernig reikna skuli frestun, ef maður dvelst erlendis á þeim aldri, er um frestun gæti verið að ræða.

Um 13. gr.

Svarar til 14. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að í stað „varanlegir öryrkjar“ komi „öryrkjar til langframa“, enn fremur, að í stað „teljast ekki færir“ komi „eru ekki færir“. Hvortveggja breytingin er gerð til þess, að orðalag greinarinnar

verði í betra samræmi við framkvæmd en nú er. Hæpið er að nefna alla þá, sem örorkulífeyris njóta, varanlega öryrkja á svo háu stigi, sem tiltekið er í lögunum. Munu einkum tvær ástæður liggja til þess, að ekki hefur verið fylgt stranglega orðalagi laganna. Vegna framfara í læknavísindum valda ýmsir sjúkdómar nú sjaldan varanlegri örorku, þótt slíkt hafi verið algengt fyrir aldarfjórðungi, en við örorkumat hefur ekki verið tekið tillit til hinna breyttu aðstæðna, og í öðru lagi er oft knýjandi þörf fyrir fjárhagsaðstoð vegna langvarandi veikinda, eftir að greiðsla sjúkradagpeninga fellur niður.

Nefndin leggur til, að sjúkradagpeningar verði greiddir samfleytt í miklu lengri tíma en nú á sér stað, sbr. athugasemdir við 50. gr. Enn fremur kom sú hugmynd fram, að teknir yrðu upp svokallaðir sjúkrastyrkir hjá lífeyristryggingunum, sem veittir yrðu til tiltekins tíma í senn, en jafnframt yrði örorkulífeyrir bundinn því skilyrði, að ætla mætti, að um ófyrirsjáanlega langvarandi örorku yrði að ræða. Var horfið frá þeirri hugmynd og í staðinn tekið upp fyrrgreint orðalag. Með orðalaginu „til langframa“ á nefndin við, að yfirleitt sé um að ræða örorku, er standi árum saman, og enn fremur leiki vafi á um verulegan bata.

Um 14. gr.

Samhljóða 15. gr. almannatryggingalaga.

Um 15. gr.

Svarar til 16. gr. almannatryggingalaga. Hér er lagt til, að fjölskyldubætur verði kr. 250.00 á mánuði með hverju barni, en þær nema nú kr. 256.43. Til álita kom, hvort rétt þætti að láta 7% hækkun þá, sem ákveðin var á elli- og örorkulífeyri með lögum nr. 89/1962, einnig taka til fjölskyldubóta. Nefndin lítur svo á, að engan veginn sé sjálfsagt, að fjölskyldubætur hækki í hvert sinn, sem almenn launahækkun á sér stað, enda eru þess dæmi á undanförnum árum, að fjölskyldubætur og lífeyrisgreiðslur hafi ekki fylgzt að. Með tilliti til þeirrar stórfelldu útgjaldaaukningar, sem breytingin í þá átt að greiða fjölskyldubætur með öllum börnum hefur í för með sér, er því ekki gert ráð fyrir hækkun fjölskyldubótaupphæða að þessu sinni. Að öðru leyti skírskotast til þess, sem í A., III., 3. segir um breytingar þær, sem í þessari grein felast.

Um 16. gr.

Svarar til 17. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að barnalífeyrir verði kr. 700.00 á mánuði, en hann er nú kr. 710.11 á mánuði. Eins og sýnt er fram á í A., III., 3. hér að framan, hækka samanlagðar bætur þeirra, sem barnalífeyris njóta, yfirleitt mjög verulega, og vísast um þetta efni til þess hluta greinargerðarinnar.

Á heimildarákvæðum greinarinnar hafa verið gerðar þrjár breytingar frá gildandi lögum. Í fyrsta lagi er veiting barnalífeyris til ekkils nú bundin því skilyrði, að fyrirsjáanlegt sé, að tekjur hans hrökkvi ekki til að sjá fjölskyldunni farborða, en lagt er til, að í stað þessa komi skilyrði um, að fráfall eiginkonu valdi tilfinnanlegri röskun á afkomu umsækjanda. Mundi þessi breyting veita tilefni til nokkurrar rýmkunar í framkvæmd. Í öðru lagi er gert ráð fyrir heimild til að greiða einstæðri móður, sem er öryrki, barnalífeyri, án tillits til þess, hvort hún fær meðlag með barni sínu. Í þriðja lagi er veitt heimild til að hækka barnalífeyri, ef annað foreldri er dáið, en hitt öryrki, með sama hætti og lífeyri vegna munaðarlausra barna.

Um 17. gr.

Svarar til 18. gr. almannatryggingalaga. Felld eru niður mæðralaun með einu barni, og vísast um það efni til A., III., 3. hér að framan. Bótaupphæðir eru að öðru leyti hækkaðar um 7%.

Um 18. gr.

Svarar til 19. gr. almannatryggingalaga. Samkvæmt frumvarpinu nemur hækkun fæðingarstyrks 56%.

Um 19. gr.

Svarar til 20. gr. almannatryggingalaga. Hækkun ekkjubóta nemur 17%.

Um 20. gr.

Svarar til 21. gr. almannatryggingalaga. Nefndin er þeirrar skoðunar, að ekkjulífeyrir verði nú að teljast lélegustu bætur, sem almannatryggingar veita, og vart nema nafnið tómt fyrir marga ekkjulífeyrisþega. Leggur nefndin til, að þessar bætur verði hækkaðar verulega fyrir allan þorra þeirra, sem ekkjulífeyris njóta. Má sem dæmi nefna, að gert er ráð fyrir, að lífeyrir ekkju, sem er 50 ára við lát mannsins, verði 25% af örorkulífeyri í stað 10% nú, miðað við 60 ára aldur verði hann 75% í stað 58% og miðað við 65 ára aldur 100% í stað 88%. Nýmæli er, að tryggingaráði er veitt heimild til að úrskurða ekkju lífeyri frá 50 ára aldri, þótt hún hafi ekki verið búin að ná þeim aldri, er maður hennar lézt. Skilyrði eru hins vegar allströng, þar eð gert er ráð fyrir, að heimildin verði einungis notuð, hafi ekkjan verið mjög lengi bundin við heimilisstörf og ekki stundað vinnu utan heimilis. Ákvæðin um, að ekkjulífeyrir greiðist til 67 ára aldurs, þ. e. til þess tíma, er ellilífeyrir tekur við, og falli niður við giftingu, eru í samræmi við núverandi framkvæmd.

Um 21. gr.

Svarar til 23. gr. almannatryggingalaga og er efnislega óbreytt.

Um 22. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Margt aldrað fólk kýs að halda heimili sínu svo lengi sem heilsa og aðrar aðstæður framast leyfa, og með lítils háttar reglubundinni heimilishjálp, t. d. einu sinni eða tvisvar í viku, getur slíkt reynzt kleift, þótt það að öðrum kosti yrði erfiðleikum bundið. Nefndin telur, að bæði frá félagslegu og fjárhagslegu sjónarmiði, og hvort sem á það er litið frá sjónarhóli aldraða fólksins eða þjóðarheildarinnar, sé hér um þarft mál að ræða, enda hefur slík heimilishjálp reynzt mjög vel víða erlendis. Geta ákvæði þessi gilt, hvort sem lögunum um heimilishjálp verður breytt í það horf, að þau taki til slíkrar heimilishjálpar til langframa, eða ekki.

Um 23. gr.

Samhljóða 24. gr. almannatryggingalaga.

Um 24. gr.

Svarar til 25. gr. almannatryggingalaga. Er greinin óbreytt að undanskilinni 3. málsgr., sem hefur verið breytt með tilliti til þess, að vísitöluákvæði eru nú úr sögunni.

Um 25. gr.

Samhljóða 26. gr. almannatryggingalaga.

Um 26. gr.

Svarar til 27. gr. almannatryggingalaga. Sú breyting hefur verið gerð á ákvæðum þessarar greinar, að barnalífeyrir er nú talinn upp með þeim bótum, sem ekki veita rétt til undanþágu frá gjaldskyldu. Í framkvæmd verður engin breyting við þetta frá gildandi reglum, þar eð litið hefur verið svo á, að barnið, en ekki framfærandinn, væri bótaþegi. Er sjálfsagt að hafa ákvæði þessi ótvíræð. Þá er lagt til, að aftur verði horfið að þeirri reglu, sem gilti fram til ársins 1960, að láta sömu tekjumörk

gilda um undanþágu samkvæmt grein þessari og réttinn til að láta sveitarfélag greiða iðgjald, sbr. 72. gr. frumvarpsins. Ákvæðum þessum hefur þó verið breytt nokkuð vegna hinna miklu bótahækkana 1960, er valda því, að lífeyrir er nú hærri en hin tilteknu mörk. Óeðlilegt virðist hins vegar, að undanþágan miðist við útsvarsskyldu, sem mismunandi reglur gilda um í einstökum sveitarfélögum, og auk þess eru tæknilegir örðugleikar á framkvæmd núgildandi ákvæða.

Um 27. gr.

Svarar til 28. gr. almannatryggingalaga. Aðeins er um breytingar að ræða á ákvæðum síðustu málsgr. um dráttarvexti af framlögum sveitarfélaga, og stafa þær af stórlega breyttum vaxtakjörum frá því, er lögin voru sett.

Um 28. gr.

Svarar til 29. gr. almannatryggingalaga. Samkvæmt núgildandi ákvæðum skal í reglugerð m. a ákveða, hvernig meta skuli til vinnuvikna störf barna og fósturbarna eldri en 16 ára, sem dveljast og starfa á heimilum foreldra sinna. Er lagt til, m. a. til samræmis við ákvæði 4. málsgr. 40. gr., að sama verði látið gilda um foreldra, sem dveljast og starfa á heimilum barna sinna. Er það eina breytingin á þessari grein.

III. KAFLI

Um 29. gr.

Svarar til 30. gr. almannatryggingalaga. Til þess að um slys sé að ræða í skilningi laganna, er þess nú krafizt, að hinn slasaði deyi eða verði óvinnufær. Slys getur hins vegar valdið verulegum sjúkrakostnaði, þótt sá, sem fyrir því varð, hafi aldrei verið frá vinnu af völdum þess. Breytingin á 1. málsgr. er gerð til þess, að ótvíræð verði heimildin til að bæta slíkt tjón, en núverandi framkvæmd mun að mestu leyti vera í samræmi við það, sem hér er lagt til.

Ákvæði 3. málsgr. 30. gr. laganna eru orðin mjög gömul og verða að teljast úrelt, miðað við íslenzkt atvinnulíf, eins og það er nú. Auk þess er orðalag málsgreinarinnar í ósamræmi við þann skilning, sem nú er yfirleitt lagður í hugtakið atvinnusjúkdómar. Er því lagt til, að í 3. málsgr. komi allskýr ákvæði um, hvaða sjúkdómar skuli teljast til slysa, en í 4. málsgr. er kveðið svo á, að í reglugerð skuli tilteknir atvinnusjúkdómar taldir upp sem bótaskyldir með sama hætti og slys. Er slíkrar reglugerðar mikil þörf.

Um 30. gr.

Svarar til 31. gr. almannatryggingalaga. Í 1. málslið 1. málsgr. laganna er kveðið svo á, að atvinnurekandi skuli tafarlaust senda tilkynningu um slys, sem ætla má bótaskylt. Lagt er til, að sama skylda hvíli á hinum tryggða, ef ekki er um atvinnurekanda að ræða og virðist slíkt ákvæði vera sjálfsagt. Enn fremur er sú skylda lögð á þá, sem gera vilja kröfu til bóta vegna slyss, að þeir fylgist með því, að tilkynningarskyldunni sé fullnægt. Virðist slíkt ákvæði sjálfsagt, ef vanræksla þess, sem tilkynna átti, á að hafa áhrif á bótaréttinn, sbr. 2. málsgr.

Lagt er til, að tryggingaráði verði veitt heimild til að víkja frá ákvæðum 2. málsgr. 31. gr. laganna um missi bótaréttar, ef atvik öll eru svo ljós, að dráttur-inn torveldar ekki gagnaöflun um atriði, sem máli skipta. Sem dæmi má nefna, að fyrir hefur komið, að lögregluskýrsla hefur verið tekin og slysið tilkynnt tryggingarfélagi (vegna ábyrgðar-, bifreiða- eða slysatryggingar), en aðilum hefur verið ókunnugt um, að þeim bæri þar að auki að tilkynna það Tryggingastofnuninni.

Um 31. gr.

Svarar til 32. gr. almannatryggingalaga. Efnislega er um þrjár breytingar að ræða. Í fyrsta lagi er lagt til, að þeir, sem vinna að vörnum gegn yfirvofandi

meiri háttar tjóni á verðmætum, skuli tryggðir án tillits til launagreiðslu, en slíkt ákvæði gildir nú einungis um þá, sem vinna að björgun manna úr lífsháska. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að þeir, sem taka vinnu heim til sín eða á vinnustað, sem þeir sjálfir ákveða, skuli ekki lengur vera undanþegnir tryggingu, enda getur slík undanþága ekki talizt eðlileg með hliðsjón af heimild atvinnurekenda til að tryggja sig samkvæmt 32. gr. frumvarpsins. Í þriðja lagi er lagt til, að foreldrar og fósturforeldrar, sem vinna hjá börnum sínum eða fósturbörnum, verði slysatryggðir gagnstætt því, sem nú gildir. Breytingin á orðalagi c-liðs er gerð til samræmis við þá framkvæmd, sem beitt hefur verið, að sérhver ökumaður, sem réttindi hefur og heimild til að stjórna viðkomandi ökutæki eða aflvél, sé slysatryggður.

Um 32. gr.

Svarar til 41. gr. almannatryggingalaga, en er mjög breytt að efni og orðalagi til. Er lagt til, að öllum atvinnurekendum, sem starfa að eigin atvinnurekstri, svo og mökum þeirra og börnum innan 16 ára, sem með þeim starfa, verði veittur kostur á að slysatryggja sig, og sama gildi um launþega, sem lausavinnu stunda að staðaldri. Er gert ráð fyrir, að ýmist verði menn að gefa til kynna ósk um að vera ótryggðir, en að öðrum kosti verði þeir tryggðir (sbr. 1. málsgr.), eða þeir verði að óska eftir tryggingu (sbr. 2. málsgr.). Með tilliti til þeirra umræðna, sem á undanförnum árum hafa farið fram um slysatryggingu atvinnurekenda, einkum bænda, þurfa ákvæði þessi vart frekari skýringa við.

Um 33. gr.

Samhljóða 34. gr. almannatryggingalaga.

Um 34. gr.

Svarar til 35. gr. almannatryggingalaga. Ósamræmi er milli ákvæða 35. gr. laganna um greiðslu sjúkrakostnaðar og ákvæða 36. gr. um dagpeninga að því leyti, að í 35. gr. er þess krafizt, að slys valdi vinnutjóni „lengur en 10 daga“, en í 36. gr. er talað um „minnst 10 daga“. Er lagt til, að síðarnefnda skilyrðið verði látið gilda um hvorartveggja bæturnar. Enn fremur er lagt til, að nauðsynlegur lyfja- og umbúðakostnaður verði greiddur að fullu, hvort sem er í sjúkrahúsi eða utan, ef greiða ber sjúkrakostnað á annað borð, en utan sjúkrahúsa eru nú greiddir ¾ hlutar. Orðalagsbreyting á síðari málsgr. greinarinnar er gerð með tilliti til áðurnefndrar skilgreiningar á hugtakinu slys, sbr. athugasemdir við 1. málsgr. 29. gr. frumvarpsins.

Um 35. gr.

Svarar til 36. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að hámarkstími, sem dagpeningar skulu greiðast samkvæmt 1. málsgr., verði 52 vikur í stað 26 vikna nú. Er nefndin sammála um, að 26 vikur séu of skammur tími, enda hefur heimildarákvæðum 2. málsgr. verið beitt í æ ríkara mæli á undanförnum árum, svo að um verulega útgjaldaaukningu af völdum þessarar breytingar verður vart að ræða. Dagpeningaupphæðir samkvæmt 3. málsgr. eru hækkaðar um því sem næst 7%, þannig að þær standi alltaf á heilum krónum. Lagt er til, að uppbót vegna maka verði því aðeins greidd, að hinn slasaði hafi verið aðalfyrirvinna heimilisins, en hins vegar verði skýrt kveðið á um, að greiðsla dagpeninga með börnum skuli einnig eiga við um börn, sem sannanlega er greitt með samkvæmt meðlagsúrskurði eða skilnaðarleyfisbréfi.

Breytingar á ákvæðum 4. málsgr. greinarinnar eiga rót sína að rekja til þess, að gert er ráð fyrir slysatryggingu atvinnurekenda, maka þeirra og barna, sbr. athugasemdir við 32. gr. Ákvæði 5. málsgr. er nýmæli, og skírskotast um það efni til A., III., 4. hér að framan.

Um 36. gr.

Svarar til 37. gr. almannatryggingalaga. Eftir afnám skerðingarákvæða og sameiningu landsins í eitt verðlagssvæði eru ákvæði 3. málsgr. þeirrar greinar um lífeyri vegna maka og barna orðin úrelt að því leyti, að barnalífeyrir mundi nær ávallt verða hærri samkvæmt ákvæðum kaflans um lífeyristryggingar, svo framarlega sem orkutap er 75% eða meira. Er því lagt til, að jafnan verði greiddur fullur lífeyrir, ef orkutap er a. m. k. 75%, og jafnframt verði lífeyri, sem miðast við 50—75% orkutap, breytt þannig, að ekki verði um stökk að ræða við 75% markið. Hækkar lífeyrir vegna maka og barna verulega á þessu bili. Í 4. málsgr. er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnuninni sé heimilt að greiða í einu lagi örorkubætur, sem jafngilda lífeyri tiltekið árabil, enda sé orkutap minna en 50%. Er þetta sveigjanlegri regla en sú, sem nú gildir.

Um 37. gr.

Svarar til 38. gr. almannatryggingalaga. Í ákvæðum a-liðs felast veigamestu breytingarnar frá núgildandi ákvæðum, annars vegar mikil hækkun dánarbóta til ekkju eða ekkils, en hins vegar breytt greiðsluform, þar eð gert er ráð fyrir mánaðarlegri greiðslu í 8 ár í stað eingreiðslu. Niðurstaða samanburðar við núgildandi bætur fer að sjálfsögðu eftir því, með hvaða vöxtum er reiknað, en ljóst er þó, að um mjög mikla hækkun er að ræða, þar eð núverandi eingreiðsla nemur kr. 106 516.80, en lagt er til, að greiddar verði kr. 192 000.00 á 8 árum. Þegar slysatryggingaefndin frá 1959 gerði tillögu sína um upphæð þessara bóta, var henni kunnugt um væntanlega 20% hækkun elli- og örorkulífeyris. Í sambandi við efnahagsráðstafanir 1960 var lífeyririnn hækkaður um 20% til viðbótar án þess, að tilsvarandi hækkun ætti sér stað á dánarbótum. Er lagt til, að auk 7% hækkunar verði nú tekið tillit til þessa. Má þó telja, að hækkunin sé nokkru meiri en sem svarar þessu tvennu. Dreifing greiðslunnar á 8 ára tímabil hefur tvo kosti. Í fyrsta lagi þann, að bætur þessar munu á tímabilinu geta hækkað vegna almennra kauplagsbreytinga eða af öðrum ástæðum, og í öðru lagi dregur hún úr þeirri hættu, að bæturnar komi að takmörkuðu gagni, svo sem stundum mun eiga sér stað um eingreiðslur. Sjálfsagt er hins vegar, að Tryggingastofnunin veiti slíkum bótaþegum lán, ef þeir eru taldir geta notfært sér bæturnar betur með því að fá þær að meira eða minna leyti greiddar í einu lagi. Í samræmi við núgildandi eingreiðslu er gert ráð fyrir, að bætur þessar greiðist án tillits til þess, hvort bótaþegi gengur í hjónaband á ný, en hins vegar falla þær niður við fráfall hans. Það er nýmæli að takmarka bætur þessar með tilliti til vinnutekna hins látna, en slíkt er eðlileg afleiðing þess, að bæturnar hækka.

Gert er ráð fyrir verulegri hækkun bóta samkvæmt b-lið, en tilsvarandi ákvæði eru í a-lið 38. gr. laganna. Er það í samræmi við ákvæði 20. gr. og 3. málsgr. 36. gr. frumvarpsins. Um c-lið vísast til athugasemda við 16. gr. Bótaupphæðir d- og e-liða eru hækkaðar um því sem næst 7%, en bætur samkvæmt 2. málsgr. eru ekki hækkaðar.

Um 38. gr.

Svarar til 39. gr. almannatryggingalaga. Efnislega óbreytt að öðru leyti en því, að ekki er gert ráð fyrir, að ákvæðið taki til bóta samkvæmt 2. málsgr. 37. gr. frumvarpsins.

Um 39. gr.

Samhljóða 40. gr. almannatryggingalaga.

Um 40. gr.

Svarar til 43. gr. almannatryggingalaga. Í stað núgildandi meginreglu, að störfum og starfsgreinum skuli skipt í áhættuflokka, er hér lagt til, að tekin verði upp flokkun fyrirtækja í áhættuflokka eftir því, hvaða atvinnurekstur er stundaður. Verði breyting þessi lögfest, er það ætlun Tryggingastofnunarinnar að fylgja flokkunarreglum Sameinuðu þjóðanna með þeim breytingum með tilliti til íslenzkra stað-

hátta, sem Hagstofa Íslands telur æskilegar. Ávinningur af slíkri breytingu yrði í fyrsta lagi sá, að álagning iðgjalda yrði mun einfaldari en hún er nú. Í öðru lagi gæti skýrslugerð farið fram í einu lagi fyrir Tryggingastofnunina og aðra opinbera aðila, sem mest þurfa á upplýsingum um þessi efni að halda, og unnt yrði að fá samanburð við nágrannaþjóðir okkar á Norðurlöndum, sem tekið hafa upp hina nýju flokkun eða búa sig undir að gera það. Í þriðja lagi mætti með hinni nýju flokkun hafa meira gagn en nú af skýrslum slysatrygginga við athuganir á slysahættu og framkvæmd öryggis á vinnustöðum.

Aðrar breytingar á þessari grein eiga rót sína að rekja til breytinga á 31. og 32. gr. frumvarpsins, og þarfnast þær ekki skýringa.

IV. KAFLI

Um 41. gr.

Samhljóða 44. gr. almannatryggingalaga.

Um 42. gr.

Samhljóða 45. gr. almannatryggingalaga.

Um 43. gr.

Svarar til 46. gr. almannatryggingalaga. Það er nýmæli, að ráðherra geti ákveðið, að héraðssamlag nái til fleiri sýslufélaga, svo og að sjúkrasamlagi kaupstaðar sé heimilt að gerast aðili að héraðssamlagi. Með fyrra ákvæðinu er einkum höfð í huga sameining tveggja héraðssamlaga, ef sami sýslumaður er formaður beggja, en frá tryggingalegum eða öðrum sjónarmiðum gæti sameining í öðrum tilvikum þótt æskileg. Engu minni ástæða er fyrir fámennustu kaupstaðasamlögin en fjölmenn sjúkrasamlög utan kaupstaða að tengjast héraðssamlögum, og er síðara ákvæðið sett inn í frumvarpið af þeim sökum.

Um 44. gr.

Svarar til 47. gr. almannatryggingalaga. Ákvæðunum um skipan stjórnar héraðssamlags er breytt með hliðsjón af hinum nýju ákvæðum 43. gr. frumvarpsins. Enn fremur er gert ráð fyrir, að þóknun stjórnarinnar verði ákveðin af Tryggingastofnun ríkisins í stað sýslunefndar, og er það í samræmi við ákvæðin um þóknun sjúkrasamlagsstjórna í síðustu málsgr. 42. gr. frumvarpsins.

Um 45. gr.

Svarar til 48. gr. almannatryggingalaga. Samkvæmt núgildandi lögum er það m. a. hlutverk héraðssamlaga að annast jöfnun á kostnaði sjúkrasamlaganna, svo sem nánar kann að vera ákveðið með reglugerð af ráðherra. Ákvæði þetta var sett árið 1956, þegar héraðssamlögin voru stofnsett, og var því ætlað að draga úr þeim ágöllum, sem fámenni sjúkrasamlaga hefur í för með sér. Það hefur hins vegar ekki komið til framkvæmda, og er því í frumvarpinu gert ráð fyrir, að það verði fellt niður, en í staðinn tryggi héraðssamlög sjúkrahúsvist, sem umfram er 30 daga hjá hverjum samlagsmanni á hverjum 12 mánuðum. Skal kostnaði, sem af þessu leiðir, skipt milli sjúkrasamlaga innan héraðssamlagsins í hlutfalli við samlagsmannafjölda. Með tilliti til þess, að löng sjúkrahúsvist getur orðið fámennustu sjúkrasamlögunum nær óviðráðanleg, telur nefndin breytingu þessa vera til mikilla bóta og raunar fullkomna nauðsyn, ef innan skamms yrði gerð breyting á ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla, sbr. A., III., 2. hér að framan.

Fellt er niður úr frumvarpinu núgildandi ákvæði um, að héraðssamlag skuli veita Tryggingastofnuninni umsögn um einstök mál frá sjúkrasamlögunum, sem henni eru send til úrskurðar. Getur Tryggingastofnunin engu að síður samkvæmt d-lið greinarinnar óskað slíkrar umsagnar, telji hún hennar þörf.

Um 46. gr.

Svarar til 49. gr. almannatryggingalaga, Er ákvæðum breytt til samræmis við hin nýju ákvæði 45. gr. frumvarpsins, sem getið er hér að framan. Tekið skal fram, að nefndin hefur ekki talið þörf sjálfstæðrar sjóðmyndunar hjá héraðssamlögum.

Um 47. gr.

Svarar til 50. gr. almannatryggingalaga. Ákvæði 2. málsgr. um tryggingu barna, sem fara til dvalar um ótiltekinn langan tíma á heimili samlagsmanns, án þess að hann fái foreldraráðin, er nýtt í lögunum, en er í samræmi við framkvæmd, sem tíðkazt hefur hjá flestum samlögum, en öðru hverju hefur í þessu sambandi skotið upp leiðinlegum deilumálum milli samlaga, þegar um mikinn sjúkrakostnað hefur orðið að ræða. Sjálfsagt virðist vera, að barn haldi tryggingatengslum við foreldra, þótt það fari til sumardvalar í sveit. Öðru máli gegnir, ef um er að ræða dvöl, sem e. t. v. stendur árum saman. Getur þá tæplega talizt eðlilegt að binda tryggingu barnsins því skilyrði, að foreldrar, jafnvel búsettir í öðru byggðarlagi, haldi samlagsréttindum sínum, auk þess sem hentugast hlýtur að vera, að um læknishjálp slíku barni til handa gildi þeir samningar, sem gerðir hafa verið í byggðarlagi því, þar sem það dvelst.

Eftir að sameiginleg gjaldheimta opinberra gjalda hófst í Reykjavík á síðastliðnu ári, eru hjón þar annaðhvort bæði í samlagsréttindum eða hvorugt, og er því reglan um hálf réttindi barns, ef annað foreldri er í vanskilum, úr sögunni hjá Sjúkrasamlagi Reykjavíkur.

Um 48. gr.

Samhljóða 51. gr. almannatryggingalaga.

Um 49. gr.

Svarar til 52. gr. og 2. málsgr. 62. gr. almannatryggingalaga. Vegna geysilegs verðmismunar, sem oft reynist vera á lyfjum, sem talin eru vera jafngild, er lagt til, að í d-lið greinarinnar verði tekið upp skýrt ákvæði þess efnis, að Tryggingastofnuninni sé ekki skylt að taka á lyfjaskrá öll jafngild lyf innan hvers flokks og enn fremur geti hún takmarkað greiðslu ákveðinna lyfja, t. d. við þá upphæð, sem greidd er fyrir tiltekin jafngild lyf. Ákvæðið er orðað þannig, að unnt sé í hverju tilfelli að taka tillit til læknisfræðilegra eða annarra sjónarmiða við ákvörðun um, hvort og hvernig lyf skuli sett á lyfjaskrána.

Lagt er til, að greiðsla sjúkrasamlaga fyrir röntgenmyndir og röntgenskoðun verði hækkuð úr ½ í ¾ af verði samkvæmt gjaldskrá, Þá er lagt til, að dvöl sú vegna fæðingar í sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, sem samlög greiða ekki, verði miðuð við 9 daga eins og nú, en án tillits til, hvort hún á sér að einhverju leyti stað fyrir fæðinguna. Loks hafa ákvæði 2. málsgr. 62. gr. laganna verið tekin upp sem 2. málsgr. þessarar greinar með þeirri breytingu, að því aðeins er gert ráð fyrir, að sjúkradagpeningar falli niður vegna farsóttar, að greiðsla þeirra valdi þungbærri útgjaldaaukningu sjúkratrygginganna.

Um 50. gr.

Svarar til 53. gr. almannatryggingalaga. Er um mjög verulegar breytingar á ákvæðum þessarar greinar að ræða.

Í 1. málsgr. eru tvö nýmæli. Annars vegar er gert ráð fyrir, að sjúkradagpeningar verði því aðeins greiddir, að umsækjandi sé algerlega óvinnufær, en á slíku ákvæði er einkum þörf vegna dagpeningatryggingar húsmæðra, sem gert er ráð fyrir, að verði almenn. Er algengt, að húsmæður inni störf sín af hendi, þótt þær séu að verulegu leyti óvinnufærar, en erfitt er að ákvarða dagpeninga í slíkum tilfellum. Hins vegar er lagt til, að eingöngu verði miðað við vinnutekjur, en aðrar tekjur, svo sem húsaleigutekjur, tekjur af atvinnurekstri o. fl., svo og tekjur maka, valdi ekki skerðingu dagpeninga.

Í 2. málsgr. felst sú breyting, að gert er ráð fyrir greiðslu dagpeninga í allt að 52 vikur á hverjum 24 mánuðum í stað 26 vikna á 12 mánuðum, og er sú breyting til mikilla bóta fyrir þá, sem eru frá vinnu 6—12 mánuði samfleytt. Enn fremur er gert ráð fyrir, að ekki þurfi að leita samþykkis tryggingaráðs fyrir veitingu framhaldsdagpeninga, enda er slík málsmeðgerð ákaflega þung í vöfum.

Lagt er til, að lögboðið lágmark sjúkradagpeninga verði hækkað stórkostlega. Oft hafa sjúkradagpeningar verið undanskildir, þegar aðrar bætur hafa hækkað, og enn fremur hefur lágmarkið miðazt við bætur annars verðlagssvæðis. Af þessum sökum hafa dagpeningar, sem í upphafi almannatrygginganna voru mun hærri en örorkulífeyrir, dregizt mjög aftur úr, og nemur lágmarkið nú kr. 28.40 fyrir einhleypa, en kr. 7.10 til viðbótar vegna eiginkonu og hvers barns, allt að þremur. Örorkulífeyrir einhleyps manns nemur hins vegar um 50 krónum á dag. Ákvæðum 4. málsgr. hefur að öðru leyti verið breytt til samræmis við ákvæði 3. málsgr. 35. gr. frumvarpsins um slysadagpeninga.

Eins og áður er tekið fram, er gert ráð fyrir, að húsmæður eigi rétt á dagpeningum án tillits til tekna eiginmanna. Hins vegar veldur mat á tekjum húsmæðra því, að dagpeningar þeirra verða mun lægri en annarra. Nýmæli er og, að gert er ráð fyrir, að dagpeningar húsmóður, sem ekki vinnur utan heimilis, lækka ekki, þótt hún dveljist í sjúkrahúsi. Enn fremur lækka dagpeningar annarra við sjúkrahúsvist minna en áður.

Um greiðslu sjúkradagpeninga til vinnuveitanda hins sjúka gegnir sama máli og um slysadagpeninga, sbr. athugasemdir við síðustu málsgr. 35. gr. frumvarpsins. Ákvæðið um greiðslu dagpeninga, meðan á verkfalli stendur, er nýtt og sett til þess að skýr fyrirmæli fáist í þessu efni.

Um 51. gr.

Svarar til 54. gr. almannatryggingalaga. Breyting á orðalagi 1. málsgr. um þá samninga, sem Tryggingastofnunin gerir, er gerð með það fyrir augum, að ákvæðin verði ótvíræð og í samræmi við núverandi framkvæmd. Sama gildir um ákvæði 2. málsgr. um það, hvernig snúast skuli við, ef læknasamningar falla niður. Þeim er breytt í það horf, að ótvírætt sé, að lækkun útgjalda geti komið hinum tryggðu að fullu til góða, en valdi ekki fyrst og fremst lækkun á opinberum framlögum til tryggginganna.

Ákvæðum 3. málsgr. er breytt með tilliti til þess, að eðlilegt þykir, að heilbrigðismálaráðuneytið ákveði daggjöld opinberra sjúkrahúsa, nema um þau hafi verið samið, hvort sem um slíkt hefur verið leitað samninga eða ekki og hvort sem um innanhéraðs- eða utanhéraðsmenn er að ræða. Hafa stundum risið deilur um slík daggjöld og þá þjónustu, sem í þeim skuli vera innifalin.

Í síðustu málsgr. greinarinnar eru tekin af tvímæli um það, hver áhrif það hefur, ef látið er undir höfuð leggjast að tilkynna Tryggingastofnuninni daggjaldabreytingu með þeim fyrirvara, sem fyrirskipaður er í núgildandi lögum.

Um 52. gr.

Svarar til 55. gr. almannatryggingalaga. Í stað núgildandi ákvæðis um heimild sjúkrasamlags til að greiða kostnað vegna þess, að samlagsmaður vill leita sér lækninga utan samlagssvæðis, er heimildinni í 1. málsgr. breytt í skyldu, en það jafnframt sett sem skilyrði, að um nauðsyn samlagsmanns sé að ræða.

Um 53. gr.

Samhljóða 56. gr. almannatryggingalaga.

Um 54. gr.

Svarar til 57. gr. almannatryggingalaga og er efnislega óbreytt.

Um 55. gr.

Svarar til 58. gr. almannatryggingalaga. Það er nýmæli, að ákvæði eru sett um dráttarvexti af framlögum ríkissjóðs og sveitarsjóða.

V. KAFLI

Um 56. gr.

Svarar til 59. gr. almannatryggingalaga. Gert er ráð fyrir, að fjölskyldubætur verði greiddar án tillits til annarra bóta, og er það veigamesta nýmælið, sem í grein þessari felst. Skírskotast til A. III. 3. um það efni. Enn fremur er lagt til, að með bótum samkvæmt a-lið 37. gr. megi fara allar bætur aðrar en ekkjubætur samkvæmt 19. gr., og er það í samræmi við það, sem nú gildir um eingreiðslu samkvæmt a-lið 38. gr. laganna.

Lagt er til, að greiða megi slysadagpeninga samtímis elli- og ekkjulífeyri. Mikill fjöldi ellilífeyrisþega vinnur fulla vinnu, og skerðist lífeyrir nú ekki af þeim sökum. Er því ekki óeðlilegt, að tímabundið vinnutap af völdum slysa sé bætt með dagpeningum án þess, að lífeyrir sé skertur. Raunar á þetta sjónarmið einnig við um sjúkradagpeninga, en þar yrði oft ákaflega erfitt að greina á milli sjúkdóma, sem rétt væri að bæta með dagpeningum, og hrörnunar, e. t. v. samfara örðugleikum á að fá vinnu. Þá er gert ráð fyrir rýmkun á ákvæðunum um greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga til einstæðra kvenna, annars vegar með ákvæði um, að dagpeningar og ekkjubætur samkvæmt 19. gr. megi fara saman, hins vegar með því, að mæðralaun og dagpeninga vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis megi greiða samtímis.

Í 5. málsgr. er um efnisbreytingu að ræða frá þeirri framkvæmd, sem gilt hefur, þar sem í frumvarpinu er gert ráð fyrir heimild Tryggingastofnunarinnar til að greiða lífeyri, ef sjúkrahúsdvöl er ekki greidd að fullu. Notkun slíkrar heimildar mætti miða við ástæður bótaþegans, tiltekin sjúkrahús og tiltekin sjúkrarúm (t. d. sambýlisstofur). Enn fremur er lagt til, að lengd verði um einn mánuð sjúkrahúsdvöl sú, sem nú er heimiluð, án þess að lífeyrir sé felldur niður. Með sameiningu tveggja síðustu málsgreina 58. gr. laganna og orðalagsbreytingu í því sambandi er ekki átt við neina breytingu á greiðslum lífeyristrygginga til ríkisframfærslunnar frá því, sem nú gildir.

Um 57. gr.

Samhljóða 60. gr. almannatryggingalaga.

Um 58. gr.

Samhljóða 61. gr. almannatryggingalaga að öðru leyti en því, að sjúkrasamlögum er veittur sami réttur og Tryggingastofnunin hefur nú samkvæmt þeirri grein.

Um 59. gr.

Svarar til fyrri málsgr. 62. gr. almannatryggingalaga. Í frumvarpinu er notað orðið „ölvun“ í stað „áfengisneyzlu“, og er það í samræmi við þann skilning, sem í ákvæðið hefur verið lagður. Ákvæði síðari málsgr. 62. gr. laganna hafa verið tekin nokkuð breytt upp í 2. málsgr. 49. gr. frumvarpsins.

Um 60. gr.

Samhljóða 64. gr. almannatryggingalaga.

Um 61. gr.

Svarar til 65. gr. almannatryggingalaga. Í greininni felst sú efnisbreyting, að sjúkradagpeningar skulu að jafnaði ekki úrskurðaðir lengra aftur í tímann en

tvo mánuði, en heimild veitt til að lengja tímabilið í allt að sex mánuði, ef bótaréttur er að öðru leyti ótvíræður. Þriggja mánaða tímabilið, sem nú gildir, hefur stundum reynzt of langt til þess, að unnt hafi verið að fá fullnægjandi upplýsingar um atriði, er máli skiptu, en hitt er einnig algengt, að atvik séu svo ljós, að engan veginn sé varhugavert að greiða dagpeninga lengra aftur í tímann. Ekki er gert ráð fyrir neinni takmörkun á greiðslu slysalífeyris, enda hefur sú regla gilt, þegar um eingreiðslu lífeyris hefur verið að ræða.

Um 62. gr.

Samhljóða 66. gr. almannatryggingalaga.

Um 63. gr.

Svarar til 67. gr. almannatryggingalaga, og er ekki um aðra breytingu að ræða en þá, að sjúkrasamlögum er veittur sams konar endurkröfuréttur vegna ofgreiðslu bóta og Tryggingastofnunin hefur nú.

Um 64. gr.

Svarar til 68. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að ákvæðin um endurkröfurétt almannatrygginga á hendur þeim, sem fébótaábyrgð kunna að bera vegna tjóns, verði mun skýrari en nú, svo og að réttur tryggingganna verði takmarkaður gagnvart atvinnurekanda, þegar um er að ræða slys, sem starfsmenn hans hafa orðið fyrir. Virðist eðlilegt, að atvinnurekandi njóti nokkurs öryggis með iðgjaldagreiðslum sínum, ef ekki er um stórkostlegt gáleysi eða ásetning að ræða.

Um 65. gr.

Svarar til 69. gr. almannatryggingalaga. Um efnisbreytingu er ekki að ræða, og með tilvituninni til 56. gr. er átt við, að sé t. d. geðveikur maður úrskurðaður í öryggisgæzlu á geðveikrahæli, sé heimilt að greiða honum 10% lífeyris samkvæmt síðustu málsgr. 56. gr.

Um 66. gr.

Samhljóða 70. gr. almannatryggingalaga.

Um 67. gr.

Hér er um nýmæli að ræða. Þar eð bætur lífeyristrygginga eru samkvæmt frumvarpinu tengdar lögheimilishugtakinu, virðist sjálfsagt, að Tryggingastofnunin óski úrskurðar um lögheimili manns, ef hún telur rétt hans til bóta vafasaman í því sambandi. Einnig getur sjúkrasamlag haft þörf fyrir slíkan úrskurð.

Um 68. gr.

Svarar til 72. gr. almannatryggingalaga. Ákvæðum hefur verið breytt með tilliti til nýrra skattalaga og breyttra vinnuaðferða við álagningu iðgjalda. Með færslu iðgjalda á skattskrá er að sjálfsögðu átt við, að um sé að ræða skattskrá í víðri merkingu, þannig að ekki séu þar einvörðungu taldir þeir, sem gert er að greiða tekju- eða eignarskatt.

Um 69. gr.

Svarar til 73. gr. almannatryggingalaga. Sjá athugasemdir við 68. gr.

Um 70. gr.

Svarar til 74. gr. almannatryggingalaga. Sjá athugasemdir við 68. gr.

Um 71. gr.

Svarar til 75. gr. almannatryggingalaga. Ekki er um aðra efnisbreytingu að ræða frá gildandi lögum en þá, að Tryggingastofnuninni er í sjálfsvald sett, hvort

hún innheimtir sjálf iðgjöld hjá einstökum ríkisstofnunum, svo sem nú á sér stað, eða felur innheimtumönnum slíka innheimtu.

Um 72. gr.

Svarar til 76. gr. almannatryggingalaga. Í 2. málsgr. er breytt tekjumörkum þeim, sem réttur hins tryggða til að láta sveitarsjóð greiða fyrir sig iðgjald til lífeyristrygginga miðast við. Upphæð sú, sem lagt er til, að gildi fyrir einstaklinga, er jafnhá þeirri, sem lögum samkvæmt ber ekki að greiða útsvar af, og hækkun tekjumarkanna er í nokkru samræmi við kauplagsbreytingar frá því, er núverandi upphæðir voru lögákveðnar fyrir þremur árum.

Það er nýmæli, að gert er ráð fyrir, að lífeyristryggingarnar greiði sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem orðnir eru 67 ára og rétt eiga á ellilífeyri, þótt þeir fresti töku hans.

Um 73. gr.

Svarar til 77. gr. almannatryggingalaga. Um efnisbreytingu er ekki að ræða, en orðalagi er breytt með hliðsjón af nýju innheimtufyrirkomulagi í Reykjavík.

Um 74. gr.

Samhljóða 78. gr. almannatryggingalaga að undanskilinni tilvitnun í lög nr. 68/1962 um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda.

Um 75. gr.

Samhljóða 79. gr. almannatryggingalaga.

Um 76. gr.

Svarar til 80. gr. almannatryggingalaga, og eru ákvæðin efnislega óbreytt.

Um 77. gr.

Samhljóða 81. gr. almannatryggingalaga.

Um 78. gr.

Svarar til 82. gr. almannatryggingalaga. Efnislega er greinin óbreytt að öðru leyti en því, að framlag Tryggingastofnunarinnar samkvæmt d-lið er hækkað úr 600 þúsund krónum í eina milljón króna. Lögin um læknisvitjanasjóði eru nú í endurskoðun, og var óskað umsagnar nefndarinnar í sambandi við hana. Af þeim upplýsingum, er nefndin hefur aflað sér um þetta mál, virðist mega ráða, að starfsemi læknisvitjanasjóða sé svo óveruleg, að lítil ástæða sé til að láta þá starfa áfram við hlið sjúkrasamlaganna. Nefndin lítur því á umrædda hækkun framlagsins sem bráðabirgðaráðstöfun, meðan málið er í athugun.

Um 79. gr.

Svarar til 83. gr. almannatryggingalaga. Ekki er um neina efnisbreytingu að ræða, en lagt er til, að í stað „barnalífeyris“ verði notað orðið „meðlag“. Er það í samræmi við orðalag í lögunum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna. Vegna núverandi orðalags hefur mjög verið ruglað saman greiðslu barnalífeyris, sem veittur er sem bætur almannatrygginga, og þeirri fyrirgreiðslu, sem Tryggingastofnunin veitir mæðrum í sambandi við meðlög, er þær eiga kröfu til frá barnsfeðrum og sveitarfélög greiða, ef feðurnir standa ekki í skilum. Á þennan rugling er m. a. drepið í A., III., 3. hér að framan. Í fyrstu málsgr. segir, að meðlagið skuli ekki vera hærra en barnalífeyrir samkvæmt 16. gr., en hins vegar er kveðið svo á í lögunum um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, að það skuli ekki heldur lægra vera en lífeyrir, ef móðirin á framfærslurétt hér á landi.

Um 80. gr.

Svarar til 84. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að hinn endurkræfi barnsfararkostnaður, sem Tryggingastofnunin greiðir samkvæmt þessari grein, hækki úr kr. 600.00 í kr. 1 000.00 á mánuði. Með tilliti til mikillar hækkunar kvennakaups í ýmsum starfsgreinum að undanförnu, svo og hins, að upphæð þessi hefur aðeins stundum fylgt bótum II. kafla, er hækkanir hafa átt sér stað, virðist hækkun þessi sanngjörn.

Um 81. gr.

Svarar til 85. gr. almannatryggingalaga. Gert er ráð fyrir, að viðurkenning Tryggingastofnunarinnar á lífeyrissjóðum falli niður, sbr. ákvæði til bráðabirgða. Um þetta efni skírskotast til A., III., 1.

Um 82. gr.

Svarar til 42. gr. almannatryggingalaga. Upptalningu á þeim tegundum frjálsra slysatrygginga, sem Tryggingastofnuninni er heimilt að taka að sér, er sleppt, enda virðist hún ástæðulaus og úrelt, þótt hún hafi verið gagnleg, meðan slíkar tryggingar voru óvenjulegar og vart fáanlegar hér á landi.

Um 83. gr.

Samhljóða 87. gr. almannatryggingalaga.

Um 84. gr.

Samhljóða 88. gr. almannatryggingalaga.

Um 85. gr.

Svarar til 89. gr. almannatryggingalaga. Lagt er til, að hámark sektar samkvæmt grein þessari verði hækkað úr kr. 10 000.00 í kr. 25 000.00.

Um 86. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Um breytingu þá, sem hér um ræðir, skírskotast til A., III., 1. Í ákvæðum þessum felst tvennt. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir, að lífeyrissjóðir þeir, sem falla undir 85. gr. almannatryggingalaga, geri upp við Tryggingastofnunina iðgjaldamismun þann, sem ákvæði 85. gr. hafa haft í för með sér á liðnum árum, sbr. 3. málsgr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir, að félagar hlutaðeigandi sjóða greiði full iðgjöld til almannatrygginga og njóti þar fullra réttinda frá 1. janúar 1964, þó þannig, að aðstaða þeirra í heild gagnvart sjóði sínum og almannatryggingum haldist óbreytt, unz endurskoðun hefur farið fram á lögum eða reglugerð sjóðsins með tilliti til hinna nýju viðhorfa, sbr. 1., 2. og 4. málsgr.

Fylgiskjal.

Útgjaldaaukning almannatrygginga 1964 vegna lagabreytinga samkvæmt frumvarpinu, áætluð af Tryggingastofnun ríkisins.

I. Lífeyristryggingar.

		Hækkun skv. frv.
1.	Lífeyrir sérsjóðsfélaga, er falla undir ákvæði 85. gr. laga nr. 24/1956, sbr. 10. gr. og bráðabirgðaákvæði frv.	17.0 millj. kr.
2.	Fjölskyldubætur, sbr. 15. gr. frv.	19.4 — —
3.	Mæðralaun, sbr. 17. gr. frv.	÷ 1.8 — —
4.	Fæðingarstyrkur, sbr. 18. gr. frv.	7.1 — —
5.	Ekkjulífeyrir, sbr. 20. gr. frv.	1.5 — —
6.	Annað, sbr. 16., 19., 56., 72. og 78. gr.	1.2 — —
	Samtals	44.4 millj. kr.

Fjárhæð þessi skiptist þannig á aðila (til samanburðar er sýnt, hverju 7% hækkun þeirra bóta, sem ekki hækkuðu með lögum nr. 89/1962, mundi hafa numið):

	Frumvarp	7% hækkun
Ríkissjóður	28.4 millj. kr.	14.6 millj. kr.
Hinir tryggðu	8.0 — —	1.2 — —
Sveitarsjóðir	4.5 — —	0.7 — —
Atvinnurekendur	3.5 — —	0.5 — —
Samtals	44.4 millj. kr.	17.0 millj. kr.

II. Slysatryggingar.

	Hækkun skv. frv.
1. Dagpeningar, sbr. 35. gr. frv.	1.3 millj. kr.
2. Dánarbætur, sbr. 37. gr. frv.	1.1 — —
3. Annað, sbr. 29., 34., 36. og 56. gr. frv.	0.3 — —
Samtals	2.7 millj. kr.

Til samanburðar skal getið, að 7% hækkun þeirra bóta, sem ekki hækkuðu með lögum nr. 89/1962, mundi hafa valdið 0.7 millj. kr. aukningu útgjalda.

III. Sjúkratryggingar.

	Hækkun skv. frv.
1. Sjúkradagpeningar, sbr. 50. og 56. gr. frv.	6.0 millj. kr.
2. Röntgenmyndir og röntgenskoðun, sbr. 49. gr. frv.	1.0 — —
Samtals	7.0 millj. kr.

Útgjaldaaukningin skiptist þannig á aðila:	
Ríkissjóður	3.0 millj. kr.
Hinir tryggðu	2.7 — —
Sveitarsjóðir	1.3 — —
Samtals	7.0 millj. kr.

IV. Samandregið yfirlit um skiptingu útgjaldaaukningarinnar.

	Lífeyris-tryggingar Millj. kr.	Slysa-tryggingar Millj. kr.	Sjúkra-tryggingar Millj. kr.	Samtals Millj. kr.
Ríkissjóður	28.4	—	3.0	31.4
Hinir tryggðu	8.0	—	2.7	10.7
Sveitarsjóðir	4.5	—	1.3	5.8
Atvinnurekendur	3.5	2.7	—	6.2
Alls	44.4	2.7	7.0	54.1

Nd. 385. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til laga um Iðnlánasjóð.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég vil leggja ríka áherzlu á nauðsyn þess, að iðnaðinum verði séð fyrir nægjanlegum og hagkvæmum stofnlánum, og tel frv. spor í þá átt. En það eru einkum tvö atriði í frv., sem ég álít nauðsynlegt að breyta. Ég tel, að stjórn sjóðsins eigi ekki að vera skipuð af ráðherra eftir tilnefningu samtaka iðnrekenda, eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur eigi stjórnin að vera kosin af sameinuðu Alþingi. Má í þessu sambandi benda á, að ekki tilnefna útvegsmenn stjórnir fiskimálasjóðs eða fiskveiðasjóðs, enda þótt þeir leggi sjálfir þessum sjóðum mikið fé. Hið sama er að segja um stofnlánasjóði landbúnaðarins, ekki tilnefna bændur stjórn þeirra, þótt þeir greiði gjald til þeirra.

Þá tel ég, að iðnaðurinn eigi sjálfur að greiða 0.4% gjaldið samkv. 5. gr. frv., en það megi ekki leggjast sem nýr skattur á þá, sem kaupa vöruna. Ég legg því til, að fellt verði niður það ákvæði í 5. gr. frv., er segir, að gjaldið skuli vera frádráttarbært sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars, en í staðinn komi ákvæði, er mæli svo fyrir, að óheimilt sé að hækka útsöluverð á iðnaðarvörum vegna gjaldsins.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Stjórn Iðnlánasjóðs skipa fimm menn. Skulu þeir kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Á sama hátt skulu kosnir jafnmargir varamenn. Iðnaðarmálaráðherra skipar sjóðnum formann úr hópi hinna kjörnu manna.
2. Við 5. gr. 3. málsgr. 1. töluliðar orðist svo:
   Óheimilt er að hækka útsöluverð á iðnaðarvörum vegna gjalds þessa.

Alþingi, 12. marz 1963.

Eðvarð Sigurðsson.

Nd. 386. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til laga um Iðnlánasjóð.

Frá 2. minni hl. iðnaðarnefndar.

Samkvæmt áætlun þeirri, sem fylgir frv., er gert ráð fyrir því, að árlegar tekur Iðlánasjóðs verði um 9 millj. kr. Þetta er vissulega talsverð aukning frá því, sem nú er. Þegar þess er hins vegar gætt, hve fjárfrekar allar framkvæmdir eru orðnar, er það augljóst, að fjarri fer því, að þetta sé fullnægjandi. Af þeim ástæðum legg ég til, að Iðnlánasjóði séu tryggðar 15 millj. kr. tekjur árlega.

Ég legg enn fremur til, að ríkissjóður greiði Iðnlánasjóði þetta framlag, en ekki verði lagður á nýr skattur. Skattakerfið ber að hafa sem einfaldast, og því er ég andvígur því að fjölga sköttum.

Þá tel ég eðlilegt, að Alþingi kjósi a. m. k. meiri hluta sjóðsstjórnarinnar, og flyt breytingartillögu í samræmi við það.

Samkvæmt framansögðu legg ég til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Stjórn Iðnlánasjóðs skipa fimm menn. Þrír skulu kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir á sama hátt. Tveir skulu tilnefndir í sameiningu af stjórn Landssambands iðnaðarmanna, stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda og stjórn Sambands íslenzkra samvinnufélaga til sama tíma. Tveir varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Iðnaðarmálaráðherra skipar einn hinna fimm stjórnarmanna formann sjóðsins.
2. Við 5. gr. Greinin orðist svo:
   Tekjur Iðnlánasjóðs eru:
   1. Framlag ríkissjóðs, 15 milljónir króna á ári.
   2. Vextir.
3. Við 8. gr. Síðasta málsgrein greinarinnar falli niður.

Alþingi, 12. marz 1963.

Þórarinn Þórarinsson.

Ed. 387. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til laga um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hver maður á rétt til legstaðar þar í sókn, sem hann andast, hefur átt síðast lögheimili eða óskað legs, drukknaðir menn þar, er þeir eru á land fluttir, og þeir, er á fjöllum eða öræfum andast, þar, er þeir eru fluttir til byggða. Engan má jarða í óvígðum reit.
2. Við 11. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Grafir skulu vera svo djúpar, að fullur metri sé frá kistuloki á grafarbarm. Kirkjugarðsstjórn getur heimilað, að tvígrafið sé í sömu gröf, ef þess er óskað af hálfu vandamanna þess, er grafa á, og fyrir liggur samþykki vandamanna þess, er þar var áður grafinn. Skal þá grafardýpt hið fyrra sinni vera 2½ metri. Sá, sem gröf lætur taka, er skyldur til þess að láta ganga vel frá legstaðnum, svo fljótt sem við verður komið, og slétta yfir gröfina. Sé þetta vanrækt, lætur kirkjugarðsstjórn framkvæma verkið á kostnað hlutaðeiganda.
3. Við 12. gr. 2. mgr. Niður falli orðin „á meðan búsett eru í sókninni".
4. Við 28. gr. 3. mgr. falli niður.

Nd. 388. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til laga um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin ræddi frv. á þremur fundum. Nokkrar umræður urðu um það í nefndinni, hvort ekki væri eðlilegt og rétt að leggja til, að sett yrði í frv. ákvæði, sem á einn eða annan hátt kæmi í veg fyrir, að verðhækkun, sem kynni að verða vegna

framkvæmda hins opinbera á þeim löndum, sem um ræðir í frv., rynni að öllu leyti til seljanda. Þótt nefndin liti svo á, að nauðsynlegt væri að setja um þetta einhver ákvæði, taldi meiri hl. nefndarinnar ekki rétt að tefja afgreiðslu málsins með því að leggja til, að tekið yrði upp í frv. slíkt ákvæði, enda ætti það öllu fremur heima í lögum nr. 67 frá 14. nóv. 1917, um eignarnám.

Nefndin var hins vegar sammála um, að rétt sé að setja í frv. ákvæði um, að eigi megi sveitarfélög selja land, sem keypt er samkvæmt þessum lögum, nema til komi samþykki ráðherra og sá hluti þess láns, er veitt hefði verði til að kaupa landið, sem enn væri ógreiddur, yrði þá jafnframt endurgreiddur sjóðnum.

Nefndin er því sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi.

BREYTINGU:

Við 3. gr. Aftan við greinina bætist ný mgr., er orðist svo:

Eigi má sveitarfélag selja land, sem keypt hefur verið samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda verði þá öll áhvílandi skuld við sjóðinn með veði í landinu greidd að fullu.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kynnu að koma.

Guðlaugur Gíslason var fjarverandi vegna sjúkleika, er endanlega var gengið frá málinu, en hann er einnig samþykkur afgreiðslu þess.

Alþingi, 12. marz 1963.

Gísli Jónsson, form., frsm.	Birgir Finnsson, fundaskr.	Jón Skaftason.
	Hannibal Valdimarsson.	

Sþ. 389. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]

um endurskoðun laga um Bjargráðasjóð o. fl.

Flm.: Jónas Pétursson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða lög um Bjargráðasjóð Íslands í því skyni, að komið verði á fót tryggingarkerfi fyrir landbúnaðinn í heild, sem geti að mestu leyti mætt tjónum, sem koma fyrir af náttúruhamförum og annarri óáran.

Ber þá að athuga, hvort Bjargráðasjóður í þeirri mynd eða svipaðri, sem hann er nú, er eðlilegasta formið á lausn allsherjartryggingarmála landbúnaðarins, eða sjálfstæð tryggingarstofnun, og á hvern hátt er fært og eðlilegt að afla aukinna tekna til þessara trygginga.

Þessari endurskoðun og athugun verði hraðað eftir föngum, enda verði kvaddar til undirbúnings málsins þær sérstofnanir, er telja má málið skyldast.

Greinargerð.

Tryggingar eru mál þess tíma, er við nú lifum á. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að öryggisleysið í fóðurbirgðamálum búpeningsins var á liðnum öldum eitt hið afdrifaríkasta, þar sem líf fólksins í landinu byggðist svo mjög á búpeningseigninni. Nú er þetta breytt. Aðrir atvinnuhættir tryggja nú líf fólksins að verulegu leyti. Ólíkt auðveldara er nú en áður að tryggja fóðurforða handa búpeningnum, en þó getur út af því brugðið, nema aðstoð komi til. En jafnframt hefur áhætta á

öðrum sviðum eða á annan hátt farið vaxandi í landbúnaðinum. Orsök þess er í skemmstu máli ört vaxandi þáttur fjármagnsins í búrekstrinum. Með hinni miklu notkun fjármagns í byggingum, vélum og rekstrarvörum er tap á arði eða framleiðslu stórum afdrifaríkara en fyrr.

Saga undanfarinna ára sýnir glögglega þörfina fyrir fullkomnari tryggingar en Bjargráðasjóður veitir nú. Má minna á Heklugosið 1947, vorharðindin 1949, hallærissumarið norðan- og austanlands 1950 með fimbulvetur í kjölfarið, óþurrkasumarið 1955 sunnan- og vestanlands, kalið í ræktunarlöndunum eftir 1950 og aftur nú, 10 árum síðar. Enn má nefna einstök, staðbundin tjón, svo sem lambalát í ám eða fjárskaða í veðrum.

Segja má, að búfjártryggingar væru hið eðlilega form trygginga gegn slíkum áföllum á búfé, svo sem t. d. brunatjón er sérstakt svið trygginga. Búfjártryggingamálið var fyrir fáum árum tekið til gaumgæfilegrar athugunar af Búnaðarfélagi Íslands og búnaðarsamböndum landsins. Var það til meðferðar á búnaðarþingi árin 1957—1960, og í upphafi var lagt þar fyrir frv. til búfjártryggingalaga, sent af landbúnaðarráðuneytinu. Við afgreiðslu málsins á búnaðarþingi 1960 segir svo m. a. í greinargerð frá allsherjarnefnd: „Nefndin hefur kynnt sér niðurstöður af skoðanakönnun þeirri, sem fram hefur farið á s. l. ári um viðhorf bænda til skyldutrygginga á búfé. Hafa þær leitt í ljós, að sáralítill hluti búnaðarfélaganna hefur fallizt á að æskja þeirra. Mikill hluti þeirra, sem svöruðu, sem raunar var ekki helmingur þeirra allra, var líka mótfallinn heimildarlögum um slíkar tryggingar.“ Og enn fremur segir: „Hins vegar vill nefndin taka undir þá hugmynd, er fram hefur komið hjá nokkrum félögum (búnaðarfél.) um, að stofnað verði til sjóðsmyndunar til að mæta að nokkru þeim stóráföllum, er henda kunna einstaka bændur og valdið geta miklu um afkomumöguleika þeirra.“

Mikill ágreiningur virðist hafa ríkt um málið á búnaðarþingi, en þar var samþ. ályktun um, að leitað skyldi tilboða hjá tryggingarfélögum í landinu um að tryggja allt búfé landsmanna. En ekkert mun hafa gerzt í málinu síðan. Er því ekki líklegt, að búfjártryggingar verði lögleiddar í bráð út af fyrir sig í einu eða öðru formi.

Þau náttúrufyrirbæri, sem valda rýrum fóðurafla og uppskeru, eru alvarlegasta tjónið, sem landbúnaðurinn verður fyrir, eins og rekstri hans og framleiðslumálum er nú háttað. Sú tilrauna- og vísindastarfsemi, sem í gangi er í atvinnumálum, hnígur m. a. að því að finna ráð og starfsaðferðir, sem fyrirbyggja sem mest, að slíkt tjón geti orðið. Má þar nefna rannsókn á heyverkunaraðferðum, áburðartilraunir o. fl. Má mikils vænta af þeirri starfsemi á næstu árum, sem gerir uppskeru og arð búskaparins öruggari en áður. M. a. má vænta þess, að unnt reynist að draga úr því tjóni, sem kalið í ræktunarlöndunum nú veldur. En það er of mikil bjartsýni að ætla, að tjón af misæri og náttúruhamförum verði yfirstigð með öllu í náinni framtíð. Þess vegna er þetta tryggingamál mjög tímabært og aðkallandi.

Búnaðarþing, sem nú er nýlokið, tók til meðferðar eflingu Bjargráðasjóðs. Þar var samþ. svofelld ályktun:

„Búnaðarþing felur stjórn Búnaðarfélags Íslands að beita sér fyrir breytingu á lögum Bjargráðasjóðs, er feli í sér aukningu á árlegum tekjum hans, t. d. með tvöföldun fastateknanna. Með því verði sjóðnum gert fært að bæta meira en verið hefur óviðráðanleg áföll, t. d. uppskerubrest af náttúruvöldum, þar á meðal af völdum kals, og stórfelld tjón vegna búfjársjúkdóma og annað þess háttar.“

Það hníga að því flest rök að taka þetta mál upp sem endurskoðun bjargráðasjóðslaga. Vandi málsins er ekki sá að finna, hvaða tjón þarf að bæta, heldur er vandinn að finna sanngjarna og örugga tekjuöflunarleið og sanngjarnt og öruggt form fyrir bótagreiðslum. Þessi endurskoðun er engan veginn áhlaupaverk, en hlýtur að taka nokkurn tíma og því nauðsynlegt, að það verk verði hafið sem fyrst.

Sjálfsagt er, að ýmsar sérstofnanir landbúnaðarins verði kvaddar til við undirbúning málsins.

Nd. 390. Frumvarp til laga [185. mál]

um skattfrelsi vinninga í happdrætti Styrktarfélags vangefinna o. fl.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. marz.)

1. gr.

Árið 1963 skulu vinningar í happdrættum eftirtalinna félaga vera undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum nema eignarskatti:

Styrktarfélags vangefinna,
Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra,
Sjálfsbjargar — landssambands fatlaðra,
Krabbameinsfélags Íslands og sambandsfélaga þess,
Blindrafélagsins,
Geðverndarfélags Íslands.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 391. Frumvarp til laga [108. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 12. marz.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Orla Preben, landbúnaðarverkamaður, Teigi í Mosfellssveit, f. í Danmörku 29. janúar 1939.
2. Benke, Veronika Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 6. apríl 1940.
3. Bischoff, Ingeburg (Eiríksson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. júní 1928.
4. Bjartmars, Kirsten Fritzie, f. Mortensen, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 6. maí 1933.
5. Csillag, Erzsébet Eszter, f. Varga, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 1. janúar 1934.
6. Csillag, György, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. maí 1935.
7. Csillag, Józef, járnsmiður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 2. júní 1934.
8. Csillag, Rozália, f. Szatmári, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rúmeníu 25. nóvember. 1937.
9. Dam, Jörgen Kulmbak, verkamaður, Hraunprýði, Engidal, Garðahreppi, f. í Danmörku 27. febrúar 1937.
10. Einarsson, Lucie, húsmóðir, Bolungarvík, f. í Danmörku 3. september 1936.
11. Fivelsdal, Harald Undertun, bóndi í Dalasýslu, f. í Noregi 15. marz 1940.
12. Frederiksen, Kristian Emil, sjómaður, Akranesi, f. í Reykjavík 3. nóvember 1931.
13. Gottsbacher, Leonilla, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Austurríki 29. apríl 1923.
14. Gærdbo, Finn, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 25. júní 1938.
15. Hansen, Benny Martin, framreiðslumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 13. júní 1931.
16. Hansen, Jörgen Christian, kjötiðnaðarmaður á Selfossi, f. í Danmörku 26. júní 1938.
17. Hegedüs, Béla, sjómaður á Akranesi, f. í Ungverjalandi 12. janúar 1937.

18. Hentze, Carmen Edith Ruth, f. Heinze, húsmóðir í Saltvík á Kjalarnesi, f. í Þýzkalandi 29. janúar 1931.
19. Hentze Jens Paule Konrad, ráðsmaður í Saltvík á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 25. ágúst 1921.
20. Horváth, Gabriella (Þórðarson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 22. júlí 1934.
21. Horváth, József C., bifreiðastjóri í Keflavík, f. í Ungverjalandi 14. júlí 1926.
22. Horváth, Mária T., húsmóðir í Keflavík, f. í Ungverjalandi 7. okt. 1926.
23. Häusler, Margot Helga, hjúkrunarkona í Hólmavík, f. í Þýzkalandi 11. janúar 1937.
24. Jacobsen, Sommer Thorstein, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 22. apríl 1920.
25. Jensen, Aage Christian, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. ágúst 1915.
26. Jensen, Marianne Sjurðadóttir, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 8. september 1934.
27. Joensen, Asbjörg Alfrida, húsmóðir á Efri-Brúnavöllum, Skeiðahreppi, f. í Færeyjum 3. júlí 1936.
28. Joensen, Hans Sigurd, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 4. apríl 1909.
29. Johansen, Jakob Oluf, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 30. júní 1928.
30. Johnsen Langelyth, Sigrún Dagbjört, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Danmörku 8. júlí 1936.
31. Józsa, Eva, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 24. febrúar 1934.
32. Klimits, Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. júní 1930.
33. Klimits, János, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 26. nóvember 1936.
34. Klimits, Lajos, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 16. febrúar 1941.
35. Larsen, Kaj Flemming, verkamaður í Höfn í Hornafirði, f. í Danmörku 29. október 1939.
36. Lau, Betti Meta Frieda Karla, ráðskona í Garðahreppi, f. í Þýzkalandi 26. september 1917.
37. Marten, Margarete Ida Marta (Guðjónsson), húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Þýzkalandi 23. janúar 1932.
38. Mágyár, Ferenc, verkamaður í Ytri-Njarðvík, f. í Ungverjalandi 27. maí 1937.
39. Midjord, Johan Andrew Elmar, sjómaður, Búðum í Fáskrúðsfirði, f. í Færeyjum 27. júlí 1937.
40 Moen, Nils, ráðsmaður í Ölfusi, f. í Noregi 26. febrúar 1932.
41. Munro, Leo, kennari í Reykjavík, f. í Bretlandi 1. ágúst 1925.
42. Niclasen, Niels Jacob, sjómaður, Akureyri, f. í Færeyjum 10. júlí 1933.
43. Nielsen, Bent, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 27. desember 1932.
44. Nissen, Lilja, f. Bjarnadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 20. marz 1912.
45. Nissen, Ursula (Sigurðsson), húsmóðir á Tjörn í Aðaldal, f. í Þýzkalandi 29. janúar 1930.
46. Pal, Joli, saumakona í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 9. maí 1914.
47. Peschel, Max, glerslípunarmaður í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 18. september 1902.
48. Petersen, Jens Arne, sjómaður, Stokkseyri, f. í Færeyjum 15. marz 1943.
49. Reiners, Dora, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. október 1938.
50. Reiss, Margarete Herta, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 26. september 1937.
51. Schmidt, Kjerstine Andrea, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 31. marz 1935.
52. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. febrúar 1913.
53. Schultz, Helene, húsmóðir á Selfossi, f. í Danmörku 11. september 1935.
54. Schulz, Johanna, vökukona á Vífilsstöðum, f. í Þýzkalandi 4. marz 1899.
55. Sólrún Hervör Jónsdóttir, f. Heinesen, verkakona í Neskaupstað, f. í Færeyjum 2. ágúst 1944.

56. Stephensen, Gunnlaugur Hans, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Kanada 12. febrúar 1925.
57. Strömmen, Bjarni Jóhann, barn, Akureyri, f. á Íslandi 13. apríl 1951.
58. Strömmen, Grétar Sævar, barn, Akureyri, f. á Íslandi 23. október 1948.
59. Strömmen, Margrét, barn, Akureyri, f. á Íslandi 19. apríl 1954.
60. Strömmen, Robert, barn, Akureyri, f. á Íslandi 13. marz 1947.
61. Svensson, Ingeborg Lucie Selma (Björnsson), húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 6. desember 1934.
62. Tausen, Tryggvi, matsveinn, Bifröst í Borgarfirði, f. í Færeyjum 19. ágúst 1933.
63. Thomsen, Björk, nemandi í Reykjavík, f. í Danmörku 28. október 1945.
64. Thomsen, Lisa, nemandi í Reykjavík, f. í Svíþjóð 17. júlí 1944.
65. Toftum, Torgrim, landbúnaðarverkamaður á Móum á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 14. ágúst 1940.
66. Töczik, Mihály, verkamaður í Húsavík, f. í Ungverjalandi 25. júlí 1938.
67. Tölgyes, Miklos, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 17. október 1935.
68. Zsibók, Jozsef, verkamaður á Akranesi, f. í Ungverjalandi 12. apríl 1936.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 392. Lög [105. mál]

um breyting á lögum nr. 124 22. des. 1947, um dýralækna.

(Afgreidd frá Nd. 12. marz.)

Samhljóða þskj. 310.

Nd. 393. Breytingartillaga [60. mál]

við frv. til l. um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Frá Einari Olgeirssyni og Birni Fr. Björnssyni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „nýir samningar“ í 3. mgr. og til loka setningarinnar komi: 1. ágúst 1963.

Nd. 394. Nefndarálit [141. mál]

um frv. til laga um Iðnlánasjóð.

Frá meiri hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verði samþykkt óbreytt, en bæði Eðvarð Sigurðsson og Þórarinn Þórarinsson munu flytja breytingartillögur við frv.

Frv. felur aðallega í sér þá breytingu frá gildandi lögum um Iðnlánasjóð, að

honum er ætlað að verða stofnlánasjóður fyrir iðnaðinn í landinu. Lán megi veita úr sjóðnum til véla- og tækjakaupa og til byggingar verksmiðju- og iðnaðarhúsa. Með ákvæðum 5. gr. frv. verða sjóðnum tryggðar verulegar árlegar tekjur auk ríkisframlagsins. Þá er og gert ráð fyrir all-víðtækri lántökuheimild fyrir sjóðinn.

Undirritaðir nefndarmenn mæla með samþykkt frumvarpsins.

Alþingi, 12. marz 1963.

Jónas G. Rafnar, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Matthías Á. Mathiesen.

Nd. 395. Frumvarp til laga [198. mál]

um loftferðir.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

I. KAFLI
Upphafsákvæði.

1. gr.

Loftfar nefnist í lögum þessum hvert það tæki, sem lagað er til að hefja sig á loft eða haldast og hreyfast á lofti og telst að eðlisrökum loftfar.

2. gr.

Loftferðir um íslenzkt yfirráðasvæði (lofthelgi Íslands) eru háðar þeim skilyrðum og takmörkunum, er segir í lögum þessum eða reglum, settum samkvæmt þeim.

3. gr.

Loftfari er rétt að fljúga um íslenzkt yfirráðasvæði, enda hafi það:

a. íslenzkt þjóðerni eða
b. þjóðerni erlends ríkis, sem hefur með sáttmála verið veittur réttur til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði.
c. Þá er sérstakar ástæður eru til, er flugmálaráðherra rétt að veita loftfari, sem eigi er svo farið sem í 1. mgr. segir, heimild til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði með því skilorði, er telja má nauðsynlegt, svo sem til öryggis. Slíkt leyfi má afturkalla, er vill.

4. gr.

Rétt er forseta Íslands að takmarka eða banna loftferðir um tiltekna hluta íslenzks yfirráðasvæðis, enda horfi slík ráðstöfun eindregið til almannaöryggis eða allsherjarreglu.

Þá er brýna nauðsyn ber til, svo sem vegna almannaöryggis, er forseta Íslands rétt að takmarka eða banna loftferðir almennt um íslenzkt yfirráðasvæði.

5. gr.

Lög þessi taka einnig yfir loftferðir íslenzkra loftfara utan íslenzks yfirráðasvæðis, enda mæli hvorki lögin öðruvísi né skipan þessi fari í bág við erlend lög, sem beita skal samkvæmt samningi við erlent ríki eða annars samkvæmt almennum grundvallarreglum laga.

Flugmálaráðherra ákveður, að hve miklu leyti reglur, sem samdar eru samkvæmt lögum þessum, skuli gilda utan íslenzks yfirráðasvæðis.

Ákvæðum IX. kafla skal einnig beita um loftferðir erlends loftfars utan íslenzks yfirráðasvæðis, að því leyti sem það leiðir af millíríkjasamningi eða almennum réttarreglum.

II. KAFLI
Skrásetning, þjóðerni og merking.
Þjóðernisskrásetning.

6. gr.

Flugmálastjórnin skal halda skrá um loftför (þjóðernisskráning).
Um skráning réttinda í loftförum gilda sérstök lög.

7. gr.

Rétt er að skrásetja loftfar hér á landi, þá er íslenzkir aðilar eiga það.
Íslenzkir aðilar teljast:

a. Íslenzka ríkið og stofnanir, sem hlíta stjórn þess.
b. Íslenzk sveitarfélög.
c. Íslenzkir ríkisborgarar.
d. Mannúðarstofnanir, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi.
e. Samtök, sem hlíta fyrirsvari íslenzkra ríkisborgara einna, er þeir hafa aðsetur á Íslandi, enda séu a. m. k. ⅔ samtakamanna íslenzkir ríkisborgarar.
f. Hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara einna, er aðsetur hafa á Íslandi, enda eigi íslenzkir ríkisborgarar eða aðrir, sem verða samkvæmt grein þessari settir á bekk með þeim, hlutabréf, er samsvari tveimur þriðju hlutafjár, og fari á aðalfundum hlutafélaga með a. m. k. tvo þriðju allra atkvæða.
g. Önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, enda séu tveir þriðju hlutar félaga íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim, félagið eigi heimilisfang á Íslandi og hlíti stjórn íslenzkra ríkisborgara, búsettra þar.
h. Félög með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenzkir ríkisborgarar eða aðilar, sem samkvæmt grein þessari eru settir á bekk með þeim.

Flugmálaráðherra er rétt, þá er mjög mikilvægar ástæður eru til, að leyfa, að loftfar, sem heimastöð hefur á Íslandi og er í stöðugri notkun, megi skrá hér á landi, þótt eigandi þess fullnægi eigi skilyrðum 1. mgr. a—g.

8. gr.

Loftfar, sem skrásett er erlendis, verður eigi skrásett hér á landi, fyrr en það hefur verið strikað af erlendri skrá.

Nú hvíla á loftfari skráð réttindi, sem meta skal gild hér á landi samkvæmt samningi við erlent ríki, og verður loftfarið eigi tekið á íslenzka skrá, nema réttarhöfum hafi verið gerð full skil, þeir samþykki flutninginn eða réttindin séu niður fallin við nauðungarsölu.

9. gr.

Loftfar skal eigi skrásetja, nema það hafi lofthæfisskírteini, sem stjórn loftferðamála hefur gefið út eða metið gilt.

10. gr.

Skrásetja skal loftfar samkvæmt skriflegri umsókn eiganda þess. Umsókn skal geyma skýrslur, sem nauðsynlegar eru til skrásetningar, og henni skulu fylgja skilríki fyrir því, að umsækjandi sé eigandi loftfarsins, hvenær og af hverjum það er smíðað og svo að skilyrðum 7.—9. gr. sé fullnægt. Nú er eignarréttur umsækjanda bundinn skilyrðum eða takmörkunum, sem leitt geta til þess, að eignarrétturinn flytjist til annars aðila, og skal geta þess í umsókn.

Nú gerir umsækjandi sennilegt, að hann sé eigandi, en tekst eigi að leiða fullnægjandi sönnur að eignarheimild sinni, og er skrásetjara rétt að beiðni hans að birta opinberlega áskorun til þess, er kann að telja sig eiganda, að gefa sig fram, áður en liðinn er frestur, er eigi má vera styttri en tveir mánuðir. Ef enginn gefur sig fram, er skrásetjara rétt að viðurkenna eignarheimild umsækjanda.

11. gr.

Nú eru að dómi skrásetjara skilyrði skrásetningar fyrir hendi, og skrásetur hann loftfar og lætur því í té skrásetningarmerki.

Á skrá skal setja:

a. Þjóðernismerki og skrásetningarmerki loftfars.
b. Nauðsynlega skýrslu um annað það, er einkennir loftfar.
c. Skýrslu um eiganda og eignartöku hans á loftfari og, sé því að skipta, skilyrði og hömlur, sem greindar eru í 1. mgr. 10. gr.
d. Tilvísun til lofthæfisskírteinis handa loftfari.
e. Dag og ár skrásetningar.
f. Aðrar skýrslur eftir ákvörðun flugmálaráðherra.

12. gr.

Nú verða eftir skrásetningu eigandaskipti að loftfari að nokkru eða öllu, eigandi þess breytir þjóðerni sínu eða gerð er breyting á loftfarinu, sem máli skiptir um kennsl á því, og skal eigandi tafarlaust tilkynna skrásetjara breytinguna ásamt nauðsynlegum skýrslum og skilríkjum. Með sama hætti skal með fara, þá er eigandi fullnægir eigi lengur skilyrðum 7. gr.

Nú verða með samningi eigandaskipti að loftfari að nokkru eða öllu, og hvílir tilkynningarskylda einnig á afseljanda. Nú fer eignartaka á loftfari fram fyrir nauðungarsölu, beina fógetaaðgerð, gjaldþrot eða opinber skipti, og hvílir slík skylda á fógeta eða skiptaráðanda (skiptaforstjóra).

Skrásetjari skal skrá breytingu og geta, eftir því sem þörf er, ákvæða 10. og 11. gr. eða, beri atvik undir 13. og 14. gr., strika loftfar af skrá eða gera athugasemd á blað þess.

13. gr.

Loftfar skal strika af skrá, þá er:

a. þess er krafizt af þeim, sem skráður er eigandi þess;
b. skilyrðum 7. gr. er eigi lengur fullnægt, enda veiti flugmálaráðherra eigi leyfi til, að skráning loftfarsins haldist;
c. loftfar er rifið eða það hefur eyðilagzt;
d. loftfar er horfið. Loftfar telst horfið, þá er liðnir eru þrír mánuðir frá því síðasta flug hófst, og eigi er vitað, að það sé enn óskaddað.

Nú hefur að hendi borið eitthvert þeirra tilvika, sem nefnd eru í b—d þessarar greinar, og skal eigandi loftfars tafarlaust tilkynna það skráningaryfirvöldum, enda sé það eigi þegar gert samkvæmt 12. gr.

Nú hefur loftfar í þrjú ár eigi haft gilt lofthæfisskírteini, og má strika það af skrá, enda afli eigandi eigi slíks skírteinis, áður en liðinn er frestur, sem skrásetningaryfirvöld setja honum.

14. gr.

Nú er skráð haft á loftfari, og skal eigi fella loftfar niður af þjóðernisskrá, nema réttmætt samþykki. Í þess stað skal gera í skránni athugasemd um það tilvik, sem leiða hefði átt til niðurfellingar af skrá. Slík athugasemd hefur engin áhrif á haftið, en hefur að öðru sömu verkun sem afmáning af skrá.

Nú er loftfar fellt af þjóðernisskrá eða í hana er skráð slík athugasemd, sem í 1. mgr. getur, og skal tilkynna það til réttindaskrár.

15. gr.

Nú er skráð loftfar selt gegn afborgun og eignarréttarfyrirvara, og skal tilkynna skrásetjara tafarlaust samninginn. Tilkynningarskylda hvílir bæði á eiganda og kaupanda.

Skrásetjari skal skrá málavexti.

Nú er loftfar, sem skráð er hér á landi, látið um óákveðinn tíma eða eigi skemmri tíma en 14 daga í forræði leigutaka eða annars, sem notar það á sinn kostnað, og er hvorum samningsaðila rétt að tilkynna þetta skrásetjara, sem skráir umráðin.

16. gr.

Nú lætur íslenzkur aðili smíða á sinn kostnað loftfar erlendis eða fær þar eignarheimild í loftfari og fullnægt er skilyrðum 7. og 8. gr. til skrásetningar, og má samkvæmt umsókn hans skrá loftfarið til bráðabirgða í sérstakri deild loftfaraskrárinnar eftir nánari reglum, sem flugmálaráðherra setur.

17. gr.

Nú er loftfar í smíðum hér á landi, og má skrá það að beiðni eiganda þess til bráðabirgða í sérstakri deild loftfaraskrár, enda sé smíði þess komin á það stig, að þekkja má deili á því og eigandi fullnægir skilyrðum 7. gr.

18. gr.

Nú hefur loftfar verið skráð til bráðabirgða samkvæmt 16. eða 17. gr., og taka þá ákvæði 12.—15. gr. yfir það, eftir því sem við á. Nú verður slíkt loftfar skráð fullnaðarskráningu, og skal fella niður skráningu þess í hinni sérstöku deild, og höft, er getið var, skulu skráð að nýju á blaði þess í skránni.

19. gr.

Þjóðerni loftfara.

Nú er loftfar skráð samkvæmt 11. gr., og hlýtur það íslenzkt þjóðerni.

Skrásetjari gefur út þjóðernis- og skrásetningarskírteini handa loftfarinu.

20. gr.

Nú er loftfar fellt niður af skrá eða athugasemd gerð eftir 14. gr., og skal eigandi loftfarsins eða fyrri eigandi þess, sé það komið í eigu erlends aðila, tafarlaust senda skrásetjara þjóðernis- og skrásetningarskírteinið. Nú er annars færð á skrána einhver breyting á þeim atriðum, sem getur í skírteininu, og skal eigandinn án tafar senda skrásetjara skírteinið, sem getur breytingarinnar á skírteininu eða gefur út nýtt skírteini í stað hins.

21. gr.

Nú hefur loftfar verið skrásett til bráðabirgða samkvæmt 16. og 17. gr., og skal gefa út handa því bráðabirgða þjóðernis- og skrásetningarskírteini eftir nánari reglum, sem flugmálaráðherra setur.

Loftfarið hefur íslenzkt þjóðerni, meðan skírteinið heldur gildi sínu.

22. gr.

Í íslenzku loftfari, sem er í flugferðum samkvæmt lögum þessum, skal vera þjóðernis- og skrásetningarskírteini þess, er fullnægi reglum þessa kafla. Í erlendu loftfari skal, þá er það er á íslenzku yfirráðasvæði, vera þjóðernis- og skrásetningarskírteini þess eða samsvarandi skilríki frá erlendu ríki, sem samið hefur um rétt til flugferða um íslenzkt yfirráðasvæði.

Nú er loftfari samkvæmt c-lið 3. gr. veitt sérstakt leyfi til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði, og gilda um það reglur, er flugmálaráðherra setur.

23. gr.

Merking loftfara.

Nú hefur loftfar verið tekið á þjóðernisskrá samkvæmt 11., 16. eða 17. gr., og skal merkja það íslenzku þjóðernismerki og svo skrásetningarmerki því, sem því er úthlutað. Merki þessi skal loftfarið bera, meðan skrásetning þess er í gildi.

Nú á loftfar heima í erlendu ríki, sem samið hefur um rétt til flugferða á íslenzku yfirráðasvæði, og skal loftfarið í slíkum flugferðum vera merkt samkvæmt þeim reglum, er gilda í heimalandi þess.

Loftfar, sem leyfð er notkun þess samkvæmt c-lið 3. gr., skal merkja eftir reglum, sem flugmálaráðherra setur.

III. KAFLI
Um lofthæfi.

24. gr.

Loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal vera lofthæft.

Loftfar er einungis þá lofthæft, er það er þannig saman sett, smíðað, útbúið og því við haldið og það hefur þá flugkosti, að kröfum um öryggi er fullnægt.

25. gr.

Flugmálastjórnin framkvæmir skoðun á loftförum og hefur eftirlit með því, að loftför, sem notuð eru til flugferða eftir lögum þessum, séu lofthæf.

Flugmálastjórninni er rétt að láta íslenzkan eða erlendan kunnáttumann, er hún skipar til þess, og svo erlent stjórnvald framkvæma skoðun og eftirlit.

26. gr.

Nú er með skoðun eða á annan hátt sannreynt, að loftfar sé lofthæft, og gefur flugmálastjórnin út lofthæfisskírteini handa loftfarinu. Gefa má skírteini út til tiltekins tíma, og takmarka má það við loftferðir tiltekinnar tegundar eða á tilteknu svæði. Rétt er flugmálaráðherra að kveða svo á, að taka skuli upp í skírteinið eða sérstakt skjal, er skírteininu fylgi, leiðbeiningar um notkun loftfarsins, enda teljist það einungis þá lofthæft, er leiðbeiningunum er fylgt.

Lofthæfisskírteini skal samkvæmt umsókn endurnýja, enda sé loftfarið lofthæft samkvæmt gildandi ákvæðum, þá er endurnýja skal. Nú framkvæmir íslenzkur eða erlendur kunnáttumaður skoðun eða erlend yfirvöld samkvæmt 2. mgr. 25. gr., og er flugmálastjórninni rétt að fela aðila þeim, er skoðun framkvæmir, að endurnýja lofthæfisskírteini.

27. gr.

Íslenzkt loftfar, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, skal til sannindamerkis um lofthæfi sitt hafa lofthæfisskírteini, sem sé gefið út eða staðfest af flugmálastjórninni.

Erlent loftfar skal í loftferðum um íslenzkt yfirráðasvæði hafa annað tveggja slíkt skírteini eða lofthæfisskírteini, sem hefur verið út gefið eða staðfest í erlendu ríki, sem samið hefur verið við um viðurkenningu þess háttar skírteinis hér á landi.

Flugmálaráðherra er rétt að veita loftfari, sem eigi hefur lofthæfisskírteini samkvæmt 1. eða 2. mgr., sérstakt leyfi til loftferða á íslenzku yfirráðasvæði. Slíkt leyfi má taka aftur, ef vill.

28. gr.

Nú lætur flugmálaráðherra eigi öðruvísi mælt, og verður íslenzkt lofthæfisskírteini ógilt:

a. Þá er eigi hefur verið framkvæmd fyrirskipuð skoðun á loftfari.
b. Þá er gerð hefur verið slík breyting á loftfari og búnaði þess, að máli getur skipt um lofthæfi þess.
c. Þá er loftfar eða búnaður þess hefur orðið fyrir spjöllum, sem einsýnt er, að máli skiptir um lofthæfi þess.

Flugmálaráðherra er annars rétt að ógilda lofthæfisskírteini, þá er einhver þau atvik verða, sem skipta að dómi hans máli um lofthæfi loftfars.

Í tilviki því, er í stafl. c greinir, helzt ógildingin, unz bætt er úr spjöllum samkvæmt reglum, er ráðherra setur. Annars helzt ógildingin, unz flugmálastjórnin lýsir loftfar lofthæft.

Nú er lofthæfisskírteini ógilt, og er flugmálastjórninni rétt að heimta það til sín.

29. gr.

Ákvæði 26. og 28. gr. um íslenzkt lofthæfisskírteini skulu með tilsvarandi hætti eiga við um staðfestingu flugmálastjórnar á erlendu lofthæfisskírteini og svo um endurnýjun og ógildingu slíkrar staðfestingar.

30. gr.

Eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars, sem notað er til loftferða samkvæmt lögum þessum, ber ábyrgð á því, að loftfarið sé lofthæft og að því fylgi gilt lofthæfisskírteini.

Nú ber við eitthvað það, sem máli skiptir um lofthæfi, og skal eigandi eða umráðandi loftfars samkvæmt reglum, er flugmálaráðherra setur, tilkynna það, svo fljótt sem verða má, flugmálastjórninni og veita henni alla þá vitneskju, sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu.

31. gr.

Flugmálastjórninni og svo kunnáttumanni þeim eða yfirvaldi, er í 26. gr. getur, er heimill aðgangur að hverju því loftfari, sem notað er til loftferða eftir lögum þessum, og rétt er nefndum aðilum að framkvæma hverja þá rannsókn á loftfarinu og búnaði þess, sem þeir telja nauðsynlega við skoðun og eftirlit. Sömu aðilum er í þessu skyni rétt að krefja eiganda, umráðanda (notanda) og áhöfn loftfars þeirrar aðstoðar, sem þörf er. Þeim er þannig rétt að krefjast þess, að loftfarið sé haft tiltækt til skoðunar, það affermt og prófflug og önnur próf framkvæmd.

Rannsókn samkvæmt grein þessari skal framkvæma með þeirri nærgætni, sem kostur er.

32. gr.

Nú þykir rétt að prófa kosti loftfars eða séu aðrar sérstakar ástæður til, og er flugmálastjórninni rétt eftir nánari reglum, er flugmálaráðherra setur, að veita undanþágu frá ákvæðum þessa kafla og reglum, settum samkvæmt þeim.

33. gr.

Rétt er flugmálaráðherra að ákveða, að smíði loftfara, búnaðar, tækja og varahluta þeirra og svo nánar tiltekin störf við viðhald, viðgerðir og breytingar á loftförum, búnaði, tækjum og varahlutum þeirra skuli einungis falin verkvísum mönnum, sem sérstaklega eru til slíks starfs löggiltir, eða fyrirtækjum, sem til starfans setja verkvísa og löggilta menn.

IV. KAFLI

Áhöfn.

34. gr.

Hvert það loftfar, sem notað er til loftferða lögum þessum samkvæmt, skal hafa áhöfn, svo að tryggilegt sé.

Flugmálaráðherra setur nánari reglur um áhöfn.

Eigandi eða umráðandi (notandi) loftfars ábyrgist, að það sé réttilega áhöfn skipað.

35. gr.

Flugmálastjórnin hefur eftirlit með því, að ákvæðin um áhöfn séu haldin. Rétt er henni að láta íslenzkan eða erlendan kunnáttumann og svo erlent yfirvald framkvæma eftirlitið.

36. gr.

Flugmálaráðherra ákveður, hverjum skilyrðum flugverjar, er í loftfari starfa, skuli fullnægja um ríkisfang, aldur, líkamlegt og andlegt hæfi, reglusemi, menntun og þjálfun.

37. gr.

Flugmálastjórnin gefur út skírteini flugstjóra og þeirra annarra flugverja, sem flugmálaráðherra kveður á um, enda leiði sá, er í hlut á, sönnur að því, að hann fullnægi skilyrðum til að rækja starfann.

Skírteini má binda við loftferðir loftfara tiltekinnar tegundar eða loftferðir á tilteknu svæði.

Skírteini skal gefa út til tiltekins tíma, og það skal eftir umsókn endurnýja til tiltekins tíma, enda fullnægi handhafi þess lögmæltum skilyrðum til starfans á endurnýjunarstundu.

Rétt er að synja skírteinis þeim manni, sem dæmdur hefur verið fyrir refsiverða hegðun, er veitir ástæðu til að ætla, að hann misfari með skírteinið.

38. gr.

Nú hefur maður á hendi starfa í loftfari, slíkan sem greinir í 37. gr., og skal hann sanna heimild sína til hans með skírteini, sem flugmálastjórnin hefur gefið út eða staðfest, eða skírteini, sem út er gefið eða staðfest af erlendu ríki, sem samið hefur verið við um viðurkenningu á þess háttar skírteini.

Nú hefur maður á hendi starfa á íslenzku loftfari í milliríkjaflugi, og skal hann hafa skírteini, sem út er gefið eða staðfest af flugmálastjórninni.

Flugmálastjórninni er rétt að synja viðurkenningar á skírteini, sem annað ríki hefur veitt íslenzkum ríkisborgara, að því er tekur til loftferða yfir íslenzku yfirráðasvæði.

Flugmálastjórninni er, án tillits til ákvæða 1. mgr., rétt að veita sérstakt leyfi til starfa í loftfari. Afturkalla má slíkt leyfi hvenær sem er.

39. gr.

Flugmálastjórninni er rétt að ógilda íslenzkt skírteini fyrir óliðinn gildistíma þess eða hluta hans, þá er skírteinishafi fullnægir eigi lengur skilyrðum til þess starfa, sem skírteinið varðar.

Nú þykir flugmálastjórninni ástæða til að ætla, að efni séu til þess að ógilda skírteini samkvæmt 1. mgr., og er henni rétt að fella skírteinið úr gildi um stundarsakir, unz útkljáð er, hvort skírteinið skuli ógilda að fullu.

Nú er skírteini ógilt eða fellt úr gildi um stundarsakir samkvæmt ákvæðum greinar þessarar, og skal skila flugmálastjórninni skírteininu.

40. gr.

Ákvæði 37. og 39. gr. um útgáfu, endurnýjun og ógilding skírteinis skulu með samsvarandi hætti taka yfir staðfestingu flugmálastjórnarinnar á erlendum skírteinum og svo endurnýjun og ógildingu slíkrar staðfestingar.

41. gr.

Nú hefur maður skírteini, sem flugmálastjórnin hefur gefið út eða gilt metið, og skal hann, svo fljótt sem verða má, tilkynna henni atriði, sem máli skipta, er meta skal, hvort hann fullnægi áfram skilyrðum til starfans. Honum er skylt, hvenær sem er, að gangast undir þá rannsókn og þau próf, sem flugmálastjórnin telur nauðsynleg.

Ákvæði 83. gr. frumvarpsins bindur leyfi til loftferða innanlands, reglubundinna eða í fjárafla skyni, því skilyrði, að leyfishafi fullnægi skilyrðum til skrásetningar á loftfari, þeim er í 7. gr. getur. Rétt er flugmálaráðherra þó að bregða af þessu, þá er alveg sérstaklega stendur á.

Sjá refsiákvæði 153. gr.

Um 8. gr.

Í 18. gr. Chicago-sáttmálans er svo kveðið á, að loftfar megi eigi standa á skrá, nema í einu ríki. Loftfar hlýtur þjóðerni þess ríkis, þar sem það stendur á skrá. Það og áhöfn þess hlítir fyrst og fremst lögum heimaríkisins.

Ákvæði 2. mgr. 8. gr. eru í samræmi við ákvæði 9. gr. sáttmála, sem gerður var í Genf 19. júní 1948 um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum. Ísland undirritaði sáttmála þenna á sínum tíma, en hefur eigi fullgilt hann. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. geyma lagaheimild til framkvæmdar á 9. gr. Genfarsáttmálans eða öðru slíku sáttmálaákvæði, ef fullgilt verður.

Nú er beiðzt hér á landi skrásetningar á loftfari, er áður hefur verið skrásett í öðru ríki, og ber hinum íslenzka skrásetjara þá að krefjast embættisvottorðs frá hinum erlenda skrásetjara um, að loftfarið hafi verið fellt þar af skrá. Svo ber og að krefjast vottorðs hins erlenda skrásetjara eða annars bærs stjórnvalds erlendis um niðurfall réttinda, sem á loftfari hafi hvílt.

Um 9. gr.

Um ákvæði greinar þessarar þarf eigi að fjölyrða, en rétt er að benda á, að með 155. gr. frumvarpsins er lögð refsing við því að nota loftfar, sem eigi er lofthæft, og gildir sú regla, hvort sem loftfar er skrásett eða eigi, og skv. 157. gr. frumvarpsins varðar það refsingu að nota loftfar til loftferða, þá er eigi er fyrir hendi lögmælt trygging, er það varðar skv. 136. gr.

Um 10. gr.

Samkvæmt 10. gr. frumvarpsins er eiganda loftfars einum rétt að æskja skráningar, enda ber honum að sanna eignarrétt sinn til loftfarsins. Frá valdstjórnar-

sjónarmiði skiptir það miklu, að loftför þau, sem skrásett eru sem eign íslenzkra aðilja, séu það í raun og veru, þar sem valdstjórninni ber að hafa sérstakt eftirlit með lofthæfi þeirra og áhöfn og hlýðni þeirra við settar reglur, bæði íslenzkar og alþjóðlegar. Frumvarpið geymir eigi reglur um, með hverjum hætti aðilja ber að sanna eignarrétt sinn til loftfars, en rétt er flugmálaráðherra samkvæmt 188. gr. frumvarpsins að setja reglur, er hér að lúta. Í 7. gr. laga nr. 32/1929 segir m. a.: Í skrásetningarbeiðni skal taka fram nafn og heimili eiganda, enn fremur starfsgrein loftfarsins og annað það, er ráðuneytið kann að krefjast. Skráningarbeiðni skal fylgja yfirlýsing um, hvort loftfarið hafi verið skrásett í öðru ríki. Reglur þessar má hafa til hliðsjónar. En nauðsyn ber til að rannsaka heimildir skráningarbeiðanda gaumgæfilega. Afla þarf t. d. vættis starfsmanna eiganda, ef hann hefur sjálfur staðið fyrir smíði loftfarsins, en annars kaupsamnings og smíðasamnings ásamt kvittunum fyrir greiðslu kaupverðs, ef eigandi hefur látið smíða loftfarið. Nú hefur ætlaður eigandi keypt loftfarið fullbúið, og verður þá að rannsaka heimildir seljenda eða sannindaskjöl þeirra (legitimation), ef því er að skipta. Ef loftfarið hefur áður verið skrásett erlendis, myndi oft nægja sönnun fyrir því, að sá, er síðast var skráður eigandi erlendis, hafi selt skrásetningarbeiðanda loftfarið. Stundum er skrásetningarbeiðanda eigi unnt að sanna eignarrétt sinn með framangreindum hætti, hann hefur t. d. keypt loftfarið úr úrgangsbirgðum erlendrar herstjórnar, og er skrásetjara þá rétt að birta opinberlega áskorun til þess, sem kann að telja sig eiganda, að gefa sig fram, áður en liðinn er frestur, sem eigi má vera styttri en tveir mánuðir. Nú gefur enginn sig fram, og er skrásetjara rétt að viðurkenna eignarheimild beiðanda, enda geri hann sennilegt, að hann sé eigandi.

Sú meðferð, sem nú var lýst, fellir í sjálfu sér eigi úr gildi rétt þriðja manns, sem kynni að eiga tilkall til loftfarsins, og kynni hann allt að einu að geta haft uppi brigða-kröfu, en hún getur síðar fallið niður, er skráður aðili ráðstafar loftfarinu.

Í 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins er svo mælt, að geta skuli í skrásetningarbeiðni um eignarréttarfyrirvara og önnur slík höft, er hvíla kunna á loftfari. Ef eignarréttur er áskilinn, unz kaupverð er greitt til erlends aðilja, þarf beiðni hans um skrásetningu að liggja fyrir, og má þá skrásetja loftfarið samkvæmt undanþáguheimildinni í 7. gr. i. f. frumvarpsins, enda sé loftfarið fellt af skrá erlendis. Sjá 15. gr. frumvarpsins og athugasemdir við hana.

Ákvæði 153. gr. leggur refsingu við því að gefa rangar eða ófullnægjandi skýrslur, þá er loftfar er tilkynnt til skráningar.

Um 11. gr.

Í 8. gr. laga nr. 32/1929 eru rakin þau atriði, sem á skrá skal setja. Í 11. gr. frumvarpsins eru sams konar atriði talin upp. Eru þau mörg hin sömu í frumvarpinu og í lögunum. Nýtt er það í frumvarpinu, að flugmálaráðherra er veitt heimild til að láta skrásetja fleiri skýrslur en krafizt er beinum orðum. Fellt er niður það skilyrði, að tölumerki loftfars sé skrásett. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 32/1929 skal skrásetningarbeiðni fylgja sönnun fyrir, að vátryggt sé samkvæmt 34. gr. laganna, til tryggingar skaðabótagreiðslum, og samkvæmt 8. gr. þeirra laga skal skrásetja athugasemd um vátrygginguna. Þessi skilyrði hafa nú verið felld niður. Ákvæði um vátryggingu til tryggingar skaðabótum eru í 136. gr. frumvarpsins.

Vátrygging er samkvæmt því notkunarskilyrði, en eigi skrásetningar. Það varðar eiganda loftfars eða umráðanda refsingu samkvæmt 157. gr., ef hann notar loftfar til loftferða, þótt eigi sé fyrir hendi lögmælt trygging, er það varðar, samkvæmt 136. gr.

Um 12. gr.

Grein þessi kemur í stað 9. gr. laga nr. 32/1929. Svo sem sagt hefur verið, er eigi mælt í frumvarpinu, að loftför skuli skrásetja. En loftfar fær eigi íslenzkt þjóðerni fyrr en það er skrásett. Af því leiðir samkvæmt 3. gr. frumvarpsins, að óskrá-

sett loftfar má eigi fljúga yfir íslenzkt yfirráðasvæði nema samkvæmt sérstöku leyfi. Brot gegn þessari reglu varðar refsingu samkvæmt 152. gr.

Annað mál er það, að frumvarpið krefst þess, að það sem skráð er, sé rétt og satt, eigi einungis þá er skráning fer fram, heldur og síðar. Það skiptir valdstjórnina og einstaklinga meginmáli, að skrásetningarskírteini loftfars geymi hverju sinni sannar og glöggar skýrslur, sbr. einnig 29. gr. Chicago-sáttmálans. Er því í 12. gr. frumvarpsins lögð skylda á alla aðilja, bæði einkaaðilja og opinbera starfsmenn, að tilkynna skrásetjara breytingar, sem verða á eignarheimild að loftfari, þjóðerni eiganda þess, útliti loftfars, sem skiptir máli um kennsl á því, o. s. frv. Brot gegn þessu varðar refsingu samkvæmt 153. gr. frumvarpsins. Skrásetjara ber að rannsaka allt, sem að þessu lýtur.

Um 13. gr.

Grein þessi kemur í stað 10. gr. laga nr. 29/1932. Nýmæli er það, að loftfar skal strika af skrá samkvæmt beiðni eiganda þess. Er það í samræmi við þá stefnu frumvarpsins, að eigi er skylda að skrásetja loftför eftir frumvarpinu. En hér við eiga ákvæði 14. gr., að eigi skal fella loftfar af skrá, nema sá, sem veð eða annað haft á í loftfari, samþykki.

Beiðni um afskráningu verður að berast frá eiganda loftfars. Nú hefur loftfar verið keypt með áskildum eignarréttarfyrirvara, unz kaupverð er greitt, og skráning verið framkvæmd um það samkvæmt 7. gr., síðustu mgr,. 10. gr. og 15. gr., og ber þeim, er selur þannig, að standa að beiðninni með kaupanda.

Í b-lið 13. gr. er nýmæli þess efnis, að flugmálaráðherra er rétt að leyfa loftfari að haldast á skrá, þótt það fullnægi eigi lengur skilyrðum til að standa þar, t. d. þá er eigandi hefur misst íslenzkt ríkisfang, en heldur heimilisfesti sinni á Íslandi áfram, meira en ⅓ hlutafjár er eign útlendinga, o. fl. Rétt væri flugmálaráðherra að setja reglur um þessi efni skv. 188. gr. frumvarpsins.

Þá er tilvik þau, sem greinir í b—d, eru fyrir hendi, skal eigandi tilkynna það skráningaryfirvöldum, og ber þeim þá að strika loftfar af skrá.

Rétt er að geta þess, að skv. síðustu mgr. 13. gr. er aðilja veittur nokkur frestur til að gera loftfar lofthæft að nýju, þá er lofthæfisskírteini það, er fyrir hendi var við skráningu skv. 9. gr., er úr sér gengið.

Athuga ber ákvæði 20. gr. um skyldu eiganda eða fyrri eiganda, ef loftfar er selt úr landi, til að senda skrásetjara þjóðernis- og skrásetningarskíreini, þá er eigandaskipti hafa orðið að loftfari eða breytingar hafa orðið á skráðum atriðum. Sjá refsiákvæði 153. gr.

Um 14. gr.

Í 14. gr. segir, að eigi skuli fella loftfar niður af þjóðernisskrá, sé skráð haft á því, nema rétthafi samþykki. Með skráðu hafti er átt við veð fyrir fjárkröfu, afnotarétt, rétt kaupanda, er keypt hefur loftfarið að áskildum eignarréttarfyrirvara, enda séu réttindin skráð. Í stað niðurfellingar af skrá skal gera athugasemd um það tilvik, sem leiða hefði átt til niðurfellingar, og hefur athugasemdin sömu verkun sem afmáning af skrá að öðru en því, að haftið helzt. Þessar reglur eru settar með hliðsjón af ákvæðum 9. gr. og 2. mgr. 11. gr. Genfar-sáttmálans frá 19. júní 1948, um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum. Athuga einnig ákvæði 20. gr. frumvarpsins.

Um 15. gr.

Ákvæði greinar þessarar fjallar fyrst og fremst um sölu íslenzks skrásetts loftfars, þá er það er selt með eignarréttarfyrirvara.

Nú er loftfar keypt að áskildum eignarrétti seljanda, unz kaupverð er greitt, og ber að líta á seljanda sem eiganda, að því er skrásetningu varðar. Ef loftfar er keypt af erlendum eiganda, að áskildum eignarrétti hans, er ráðherra rétt, fullnægi kaupandi ákvæðum 7. gr., að veita leyfi skv. 7. gr. i. f. til að skrásetja loftfarið hér á landi, en fella verður það þá af skrá erlendis, hafi það verið þar á skrá áður.

Flugmálastjórnin ber allvíðtæka ábyrgð á því, að íslenzk skrásett loftför fullnægi settum reglum um lofthæfi, áhöfn, umferð í lofti, vátryggingu o. fl. Umráðanda loftfars ber því samkv. frumvarpinu að gefa flugmálastjórninni margs konar skýrslur og hlíta fyrirmælum hennar. Mörg ákvæði frumvarpsins taka þannig til leigutaka loftfars, t. d. 30., 31., 34., 132., 136., 137., 143., 152., 155., 157., 165. og 182. gr., sjá einnig 22., 43., 91. og 92. gr.

Ákvæði 15. gr. um skrásetningu eignarréttarfyrirvara og leigu miða að því að tryggja, að flugmálastjórnin hafi glöggva vitneskju um, hver er umráðandi skrásetts loftfars.

Samkvæmt 3. gr. sáttmála, sem undirritaður var í Róm 7. október 1952, um tjón, sem erlend loftför valda þriðja aðila á jörðu niðri, ber leigusali eigi ábyrgð ásamt leigutaka, þá er leigutími er lengri en 14 dagar. Ákvæði 15. gr. frumvarpsins taka tillit til þessa ákvæðis sáttmálans, þótt Ísland sé enn eigi orðið aðili að honum.

Sjá refsiákvæði 153. gr.

Um 16. gr. — sbr. 21. gr.

Þá er loftfar er smíðað erlendis skv. pöntun íslenzks aðilja eða hann eignast það erlendis, ber nauðsyn til, að honum sé rétt að skrásetja það til bráðabirgða, áður en því er flogið til Íslands, enda verður því skv. 17.—21. og 29. gr. Chicago-sáttmálans eigi flogið ríkja á milli, nema það hafi þjóðernis- og skráningarskírteini. Hinn íslenzki aðili verður að geta tryggt rétt sinn til loftfarsins erlendis, veðsett það, ef því er að skipta, og flogið því ríkja á milli, áður en það kemur til Íslands. Hins vegar er eigi rétt, að fullnaðarskráning fari fram, fyrr en flugmálastjórnin hefur kannað loftfarið og allar aðstæður til hlítar. Rétt er því að skrásetja slíkt loftfar til bráðabirgða skv. umsókn eiganda þess. Flugmálaráðherra væri skv. 21. gr. og 188. gr. rétt að veita skrásetningarstjóra heimild til að fela stjórnmálalegum sendimanni Íslands erlendis að gefa út bráðabirgðaskrásetningar- og þjóðernisskírteini að fengnum nauðsynlegum skilríkjum um hæfi loftfars og áhafnar og um rétt umsækjanda skv. 7. gr. til að skrásetja loftfarið, enda sé það eigi á skrá loftfars erlendis. Sjá refsiákvæði 153. gr.

Um 17. gr. — sbr. 21. gr.

Nú lætur maður smíða loftfar hér á landi, og getur það skipt hann máli að skrásetja það sem fyrst, t. d. þá er hann vill veðsetja það fyrir smíðakostnaði. Slíkt loftfar verður þó eigi skráð til bráðabirgða, fyrr en smíði þess er komið það áleiðis, að ótvíræð kennsl verða á það borin. Eigi ber þó nauðsyn til að gefa út þjóðernisskírteini handa því, fyrr en það er tilbúið til loftferða. Sjá refsiákvæði 153. gr.

Um 18. gr.

Nú er loftfar skráð til bráðabirgða og breytingar verða, þær er um ræðir í 12.—15. gr., loftfarið er t. d. selt að nýju erlendis, og skal beita ákvæðum 12.—15. gr., eftir því sem við á.

Þá væri skrásetjara og rétt að fella af skrá loftfar, sem skráð er til bráðabirgða, ef eigi er sótt um fullnaðarskrásetningu, áður en hæfilegur tími er liðinn. Flugmálaráðherra væri rétt að setja um þetta tilvik reglur skv. 188. gr. Gæta ber þess, að eigi séu á íslenzkri skrá loftför, er eigi hafa íslenzkt þjóðerni, þótt Íslendingar eigi þau. Sjá refsiákvæði 153. gr.

Um 19. gr.

Ákvæði 17.—21. gr. Chicago-sáttmálans fjalla um skráningu loftfara. Loftför skulu hafa þjóðerni þess ríkis, þar sem þau eru skrásett. Réttarstaða loftfara fer fyrst og fremst að lögum skrásetningar- og heimaríkis þeirra. Þau njóta verndar síns ríkis og það ber að alþjóða lögum ábyrgð á þeim. Í samræmi við þessa meginreglu segir í 19. gr. frv., að loftfar hljóti íslenzkt þjóðerni, þá er það hefur verið skrásett hér á landi skv. 11. gr. Enn segir, að skrásetjari gefi út þjóðernis- og skráningarskírteini handa loftfari.

Í 29. gr. Chicago-sáttmálans er svo mælt, að loftför sáttmálaríkja, er milliríkjaflug stunda, skuli hafa meðferðis skráningarskírteini. Samkvæmt viðbæti við Chicago-sáttmálann nr. 7 frá júlí 1949, tl. 7, skal þjóðernisskírteini vera á íslenzku og ensku, og skal það geyma vitneskju um:

1. Þjóðernis- og skráningarmerki.
2. Loftfarssmíð og gerð loftfars.
3. Verksmiðjunúmer.
4. Nafn eiganda.
5. Heimilisfang eiganda.
6. Ótvírætt vottorð um, að loftfarið sé skráð á íslenzka loftfaraskrá, skv. Chicago-sáttmálanum og íslenzkum lögum.

Sjá athugasemdir við 22. gr. frv.

Um 20. gr.

Ákvæðis þessa var getið, þá er rætt var um 13. og 14. gr. Frumvarpið ætlast til, að þjóðernis- og skrásetningarskírteini sé vottur hinna sönnu og réttu tilvika hverju sinni og sé í engu misnotað. Ber því eiganda loftfars að senda skrásetjara þjóðernis- og skrásetningarskírteini, þá er loftfarið er fellt niður af skrá eða athugasemd er gerð eftir 14. gr. Fyrri eiganda loftfars ber að skila skrásetjara skírteininu, þá er loftfarið fer úr eigu hans yfir í eigu erlends aðilja. Loks ber eiganda að senda skrásetjara skírteinið, er breyting verður á einhverjum þeim atriðum, er í því getur. Vanræksla í framangreindu efni varðar refsingu eftir 178. gr.

Um 21. gr.

Ákvæðið geymir fyrirmæli um bráðabirgða þjóðernis- og skrásetningarskírteini, þá er loftfar er skrásett til bráðabirgða. Er flugmálaráðherra falið að setja reglur um þetta, sbr. 188. gr. Í reglunum ber að kveða á um gildistíma bráðabirgðaskírteinis. Slíkt skírteini fellur úr gildi, ef eigandi fullnægir eigi lengur skilyrðum 7. gr. til að eiga íslenzkt loftfar eða loftfarið kemst í eigu erlends aðilja. Vanræksla á afhendingu skírteinis varðar við 178. gr.

Um 22. gr.

Íslenzk loftför, sem stunda loftferðir skv. lögunum, verða að hafa meðferðis þjóðernis- og skrásetningarskírteini, hvort sem flogið er innan lands eða utan. Skv. 29. gr. Chicago-sáttmálans skal loftfar sáttmálaríkis, sem milliríkjaflug stundar, hafa skrásetningarskjal frá heimaríki sínu. Loftfar ríkis, sem eigi er aðili að sáttmálanum, verður að hafa leyfi skv. tvíhliða samningi eða með öðrum hætti til loftferða á íslenzku yfirráðasvæði og auk þess þjóðernis- og skrásetningarskírteini. Undanþegin framangreindri skyldu eru þau loftför ein, sem fengið hafa sérstakt leyfi skv. c-lið 3. gr., eftir reglum, sem flugmálaráðherra setur.

Lofthæfi loftfars ber að sanna með lofthæfisskírteini, sbr. 27. gr., og starfshæfi flugverja með starfsskírteini, sbr. 37. og 38. gr. Brot gegn ákvæðum 22., 27. og 38. gr. varða refsingu skv. 157. og 158. gr.

Um 23. gr.

Samkvæmt 20. gr. Chicago-sáttmálans skulu öll loftför, er fljúga milli ríkja, bera þjóðernis- og skráningarmerki. Í viðbæti nr. 7 við sáttmálann, Aircraft Nationality and Registrations Marks eru reglur um merkinguna. Í viðauka 7, lið 2, 3 segir: „The nationality mark shall be selected from the series of nationality symbols included in the radio call signs assigned to the State of Registry by the International Telecommunications Regulations. The nationality marks selected shall be notified to the ICAO."

Óskrásett loftför, er leyfi fá til loftferða á íslenzku yfirráðasvæði skv. c-lið 3. gr., skal merkja eftir reglum þeim, er flugmálaráðherra setur. Annars skal

merkja loftfar, sem tekið hefur verið á þjóðernisskrá skv. 11., 16. eða 17. gr., íslenzku þjóðernismerki og svo skráningarmerki því, sem því er úthlutað. En erlent loftfar, sem heimild hefur til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði, skal vera merkt skv. reglum þeim, er gilda í heimalandi þess.

Ákvæði 154. og 158. gr. leggja refsingu við því, þá er loftfar er notað án þjóðernis- og skráningarmerkis, slíkt merki er numið af loftfari eða rangt merki sett á loftfar.

Um III. kafla.

Samkvæmt 31. gr. Chicago-sáttmálans skal sérhvert loftfar, sem er í milliríkjaflugi, hafa meðferðis lofthæfisskírteini, útgefið eða staðfest af heimaríki loftfarsins, og skal slíkt lofthæfisskírteini skv. 33. gr. tekið gilt af öðrum sáttmálaríkjum, enda fullnægi skírteinið kröfum, sem séu hinar sömu eða strangari en lágmarkskröfur þær, sem settar verða á hverjum tíma skv. sáttmálanum. Alþjóðaflugmálastofnunin skal skv. 37. gr. setja alþjóða reglur um lofthæfi loftfara. Samkvæmt 39. gr. ber að rita á lofthæfisskírteini eða telja upp í viðfestu skjali það, sem á kann að vanta til að loftfar fullnægi alþjóða vísireglum um lofthæfi og getu. Samkvæmt 40. gr. skal eigi nota loftfar í milliríkjaflugi, þá er lofthæfisskírteini hefur verið áritað með nefndum hætti, nema til komi leyfi þess ríkis eða þeirra ríkja, sem yfir er flogið. Í viðbæti (annex) 8 við Chicago-sáttmálann eru taldar upp ýmsar kröfur, sem gerðar eru til loftfara af ýmsum gerðum.

Um 24. gr.

Hér er sett það skilyrði, að loftfar hvert skuli vera lofthæft (hið tæknilega lofthæfi) og tilgreindar þær kröfur, sem gerðar eru til lofthæfisins. Hér er um vísireglu (standard) að tefla. Lofthæfið verður að miða við tæknilega kunnáttu á hverjum tíma og það hlutverk, sem loftfarinu er ætlað að inna af hendi, sbr. viðbæti (annex) 8, III, 2—8. Ákvæði 24. gr. er beint til eiganda loftfars og notanda, flugstjóra og valdstjórnarmanna, sjá 25., 30., 44. og 147. gr. frv.

Auk hins tæknilega lofthæfis verður loftfar að fullnægja ýmsum skilyrðum til að fljúga svo sem um áhöfn, hleðslu, brennsli, veður, flugvöll o. fl.

Ákvæði 24. gr. taka fyrst og fremst yfir loftför, sem skrásett eru á Íslandi, hvort sem þau fljúga á íslenzku yfirráðasvæði eða eigi, sbr. ákvæði Chicago-sáttmálans. Ákvæðin taka og yfir loftför, sem fljúga skv. heimild þeirri, er greinir í c-lið 3. gr. Erlend loftför á íslenzku yfirráðasvæði eiga að fullnægja lofthæfisskilyrðum heimaríkis síns, en rétt er íslenzku flugmálastjórninni að hafa eftirlit með flughæfi þeirra, ef réttir aðilar hafa um það beðið eða ástæða er til að ætla, að þess sé sérstök þörf, t. d. þá er hætta er á ferðum, grunur er fyrir hendi, að erlent loftfar sé eigi í lagi.

Nú stundar íslenzkur aðili milliríkjaflug með erlendu loftfari, og er þá íslenzku flugmálastjórninni rétt að fylgjast með lofthæfi slíks loftfars, sbr. 186. gr. frumvarpsins.

Brot gegn fyrirmælum um lofthæfi varða refsingu skv. 155. og 158. gr. frv.

Um 25. gr.

Ákvæði 31. gr. Chicago-sáttmálans og viðbætir (annex) 8, II leggja á heimaríki loftfars ábyrgð á því, að loftfar sé lofthæft. Í 58. gr. svissnesku loftferðalaganna frá 1948 segir, að lofthæfi loftfars skuli prófa, áður en það er skrásett, og síðan á þeim fresti, sem flugmálastjórnin svissneska ákveður, og loks, þá er sérstök atvik, svo sem slys eða tjón á loftfari, gera skoðun nauðsynlega. Samkvæmt 188. gr. frv. er flugmálaráðherra rétt að setja reglur, er hér að lúta.

Flugmálastjórnin framkvæmir skoðun á lofthæfi, en er rétt að fela hana öðrum. Nú felur flugmálastjórnin skv. 2. mgr. 25. gr. erlendum kunnáttumanni eða stjórnvaldi að framkvæma skoðun og eftirlit á loftfari, t. d. þá er loftfar er keypt eða

er í förum erlendis, og ber þá hinum erlenda aðila að framkvæma skoðunina skv. íslenzkum lögum og reglum. Leyfilegt væri og að láta erlendan aðila framkvæma skoðun hér á landi. Fela má honum að endurnýja lofthæfisskírteini skv. 2. mgr. 26. gr. En ábyrgðin á loftfarinu hvílir allt að einu á íslenzkum stjórnvöldum. Setja þarf ýtarlegar reglur um viðhald loftfara í sambandi við skoðun þeirra og eftirlit. Tálmun á skoðun varðar við 175. gr.

Um 26. gr.

Í viðbæti (annex) 8, II við Chicago-sáttmálann eru reglur um lofthæfisskírteini. Rétt er flugmálastjórninni einni, sbr. 188. gr. að gefa út lofthæfisskírteini, en falið getur hún skoðunarmanni endurnýjun þess. Eigi er lögskylt að framkvæma skoðun á loftfari, áður en lofthæfisskírteini er gefið út, ef lofthæfið telst örugglega sannað á annan hátt, t. d. með vottorði erlends hæfs aðilja um fullgilda skoðun þar.

Gert er ráð fyrir, að lofthæfisskírteini falli úr gildi, ef loftfar er eigi skoðað á vissum fresti, t. d. 6—12 mánaða, viðbætir (annex) 8, II. Ráðherra er rétt að setja fyrirmæli um þetta í samræmi við alþjóðareglur, sbr. 188. gr. Ætíð ber að rita vottorð um slíka skoðun á lofthæfisskírteini. Endurnýjast þá skírteinið, ef loftfarið reynist lofthæft. Lofthæfisskírteinið greinir einungis frá smíði, útbúnaði loftfarsins sjálfs, en fleiri skilyrðum skal fullnægja til flugs. Ætlazt er því til, að flugmálaráðherra setji leiðbeiningarreglur um flug í sérstöku skjali (flight manual), t. d. um brennsliseyðslu loftfarsins, atriði, er gæta skal, áður en lagt er upp í flug, við flugtak, flug o. s. frv., viðbætir 8, II, 8.

Um 27. gr.

Alþjóðareglur, sem hér koma til greina, eru 31. og 33. gr., sbr. 39.—40. gr. Chicago-sáttmálans. Hefur efni þeirra verið rakið hér að framan.

Ákvæði 1. mgr. 27. gr. mæla, að íslenzkt loftfar skuli jafnan, hvort sem það er á íslenzku yfirráðasvæði eða utan þess og hvort sem íslenzkur eða erlendur aðili er umráðandi þess, sbr. viðbæti 8, II, 1, vera búið lofthæfisskírteini, sem sé gefið út eða staðfest af flugmálastjórninni. Flugmálaráðherra er þó rétt skv. 27. gr. 1. f. að veita loftfari heimild að fljúga um íslenzkt yfirráðasvæði, þótt eigi hafi það slíkt skírteini. Með orðinu „staðfest" er flugmálastjórninni veitt heimild til að búa íslenzkt loftfar erlendu lofthæfisskírteini, t. d. má fela ræðismanni erlendis umboð til að staðfesta lofthæfisskírteini loftfars, sem íslenzkur aðili kaupir þar í landi. Rétt er að setja reglur um þetta samkvæmt 188. gr., sbr. 33. gr. Chicago-sáttmálans og viðbæti (annex) 8, II, 5, 2. Samkvæmt 29. gr. frv. eiga ákvæði 26. og 28. gr. frv. við um slíkt staðfest, erlent lofthæfisskírteini. Eftir ákvæði 1. mgr. 27. gr. er heimild til að staðfesta endurnýjun erlends lofthæfisskírteinis, ef því er að skipta, enda sé slík endurnýjun gild að lögum þess ríkis, er hana framkvæmir, og að alþjóðalögum, sbr. viðbæti 8, II, 5.

Íslandi ber að viðurkenna lofthæfisskírteini, er aðildarríki Chicago-sáttmálans hafa gefið út hvert handa sínum loftförum, enda sé skilyrðum 31. og 33. gr. sáttmálans fullnægt. Það fer eftir samningum við ríki, er standa utan sáttmálans, hvort Ísland viðurkennir lofthæfisskírteini, er þau veita loftförum sínum. Orðin í 2. mgr. 27. gr.: „lofthæfisskírteini, sem hefur verið gefið út eða staðfest í erlendu ríki", taka einnig yfir skírteini frá flokkunarstofnunum, svo sem Bureau Veritas og Air Registration Board. Minna ber hér á reglu 32. gr. frv. um undanþágu frá lofthæfisskírteini.

Loks er flugmálaráðherra rétt að veita loftfari, sem eigi hefur lofthæfisskírteini samkvæmt 27. gr., 1. og 2. mgr., leyfi til að fljúga yfir íslenzkt yfirráðasvæði, sbr. c-lið 3. gr. frv. Þetta er hreint undantekningarákvæði.

Brot gegn 27. gr. varðar við 2. mgr. 157. og 158. gr. Ef loftfarið er eigi lofthæft, ber einnig að refsa eftir 155. og 158. gr.

Um 28. gr.

Alþjóðareglur um efni þessarar greinar eru í viðbæti (annex) 8, II, 6: „Temporary Invalidity of Certificate of Airworthiness".

Nú verður loftfar ólofthæft, og ónýtist þá lofthæfisskírteinið. Er það í samræmi við meginreglu 24. gr. frv.

Íslenzkt lofthæfisskírteini ónýtist, nema flugmálaráðherra láti öðruvísi mælt:

1. Samkvæmt a-lið 28. gr., ef fyrirskipuð skoðun fer eigi fram, hvort sem hún er allt að því stöðug eða með vissu millibili.
2. Ef breyting er gerð á loftfari, sem kann að hafa áhrif á lofthæfi þess. Hér nægir óvissan ein um lofthæfið til ónýtingar skírteinis.
3. Ef lofthæfinu er auðsýnilega búin hætta af spjöllum á loftfari. Leynd bilun, sem finnst með stakri aðgæzlu, ónýtir eigi skírteinið með þeim viðurlögum fyrir eiganda eða umráðanda, sem lögin telja. Bilun, er kunnáttumenn mega bæta á skammri stundu, ónýtir eigi skírteinið, enda sé viðgerð þegar framkvæmd, t. d. á hjólbarða. Ráðherra ber að setja reglur um viðgerð á spjöllum.

Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ónýtingu skírteinis, t. d. að láta skoðun dragast, unz loftfar kemur til heimalands síns, enda sé eigi ástæða til að ætla, að á bresti um lofthæfið, sbr. 24. gr.

Ákvæði 2. mgr. 28. gr. geymir sjálfstæða heimild handa ráðherra til að ónýta lofthæfisskírteini, þá er ástæða er til að vantreysta lofthæfi loftfars.

Ráðherra væri rétt að ónýta lofthæfisskírteini loftfara tiltekinnar gerðar, þá er smíðagalli hefði komið fram í loftfari af þeirri gerð. Ónýting gildir hér frá þeim tíma, er ákvörðun ráðherra kemur til vitundar umráðanda loftfars. Ákvæðið veitir ráðherra frjálsari hendur heldur en c-liður 1. mgr. um ónýtingu skírteinis.

Ef loftfar er notað, eftir að lofthæfisskírteini er úr gildi fallið, varðar það refsingu skv. 157. og 158. gr., sbr. 155. gr.

Ef loftfar er notað, eftir að vátrygging fellur úr gildi, varðar það og refsingu.

Um erlend lofthæfisskírteini, sem flugmálastjórnin staðfestir, er vísað til 29. gr.

Handhafa valds ber skv. 147. gr. að banna flug loftfars, sem er eigi lofthæft. Vanræksla á því að afhenda ógilt skírteini varðar við 178. gr.

Um 29. gr.

Í 31. og 33. gr. Chicago-sáttmálans eru lögð að jöfnu lofthæfisskírteini, sem heimilis- og skráningarríki gefur út, og skírteini, sem nefnt ríki staðfestir, þótt gefið sé út af öðru ríki. Viðbætir 8, II, 5, 2. Í samræmi við nefndar reglur og 27. gr. frv. lætur 29. gr. ákvæði 26. gr. og 28. gr. frv. um útgáfu, endurnýjun og ónýtingu lofthæfisskírteinis, taka til staðfestingar flugmálastjórnar á erlendu lofthæfisskírteini, og svo til endurnýjunar og ónýtingar á henni. Vanræksla á því að afhenda ógilt skírteini varðar við 178. gr.

Um 30. gr.

Viðbætir (annex) 6, 8, Aeroplane Maintenance, varðar það efni, sem í 30. gr. ræðir.

Eigandi eða umráðandi loftfars ber ábyrgð á, að loftfar, sem lögin taka til, sé lofthæft hverju sinni, sem það er í notkun, og að því fylgi lofthæfisskírteini.

Rétt er flugmálaráðherra skv. 188. gr. að setja reglur um tilkynningarskyldu eiganda eða umráðanda skv. 2. mgr. 30. gr. um atriði, er lofthæfi varða.

Eigi er ástæða til að flugfélög, sem sjálf annast viðgerð á vélum sínum, tilkynni, er þau skipta um hreyfla.

Um tilkynningarskyldu eiganda og umráðanda loftfars eru einnig ákvæði í 150. gr. frv.

Brot gegn tilkynningarskyldu samkvæmt 2. mgr. 30. gr. varðar refsingu skv. 177. gr., 181. og 183. gr.

Rétt er að benda á ákvæði 44. gr. um tilkynningarskyldu flugstjóra um atriði, er lofthæfi varða.

Ákvæði 30. gr. tekur einnig til erlendra loftfara á íslenzku yfirráðasvæði, en í framkvæmd myndi tilkynningarskylda einkum taka til flugstjóra hins erlenda loftfars, sbr. 53. gr. frv.

Um 31. gr.

Flugmálastjórnin og þeir, sem hún skv. 25. gr. setur til þess, verða að eiga þess kost að kanna öll þau loftför ásamt búnaði, sem vald hennar tekur yfir, í því skyni að sannprófa lofthæfi þeirra, en varast ber að tefja eða trufla loftferðir af þessum sökum frekar en nauðsyn ber til. Ákvæðið tekur eftir hljóðan sinni til erlendra loftfara á íslenzku yfirráðasvæði, en í framkvæmd verður því sjaldnar beitt gegn þeim.

Tálmun á rannsókn skv. 31. gr. varðar við 175. gr.

Um 32. gr.

Í 3. mgr. 27. gr. er undanþáguheimild frá lofthæfisskírteini. Í 1. mgr. 28. gr. er undanþáguheimild frá sjálfkrafa ónýtingu lofthæfisskírteinis. Undanþáguheimild 32. gr. er aðallega miðuð við prófun nýrra loftfara, og þá sérstaklega við nýja gerð loftfara. Slík loftför verður að prófa, áður en skorið verður úr um lofthæfi þeirra. Skilyrði eru þá venjulega sett fyrir undanþágunni, t. d. að einungis sé flogið í góðu veðri, farþegar séu eigi teknir né þungur farmur. Viðbætir 8, II, 6, 2, 2. Sem dæmi um önnun tilvik, er greinin tekur til, er það, að fjögurra hreyfla loftfari sé leyft að fljúga til heimastöðvar sinnar, þótt einn hreyfillinn sé óvirkur. Nú hefur íslenzka flugmálastjórnin veitt íslenzku loftfari slíkt leyfi, og eru aðildarríki Chicago-sáttmálans við það bundin, viðbætir 8, II, 6, 2. Með sama hætti er Ísland bundið við leyfi annars sáttmálaríkis um þess flugvélar. Orðin í 155. gr. frv.: „og eigi er veitt leyfi til notkunarinnar“, vísa m. a. til ákvæðis 32. gr.

Um 33. gr.

Bæði smíð loftfara og viðhald skipta meginmáli um lofthæfi þeirra, sbr. 24. og 28. gr. frv. Ákvæði 33. gr. frv. miða að því að tryggja það, að þeir, sem við þessi störf fást, séu þeirri þekkingu og þeim kostum búnir, sem nauðsyn krefur. Ákvæðið gerir flugmálastjórninni auðveldara að framkvæma skoðun þá og eftirlit með loftförum, sem á hana er lagt með 25. gr. frv. Gert er ráð fyrir, að flugmálaráðherra setji reglur um þessi efni. Ákvæði 79. gr. frv. stefna einnig að sama marki, en þar ræðir um hæfi og starfsskírteini þeirra manna, sem starfa á flugvelli eða í öðru flugvirki.

Nú framkvæmir maður starf, er greinir í reglum, settum skv. 33. gr., án leyfis, og varðar það hann refsingu skv. 173. gr., 181. og 183. gr. Tálmun á eftirliti varðar við 175. gr. Brot í starfa varðar við 156. gr., þá er af því leiðir öryggisskort fyrir loftfar.

Um IV. kafla.

Áhöfn.

Samkvæmt 29. gr. Chicago-sáttmálans skulu flugverjar hafa meðferðis starfsskírteini sín. Sá flugverji, er notar radíósenditæki, verður að hafa til þess leyfisbréf skv. 30. gr. sáttmálans. Samkvæmt 32. gr. sáttmálans skal flugstjóri og flugverjar hafa í milliríkjaflugi starfsskírteini, útgefin af heimaríki loftfars. Skírteini, útgefin af skráningarríki loftfars, skal meta gild í öðrum sáttmálaríkjum skv. 33. gr. Um starfsskírteini, sem eigi fullnægja alþjóðareglum, ræðir í 39. og 40. gr. sáttmálans. Ákvæði eru í 16. gr. um heimild sáttmálaríkis til að framkvæma skoðun á starfsskírteinum áhafnar í loftfari frá öðru sáttmálaríki. Samkvæmt d-lið 37. gr.

sáttmálans eru í viðbæti (annex) 1, Personnel licensing, og í viðbæti (annex) 6, Operation of aircraft, reglur um starfshæfi og starfsskírteini flugverja. Viðbætir 6, 9 geymir og reglur um áhöfn.

Ákvæði IV. kafla geyma valdstjórnarreglur um áhöfn, og skulu þau gilda um loftför, sem skrásett eru hér á landi, þótt þau fljúgi utan lands. Reglurnar varða einungis sjálfa áhöfnina, þ. e. þá, er að fluginu starfa.

Erlend loftför fylgja að jafnaði reglum þess lands, þar sem þau eru skrásett. En rétt er íslenzku flugmálastjórninni að fylgjast með, að þau hlíti settum reglum, þá er þau eru á íslenzku yfirráðasvæði, sbr. t. d. 34., 35., 38. og 40. gr. frv. Venjulega nægir að sannreyna, að flugverjar hafi fullgild skírteini, sbr. ákvæði 1. mgr. 38. gr.

Um 34. gr.

Ákvæði greinar þessarar miðar að því, að loftfar hvert sé skipað það stórri áhöfn og svo kostum búinni, að öruggt megi teljast. Það fer mjög eftir gerð, stærð og notkun loftfars, hvaða kröfur gera verður í þessu efni. Fela lögin flugmálaráðherra að setja reglur um þetta. Eigandi eða umráðandi loftfars ber ábyrgð á, að reglunum sé fylgt. Skv. 44. gr. frv. ber flugstjóri einnig þessa ábyrgð. Brot gegn reglunum varða refsingu skv. 155. og 158. gr.

Um 35. gr.

Með ákvæðum þessarar greinar er sú skylda lögð á flugmálastjórnina að ganga úr skugga um, að loftför séu réttilega áhöfn skipuð. Athuga ber ákvæði 25. gr. um eftirlit með lofthæfi, 54. gr. um eftirlit með flugvöllum og ákvæði 149. gr. um eftirlit með meðferð, geymslu og afhendingu brennis (eldsneytis). Ákvæði 35. gr. um handsölun eftirlitsins í hendur kunnáttumanns svarar til ákvæðis 2. mgr. 25. gr. um útgáfu lofthæfisskírteinis. Eigi er heimild til að fela slíkum manni endurnýjun starfsskírteinis, þar sem útgáfa þess og endurnýjun er reist á persónulegri athugun og kynnum á þeim, sem í hlut á, sbr. hins vegar heimild 27. gr. i. f., til að fela kunnáttumanni endurnýjun lofthæfisskírteinis. Ákvæði 35. gr. taka og til erlendra loftfara, þá er þau eru íslenzku drottnunarvaldi háð. Reglur um beitingu ákvæðisins gagnvart þeim má setja samkvæmt 188. gr.

Loks er rétt að vekja athygli á ákvæðum 147. gr. um skyldur handhafa valds og flugmálastjórnar til að leggja bann við flugi loftfars, þá er það er eigi áhöfn skipað samkvæmt lögum og reglum, settum samkvæmt þeim. Sjá refsiákvæði 160. gr. frv.

Um 36. gr.

Hér er flugmálaráðherra falið að setja reglur um skilyrði þau, er þeir verða að fullnægja, sem öðlast vilja starf flugverja, sbr. viðbæta þá, sem greindir voru hér að framan.

Eðlilegt er, að íslenzkur maður sé flugstjóri á íslenzku loftfari, en eigi er það ófrávíkjanlegt skilyrði. Krefjast verður þeirrar menntunar og æfingar og aldurs af flugverja, að eigi sé vafi á, að hann sé fullfær til starfans. Athuga þarf feril umsækjanda og hvort hann hefur framið nokkurt það brot, t. d. akstur með áhrifum áfengis, er geri það viðurhlutamikið að fela honum starfann, sbr. 37. gr. i. f., 52. gr., 8. mgr. 184. gr. og 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940.

Flugmálaráðherra ber við setningu reglna skv. 36. gr. að hlíta þeim vísireglum (standards), sem Alþjóðaflugmálastofnunin setur um þessi efni.

Búseta á Íslandi er eigi talin nauðsynlegt skilyrði.

Samkæmt 79. gr. frv. ákveður flugmálaráðherra, hverjum kostum þeir skuli vera búnir, sem starfa á flugvelli, í flugvirki eða hafa á hendi annað starf utan loftfars, sem varðar miklu um öryggi loftferða.

Um starfsskírteini flugverja, sjá ákvæði 37.—38. gr.

Um 37. gr.

Ákvæði 32. og 33. gr. Chicago-sáttmálans eiga hér við. Hefur efni þeirra áður verið rakið. Viðbætir (annex) I skipar fyrir um skírteini handa flugstjórum, loftsiglingafræðingum, flugtæknifræðingum, fírðriturum, sbr. einnig 60. gr. svissnesku loftferðalaganna, er telur upp þá flugverja, er þurfa starfsskírteini. Umsækjandi um starfsskírteini verður að sanna starfshæfni sína með fullgildu prófi. Samkvæmt 37. gr frv. ber að gefa út starfsskírteini til flugstjóra og annarra flugverja, sem flugmálaráðherra kveður á um. Ber ráðherra vitaskuld í þeim efnum að fylgja alþjóða vísireglum (standards), sem breytast stöðugt. Fela lögin ráðherra að skipa fyrir um þessi mál, sbr. 188. gr. frv. Í skírteini skal greina glöggt, hvers konar starfa það tekur til. Binda má það við loftför tiltekinnar tegundar eða loftferðir á tilteknu svæði. Gefa skal skírteini út til tiltekins tíma. Nú hefur verið hert á kröfum þeim, sem gerðar eru til skírteinishafa, þá er endurnýja skal, og verður umsækjandi þá að fullnægja hinum strangari kröfum, sjá 94. gr.

Þeir, sem gerast vilja flugkennarar eða framkvæma reynsluflug, þurfa til þess sérstakt leyfi.

Eigi er krafizt hreins hegningarvottorðs umsækjanda, heldur ber að meta það, hvort refsivert athæfi, er umsækjandi hefur framið, veiti ástæðu til að ætla, að hann misfari með starfa sinn og skírteinið. Bera má þetta atriði undir dómstóla, sjá 8. mgr. 184. gr.

Ákvæði 37. gr. tekur skv. 40. gr. til viðurkenningar flugmálastjórnarinnar á erlendum skírteinum.

Um 38. gr.

Samkvæmt a-lið 32. gr. Chicago-sáttmálans skulu flugstjóri loftfars hvers, sem er í milliríkjaflugi, svo og aðrir flugverjar þess, vera búnir hæfnisskírteinum, er út séu gefin eða gild metin af skráningarríki loftfarsins. Enn segir í 33. gr. sáttmálans, að skírteini, sem út eru gefin eða gild metin af skráningarríkinu, skuli gild metin í öðrum sáttmálaríkjum, svo fremi slík skírteini fullnægi kröfum, er séu hinar sömu eða strangari en þær lágmarkskröfur, sem gerðar eru á hverjum tíma í samræmi við sáttmálann. Í 39. gr. b sáttmálans er svo mælt, að fullnægi skírteini flugverja eigi að öllu skilyrðum, settum í alþjóða vísireglum um þann flokk skírteina, sem skírteini hans telst til, skuli rita á skírteinið eða bréf fest við það fullkomna upptalningu þeirra atriða, sem á brestur. Flugverja, er hefur þannig áritað skírteini, er samkvæmt 40. gr. eigi rétt að taka þátt í milliríkjaflugi, nema til komi leyfi ríkis, sem um er flogið.

Ákvæði 1. mgr. 38. gr. frv. taka til þeirra flugverja, er skírteini skulu hafa skv. 37. gr. frv. Eru þau í samræmi við ákvæði sáttmálans. Flugverja, sem hefur starfsskírteini, gefið út af ríki, sem stendur utan við Chigaco-sáttmálann, er rétt að fljúga á íslenzku svæði, ef fyrir hendi er sérstakur sáttmáli við heimaríki hans um það, skírteini hans er staðfest af Chicago-sáttmálaríki eða fyrir hendi er leyfi skv. síðustu mgr. 38. gr. frv.

Í 2. mgr. 38. gr. frv. segir, að flugverjar á íslenzkum loftförum skuli hafa skírteini, útgefin eða staðfest af flugmálastjórninni. Ákvæði þetta leiðir af 32. gr. Chicago-sáttmálans.

Ákvæði 3. mgr. 38. gr. miðar að því að aftra í samræmi við b-lið 32. gr. Chicago-sáttmálans, að íslenzkur ríkisborgari, sem eigi hefur fengið skírteini hér á landi, öðlist rétt til flugstarfs á íslenzku yfirráðasvæði með því að afla sér skírteinis í öðru sáttmálaríki.

Leyfi til flugs skv. 4. mgr. 38. gr. mætti t. d. veita skírteinishafa, sem er erlendis í loftferð, þá er skírteini hans rennur út, en flugmálastjórnin vill athuga ástæður hans til hlítar, áður en endurnýjun skírteinis er framkvæmd. Flugnema má veita flugleyfi skv. þessu ákvæði, sbr. 42. gr.

Með 159. gr. er refsing lögð á hendur þeim manni, sem innir af hendi flugstarfa án þess að hafa réttindi til þess.

Um 39. gr.

Ákvæðið veitir flugmálastjórninni rétt til að ógilda íslenzkt skírteini, þá er skírteinishafi er eigi lengur fær að rækja starfann. Óhæfi til starfa um stundar sakir vegna sjúkdóms mundi eigi varða ógildingu. Nú setja lög skilyrði til að öðlast starfsskírteini, og veitir það eigi rétt til að ónýta skírteini þeirra flugverja, sem réttilega hafa fengið þau, heldur einungis rétt til að krefjast hinna auknu skilyrða, þá er endurnýjunar er beiðzt. Ákvæði 39. gr. eiga aðallega við tilvik, er skírteinishafi hefur reynzt ófær til starfa. Svipting skírteinis vegna brota á lögunum myndi fara fram eftir 184. gr. frv., sbr. einkum 5. mgr. þeirrar greinar. Beita mætti ákvæði 39. gr. þannig, að loftflutningaskírteini (B-, C- eða D-skírteini) væri skert niður í einkaflugskírteini (A-skírteini).

Ákvæði 39. gr. tekur til íslenzkra skírteina og skírteina, staðfestra af flugmálastjórninni, sbr. 40. gr. Ef handhafi erlends skírteinis er íslenzkur, má banna honum flug hér á landi samkvæmt 3. mgr. 38. gr. En ákvæði 35. gr. um eftirlit með því, að ákvæði um áhöfn séu haldin, taka einnig til erlendra loftfara á íslenzku yfirráðasvæði. Ákvæði 147. gr. taka og til erlendra loftfara. Geta íslenzk yfirvöld þannig haft hönd í bagga, að þau fari að settum öryggisreglum, einnig að því er varðar starfhæfi flugverja. Um þetta getur flugmálaráðherra sett nánari reglur samkvæmt 188. gr. Vanræksla á því að afhenda ógilt skírteini varðar við 178. gr.

Um 40. gr.

Erlent starfsskírteini, sem íslenzka flugmálastjórnin staðfestir, er að alþjóðalögum sett á bekk með skírteini, sem gefið er út á Íslandi samkvæmt Chicagosáttmálanum, 32. og 33. gr. Er því gildistaka þess, endurnýjun hennar og afturköllun felld undir ákvæði 37. og 39. gr. frv. Staðfesting slíkra erlendra skírteina skal því vera tímabundin, en auk þess er hún því háð, að skírteinishafi haldi skírteininu í því ríki, þar sem það er gefið út eða það sé þar endurnýjað. Vanræksla á því að afhenda ógilt skírteini varðar við 178. gr.

Um 41. gr.

Ákvæðið varðar einungis skírteini, sem gefin hafa verið út á Íslandi, og miðar að því að sannreyna hæfi skírteinishafa á hverum tíma. Ganga verður úr skugga um, að menn, er hlotið hafa skírteini, en missa síðan starfshæfi sitt vegna veikinda, æfingarleysis eða óreglu, taki eigi til starfa að nýju. Sérstaklega ber að vekja athygli á heimild flugmálastjórnarinnar til að prófa flugmenn, hvenær sem er. Einnig ber að leiða athygli að skyldum þeim, sem á lækna eru lagðar með síðustu málsgrein 41. gr. Tálmun á eftirliti varðar við 175. gr. Brot á tilkynningarskyldu varðar við 177. gr.

Um 42. gr.

Ákvæði 4. mgr. 38. gr. varðar starfsskírteini og er skylt ákvæði 42. gr., en 42. gr. tekur einkum til reynsluflugs og veitir flugmálastjórninni heimild til að veita undanþágu frá ákvæðum um áhöfn, þá er loftfar er notað til æfinga.

Um V. kafla.
Um flugstjóra og flugstarfa.

Árið 1931 hafði hin þekkta Comité international technique d'experts juridiques aeriens (Citeja) til meðferðar frumvarp til alþjóðasáttmála um réttarstöðu flugstjóra. Málið var enn til meðferðar á fundi nefndarinnar í Kairo 1946. Árið 1947 kom enn fram frumvarp til slíks sáttmála: Draft convention on the legal status of the air commander, as revised by the Paris Legal ad hoc Committee February 1947. Alþjóðaflugmálastofnunin hefur málið til meðferðar, en eigi hefur neinn árangur fengizt enn, svo að vitað sé.

Í viðbætum (annexum) Chicago-sáttmálans eru ýmis ákvæði um flugstjóra, svo sem í

Viðbæti 2, Rules of the air, og

Viðbæti 6, Operation of aircraft.

Viðbætir 6 varðar einungis millirikjaflug í fjáraflaskyni.

V. kafli geymir stjórnvaldsreglur um starfsskyldur flugstjóra og flugverja. Um starfsskilyrði þeirra fjallar IV. kafli.

Reglur um stöðuumboð flugstjóra eru eigi settar. En það leiðir af almennum reglum, að flugstjóri hefur t. d. á hættustund vald til að beita hvers konar úrræðum til að bjarga loftfari og farþegum, sbr. 49. gr.

V. kafli varðar íslenzk loftför, en skv. 53. gr. kveður flugmálaráðherra á, að hve miklu leyti ákvæði kaflans skulu taka til erlends loftfars á íslenzku yfirráðasvæði.

Ákvæði kaflans ganga þó eigi, þá er íslenzk loftför eru stödd á yfirráðasvæði annars ríkis, ef ákvæðin fara í bága við lög ríkis þess, sem í hlut á, t. d. myndi flugstjóra oft vera óheimil valdbeiting í slíkum tilvikum.

Sjá refsiákvæði 158. gr.

Um 43. gr.

Umráðanda loftfars ber að annast, að flugstjóri sé á hverju íslenzku flugfari, sbr. 34. gr. frv. og svo refsiákvæði 153. gr. Viðbætir (annex) 6, tl. 4.2.7.1. Það gildir jafnt, þótt áhöfnin sé einn maður. Nú er áhöfn skipuð fleiri mönnum, og segir umráðandi til, í hvaða röð þeir taki að sér flugstjórnina. Sáttmálauppkastið frá 1947, er áður greindi, hefur reglur um röð flugverja til flugstjórnar. Vitaskuld verða þeir, sem til greina koma til starfans, að vera búnir tilskildri hæfni og kostum.

Lögin kveða eigi á, að flugstjóri skuli vera íslenzkur ríkisborgari, sjá 36. gr. og athugasemdir við hana.

Flugstjóri hefur æðsta vald í loftfari og það einnig, þótt háttsettur maður úr flugmálastjórninni sé í loftfarinu.

Um 44. gr.

Það er í verkahring sérstakra tæknifræðinga að kanna hæfni loftfars til flugs og bæta það, sem á brestur í því efni. Einnig er sérstökum mönnum venjulega falin ferming loftfars, áfylling brennis o. s. frv. Verður flugstjóri því venjulega að láta sér nægja að krefjast tilskilinna vottorða um, að sérfróðir menn hafi grannskoðað loftfarið og framkvæmt ýmis störf, sem nauðsynleg eru til undirbúnings flugi, en verði hann vís eða eigi að verða vís einhvers, sem bæta þarf, getur ábyrgð á hann fallið, ef eigi er úr bætt, t. d. við undirbúning flugs.

Flugstjóri verður að þekkja ákvæði loftferðalaga um umferðarreglur í lofti. Honum er nauðsyn að kynna sér tollalöggjöf og sóttvarnarlöggjöf, eigi einungis á Íslandi, heldur og í þeim löndum, þar sem hann flýgur, o. fl.

Ákvæði 2. mgr. 44. gr. um tilkynningarskyldu flugstjóra um atriði, er lofthæfið varða, miða til aukins öryggis. Venja er talin vera, að flugstjóri sendi skýrslur sínar til yfirstjórnar loftferðafyrirtækis síns, er síðan sendir þær áfram til flugmálastjórnar sinnar. Viðbætir (annex) 6, tl. 4. 5. 4. Ákvæði 50. gr. geyma reglur um skyldu til að tilkynna flugslys, spjöll á loftfari, flugvirkjum og flugtækjum. Um refsiábyrgð flugstjóra, sjá 158. gr. og 177. gr.

Um 45. gr.

Ákvæði 45. gr. varða skipunarvald flugstjóra og ákvæði 51. gr. hlýðnisskyldu annarra flugverja.

Ákvæði 45 gr. er í samræmi við 2. gr. sáttmálauppkastsins frá febrúar 1947 um réttarstöðu flugstjóra.

Vald flugstjórans miðar að því að auka öryggi loftfars, farþega og flutnings. Ber honum að beita því í þessu skyni og með þeirri tillitssemi sem kostur er. Eigi má hann beita því þannig, að það brjóti í bág við reglur ríkis þess, þar sem loftfar er statt, um för manna inn í landið né um innflutning.

Flutningssamningur, sem loftferðafyrirtæki hefur gert um flutning á mönnum eða varningi, takmarkar eigi vald flugstjóra eftir 4. mgr.

Um 46. gr.

Með þessu ákvæði er flugstjóra veitt sams konar vald og skipstjóra er veitt með 61. gr. sjómannalaga nr. 41/1930.

Eðli máls samkvæmt verður að veita flugstjóra þetta vald, til þess að hann megi halda uppi fullri reglu og stjórn í loftfari. Valdi má hann beita, ef nauðsyn krefur, bæði gegn flugverjum og farþegum.

Brot á starfsskyldum og hlýðnisskyldum flugverja varðar við 160. og 161. gr.

Um 47. gr.

Samkvæmt 62. gr. sjómannalaga nr. 41/1930 skal skipstjóri taka bráðabirgðaskýrslu um málið, þá er skipverji drýgir meiri háttar glæp. Nú er glæpurinn framinn á yfirráðasvæði annars ríkis, og skal skipstjóri því aðeins framkvæma rannsóknina, að yfirvald á þeim stað reki eigi málið. Í 65. gr. sjómannalaganna segir um framkvæmd skýrslutökunnar. Í 55. gr. sömu laga er skipstjóra veitt vald til að framkvæma leit að ólöglegum varningi um borð og leggja hald á hann. Eru þessar reglur í góðu samræmi við 2. og 3. mgr. 60. gr. laga nr. 82/1961 um rétt einstaklings til að handtaka mann, þá er bráðan bug þarf að vinda að. Í 99. gr. svissnesku loftferðalaganna frá 1948 eru rækilegar reglur um skyldur flugstjóra til að rannsaka brot, sem framin eru í loftfari hans hvort heldur utan eða innan svissnesks yfirráðasvæðis. Hann skal, beri nauðsyn til, framkvæma rannsókn, sem þolir eigi bið, framkvæma handtöku manna, er undir grun liggja, gera leit á flugverjum og farþegum, leggja hald á muni og skjöl, ef því er að skipta. Ef hann síðan lendir á erlendum flugvelli, ber honum þegar að setja sig í samband við svissneskan konsúl. Er hann kemur til Sviss, ber honum að gefa flugmálastjórninni skýrslu.

Á fundi í München 18. ágúst—4. september 1959 samþykkti laganefnd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar uppkast að sáttmála um brot og aðrar athafnir, framdar í loftfari: Draft Convention on offences and certain other acts occurring on board an aircraft. Verður síðar rakið nokkuð af efni sáttmálauppkasts þessa.

Fyrirmæli sáttmálauppkastsins um rannsóknarvald flugstjóra miða í sömu átt og 99. gr. svissnesku laganna. Ákvæði 47. gr. frv. geyma sams konar reglur. Þótt flugstjórar séu oft óvanir rannsókn mála, þykir eigi verða komizt hjá að veita þeim vald til að framkvæma rannsókn. Væri ráðherra rétt að setja reglur til leiðbeiningar þeim við rannsóknina sbr. 188. gr. frv. Ákvæði 47. gr. hafa viðtækara orðalag en ákvæði sjómannalaganna. Heimila þau því flugstjóra rannsókn vegna stórfellds brots á gjaldeyris- og tollalöggjöf. Flugstjóra er og veitt heimild til að leggja hald á muni, t. d. stolna muni, eiturlyf, stórar gjaldeyrisupphæðir, sem verið er að smokra inn í land eða út úr því. Flugstjóri verður að kynna sér eftir föngum lög þau og fyrirmæli, er starf hans varða, bæði hérlendis og erlendis. Honum er nauðsyn að vita, til hverra yfirvalda erlendis honum ber að snúa sér, vegna brota, sem framin eru í loftfari.

Um 48. gr.

Vísa má til ákvæða í viðbæti (annex) 6, tl. 4. 5. 5. um skráningu dagbókar.

Flugmálaráðherra ber samkvæmt 92. gr. frv. að setja reglur um dagbækur og önnur loftfarsskjöl. Hann ákveður samkvæmt 94. gr. að hverju ráði flugverjar skulu hafa meðferðis skírteini og önnur skjöl. Sjá 22. gr. frv. um skyldu til að hafa þjóðernis- og skráningarskírteini í loftfari. Sjá einnig ákvæði 27. gr. frv. um skyldu til að hafa lofthæfnisskírteini í loftfari.

Flugstjóra ber að annast að skráð sé í bækur og flugskjöl, svo sem lög mæla, og að skjöl þessi séu í loftfari. Þó ber hann eigi ábyrgð á, að aðrir flugverjar hafi

skírteini sín meðferðis. Rétt er hér og að benda á ákvæði 2. mgr. 44. gr. um skyldu flugstjóra til að láta flugmálastjórninni í té skýrslur, sem nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlits með lofthæfinu. Sjá einnig ákvæði 50. gr. um skyldu flugstjóra til að gefa skýrslu um flugslys og hættu um flugslys. Athuga refsiákvæði 158. gr.

Um 49. gr.

Ákvæði 49. gr. eru glögg. Brot gegn þeim varðar flugstjóra refsingu samkvæmt 167. gr. frv.

Um 50. gr.

Ákvæði 26. gr. Chicago-sáttmálans mæla fyrir um rannsókn á flugslysum í milliríkjaflugi. Hér má minna á viðbæti 6, tl. 4.5.3. B.

Skjót rannsókn flugslysa er nauðsynleg. Siglingalög, 45. gr., mæla fyrir um sjóferðaskýrslur, er sjóslys ber að höndum. Vitneskja um orsakir slyss veitir efni til að bæta öryggisbúnað loftfara og flugtækja og beita tiltækum ráðum til að afstýra sams konar slysum framvegis. Einnig þarf í sama skyni að leiða í ljós orsakir, sem hefðu mátt valda slysum. Ákvæði 140.—147. gr. frv. fyrirskipa slíka rannsókn. Í 141. gr. er skylda lögð á hvern þann, er fær vitneskju um flugslys, að tilkynna það þegar yfirvöldum, nema hann megi ætla, að þau viti þá um það. Ákvæði 50. gr. leggja á flugstjóra að tilkynna flugmálastjórninni flugslys, er loftfar hans lendir í eða veldur. Einnig skal hann segja til, þá er hætta vofði yfir, að slíkt slys bæri að höndum. Loks skal hann láta flugmálastjórnina vita, er full ástæða er til að ætla, að megingalli sé á loftfari, flugtækjum á jörðu niðri eða rekstri þeirra. Sbr. einnig ákvæði 44. gr., 2. mgr. Til vara er framangreind skylda lögð á eiganda loftfars eða umráðanda.

Flugmálaráðherra er rétt að setja nánari reglur um tilkynningarskylduna, auka hana og draga úr henni. Getur ráðherra lagt slíka skyldu á fleiri flugverja, t. d. lagt fyrir firðtækjamenn loftfars að tilkynna bilun á þeim tækjum, flugvallarstarfsmenn að tilkynna missmíði á flugvelli. Mæla má fyrir um varaskyldu flugverja að tilkynna ef þeir verða þess varir, að flugstjóri lætur það farast fyrir.

Ákvæði 177. gr. leggur refsingu við broti á tilkynningarskyldu.

Um 51. gr.

Alþjóða lögfræðinganefndin um loftrétt (Citeja) samdi 1946 uppkast að sáttmála um réttarstöðu flugverja. Eigi hefur það uppkast komizt lengra áleiðis. Í 2. mgr. 43. gr. frv. segir, að flugstjóri hafi æðsta vald í loftfari. Ákvæði 3. mgr. 45. gr. mæla, að farþegum sé skylt að fara eftir þeim reglum, sem flugstjóri setur um góða hegðun og reglu í loftfari. Ákvæði 51. gr. kveður á um hlýðnisskyldu flugverja við flugstjóra og vandvirkni og samvizkusemi í starfa. Sams konar ákvæði eru í 50. gr. laga nr. 41/1930 um hlýðnisskyldu skipverja við skipstjóra. Hlýðnisskyldan hefur vitaskuld sín takmörk og tekur eigi yfir framning glæps. Annars eru heildarstarfsreglur fyrir flugverja eigi teknar upp í frv. Eigi eru í frv. fyrirskipanir um, að flugverjar skuli tilkynna um tilvik, er áhrif hafa á lofthæfið, en slík skylda mundi oft leiða af ákvæðinu. Brot gegn 51. gr. varðar flugverja refsingu skv. 161. gr. frv.

Um 52. gr.

Til samanburðar við 52. gr. frv. er 24. og 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Samkvæmt 25. gr. umferðarlaganna er maður talinn vera með áhrifum áfengis, ef vínandamagn í blóði hans er 0,5‰. Í 52. gr. frv. þessa er svo mælt, að maður teljist með áhrifum áfengis og eigi hæfur til starfa í loftfari, ef vínandamagn í blóði hans er yfir 0,4‰ eða áfengi er í líkama hans, sem leitt getur til slíks vínandamagns í blóðinu, enda er ástæða til að gera enn ríkari kröfur til flugverja en bílstjóra.

Nýmæli er það, að flugverji má eigi neyta áfengis, æsandi eða deyfandi lyfja næstu 6 klukkutíma, eftir að starfa hans í loftfari lauk, enda hafi hann ástæðu til að ætla að opinber rannsókn verði hafin um atferli hans við starfann. Í 80. gr. frv. er svo kveðið á, að ákvæði 52. gr. taki með viðeigandi hætti til þeirra, sem hafa eftirlit með loftferðum, tæknistörf við loftför eða önnur störf mikilsverð fyrir öryggi loftferða að dómi flugmálaráðherra, sbr. 188. gr. frv.

Brot gegn 52. gr. varðar refsingu skv. 162. gr. frv., sbr. 170. gr. og 180. gr. og svipting réttinda skv. 184. gr. frv.

Brot umráðanda loftfars skv. 4. mgr. 52. gr. varðar við 155. gr. Einnig gæti verið um að tefla hlutdeild í broti skv. 162. og 182. gr.

Brot veitingaþjóna gegn 5. mgr. 52. gr. mundu varða við ákvæði 179. gr. frv.

Ákvæði 123. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 eiga við um ölvun flugverja.

Um 53. gr.

Ástæða væri til að beita ákvæðum 50. gr. og 52. gr. um erlend loftför. Nú eru erlend loftför í umráðum Íslendings, og koma þá ákvæði 186. gr. frv. til beitingar.

Um VI. kafla.

Almennar athugasemdir.

Samkvæmt 28. gr. Chicago-sáttmálans tekst sáttmálaríki á hendur eftir föngum:

a. að setja á stofn á yfirráðasvæði sínu flughafnir, fjarskipta- og fjarskiptaþjónustu, veðurstofuþjónustu og annan útbúnað til þess að auðvelda milliríkjaflug í samræmi við vísireglur (standards) og venjur, sem mælt er með eða komið er á fót á hverjum tíma samkvæmt sáttmálanum;
b. að taka upp og beita viðeigandi samræmdum samtala- og sambandskerfum, staflyklum, merkjum, kallmerkjum, ljósmerkjum og öðrum framkvæmdarvenjum og reglum, sem mælt verður með eða settar verða á hverjum tíma samkvæmt sáttmálanum;
c. að hafa milliríkjasamvinnu um útgáfu flugkorta í samræmi við þær reglur, sem mælt er með á hverjum tíma eða ákveðnar eru samkvæmt sáttmálanum.

Samkvæmt 37. gr. sáttmálans hefur Alþjóða flugmálastofnunin látið semja ýmsa viðbæta (annexa) í þessu skyni.

Viðbætir 3 um veðurfræðilega lykla (codes).
— 4 — flugkort.
— 5 — mælieiningar í fjarskiptaþjónustu loftferða.
— 10 — fjarskiptasambandsþjónustu.
— 11 — stjórn á umferð í lofti.
— 14 — flughafnir.

Hér er rétt að benda á ákvæði 15. gr. Chicago-sáttmálans um flughafnagjöld og ákvæði XV. kafla sáttmálans um flughafnir og hagræðisbúnað, sbr. og alþjóða sáttmála um viðkomuréttindi loftfara nr. 45/1947 (fylgiskjal), 1. gr. 4. tl.

Orðið flugvöllur tekur yfir hvern þann stað, þar sem loftför hefja sig til flugs eða lenda, hvort sem er á láði eða legi eða ís og hvort sem um lítinn eða stóran völl er að tefla.

Flugvirki tekur yfir allan annan búnað á jörðu, sem notaður er í þágu loftferða, þó eigi verkstæði, sbr. 33. gr. frv.

Í 15. gr. Chicago-sáttmálans er rætt um flugvelli „to public use".

Frv. hefur reglur um flugvelli, sem ætlaðir eru til almennrar notkunar, sbr. 57., 61., 62., 77. og 78. gr. frv.

Flugvöllur getur verið til almennrar notkunar, þótt hann sé ætlaður ákveðnum tegundum flugvéla.

Um flugvelli er rætt í 33. gr. (viðurkenning á verkstæðum o. fl.), 50. gr. (lestir

á flugtækjum á jörðu niðri og flugvirkjum), 89. gr. (flugvellir, er nota skal í milliríkjaflugi), 90. gr. (fyrirskipun um lendingu), 112. gr. (meiðsli á mönnum við för upp í loftfar eða úr því), 113. gr. (spjöll á varningi á flugvelli), 135. gr. (lækkun skaðabóta, er starfsmönnum á flugvelli er gert að greiða), 140. gr. (rannsókn á göllum á flugvirkjum), 147. og 148. gr. (bann við för loftfars af flugvelli).

Ef lög nr. 24/1945 um flugvelli og lendingarstaði verða látin halda gildi, takmarka þau vitaskuld ákvæði almennu laganna.

Ákvæði 55., 75. og 76. gr. varða erlend loftför í sama mæli sem íslenzk, og 78. gr. varðar sérstaklega erlend loftför.

Um 54. gr.

Viðbætir 14 (annex) geymir reglur um flughafnir, sem flugmálaráðherra ber að taka tillit til.

Flugmálaráðherra er rétt að setja almennar reglur um flugvelli og flugvirki skv. 1. mgr. 54. gr. og svo gefa fyrirmæli í einstökum tilvikum. Ákvæði 1. mgr. 54. gr. tekur eigi einungis til flugvalla, sem þarfnast viðurkenningar skv. 62. gr., þar sem þeir eru ætlaðir til almennrar notkunar, heldur og til flugvalla, sem einstakir aðiljar nota. Ákvæðinu er beint til þess aðilja, sem gera lætur flugvöll, sbr. 75. gr frv.

Ákvæði 2. mgr. 54. gr. veita ráðherra rétt til að hafa hönd í bagga með „náttúrulegum" flugvöllum.

Ákvæði 1. og 2. mgr. 54. gr. takmarkast af lögum 24/1945, ef þau verða látin halda gildi sínu. Annars myndi flugmálaráðherra taka efni þeirra, eftir því sem þurfa þætti, upp í reglugerð sbr. 188. gr. frv.

Samkvæmt 3. mgr. er ráðherra rétt að leggja fyrir, að skipaður sé flugvallarstjóri, sem sé ábyrgur fyrir flugmálastjórninni um rekstur flugvallar.

Önnur flugvirki (flugmannvirki) taka aðallega yfir radiovita, sbr. viðbæti 10 og 11, og annan tækjabúnað á flugvelli til notkunar við flugtak og lendingu.

Um eldfimt brenni á flugvelli, sjá ákvæði 149. gr.

Þeim handhafa valds, er getur í 3. mgr., ber að hafa eftirlit með, að sérleyfisreglur séu haldnar og svo reglur um forræðisskerðingar á eignum umhverfis flugvöll, sbr. einnig 70. gr. frv. Handhafi valds hefur rétt til að fara inn í hús og eignir manna, eftir því sem nauðsynlegt þykir, til framkvæmdar störfum þessum. Eigi má hann beita valdi.

Brot gegn 54. gr. varðar við 171. gr.

Um 55. gr.

Samkvæmt 89. gr. frv. er flugmálaráðherra rétt að setja reglur um flugleiðir loftfara inn á íslenzkt yfirráðasvæði og um það og svo hverja flugvelli megi nota í milliríkjaflugi. Þetta atriði hefur að undirstöðu 68. gr. Chicago-sáttmálans, The route to be followed, sbr. 5. gr. sáttmálans og I, tl. 4, sáttmálans um viðkomuréttindi loftfara. Flugferð táknar hér þá línu, sem loftfar skal fljúga eftir milli tiltekinna staða (flugvegur).

Annars eðlis er ákvæði 55. gr. Það hvílir m. a. á ákvæðum viðbætis (annex) 2, „Rules of the Air". Hér er átt við ákveðinn gang í loftinu, sem er háður sérstakri stjórn frá flugturni flugvallar: Controlled airspace, Control area og Control Zone. Loftgangur hefur ákveðna hæð frá jörðu, t. d. 300 metra yfir flugvöll, tiltekna hæð upp á við og tiltekna breidd. Fluginu er stjórnað frá flugturni.

Hér er rétt að benda á refsiákvæði 164. gr. fyrir brot gegn reglum þeim, sem settar eru skv. 55. gr.

Um 56. gr.

Alþjóðlegar reglur um öryggisþjónustuna eru í viðbæti 2, „Rules of the Air" og viðbæti II, „Air Traffic Services". Öryggisþjónusta greinist í loftumferðarstjórn, firðskiptaþjónustu og veðurþjónustu. Nefna ber Upplýsingaþjónustuna „Aeronautical

Information Publication", sem veitir flugmönnum fræðslu, er til öryggis stuðlar. Notice to airmen veitir fræðslu um atriði, er skyndilega ber við og flugmönnum er nauðsyn að vita, svo sem um veður, lokun flugvalla o. s. frv.

Ef ríkið tekst slíka þjónustu á hendur, getur því fylgt mikil ábyrgð, ef mistök eða misferli hendir þá, sem við það starfa.

Refsiákvæði, er eiga við brot á reglum skv. 56. gr., eru í 2. mgr. 179. gr. og 163. gr. frv.

Um 57. gr.

Sérleyfi.

Flugmálaráðherra er rétt að veita sérleyfi til að gera og starfrækja flugvöll, sem er almenningi til afnota. Flugvöllur telst vera almenningi til afnota, þá er öllum loftförum er rétt að nota hann, að fullnægðum sams konar skilyrðum. Ráðherra ber að ganga úr skugga um, að þörf sé á flugvelli, að flugvöllur sé vel í sveit settur, byggðarlagi verði eigi of mikill bagi búinn að návist hans, hann sé heppilegur, miðað við loftferðir bæði innanlands og til annarra landa. Vekja ber athygli á því, að skilyrði 62. gr. um viðurkenningu á slíkum flugvelli er reist á öryggissjónarmiðum um hæfni flugvallar.

Sérleyfis er einnig þörf um flugvöll eftir 2. mgr. 54. gr., ef hann skal vera til almennings nota.

Bæði **gerð** og **starfræksla** flugvallar útheimtir sérleyfi.

Ráðherra getur og skv. 2. mgr. 57. gr., þá er sérstaklega stendur á, veitt leyfi, sem eigi telst sérleyfi, til starfrækslu á flugvelli til almennra nota, t. d. þá er reglulegur flugvöllur er ónothæfur. Ef eigi skal nota flugvöll í fjáraflaskyni, mundi leyfi skv. 2. mgr. 57. gr. nægja, þótt 1. mgr. taki til hans.

Ríkið sjálft þarfnast eigi sérleyfis, en ríkisstofnanir, sem eru sjálfstæðir lögaðiljar, verða að afla þess. Hins vegar verður ríkið að hafa leyfi skv. 81. gr. til rekstrar reglubundinna loftferða. Nú er flugvöllur eigi ætlaður til almennings þarfa, og er flugmálaráðherra skv. 61. gr. allt að einu rétt, ef hann telur þess þörf, að binda gerð hans eða rekstur samþykki hverju sinni eða setja almenn skilyrði fyrir samþykkinu.

Eigi er áskilið í frv., að eigandi flugvallar sé íslenzkur ríkisborgari, en hér koma til greina ákvæði laga nr. 63/119. Sjá hins vegar ákvæði 88. gr. frv. um skilyrði til þess að reka loftferðir milli staða á íslenzku yfirráðasvæði.

Brot gegn ákvæði 57. gr. varðar refsingu skv. 173. gr.

Um 58. gr.

Ákvæði þessarar greinar geyma eigi aðra reglu en gilda á um stjórnsýslu almennt. Er ákvæðið því einungis sett til áminningar.

Um 59. gr.

Breyttar aðstæður, t. d. ör vöxtur borgar, geta valdið því, að flugvöllur, sem á sínum tíma var lagður á hentugum stað, verði að víkja fyrir byggðinni. Hins vegar verður flugvallareigandi að vera tryggður gegn því, að fé það, sem hann leggur í flugvöll, fari forgörðum vegna þess, að fyrirskipað sé að leggja flugvöllinn niður. Ákvæði 59. gr. vega þessa andstæðu hagsmuni. Ef ríkið leggur flugvöll niður, áður en leyfistíminn er út runninn, verður það að greiða eignarnámsbætur. Ef það leysir flugvöllinn til sín, að leyfistíma loknum, ber að greiða hæfilegt andvirði mannvirkja. Rétt er að taka upp í sérleyfi reglur um þessi efni.

Flugmálaráðherra ber, er hann veitir leyfi, að ganga úr skugga um, að leyfisbeiðandi sé fjárhagslega fær að inna skyldur sínar af hendi og reka flugvöllinn og að öryggisskilyrði séu fyrir hendi til að viðurkenna flugvöllinn, sbr. 60. gr. frv.

Einnig væri rétt, að ráðherra áskildi sér rétt til að staðfesta verðskrár um

gjald fyrir notkun flugvallar. Það er mikils vert, að ákvæði sérleyfis séu rækileg, glögg og ótvíræð og geymi skilorð, er hæfi þróun flugmála.

Um 60. gr.

Sérleyfi má taka aftur, ef sérleyfishafi

1) brýtur skilyrði sérleyfis,
2) brýtur lög og reglur, er reksturinn varða,
3) er eigi fær um, að því er ætla verður, að gera flugvirkin úr garði, svo að öruggt sé, eða halda rekstrinum tryggilega uppi.

Um 61. gr.

Nauðsyn ber til, að flugmálaráðherra megi hafa afskipti af einkaflugvöllum. Tiltækum ráðum ber að beita til þess, að flugvellir séu þannig lagðir og úr garði gerðir, að öryggi manna sé sem bezt borgið. Flugvellir verða þannig að liggja í nægilegri fjarlægð hver frá öðrum. Einnig geta hernaðarsjónarmið leitt til þess, að eigi megi leggja flugvelli á tilteknum stöðum.

Í skilmálum fyrir leyfi eftir 61. gr. er rétt að hafa ákvæði um innlausnarrétt fyrir ríkið, ef því er að skipta. Brot gegn fyrirmælum, gefnum skv. 61. gr., varðar við 173. gr.

Um 62. gr.

Ákvæði 62. gr. miða að því að tryggja það, að flugvellir og flugvirki fullnægi á hverjum tíma settum kröfum um tæknilegan búnað og öryggi. Þótt sérleyfi sé fengið, verður að útvega viðurkenningu eftir 62. gr., þá er flugvöllur er fullgerður. Slík viðurkenning er skilyrði til notkunar, ef um almannaflugvöll er að tefla, en flugmálaráðherra kveður á, að hve miklu leyti hennar skal krafizt um aðra flugvelli, þ. e. einkaflugvelli. Líta verður á, fyrir hvers konar loftför nota skal flugvöllinn, því að ákvæði 62. gr. hvíla á öryggissjónarmiðum. Það getur skipt miklu máli, að einkaflugvöllur hafi viðurkenningu til sérstakrar notkunar. Miklu léttara er þá að vátryggja loftför, sem þar lenda. Nú er tilætlun að breyta einkaflugvelli í almannaflugvöll, og verður að útvega viðurkenningu.

Rétt er að benda á ákvæði 2. mgr. 54. gr. um „náttúrulega“ flugvelli. Hér er oft um að tefla flugvelli á öræfum, á ís, á vötnum o. s. frv. Verður að beita fyllstu aðgæzlu við viðurkenningu á þeim og líta á þörfina hverju sinni.

Flugvelli verður því aðeins veitt viðurkenning, að hann fullnægi skilyrðum 54. gr. auk 62. gr.

Nú fær flugvöllur viðurkenningu að fullnægðum skilyrðum, en breyttar aðstæður og aukin tækni leiðir til strangari skilyrða, og ber þá að fella viðurkenningu úr gildi, unz úr er bætt. Sama er, ef sett skilyrði eru eigi haldin.

Refsiákvæði 173. gr. eiga hér við.

Eiganda og umráðanda flugvallar er skylt að tilkynna flugmálastjórninni, ef flugvöllur eða flugvirki fullnægir eigi lengur settum kröfum, og stöðva rekstur hans, ef hættulegt er að nota hann, t. d. ef rennibraut skemmist. Brot gegn þessu ákvæði varðar refsingu skv. 171. gr. frv. Brot á tilkynningarskyldu skv. 4. mgr. 62. gr. varðar við 177. gr.

Eignarnám og loftferðatálmanir.

63.—74. gr.

Eignarnámsreglur og skaðabótareglur, sem koma fram í 63.—74. gr. eða gert er þar ráð fyrir, eru þær, sem nú gilda í íslenzkum rétti. Reynt er með ákvæðum þessum að tryggja:

1) að búið sé sem tryggilegast um aðflug að flugvelli og fráflug frá honum,
2) að menn þurfi eigi að sæta eignatöku og forræðisskerðingu á eignum, nema nauðsyn beri til,

3) að komi til eignatöku og forræðisskerðingar, þá hljóti menn bætur skv. reglum íslenzkra laga.

Ef íslenzka ríkið þarf að leggja til land skv. 72. gr. Chicago-sáttmálans, hefur það heimild í 63. gr. til eignarnámsins.

Ákvæði 66. gr. taka til brota gegn skipulagsreglum, 67. gr. varðar breytingar, sem gera verður vegna skipulags. Hér er eðlilegt, að ríkið, sem heimilar flugvöllinn, ábyrgist bætur, sbr. 68. gr. Ákvæði 73. gr. varðar tálma, sem þykir rétt að ryðja úr vegi vegna loftferða, en eigi þykir ástæða til, að eigandi eða umráðandi flugvallar beri kostnað af, heldur almenningur.

Ákvæði 63.—74. gr. geta oft gefið efni til dómsúrskurðar. Brot gegn skipulagsreglum varða refsingu skv. 172. gr.

Um 75. gr.

Rétt er að athuga ákvæði 54. gr. í þessu sambandi og svo athugasemdir við þá grein.

Ákvæði 75. gr. er ætlað að stuðla að almennu öryggi loftferða. Flugvellir verða að liggja með nægilegu millibili hver frá öðrum. Hentugt og jafnvel nauðsynlegt getur verið að ætla þungum og hraðfleygum loftförum sérstaka flugvelli, til þess að litlar og hæggengar flugvélar þvælist eigi fyrir þeim. Vitaskuld kann að mega slaka á kröfum til flugvalla, sem ætlaðir eru t. d. þyrilvængjum.

Ákvæði 75. gr. er einnig að öðrum þræði reist á því sjónarmiði, að tryggja beri dýrum og kostnaðarsömum flugvöllum tekjur af loftförum. Sjá ákvæði laga nr. 24/1945.

Brot gegn reglum, settum eftir 75. gr., varða refsingu skv. 179. gr. Loftfar má hefta skv. 147. gr., er það vill hefja sig til flugs andstætt fyrirmælum.

Um 76. gr.

Ákvæði 76. gr. eru nauðsynleg í þágu almenns öryggis. Brýna nauðsyn ber til að glöggvar reglur séu fyrir hendi um för gangandi manna og farartækja um flugvelli og einnig um akstur loftfara um þá. Setja má almennar reglur um þessi efni og einnig ákvæði um, að hlíta skuli fyrirmælum stjórnanda flugvallar hverju sinni, t. d. um það, hvar loftför skuli reyna gang hreyfla sinna.

Sérstaklega ber að veita athygli heimild þeirri, sem flugmálaráðherra er veitt til að banna í samráði við samgöngumálaráðherra siglingu á tilteknum vötnum eða sjávarsvæðum, sem nota skal sem flugstöðvar.

Ákvæði 88. gr. frv. miða í sömu átt og 75. og 76. gr. Brot á reglum skv. 76. gr. varða refsingu eftir 179. gr.

Um 77. gr.

Tilætlunin er, að flugmálaráðherra setji gjaldskrár fyrir flugvelli, sem eru til almennra nota, þannig að samræmi fáist, en taka má vitaskuld tillit til stærðar flugvallar og útbúnaðar á honum. Í þessu sambandi er rétt að benda á ákvæði 148. gr. frv., er veitir umráðanda flugvallar heimild til að aftra för loftfara af flugvelli, unz eftirgjald eftir notkun hans er greitt eða trygging sett fyrir greiðslu þess.

Ákvæði 77. gr. veitir ríkinu rétt til að krefjast gjalds fyrir flugstjórn og radíó- og veðurþjónustu.

Í sambandi við 77. gr. er rétt að benda á ákvæði 71. gr. Chicago-sáttmálans, en skv. henni er ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar rétt að beiðni ríkis, er í hlut á, að setja á stofn og reka flughafnir innan ríkisins ásamt öllum búnaði til framkvæmdar milliríkjaflugi og heimta sanngjörn gjöld fyrir.

Um 78. gr.

Ákvæði 78. gr. er ætlað að veita lagaheimild fyrir reglum 15. gr. Chicago-sáttmálans, þannig að erlend loftför, sem heima eiga í einhverju sáttmálaríki, njóti

sama réttar á íslenzkum flugvöllum, sem eru til almennra nota, og íslenzk loftför, bæði að því er varðar alla þjónustu og greiðslu fyrir hana, sbr. 68. gr. sáttmálans. Gjaldskrá sú, sem ræðir um í 77. gr., mun því einnig taka til hinna erlendu loftfara. Talið er, að heimilt sé að veita loftferðafélögum, sem nota flugvöll í ríkum mæli, nokkurn afslátt.

Brot gegn 78. gr. varðar refsingu skv. 2. mgr. 171. gr.

Um 79. gr.

Það er nauðsynlegt að þeir, sem vinna að störfum á flugvöllum og flugvirkjum, séu hæfir til starfans, þannig að öryggi loftferða stafi eigi hætta af vankunnáttu þeirra. Viðbætir I við Chicago-sáttmálann geymir því ákvæði um, að flugtæknifræðingar og afgreiðslumenn loftfara skuli vera búnir skírteinum.

Eigi hefur þótt unnt að svo stöddu að telja upp í lögum þá starfsmenn á flugvöllum og í flugvirkjum á jörðu, er skírteini þurfa, þar sem þróun er mjög ör á þessu sviði. Sama er að segja um þær hæfnikröfur, sem gera verður til þessara starfsmanna. Þær breytast. Er flugmálaráðherra því falið að ráða fram úr þessum málum eftir fyllstu kröfum hvers tíma.

Sjá skaðabótaákvæði 135. gr.

Rétt er að minna hér á ákvæði 56. gr. um flugöryggisþjónustuna og ákvæði 33. gr. um hæfni til smíði loftfara, búnaðar og tækja þeirra.

Um 80. gr.

Öryggi loftferða er einnig mjög komið undir nákvæmni og gaumgæfni flugvallarliðsins. Menn, sem stjórna frá flugturni lendingu og flugtaki loftfara og för þeirra um flugvöll, hafa geysiveigamikið starf á hendi. Flugtæknifræðingur gefur flugstjóra vottorð um flughæfi loftfars að framkvæmdu eftirliti á loftfari og viðgerð á því, ef því er að skipta. Ríður því mjög á því, að starf hans sé innt af hendi með fullkominni ástundan. Starf fleiri starfsmanna í flugvirkjum og jafnvel utan þeirra er og veigamikið fyrir öryggi loftferða. Ber því að gera kröfur þær um reglusemi, er greinir í 52. gr., til slíkra manna. En með því að skilin milli þeirra og annarra manna, er eigi þarf að gera svo strangar kröfur til, eru nokkuð óglögg og geta verið breytileg eftir aðstæðum á hverjum tíma, hefur þótt heppilegast að fela flugmálaráðherra að ákveða, til hverra manna ákvæði greinarinnar skuli taka, innan þeirra marka, er hún tiltekur.

Brot gegn 80. gr. sbr. 52. gr. varðar refsingu skv. 162. gr.

VII. KAFLI

Um 81. gr.

Í athugasemdum við 3. gr. var gerð grein fyrir alþjóðareglum um milliríkjaflug og þau réttindi, sem Ísland hefur veitt erlendum loftförum til loftferða um íslenzkt yfirráðasvæði. Er rétt að kynna sér þær, þá er ákvæði 81. gr. eru könnuð.

Skv. 1. mgr. 81. gr. þarf leyfi flugmálaráðherra til rekstrar reglubundinna loftferða til fjáröflunar yfir íslenzku yfirráðasvæði.

1. Hinn 28. marz 1952 lét ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar í té skýringu á því, hvað „reglubundnar milliríkjaloftferðir“ tákna (Definition of a Scheduled International Air Service). Samkvæmt henni er það reglubundið flug, er loftför, sem gerð eru til flutnings á farþegum, pósti eða varningi, eru í loftferðum um loftsvæði fleiri en eins ríkis, gegn endurgjaldi, standa almenningi til boða og þeim er ætlað að fullnægja flutningaþörf milli tveggja eða fleiri staða, annaðhvort samkvæmt fyrir fram gerðri og birtri áætlun eða með svo reglubundnum og tíðum flugferðum, að um kerfisbundnar loftferðir er að tefla. Þessar reglur má hafa til hliðsjónar við skýringu 81. gr. Gerðar eru strangari kröfur til flugstjóra við reglubundnar loftferðir (áætlunarflug) en aðrar loftferðir, t. d. um

kunnugleika á loftleiðinni. Einnig eru strangari kröfur gerðar til áhafnar í slíku flugi. Þá er og flugfyrirtækjum, er áætlunarflug stunda, skylt að halda uppi áætlunarflugi einnig á árstímum, er farþegar eru fáir. Hins vegar skiptir flugfyrirtæki þessi miklu, að málamynda áætlunarflug sé eigi leyft á árstímum, þá er menn ferðast mikið, og þau þannig svipt tekjum. Er því m. a. í 2. mgr. 81. gr. kveðið svo á, að leyfi flugmálaráðherra þurfi einnig til rekstrar annarra loftferða til fjáröflunar yfir íslenzku yfirráðasvæði, enda mæli ráðherra eigi öðruvísi.

2. Ákvæði 81. gr. tekur til loftferða yfir íslenzku yfirráðasvæði, hvort sem flogið er milli tveggja íslenzkra staða, t. d. Reykjavíkur og Akureyrar, eða milli íslenzks og erlends staðar, t. d. Reykjavíkur og Kaupmannahafnar.

Samkvæmt alþjóðasamningi um viðkomuréttindi loftfara, nr. 45/1947 í Stjórnartíðindum, I. gr. 1. tl., hafa öll loftför frá Chicago-sáttmálaríkjunum rétt til að fljúga yfir íslenzkt yfirráðasvæði, án þess að lenda, og svo rétt til viðkomu í öðru skyni en fjárafla, en samningsríki er rétt skv. 1. gr. 4. tl. að ákveða þá leið, sem fara má innan yfirráðasvæðis þess, og svo flughafnir þær, sem nota má. Hlíta ber öllum þessum reglum, þá er sérleyfi er veitt, sbr. 86. gr. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. Chicago-sáttmálans er loftfari, sem notað er í fjáraflaskyni, til flutnings á farþegum, farmi eða pósti, heimilt í loftferðum, öðrum en áætlunar, að taka eða setja á land farþega, farm eða póst í hinum sáttmálaríkjunum, þó þannig að ríki, þar sem ferming eða afferming á sér stað, sé rétt að setja þær reglur, skilmála og skorður, sem æskilegar eru.

Óreglubundnar ferðir í fjáraflaskyni tíðkast mjög ríkja í milli. Þykir því nauðsynlegt að hafa hönd í bagga með þeim, svo sem áður segir, en stundum er eigi létt að draga skilin milli reglubundinna og óreglubundinna loftferða. Ákvæði 2. mgr. 81. gr. er sett til þess að koma þess háttar flugi undir eftirlit. Liggja bæði fjárhagslegar og öryggis ástæður að baki ákvæðinu. Áætlunarflug verður að rækja bæði á aðalferðatíma árs og endranær. Gæta verður þess, að þeir, er reka óreglubundið flug, hirði eigi viðskiptin á góða árstímanum, en haldi að sér höndum, þá er viðskipti eru lítil. Ákvæði 2. mgr. 81. gr. á að bæta hér úr.

Ákvæði 3. mgr. 81. gr. um leyfi ráðherra til þess flugs, sem þar greinir, er sett til tryggingar öryggis.

Refsiákvæði 173. gr. eiga hér við.

Um 82. gr.

Ákvæði þessarar greinar geymir sams konar reglu og ákvæði 58. gr. Hér er um meginreglu laga að tefla, sem einungis er tekin fram til áherzlu og áminningar.

Um 83. gr.

Samkvæmt 16. gr. Parísarsáttmálans frá 1919 var sáttmálaríki rétt að setja reglur, þar sem flutningur farþega og varnings í fjáraflaskyni milli tveggja staða innanlands var meira eða minna áskilinn innlendum loftförum. Skv. 17. gr. var öðrum sáttmálaríkjum rétt að láta loftfar frá ríki, sem hagnýtt hafði sér heimild 16. gr., sæta sömu takmörkunum, enda þótt loftför annarra sáttmálaríkja væru eigi látin hlíta þeim. Ákvæði 7. gr. Chicago-sáttmálans um innanlandsflug er framhald ákvæða Parísar-sáttmálans. Hvert sáttmálaríki getur neitað loftförum annarra ríkja flutningum í lofti milli staða innanlands og skuldbindur sig til að gera eigi sáttmála, er veiti slík réttindi einungis einu öðru ríki eða flugfyrirtæki annars ríkis, eða að afla sér slíks einkaréttar í öðrum ríkjum með sáttmála.

Reglan um einkarétt innlendra loftfara til flutninga innanlands er í samræmi við þá reglu alþjóðalaga, að ríki hvert megi áskilja sínum skipum einum flutninga milli innanlandshafna.

Samkvæmt 1. mgr. 83. gr. má einungis veita íslenzkum loftförum leyfi til að

taka farþega eða varning á einum íslenzkum stað og flytja til annars. Flutningur erlends loftfars á farþegum og varningi, þannig að flutt er frá útlöndum bæði til Reykjavíkur og Akureyrar, fellur eigi undir ákvæðið. Erlendu loftferðafyrirtæki mæti veita slíkt leyfi með þeim skilyrðum, er í 7. gr. Chicago-sáttmálans segir. Í 7. gr. frv. eru talin skilyrði til þess, að loftfar megi skrásetja á Íslandi og veita því íslenzkt þjóðerni, sbr. 11. og 19. gr. frv. Krafizt er þess í 7. gr., að loftfar eigi:

1. íslenzkir stjórnvaldsaðiljar, ríki eða sveitarfélög (a—b),
2. mannúðarstofnanir, er íslenzkir ríkisborgarar, búsettir á Íslandi, stjórna þeim (d),
3. samtök, þar sem ⅔ samtakamanna eru íslenzkir ríkisborgarar, enda stjórni þeim íslenzkir ríkisborgarar, búsettir á Íslandi (e),
4. hlutafélög, sem hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara, búsettra þar, og ⅔ hlutar hlutafjár og atkvæðamagns sé í höndum íslenzkra aðilja (f),
5. önnur félög með takmarkaðri ábyrgð, er hlíta stjórn íslenzkra ríkisborgara, búsettra á Íslandi, enda séu ⅔ hlutar félaga íslenzkir ríkisborgarar (g),
6. félög með ótakmarkaðri ábyrgð, enda séu félagar allir íslenzkir ríkisborgarar (h),
7. íslenzkir ríkisborgarar (c).

Á bekk með íslenzkum ríkisborgurum um hlutdeild í félögum eru settir aðiljar skv. **a—b** og **d—e** 7. gr.

Nú kann að bera við, að leyfishafi missi lögmælt skilyrði leyfis. Það getur orðið vegna atviks, sem hann ræður eigi yfir, t. d. er erlendir menn erfa meirihluta hlutabréfa í félagi. Skal flugmálaráðherra setja honum frest til að kippa málinu í rétt horf.

Samkvæmt 3. mgr. 83. gr. er flugmálaráðherra rétt að veita leyfi skv. 81. gr., þótt framangreind skilyrði til þess bresti, þá er alveg sérstaklega stendur á. Er ætlazt til, að heimild þessari sé einkum beitt, þá er ástæða er til að setja erlenda menn, sem í hlut eiga, á bekk með íslenzkum ríkisborgurum, t. d. vegna langrar dvalar á Íslandi, hjúskapar við íslenzka menn, eða í hlut á erlendur stjórnarmaður félags, er reka vill hér loftferðir, og flugmálaráðherra telur einsætt, að honum megi treysta í öllum greinum.

Beita ber undanþáguheimild með varúð. Rétt er ráðherra, skv. 188. gr., að setja nánari reglur um skilyrði undanþágu og niðurfall hennar, ef út af þeim er brugðið.

Eigendum loftfars ber skv. 150. gr. að veita valdstjórnarmönnum alla þá vitneskju, sem þeir þarfnast við eftirlit með því, að ákvæðum 83. gr. sé hlítt.

Um 84. gr.

Samkvæmt ákvæði þessu ber að tímabinda leyfi. Ákvæðið er í samræmi við 59. gr. frv. og er reist á sams konar sjónarmiðum. Rétt er að benda á reglur í viðbæti 6 "Operation of aircraft" í þessu sambandi. Leyfi er venjulega bundið þeim skilyrðum, að leyfishafi annist loftflutninga á leið þeirri, sem um er að tefla, flytji póst, hlíti eftirliti stjórnvalds, játist undir skýrsluskyldu o. s. frv.

Innlausn myndi venjulega fara þannig fram, að ríkið gangi inn í réttindi og skuldbindingar skv. reglum, er greindar eru í leyfinu.

Setja þarf í leyfisskilyrðum ákvæði um, hvernig með skuli fara, ef þjóðerni leyfishafa breytist.

Um 85. gr.

Ákvæðið varðar tilvik, er leiða til niðurfalls á leyfi. Það er í samræmi við ákvæði 60. gr. frv. Framsal réttinda skv. leyfi er eigi heimilt.

Rétt er að vekja athygli á 87. gr. Chicago-sáttmálans, þar sem segir, að sérhvert sáttmálaríki skuldbindi sig til að banna loftferðafyrirtæki sáttmálaríkis flug yfir yfirráðasvæði sínu, þá er ráðið hefur úrskurðað, að loftferðafyrirtækið hlíti eigi úrskurði skv. 86. gr. sáttmálans.

Um 86. gr.

Ákvæði þau, sem þessi grein vísar til, eru í Chicago-sáttmálanum, 5. og 7. gr. Alþjóðasamningur um viðkomuréttindi loftfara veitir loftförum sáttmálaríkja:

1. Rétt til að fljúga yfir lönd hvers annars, án þess að lenda.
2. Rétt til að lenda í öðru skyni en fjárafla, jafnvel þótt um áætlunarflug sé að tefla. Í framkvæmd er krafizt formlegs leyfis, áður en slíkar loftferðir eru hafnar.

Með tvíhliða sáttmálum veitir ríki oft tilteknum loftferðafyrirtækjum annars ríkis:

3. Rétt til að lenda farþegum, varningi og pósti, sem flutt er frá heimalandinu í áætlunarferðum.
4. Rétt til að taka farþega, varning og póst og flytja til heimalands síns í áætlunarferðum.
5. Rétt til að flytja farþega, varning og póst milli sáttmálaríkisins og þriðja lands í áætlunarferðum.

Ýmis skilyrði um framkvæmd loftferðanna eru sett í sáttmálum þessum.

Um þessi efni er nánar ritað í athugasemdum við 3. gr.

Ákvæði 86. gr. veitir heimild til að víkja frá ákvæðum VII. kafla, þá er sáttmálar við erlend ríki gera það nauðsynlegt.

Um 87. gr.

Ákvæði þetta miðar að því að tryggja, að loftför, flugvirki og varahlutir, sem afhentir eru til leigu eða annarra afnota á kostnað og ábyrgð viðtakanda, fullnægi kröfum verkvísinnar um traustleik og öryggi. Er flugmálaráðherra falið að ákveða skilorð slíkrar afhendingar. Ríki hvert ber ábyrgð á því, að loftför þau, sem það hefur skráð og veitt flugréttindi, séu fyllilega lofthæf, hvar svo sem þau eru notuð. Verða handhafar ríkisvalds því að fylgjast með þeim, þótt þau séu notuð á yfirráðasvæði annarra ríkja.

Skilyrði fyrir beitingu ákvæðis þessa er, að viðtakandi loftfars reki það á sjálfs sín kostnað og ábyrgð. Ákvæðið tekur hins vegar eigi til þess tilviks, er eigandi (umráðandi) loftfars tekst á hendur flutninga fyrir annan aðilja. Í þessu tilviki ber eigandi áfram ábyrgð og kostnað af loftfarinu.

Ákvæði 87. gr. er talið taka m. a. til þess, er samtök leigja einstökum samtakamönnum loftför sín.

Þá er ríkinu og nauðsynlegt að vera á verði gegn því, að leiguloftför trufli rétt þann, sem loftferðafyrirtæki, er sérleyfi hafa fengið, njóta. Þá veitir ákvæðið flugmálaráðherra heimild til að banna leigu loftfara til styrjaldaraðila. Ráðherra er rétt að setja almennar reglur um þessi efni og einnig að kveða á um einstök tilvik sérstaklega.

Brot gegn reglum, settum skv. 87. gr., varðar refsingu skv. 173. gr.

Um VIII. kafla.

Ákvæði kafla þessa miða að því að auka öryggi við flugtak loftfara, umferð í lofti og lendingu.

Tilskipun um reglur til að koma í veg fyrir árekstur á sjó, nr. 47/1953 varðar einnig loftför, er á sjó lenda, og fyllir þannig reglur kafla þessa.

Um 88. gr.

Með 12. gr. Chicago-sáttmálans takast sáttmálaríkin á hendur að gera ráðstafanir til, að sérhvert loftfar, sem flýgur yfir yfirráðasvæði þess eða er stýrt þar, og svo hvert loftfar, er ber þjóðernismerki þess, skuli, hvar sem það er statt, fara eftir þeim reglum og reglugerðum um flug og stjórn, sem eru í gildi þar á stað. Hvert sáttmálaríki skuldbindur sig til að hafa reglur sínar um þessi efni sama efnis, svo

sem kostur er, og þær, sem settar eru samkvæmt sáttmálanum. Yfir úthöfum skulu þær reglur gilda, sem settar eru skv. sáttmálanum. Hvert sáttmálaríki tekst á hendur að sækja hvern þann til refsingar, er brýtur settar reglur.

Reglur 12. gr. eru fylltar af ákvæði viðbætis 2: Rules of the Air, er ráð Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samþykkti hinn 27. nóvember 1951, 14. útgáfa með breytingum 14. maí 1960.

Kafli 1 geymir skýrgreining hugtaka,
— 2 varðar gildissvið loftferðareglnanna, val reglna, skyldu til að fylgja reglunum, vald flugstjóra, notkun áfengra drykkja, deyfilyfja og annarra eiturlyfja,
— 3 geymir almenn ákvæði um verndun mannslífa og eigna, hversu árekstri skuli afstýra, um upplýsingar um flug, flugáætlanir og tilkynningar um komu loftfara, loftferðamerki og loftferðaeftirlit,
— 4 geymir reglur um sjónflug (visuel), og í
kafla 5 finnast reglur um tækjaflug (instrument flug).

Fylgiskjöl með viðbætinum geyma reglur um flugmerki og ljósabúnað loftfara.

Loks ber að leiða hér athygli að ákvæðum 55. og 56. gr. frv., sem geyma reglur, er miða einnig að allsherjarreglu á umferð í lofti. Brot gegn reglum, settum skv. 88. gr., varðar við 155. gr. og 1. mgr. 163. gr.

Um 89. gr.

Samkvæmt 68. gr. Chicago-sáttmálans er öllum sáttmálaríkjum rétt, innan marka sáttmálans, að kveða á um þær leiðir, sem fara verður í alþjóðaflugi á yfirráðasvæði þeirra, og svo þær flughafnir, sem nota ber í slíkum loftferðum. Sams konar ákvæði er I. gr., 4. lið, alþjóðasamnings um viðkomuréttindi loftfara, og í loftflutningasáttmálanum 1. gr., 5. lið. Um óreglubundnar loftferðir segir í 5. gr. Chicago-sáttmálans, að ríki því, sem yfir er flogið, sé rétt að krefjast þess, að loftfar lendi, og að sérhverju sáttmálaríki sé rétt af öryggisástæðum að krefjast þess, að loftför, er fljúga vilja yfir svæði, sem ólendandi er á eða hafa ófullkomin hjálpargögn fyrir loftför, fari eftir settum leiðum eða afli sér sérstaks leyfis til slíks flugs.

Samkvæmt 10. gr. Chicago-sáttmálans skal loftfari hverju, sem flýgur inn á yfirráðasvæði ríkis, sé þess krafizt í reglum þess ríkis, skylt að lenda í flughöfn, er það ríki tilgreinir í þessu skyni, til tollskoðunar og annarar rannsóknar, enda hafi loftfarið samkvæmt sáttmálanum eða sérstöku leyfi eigi rétt til að fljúga um yfirráðasvæði ríkisins án lendingar. Við brottför af yfirráðasvæði sáttmálaríkis skulu slík loftför einnig leggja upp frá þannig tilgreindri tollflughöfn.

Í 11. gr. Chicago-sáttmálans segir: Innan þeirra marka, sem sáttmálinn setur, skal um öll loftför sáttmálaríkja, án tillits til þjóðernis, beita lögum og reglugerðum ríkis, sem varða innflug loftfara, er milliríkjaflug stunda, á yfirráðasvæði ríkisins og brottflug þaðan og svo rekstur og stjórn slíkra loftfara, meðan þau eru á yfirráðasvæði ríkisins, og skulu loftför þessi hlíta slíkum lögum og reglum við innflug sitt inn á yfirráðasvæði ríkisins, brottflug þaðan og meðan dvöl þeirra þar varir.

Enn segir, í 13. gr. sáttmálans: Halda skal lög og reglugerðir sáttmálaríkis um lendingu farþega, áhafnar eða farms loftfara á yfirráðasvæði ríkisins og brottför þaðan, svo sem ákvæði um landgöngu, afgreiðslu, vegabréf, tollskoðun og heilbrigðisskoðun, að því er varðar slíka farþega, áhöfn og/eða farm við lendingu á yfirráðasvæði ríkisins, meðan á dvöl þar stendur og við brottför þaðan.

Samkvæmt 22. gr. sáttmálans ber sáttmálaríkjunum að auðvelda, svo sem kostur er, milliríkjaflug milli yfirráðasvæða sinna, og samkvæmt 23. gr. skulu þau setja reglur um tollskoðun og landgöngu fólks í samræmi við reglur þær, er settar verða skv. Chicago-sáttmálanum.

Samkvæmt 89. gr. frv. er flugmálaráðherra gert að setja reglur um flugleiðir (routes) loftfara inn á íslenzkt yfirráðasvæði og yfir því. Hann verður vitaskuld að samræma þær reglur þeim alþjóðlegu reglum, sem að framan hafa verið raktar. Í þessu sambandi ber einnig að athuga ákvæði 55. gr. frv. Flugleið skv. 89. gr. táknar loftlínu þá, sem loftfar fylgir milli tveggja staða, en 55. gr. kveður m. a. á um fluggang, er fljúga ber eftir að flugvelli, til þess að eigi verði árekstur við aðrar lugvélar, hús eða fjöll.

Brot gegn 89. gr. varða við 163. gr., 2. mgr.

Um 90. gr.

Ákvæði 5. gr. Chicago-sáttmálans veitir sáttmálaríki rétt til að krefjast þess, að loftfar, sem er í óreglubundnu flugi, þ. e. eigi áætlunarflugi, yfir yfirráðasvæði þess, lendi. Sams konar ákvæði leiðir af I. gr., 2. lið, milliríkjasáttmála um viðkomuréttindi loftfara. Í 6. gr. Chicago-sáttmálans segir, að eigi megi reka milliríkjaáætlunarflug um eða inn á yfirráðasvæði sáttmálaríkis nema skv. sérstöku leyfi eða heimild þess ríkis, enda sé slíku flugi hagað í samræmi við leyfið eða heimildina. Slíkt leyfi yrði að geyma skilorð, er samræmt væri ákvæðum 90. gr. frv., eftir gildistöku þeirrar greinar. Þá er í c-lið 9. gr. Chicago-sáttmálans svo kveðið á, að hverju sáttmálaríki sé rétt samkvæmt þeim reglum, er það setur, að krefjast þess, að hvert það loftfar, sem flýgur inn á bannsvæði þau, sem greind eru í a—b-lið greinarinnar, þ. e. hernaðarsvæði o. fl., skuli, svo fljótt sem kostur er, lenda í einhverri tilgreindri flughöfn innanlands.

Í 1. mgr. 90. gr. frv. er þeim handhafa stjórnvalds, sem í hlut á, veitt heimild til að skipa loftfari að lenda, enda miði sú skipan til uppihalds á allsherjarreglu og öryggi. Ákvæði þessu, sem er í samræmi við framangreindar alþjóðareglur, væri rétt að beita, t. d. þá er loftfar fullnægir eigi settum reglum um öryggi, það er notað í löglausu skyni, svo sem til að smygla varningi eða til glæpa, eða maður leitar undankomu í því. Stöðvun á flugi loftfara getur haft mikið tjón og kostnað í för með sér. Beita ber því ákvæðinu með gætni, oft má neyta annarra fangaráða, svo sem að gera lögreglu á næsta viðkomustað loftfars viðvart. Það fer eftir almennum reglum hins stjórnvaldslega skaðabótaréttar, hvort ríkinu ber að greiða bætur fyrir það, að loftfar lendir samkvæmt skipun yfirvalds. Handhafar stjórnvalds eru samkvæmt ákvæðinu t. d. lögregla og tollyfirvöld.

Ákvæði 2. mgr. 90. gr. er í samræmi við 90. gr. Chicago-sáttmálans.

Lögregluvöld og tollyfirvöld verða að ráða yfir flugvélakosti til að geta framfylgt ákvæðum 3. mgr. 90. gr.

Ákvæði 147. gr. frv. hafa sama markmið og ákvæði 90. gr. Brot flugstjóra gegn 90. gr. varðar við 2. mgr. 164. gr.

Um 91. gr.

Í 35. gr. Chicago-sáttmálans segir: Hergögn má eigi flytja í loftförum, er milliríkjaflug stunda, á eða yfir láði eða legi ríkis nema með leyfi þess. Ríki hvert skal setja reglur um, hvað telja beri hergögn í merkingu greinar þessarar, enda sé, í því skyni að samræmi náist, tekið fullt tillit til tillagna Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á hverjum tíma.

Enn segir í 35. gr.: Ríki hvert áskilur sér til uppihalds á allsherjarreglu og öryggi rétt til að setja reglur um eða banna flutning annars varnings en getur í alið, á eða yfir láði og legi sínum, enda sé í því efni enginn greinarmunur gerður á loftförum ríkisins sjálfs, sem milliríkjaflug stunda, og loftförum annarra ríkja, er sams konar flug rækja, og engar hömlur lagðar á flutning og afnot tækja þeirra í loftförum, sem nauðsynleg eru við rekstur eða stjórn loftfaranna eða fyrir öryggi áhafnar og farþega.

Í 36. gr. sáttmálans segir, að sáttmálaríki hverju sé rétt að setja reglur um eða banna notkun ljósmyndatækja í loftförum yfir yfirráðasvæði sínu.

Ákvæði 91. gr. frv., sem eru samræmd við framangreindar reglur sáttmálans, eiga að tryggja gegn hættu, sem hlotizt getur af flutningi sprengiefna, bæði fyrir loftfar, farþega, áhöfn og svo fyrir fólk og eignir utan loftfars. Varúð gegn hernaði liggur og til grundvallar ákvæðinu. Venja mun vera að leyfa flutning minni háttar handvopna ásamt skotfærum, þá er tryggilega er um þau búið.

Hömlur 91. gr. eru eigi einskorðaðar við hergögn. Ráðherra er rétt að banna flutning annars varnings, ef allsherjarreglu eða öryggi stafar hætta af honum. Má hér nefna eldfim og geislavirk efni sem dæmi.

Varúð gegn hernaði og gegn hnýsni um einkahagi manna liggur til grundvallar heimild þeirri, sem ráðherra er veitt til að takmarka eða banna flutning ljósmyndatækja í loftförum. Afla verður leyfis ráðherra til kortagerðar með ljósmyndum úr lofti.

Refsiákvæði fyrir brot gegn 1. og 2. mgr. 91. gr. eru í 165. gr., en brot gegn 3. mgr. 91. gr. varða við 2. mgr. 179. gr.

Um 92. gr.

Í 29. gr. Chicago-sáttmálans segir: Í sérhverju loftfari sáttmálaríkis, er milliríkjaflug stundar, skulu vera eftirtalin skjöl í samræmi við skilyrði þau, sem mælt eru í sáttmálanum:

a. Skrásetningarskírteini.
b. Lofthæfniskírteini.
c. Nauðsynleg skírteini fyrir flugverja hvern.
d. Loftferðadagbók.
e. Útvarpsstöðvarskírteini, ef loftfarið er búið útvarpstækjum.
f. Farþegalisti, þar sem nöfn farþega eru greind, brottfararstaður og ákvörðunarstaður þeirra.
g. Farmskrá og sundurliðaðar hleðsluyfirlýsingar, ef loftfarið flytur farm.

Í 34. gr. sáttmálans er enn svo kveðið á, að í loftfari hverju, sem milliríkjaflug stundar, skuli rita loftferðabók og skrá í hana skýrslu um loftfarið, áhöfn þess og flugferð hverja í þeirri mynd, sem ákveðið er á hverjum tíma samkvæmt sáttmálanum. Í góðu samræmi við hinar alþjóðlegu reglur er flugmálaráðherra í 92. gr. frv. falið að setja reglur um loftfarsskjöl, vist þeirra í loftfari, gerð þeirra, ritan og geymslu. Eigi þykir rétt að telja loftfarsskjölin upp í lagatexta, þar sem alþjóðlegar reglur um þau eru stöðugum breytingum og endurbótum háðar, sbr. 37. gr. h Chicago-sáttmálans og viðbæti (annex) nr. 9, enda er flugmálaráðherra bundinn af hinum alþjóðlegu ákvæðum, þá er hann setur reglur samkvæmt 92. gr. Athuga 21. gr. frv.

Brot gegn reglum, settum skv. 92. gr., varðar við 1. mgr. 169. gr.

Um 93. gr.

Það getur skipt mann máli að öðlast vitneskju um það, sem skráð er í loftfarsskjöl, t. d. um farm loftfars, hvers konar veður loftfar hefur hreppt o. s. frv. Nú færir maður sönnur á, að hagsmunir hans séu í húfi, og veitir ákvæði 93. gr. honum þá heimild til að krefjast þess, að kynna sér þau loftfarsskjöl, sem skipta hann máli.

Um 94. gr.

Eðlilegt er, að flugverjar geti, þá er þess er krafizt, sýnt skilríki fyrir því, að þeir séu bærir og hæfir til að rækja starf sitt í loftfari. Í framhaldi af ákvæðum 92. gr. frv. er flugmálaráðherra með 94. gr. fengið vald til þess að kveða nánar á um skyldu flugverja til að hafa meðferðis starfsskírteini sín. Brot flugverja á 94. gr. og reglum, settum samkvæmt henni, varða refsingu samkvæmt 169. gr.

Um 95. gr.

Ákvæði þetta veitir flugmálastjórn og lögreglu rétt til að rannsaka loftfar og sannkanna þau skjöl, sem loftfar og flugverjar skulu hafa. Ákvæðið tekur yfir íslenzk og erlend loftför á íslenzku yfirráðasvæði. Í sambandi við ákvæðið ber að athuga 16. gr. Chicago-sáttmálans, en þar segir: Bærum yfirvöldum hvers sáttmálaríkis er rétt að leita án óþarfa tafar í loftfari annars sáttmálaríkis við lendingu þess og brottför og kanna skírteini þau og önnur skjöl, sem fyrirskipuð eru í sáttmálanum. Ákvæði sáttmálans ræðir einungis um skoðun við lendingu og brottflug, en þessi takmörkun er eigi í frv. Ber að taka tillit til þessa í reglum um skoðun, settum samkvæmt 188. gr. frv., en samkvæmt 22. gr. sáttmálans ber að greiða för loftfara frá sáttmálaríkjunum, svo sem kostur er. Í viðbæti 9 við Chicago-sáttmálann: Facilitation of International Air Transport eru gefnar leiðbeiningar um aðferð við komu og brottför loftfara, komu fólks með loftförum, innflutning og útflutning varnings, sóttgæzluráðstafanir og sóttkvíun, ferðagjaldeyri, leit að loftförum, björgun o. fl.

Tolllög og sóttvarnarlög skipa og fyrir um þau efni, sem þar greinir.

Hér skal loks benda á ákvæði 175. gr. frv., sem m. a. leggur refsingu við því að tálma rannsókn samkvæmt 95. gr.

Um Varsjársáttmálann.

Nr. 1. Í VIII fyrstu köflum frv. er fjallað um valdstjórnarleg efni, sem loftferðir varða. Kafli sá, sem nú tekur við, IX. kaflinn, geymir hins vegar einkaréttarreglur um loftflutninga. Nú fara loftflutningar í æ ríkara mæli fram landa og ríkja í milli. Ber því brýna nauðsyn til að skapa um þá bæði alþjóðlegar og þjóðlegar reglur. Skiptir miklu máli, að samræmi sé sem mest milli hinna alþjóðlegu og þjóðlegu ákvæða. Reglur þær, sem íslenzkir aðilar hlíta um loftflutninga, má a. m. k greina þannig:

1. Íslenzk þjóðleg lög eða heimalög.
2. Ákvæði Varsjár-sáttmálans frá 1929 og sáttmálaaukans frá 1955.
3. Íslenzk alþjóðleg einkamálaréttarákvæði um milliríkjaflutninga, þar sem Varsjársáttmálinn á eigi við, sbr. 3. mgr. 5. gr. frv.

Nr. 2. Allur þorri ríkja hafa gerzt aðilar að Varsjársáttmálanum, er undirritaður var í Varsjá 12. október 1929. Hinn 28. september 1955 var í Haag undirritaður sáttmálaauki við hann (Protokol). Sáttmálaaukinn hefur eigi verið fullgiltur af tilskilinni tölu ríkja, þ. e. 30 ríkjum, sbr. XXII. gr. hans.

Sjá lög nr. 46/1956.

Nr. 3. Varsjársáttmálinn geymir alþjóðleg ákvæði um loftflutninga. Sáttmálinn hefur eigi ákvæði um hvers konar slíka flutninga og lætur ósvarað mörgum atriðum um þá flutninga, sem hann tekur yfir.

Varsjársáttmálinn tekur eigi yfir:

a. Loftflutninga, sem framkvæmdir eru samkvæmt alþjóðapóstsamningi, 2. tl. 2. gr. Samkvæmt II. gr. sáttmálaaukans frá 1955 tekur sáttmálinn eigi til flutninga á bréfum og póstbögglum.
b. Loftflutninga milli ríkja, sem framkvæmdir eru af loftflutningafyrirtæki sem fyrsta tilraun til að koma á skipulögðum loftflutningaleiðum, 1. tl. 34. gr. sáttmálans. Samkvæmt XVI. gr. sáttmálaaukans frá 1955 fellur ákvæðið niður, þá er sáttmálaaukinn tekur gildi, þar sem loftferðir eru nú orðnar algengar um allar jarðir.
c. Loftflutninga, sem framkvæmdir eru vegna óvenjulegra tilvika og utan marka eðlilegra loftferða, 2. tl. 34. gr. Sem dæmi má nefna vísindaleiðangra og björgunarleiðangra. Samkvæmt XVI. gr. sáttmálaaukans frá 1955 taka 3.—9. gr. Varsjársáttmálans eigi til slíkra loftflutninga.
d. Ókeypis loftflutninga, sem aðrir en loftflutningafyrirtæki framkvæma.

e Loftflutninga á starfsmönnum loftflytjanda sjálfs, þá er starfsmennirnir eru að þjónustustörfum sínum.

Nr. 4. Varsjársáttmálinn tekur einungis yfir milliríkjaloftflutninga gegn gagngjaldi, þ. e. í fjáraflaskyni, sbr. 1. gr. sáttmálans, svo og til ókeypis loftflutninga milli ríkja, er loftflutningafyrirtæki innir þá af hendi. Að því er nefnda flutninga varðar, fjallar sáttmálinn um:

a. Farseðla, farangursmiða og flugfarmbréf, 3. gr. o. áfr.
b. Ábyrgð flytjanda á tjóni á mönnum, munum og töfum, 17. gr. o. áfr.

Nr. 5. Meiri hluti loftferðafyrirtækja, sem annast milliríkjaflutninga, eru aðilar í Alþjóðaloftflutningasamtökunum „International Air Transport Association (IATA)". Má því oft fylla eyður Varsjársáttmálans með samþykktum IATA.

Nr. 6. Samkvæmt 1. gr. Varsjársáttmálans er loftflutningur talinn vera „milli ríkja", þá er brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru samkvæmt flutningssamningi aðila hvor í sínu sáttmálaríki, og það allt að einu, þótt stöðvun verði á flutningi eða skipt sé um farkost, en ef brottfararstaður og ákvörðunarstaður eru í einu og sama sáttmálaríki, er loftflutningur talinn vera milli ríkja, ef til stendur að lenda á leiðinni í öðru ríki, hvort sem það er sáttmálaríki eða ekki.

Samkvæmt 3. gr. c og 8. gr. c sáttmálans skal taka fram í farseðli og flugfarmbréfi lendingarstaði, sem ákveðnir hafa verið á leiðinni, en rétt er flytjanda að áskilja sér að breyta ferð sinni, ef nauðsyn ber til.

Í III., IV. og VI. gr., 1 b, sáttmálaaukans 1955 segir, að séu brottfararstaður og ákvörðunarstaður innan eins og sama sáttmálaríkis, en einn eða fleiri umsamdir viðkomustaðir innan annars ríkis, þá skuli geta eins slíks staðar.

Eigi skal loftflutningur talinn vera milli ríkja, ef flogið er milli landsvæða, sem hlíta drottinvaldi, verndarvaldi eða umboðsvaldi eins og sama ríkis, án viðkomu í öðru ríki, sjá 2. tl. i. f. 1. gr.

Sáttmálaríki er rétt að undanþiggja nýlendur sínar eða verndarlönd, öll eða sum, sáttmálanum, sjá 40. gr.

Áherzlu ber að leggja á það, að loftferð er „milli ríkja", ef um það er samið, farseðill hljóðar um slíka ferð, þótt atvik beri að höndum, sem hafa það í för með sér að ferðin er eigi farin alla leið þangað, sem henni var heitið, loftfar, sem fara átti til Kaupmannahafnar frá Reykjavík, verður að snúa við til Reykjavíkur vegna vélabilunar eða því hlekkist á við suðurströnd Íslands. Varsjársáttmálinn tekur til þessarar loftferðar. Loftfar ætlar til Akureyrar, en villist og lendir á Grænlandi. Loftferðin hlítir eigi Varsjársamningnum, því að eigi var samið um loftflutning milli ríkja.

Nr. 7. Nú er einn og sami loftflutningur framkvæmdur af fleiri en einu fyrirtæki, hverju á eftir öðru, og skal telja flutninginn einn og hinn sama í skilningi sáttmálans. ef aðilar skoða hann sem einn heildarflutning, án tillits til þess, hvort einn eða fleiri samningar hafi verið gerðir, sjá 3. tl. 1. gr., og telja skal slíkan loftflutning allt að einu milli ríkja, þótt einn eða fleiri af samningunum skuli framkvæma innan landssvæðis, sem lýtur drottinvaldi, yfirráðum, gæzlu eða vernd eins og sama ríkis, t. d. maður hyggst ferðast frá Akureyri til Oslo og semur um loftfar alla þá leið, en flýgur með loftfari Flugfélags Íslands frá Akureyri til Reykjavíkur og með norsku loftfari frá Reykjavík. Öll ferðin fellur undir Varsjársáttmálann. Um ábyrgð flytjenda, sjá 30. gr. sáttmálans og nr. 29.

Flugferð frá sáttmálaríki til utansáttmálaríkis og til baka samkvæmt beggjaleiðafarseðli hafa brezkir og amerískir dómstólar talið falla undir Varsjársamninginn. Þeir telja förina fram og til baka sem eina för með viðkomu í utansáttmálaríki. Um þessa úrlausn er deilt.

Samkvæmt III. gr. c sáttmálaaukans frá 1955 ber að taka fram í farseðli ákvæði þess efnis, að sé för farþega heitið til annars ríkis eða af henni leiði dvöl í öðru ríki, þá komi ákvæði Varsjársamningsins til framkvæmda og að sá sáttmáli takmarki að jafnaði ábyrgð flytjanda vegna dauða, slysa eða tjóns á farangri.

Ákvæði 142. gr. miðar að því að girða fyrir það, að sönnunargögnum sé spillt. Sáttmálaríki Chicago-sáttmálans er samkvæmt viðbæti 13, tl. 3, 1 og 2, skylt, er loftfar annars sáttmálaríkis verður fyrir flugslysi á yfirráðasvæði þess, að tryggja sönnunargögn fyrir orsökum slyssins, eftir því sem verða má, og veita fulltrúum frá því ríki færi á því að kanna vettvang.

Ákvæði 2. mgr. veitir þó heimild til að fórna sönnunargögnum, að því leyti sem það er nauðsynlegt til að bjarga mannslífum eða varðveita enn stærri hagsmuni eða verðmæti en þau, sem fórnað er. Er þetta í samræmi við ákvæði viðbætis 13, tl. 3, 2.

Brot gegn ákvæði 142. gr. varðar við 175. gr.

Um 143. gr.

Grein þessi veitir starfsmönnum flugmálastjórnar ýmis hagræði við rannsókn flugslysa. Þeir eiga rétt til að fara um vettvang, taka skýrslur af mönnum, krefjast framlagningar á bókum og öðrum skjölum og krefjast aðstoðar lögreglu. Eigi takmarkar þess réttur flugmálastjórnar rétt og skyldu ákæruvalds samkvæmt lögum nr. 82/1961.

Rétt er að benda á lokaákvæði 143. gr. um, að eiganda eða umráðanda loftfars sé rétt að krefjast framhaldsrannsóknar.

Um 144. gr.

Flugmálastjórn framkvæmir rannsókn sína í því skyni að finna orsakir slyss og gera ráðstafanir til að afstýra framvegis slíkum slysum, ef þess er kostur. Rétt er henni og skylt að benda á, er brot hafa valdið eða stuðlað að slysinu, og gera tillögur um að svipta þá, sem brotið hafa í starfa sínum, starfsréttindum.

Um 145. gr.

Með ákvæðum 140.—144. gr. er á engan hátt dregið úr ákvæðum laga nr. 82/1961 um skyldu til að framkvæma réttarrannsókn út af flugslysum. Erfitt mun reynast að skipa fyrir fram loftferðadóm með þeim hætti, sem segir í 48. gr. laga nr. 68/1947. Er því lagt til, að sú leið sé farin, er í greininni segir.

Um 146. gr.

Ákvæðið þarfnast eigi sérstakra skýringa.

Um XII. kafla.

Um 147. gr.

Flugmálastjórninni eða fulltrúum hennar er rétt að banna, ef því er að skipta með aðstoð lögreglu, brottflug loftfars af flugvelli, ef ætla má að það sé eigi lofthæft, tilhlýðilega áhöfn skipað eða það mundi verða notað andstætt ákvæðum loftferðalaganna eða reglum, settum samkvæmt þeim, t. d. notað til flutnings á farþegum og varningi í fjáraflaskyni andstætt ákvæðum 7. kafla. Af ákvæðinu leiðir, að réttbær handhafi valds ber að hafa eftirlit á flugvöllum í þessu efni, t. d. loftumferðarstjórar. Ákvæðið er einnig talið eiga við, er til stendur að taka loftfar á bíl og flytja brott til flugs frá öðrum velli. Venjulega mundi nægja bann og hald réttbærs fulltrúa flugmálastjórnar á skilríkjum þeim, sem í loftfari á flugi eiga að vera, en kveðja verður lögreglu til, ef beita á aflrænu valdi, nema bráðum háska þurfi að afstýra.

Ákvæðinu má beita gegn erlendum loftförum, en samkvæmt viðbæti 8, Air worthiness of Aircraft, II, tl. 6,2 o. áfr. ber það undir yfirvöld í skrásetningar-

landinu að kveða á um, hvort loftfar, sem bilað hefur, sé orðið lofthæft, en öðru sáttmálaríki er þó rétt, þá er loftfarið er á yfirráðasvæði þess, að banna því flug, enda sé yfirvöldum í skrásetningarríkinu strax tilkynnt þetta, en það ákveður síðan, hvort loftfarið sé lofthæft.

Ákvæði 147. gr. veita eigi heimild til að banna loftfari brottflug vegna brota á öðrum lögum en loftferðalögum, t. d. tollalögum, refsilögum o. fl. Um þessi efni koma til greina almenn ákvæði réttarfarslaga.

Brot gegn 147. gr. varðar við 174. gr.

Hér er rétt að geta sáttmála um samræmingu reglna um kyrrsetningu á loftförum til tryggingar, er undirritaður var í Róm 29. maí 1933. Danmörk, Noregur og Svíþjóð hafa fullgilt sáttmála þennan. Ísland er eigi enn aðili.

Sáttmálinn miðar að því að afstýra því, að kyrrsetning á loftförum trufli um of loftferðir. Hann undanþiggur því kyrrsetningu:

1. Ríkisloftför í valdstjórnarflugi, en eigi í verzlunarflugi.
2. Loftför, sem eru í áætlunarflugi og almenningi til afnota.
3. Öll önnur loftför, sem skrásett eru í sáttmálaríki og ætluð eru og notuð til flutnings á fólki og varningi í fjáraflaskyni, enda séu þau búin til flugs og eigi sé um að tefla skuld vegna ferðarinnar eða kröfu, er hafi orðið til á ferðinni.

Loftfar er eigi undanþegið haldi eða aðför samkvæmt:

1. aðfararhæfum dómi;
2. gjaldþrotalögum, tolla-, refsi- og lögreglulögum;
3. haldsrétti, er kröfuhafi hefur vörzlur þess landslögum samkvæmt.

Hvers konar kyrrsetningu má afstýra með nægilegri tryggingu, er ákveða skal með skjótri dómsúrlausn. Ákvæði 27. gr. Chicago-sáttmálans undanþiggur loftfar kyrrsetningu vegna einkaleyfiskröfu.

Um 148. gr.

Ákvæðið veitir umráðanda flugvallar, sem heimill er almenningi, rétt til að aftra för loftfars af flugvellinum, unz eftirgjald eftir notkun loftfarsins af flugvellinum er greitt eða tryggt, sbr. 77. gr. Það hefur verið rætt rækilega á Norðurlöndum, hvort ákvæði þetta væri samrýmanlegt ákvæðum sáttmála um alþjóðlega viðurkenningu á réttindum í loftförum, sem undirritaður var 19. júní 1948, en í sáttmálanum er eigi nefndur sá réttur flugvallareiganda, sem í 148. gr. getur. Eigi verður séð, að ákvæði 148. gr. rekist á sáttmálann þar sem flugvellir eru frumskilyrði þess, að loftför verði hagnýtt.

Um 149. gr.

Það hefur borið við erlendis, að vatn hefur komizt í flugvélabenzín og háski stafað af. Ákvæði 149. gr. miðar að því að tryggja, að ófarnaður verði eigi af völdum óhreins benzíns eða olíu, sem sett eru í loftför.

Brot gegn reglum, sem flugmálaráðherra setur samkvæmt 149. gr., varðar refsingu samkvæmt 179. gr., sbr. og 175. gr.,

Um 150. gr.

Með 21. gr. Chicago-sáttmálans er sáttmálaríki hverju gert að veita, þá er krafizt er, öðrum sáttmálaríkjum og Alþjóðaflugmálastofnuninni vitneskju um eignarrétt og skrásetningu loftfara, sem skrásett eru í því ríki, svo og að senda Alþjóðaflugmálastofnuninni samkvæmt þeim reglum, er hún setur, skýrslur, sem hægt er að afla um eignarrétt og umráð loftfara, sem skrásett eru í ríkinu og venjulega annast millilandaflug. Samkvæmt 67. gr. tekst sáttmálaríki hvert á hendur að

sjá um, að milliríkjaflugfélög sendi ráði Alþjóðaflugmálastofnunarinnar samkvæmt þeim fyrirmælum, er það setur, loftferðaskýrslur, kostnaðarskýrslur og fjárhagsyfirlit, þar sem m. a. séu sýndar allar tekjur og stofnar þeirra.

Ákvæði 150. gr. frv. veita lagaheimild til fullnægju framangreindum skuldbindingum, sbr. upphaf 2. mgr.

Lagaboðið ætlast til, að skýrslur samkvæmt 67. gr sáttmálans fari um hendur flugmálastjórnarinnar áleiðis til Ráðsins.

En ákvæði 150. gr. eru eigi takmörkuð við nefndar milliríkjaskuldbindingar. Flugmálastjórn Íslands skiptir miklu að fylgjast með allri flugstarfsemi í landinu, og tilætlun ákvæðisins er að veita henni tæki til að rækja þá skyldu sína. Hún getur eftir greininni t. d. krafið skýrslna:

a. þá, sem stunda loftferðir í fjáraflaskyni;
b. þá, sem rækja einkaflug;
c. þá, sem reka flugskóla;
d. þá, sem taka loftmyndir;
e. þá, sem reka flugvelli eða flugvirki.

Vitaskuld ber að viðhafa orðvendni og varúð um öll huliðsmál viðskipta.

Um skýrslur, sem lofthæfi varðar, sjá 2. mgr. 30. gr.

Brot gegn ákvæði 150. gr. um skýrslur eða fullnægjandi skýrslur varðar við 177. gr.

Um XIII. kafla.

I.

Það er oft vandasamt viðfangsefni, hvaða ríki beri að veita dómsögu yfir mönnum, sem brot fremja í loftförum, sem eru á þeysingi á einni stundu á yfirráðasvæði ríkisins A, á næstu stundu yfir úthafi, því næst á yfirráðasvæði ríkisins B og svo koll af kolli, og hafa þess á milli viðkomu í heimalandi sínu eða á flugvöllum ýmissa ríkja. Erlent loftfar er að vísu háð drottinvaldi þess ríkis, þar sem það er á flugi eða statt hverju sinni, en það væri oft mjög óhentug tilhögun, að ríki, þar sem það hefur viðkomu, léti hvers konar brot til sín taka, er framin hefðu verið í loftfarinu, frá því það fór frá heimaflugstöð sinni. Nauðsyn ber til að tefja loftför sem allra minnst vegna refsimála. Er ákveða skal, undir hvaða ríki dómsaga ber, er rétt að líta á m. a.:

1. Þjóðerni þess, sem fyrir misgerð hefur orðið.
2. Þjóðerni sakamanns.
3. Stað þann, sem loftfar var statt á, þá er brotið var framið.
4. Eðli brots þess, sem um er að tefla, hvort það brýtur gegn hagsmunum einstaks ríkis eða hagsmunum, sem varðir eru alþjóðalögum.

Til greina kemur einkum dómsaga:

a. þess ríkis, sem flogið var yfir, er brotið var framið;
b. skráningarríkis loftfars þess, sem um var að tefla;
c. þess ríkis, þar sem afleiðingar brots koma niður;
d. þess ríkis, þar sem loftfar lendir, eftir að brot var framið, enda sé tilvikum þeim, er greinir í a—c eigi til að dreifa.

Svo sem áður var rakið, fékkst laganefnd Alþjóðaflugmálastofnunarinnar við þessi mál á þingi sínu frá 18. ágúst til 4. september 1959 og samdi uppkast að sáttmála. Hér þykir rétt að greina frá efni 1.—4. gr. þessa sáttmálauppkasts.

1. gr.

1. Sáttmáli þessi skal taka yfir brot og aðra hegðun, er hér verður greind, enda drýgi maður brotið í borgaralegu loftfari, er skrásett sé í samningsríki, þá er loftfarið

a. er á flugi á yfirráðasvæði ríkis, annars en skráningarríkis þess;
b. er á flugi milli tveggja staða, og annar þeirra er a. m. k. utan skráningarríkis þess;
c. er á flugi á yfirráðasvæði skráningarríkis þess, ef lent er síðan í öðru sáttmálaríki og fremjandi brotsins er þá enn í loftfarinu;
d. er á úthafi eða öðrum stað, sem eigi er undirorpinn drottinvaldi nefnds ríkis.

2. Loftfar er í sáttmála þessum talið vera á flugi frá þeirri stundu, er orku er beitt til flugtaks og þar til lendingarskeiði þess lýkur.
3. Sáttmáli þessi tekur eigi til ríkisloftfara. Loftför, sem her, tollyfirvöld og lögregla nota, skulu talin ríkisloftför, en samt skulu hvers konar loftför, sem eru í notkun við flutning á farþegum, farmi eða pósti gegn gagngjaldi eða leigugjaldi, lúta ákvæðum þessa sáttmála.

2. gr.

Í sáttmála þessum táknar brot þá hegðun, sem refsiverð er samkvæmt refsilögum sáttmálaríkis þess, sem dómsögu hefur eftir 3. gr.

3. gr.

1. Ríki, þar sem loftfar er skráð, er, hvort sem annað ríki hefur dómsögu eða eigi, bært til að framkvæma dómsögu vegna brota, sem framin eru í loftfarinu.
2. Nú er brot framið í loftfari í lofthelgi ríkis, annars en þess, þar sem loftfarið er skráð eða það lendir í eftir brotið, og skal refsidómsögu vettvangsríkis eigi beita, að því er varðar brot, framin, meðan loftfar var á flugi, nema í eftirtöldum tilvikum:
   a. ef afleiðingar brotsins verka á yfirráðasvæði slíks ríkis,
   b. ef ríkisborgari slíks ríkis hefur framið brotið eða það bitnar á honum,
   c. ef brotið er drýgt gegn þjóðlegu öryggi slíks ríkis,
   d. ef brotið er gegn lögum og reglugerðum um loftferðir og stjórn loftfara, sem í gildi eru í slíku ríki,
   e. ef framkvæmd dómsögu er nauðsynleg til að tryggja uppihald nokkurrar skyldu slíks ríkis að alþjóðalögum.

Íslenzka ríkinu er að þjóðarrétti einkum rétt og skylt að refsa fyrir brot, framin í erlendu loftfari, sem hér er statt:

a. ef Íslendingur, íslenzkur ríkisborgari eða maður, heimilisfastur á Íslandi, drýgir brotið, eða það bitnar á honum,
b. ef verkanir brotsins koma niður á Íslandi,
c. ef Íslandi ber skylda að alþjóðalögum að refsa fyrir brotið.

Í hegningarlögum nr. 19/1940 eru í 4. gr. reglur, er hér að lúta, og vísast til þeirra.

Hér skal þetta sagt:

Nú er brot framið af starfsmanni eða farþega erlends loftfars, sem hér er á ferð, gegn manni, sem með loftfarinu fylgist, eða hagsmunum, sem við það eru nátengdir, og skal því aðeins refsa hér, að dómsmálaráðherra fyrirskipi rannsókn og málshöfðun. Er honum þá rétt að líta á þau sjónarmið, sem að ofan eru rakin.

Reka skal mál hér á landi eftir íslenzkum hegningarlögum fyrir brot, framin á íslenzkum loftförum, hvar sem þau voru stödd. Á þetta við brot flugverja og farþega, og svo um brot annarra, með eftirtöldum takmörkunum.

Um erlent loftfar, sem íslenzkur aðili ræður yfir, er ákvæði í 2. mgr. 186. gr. frv.

Nú hefur brotið verið framið í íslenzku loftfari á stað, þar sem refsivald annars ríkis tekur til að þjóðarrétti og af manni, sem hvorki var fastur starfsmaður né farþegi í loftfarinu, og ber að refsa honum hér á landi:

a. ef brotið er framið af íslenzkum ríkisborgara eða manni, heimilisföstum á Íslandi, og það er jafnframt refsivert eftir lögum þess lands, þar sem það er framið (5. gr.),
b. ef brotið er framið, hver sem fremjandi er, gegn sjálfstæði íslenzka ríkisins, öryggi þess, stjórnskipan og stjórnvöldum á embættis- eða sýslunarskyldum við íslenzka ríkið og gegn hagsmunum, sem njóta íslenzkrar réttarverndar vegna náins sambands við íslenzka ríkið,
c. ef brotið er framið gegn skyldum, sem þeim, er verkið vann, bar samkvæmt íslenzkum lögum að rækja erlendis, svo og á skyldum samkvæmt ráðningu á íslenzkt loftfar (6. gr.),
d. ef afleiðingar koma fram eða er ætlað að koma fram á Íslandi, enda sé refsing að einhverju leyti bundin við afleiðingar verknaðar.

Fyrir verknað, er lýst var í stafliðum a—c hér á undan, skal einnig refsa, er verknaðurinn er framinn í erlendu loftfari. Ennfremur skal refsa fyrir brot, framið í erlendu loftfari, hver sem fremjandi er, enda sé brotið gegn hagsmunum íslenzkra ríkisborgara eða manna, búsettra á Íslandi og brotið drýgt á stað, þar sem refsivald annarra ríkja nær eigi til að þjóðarétti.

Í 8. gr. laga nr. 19/1940 er ákvæði um brot, er refsivald ber bæði undir íslenzkt og erlent ríki að þjóðarétti, refsiákvörðun, uppsögu dóma o. fl.

II.

Í 41. gr. laga nr. 32/1929 segir, að brot gegn lögunum eða reglugerðum, er gefnar eru út samkvæmt þeim, varði sektum, allt að 10.000 kr. eða fangelsi, ef eigi liggur þyngri refsing við samkvæmt hegningarlögunum. Lagaákvæði þetta lýsir eigi innri refsiverðu hegðun, heldur leggur það algerlega á vald dómstóla að meta, hvað séu refsiverð brot á lögunum. Hegningarákvæðið er óútfyllt (Blanketstraffebud).

Dönsku og norsku sérfræðinganefndirnar, sem unnu að samningu hinna norrænu loftferðalaga, urðu eigi sammála um það, hvort lögsetja skyldi útfyllt eða óútfyllt hegningarákvæði í loftferðalögunum. Danir hafa samkvæmt tillögum sinna sérfræðinga lögsett að nokkru óútfyllt refsiákvæði. Þeir telja eigi nægа reynslu fengna til þess, að rétt sé að telja upp til hlítar, hvaða hegðun sé refsiverð. Eru þeir hræddir um, að algerlega útfyllt refsiákvæði bindi um of hendur dómstóla til að ákveða makleg málagjöld hverju sinni. Hins vegar telja þeir upp þær greinar loftferðalaganna, er brot gegn þeim varða refsingu.

Norðmenn hafa hins vegar farið þá leið að setja útfyllt refsiákvæði. Þeir flokka hina refsiverðu hegðun í yfir 30 sérstæð brot, lýsa hegðunarinntaki hvers brots og ákveða því refsimörk. Þetta hefur þann kost, að þeir, sem starfa að loftferðum, geta í hegningarkafla laganna lesið og séð, hvaða hegðun er refsiverð og hvað þeim beri að varast. Þar sem loftferðalögin eiga vitaskuld að vera í hverju loftfari, skrásettu á Íslandi, virðast hin rækilegu hegningarákvæði geta stuðlað að því, að menn varist frekar hina refsiverðu hegðun. Enn fremur létta hin skýru refsiákvæði verk saksóknara og jafnvel verk dómara. Hefur af þessum sökum verið horfið að ráði Norðmanna, og er XIII. kafli frumvarpsins sniðinn eftir þeirra frumvarpi um þetta efni. Þó má segja, að ákvæði 170. gr. sé að nokkru óútfyllt refsiákvæði. Þá eru refsimörk víða víkkuð frá því sem er í norska frv. Tilætlunin með því er eigi sú, að refsað sé almennt þyngra hér en í Noregi, heldur einungis að gefa dómstólum meira svigrúm, ef sérstaklega stendur á.

Vitaskuld hrófla refsiákvæði loftferðalaga eigi við öðrum lögum, svo sem almennum hegningarlögum.

Það athugast, að lágmarksrefsing við brotum þeim, sem í XIII. kafla getur, er fésekt.

Þá er rætt er um umráðanda (notanda) í refsiákvæðunum, er átt við þann að-

ilja, sem raunverulega ræður yfir loftfarinu, án tillits til þess, hvort hann hefur öðlazt vörzlur þess með löglegum eða ólöglegum hætti.

Refsiábyrgð flugstjóra ber hver sá, sem hefur á hendi starf flugstjóra í loftfari.

Refsiskilyrði eru ásetningur eða gáleysi.

Tekið er fram, þá er tilraun er refsiverð.

Um 152. gr.

Hér er um að tefla brot gegn 3. gr. Sjá skýringar við þá grein. Um flugstjóra sjá 158. gr.

Um 153. gr.

Ákvæði þetta stendur í sambandi við ýmis ákvæði kaflans um skráningu loftfara, svo sem 7. gr., 1. mgr. 10. gr., 1. mgr. 12. gr., 1. mgr. a—b 13. gr. og 15.—18. gr.

Um 154. gr.

Um merkingu loftfara er vísað til 23. gr. Hart ber að taka á því, ef misferli er viðhaft um merkingu loftfara. Sjá 158. gr., um flugstjóra.

Um 155. gr.

III. kafli frv. varðar lofthæfi, IV. kafli fjallar um áhöfn og VIII. kafli er um umferð í lofti. Refsiákvæði 155. gr. eiga við brot gegn fyrirmælum, sem sett eru í köflum þessum til eflingar á öryggi. Einnig á 155. gr. við, þá er brotið er gegn öryggisreglum, sem settar eru með heimild í lögunum, sbr. 88. gr. Þar sem segir í 155. gr.: „og eigi er veitt leyfi til notkunarinnar samkvæmt lögum þessum“, er vísað til ákvæða 32. og 42. gr.

Ef brot gegn 155. gr. hefur í för með sér tjón á lífi manna, heilsu eða eignum, koma ákvæði 180. gr. frv. og svo ákvæði hegningarlaga einnig til greina (samstaða refsiákvæða). Refsiákvæði 158. gr. beinast gegn flugstjóra.

Um 156. gr.

Vísað er til ákvæða 24., 28. og 33. gr. um skýringu 156. gr. Atferli það, sem greinir í 156. gr., verður að hafa haft í för með sér hættu á því, að loftfarið sé notað, án þess að kröfum um öryggi sé fullnægt.

Um 157. gr.

Vísað er til athugasemda við 136. gr. Sjá og refsiákvæði 2. mgr. 180. gr.

Um loftfarsskjöl er vísað til 22. og 27. gr. um þjóðernis- og skráningarskírteini og svo reglna, settra samkvæmt 21. og 92. gr. frv. Um flugstjóra, sjá 158. gr.

Um 158. gr.

Með ákvæði þessu er refsiábyrgð fyrir brot gegn 152. gr., 2. mgr. 154. gr., 155. gr. og 157. gr. einnig lögð á flugstjóra. Um refsiábyrgð flugstjóra, sjá einnig 167., 169., 170. og 180. gr.

Um 159. gr.

Vísað er til 36., 37. og 38. gr. frv. um skilyrði fyrir því að hafa á hendi starfa í loftfari.

Ákvæði 179. gr., sbr. 79. gr. taka til þeirra, sem starfa á flugvelli.

Brot flugstjóra á meðferð flugskjala varðar við 169. gr.

Um 160. og 161. gr.

Vísað er til ákvæða 43., 45., 46. og 51. gr. um skipunarvald flugstjóra og hlýðnisskyldu áhafnar.

Um 162. gr.

Með ákvæði þessu er lögð refsing við hegðun þeirri, sem greinir í 52. gr. og 80. gr. frv.

Um 163.—165. gr.

Vísað er til ákvæða VIII. kafla.

Í 1. mgr. 163. gr. eru viðurlög við broti gegn 88. gr.

Brot gegn 55. gr. varðar við 1. mgr. 164. gr.

Í 2. mgr. 163. gr. eru viðurlög við broti gegn 89. gr.

Viðurlög við broti á 90. gr. eru í 2. mgr., 164. gr.

Ákvæði 165. gr. geymir viðurlög við broti gegn 91. gr.

Ákvæði 1. mgr. 163. gr. leggja refsingu við brotum flugverja og starfsmanna flugvallar á umferðarreglum. Þó varða brot smiða, vélfræðinga og þeirra, sem hlaða og tygja loftfar, við 156. gr.

Brot stjórnvaldsmanna varða við almenn hegningarlög, sbr. 56. gr.

Ákvæði 1. mgr. 163. gr. leggur refsingu við brotum á almennum umferðarreglum í lofti, en 1. mgr. 164. gr. geymir heimild til að refsa fyrir brot gegn einstökum fyrirmælum, sem flugumferðarstjórnendur gefa loftförum um flug á loftgangi eða öðru svæði, þar sem flugumferð hlítir sérstakri skipan, sbr. 55. gr.

Samkvæmt 90. gr., sem 2. mgr. 164. gr. á við, er bæði um að tefla lendingu eftir skipan handhafa stjórnvalds á flugvelli og einnig lendingu, þá er tilgreind skilyrði eru fyrir hendi. Miklu skiptir, að slíkum skipunum sé hlítt, og eru viðurlögin því ströng.

Um 165. gr. er vísað til athugasemda við 91. gr.

Brot gegn reglum, sem flugmálaráðherra setur um meðferð og notkun ljósmynda í loftfari, varðar við 179. gr.

Um 166. gr.

Það kann að vera mikið í húfi, þá er forseti Íslands takmarkar eða bannar loftferðir um íslenzkt yfirráðasvæði samkvæmt 4. gr. Eru viðurlög fyrir brot á banninu í samræmi við það.

Um 167. gr.

Viðurlög ákvæðisins taka til flugstjóra. Viðurlög á hendur öðrum flugverjum eru í 161. gr., þá er þeir brjóta hlýðnisskyldu sína, og svo í 170. gr. Hér getur oft verið um samstöðu með almennum hegningarlögum að tefla.

Um 168. gr.

Smygl og annað slíkt athæfi getur valdið því, að áætlun loftfars truflast mjög.

Um 169. gr.

Í 1. mgr. 169. gr. eru viðurlög við brotum gegn reglum, settum samkvæmt 92. og 94. gr.

Ákvæði 2. mgr. 169. gr. varða fals. Ákvæði hegningarlaga standa óhreyfð.

Um 170. gr.

Ákvæði þessu er ætlað að taka til stórkostlegrar vanrækslu flugverja í starfi, sem eigi verður refsað fyrir samkvæmt 152. til 160. gr.

Um 171. gr.

Ákvæði 1. mgr. 171. gr. geymir viðurlög við brotum gegn 54. og 62. gr.

Um 172. gr.

Hér er um að tefla viðurlög á hendur þeim, sem hlítir eigi nauðsynlegri forræðisskerðingu eigna vegna loftferða.

Um 173. gr.

Ýmis konar starfsemi er í frv. háð sérleyfi, leyfi eða staðfestingu eða frv. heimilar setningu reglna, er setji slík skilyrði. Hér skal nefna 33. gr. um smíð og leyfi til að hafa á hendi viðhald loftfara, 57. gr. um sérleyfi til að gera og starfrækja flugvöll, sem sé almenningi til afnota, 61. gr. um rétt flugmálaráðherra til að ákveða, að leyfi hans þurfi til gerðar og rekstrar á flugvelli, sem eigi er til almennrar notkunar, eða til almenns flugvirkis, 81. gr., 1. og 2. mgr. um leyfi flugmálaráðherra til rekstrar loftferða í fjáraflaskyni yfir íslenzku yfirráðasvæði, 81. gr., 3. mgr. um rétt flugmálaráðherra að gera ýmsa flugstarfsemi háða leyfi sínu, 87. gr. um heimild flugmálaráðherra til að setja reglur með hverju skilorði afhenda megi loftfar eða flugvirki þess eða aðra varahluti í hendur annars aðila.

Ákvæði 173. gr. geyma viðurlög við því, er nefnd starfsemi er stunduð án leyfis eða viðurkenningar.

Það athugast, að brot gegn 62. gr. varðar við 171. gr.

Um 174. gr.

Ákvæðið geymir viðurlög við broti gegn 147. gr., þ. e. för loftfars af flugvelli þrátt fyrir bann.

Um 175. gr.

Um skoðun, eftirlit og rannsókn er fjallað í þessum ákvæðum: 25. og 31. gr. um könnun á lofthæfi loftfara, 33. og 41. gr. könnun á starfshæfni, 95. gr. um rannsókn á loftförum og skjölum loftfars og flugverja, 140. gr. um rannsókn á flugslysi, 149. gr. um könnun á brenni (eldsneyti) loftfara.

Ákvæði 175. gr. leggur viðurlög við því, er framangreindar rannsóknir eru tálmaðar eða eigi veitt aðstoð við þær, þá er þess er krafizt með heimild í lögum eða reglum, settum samkvæmt þeim, sbr. 188. gr.

Um 176. gr.

Greinin geymir viðurlög við broti gegn 137. gr. og hróflar eigi við ákvæðum hegningarlaga.

Um 177. gr.

Skylda til að veita tilkynningu samkvæmt ákvæðum frv. eða reglum, settum eftir þeim, er m. a. að finna í 2. mgr. 30. gr., 41. gr., 2. mgr. 44. gr., 50. gr. sbr. 53. gr., 4. mgr. 62. gr., 1. mgr. 141. gr. og 150. gr. Síðasta mgr. 50. gr., 87. gr. og 188. gr. eiga hér við einnig.

Ákvæði 177. gr. geymir viðurlög við brotum gegn nefndum skyldum.

Um 178. gr.

Hér er um að tefla viðurlög við brotum gegn skyldum þeim, sem greinir í 20. gr., 2. mgr. 21. gr., síðustu mgr. 28. gr., 29. gr., síðustu mgr. 39. gr. og 40. gr.

Um 179. gr.

Ákvæði 165., 166., 169. sbr. 159., 172., 176. og 177. gr. geyma viðurlög við brotum gegn reglum, settum með heimild í lögunum. Ákvæði 179. gr. eiga við um önnur brot gegn reglum, settum samkvæmt lögunum, en í hinum tilvitnuðu ákvæðum getur, sbr. 188. gr.

Um 180. gr.

Ákvæði þetta geymir heimild til að beita aukinni refsingu, ef mannslát, tjón á líkama manns, heilsu eða eign hlýzt af brotum, sem refsing er lögð við í til-

teknum greinum kaflans. Það er refsiskilyrði samkvæmt viðeigandi ákvæðum, að brotin hafi verið framin af ásetningi, en hins vegar er það eigi refsiskilyrði, að tjón hafi af þeim hlotizt. Ef tjón verður af, kemur refsiþynging til framkvæmda.

Ef hin hugrænu skilyrði eru fyrir hendi, verður samstaða með þessu lagaboði og ákvæðum hegningarlaga.

Um 181. gr.

Ákvæðið geymir heimild til að refsa fyrir gáleysi.

Um 182. gr.

Talið er, að ákvæði almennra hegningarlaga um hlutdeild taki samkvæmt lögjöfnuði til hegðunar, sem refsing er lögð við í öðrum lögum. Hér er þetta einungis tekið fram til áherzlu, þar sem ákvæðið fjallar um þessi efni.

Um 183. gr.

Þar sem lögaðiljar (jurdiskar persónur) reka stærstu flugferðafyrirtækin, þykir eðlilegt og lögrökum samkvæmt að beita viðurlögum gegn lögaðiljanum sjálfum, er brot er drýgt honum til hagsbóta eða hann hefur ágóða af brotinu.

Um 184. gr.

Í 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 eru rækileg ákvæði um, að svipta skuli mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, er hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur, eða telja verður, með hliðsjón af eðli brots hans eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðar, að hann hafi ökuleyfi. Akstur með áfengisáhrifum leiðir til sviptingar ökuleyfis, nema sérstakar málsbætur séu.

Stjórn loftfars er miklu vandasamara og áhættusamara starf en stjórn bifreiðar. Það er því nauðsynlegt að beita réttindasviptingu gegn flugstjóra og flugverjum, ef varhugavert er af öryggisástæðum, að þeir hafi áfram starfa sinn á hendi. Verður að meta það hverju sinni, hvort hegðun flugverja hafi verið með þeim hætti, að telja verði varhugavert vegna öryggis, að þeir haldi flugmannsréttindum eða starfa á flugvelli.

Um XIV. kafla.

Um 185. gr.

Grein þessi varðar einkum svifflugur, loftbelgi, fjarstýrð loftför o. fl. Rétt er í þessu sambandi að minna á ákvæði 8. gr. Chicago-sáttmálans þar sem segir, að ekkert fjarstýrt loftfar megi fljúga um yfirráðasvæði sáttmálaríkis nema sérstakt leyfi sé til þess og í samræmi við skilyrði leyfisins. Sérhvert sáttmálaríki tekst á hendur að tryggja, að flug slíks loftfars um svæði, sem heimil eru borgaralegum loftförum, skuli háð slíkri gæzlu, að hættu sé afstýrt. Í samræmi við þetta sáttmálaákvæði er ákvæði 185. gr. um, að sérreglur flugmálaráðherra um fjarstýrð loftför og önnur loftför sérstakrar tegundar skuli þannig úr garði gerðar, að öryggi loftferða sé eigi teflt í tvísýnu.

Efni kunna að vera til að víkja frá ákvæðum laganna um merkingu og loftferðaskjöl svifflugna, sem einungis er ætlað mjög takmarkað flugsvið. Undanþágu mætti veita einstöku loftfari, sem sérlega væri búið, þótt önnur loftför af sömu tegund fengju hana eigi.

Flugmálaráðherra er eigi rétt að veita undanþágur frá einkaréttarákvæðum og refsiákvæðum laganna. Á þetta einkum við um IX. og X. kafla og 132., 135. og 138. gr., og XIII. kafla.

Eigi má blanda saman undanþáguheimild 185. gr. og öðrum ákvæðum, sem veita heimild til undanþágna, t. d. 3. gr. c, 2. mgr. 22. gr., 2. mgr. 32. gr. og 42. gr.

Rétt væri flugmálaráðherra að setja með heimild í 185. gr. strangari reglur en

lögin annars geyma um loftför, þá er sérstaklega stendur á, en eigi mættu slíkar reglur brjóta í bága við milliríkjasáttmála.

Ákvæði 2. mgr. 185. gr. taka einkum til eldflauga, skeyta, fallhlífa, fastra loftbelgja o. fl.

Um 186. gr.

Samkvæmt 31. gr. Chicago-sáttmálans skal loftfar hvert, sem milliríkjaflug stundar, hafa lofthæfisskírteini, útgefið eða staðfest af því ríki, þar sem það er skrásett. Samkvæmt 32. gr. sáttmálans skal flugstjóri og aðrir menn í flugáhöfn loftfars, er milliríkjaflug stundar, hafa starfhæfisskírteini og starfsskírteini, útgefin eða staðfest af því ríki, þar sem loftfarið er skrásett. Hvert sáttmálaríki áskilur sér að neita að taka til greina hæfnisvottorð og starfsskírteini, sem önnur ríki kunna að hafa gefið borgurum þess til loftferða yfir landi þess.

Enn segir í 33. gr. sáttmálans, að lofthæfisskírteini, starfshæfisskírteini, útgefin eða staðfest af sáttmálaríki, þar sem loftfar er skrásett, skuli vera tekin gild af öðrum sáttmálaríkjum, enda séu þau skilyrði, sem slík skírteini fullnægja, hin sömu eða strangari en lágmarksskilyrði þau, sem sett eru á hverjum tíma samkvæmt sáttmálanum.

Ísland er bundið við ákvæði sáttmálans. Verður því úrlausnarefni, að hve miklu leyti flugmálaráðherra getur beitt ákvæðum III. kafla um lofthæfi, IV. kafla um áhöfn og V. kafla um flugstjóra, að því er varðar erlend loftför, sem íslenzkur aðili, þ. e. aðili samkvæmt 7. gr., ræður yfir. Í 28. gr. og 2. mgr. 38. gr. ræðir einungis um íslenzk loftför. Ákvæði 43.—52. gr. eiga við um íslenzk loftför, en flugmálaráðherra er samkvæmt 53. gr. rétt að kveða á um beitingu þeirra um erlend loftför á íslenzku yfirráðasvæði. Samkvæmt 185. gr., samanborinni við 31., 32. og 33. gr. sáttmálans, ætti þá að vera heimilt að beita ákvæðum nefndra III., IV. og V. kafla um erlent loftfar í milliríkjaloftferðum, ef það er samþykkt af eiganda loftfarsins og staðfest af skráningarríki loftfarsins. Ástæða gæti verið að leita slíkrar staðfestingar, þá er áhöfnin er íslenzk. Er og eðlilegt, að íslenzk refsilöggjöf taki til erlends loftfars, þá er íslenzkur aðili ræður yfir því og það er íslenzkri áhöfn skipað.

Um 187. gr.

Þótt flugmálaráðherra sé fengið vald til að ákveða, hverjir fari með vald flugmálastjórnar, er óeðlilegt, að hann framselji vald sitt til að setja reglur eða veita leyfi og undanþágur samkvæmt ákvæðum frumvarpsins.

Sþ. 396. Nefndarálit [106. mál]

um till. til þál. um fullgildingu á tveimur bráðabirgðasamningum Evrópuríkja um félagslegt öryggi og samþykkt Evrópuríkja um framfærsluhjálp og læknishjálp.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt till. og fengið löggiltan skjalaþýðanda til að bera saman þýðingu á samningunum. Gerði hann allmargar breytingar á þýðingunni, og hefur viðkomandi ráðuneyti fallizt á þær. Koma þær fram í sérstakri breytingartillögu. Leggur nefndin til, að þáltill. verði samþykkt svo breytt.

Alþingi, 12. marz 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson.
Gísli Guðmundsson.	Jónas G. Rafnar.	Björn Pálsson.
	Geir Gunnarsson.	

Sþ. **397. Breytingartillaga** [106. mál]

við till. til þál. um fullgildingu á tveimur bráðabirgðasamningum Evrópuríkja um félagslegt öryggi og samþykkt Evrópuríkja um framfærsluhjálp og læknishjálp.

Frá allsherjarnefnd.

Fylgiskjöl I—III orðist svo:

Fylgiskjal I.

SAMÞYKKT EVRÓPURÍKJA um framfærslu- og læknishjálp.

Með því að ríkisstjórnir þær, sem hér rita undir og eru aðilar að Evrópuráðinu,

líta svo á, að það sé markmið Evrópuráðsins að efla einingu á meðal aðildarríkja þess til þess, meðal annars, að greiða fyrir félagslegum framförum,

og með því að þær, í samræmi við þenna tilgang, hafa ákvarðað að auka félagslega samvinnu sína með því að gera að grundvallarreglu jafnan rétt þegna þessara ríkja, að því er varðar framkvæmd þeirra laga, er kveða á um framfærslu og læknishjálp, og

með því að gera með sér samþykkt um þetta efni,

hafa þær komið sér saman um það, er hér fer á eftir: —

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Sérhver aðili að samþykkt þessari ábyrgist, að þeir þegnar annarra aðildarríkja, sem með löglegum hætti eru innan þeirra landssvæða hans, er samþykkt þessi tekur til, og ekki eru nægilega efnum búnir, skuli til jafns við þegna hans eigin ríkis og með sömu skilyrðum eiga rétt til framfærslu og læknishjálpar (hér framvegis nefnt „aðstoð"), eftir því sem hún er ákveðin í lögum þeim, sem á hverjum tíma gilda í þeim hluta landsins.

2. gr.

(a) Í samþykkt þessari skulu orðin „aðstoð", „þegnar", „landssvæði" og

EUROPEAN CONVENTION on Social and Medical Assistance.

The Governments signatory hereto, being Members of the Council of Europe,

Considering that the aim of the Council of Europe is to achieve a greater unity between its Members for the purpose, among others, of facilitating their social progress;

Being resolved, in accordance with this purpose, to extend their co-operation in the social field by establishing the principle of equal treatment for the nationals of each of them in the application of legislation providing for social and medical assistance; and

Desiring to conclude a Convention to this end,

Have agreed as follows:

SECTION I
General Provisions.

Article 1

Each of the Contracting Parties undertakes to ensure that nationals of the other Contracting Parties who are lawfully present in any part of its territory to which this Convention applies, and who are without sufficient resources, shall be entitled equally with its own nationals and on the same conditions to social and medical assistance (hereinafter referred to as „assistance") provided by the legislation in force from time to time in that part of its territory.

Article 2

(a) For the purposes of this Convention the terms "assistance", "nationals",

„upprunaland“ hafa þær merkingar, er nú skal greina:

(i) „Aðstoð“ táknar, að því er varðar hlutdeild hvers aðildarríkis, hverja þá aðstoð, sem veitt er samkvæmt lögum þeim og reglugerðum, er gilda í hverjum hluta landssvæðis þess, sem farið er eftir við veitingu styrks til framfærslu þeirra manna, sem ekki eru nægilega efnum búnir, og þeirrar umönnunar, er kringumstæður þeirra krefjast, að undanskildum lífeyri, sem lífeyrisþeginn hefur ekki áunnið sér með iðgjaldagreiðslu, og bótum vegna meiðsla, er hlotizt hafa af völdum stríðs eða setu erlends herliðs.

(ii) Orðin „þegnar“ og „landssvæði“ aðildarríkis skulu hafa þá merkingu, er það ríki hefur ákveðið þeim með yfirlýsingu til aðalritara Evrópuráðsins, til þess að hann tilkynnti það öllum hinum aðildarríkjunum, að því tilskildu, að maður, sem misst hefur þegnrétt sinn með öðrum hætti en að vera sviptur honum, og hefur þar með orðið þegnréttindalaus, skal halda áfram að vera meðhöndlaður sem þegn ríkisins, unz hann hefur öðlazt þegnrétt annars staðar.

(iii) „Upprunaland“ táknar það land, þar sem sá maður, er heyrir undir ákvæði þessarar samþykktar, er ríkisborgari.

(b) Þau lög og þær reglugerðir, sem eru í gildi á landssvæðum aðildarríkjanna og þessi samþykkt nú tekur til, og fyrirvari, sem aðildarríkin hafa gert, eru hvort um sig talin í fylgiskjali I og fylgiskjali II.

3. gr.

Sönnun fyrir þjóðerni manns, sem hlut á að máli, skal færð fram í samræmi við þær reglur, er um slík efni gilda í lögum upprunalandsins.

4. gr.

Kostnað við aðstoð veitta þegni einhvers aðildarríkjanna skal það aðildarríki bera, sem aðstoðina lét í té.

"territory" and "country of origin" shall have the following meanings, that is to say:

(i) "Assistance" means in relation to each Contracting Party all assistance granted under the laws and regulations in force in any part of its territory under which persons without sufficient resources are granted means of subsistence and the care necessitated by their condition, other than non-contributory pensions and benefits paid in respect of war injuries or injuries due to foreign occupation.

(ii) The terms "nationals" and "territory" of a Contracting Party shall have the meaning assigned to them by such a Party in a declaration addressed to the Secretary-General of the Council of Europe for communication to all other Contracting Parties, provided that a person who has lost his nationality otherwise than by deprivation and has thereby become stateless shall, until he has acquired another nationality, continue to be treated as a national.

(iii) "Country of origin" means the country of which a person covered by the provisions of the present Convention is a national.

(b) The laws and regulations in force in the territories of the Contracting Parties and to which the present Convention applies, and the reservations formulated by Contracting Parties, are set forth in Annex I and Annex II respectively.

Article 3

Proof of the nationality of the person concerned shall be provided in accordance with the regulations governing such matters under the legislation of the country of origin.

Article 4

The cost of assistance to a national of any of the Contracting Parties shall be borne by the Contracting Party which has granted the assistance.

5. gr.

Aðildarríkin takast á hendur, eftir því sem lög þeirra og reglugerðir leyfa, að aðstoða hvert annað við endurheimtu alls kostnaðar vegna veittrar aðstoðar, eftir því sem unnt er, annaðhvort frá þriðja aðila, vegna þess að hann eigi fjárhagslegrar skyldu að gæta gagnvart styrkþega, eða úr hendi þeirra manna, sem eru réttir aðilar til þess að taka þátt í framfærslu hans.

II. KAFLI
Um sendingu manns til heimalands síns.

6. gr.

(a) Aðildarríki, þar sem þegn annars aðildarríkis er löglega búsettur, skal ekki senda hann til heimalands síns fyrir þá eina sök, að hann þarfnast aðstoðar.

(b) Ekkert í samþykkt þessari skal vera því til fyrirstöðu, að manni sé vísað úr landi fyrir hverja sök sem er aðra en þá eina, er um ræðir í næstu málsgrein hér á undan.

7. gr.

(a) Þrátt fyrir ákvæði 6. gr., mgr. (a), skal aðildarríki heimilt að senda þegn annars aðildarríkis til heimalands síns, þann sem búsettur sé í landi þess, fyrir þá eina sök, sem um ræðir í 6. gr., mgr. (a), ef fullnægt er eftirgreindum skilyrðum:

(i) að hinn umræddi maður hafi ekki verið að staðaldri búsettur á landssvæði þess aðildarríkis um að minnsta kosti fimm ára skeið, ef hann kom þangað, áður en hann varð 55 ára gamall, eða í minnst tíu ár, ef hann var kominn yfir þann aldur, er hann kom þangað;
(ii) að heilsufar hans leyfi, að hann sé fluttur; og
(iii) að hann hafi engin náin sifjatengsl á því landssvæði, sem hann dvelur í.

(b) Aðildarríkin samþykkja að beita ekki heimsendingu nema mjög svo hóflega og því aðeins, að engar mannúðarástæður mæli á móti því, að svo sé gert.

(c) Í sama anda samþykkja aðildarríkin, ef þau senda heim mann, sem not-

Article 5

The Contracting Parties undertake, so far as their laws and regulations permit, to help each other to recover the full cost of assistance as far as possible either from third parties under financial obligation to the assisted person or from persons who are liable to contribute to the cost of maintenance of the person concerned.

SECTION II
Repatriation.

Article 6

(a) A Contracting Party in whose territory a national of another Contracting Party is lawfully resident shall not repatriate that national on the sole ground that he is in need of assistance.

(b) Nothing in this Convention shall prejudice the right to deport on any ground other than the sole ground mentioned in the previous paragraph.

Article 7

(a) The provisions of Article 6 (a) notwithstanding, a Contracting Party may repatriate a national of another Contracting Party resident in its territory on the sole ground mentioned in Article 6 (a) if the following conditions are fulfilled:

(i) the person concerned has not been continuously resident in the territory of that Contracting Party for at least five years if he entered it before attaining the age of 55 years, or for at least ten years if he entered it after attaining that age;
(ii) he is in a fit state of health to be transported; and
(iii) has no close ties in the territory in which he is resident.

(b) The Contracting Parties agree not to have recourse to repatriation except in the greatest moderation and then only where there is no objection on humanitarian grounds.

(c) In the same spirit, the Contracting Parties agree that, if they repatriate an

ið hefur aðstoðar, að maka hans skuli og börnum, ef einhver eru, gert kleift að fara með honum.

8. gr.

(a) Aðildarríki það, er sendir mann til heimalands hans samkvæmt ákvæðum 7. gr., skal bera kostnaðinn af heimsendingunni allt til landamæra þess landssvæðis, sem hann er sendur til.

(b) Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að taka á móti hverjum heimsendum þegni sínum, er sendur var samkvæmt ákvæðum 7. gr.

(c) Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að greiða fyrir flutningi hvers þess manns um landssvæði sitt, er sendur er heim samkvæmt ákvæðum 7. gr.

9. gr.

Ef land það, sem styrkþegi telur sig eiga þegnrétt í, neitar að viðurkenna hann sem þegn sinn, skulu ástæðurnar fyrir þeirri neitun sendar búsetulandinu innan þrjátíu daga eða svo fljótt sem verða má eftir þann tíma.

10. gr.

(a) Þegar heimsending manns hefur verið ákveðin, skal stjórnarfulltrúa eða ræðismanni upprunalandsins tilkynnt þetta — með þriggja vikna fyrirvara, ef unnt er.

(b) Stjórnarvöld upprunalandsins skulu á tilhlýðilegan hátt tilkynna þetta stjórnarvöldum þess lands eða þeirra landa, er hinn heimsendi maður á að fara um.

(c) Ákveða skal með samkomulagi réttra stjórnarvalda búsetulandsins og upprunalandsins, hvar afhenda skuli slíka menn.

III. KAFLI

Búseta.

11. gr.

(a) Búseta erlends manns í sérhverju aðildarríkjanna skal teljast lögleg að því er varðar samþykkt þessa, meðan í gildi er fyrir hann dvalarleyfi eða önnur slík heimild, eftir því sem lög og reglur hlutaðeigandi lands krefjast til búsetu. Ef

assisted person, facilities should be offered to the spouse and children, if any, to accompany the person concerned.

Article 8

(a) The Contracting Party repatriating any national in accordance with the provisions of Article 7 shall bear the cost of repatriation as far as the frontier of the territory to which the national is being repatriated.

(b) Each Contracting Party undertakes to receive any of its nationals repatriated in accordance with the provisions of Article 7.

(c) Each Contracting Party undertakes to facilitate the transit across its territory of any person repatriated in accordance with Article 7.

Article 9

If the country of which the assisted person claims to be a national does not recognise him as such, the grounds of the disclaimer must be forwarded to the country of residence within thirty days or as soon as possible thereafter.

Article 10

(a) When repatriation is decided upon, the diplomatic or consular authorities of origin shall be advised (if possible, three weeks in advance) of the repatriation of their national.

(b) The authorities of the country of origin shall duly inform the authorities of any country or countries of transit.

(c) The places for handing over such persons shall be decided by arrangement between the competent authorities of the country of residence and the country of origin.

SECTION III

Residence.

Article 11

(a) Residence by an alien in the territory of any of the Contracting Parties shall be considered lawful within the meaning of this Convention so long as there is in force in his case a permit or such other permission as is required by

hann lætur hjá líða að endurnýja slíkt leyfi, skal hann ekki fyrir það missa réttinn til aðstoðar, svo framarlega sem vanrækslan var eingöngu gáleysi hans að kenna.

(b) Lögleg búseta manns skal verða ólögleg frá þeim degi, er honum var með úrskurði vísað úr landi, nema veitt hafi verið leyfi til þess, að framkvæmd úrskurðarins yrði frestað.

12. gr.

Upphafsdagur þess búsetutíma, sem 7. gr. gerir ráð fyrir, skal í hverju landi — nema gagnstæð sönnun komi fram — ákveðinn eftir niðurstöðu embættislegrar rannsóknar eða eftir þeim gögnum, sem talin eru í fylgiskjali III, eða hverjum helzt skjölum, er lög og reglur landsins telja að sanni búsetuna.

13. gr.

(a) Sanna má samfellda búsetu með því að leggja fram sérhver gögn, þau er gild eru tekin í búsetulandinu, eins og t. d. sönnun um atvinnu eða húsaleigukvittanir.

(b) (i) Þrátt fyrir fjarvistartímabil, er sé undir þrem mánuðum, skal búseta teljast áframhaldandi, ef fjarvistin stafaði ekki af heimsendingu eða brottvísun úr landinu.

(ii) Fjarvistir í sex mánuði eða lengur skulu teljast rjúfa áframhaldandi búsetu.

(iii) Þegar ákveða skal, hvort fjarvist í milli þriggja og sex mánaða skuli teljast hafa rofið framhaldandi búsetu, skal tekið tillit til þess, hvort hlutaðeigandi maður ætlaði sér eða ætlaði sér ekki að hverfa aftur til búsetulandsins og að hve miklu leyti hann hélt sambandi við það, meðan hann dvaldi fjarvistum.

(iv) Starf á skipum lögskráðum í búsetulandinu skal ekki teljast hafa rofið búsetuna. Starf á öðrum skipum skal líta á í samræmi við ákvæðin í töluliðunum (i) til (iii) hér að framan.

the laws and regulations of the country concerned to reside therein. Failure to renew any such permit, if due solely to the inadvertence of the person concerned, shall not cause him to cease to be entitled to assistance.

(b) Lawful residence shall become unlawful from the date of any deportation order made out against the person concerned, unless a stay of execution is granted.

Article 12

The commencing date of the period of residence laid down in Article 7 shall in each country be established, in the absence of evidence to the contrary, on the basis of evidence supplied by official investigation or by the documents listed in Annex III or any documents recognised by the laws and regulations of the country as affording proof of residence.

Article 13

(a) Proof of continuity of residence may be shown by the production of any evidence acceptable in the country of residence, such as proof of occupational activity or the production of rent receipts.

(b) (i) Residence shall be regarded as continuous notwithstanding periods of absence of less than three months, provided that the absence is not caused by repatriation or deportation.

(ii) Periods of absence of six months or more shall be held to interrupt the continuity of residence.

(iii) In order to determine whether a period of absence of between three and six months shall interrupt the continuity of residence, regard shall be had to the intention or otherwise of the person concerned to return to the country of residence and to the extent to which he has preserved his connection therewith during the period of his absence.

(iv) Service in ships registered in the country of residence shall not be held to interrupt the continuity of residence. Service in other ships shall be treated in accordance with the provisions of sub-paragraphs (i) to (iii) above.

14. gr.

Þegar reiknuð er tímalengd búsetu, skal ekki taka með þau tímabil, sem hlutaðeigandi maður hefur þegið styrk úr opinberum sjóðum í samræmi við þau lög, sem getið er um í fylgiskjali I, nema þegar um er að ræða læknishjálp vegna skyndilegs sjúkleika eða skammvinna læknishjálp.

Article 14

There shall be excluded in the calculation of length of residence those periods during which the person concerned has been in receipt of assistance from public monies as laid down in the legislative measures mentioned in Annex I, except in the case of medical treatment for acute illness or short-term medical treatment.

IV. KAFLI

Ýmisleg ákvæði.

SECTION IV

Miscellaneous Provisions.

15. gr.

Framkvæmdastjórnir, stjórnarfulltrúar í utanríkisþjónustunni og ræðismenn aðildarríkjanna skulu veita gagnkvæma aðstoð við framkvæmd samþykktar þessarar.

Article 15.

The administrative, diplomatic and consular authorities of the Contracting Parties shall afford to one another all possible assistance in the implementation of this Convention.

16. gr.

(a) Aðildarríkin skulu tilkynna aðalritara Evrópuráðsins hvers konar breytingar, sem gerðar kunna að verða á lögum þeim og reglugerðum, er kynnu að hafa áhrif á fylgiskjölin I. og III.

(b) Hvert aðildarríki skal tilkynna aðalritara Evrópuráðsins allar nýjar lagasetningar og reglugerðir, sem ekki eru þegar komnar á fylgiskjal I. Þegar aðildarríki sendir slíka tilkynningu, er því heimilt að gera fyrirvara um það, hvort hin nýju lög eða hin nýja reglugerð skuli taka til þegna aðildarríkjanna.

(c) Aðalritari Evrópuráðsins skal láta hinum aðildarríkjunum í té vitneskju um hverja þá tilkynningu, sem hann fær samkvæmt málsgreinunum (a) og (b).

Article 16.

(a) The Contracting Parties shall notify the Secretary-General of the Council of Europe of any subsequent amendment of their laws and regulations which may affect Annexes I and III.

(b) Each Contracting Party shall notify to the Secretary-General of the Council of Europe any new law or regulation not already included in Annex I. At the time of making such notification a Contracting Party may make a reservation in respect of the application of this new law or regulation to the nationals of other Contracting Parties.

(c) The Secretary-General of the Council of Europe shall communicate to the other Contracting Parties any information notified to him in accordance with paragraphs (a) and (b).

17. gr.

Með tvíhliða samningum mega aðildarríkin gera sérstakar ráðstafanir um meðferð þeirra mála, er varða aðstoð látna í té, áður en samþykkt þessi gekk í gildi.

Article 17.

The Contracting Parties may, by bilateral arrangement, take interim measures to deal with cases in which assistance was granted prior to the entry into force of this Convention.

18. gr.

Ákvæði þessarar samþykktar skulu ekki skerða fyrirmæli neinna landslaga eða reglugerða, milliríkja-samþykkta, tvíhliða eða marghliða samninga, sem meir eru styrkþegum í hag.

Article 18

The provisions of this Convention shall not limit the provisions of any national laws or regulations, international conventions or bilateral or multilateral agreements which are more favourable for the beneficiary.

19. gr.

Fylgiskjölin I, II og III skulu vera óaðskiljanlegur hluti af samþykkt þessari.

Article 19

Annexes I, II and III shall constitute an integral part of this Convention.

20. gr.

(a) Hlutaðeigandi stjórnarvöld aðildarríkjanna skulu leitast við að leysa með samningum hvers konar ágreining, sem vera kann um skilning á samþykkt þessari eða framkvæmd hennar.

(b) Hafi einhver slíkur ágreiningur ekki verið jafnaður með samningum innan þriggja mánaða, skal hann lagður fyrir gerðardóm til úrskurðar, og skulu hlutaðeigandi aðildarríki koma sér saman um skipun dómsins og starfshætti. Ef ekki næst samkomulag um þetta innan annarra þriggja mánaða, skal ágreiningnum skotið til gerðardómara, sem valinn sé af forseta Alþjóðadómstólsins að beiðni einhvers þess aðildarríkis, sem hlut á að máli. Ef forseti dómstólsins er ríkisborgari einhvers deiluaðilans, skal þetta hlutverk falið varaforseta dómstólsins eða þeim dómara, sem næstur er honum að embættisaldri og ekki er ríkisborgari neins deiluaðilans.

(c) Úrskurður gerðardómsins eða gerðardómara, um hvort sem heldur er að ræða, skal felldur í samræmi við grundvöll og anda samþykktar þessarar, og skal hann vera bindandi og endanlegur.

Article 20

(a) The competent authorities of the Contracting Parties shall endeavour to resolve by negotiation any dispute relating to the interpretation or application of this Convention.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Fiskveiðar í landhelgi við Ísland mega íslenzkir ríkisborgarar einir reka, og má aðeins hafa íslenzka báta eða íslenzk skip til veiðanna. Fiskverkunarstöðvar og fiskiðjuver á Íslandi mega íslenzkir ríkisborgarar einir eiga og reka.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Eins og íslenzkum lögum nú er háttað, þurfa útlendingar ekki nema búsetu til að geta átt og rekið atvinnufyrirtæki á Íslandi. Þó var á Alþingi 1922 gerð ein mikilvæg undantekning frá þessari reglu. Þá voru sett lög um rétt til fiskveiða í landhelgi við Ísland. Samkvæmt þeim var svo ákveðið, að aðeins íslenzkir ríkisborgarar mættu eiga og reka skip, sem hefðu rétt til veiða í landhelginni.

Ástæðan til þess, að sett voru strangari ákvæði um fiskveiðar, hvað atvinnuréttindi útlendinga snerti, en aðrar atvinnugreinar, var einfaldlega sú, að fiskveiðar voru þá sú atvinnugrein, sem útlendingar töldu eftirsóknarverðast að reka hér á landi. Aðrar atvinnugreinar voru í miklu minni hættu fyrir ásókn þeirra. Það var mönnum einnig ljóst, að fiskveiðarnar væru sá undirstöðuatvinnuvegur, sem Íslendingar ættu einir að annast á allan hátt.

Síðan þessi lög voru sett, hafa orðið miklar breytingar á atvinnuháttum, ekki sízt í sambandi við fiskverkun og fiskiðnað. Þetta veldur m. a. því, að frá sjónarmiði erlendra fjármálamanna er nú ekki minna eftirsóknarvert að eiga hér fiskvinnslustöðvar og fiskiðjuver en að stunda fiskveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í mörgum tilfellum gæti það reynzt þeim auðveld bakdyraleið til þess að reka veiðar innan fiskveiðilandhelginnar.

Þessarar ásóknar þeirra hefur þegar orðið vart á ýmsan hátt og þó ekki sízt í sambandi við þær umræður, sem hafa orðið um hugsanlega aðild Íslands að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Af þessum ástæðum er það orðið nauðsynlegt, að látin séu gilda sams konar ákvæði um eignarrétt og rekstur fiskvinnslustöðva og um sjálfar fiskveiðarnar. Því er lagt til með frv. þessu, að það skuli ekki aðeins gilda um skip, sem stunda veiðar innan fiskveiðilandhelginnar, að þau verða að vera eign Íslendinga einna og rekin af þeim einum, heldur skuli það einnig gilda um allar fiskvinnslustöðvar og öll fiskiðjuver, sem hér eru.

Það er augljóst sjálfstæðismál, að þessar tvær mikilvægu atvinnugreinar, fiskveiðarnar og fiskiðnaðurinn, séu í höndum Íslendinga einna. Efnahagslegu sjálfstæði þjóðarinnar væri illa komið, ef þessar atvinnugreinar kæmust meira eða minna í hendur útlendinga. Þetta verður ekki sízt ljóst, þegar þess er gætt, að fiskiðnaðurinn er vafalítið sú atvinnugrein, sem á fram undan einna mesta vaxtarmöguleika allra íslenzkra atvinnugreina.

Vafalítið þarf að setja enn frekari lagaákvæði því til tryggingar, að fiskveiðarnar og fiskiðnaðurinn verði í höndum Íslendinga. Því hafa nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins lagt fram þingsályktunartillögu um heildarendurskoðun allra lagaákvæða, er snerta atvinnuréttindi útlendinga hér á landi. En þó að slík at-

hugun fari fram, dregur það ekki úr nauðsyn þess, að strax verði látin gilda sömu ákvæði um fiskiðnaðinn og fiskveiðarnar til tryggingar því, að þessar atvinnugreinar verði jafnan í höndum Íslendinga einna.

Sþ. 402. Tillaga til þingsályktunar [201. mál]

um fimm ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi.

Flm.: Gísli Jónsson, Kjartan J. Jóhannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Framkvæmdabanka Íslands að semja fimm ára framkvæmdaáætlun í samráði við stjórn atvinnubótasjóðs til stöðvunar fólksflóttanum úr Vestfjarðakjördæmi.

Einkum skal miða áætlunina við það, að framkvæmdirnar verði liður í uppbyggingu þeirra staða, sem fólksfækkunin gerir illkleift að halda í byggð, þótt öll skilyrði séu þar til góðra lífskjara, ef búið væri að þeim á borð við aðra staði.

Skal áætluninni lokið fyrir lok þessa árs og hún þá lögð fyrir Alþingi ásamt tillögum um fjáröflun.

Greinargerð.

Samkvæmt skýrslu um mannfjölda á Vestfjörðum, sem birt er hér með sem fylgiskjal, hefur íbúum þar fækkað um 19.7% á tímabilinu 1912 til 1962. Er það aleina kjördæmið á landinu, sem fólki hefur fækkað í. Í öllum öðrum kjördæmum landsins hefur íbúatalan aukizt, sums staðar að vísu mjög lítið, en annars staðar mjög verulega, þó einkum á Suðurlandi. Er þetta því raunalegra, þegar vitað er, að afkoma manna á Vestfjörðum er víða fullkomlega sambærileg við afkomu manna í öðrum landshlutum. Hafa meðaltekjur manna þar í hinum ýmsu hreppum verið frá 18 þús. kr. og allt að 35 þús. kr. á hvern íbúa, eða frá 90 þús. og upp í 175 þús. kr. á hverja fimm manna fjölskyldu. Þá hafa og útflutningsskýrslur sýnt, að á síðari árum hefur verðmæti útflutnings frá Vestfjörðum verið 2.5 sinnum hærra á hvern íbúa þar en nemur meðalútflutningsverðmæti á hvern íbúa landsins. Í ljósi þessarar staðreyndar ber vissulega að skoða og meta, hvort ekki sé rétt og skylt af þingi og stjórn að gera sérstakar ráðstafanir til þess að stöðva flóttann frá héraði, sem boðið getur fólkinu slík lífskjör og er nú svo veigamikill aðili í öflun erlends gjaldeyris, sem margfalda mætti með aukinni íbúatölu og auknum framkvæmdum.

Aðeins eftirtaldir staðir í héraðinu hafa aukið íbúatölu sína síðan 1912: Patreksfjörður langmest, 110.6%, þar næst Hólmavík og Hrófbergshreppur, 106%, þá Ísafjörður 46%, Suðureyrarhreppur 22.8%, Kaldrananeshreppur 8.7% og Flateyrar- og Mosvallahreppur 1%. Í öllum öðrum hreppum kjördæmisins hefur íbúunum fækkað, frá 8.4% minnst, í Suðurfjarðahreppi, í mest 95.5% í Grunnavíkurhreppi, sem síðustu íbúar fluttu úr á s. l. ári, en Sléttuhreppur hafði áður verið yfirgefinn. Í öðrum 13 hreppum er fólksfækkunin um og yfir 50% og í sumum 80% og yfir. Er sýnilegt, hver verða örlög þeirra, ef ekkert er að gert þessu máli til bjargar.

Það væri jafnmisráðið fyrir Alþingi og ríkisstjórn að hafast ekkert að til þess að koma í veg fyrir fólksflótta frá héraði, sem hefur þá aðstöðu, sem Vestfirðir hafa, til sívaxandi velmegunar, sem hitt, að hefja framkvæmdir án nauðsynlegs undirbúnings. Er því aðkallandi, að gerð verði áætlun um það, á hvern hátt hagkvæmast væri að stuðla að uppbyggingu nýrra atvinnuvega og treysta þá, sem fyrir eru, svo að fólkið flyttist á ný í hinar yfirgefnu byggðir. Þar í héraði eru margvíslegar auðlindir óunnar, sem gefa mundu arð á við það bezta, sem þekkist hér á landi, ef þeim, sem þar vilja búa, eru skapaðar sömu aðstæður og sömu lífsþægindi og þeim, sem í hópum flýja í þéttbýlið. Ber og að hafa það hugfast, að fyrir hverja

fimm manna fjölskyldu, sem þannig færir sig utan af landsbyggðinni, þarf a. m. k. um einnar millj. króna nýjar fjárfestingarupphæðir á þeim stað í þéttbýlinu, sem hún flyzt til, samfara því sem yfirgefnar eru verðmætar eignir, sem rýrna og verða að engu, auk þess sem slíkir þjóðflutningar hafa í för með sér annan vanda, sem ekki er þjóðhollt né æskilegt að auka.

Ísland er ekki eina landið, sem á við þann vanda að etja, sem því er samfara, að fólkið flýr fámennið og hina afskekktu staði og hópast til bæja og borga. En flest þeirra verja miklu fé til þess að stöðva þá þróun eftir mætti, því að öllum er ljóst, hversu mikil þjóðarnauðsyn það er, að jafnvægi á þessu sviði raskist ekki um of.

Þáltill. þessi er fyrsta og sjálfsagðasta sporið í þá átt að stöðva þennan flótta frá blómlegum byggðum, sem aftur verður að byggja upp á ný, ef ekki á að verða meira tjón að en orðið er. Er þess vænzt, að þingið samþykki tillöguna og ríkisstjórnin láti síðan framkvæma hana.

Fylgiskjal.

HAGSTOFA ÍSLANDS

Mannfjöldi á Vestfjörðum 1912, 1927 og 1962, eftir sýslum og hreppum.

	1912	1927	1962[1])	Breyting 1912—62, %
Austur-Barðastrandarsýsla	**1 122**	**980**	**535**	**÷ 52.3**
Geiradals	111	104	98	÷ 11.7
Reykhóla	306	267	234	÷ 23.5
Gufudals	173	153	69	÷ 60.1
Múla	144	129	50	÷ 65.3
Flateyjar	388	327	84	÷ 78.4
Vestur-Barðastrandarsýsla	**2 229**	**2 281**	**1 999**	**÷ 10.3**
Barðastrandar	328	355	195	÷ 40.5
Rauðasands	478	370	149	÷ 68.8
Patreks	436	568	962	+ 110.6
Tálknafjarðar	321	276	228	÷ 29.0
Ketildala	201	228	39	÷ 80.6
Suðurfjarða	465	484	426	÷ 8.4
Vestur-Ísafjarðarsýsla	**2 495**	**2 495**	**1 829**	**÷ 37.9**
Auðkúlu	265	230	50	÷ 81.1
Þingeyrar	796	764	458	÷ 42.5
Mýra	395	380	190	÷ 51.9
Mosvalla	667	293	126	+ 1.0
Flateyrar	–	390	548	
Suðureyrar	372	438	457	+ 22.8
Norður-Ísafjarðarsýsla	**3 665**	**3 478**	**1 946**	**÷ 46.9**
Hóls	996	874	908	÷ 8.8
Eyrar	554	576	392	÷ 29.2
Súðavíkur	501	474	272	÷ 45.7
Ögur	297	289	117	÷ 60.6

1) Bráðabirgðatölur.

	1912	1927	1962[1])	Breyting 1912—62, %
Reykjarfjarðar	188	174	110	÷ 41.5
Nauteyrar	239	198	83	÷ 65.2
Snæfjalla	185	157	52	÷ 71.9
Grunnavíkur	266	243	12	÷ 95.5
Sléttu	439	493	–	÷ 100.0
Ísafjörður	1 844	2 189	2 692	+ 46.0
Strandasýsla	1 765	1 790	1 533	÷ 13.1
Árnes	447	457	261	÷ 41.6
Kaldrananes	311	324	338	+ 8.7
Hrófbergs	232	305	54	+ 106.0
Hólmavíkur	–	–	424	
Kirkjubóls	200	174	102	÷ 49.0
Fells	123	103	76	÷ 38,2
Óspakseyrar	130	100	67	÷ 48.5
Bæjar	322	327	211	÷ 34.5
Vestfirðir alls	13 120	13 213	10 534	÷ 19.7

Nd. 403. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til l. um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

Við 5. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar svo stendur á sem í 1. málsgrein segir og ríkisstjórnin telur kaupverð óhæfilega hátt, er sveitarstjórn heimilt að leggja árlegan verðhækkunarskatt á umrædd landssvæði, og má skatturinn nema allt að 20% af verðhækkun landsins vegna samfélagsþróunar eða opinberrar mannvirkjagerðar samkvæmt mati dómkvaddra manna. Helmingur verðhækkunarskattsins rennur í viðkomandi sveitarsjóð, en hinn helmingurinn í landakaupasjóð samkvæmt 1. gr. þessara laga.

Sþ. 404. Tillaga til þingsályktunar [202. mál]

um aukna vernd fiskstofnanna á helztu hrygningarsvæðum við Ísland.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Ingvar Gíslason, Halldór E. Sigurðsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nú þegar nefnd, er falið sé að vinna að tillögum um aukna vernd fiskstofnanna gegn ofveiði og rányrkju á hinum þýðingarmestu hrygningarsvæðum umhverfis Ísland. Nefndin skal skipuð fulltrúum útgerðarmanna, skipstjóra og sjómanna, auk þeirra fiskifræðinga, er rétt þykir, að eigi þar sæti.

1) Bráðabirgðatölur.

Greinargerð.

Þótt góður árangur hafi náðst af útfærslu fiksveiðilandhelginnar 1958, fer fjarri því, að þar megi nema staðar í þeirri viðleitni að hindra ofveiði og rányrkju á fiskimiðunum umhverfis landið. Það er m. a. eftir sem áður staðreynd, að mikil hætta vofir enn yfir fiskstofnunum vegna rányrkju á ýmsum helztu hrygningarsvæðunum umhverfis landið, og það ekki aðeins þeim, sem eru utan tólf mílna markanna. Þess vegna er það mikil nauðsyn, að þegar verði hafizt handa um aukna friðun þessara svæða jafnt utan sem innan fiskveiðilandhelginnar.

Tillaga sú, sem hér er flutt, er að mestu leyti samhljóða ályktun, sem samþykkt var á nýloknum fundi Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Í þeirri ályktun var skorað á Alþingi að fela nú þegar sérstakri nefnd það verkefni, er tillaga þessi fjallar um.

Nd. 405. Breytingartillaga [177. mál]

við frv. til laga um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Fyrir „landakaupa“ í fyrirsögn frv. komi: landkaupa.

Nd. 406. Frumvarp til laga [177. mál]

um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Eftir 2. umr. í Nd., 15. marz.)

1. gr.

Ríkisjóður leggur árlega fram 2 millj. króna á árunum 1963—1972, sem ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupstöðum og kauptúnum til þess að kaupa lönd og lóðir innan takmarka hlutaðeigandi sveitarfélags.

Fé þetta skal geymt á sérstökum reikningi ríkissjóðs í Seðlabankanum, ef því er ekki öllu ráðstafað árlega. Enn fremur skulu afborganir lána og vextir leggjast inn á þann reikning, og er heimilt að lána það fé í sama skyni.

2. gr.

Félagsmálaráðuneytið hefur með höndum umsjón og allar framkvæmdir í sambandi við lánveitingar skv. 1. gr., svo sem frágang lánsskjala, innheimtu afborgana og vaxta, svo og reikningshald, en heimilt er ráðuneytinu að fela lánastofnun að annast þessi störf.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt að fella niður þinglesturs- og stimpilgjöld af lánsskjölum þeim, sem um getur í 1. mgr.

Reikningshald skal endurskoðað af ríkisendurskoðuninni og reikningar birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Standi sveitarfélag, sem notið hefur aðstoðar samkvæmt lögum þessum, ekki í skilum með afborganir eða vaxtagreiðslur, er heimilt að halda eftir framlögum, sem það á að fá úr Jöfnunarsjóði, til fullnustu hinum vangreiddu fjárhæðum.

3. gr.

Lán samkvæmt 1. gr. mega nema allt að 60% af kostnaðarverði hins keypta lands, en jafnframt er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 40% af verðinu.

Ef svo semst um á milli seljanda og sveitarfélags, að sveitarfélag megi greiða landverðið með skuldabréfi, er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast allt að 100% af fjárhæð þess.

Hið keypta land skal vera til tryggingar láni og ábyrgð ríkissjóðs.

Eigi má sveitarfélag selja land, sem keypt hefur verið samkvæmt lögum þessum, nema samþykki ráðherra komi til, enda verði þá öll áhvílandi skuld við sjóðinn með veði í landinu greidd að fullu.

4. gr.

Lánstími má vera allt að 25 árum og vextir 5%. Skilyrði ríkisábyrgðar er, að ríkisábyrgðarlánið sé, að dómi ríkisstjórnarinnar, með svo hagstæðum kjörum, að sveitarfélagið fái risið undir því.

5. gr.

Það er skilyrði fyrir aðstoð ríkisins, samkvæmt lögum þessum, að ríkisstjórnin telji sveitarfélagi nauðsynlegt að eignast umrædd landsvæði vegna almennra þarfa. Rétt er að synja um aðstoð, ef ríkisstjórnin telur kaupverðið óhæfilega hátt.

6. gr.

Nú samþykkir ríkisstjórnin að veita sveitarfélagi aðstoð samkvæmt lögum þessum, en eigandi lands vill eigi selja eða samkomulag næst ekki um kaupverð, og er þá heimilt að taka löndin eða lóðirnar eignarnámi, samkvæmt lögum nr. 61 14. nóvember 1917.

7. gr.

Áður en ríkisstjórnin veitir sveitarfélagi aðstoð, skal leitað umsagnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga um málið.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og eru þar með úr gildi numin lög nr. 64 27. júní 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa.

Sþ. 407. Tillaga til þingsályktunar [203. mál]

um endurskoðun á reglum um unglingafræðslu utan kaupstaða.

Flm.: Björn Pálsson, Gunnar Gíslason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gefa út nýja reglugerð um unglingafræðslu utan kaupstaða, þar sem m. a. séu ákvæði um eftirtalin atriði:

a. Aðstoð vegna ólögboðinnar unglingafræðslu utan kaupstaða verði aukin þannig, að kennarar við hana njóti svipaðra launakjara og við hliðstæða skóla í kaupstöðum, enda sé lágmarkstala nemenda ákveðin.
b. Ákveðið verði um skiptingu á kostnaði við milliferðir, húsnæði o. fl. milli nemenda, sveitarfélaga og ríkissjóðs.
c. Reglur verði settar um námsgreinar og próf, sem tryggi það, að unglingafræðslan í heimangönguskólum sé hliðstæð og í tveimur fyrri bekkjum gagnfræðaskóla og miðskóla.

Greinargerð.

Árið 1946 voru samþykkt lög um fræðslumál. Samkvæmt þeim lögum var unglingum í kaupstöðum og stærri kauptúnum skylt að stunda nám í 2 vetur að loknu barnaprófi, nema undanþága væri veitt til styttri fræðsluskyldu. Þessari námsskyldu hefur ekki enn verið komið á í flestum sveitahreppum og fámennari kauptúnum.

Skólanám unglinga hefur mjög aukizt síðan 1946. Kröfur til menntunar nú eru meiri vegna vaxandi vinnutækni, og efnahagur fólks hefur batnað, svo að auðveldara er fyrir foreldra að aðstoða börn sín til náms. Gagnfræðaskólar og miðskólar með landsprófi hafa verið stofnaðir í kaupstöðum og nokkrum kauptúnum. Gerbreytir það námsaðstöðu unglinga á viðkomandi stöðum. Ódýrara er að búa á heimilum foreldra og betra fyrir óþroskaða unglinga að geta dvalizt í heimahúsum. Unglingar í sveitum og fámennari kauptúnum hafa hins vegar aðra og lakari námsaðstöðu. Í nokkrum byggðarlögum eru héraðsskólar, þar sem unglingar geta lokið gagnfræða- eða landsprófi. Þessir skólar eru of fáir, svo að mörgum unglingum þarf árlega að neita um skólavist.

Ríki og sveitarfélög hafa ekki enn lagt fram nægilegt fé, svo að hægt sé að veita öllu æskufólki landsins skólavist. Úr þessu hefur ofurlítið verið reynt að bæta með unglingaskólum í þorpum. Fjárveiting til þeirra hefur vægast sagt verið mjög takmörkuð, og reglugerðarákvæði um þá eru algerlega ófullnægjandi, sem eðlilegt er. Skólaárið 1961—62 hafa 95 nemendur fengið tilsögn í slíkum skólum, og styrkur frá ríkinu nam það ár 165 þús. kr., eða 1740 kr. á nemanda. Á fjárlögum 1963 er fjárveiting til héraðsskóla, sem hafa um 100 nemendur, nálægt 1 millj. kr., eða 10000 kr. á nemanda. Hér er því um ósamræmi að ræða. Það er óverjandi, að ríki og byggðarlög búi ekki þannig að æskufólki, að skilyrði til menntunar geti verið sem líkust, eftir því sem við verður komið, án tillits til þess, hvar fólkið er búsett.

Unglingaskólar eru of fáir og litlar líkur til, að úr því verði bætt til fulls næstu árin. Með tilliti til bættra samgangna er gerlegt í ýmsum byggðarlögum að starfrækja heimangönguskóla fyrir unglinga. Það verður samt ekki gert, nema fjárráð séu nægileg, til þess að unnt sé að fá hæfa kennara og gera aðstöðu að öðru leyti viðunandi. Flestir foreldrar kjósa frekar að þurfa eigi að senda 13—15 ára unglinga til fjarlægra staða til náms, ef kostur væri, að þeir gætu notið hliðstæðrar menntunar í heimasveit. Slíkt mundi og hafa minni kostnað í för með sér, en fjárráð flestra eru takmörkuð, a. m. k. þar til þeir hafa náð þeim aldri að geta unnið fyrir námskostnaðinum. Þó að ríkið styrkti unglingaskóla mun meira en verið hefur, mundi kostnaður við hvern nemanda verða minni en á heimavistarskólum. Báðir aðilar gætu því hagnazt.

Með reglugerð þarf að ákveða um skyldur og réttindi kennara og nemenda við heimangönguskóla, enda eðlilegt, að aukinni aðstoð fylgi meira eftirlit. Tryggja þarf, að námstilhögun og námsárangur verði eigi lakari en í gagnfræðaskólunum, þannig að unglingarnir gætu farið úr heimangönguskólum í efri bekki gagnfræða- og miðskóla.

Nd. 408. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur farið yfir og rætt frumvarpið á nokkrum fundum, og leggur hún til, að það verði samþykkt með þeim breytingum, sem prentaðar eru á sérstöku þingskjali. — Tveir nefndarmenn (BFB og GJóh) áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið.

Alþingi, 16. marz 1963.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.

Alfreð Gíslason. Gunnar Jóhannsson.

Nd. 409. Breytingartillögur [5. mál]

um frv. til l. um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

1. Við 2. gr. 2. mgr. orðist þannig:
   Í Reykjavík, þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað af ríkislögregludeild, sbr. 3. gr., skal þó einungis endurgreiða ⅖ hluta kostnaðar úr ríkissjóði.
2. Við 3. gr. Síðari málsliður fyrri mgr. orðist þannig:
   Ríkislögreglumenn skulu ásamt öðrum lögreglumönnum annast sakamálarannsóknir, hafa eftirlit með útlendingum, annast umferðareftirlit á þjóðvegum og halda uppi almennri löggæzlu og reglu.
3. Við 5. gr. 1. mgr. orðist þannig:
   Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Núverandi tollvörðum ríkisins verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.
4. 13. gr. orðist þannig:
   Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 50 12. febrúar 1940, um lögreglumenn, lög nr. 45 5. apríl 1956 og lög nr. 61 29. marz 1961, um breyting á þeim lögum.
5. Ákvæði til bráðabirgða orðist þannig:
   Ákvæði 2. gr. um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við lögreglu og löggæzlu skulu koma til framkvæmda að fullu 1. janúar 1966. Árið 1964 greiðist úr ríkissjóði 3/10 hlutar af þessum kostnaði utan Reykjavíkur, en ¼ í Reykjavík. Árið 1965 greiðist úr ríkissjóði 4/10 utan Reykjavíkur, en ⅓ í Reykjavík.

Nd. 410. Breytingartillögur [5. mál]

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá Gunnari Jóhannssyni.

Við 1. gr.

1. Í stað orðsins „fyrirskipa“ í 1. mgr. komi: ákveða.
2. Á eftir orðunum „á hverja 500 íbúa“ í sömu mgr. komi:
   Þó skal aldrei ákveða fleiri lögregluþjóna en sveitar- eða sýslufélag hefur samþykkt, enda hafi við ákvörðun sveitarstjórnar m. a. verið tekið tillit til umferðar og fjölda skemmtistaða í viðkomandi byggðarlagi.
   Nú ákveður hreppsnefnd eða sýslunefnd í sveitar- eða sýslufélagi, sem hefur færri en 500 íbúa, að hafa lögreglu, og skal ríkissjóður þá greiða helming kostnaðar samkvæmt 1. málsgr. 2. gr.

Nd. **411. Frumvarp til laga** [204. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

I. KAFLI
Um bæjar- og héraðsbókasöfn.

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík,
2. Kópavogskaupstaður,
3. Hafnarfjörður og Gerða-, Bessastaða- og Vatnsleysustrandarhreppar í Gullbringusýslu,
4. Keflavík og Gullbringusýsla að takmörkum Vatnsleysustrandar- og Njarðvíkurhreppa,
5. Kjósarsýsla,
6. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu,
7. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fjórum syðstu hreppunum,
8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla,
9. Dalasýsla,
10. Austur-Barðastrandarsýsla,
11. Vestur-Barðastrandarsýsla,
12. Vestur-Ísafjarðarsýsla,
13. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla,
14. Strandasýsla,
15. Vestur-Húnavatnssýsla,
16. Austur-Húnavatnssýsla,
17. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla,
18. Siglufjörður,
19. Ólafsfjörður,
20. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla,
21. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla,
22. Norður-Þingeyjarsýsla,
23. Fljótsdalshérað,
24. Seyðisfjörður og Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar- og Vopnafjarðarhreppar og Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu,
25. Neskaupstaður og Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar,
26. Suður-Múlasýsla að undanskildum Skriðdals-, Valla, Egilsstaða-, Eiða-, Mjóafjarðar- og Norðfjarðarhreppum,
27. Austur-Skaftafellssýsla,
28. Vestur-Skaftafellssýsla,
29. Rangárvallasýsla,
30. Vestmannaeyjar,
31. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík, 2. Kópavogskaupstaður, 3. Hafnarfjörður, 4. Keflavík, 5. Hlégarður í Mosfellssveit, 6. Akranes, 7. Borgarnes, 8. Stykkishólmur, 9. Búðardalur, 10. Reykhólar, 11. Patreksfjörður, 12. Flateyri, 13. Ísafjörður, 14. Hólmavík, 15. Hvammstangi, 16. Blönduós, 17. Sauðárkrókur, 18. Siglufjörður, 19. Ólafsfjörður, 20. Akureyri, 21. Húsavík, 22. Kópasker, 23. Egilsstaðir á Fljótsdalshéraði, 24. Seyðisfjörður, 25. Neskaupstaður, 26. Eskifjörður, 27. Höfn í Hornafirði, 28. Vík í Mýrdal, 29. Hvolsvöllur, 30. Vestmannaeyjar, 31. Selfoss.

Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfisins en mælt er fyrir um í þessari grein.

Stjórn bókasafns er heimilt, að fengnu samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar, að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af bókafulltrúa.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa. Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum skáldrita, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun.

Bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu skyld að varðveita eitt eintak af hverju íslenzku riti, sem prentað er. Skulu söfnin njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum.

Heimilt er bókasöfnum, ef viðkomandi bókasafnsstjórn samþykkir, að kaupa og lána út hljómplötur og hljómbönd.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bókakostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna rúms og fjárhagsgetu. Skylt er bókavörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá er bókavörðum og skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 30. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bókavarðar. Þá skulu og þessir bókaverðir hafa eftirlit með rekstri sveitarbókasafna og bókasafna í framhaldsskólum, sjúkrahúsum og hælum, hver í sínu bókasafnshverfi, og leiðbeina bókavörðum og stjórnum bókasafna um flokkun, skráningu, afgreiðsluhætti og skýrslugerð. Skal þeim greiddur ferðakostnaður vegna eftirlits úr ríkissjóði, samkvæmt tillögu bókafulltrúa.

6. gr.

Hvert bæjar- og héraðsbókasafn skal vera sjálfseignarstofnun undir yfirstjórn hlutaðeigandi bæjarstjórnar og/eða sýslunefndar og bókafulltrúa. Skulu bæir og sýslur sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóta þau til húsabóta styrks

úr ríkissjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt ríkissjóði, leggja söfnunum rekstursfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu árlega greidd þannig:

Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar til kr. 30.00 á íbúa kaupstaðarins eða hreppsins. Þá skal og hlutaðeigandi sýslusjóður greiða fjárhæð, sem nemi kr. 6.00 á hvern íbúa sýslunnar.

Nái íbúatala kaupstaðarins 25000, skal bæjarstjórn heimilt að lækka framlög úr bæjarsjóði um kr. 5.00 á íbúa.

Úr ríkissjóði greiðist fjárhæð, sem nemur kr. 15.00 á íbúa kaupstaðar eða hrepps, þar sem safnið er staðsett, og kr. 5.00 á íbúa á móti framlagi sýslna. Greiði kaupstaðir eða hreppar hærri fjárhæð til safns en sem nemur lágmarksgreiðslu samkvæmt lögum þessum, greiðir ríkið 50% á móti umframgreiðslum hreppa og bæja, sem í eru færri en 25 þúsund íbúar, þó aldrei hærri upphæð en kr. 5.00 fram yfir lágmark eða hæst kr. 20.00 á íbúa. Ríkið greiði 50% á móti umframgreiðslum sýslna, unz greiðsla ríkisins hefur náð kr. 7.00 á íbúa.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfum, eins og hann var 1. desember næsta ár á undan.

Skal Hagstofan fyrir lok febrúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera þannig sundurliðuð, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila beri að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfum.

Framlög kaupstaða og hreppa greiðast gjaldkera safns fjórum sinnum á ári, en sýslna í einu lagi fyrir 1. júlí ár hvert.

Framlög ríkisins skulu greidd með tveim jöfnum greiðslum, hinni fyrri fyrir lok aprílmánaðar og hinni síðari fyrir lok októbermánaðar. Bókafulltrúa skulu áður hafa borizt vottorð safnstjórnar um, að heimaaðilar hafi staðið skil á lögboðnum framlögum sínum.

8. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins, að afstöðnum kosningum bæjarstjórna og sýslunefnda, fyrir kjörtímabilið.

Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar ákveða, sem hana kjósa. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.

Þar sem að héraðsbókasafni standa bæði kaupstaðir og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, sem safnið varðar, og ráða bókaverði.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Yfirbókaverðir við bæjar- eða héraðsbókasöfn, þar sem bókavarzlan er aðalstarf, geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1. Hafa tekið próf í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands.
2. Hafa lokið slíku prófi við erlendan skóla í bókasafnsfræðum og auk þess annað tveggja numið einn vetur bókasafnsfræði í Háskóla Íslands eða starfað eitt ár sem nemar í íslenzku bæjarbókasafni.

3. Hafa lokið meistaraprófi í íslenzkum fræðum og kynnt sér í eitt misseri skráningu bóka og afgreiðsluhætti í íslenzku bæjarbókasafni eða svipuðu safni erlendis.
4. Hafa haft á hendi, þegar lög þessi öðlast gildi, bókavörzlu í íslenzku bæjarbókasafni sem aðalstarf ekki skemur en eitt ár, enda hafi þeir meðmæli bókasafnsstjórnar og einnig yfirbókavarðar, þar sem eru fleiri en einn bókavörður.

Aðrir bókaverðir slíkra safna skulu og hafa fengið góða framhaldsmenntun að loknu skyldunámi og hafa kynnt sér, svo að aðalbókavörður telji viðhlítandi, skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslenzku bæjarbókasafni.

11. gr.

Um laun bókavarða fer að lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Auglýsa skal stöður yfirbókavarða við bæjar- eða héraðsbókasöfn, þar sem bókavarzlan er aðalstarf, með ekki minna en mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara og skírskotað til laga um réttindi til starfsins. Þegar umsóknarfrestur er liðinn, skulu umsóknir þær, sem borizt hafa, sendar bókafulltrúa, og hann láta í ljós álit sitt á því hver hann telji að æskilegt sé að hljóti starfið. Heimilt sé honum að benda á fleiri en einn af umsækjendum.

12. gr.

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavarzlan er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á. Leita skal hún álits bókafulltrúa um hæfni þess manns, sem hún hyggst ráða, og telji hann manninn óhæfan til starfsins, skal sá ekki ráðinn. Maður, sem ráða skal til bókavörzlu, verður að skuldbinda sig til að kynna sér svo, að bókafulltrúi telji viðhlítandi, skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslenzku bæjarbókasafni.

Laun bókavarðar skulu ákveðin í samráði við bókafulltrúa.

II. KAFLI

Um sveitarbókasöfn.

13. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkv. lögum þessum (sbr. 14. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar. Þar sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

14. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt. Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 15. gr.).

15. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig:

Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði, félagssjóðum eða frá öðrum aðilum en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra heildarframlagi en sem nemur kr. 30.00 á hvern íbúa sveitarinnar, nema þar sem íbúatalan nær ekki 150. Þar skal hámarksgreiðsla ríkissjóðs miðast við kr. 40.00 á íbúa.

16. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 14. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum, og til 4 ára.

17. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafna, skal um framlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og ríkissjóði fara eftir sömu reglum og segir í 15. gr., og nái ekki fjárframlag félagsins eða félaga því lágmarki, sem ákveðið er í 15. gr., skal greiða muninn úr sveitarsjóði.

18. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 13. og 17. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð fimm mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og bókafulltrúa.

19. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði.

20. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 17. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkv. lögum þessum. Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

21. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (þeim sveitarfélögum), sem það tilheyrir. Hún skal ráða safninu bókavörð og leitast við að fá til bókavörzlu áhugasama menn um bækur og bóklestur. Greiða má bókaverði þóknun, en háð skal hún samþykki bókafulltrúa.

22. gr.

Í fjölmennum sveitum skal að því stefnt að starfrækja lestrarsal, afla safninu handbóka og fræðibóka um atvinnulíf og tækni og koma á kennslu handa unglingum í notkun bókasafna. Um ráðningu bókavarða slíkra safna gilda sömu reglur og um ráðningu þeirra, sem um er fjallað í 12. gr.

23. gr.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafns senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag og rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái styrk þann, sem því ber úr ríkissjóði fyrir liðið ár.

III. KAFLI
Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

24. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistarskólum (barnaskólum og framhaldsskólum), hvort sem er í sveit eða kaupstað, svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, elliheimilum og öðrum vistheimilum, svo og fangahúsum.

25. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 24. gr., skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 20.00 á hvern nemanda og starfsmann miðað við fjölda þeirra í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

Skólastjóri skal hafa umsjón með skólabókasafni og sjá um, að það komi kennurum og nemendum að sem fyllstum notum. Hann skal í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið skólaár.

26. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 24. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem nemur kr. 40.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdastjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í febrúarmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber.

27. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum um landið hyggja að rekstri, aðbúnaði og starfi bókasafna í barnaskólum og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra og starfrækslu, og þá einkum víkja að einstökum söfnum, ef sérstök ástæða þykir til umbóta eða rekstri og aðbúnaði þannig farið, að verða megi til fyrirmyndar.

IV. KAFLI
Um framlag til húsabóta.

28. gr.

Áætla skal árlega á fjárlögum ekki minni upphæð en kr. 500 000, sem veittar séu sem framlag ríkisins til húsabóta handa almenningsbókasöfnum.

Fé skal veita gegn framlögum heima í héraði til byggingar nýrra og hagkvæmari húsa handa bókasöfnum, til breytinga á húsum, sem keypt eru handa bókasöfnum, til viðbygginga og til meiri háttar lagfæringa á húsnæði bókasafna.

V. KAFLI
Um bókafulltrúa.

29. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa sérstakan bókafulltrúa í skrifstofu fræðslumálastjóra.

Hann skal uppfylla eitthvert þeirra skilyrða, sem um getur í 10. gr., vera bókmenntafróður og hafa sýnt áhuga á fræðslu- og menningarmálum. Bókafulltrúi

skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval og allt, sem að rekstri bókasafna lýtur, og koma á, í samstarfi við Bókavarðafélag Íslands, námskeiðum handa bókavörðum, sem ekki hafa bókavörzlu að aðalstarfi. Hann skal og vera ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll málefni almenningsbókasafna.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

30. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar óbundnar bækur þeirra skal binda í traust band, jafnóðum og því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safnið eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal lána úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær í lestrarsal.

31. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því sem hagkvæmt þykir. Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa.

32. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir gefa út.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga. Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

33. gr.

Ef stjórn bókasafns vanrækir að senda tilskildar skýrslur um starfsemi safnsins og gera reikningsskil á lögskildum tíma, skal safninu ekki greiddur styrkur úr ríkissjóði fyrr en úr hefur verið bætt. Dragist að gera lögskil, skal það tilkynnt hlutaðeigandi bæjarstjórn, sýslumanni eða sveitarstjórn. Sé ekki að heldur bætt úr, skal bókafulltrúi hlutast til um, að menntamálaráðuneytið hafi afskipti af málinu.

34. gr.

Ef bæjarstjórn, sýslunefnd eða sveitarstjórn vanrækir þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar í lögum þessum um fjárframlög, framkvæmanlega fyrirgreiðslu um öflun hagkvæms húsnæðis handa söfnum og kosningu stjórna, skal bókafulltrúi áminna þær skriflega. Reynist það ekki fullnægjandi, skal hann óska íhlutunar menntamálaráðuneytisins.

35. gr.

Skylt er að vátryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til, og skal leita álits bókafulltrúa um vátryggingarupphæðina.

36. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

VII. KAFLI
Um gildistöku laganna.

37. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, en jafnframt falla úr gildi lög nr. 42/1955 og breyting á þeim lögum nr. 50/1956.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lögin um almenningsbókasöfn frá 18. maí 1955 hafa verið óbreytt allt til þessa. Þrátt fyrir ýmsa örðugleika hefur tekizt að koma þeim í framkvæmd í öllum bæjum og héruðum landsins og í flestum af hreppunum, og hefur það sýnt sig, að hin kerfisbundna skipan þessara mála var tímabær nauðsyn. Notkun safnanna hefur farið sívaxandi og bókakostur þeirra aukizt að miklum mun, sbr. fylgiskj. 3, þrátt fyrir mjög þröngan fjárhag, síhækkandi bókaverð og stórlega aukinn kostnað við allan rekstur safnanna, enn fremur mjög víða vöntun á viðhlítandi húsnæði og svo til alls staðar ónógan og óhentugan húsakost, ef miðað er við þær kröfur, sem gerðar eru í þeim löndum, þar sem þessi mál eru komin lengst á veg, en þar eru söfnin orðin mjög veigamikill þáttur í fræðslukerfinu og mjög áhrifarík um aukna menningu.

Langflestir bæirnir hafa lagt fram til safnanna miklum mun meira fé en sem nemur lágmarki því, er lögin kveða á um, og þeim sveitum hefur farið sífjölgandi, sem hafa aukið framlög sín fram úr því hámarki, sem framlag fæst á móti úr ríkissjóði. Þá hafa og nokkrar sýslur lagt fram meira fé til héraðsbókasafna en lögskipað er. Loks hafa félög í sumum héruðum og sveitum styrkt söfnin, einnig hafa forráðamenn þeirra og velunnarar í nokkrum hreppum lagt á sig mikið erfiði og fyrirhöfn til að afla þeim fjár. Þess ber og að geta, að flestir heimavistarskólar, sjúkrahús og hæli hafa komið sér upp bókasöfnum og notið þess styrks til þeirra, sem heimilaður er úr ríkissjóði, samkvæmt lögum.

Auðsætt er, að ekki má lengur dragast að breyta til hækkunar ákvæðum laganna um framlög til safnanna, en auk þess hefur reynslan sýnt, að bæta þarf inn í lögin mikilsverðum ákvæðum, og eru þau tekin upp í þetta frumvarp.

Aðalbreytingarnar, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

Breytingar á ákvæðum um framlög:

Þeirri aðalreglu er fylgt, að tvöfalda þau framlög, sem kveðið er á um í núgildandi lögum, þó með allmiklum frávikum til leiðréttingar á misrétti og til frekari úrbóta, þar sem þess er brýn þörf.

Í lögunum eru framlög bæjarsjóða til bæjarbókasafna ákveðin kr. 15.00 á íbúa og ríkisframlag kr. 7.50. En í 3. málsgrein 5. gr. laganna er heimild fyrir bæjarstjórnir í þeim bæjum, sem í eru 4000 íbúar eða þar yfir, til stiglækkunar á framlaginu, en hins vegar ákveðið, að ríkisframlagið til safna í þessum bæjum lækki um kr. 0.75 á íbúa, þegar íbúatala hefur náð 4000 og síðan um sömu upphæð fyrir hvert þúsund, sem við bætist, unz ríkisframlagið er komið niður í kr. 2.50. Nú hafa bæirnir ekki notað sér lækkunarheimildina, heldur langflestir lagt fram miklu hærri upphæð heldur en nemur kr. 15.00 á hvern íbúa, en hins vegar hefur verið fylgt ákvæðinu um stiglækkandi framlag ríkisins. Akranes, Ísafjörður, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Húsavík, Seyðisfjörður og Neskaupstaður hafa allir fengið úr ríkissjóði kr. 7.50 á íbúa til bókasafna sinna, en Vestmannaeyjar og Keflavík kr.

6.75, Kópavogur 5.25. Hafnarfjörður 4.50, Akureyri 3.75 og Reykjavík aðeins kr. 2.50 á íbúa. Þarna hefur komið fram mikið misrétti, enda sannast mála, að fjárþörfin til bókasafns er sízt minni í stærstu bæjunum. Þar er nauðsynlegt að koma upp útibúum frá aðalbókasöfnunum, og séð frá sjónarmiði þjóðarheildarinnar er það menningarleg nauðsyn, að bókasöfn stærstu bæjanna hafi upp á að bjóða sem víðtækasta þjónustu, enda hafa menningarþjóðir Vesturlanda lagt síaukna áherzlu á að gera almenningsbókasöfnum borganna fært að hafa með höndum sem allra fjölþættasta starfsemi. Því er nú gert ráð fyrir, að lágmarksframlag allra bæja á Íslandi sé hið sama, kr. 30.00 á íbúa, og ríkisframlagið kr. 15.00. Þó skal Reykjavík heimilt að leggja aðeins fram kr. 25.00 á hvern íbúa, og verður þá framlag ríkisins 50% af þeirri upphæð, eða kr. 12.50 á íbúa.

Í núgildandi lögum er mjög illa búið að héraðsbókasöfnunum, og hefur raunin orðið sú, að víðast hafa þau komið að miklu minna gagni en bókasöfn bæjanna. Hreppsnefndir og sýslunefndir hafa yfirleitt reynzt miklum mun tregari til þess en bæjarstjórnir að leggja fram meira fé en gert er ráð fyrir í lágmarksákvæðum laganna, án þess að neitt komi á móti úr ríkissjóði. Sveitarsjóðir hreppanna, þar sem héraðsbókasöfn eru staðsett, voru ekki með lögunum skyldaðir til að leggja fram kr. 15.00 á íbúa, eins og bæirnir, heldur var dregið frá þeirri upphæð framlag sýslunnar, kr. 3.00 á íbúa, og frá framlagi ríkissjóðs vegna hreppanna þær kr. 2.50, sem ríkið leggur á móti sýsluframlaginu. En héraðsbókasöfnunum ber að rækja hlutverk sveitarbókasafns í þeim hreppi, þar sem þau eru staðsett, og kr. 12.00 frá sveitarsjóði og kr. 5.00 úr ríkissjóði verða aðeins kr. 17.00 samtals, en sveitarbókasafn, sem ekki er um leið héraðsbókasafn, getur samkvæmt núgildandi lögum fengið kr. 12.50 á íbúa, gegn kr. 20.00 á sömu einingu frá hreppssjóði eða öðrum aðilum heima í héraði — og verða þá tekjur þess kr. 32.50 á íbúa. Ef dæmi er tekið af kauptúnunum Borgarnesi og Stykkishólmi, en íbúatala beggja er um 900, verður ranglætið og misræmið ljóst. Héraðsbókasöfnin á þessum stöðum eru bæði jafnframt sveitarbókasöfn, þar sem þau hafa aðsetur sitt. Sem slík geta þau ekki fengið hærra framlag úr ríkissjóði samkv. núgildandi lögum en kr. 5.00 á íbúa eða kr. 4500.00 á ári. En hefðu þau eingöngu verið sveitarbókasöfn, hefði framlagið frá ríkissjóði getað komizt upp í kr. 11250.00. Gjaldið frá sýslunum, kr. 3.00 á íbúa og kr. 2.50 á móti frá ríkissjóði, fá þau samkvæmt efni og anda laganna fyrir að rækja hlutverk héraðsbókasafns í öllum hreppum bókasafnshverfisins. Því er það, að í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir sama framlagi frá sveitarsjóðunum, þar sem héraðsbókasöfn eru staðsett, og bæjarsjóðum er gert að greiða til bæjarbókasafna, og greiðir ríkið 50% á móti því framlagi — eins og í bæjunum, í stað 41.7% áður. Greiðslur sýslna tvöfaldast og sömuleiðis framlag ríkissjóðs vegna sýslnanna.

Það hefur vakið mikla óánægju áhugasamra ráðamanna sveita, bæja og sýslna, að ríkið hefur ekkert greitt á móti því fé, sem þessir aðilar hafa lagt bæjar- og héraðsbókasöfnunum umfram það lágmarksframlag, sem þeim er skylt að greiða samkvæmt lögum, en til sveitabókasafna getur framlag ríkissjóðs hækkað úr kr. 5.00 í kr. 12.50, ef heimaaðilar leggja safninu fé, sem nemur kr. 20.00 á hvern íbúa sveitarinnar. Þess vegna er í frumvarpinu gert ráð fyrir, að ríkið greiði 50% á móti því fé, sem bæir, sveitir og sýslur leggja til bæjar- og héraðsbókasafna fram yfir lögskylt lágmark, unz framlag ríkissjóðs hefur hækkað um kr. 5.00 á íbúa gegn aukaframlagi bæjar- og sveitarsjóða alls staðar nema í Reykjavík — og kr. 2.00 gegn aukaframlagi sýslna. Ríkisframlagið móti framlagi bæjar- og sveitarsjóða getur því komizt upp í kr. 20.00 á íbúa og móti framlagi sýslna í kr. 7.00. En gegn framlagi bæjarsjóðs Reykjavíkur getur það þó ekki komizt hærra en í kr. 15.00.

Samkvæmt sérstökum lögum fá bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði eitt ókeypis eintak af öllu því, sem prentað er hér á landi. Tilgangurinn með þessu var sá, að tiltækt væri í öllum landshlutum eintak alls þess, sem hér er prentað. Söfnunum er því lögð á herðar skylda til að geyma eitt eintak af bókum, bæklingum, tímaritum og blöðum, flugritum og öllu öðru, sem þeim er sent sam-

kvæmt áðurgreindum lögum. Þessi geymsluskylda er ótvíræður baggi á söfnunum. Þess vegna er kveðið svo á í þessu frumvarpi, að þessi söfn fá árlega upphæð frá ríkissjóði til bands á hinum gefnu eintökum. Mundi hún hæfilega ákveðin kr. 25 000.00 á hvert safn — eða alls kr. 100 000.00.

Lágmarksframlag heimaaðila og ríkis til sveitarbókasafna tvöfaldast samkvæmt frumvarpinu, en hins vegar var ekki talið, að brýna nauðsyn bæri til, að sú hámarksupphæð, sem umframgreiðsla ríkissjóðs miðaðist við, hækkaði um meira en kr. 10.00 á íbúa, nema í þeim sveitum, þar sem íbúatalan nær ekki 150. Þar skal hámarksupphæðin tvöfaldast. Hámarksgreiðsla ríkissjóðs til sveitarbókasafna í hreppum, sem í búa 150 manns eða fleiri, verður kr. 20.00 á íbúa gegn kr. 30.00 á sömu einingu frá heimaaðilum, en kr. 25.00 gegn kr. 40.00 á íbúa í sveitum, þar sem færri búa en 150. Safn í sveit, þar sem eru 100 manns, getur samkvæmt frumvarpinu fengið kr. 2500.00 á móti kr. 4500.00 frá heimaaðilum, en safn í hreppi, þar sem íbúar eru 200, fær sem hámark úr ríkissjóði kr. 4000.00 gegn kr. 6000.00 heimatekjum.

Framlag til bókasafna í heimavistarskólum hækkar um 150%, úr kr. 10.00 í kr. 25.00 á hvern einstakling, sem við er miðað, enda var 10 króna framlagið allt of lágt. Hins vegar þótti ekki bera brýna nauðsyn til að tvöfalda framlagið til bókasafna sjúkrahúsa og vistheimila, en það hækkar úr kr. 25.00 í kr. 40.00 á sjúkrarúm og vistmann.

Frumvarpið gerir ráð fyrir, að inn í lögin bætist nýr kafli, með fyrirsögninni: **Um framlag til húsabóta.** Á 14. gr. fjárlaga ársins 1955 voru kr. 175 000.00 til byggingar bókasafna. Þessi upphæð hélzt óbreytt í nokkur ár, en síðan var hún lækkuð niður í kr. 166 250.00. Nú er kveðið svo á í frumvarpinu, að ríkið leggi fram árlega kr. 500 000.00 í þessu skyni, og verði fénu ráðstafað samkvæmt reglugerð, sem menntamálaráðuneytið setur. Vaknað hefur mikill áhugi forráðamanna almenningsbókasafna á að bæta húsakost þeirra, því að eftir því sem notkun þeirra hefur aukizt, hefur mönnum, sem hafa mál þeirra með höndum, orðið ljósara, hve mikið er undir því komið, að þau séu í rúmgóðum, snotrum og hagkvæmum húsakynnum. Fyrir stór og mikið notuð söfn er það fjárhagsatriði, að húsakynnin séu sem hagkvæmust, því að það sparar starfslið, og með tilliti til notendanna er það mikilvægt atriði, að söfnin séu í aðlaðandi húsnæði. Þegar hafa verið reist tvö myndarleg bókasafnshús, þrjú eru í smíðum, og á komandi vori verður hafizt handa um smíði þriggja til fjögurra. Þá hafa og nokkur söfn fengið bjarglegt húsnæði í félagsheimilum, sem reist hafa verið á síðustu árum. Öll hin nýju húsakynni safnanna eru í samræmi við það, sem bezt þykir henta í þeim löndum, þar sem mest áherzla er lögð á starf almenningsbókasafna, þó að ólíku sé saman að jafna um stærð og íburð. Forráðamenn almenningsbókasafnanna víðs vegar um land líta svo á, að jafnsjálfsagt sé, að ríkið leggi fram fé til byggingar bókasafna eins og til skólabygginga, og framlög frá ríkinu til nýrra bókasafnshúsa eða til umbóta á gömlu húsnæði bókasafna hafa mikil áhrif til örvunar þeim, sem eigi yfir að ráða fé bæjar-, sýslu- og sveitarsjóða. Bókafulltrúi lítur svo á, að fenginni reynslu, að ef verðlag á byggingarefni breytist ekki að mun frá því, sem nú er, megi takast á einum áratug með kr. 500 000.00 árlegu framlagi frá ríkinu að bæta úr brýnustu þörf fjölmargra almenningsbókasafna til húsabóta.

Ákvæði 22. gr. eru nýmæli, sem ætla má að geti haft verulegt raunhæft gildi. Þorp, sem í eru 800 íbúar, getur gegn 24 þús. króna framlagi fengið árlega 16 þúsund krónur úr ríkissjóði til safns síns, sem hefur þá 40 þús. kr. árstekjur.

Það liggur í augum uppi, að mjög mikið er undir því komið, að almenningsbókasöfn eigi kost á sem hæfustum mönnum til bókavörzlu. Með 10.—12. greinum frumvarpsins er reynt að tryggja það, að til bókavörzlu veljist menn, sem að þekkingu og æfingu séu starfinu vaxnir. Í nálægum löndum er það skilyrði fyrir starfi í almenningsbókasafni, að menn hafi lokið prófi í sérskólum handa bókavörðum, auk stúdentsprófs, en hér þótti hvorki æskilegt né fært að setja slíkt skilyrði.

Loks er ákvæði í frumvarpinu, sem leggur þá skyldu á herðar héraðsbókavörð-

um, að þeir hafi eftirlit með starfsemi sveitarbókasafna og bókasafna í hælum og sjúkrahúsum og veiti nauðsynlegar leiðbeiningar hver í sínu bókasafnshverfi. Eru þeim ekki ætluð sérstök laun fyrir þau störf, en hins vegar ferðakostnaður. Telur bókafulltrúi, að kr. 25 000.00 muni nægja í þessu skyni. Námsstjórar hafi svo eftirlit með rekstri bókasafna í heimavistarskólum. Með þessari skipan kemst á öruggara og almennara eftirlit, meiri leiðbeiningarstarfsemi og nánari samvinna milli sveitarbókavarða og héraðsbókavarðar en átt hefur sér stað hingað til. Þarf ekki að koma til kasta bókafulltrúa, nema þegar sérstaklega stendur á, en héraðsbókaverðir munu senda honum árlega skýrslu og leita til hans, þegar nauðsyn krefur.

Samkvæmt áætlun bókafulltrúa á fylgiskjali I hefur samþykkt þessa frumvarps í för með sér kr. 2 351 696.00 hækkun á framlagi ríkisins til almenningsbókasafna — og verður þá allt framlag ríkisins kr. 3 792 946.00 til almenningsbókasafna.

Fylgiskjal I.

Áætluð framlög ríkisins til almenningsbókasafna á árinu 1964 samkvæmt frumvarpi um almenningsbókasöfn.

				Hækkun
I. Til bæjar- og héraðsbókasafna:				
1. Samkvæmt núgildandi lögum	kr.	675 000		
2. Hækkun samkv. till.	—	1 687 946		
			2 362 946	1 687 946
II. Til sveitarbókasafna og lestrarfélaga:				
1. Samkvæmt núgildandi lögum	kr.	485 000		
2. Hækkun samkv. till.				
a) Reksturssstyrkir ..... kr. 230 000				
b) Til eftirlits ..... — 35 000				
	—	265 000	750 000	265 000
III. Til bókasafna í heimavistarskólum og öðrum opinberum stofnunum:				
1. Áætlað framlag samkv. núg. lögum	—	115 000		
2. Hækkun samkv. till.	—	65 000		
			180 000	65 000
IV. Framlag til húsabóta:				
1. Nú á fjárlögum	kr.	166 250		
2. Hækkun samkv. till.	—	333 750		
			500 000	333 750
	Samtals	kr.	3 792 946	2 351 696

Fylgiskjal II.

Áætlun um tekjur bæjar- og héraðsbókasafna samkv. frumvarpi.

Bókasöfn	Tekjur samkv. frumv. 1964	Raunv.l. tekjur árið 1960	Lágmarks-tekjur samkv. núgild. lögum	Ríkis-framlag 1962	Ríkis-framlag 1964
1. B. og héraðsb.s. Keflav.	260 064	223 010	124 007	42 345	91 920
2. — — Hafnarf.	603 179	609 700	136 663	37 357	153 405
3. Bæjarbókas. Kópavogi	299 835	112 104	124 932	34 981	99 943
4. — Reykjavíkur	2 793 750	2 035 081	914 850	182 970	931 250
5. Héraðsbókas. Kjósarsýslu	63 488	25 995	17 109	10 483	24 740

Bókasöfn	Tekjur samkv. frumv. 1964	Raunv.l. tekjur árið 1960	Lágmarks-tekjur samkv. núgild. lögum	Ríkis-framlag 1962	Ríkis-framlag 1964
6. B. og héraðsb.s. Akranesi	243 480	183 472	90 780	30 660	81 960
7. Héraðsb.s. Borgarfj.	99 819	32 970	30 136	11 263	36 909
8. Amtsb.s. í Stykkishólmi	140 777	38 281	35 640	13 768	67 847
9. Héraðsb.s. Dalasýslu	24 884	11 910	10 919	4 208	9 800
10. — A.-Barð.	16 225	7 005	6 842	2 480	6 115
11. — V.-Barð.	83 751	26 423	26 423	9 848	33 349
12. — V.-Ísafj.s.	41 543	21 369	19 979	7 238	17 105
13. B. og héraðsb.s. Ísaf.	207 329	166 759	71 013	24 951	83 335
14. Héraðsb.s. Strandas.	35 456	18 312	15 473	5 915	13 880
15. — V.-Hún.	30 590	17 049	13 425	5 175	12 050
16. — A.-Hún.	76 564	35 759	23 314	8 950	28 684
17. B. og héraðsb.s. Skagaf.	110 167	55 604	42 726	16 023	33 617
18. Bæjarbókas. Sigluf.	158 100	131 622	59 288	19 763	52 700
19. — Ólafsf.	41 940	37 008	20 970	6 990	13 980
20. Amtsbókas. Akureyri	470 769	310 000	166 848	43 266	178 715
21. Bókas. Þingeyinga, Húsav.	101 233	68 029	50 616	18 687	37 375
22. Héraðsb.s. N.-Þing.	51 925	30 886	16 069	6 478	19 955
23. Héraðsb.s. Fljótsd.héraðs	36 163	21 528	16 329	6 555	14 707
24. Amtsbókas. Seyðisf.	83 862	41 149	23 931	8 865	21 410
25. B. og héraðsb.s. Neskaupst.	95 574	57 018	34 479	11 625	32 650
26. Héraðsb.s. Eskif.	71 860	33 666	31 641	12 255	28 410
27. — A.-Skaftaf.s.	45 119	27 530	18 946	6 820	16 925
28. — V.-Skaftaf.s.	37 605	19 558	16 042	5 923	14 355
29. Bæjarbókas. Vestmannaeyja	281 220	181 202	99 599	31 637	93 740
30. Héraðsb.s. Rangárvallasýslu	47 845	31 200	22 135	9 175	19 975
31. — Árnessýslu	159 028	69 425	69 259	26 545	62 140

Tekjurnar samkv. frv. og framlög ríkissjóðs hvort tveggja áætlað samkv. reynslu undanfarinna ára um framlög og af kynnum bókafulltrúa á aðstæðum.

Fylgiskjal III.

Aukning bókakosts, lánþegar og lánuð bindi í 261 almenningsbókasafni á árinu 1960.

Aukning bókakosts	í bæjar- og héraðsbókasöfnum	15 239 b.
—	í sveitabókasöfnum	7 073 –
—	í bókasöfnum heimavistarskóla og hæla	1 980 –
	Aukning alls:	24 292 b.
Bókakostur nú	í bæjar- og héraðsbókasöfnum	277 489 b.
—	í sveitarbókasöfnum	231 763 –
—	í bókasöfnum heimavistarskóla og hæla	60 140 –
	Bókakostur alls:	569 392 b.
Lánþegar	í bæjar- og héraðsbókasöfnum	14 198
—	í sveitarbókasöfnum	7 927
—	í bókasöfnum heimavistarskóla og hæla	1 203 –
	Lánþegar alls	23 328

Lánuð bindi	úr bæjar- og héraðsbókasöfnum	450 607 b.
—	úr sveitarbókasöfnum	145 474 –
—	úr bókasöfnum heimavistarskóla og hæla	83 000 –
	Lánuð alls úr almenningsbókasöfnum	679 081 b.

Meðaltal lánaðra binda á hvern einstakling þjóðarinnar árið 1960 3.9. Árið 1956, þegar lögin um almenningsbókasöfn voru eins árs gömul 2.2, og árið 1959 3.2. Þar eð skýrslur vantar enn frá ýmsum bókasöfnum frá árinu 1961, eru ekki til heildartölur þess árs, en bókakaup og útlán hafa minnkað að mun, enda kvarta forráðamenn safnanna meira og meira yfir skorti á rekstrarfé.

Nd. 412. Frumvarp til laga [205. mál]

um Kennaraskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

I. KAFLI

Tilgangur, deildaskipting, námskröfur og réttindi.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands skal búa nemendur sína undir kennslustörf í skólum þeim, sem þessi lög mæla fyrir um, og enn fremur undir nám í sérkennaraskólum og háskólum.

Skólavistin á að veita nemendum tilskilda þekkingu og leikni, stuðla að líkamlegri og andlegri heilbrigði þeirra og venja þá við sjálfstætt nám og hagnýtingu þess við kennslu.

2. gr.

Í skólanum starfa þessar deildir:

1. **Almenn kennaradeild,** fjögurra ára nám, sem endar með almennu kennaraprófi og veitir kennararéttindi í barna- og unglingaskólum landsins.

2. **Kennaradeild stúdenta,** þar sem námi lýkur með almennu kennaraprófi. Nemendur í þeirri deild skulu ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í uppeldisgreinum, svo og í þeim greinum kennaranámsins öðrum, sem ekki eru kenndar til almenns stúdentsprófs.

3. **Menntadeild,** er taki til starfa eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku laga þessara. Lokapróf úr menntadeild er stúdentspróf, og veitir það réttindi til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum hans og reglugerð. Námskröfur til stúdentsprófs frá Kennaraskóla Íslands skulu sambærilegar kröfum til stúdentsprófs menntaskólanna, þó þannig, að heimilt er að láta próf í uppeldis- og kennslufræðum frá almennu kennaradeildinni gilda til stúdentsprófs og fella þá niður, innan takmarka, sem ákveðin eru í reglugerð, annað námsefni sem því svarar, á svipaðan hátt og gert er um sérgreinar í mála- og stærðfræðideildum menntaskólanna.

4. **Framhaldsdeild,** er veiti nemendum kost á framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Skulu þeir þá stunda nám í eigi færri greinum en þrem, og sé ein þeirra aðalgrein. Sett skulu ákvæði um próf að afloknu þessu framhaldsnámi. Heimilt er starfandi kennurum að leggja stund á einstakar greinar þess framhaldsnáms, sem efnt verður til samkvæmt þessum ákvæðum, eftir frjálsu vali, og ljúka í þeim tilskildum prófum.

5. **Undirbúningsdeild sérnáms,** tveggja ára nám, sem býr nemendur undir kennaranám í sérgreinum, svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, hús-

mæðrafræðslu, og önnur uppeldisstörf, hvort heldur sérnámið fer fram í Kennaraskólanum eða annars staðar.

6. **Handavinnudeild,** sem veitir sérmenntun í handavinnu karla og kvenna og sér nemendum fyrir æfingum í að kenna þær. Enn fremur sér hún nemendum í öðrum deildum Kennaraskólans fyrir kennslu í handavinnu og kennsluæfingum í þeirri grein. Námstími í handavinnudeild er tvö ár. Þeir, sem útskrifast úr deildinni, öðlast réttindi til að kenna handavinnu í barnaskólum og framhaldsskólum.

Þeim, sem stunda nám í undirbúningsdeild sérnáms, er skylt að ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í 1—3 bóklegum greinum, enda öðlist þeir í þeim kennararéttindi, að því tilskildu, að þeir ljúki kennaraprófi í sérgrein.

Auk þessara sex deilda starfa í sambandi við Kennaraskólann, þegar svo er ákveðið, sérdeildir í framhaldi af undirbúningsdeild, sem veita, að loknu tveggja ára námi, réttindi til kennslu í sérgreinum í barnaskólum og framhaldsskólum.

Námstími í hverri deild skólans skal eigi vera skemmri en 8 mánuðir á ári.

Kennaraskólinn heldur námskeið fyrir starfandi kennara og aðra æskulýðsleiðtoga, þegar henta þykir og fé til þess er fyrir hendi.

3. gr.

Þeir nemendur, sem ætla sér að verða smábarnakennarar fyrst og fremst, skulu eiga kost á sérhæfingu til þess. Enn fremur er heimilt að taka upp sérkennslu í fleiri greinum, og skulu nemendur þá í samráði við skólastjóra velja sér aðalgrein, eina eða fleiri.

II. KAFLI

Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið, né heldur verulegan málgalla eða líkamslýti, sem geri hann óhæfan til kennslustarfa.
2. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

Lágmarksaldur til inntöku má ákveða í reglugerð.

5. gr.

Rétt til inngöngu í I. bekk hinnar almennu kennaradeildar veitir:

1. Landspróf miðskóla með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð um miðskólapróf í bóknámsdeild.
2. Fullgilt gagnfræðapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur, svo að tryggt sé, að þeir hafi lokið námi, sem samsvarar námi til landsprófs miðskóla.

Rétt til inngöngu í kennaradeild stúdenta veitir almennt stúdentspróf.

Rétt til inngöngu í menntadeild og framhaldsdeild eiga þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi með fyrstu einkunn 1967 eða síðar. Heimila má þeim, sem lokið hafa slíku prófi fyrir þann tíma, inngöngu í deildina, en vilji þeir þreyta stúdentspróf, skulu þeir ljúka viðbótarprófi, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Rétt til inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms veitir landspróf miðskóla, gagnfræðapróf eða önnur hliðstæð próf með þeirri einkunn, sem stjórn skólans metur gilda, enda sé nám og prófkröfur fullnægjandi að dómi skólans. Við inntöku skal hafa hliðsjón af sérhæfileikum til þess starfs, sem umsækjandi ætlar að búa sig undir.

Rétt til inngöngu í handavinnudeild eiga þeir, sem lokið hafa námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskólanum, stúdentsprófi eða almennu kennaraprófi.

Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda í allar deildir með hliðsjón af hæfniprófi og öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir þó inntökuskilyrðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.

6. gr.

Aðalviðfangsefni kennaranámsins eru uppeldisgreinarnar: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar.

Í Kennaraskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, dönsku, ensku, þýzku, latínu, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, sálarfræði, uppeldisfræði, skólasögu, kennslufræði, skrift, teiknun, vélritun, handavinnu, íþróttir og fimleikafræði, söng og tónfræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

Kennsluæfingar fara fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum eftir því, sem þörf krefur.

7. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok árlegs námstíma. Heimilt er skólastjórn þó að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma. Próf fjórða bekkjar er almennt kennarapróf og sömuleiðis próf úr kennaradeild stúdenta. Ljúka má námi í einstökum greinum í öðrum bekkjum, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

Kennarar skulu gefa vetrareinkunnir hver í sinni grein, og gilda þær til jafns við prófseinkunnir, þegar reiknuð er út aðaleinkunn.

Við kennarapróf, stúdentspróf og önnur lokapróf skulu vera prófdómendur, skipaðir af menntamálaráðuneytinu.

III. KAFLI

Skólastjórn og kennarar.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Skólastjórn er skipuð skólastjóra og föstum kennurum skólans ásamt skólastjóra æfingaskólans. Hún tekur ákvarðanir í sérstökum málum, sem varða inntöku nemenda, próf, brottvísun nemenda úr skóla, og í öðrum málum, sem lögð verða fyrir stjórnarfund.

Skólastjóri og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt lögum, er þar um gilda. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Áður en kennari er skipaður, skal leita umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við, að einn kennari komi að jafnaði á hverja bekkjardeild. Menntamálaráðuneytið skipar húsvörð, að fengnum tillögum skólastjóra, en skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk með samþykki ráðuneytisins.

9. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, og sé hver kennslustund 45 mínútur. Að jafnaði skal vera 10 mín. hlé milli kennslustunda. Fækka má kennslustundum í 22, er kennari verður 55 ára, og í 17, er hann verður 60 ára. Fastir kennarar verða yfirkennarar er þeir hafa kennt við skólann fulla kennslu í 16 ár. Menntamálaráðuneytið ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

10. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum. Enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslu-

stunda í samráði við skólastjóra og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Má þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa, að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

11. gr.

Þá eina má setja eða skipa fasta kennara í bóklegum greinum eða skólastjóra við Kennaraskólann, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla eða aðra sambærilega stofnun í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa lokið námi í uppeldisgreinum. Aðrir kennarar skólans þurfa ekki að hafa lokið háskólaprófi, en hafi þá menntun í kennslugreinum sínum, sem yfirstjórn skólans metur gilda.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu við skólann, og skal þá ráðuneytið leitast við að fá sem hæfastan mann til að gegna stöðunni til bráðabirgða. Gegni hann stöðunni á fullnægjandi hátt í tvö ár, sem settur, má skipa hann í starfið.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra, sem skipa fastar stöður við Kennaraskólann, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

IV. KAFLI

Æfinga- og tilraunaskóli.

12. gr.

Í sambandi við Kennaraskólann starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurbæjar. Kennaraefni skulu fá kennsluæfingar í öllum þeim aldursflokkum, sem Kennaraskólinn veitir rétt til að kenna, m. a. skulu kennaraefni njóta leiðsagnar og þjálfunar í kennslu og uppeldi afbrigðilegra barna og kenna sjálfstætt eigi skemur en um þriggja vikna skeið, sem næst 3 kennslustundir daglega.

13. gr.

Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Skólastjóri Kennaraskólans og aðalkennari skólans í uppeldis- og sálarfræði skulu í samráði við skólastjóra æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknarstarfi þessu, og geta þeir kvatt sér til ráðuneytis sérfræðinga, er starfa að svipuðum verkefnum.

14. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans og setur og skipar kennara hans að fengnum tillögum skólastjórnar og fræðslumálastjóra.

Stofnkostnaður skólans skiptist þannig með aðilum, að ríkissjóður greiðir $^3/_5$ hluta hans, en borgarsjóður Reykjavíkur $^2/_5$ hluta.

Rekstrarkostnað skólans greiða aðilar samkvæmt eftirfarandi reglum:

Ríkissjóður greiðir laun fastra kennara, stundakennslu, forfallakennslu, heimavinnu kennara, handbækur kennara og efni til handavinnukennslu.

Allur annar rekstrarkostnaður en talinn er hér að framan skiptist þannig með aðilum, að borgarsjóður Reykjavíkur greiðir fyrir hvern nemanda í skólanum þá fjárhæð, sem hann greiðir í annan rekstrarkostnað á sama tíma, að meðaltali, fyrir hvern nemanda í barna- og gagnfræðaskólum Reykjavíkur.

15. gr.

Stjórn æfingaskólans skipa skólastjóri og fastir kennarar hans ásamt skólastjóra Kennaraskólans. Um samstarf skólanna og verksvið hvors skólastjóra um sig skal ákveða í reglugerð.

16. gr.

Heimilt er skólastjóra æfingaskólans að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, niðurskipun og dreifingu kennsluæfinga og eftirlit með þeim, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og má þá fækka við þá kennara kennslustundum, sem því svarar, að fengnu samþykki ráðuneytisins.

17. gr.

Ákveða skal í reglugerð um fjölda kennara og kennslustundafjölda þeirra á viku með tilliti til fjölda æfingastunda. Auk fastra æfingakennara má ráða til starfa við skólann aðra kennara eftir þörfum, og skal jafnan kappkosta að fá sem færasta kennara, bæði að menntun og reynslu, til kennslu við æfingaskólann. Fastir æfingakennarar skulu eigi vera færri en aldursflokkar æfingaskólans, og njóta þeir sömu launakjara og kennarar Kennaraskólans, enda kenni þeir líka við Kennaraskólann eftir því, sem ástæður eru til.

Aðrir kennarar æfingaskólans hafa sömu laun og almennir kennarar við aðra skóla á sömu skólastigum, en fyrir æfingatíma eða tilraunastarf, sem þeir kunna að annast, fái þeir sérstaka þóknun, sem menntamálaráðuneytið ákveður.

18. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum þeim, sem menntamálaráðuneytið ákveður, að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Kennaraskólans og æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af ráðuneytinu.

V. KAFLI
Ýmis ákvæði.

19. gr.

Nú hefur kennari (skólastjóri) gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og kennarahæfni, og skal hann þá senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef menntamálaráðuneyti og fræðslumálastjóri telja þá greinargerð fullnægjandi, getur ráðuneytið veitt kennaranum (skólastjóranum) ársorlof með fullum launum. Engum skal þó veita slíkt orlof nema einu sinni. Beiðni um orlof skal senda fræðslumálastjóra með árs fyrirvara. Fræðslumálastjóri veitir kennurum, sem þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsári skuli varið, en allir verða þeir að gefa fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsári loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Menntamálaráðuneytið setur, að fengnum tillögum fræðslumálastjóra, nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

20. gr.

Kostnaður við rekstur Kennaraskólans greiðist úr ríkissjóði. Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdir I., III. og V. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, enn fremur þau atriði í VII. kafla þeirra laga, svo og önnur ákvæði í lögum, sem koma í bág við þessi lög.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meginbreytingarnar, sem felast í þessu frumvarpi frá gildandi ákvæðum um Kennaraskóla Íslands, eru:

1) að veita skólanum réttindi til að brautskrá stúdenta,
2) að koma á fót framhaldsdeild við skólann,
3) að stofna undirbúningsdeild fyrir sérkennara,
4) aukin æfingakennsla og
5) nokkurt kjörfrelsi um námsefni.

Frumvarp þetta er til orðið á þann veg, sem nú verður sagt í fáum dráttum. Hinn 29. febr. 1960 skipaði menntamálaráðherra sjö manna nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um Kennaraskóla Íslands og semja frumvarp til laga um skólann. Í nefndinni áttu sæti: Freysteinn Gunnarsson, skólastjóri, formaður, Ágúst Sigurðsson, kennari, dr. Broddi Jóhannesson, kennari, Guðjón Jónsson, kennari, Gunnar Guðmundsson, yfirkennari, Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri og dr. Símon Jóh. Ágústsson, prófessor.

Hinn 31. ágúst 1960 var Sveinbirni Sigurjónssyni, skólastjóra, bætt í nefndina. Þessi átta manna nefnd lauk störfum í september 1961 og skilaði þá til menntamálaráðuneytisins frumvarpi til laga um Kennaraskóla Íslands, ásamt greinargerð fyrir störfum sínum og frumvarpinu sjálfu. Frumvarp nefndarinnar og greinargerð er prentað hér með sem fylgiskjal I. og II.

Þegar menntamálaráðuneytið hafði haft þetta frumvarp til athugunar og gert á því ýmsar breytingar, varð niðurstaðan sú, að leggja það ekki fyrir þing veturinn 1961—62, heldur fresta því til næsta þings og vinna að ýtarlegri undirbúningi málsins og athugun með sérstöku tilliti til framhaldsnáms kennara og sambands Kennaraskólans við Háskóla Íslands.

Til þessara athugana skipaði menntamálaráðherra 2. júlí 1962 sérstaka nefnd. Í henni áttu sæti Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, Ármann Snævarr, rektor Háskóla Íslands, Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri, Kristinn Ármannsson, rektor Menntaskólans í Reykjavík og þáverandi skólastjóri Kennaraskólans, Freysteinn Gunnarsson og dr. Broddi Jóhannesson sem varamaður hans. Hann tók fast sæti í nefndinni, eftir að hann var skipaður skólastjóri.

Nefnd þessi ræddi málið og athugaði á allmörgum fundum og gerði ýmsar breytingar á frumvarpinu, og liggur það nú fyrir í þeirri mynd, sem hún gekk frá því.

Þess skal getið, að nefndin fól þeim skólastjórum Kennaraskólans, fyrrverandi og núverandi, ásamt dr. Halldóri Halldórssyni, prófessor, og Guðmundi Arnlaugssyni, menntaskólakennara, að gera tillögur um námsefni, prófkröfur, stundafjölda og annað fyrirkomulag væntanlegrar menntadeildar Kennaraskólans. Tillögur þessar eru prentaðar hér með áorðnum breytingum nefndarinnar sem fylgiskjal III.

Þá lagði rektor Háskóla Íslands málið fyrir háskólaráð, sem óskaði að leita álits einstakra deilda Háskólans áður en því yrði ráðið til lykta í háskólaráði. Að fengnu áliti deildanna, lét háskólaráð í té umsögn sína um frumvarpið og kveðst í meginatriðum geta fallizt á þá tilhögun, sem í frumvarpinu felst, að því er varðar tengsl Kennaraskólans við Háskólann, en umsögnin er látin uppi í trausti þess, að hið fyrsta verði stofnað til endurskoðunar á menntaskólanámi í heild sinni. Háskólaráð tekur jafnframt undir breytingartillögur þær, sem heimspekideild gerir við frumvarpið, og tók nefndin síðan þær tillögur flestallar til greina.

Umsögn háskólaráðs og álit deildanna er prentað hér með sem fylgiskj. IV—XII.

Svo sem vænta mátti er álit háskóladeildanna á máli þessu nokkuð sitt á hvern veg. Til þess hefur heldur aldrei verið ætlazt, að stúdentspróf frá Kennaraskólanum veiti aðgang að öllum deildum Háskólans, frekar en t. d. stúdentspróf úr máladeildum menntaskólanna gera nú. Í heild sinni verður að telja afstöðu Há-

skólans til málsins jákvæða, en þess skal getið, varðandi endurskoðun á menntaskólanámi í heild, að menntamálaráðuneytið hefur hinn 7. marz 1963 skipað nefnd til þeirrar endurskoðunar.

Skal nú hér getið helztu breytinga, sem orðnar eru á frumvarpinu frá því sem það var upphaflega, er það kom frá áttamannanefndinni:

Aðalbreytingin er í 2. gr., en 3. og 4. liður hennar nú koma í stað 3. liðar upphaflega frumvarpsins. Eru hér nánari ákvæði um stúdentsprófið, nýtt nafn, menntadeild, upp tekið, og fastar að öllu kveðið en áður var. Fellt er niður, að nám í framhaldsdeild veiti rétt til náms í B.A.-deild, enn fremur ákvæði um starfsréttindi þeirra, sem lokið hafa framhaldsdeildarprófi eða stúdentsprófi.

Efni V. kafla, um handavinnudeild, er fellt inn í 2. og 5. gr. frv. og breytist kafla- og greinatala samkvæmt því.

Í 5. gr. 2. lið eru nánari og fastari skorður settar um inntöku gagnfræðinga í 1. bekk hinnar almennu kennaradeildar en áður var í upphaflega frumvarpinu. Enn fremur eru síðar í 5. gr. sett ákvæðin skilyrði fyrir inntöku í menntadeild og framhaldsdeild, auk þess að lokið sé almennu kennaraprófi.

Í 14. gr. er ákvæði um setning og skipun kennara Æfinga- og tilraunaskólans og nánar ákveðið en áður var um stofnkostnað og rekstrarkostnað æfingaskólans.

Í 15. gr. er nýtt ákvæði um að ákveða skuli í reglugerð um samstarf Kennaraskólans og æfingaskólans og verksvið skólastjóranna hvors um sig.

Í 19. gr. eru tekin upp gildandi ákvæði um orlof kennara.

Í 20. gr. er sett inn ákvæði um, að menntamálaráðuneytið setji reglugerð um framkvæmd laga þessara. Kemur það ákvæði í stað þess, að allvíða í upphaflega frumvarpinu var vísað til væntanlegrar reglugerðar.

Loks er í 22. gr. fellt niður, að lögin komi til framkvæmda í einstökum atriðum svo fljótt, sem við verður komið.

Aðrar breytingar frá upphaflega frumvarpinu verða ekki til tíndar hér, og vísast því að öðru leyti til hinnar almennu greinargerðar, sem því fylgdi (fskj. II), svo og athugasemda við einstakar greinar þess.

Fylgiskjal I.

Frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands.

I. Tilgangur, deildaskipting, námskröfur og réttindi.

1. gr.

Kennaraskóli Íslands skal búa nemendur sína undir kennslustörf í skólum þeim, sem þessi lög mæla fyrir um, enn fremur undir nám í sérkennaraskólum og háskólum.

Skólavistin á að veita nemendum tilskilda þekkingu og leikni, stuðla að líkamlegri og andlegri heilbrigði þeirra og venja þá við sjálfstætt nám og hagnýtingu þess við kennslu.

2. gr.

Í skólanum starfa þessar deildir:

1. **Almenn kennaradeild**, fjögurra ára nám, sem endar með almennu kennaraprófi og veitir kennararéttindi í barna- og unglingaskólum landsins.

2. **Kennaradeild stúdenta**, tveggja ára nám, sem endar með almennu kennaraprófi. Nemendur í þeirri deild skulu ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í uppeldisgreinum, svo og í þeim greinum kennaranámsins öðrum, sem ekki eru kenndar til almenns stúdentsprófs.

Fyrst um sinn skal stúdentum heimilt að ljúka þessu námi á einu ári, enda sé námstími eigi skemmri en 9 mánuðir.

3. **Framhaldsdeild**, eins árs nám fyrir þá, sem lokið hafa kennaraprófi í almennu kennaradeildinni. Hlutverk þessarar deildar er að veita nemendum kost á

framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Skulu þeir stunda nám í eigi færri greinum en þremur, og sé ein þeirra aðalgrein. Þessu námi lýkur með prófi, og veitir það réttindi til náms í BA-deild Háskólans. Heimilt er að lengja námstíma í þeim námsgreinum í tvö ár.

Heimilt er kennurum að stunda framhaldsnám í þessari deild í einstökum greinum eftir frjálsu vali, eftir því sem ástæður leyfa.

Enn fremur er það hlutverk framhaldsdeildar að búa þá nemendur, sem lokið hafa prófi úr almennu kennaradeildinni og þess óska, undir stúdentspróf og útskrifa þá. Kennarapróf í uppeldisfræði og kennslufræði skal gilda til stúdentsprófs, og má þá sleppa öðru, sem því svarar, í máladeild menntaskóla.

Um nám og námsgreinar til stúdentsprófs kennara, svo og það, hverjar greinar almenna kennaraprófsins skulu hafa stúdentsprófsgildi, fer eftir reglum, sem fræðslumálastjórn setur.

Námstími framhaldsdeildar skal vera eigi skemmri en 9 mánuðir.

Þeir, sem lokið hafa framhaldsdeildarprófi eða stúdentsprófi kennara, svo og þeir, sem lokið hafa námi í kennaradeild stúdenta, sitji að jafnaði fyrir kennslu í unglingaskólum, svo og í mið- og gagnfræðaskólum, þegar ekki er völ á kennurum, sem lokið hafa háskólaprófi í þeim aðalgreinum, sem þeir eiga að kenna.

4. **Undirbúningsdeild sérnáms,** tveggja ára nám, sem býr nemendur undir kennaranám í sérgreinum, svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, húsmæðrafræðslu, og önnur uppeldisstörf, hvort heldur sérnámið fer fram í Kennaraskólanum eða annars staðar.

Þeim, sem stunda nám í undirbúningsdeild sérnáms, er skylt að ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í 1—3 bóklegum greinum, enda öðlist þeir í þeim kennararéttindi, að því tilskildu, að þeir ljúki kennaraprófi í sérgrein. Um nám og námsgreinar í þessari deild fer að öðru leyti eftir reglugerð.

Auk þessara fjögurra deilda starfa í sambandi við Kennaraskólann, þegar svo er ákveðið, sérdeildir í framhaldi af undirbúningsdeild, sem veita, að loknu tveggja ára námi, réttindi til kennslu í sérgreinum í barnaskólum og framhaldsskólum.

Námstími í öllum deildum skólans skal eiga vera skemmri en 8 mánuðir á ári.

Kennaraskólinn heldur námskeið fyrir starfandi kennara og aðra æskulýðsleiðtoga, þegar henta þykir og fé til þess er fyrir hendi.

3. gr.

Þeir nemendur, sem ætla sér að verða smábarnakennarar fyrst og fremst, skulu eiga kost á sérhæfingu til þess. Enn fremur er heimilt að taka upp sérkennslu í fleiri greinum, og skulu nemendur þá í samráði við skólastjóra velja sér aðalgrein, eina eða fleiri.

II. Inntökuskilyrði, námsgreinar og próf.

4. gr.

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið, né heldur verulegan málgalla eða líkamslýti, sem gerir hann óhæfan til kennslustarfa,
2. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

Lágmarksaldur til inntöku má ákveða í reglugerð.

5. gr.

Rétt til inntöku í 1. bekk hinnar almennu kennaradeildar veitir:

1. landspróf miðskóla með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð um miðskólapróf í bóknámsdeild,
2. fullgilt gagnfræðapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur.

Rétt til inngöngu í framhaldsdeild veitir almennt kennarapróf. Rétt til að setjast í kennaradeild stúdenta veitir almennt stúdentspróf.

Rétt til inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms veitir landspróf miðskóla, gagnfræðapróf eða önnur hliðstæð próf með þeirri einkunn, sem stjórn skólans metur gilda. Við inntöku skal hafa hliðsjón af sérhæfileikum til þess starfs, sem umsækjandi ætlar að búa sig undir.

Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemanda í allar deildir með hliðsjón af hæfniprófi og öðrum matsaðferðum. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku.

6. gr.

Aðalviðfangsefni kennaranámsins eru uppeldisgreinarnar: sálarfræði, uppeldisfræði, kennslufræði og kennsluæfingar.

Í Kennaraskólanum skal kenna þessar námsgreinar: Íslenzku og íslenzk fræði, þar með talin framsögn og hljóðfræði nútíðarmáls, dönsku, ensku, þýzku, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, náttúrufræði, heilsufræði, landafræði, sögu og félagsfræði, kristin fræði, sálarfræði, uppeldisfræði, skólasögu, kennslufræði, skrift, teiknun, vélritun, handavinnu, íþróttir og fimleikafræði, söng og tónfræði.

Heimilt er stjórn skólans að fjölga eða fækka kennslugreinum, að fengnu samþykki fræðslumálastjórnar.

Kennsluæfingar fara fram í æfinga- og tilraunaskóla og öðrum skólum eftir því, sem þörf krefur.

Nánari ákvæði um nám og námsgreinar í hverri deild skólans setur fræðslumálastjórn í reglugerð, að fengnum tillögum skólastjórnar.

7. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok árlegs námstíma. Heimilt er skólastjórn þó að ákveða próf í einstökum greinum á öðrum tíma, ef þörf krefur. Próf fjórða bekkjar er almennt kennarapróf og sömuleiðis próf úr kennaradeild stúdenta. Ljúka má námi í einstökum greinum í öðrum bekkjum, enda skulu einkunnir í þeim greinum taldar á kennaraprófsskírteini.

Kennarar skulu gefa vetrareinkunnir hver í sinni grein, og gilda þær til jafns við prófseinkunnir, þegar reiknuð er út aðaleinkunn.

Við kennarapróf, stúdentspróf og önnur lokapróf skulu vera stjórnskipaðir prófdómendur.

III. Skólastjórn og kennarar.

8. gr.

Skólastjórn er skipuð skólastjóra og föstum kennurum skólans ásamt skólastjóra æfingaskólans. Hún tekur ákvarðanir í sérstökum málum, sem varða inntöku nemenda, próf, brottvísun nemenda úr skóla og í öðrum málum, sem lögð verða fyrir stjórnarfund.

Skólastjórar og fastir kennarar skólans eru embættismenn ríkisins og taka laun samkvæmt launalögum. Þeir skulu skipaðir af forseta Íslands. Áður en fastur kennari er skipaður, skal leita umsagnar skólastjórnar. Tölu fastra kennara skal miða við það, að einn kennari a. m. k. komi á hverja bekkjardeild. Skólastjóri ræður stundakennara og annað starfsfólk í samráði við fræðslumálastjórn.

9. gr.

Skylt er kennara að kenna 24—27 kennslustundir á viku, og sé hver kennslustund 45 mínútur. Að jafnaði skal vera 10 mín. hlé milli kennslustunda. Fækka skal kennslustundum um 5, er kennari verður 55 ára, og aftur um 5, er hann verður 60 ára. Fastir kennarar verða yfirkennarar, er þeir hafa kennt við skólann fulla kennslu í 16 ár, og taka sömu laun og yfirkennarar menntaskóla.

10. gr.

Heimilt er skólastjóra að kveðja kennara sér til aðstoðar við eftirlit og umsjón í skólanum, enn fremur skulu kennarar starfa með nemendum utan kennslustunda í samráði við skólastjóra, og vinna önnur störf í þágu skólans eftir því, sem ástæður leyfa og ákveðið er í reglugerð og erindisbréfi. Skal þá fækka skyldustundum kennara, svo og vegna mikillar heimavinnu eða annarra aukastarfa. Fræðslumálastjórn ákveður kennsluskyldu skólastjóra.

11. gr.

Þá eina má setja eða skipa fasta kennara í bóklegum greinum eða skólastjóra við Kennaraskólann, sem lokið hafa fullnaðarprófi við háskóla í aðalgreinum þeim, er þeir eiga að kenna. Þeir skulu einnig hafa lokið námi í uppeldisgreinum. Aðrir kennarar skólans þurfa ekki að hafa lokið háskólaprófi, en verða að hafa þá menntun í kennslugreinum sínum, sem fræðslumálastjórn metur gilda.

Nú sækir enginn, sem fullnægir þessum skilyrðum, um lausa kennarastöðu við skólann, og skal þá fræðslumálastjórn leitast við að fá sem hæfastan mann til að gegna stöðunni til bráðabirgða.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til þeirra, sem skipa fastar stöður við Kennaraskólann, þegar lög þessi koma til framkvæmda.

IV. Æfinga- og tilraunaskóli.

12. gr.

Í sambandi við Kennaraskólann starfar æfinga- og tilraunaskóli, sem er um leið skóli skyldunáms fyrir ákveðið hverfi Reykjavíkurbæjar. Kennaraefni skulu fá kennsluæfingar í öllum þeim aldursflokkum, sem Kennaraskólinn veitir rétt til að kenna, m. a. skulu kennaraefni njóta leiðsagnar og þjálfunar í kennslu og uppeldi afbrigðilegra barna og kenna sjálfstætt eigi skemur en um þriggja vikna skeið, sem næst 3 kennslustundir daglega.

13. gr.

Æfingaskólinn skal hafa með höndum uppeldisfræðilegar athuganir og tilraunir eftir því, sem við verður komið. Kennari Kennaraskólans í uppeldis- og sálarfræði skal í samráði við skólastjóra æfingaskólans hafa umsjón með rannsóknarstarfi þessu, og getur hann kvatt sér til ráðuneytis sérfræðinga, er starfa að sviputum verkefnum.

14. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón æfingaskólans og setur honum reglugerð. Kostnaður við skólann greiðist sameiginlega úr ríkissjóði og bæjarsjóði Reykjavíkur eftir samkomulagi.

15. gr.

Stjórn æfingaskólans skipa skólastjóri og fastir kennarar hans ásamt skólastjóra Kennaraskólans, og skulu þeir hafa nána samvinnu um æfingakennsluna og allt, sem henni við kemur.

16. gr.

Heimilt er skólastjóra æfingaskólans að kveðja kennara sér til aðstoðar við umsjónarstörf í skólanum, niðurskipun og dreifingu kennsluæfinga og eftirlit með þeim, svo og önnur störf í þágu skólans, sem nauðsyn ber til, og skal þá fækka við þá kennara kennslustundum, sem því svarar.

17. gr.

Ákveða skal í reglugerð um fjölda kennara og kennslustundafjölda þeirra á viku með tilliti til fjölda æfingastunda. Auk fastra æfingakennara má ráða til starfa

við skólann aðra kennara eftir þörfum, og skal jafnan kappkosta að fá sem færasta kennara, bæði að menntun og reynslu, til kennslu við æfingaskólann. Fastir æfingakennarar skulu eigi vera færri en aldursflokkar æfingaskólans, og njóta þeir sömu launakjara og kennarar Kennaraskólans, enda kenni þeir líka við Kennaraskólann eftir því, sem ástæður eru til.

Aðrir kennarar æfingaskólans hafa sömu laun og almennir kennarar við aðra skóla á sömu skólastigum, en fyrir æfingatíma eða tilraunastarf, sem þeir kunna að hafa, fái þeir sérstaka þóknun, sem fræðslumálastjórn ákveður.

18. gr.

Barna- og gagnfræðastigsskólum, sem fræðslumálastjórn kýs þar til að fengnum tillögum skólastjórnar Kennaraskólans, er skylt að taka við nemendum Kennaraskólans til æfingakennslu. Skólastjórar þeirra skóla og skólastjóri Kennaraskólans og æfingaskólans skulu hafa samráð um þá æfingakennslu. Þóknun fyrir hana skal ákveðin af fræðslumálastjórn.

V. Handavinnudeild.

19. gr.

Við Kennaraskólann starfar kennaradeild í handavinnu. Deildin heitir Handavinnudeild Kennaraskólans. Hún veitir sérmenntun í handavinnu karla og kvenna, og sér þeim fyrir æfingum í að kenna þær.

20. gr.

Inntökuskilyrði í Handavinnudeild eru, að nemandi hafi lokið námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskólanum, stúdentsprófi eða almennu kennaraprófi. Námstími er tvö ár og eigi skemmri tími á ári en 8 mánuðir. Þeir, sem útskrifast úr deildinni, öðlast réttindi til að kenna handavinnu í barnaskólum og framhaldsskólum.

21. gr.

Stjórn Handavinnudeildar skipar skólastjóri Kennaraskólans ásamt fastakennurum deildarinnar.

22. gr.

Handavinnudeild sér nemendum í öðrum deildum Kennaraskólans fyrir kennslu í handavinnu og kennsluæfingum í þeirri grein.

23. gr.

Um nám og námsgreinar og aðra tilhögun deildarinnar fer eftir ákvæðum reglugerðar, sem fræðslumálastjórn setur.

VI. Ýmis ákvæði.

24. gr.

Kennarar Kennaraskólans og æfingaskólans skulu njóta eigi minni réttinda til orlofs en kennarar annarra skóla, er slíkra réttinda njóta.

25. gr.

Fræðslumálastjórn hefur á hendi yfirumsjón Kennaraskólans. Kostnaður við rekstur hans greiðist úr ríkissjóði.

26. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numdir I., III. og V. kafli laga nr. 16 frá 12. marz 1947, um menntun kennara, enn fremur þau atriði í VII. kafla þeirra laga, svo og önnur ákvæði í lögum, sem koma í bág við þessi lög.

27. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda í einstökum atriðum svo fljótt, sem við verður komið.

Fylgiskjal II.

Greinargerð.

I.

Þann 29. febrúar 1960 skipaði menntamálaráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason nefnd til að endurskoða gildandi löggjöf um Kennaraskóla Íslands og semja frumvarp til laga um skólann. Í nefndina voru skipaðir Freysteinn Gunnarsson, skólastjóri Kennaraskólans, og var hann formaður nefndarinnar, Ágúst Sigurðsson og Broddi Jóhannesson, báðir kennarar við Kennaraskólann, Gunnar Guðmundsson, yfirkennari, Guðjón Jónsson, kennari, Helgi Elíasson, fræðslumálastjóri, og Símon Jóh. Ágústsson, háskólakennari. Þann 31. ágúst 1960 skipaði menntamálaráðherra Sveinbjörn Sigurjónsson, skólastjóra við Gagnfræðaskóla Austurbæjar, í nefndina, en hún hafði óskað eftir því, að bætt yrði í hana fulltrúa frá kennurum við framhaldsskóla.

Nefndin hefur kynnt sér skipun kennaramenntunar meðal þeirra þjóða, er ætla má, að helzt gætu orðið Íslendingum til fyrirmyndar. Koma þar einkum til álita Norðurlönd, Bandaríki Norður-Ameríku, Bretland og Þýzkaland.

Nefndin hefur fjallað um málið á þrjátíu og fjórum fundum og rætt við forstöðumenn þeirra skóla, er annast ýmsa sérmenntun kennara eða eru í einhverjum tengslum við Kennaraskólann eða æskilegt mætti teljast, að tengdir yrðu starfi hans. Meðal þeirra, sem nefndin ræddi við, eru próf. Ármann Snævarr, rektor Háskóla Íslands, Árni Guðmundsson, skólastjóri Íþróttakennaraskóla Íslands, Helga Sigurðardóttir, fyrrv. skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands, Jón Nordal, skólastjóri Tónlistarskólans, Lúðvig Guðmundsson, fyrrv. skólastjóri Handíðaskólans, Þorsteinn Einarsson, íþróttafulltrúi, kennari úr Handavinnudeild og æfingakennarar Kennaraskólans.

Kennaramenntun á Íslandi hefur jafnan verið áþekk kennaramenntun á Norðurlöndum. Inntökuskilyrði í almenna kennaradeild á Norðurlöndum er gagnfræðapróf eða önnur próf áþekk, námstími 4 ár. Í Danmörku og Svíþjóð geta kennarar yngri deildar lokið námi á tveimur til þremur árum, en þess kyns sérhæfing kennara eftir aldursflokkum innan skyldunáms hefur ekki tíðkazt á Íslandi. Þá er mikill munur á kennaranámi stúdenta á Íslandi og Norðurlöndum, því að á Íslandi hafa þeir lokið því á einu ári, en á Norðurlöndum er krafizt tveggja til þriggja ára náms af þeim í kennaraskólum. Í Bretlandi fer menntun kennara ýmist fram í háskólum eða kennaraskólum, og öll mun hún í nokkrum tengslum við háskóla, og í Bandaríkjunum og Þýzkalandi má telja, að hún fari öll fram á háskólastigi. Íslenzk kennaraefni koma yngri til náms en í nokkru hinna fyrrnefndu landa. Þetta má allt sjá af meðfylgjandi yfirlitstöflu aftan við greinargerðina.

Hér verður ekki gerður samanburður á námsefni í Kennaraskóla Íslands og kennaraskólum fyrrnefndra landa, en þess eins getið, að á Íslandi skipa uppeldisgreinarnar, einkum kennsluæfingar og annað verklegt kennaranám, allmiklu minna rúm en þar tíðkast, málanám er hins vegar mun meira.

Við undirbúning frumvarpsins hefur nefndin leitazt við að koma skipan á kennaramenntunina eftir þörfum Íslendinga í bráð, en ætla henni svigrúm til frjálsrar þróunar í framtíðinni. Nokkurra mismunandi sjónarmiða hefur gætt innan nefndarinnar, en þess er vart að vænta, að eitt sýnist öllum um menntun kennara, þegar jafngagngerar og snöggar breytingar verða á atvinnu- og menningarlífi þjóðar og nú gerast hér og þarfir framtíðarinnar vandséðar fyrir.

II.

Nefndin hefur gert tillögur um veigamiklar breytingar á lögum um menntun kennara frá 1947. Sérstaklega er stofnun framhaldsdeildar og undirbúningsdeildar fyrir sérnám gagngerar breytingar á lögunum frá 1947. Í þeim lögum, gr. 28, 33 og 43, er almennt kennarapróf inntökupróf í Handíðakennaraskólann og Húsmæðrakenn-

araskólann, og einnig er það skilyrði fyrir því að hljóta íþróttakennararéttindi, þó að ekki sé tekið fram, að almennu kennaraprófi sé lokið, áður en nemandi fær inngöngu í Íþróttakennaraskólann. Þessum skilyrðum hefur ekki verið fullnægt, og hafa nemendur verið teknir inn í þessa skóla með miklu minni undirbúningsmenntun en lögin gera ráð fyrir, enda sárfáir sótt um inntöku í skólana eftir að hafa lokið almennu kennaraprófi. Stofnun undirbúningsdeildar sérnáms, sem gert er ráð fyrir í þessu lagafrumvarpi, 2. gr. 4. lið, er fyrirhuguð til þess að tryggja samræmda lágmarks undirbúningsmenntun fyrir verðandi kennara í sérgreinum. Nefndin hefur haft í huga, að verðandi kennarar í sérgreinum þurfi álíka langan tíma til að búa sig undir kennarastarf sitt og þeir, sem ljúka almennu kennaraprófi, enda eru þeim ætluð sömu laun í núgildandi launalögum. Námstími í Handavinnudeild Kennaraskólans er 2 ár, og í lögunum frá 1947 er námstími verðandi húsmæðraskólakennara ákveðinn 2 ár hið minnsta. Ef til vill færist kennaranám í öðrum sérgreinum einnig í það horf, að tvö ár þurfi til þess að ljúka því.

Reynslan hefur leitt í ljós, að kennarar þreytast meira á því að kennna eina sérgrein heldur en fleiri greinar. Í fremur litlum skólum eru heldur ekki nægilega margar stundir kenndar í hverri sérgrein fyrir sig, til þess að sérgreinakennarar hafi fullan tímafjölda fastra kennara. Af þessum sökum gerir þetta frumvarp ráð fyrir því, að kennarar í sérgrein skuli einnig hafa lokið almennu kennaraprófi í 1—3 bóklegum greinum. Námi þessu mætti ljúka hvort sem væri á undan eða samtímis sérnáminu, en gera má ráð fyrir, að duglegir nemendur geti búið sig undir kennaraprófið í einstökum bóklegum greinum samtímis sérnámi. Þegar gert er ráð fyrir 1—3 bóklegum greinum, er það haft í huga, að kennarapróf í ýmsum bóklegum greinum krefst mjög mismunandi mikils undirbúnings, og einnig hitt, að námsgreinar eru kenndar mismunandi margar stundir í skólum, og gæti því þurft kennarapróf í allt að þrem greinum auk sérgreinar, til þess að kennari gæti fengið nægilega margar stundir við skóla sinn til þess að verða skipaður fastakennari.

Nefndin átti fund með skólastjórum þeirra skóla, sem mennta verðandi kennara í sérgreinum, og Þorsteini Einarssyni, íþróttafulltrúa, og voru þeir allir þeirrar skoðunar, að fengur væri að því, að tveggja ára undirbúningsdeild sérnáms væri við Kennaraskólann.

Framhaldsdeildinni (2. gr. 3. liður) er ætlað tvíþætt hlutverk, annars vegar að veita útskrifuðum kennurum kost á framhaldsnámi í einstökum greinum og hins vegar að búa nemendur, útskrifaða úr almennu kennaradeildinni, sem þess óska, undir stúdentspróf.

Annað hlutverk framhaldsdeildarinnar er að gefa kennurum kost á framhaldsnámi í einstökum greinum. Þar eð rektor Háskólans gat þess á fundi með nefndinni, að sérhæfing í fáeinum greinum kynni að verða tekin gild til inntöku í B.A.-deild Háskólans, gerir nefndin ráð fyrir því, að skólinn opni kennurum einnig þessa leið. Að sjálfsögðu væri ekki hægt að hafa ótakmarkað val um námsgreinar í þessari deild, heldur yrði að setja ákvæði um vissa lágmarkstölu nemenda, til þess að hægt væri að halda uppi kennslu í einhverri grein.

Nefndin vill leggja áherzlu á það, að hún telur þau takmörkuðu réttindi að fá aðgang að B.A.-deild Háskólans alls ekki fullnægjandi fyrir kennara. Aðeins fullgilt stúdentspróf mundi veita inngöngu í erlenda háskóla yfirleitt (þótt frá því séu nokkrar undantekningar). Duglegir nemendur, sem hyggja á framhaldsnám eftir landspróf, án þess að vera vissir um fyrirfram, hvað þeir vildu læra í háskóla, myndu ekki láta sér nægja að eiga von á takmörkuðum aðgangi að háskóla eftir 5 ára nám.

Hingað til hefur útskrifuðum kennurum verið gert mjög erfitt fyrir að komast í framhaldsnám í háskóla. Til þess hafa þeir þurft að taka stúdentspróf við menntaskóla og hafa ekki fengið viðurkennt stúdentsprófsgildi kennaraprófs í almennum námsgreinum, þrátt fyrir ákvæði 9. gr. í lögum um menntun kennara 1947. Stúdentspróf í áföngum geta aðeins starfandi kennarar tekið, og er krafizt, að þeir nái hærri meðaleinkunn en nemendur menntaskólanna. Þessar leiðir til framhaldsnáms í há-

skóla eru svo torfærar, að mjög fáir hafa valið þær. Allar tilraunir til þess að opna dyr Háskólans fyrir kennurum án stúdentsprófs hafa strandað, og er víst óþarfi að rekja sögu þess máls hér.

Landssambönd barna- og gagnfræðaskólakennara hafa eindregið stutt þá hugmynd, að Kennaraskólinn fái rétt til að útskrifa stúdenta, og hafa gert um það samþykktir á fundi sínum. Kennarafélag Kennaraskólans hefur líka eindregið mælt með því, að skólinn fái þessi réttindi. Nefndin hefur fallizt á þessi sjónarmið og leggur til, að Kennaraskólinn fái rétt til að útskrifa stúdenta með líkri menntun og máladeildarstúdentar frá menntaskólunum hafa, en þó þannig, að uppeldisfræði og kennslufræði gildi til stúdentsprófs og megi þá sleppa öðrum greinum, sem því svarar, af greinum máladeildar menntaskólanna, og að einnig sé tekið tillit til annarra greina, sem kenndar eru í Kennaraskólanum, en ekki í menntaskólunum. Þar sem hér er um nýmæli að ræða, þykir rétt að gera grein fyrir helztu rökum, sem hníga að því að veita Kennaraskólanum slík réttindi.

1. Aðsókn góðra nemenda að skólanum myndi væntanlega stóraukast. Unglingar, sem lokið hafa landsprófi, vita sjaldnast með nokkurri vissu, hvað þeir ætla að gera að ævistarfi sínu, og vilja því halda opnum leiðum fyrir sig til háskólanáms frekar en ganga í skóla, sem ekki veitir aðgang að framhaldsmenntun, enda þótt þeir hafi nokkra tilhneigingu til þess að velja kennarastarfið. Telja má mjög líklegt, að þessar aðstæður séu ein meginorsök þess, hve lítil aðsókn hefur verið að Kennaraskólanum af nemendum, sem lokið hafa góðu landsprófi.
2. Útskrifuðum kennurum er oft nauðsynlegt að geta kennt í unglingaskólunum, og væri æskilegt, að þeir hefðu notið framhaldsmenntunar í kennslugreinum sínum.
3. Fyrir þá, sem ætla sér að fara í háskóla til þess að búa sig undir kennarastarf, væri heppilegra að hafa fengið stúdentsmenntun sína í skóla, sem miðar kennslu sína við undirbúning undir kennarastörf.
4. Því fer fjarri, að öll stúdentsmenntun sé eins. Og nægir í því sambandi að minna á hinn mikla mun, sem er á menntun máladeildar- og stærðfræðideildarstúdenta. Auk þess eru nokkur líkindi til þess, að stofnuð verði ný deild við einhvern menntaskólann, annaðhvort náttúrufræðideild eða deild, sem svipaði til „Modern schools“ í Englandi eða „allmänna linien“ í Svíþjóð. Stúdentsmenntun við Kennaraskólann mætti hafa líkari menntun máladeildar heldur en sú menntun er, sem hinar deildir menntaskólanna veita.
5. Samanburður á námsefni máladeildar og námsefni til almenns kennaraprófs og samanlögðum vikustundum í námsgreinum sýnir, að á einum vetri til viðbótar við kennaranámið mætti búa útskrifaða kennara undir stúdentspróf á fullnægjandi hátt, ef tekið væri tillit til sérgreina Kennaraskólans og öðrum mætti sleppa, sem þeim svaraði. Undirbúningur undir stúdentspróf mundi því á engan hátt trufla námið til almenna kennaraprófsins.

   Varðandi rétt til inngöngu í skólann er hér gert ráð fyrir þeirri breytingu frá lögunum 1947, að fullgilt gagnfræðapróf bóknámsdeildar með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, veiti inngöngu í almennu kennaradeildina, þó að því tilskildu, að gagnfræðingar gangi undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur. Auk þess veitir landspróf miðskóla með tiltekinni lágmarkseinkunn rétt til inngöngu, eins og verið hefur. Tilgangur nefndarinnar með því að veita takmörkuðum hópi gagnfræðinga þessi réttindi er alls ekki sá að slaka á inntökukröfum í skólann, heldur sá að ná til þeirra beztu meðal gagnfræðinganna, sem oft hafa reynzt fyllilega eins góðir nemendur og þeir, sem hafa tekið landspróf miðskóla með lágmarkseinkunninni 6. Þá eru ákvæði 3. gr. um sérhæfingu fyrir smábarnakennslu og valgreinar alger nýmæli.
6. Ákvæði 5. gr. um inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms eru nokkru rýmri

heldur en ákvæðin um inngöngu í almennu kennaradeildina, enda mundu nemendur úr undirbúningsdeildinni ekki fá inngöngu í stúdentsprófsdeildina. Það virðist rétt að taka sérstakt tillit til sérhæfileika fyrir starf, sem nemandinn ætlar að búa sig undir, og meta þá eins mikils og nokkurn mismun á einkunn í bóklegum greinum.

Þar eð mikilsvert er, að nemandi í skólanum sé vel að sér í íslenzku, sem einnig kemur öllum kennurum að miklu gagni í starfi, virðist vera eðlilegt, að skólinn geti krafizt lágmarkseinkunnar í þessari grein.

Í nágrannalöndum okkar eru nemendur yfirleitt ekki teknir eins ungir í kennaraskóla og hér hefur tíðkazt, og þegar aðsókn að kennaranáminu væri orðin meiri en nauðsynlegt væri, kæmi til álita, að hægt væri að hækka inngöngualdurinn, og mætti þá gera það með reglugerðarbreytingu.

Hér hefur aðeins verið drepið á mikilvægustu breytingar miðað við lögin um menntun kennara 1947. Að öðru leyti vísast til athugasemda við einstakar greinar.

III.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Nýmæli þessarar greinar er, að hlutverk skólans sé ekki það eitt að útskrifa kennara í barna- og unglingaskólum, heldur einnig hitt að búa nemendur undir framhaldsnám. Sérkennaraskólar þeir, sem við er átt, eru taldir í 4. lið 2. gr. Ákvæðin um framhaldsnám í Kennaraskólanum sjálfum, svo og í háskólum, eru í 3. lið 2. gr.

Um 2. gr.

1. liður gerir ráð fyrir fjögurra ára almennu kennaranámi, svo sem verið hefur. Þar geta þó ýmsar breytingar á orðið, svo sem á niðurröðun námsefnis og fyrirkomulagi, þegar skólinn kemst í rýmri húsakynni. Þær breytingar má ákveða í reglugerð.

2. liður fjallar um kennaradeild stúdenta. Sú deild hefur nú starfað í skólanum í rúm tíu ár, nú síðustu árin fullskipuð bekkjardeild með yfir 20 nemendum. Námstími hefur verið einn vetur, en tíminn ekki notazt til fulls vegna ónógs húsnæðis og lélegrar aðstöðu til æfingakennslu. Hér er gert ráð fyrir tveggja ára námi, svo sem er annars staðar á Norðurlöndum nema í Danmörku, þar sem námstíminn er 3 ár. Fyrst um sinn er þó ráðgert eins árs nám, þar sem tvöföldun námstímans myndi vafalaust draga úr aðsókn, sem ekki er æskilegt, meðan kennaraskortur er. En með lenging námstímans í 9 mánuði og bættri aðstöðu má gera ráð fyrir, að auka megi námið um þriðjung frá því, sem nú er.

3. liður gerir ráð fyrir framhaldsnámi fyrir þá, sem lokið hafa almennu kennaraprófi. Slíkt framhaldsnám hafa kennarar hingað til orðið að sækja til útlanda með ærnum tilkostnaði. Er til þess ætlazt, að nemendur í þessari deild geti sérhæft sig í einstökum greinum. Enn fremur á nám þetta að veita þeim rétt til inngöngu í B.A.-deild Háskólans. Hafa slík réttindi kennurum til handa verið allmikið rædd, en ekki fengizt enn sem komið er. Þess er vænzt, að Háskólinn fallist á, að viðbótarnám þetta nægi til þess, að þau réttindi fáist. Benda má á, að hér er um 5 ára nám að ræða eða 1 ári lengra en er í núgildandi lögum um menntun kennara. Heimildin til að lengja framhaldsnámið í tvö ár, þegar ástæður leyfa, myndi ekki aðeins gefa kost á auknu framhaldsnámi, heldur einnig möguleika til að létta á námskröfum í almennu kennaradeildinni í ýmsum greinum, svo að auka mætti þar kennslu í uppeldisgreinum.

Þá er hér enn fremur gert ráð fyrir möguleika á, að skólinn búi nemendur þá, sem þess óska, undir stúdentspróf. Er það mál nokkuð rökstutt í almennu greinargerðinni. Hér skal þó farið um það nokkrum orðum til áréttingar. Frá upphafi Kennaraskólans hafa alltaf ýmsir af nemendum hans haft hug á að halda áfram

námi, en sú leið reynzt þeim ógreið og torveld. Þeir, sem haldið hafa áfram til stúdentsprófs að loknu kennaranámi, munu vera um 30 talsins í þau rúm 50 ár, sem skólinn hefur starfað. Rúmur þriðjungur þeirra hefur lokið embættisprófi við háskóla, tveir doktorsprófi í norrænum fræðum. Aðeins 3—4 hafa horfið með öllu frá kennslustörfum. Þrír af föstum kennurum Kennaraskólans nú og einn stundakennari hafa farið þessa leið, lokið stúdentsprófi og háskólanámi að loknu námi í Kennaraskólanum.

Þegar nemendafjöldi Kennaraskólans tvöfaldast eða jafnvel þrefaldast, eins og gera má ráð fyrir að verði á næstu áratugum, verða þeir vitanlega miklu fleiri en verið hefur, sem æskja þess að halda áfram námi, ef þeir eiga þess kost með viðhlítandi aðstæðum.

Það er gefinn hlutur, að svo verður að vera um hnútana búið, að stúdentspróf það, sem hér um ræðir, verður að vera metið til jafns við önnur stúdentspróf, t. d. úr máladeild menntaskóla. Með reglugerð um nám og próf ætti að mega tryggja það. Því, sem á vantar í viðbót við kennaranámið eins og það er nú, ættu duglegir nemendur að geta lokið á einum vetri, að því tilskildu, að uppeldisfræði og kennslufræði komi í stað t. d. frönsku og latínunám yrði heldur minna en í máladeild. Í öðrum greinum yrði lokið námi sambærilegu við nám í máladeild menntaskóla.

Loks er í síðustu málsgrein 3. liðar gert ráð fyrir, að þeir, sem lokið hafa framhaldsnámi eða stúdentsprófi kennara, svo og þeir, sem lokið hafa námi í kennaradeild stúdenta, hafi nokkur forréttindi til kennslu fram yfir þá, sem aðeins hafa stundað nám í almennu kennaradeildinni.

Í 4. lið annarrar greinar er gert ráð fyrir tveggja ára undirbúningsdeild fyrir þá, sem ætla að stunda nám í sérkennaradeildum, og er það algert nýmæli. Með þessu vinnst tvennt. Meira og samræmdara nám en verið hefur krafizt til kennararéttinda í sérgreinum og jafnlangur námstími allra — fjögur ár — til þess að öðlast kennararéttindi með sömu launakjörum. Hingað til hafa námskröfur verið mismunandi, en sömu launakjör.

Þá er ætlazt til, að sérkennarar afli sér kennararéttinda í 1—3 greinum auk sérgreinar. Reynslan hefur sýnt, að einhliða kennsla í einni grein reynist flestum erfið og þreytandi til lengdar, og í smærri skólum verður því ekki við komið.

Handavinnudeild er eina sérkennaradeildin, sem starfar nú í sambandi við Kennaraskólann, en hann tók við þeirri deild af Handíðaskólanum haustið 1951. Hér er ráðgert, að fleiri sérkennaradeildir geti tengzt Kennaraskólanum, þegar svo þykir henta.

Ákvæðin um námskeið þurfa engra skýringa við.

Námstíminn, 8 mánuðir, er í samræmi við það, sem nú gildir. Undantekning frá því almenna ákvæði er framhaldsdeild og kennaradeild stúdenta, þar sem gert er ráð fyrir 9 mánaða starfstíma.

Um 3. gr.

Hér er gert ráð fyrir nokkurri sérhæfingu í námi, bæði fyrir smábarnakennslu og aðra, sem vilja sérhæfa sig til kennslu í ákveðnum einstökum greinum. Þetta verður að teljast mjög æskilegt, en getur reynzt nokkuð erfitt í framkvæmd. Þykir því rétt að hafa þetta í heimildarformi, en reglur um fyrirkomulag verður reynslan að skapa.

Um 4. gr.

1. og 2. liður þurfa engrar skýringar við. Um aldurstakmark þykir rétt að fastbinda ekki neitt í lögum. Í nágrannalöndunum er stefnan sú að hækka frekar en lækka lágmarksaldur í kennaraskólum, og er hann þar víða 18 ár. Hér á landi veitir landspróf miðskóla rétt til inngöngu, en því hafa nemendur yfirleitt lokið 16 ára að aldri. Hæpið er, eins og sakir standa, að þeir nemendur bíði eitt ár eða meira eftir því að komast í Kennaraskólann. Hætt er við, að það myndi draga úr aðsókn að skólanum, en það er hæpin ráðstöfun, meðan kennaraskortur er. Þykir því rétt að láta þetta laust og óbundið fyrst um sinn.

Um 5. gr.

1. liður þarf ekki skýringa við. Þar er gert ráð fyrir því sama, sem nú gildir.

Í 2. lið er ráðgert, að gagnfræðapróf bóknámsdeildar, svonefnt fjórðabekkjar gagnfræðapróf nægi til inngöngu með nokkru viðbótarprófi.

Reynsla undanfarinna ára hefur sýnt það ótvírætt, að slíkir nemendur standa sízt að baki landsprófsnemendum, eru jafnvel fullt eins æskilegir í kennaraskóla. Þeir eru yfirleitt ári eldri en landsprófsmenn, hafa í flestum greinum lært jafnmikið og í sumum meira. Tryggja má með viðbótarprófum, að þeir hafi lokið sambærilegu námi í öllum greinum.

Önnur og þriðja málsgrein 2. liðar þurfa ekki skýringa við.

Í þriðju málsgrein er gert ráð fyrir, að inntökuskilyrði í undirbúningsdeild séu nokkru vægari en í almennu kennaradeildinni. Hjá því verður varla komizt, þar sem fyllstu bóknámskröfur myndu útiloka marga þá, sem gæddir eru góðum hæfileikum til sérnáms, svo sem í handavinnu, söng eða íþróttum.

Um 6. gr.

Námsgreinatalið í þeirri grein er ekki tæmandi. Það er miðað við það fyrst og fremst, sem nú er kennt í Kennaraskólanum og væntanlega verður kennt í fjögurra ára almennu kennaradeildinni. Heimilt er að fækka eða fjölga námsgreinum eftir aðstæðum og myndi það helzt eiga sér stað í sérdeildum, t. d. yrði sjálfsagt að bæta við latínu í framhaldsdeild til stúdentsprófs.

Um 7. gr.

Þessi grein, um próf, vetrareinkunnir og prófdómara, felur ekki í sér neina breytingu frá því, sem nú gildir.

Um 8. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að stjórn skólans sé skipuð skólastjóra og föstum kennurum ásamt skólastjóra æfingaskólans. Síðasta atriðið miðar að því, að samvinna verði sem nánust milli Kennaraskólans og æfingaskólans.

Síðari málsgreinin er sniðin eftir samsvarandi grein í lögum um menntaskóla.

Um 9. gr.

Ákvæðin um skyldutímafjölda kennara og fækkun þeirra vegna aldurs eru hin sömu og í lögum um menntaskóla. Sama er að segja um niðurlagsákvæði 9. gr. Það verður að teljast eðlilegt og sjálfsagt, að kennarar Kennaraskólans njóti að öllu leyti sömu launakjara og menntaskólakennarar, enda eru menntunarkröfur hinar sömu og störf kennaraskólakennara sízt ábyrgðarminni. Í núgildandi launalögum eru hvorir tveggja í sama launaflokki.

Um 10. gr.

Þar er gert ráð fyrir, að skólastjóri geti notið aðstoðar kennara við daglegt eftirlit og umsjón í skólanum, og er það ekki aðeins sanngjarnt, heldur og nauðsynlegt, sérstaklega þegar skólinn stækkar. Að öðru leyti er grein þessi í samræmi við það, sem er í lögum um menntun kennara.

Um 11. gr.

Þessi grein er að efni til í öllum aðalatriðum samhljóða 15. gr. laga um menntaskóla. Menntunarkröfur til kennara eru hinar sömu. Með „öðrum kennurum skólans, sem þurfa ekki að hafa lokið háskólaprófi“, er átt við stundakennara í ýmsum greinum, svo sem handavinnu, teiknun, söng, leikfimi o. fl.

Um 12. gr.

Í lögunum um menntun kennara frá 1947 er gert ráð fyrir tilrauna- og æfingaskóla, en það atriði þeirra laga, eins og reyndar fleiri, hefur ekki enn komið til

framkvæmda. En vöntun æfingaskóla hefur háð starfsemi Kennaraskólans frá upphafi. Nú loks er von til, að úr rætist, þar sem samningar hafa þegar verið gerðir milli ríkis og bæjar um stofnun slíks skóla á lóð hins nýja Kennaraskóla, og verði æfingaskólinn um leið barnaskóli fyrir ákveðið hverfi bæjarins.

Ákvæðið um uppeldi og kennslu afbrigðilegra barna er nýmæli, en svo sjálfsagt og nauðsynlegt, að ekki orkar tvímælis.

Ákvæðið um sjálfstæða kennslu kennaraefna er einnig nýmæli hér, en annars staðar víða er það talið alveg sjálfsagt og víða miklu lengur en hér. Rétt þykir að tiltaka ekki lengri tíma en þrjár vikur, meðan ekki er fengin reynsla fyrir, hversu erfitt þetta reynist í framkvæmd.

Um 13. gr.

Hér er um svo sjálfsögð fyrirkomulagsatriði að ræða, að ekki þarf skýringa við.

Um 14. gr.

Samkomulag er þegar fengið um hlutfallslegan kostnað hvors aðilja, ríkissjóðs og borgarsjóðs Reykjavíkur.

Um 15. gr.

Stjórn skólans er skipuð á sama hátt og stjórn Kennaraskólans, enda er hér um sjálfstæða stofnun að ræða í mjög nánum tengslum við Kennaraskólann. Til þess að tryggja þá samvinnu sem bezt, er ráðgert, að skólastjóri Kennaraskólans taki þátt í stjórn æfingaskólans, sbr. upphaf 8. gr.

Um 16. gr.

Grein þessi er að efni til samhljóða 10. gr. og nægir að vísa til athugasemdar við hana.

Um 17. gr.

Þessi grein fjallar um kennara æfingaskólans og kjör þeirra. Núverandi æfingakennarar hafa sömu laun og aðrir fastir kennarar Kennaraskólans, og þykir sjálfsagt, að það haldist, enda séu þeir ekki fleiri en aldursflokkar æfingaskólans — og verður því um litla fjölgun að ræða. Hins vegar mun þurfa marga kennara að auki til kennslu í æfingaskólanum, sem njóti sömu launakjara og aðrir kennarar á sömu skólastigum. Gert er ráð fyrir, að þeir fái sérstaka þóknun fyrir æfingatíma og tilraunastörf, sem þeim kunna að verða falin, og verður það að teljast sanngjarnt.

Um 18. gr.

Þegar Kennaraskólinn stækkar, má gera ráð fyrir, að æfingaskólinn anni ekki öllum nauðsynlegum æfingum. Því er ráðgert, að leita megi til annarra skóla, og virðist það óhjákvæmilegt.

Um 19. gr.

Hér er ekki um neitt nýmæli að ræða, aðeins staðfesting á því, sem er fyrir hendi. Í lögum um kennaramenntun 1947 er gert ráð fyrir stofnun Handíðakennaraskóla Íslands. Sá skóli hefur aldrei verið stofnaður. Þess í stað tók Kennaraskólinn að sér af Handíðaskólanum haustið 1951 handavinnukennaradeild stúlkna og pilta, og hefur hún starfað síðan í sambandi við Kennaraskólann, eins og áður segir.

Um 20. gr.

Inntökuskilyrði í handavinnudeild eru nú almennt gagnfræðapróf, bæði fyrir pilta og stúlkur, og auk þess vetrarnám í húsmæðraskóla fyrir stúlkur. Hér er hins vegar gert ráð fyrir tveggja vetra námi í undirbúningsdeild að loknu gagnfræðanámi, og er hér því um mjög auknar námskröfur að ræða. Um þetta er rætt í athugasemd við 4. lið 2. gr., og vísast hér til þess. — Námstími og réttindi þeirra, sem útskrifast, er óbreytt frá því, sem nú er.

Um 21. gr.

Óbreytt frá því, sem nú er.

Um 22. gr.

Sömuleiðis óbreytt frá því, sem nú er.

Um 23. gr.

Greinin þarf engrar skýringar við.

Um 24. gr.

Felur ekki í sér neina breytingu.

Um 25. gr.

Ekki heldur nein breyting frá því, sem nú er.

Um 26. gr.

Hér með eru numdir úr gildi þrír kaflar úr lögum um kennaramenntun frá 1947: I. Um Kennaraskóla Íslands, III. Um æfinga- og tilraunaskóla og V. um Handíðakennaraskóla Íslands, svo og önnur ákvæði, sem koma í bága við þessi lög. Þessi lög taka hins vegar ekki til kaflanna *Um kennslustofnun í uppeldisvísindum við Háskóla Íslands, Um Íþróttakennaraskóla Íslands* og *Um Húsmæðrakennaraskóla.*

Um 27. gr.

Enda þótt lög þessi öðlist þegar gildi, koma ýmis atriði þeirra ekki til framkvæmda þegar í stað, að minnsta kosti ekki fyrr en skólinn er tekinn til starfa í nýjum húsakynnum.

Yfirlit um stundafjölda til stúdentsprófs (máladeildar), kennaraprófs, náms stúdenta í Kennaraskólanum og verzlunarstúdentsprófs.

1. Menntaskólinn í Reykjavík (máladeild).
2. Kennaraskólinn.
3. Mismunur á tímafjölda Menntaskólans og Kennaraskólans (K + eða ÷ miðað við M).
4. Tímafjöldi stúdenta í Kennaraskólanum.
5. Tímafjöldi til verzlunarstúdentsprófs.
6. Mismunur á tímafjölda til kennaraprófs og verzlunarstúdentsprófs (K + eða ÷ miðað við V).

— Allar tölur tákna fjölda vikulegra stunda —

	1. M.	2. K.	3. K. +&÷	4. stúd. í K.	5. V.	6. K. +&÷
I. Bókl. námsgr. í M. K. & V.						
Íslenzka	17	20	+ 3	0	20	0
Danska	8	10	+ 2	0	13	÷ 3
Enska	19	10	÷ 9	0	29	÷19
Þýzka	14	9	÷ 5	0	18	÷ 9
Saga	12	8	÷ 4	0	13	÷ 5
Stærðfræði	11	7	÷ 4	0	26	÷19
Náttúrufræði	9	8	÷ 1	0	9	÷ 1
Eðlis- og efnafræði	6	4	÷ 2	0		+ 4
Latína	18	0	÷18		4	÷ 4
Franska	11	0	÷11		10	÷10

	1.	2.	3.	4.	5.	6.
Hljóðfræði		2	+ 2	2		+ 2
Uppeldisfræði		9	+ 9	5		+ 9
Kennslufræði		6	+ 6	6		+ 6
Heilsufræði		2	+ 2	2		+ 2
Landafræði		4	+ 4	0		+ 4
Kristin fræði		6	+ 6	4		+ 6
Fimleikafræði		1	+ 1	0		+ 1
Átthagafræði & vinnb.		6	+ 6	2		+ 6
Kennsluæfingar		6	+ 6	3		+ 6
Hagfræði					8	÷ 8
Verzlunarréttur					4	÷ 4
Vörufræði					1	÷ 1
T. í bókl. gr. alls..	125	118	÷ 7	24	155	÷37

II. Aðrar námsgreinar.

	1. M.	2. K.	3. K. + & ÷	4. stúd.	5. V.	6. K. + & ÷
Handavinna		8	+ 8	4		+ 8
Teikning		8	+ 8	2		+ 8
Leikfimi	12	13	+ 1	0	18	÷ 5
Skrift		4	+ 4	0	2	+ 2
Söngur	4	8	+ 4	0		+ 8
Vélritun					7	÷ 7
Alls	16	41	+25	6	27	+14

Til athugunar varðandi yfirlit um stundafjölda til stúdentsprófs (máladeildar), kennaraprófs, náms stúdenta í Kennaraskólanum og verzlunarstúdentsprófs.

1. Varðandi samanburð á tímafjölda í bóklegum greinum til stúdentsprófs og til kennaraprófs.
   a) Í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í báðum skólunum, kennir máladeild Menntaskólans 25 tíma umfram Kennaraskólann.
   b) Í námsgreinum, sem kenndar eru í Menntaskólanum, en ekki í Kennaraskólanum (latínu og frönsku), kennir Menntaskólinn 29 tíma.
      Þ. e. a. s. a- og b-liðir = 54 stundir.
   c) Í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í báðum skólunum, kennir Kennaraskólinn 5 tíma umfram Menntaskólann.
   d) Í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í Kennaraskólanum, en ekki í Menntaskólanum kennir Kennaraskólinn 42 st.
      þ. e. a. s. c- og d-liðir = 47 stundir.
2. Varðandi samanburð á tímafjölda í bóklegum greinum til verzlunarstúdentsprófs og kennaraprófs.
   a) Í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í báðum þessum skólum, kennir Verzlunarskólinn 56 stundir umfram Kennaraskólann.
   b) Í sérgreinum Verzlunarskólans kennir hann 27 stundir.
      Þ. e. a. s. a- og b-liðir = 83 stundir.
   c) Í sérgreinum Kennaraskólans kennir hann 46 stundir.
3. Samanburður á undirbúningi undir Verzlunarskólann og Kennaraskólann og undirbúningi nemenda, áður en þeir koma í þessa skóla.

   Verzlunarskólinn kennir 6 ár til stúdentspróf. Yfirgnæfandi meiri hluti þeirra nemenda, sem fá inngöngu í 1. bekk, hefur verið 2 vetur í unglingaskóla.

Hins vegar fá nemendur inngöngu í Kennaraskólann eftir þriggja vetra nám í unglingaskóla og gagnfræðaskóla (að afloknu landsprófi), og má því telja, að undirbúningur þeirra sé einu ári lengri.

4. Varðandi samanburð á tímafjölda, sem stúdentar sækja í Kennaraskólanum, og tímafjölda útskrifaðra kennara í sömu greinum.
   a) Stúdentar sækja 24 tíma vikulega í þessum greinum, en útskrifaðir kennarar hafa sótt 42 tíma í sömu greinum.
      Mismunur 18 stundir.
   b) Í námsgreinum, sem kenndar eru í báðum skólum, kennir Kennaraskólinn 5 stundir umfram Menntaskólann (sbr. 1. c.).
      Stúdentar sækja ekki tíma í Kennaraskólanum í þessum greinum.
      Þ. e. a. s. **a-** og **b-liðir** = **23 stundir.**
5. Samanburður á stundafjölda í **verklegum** greinum, sem kenndar eru í þessum skólum.
   a) Í námsgreinum, sem kenndar eru í Menntaskólanum og Kennaraskólanum, kennir Kennaraskólinn 5 stundir umfram Menntaskólann.
   b) Í sérgreinum Kennaraskólans (miðað við Menntaskólann) kennir hann 20 stundir.
      Þ. e. a. s. **a-** og **b-liðir** = **25 stundir.**
   c) Kennaraskólinn kennir 14 stundum meira í verklegum greinum en Verzlunarskólinn.

Skýrsla UNESCO.

I. Lönd, sem yfirleitt taka við nemendum til kennaramenntunar frá æðri framhaldsskólum.

Land.	1. Tegund skóla, aldursfl., sem á að kenna.	2. Lágmarksinntökuskilyrði í skóla, sem veita kennaramenntun.	3. Tegund skóla, sem veita kennaramenntun.	4. Inntökualdur.	5. Nám til kennaraprófs (árafjöldi) a) skólanám. b) starfsnám.
V.-Þýzkaland.	1) Barnaskóli. Aldur: 6—14 eða 15.	Stúdentspróf eða í sumum landshlutum sjaldan einnig sérstakt próf eftir sérþjálfun. Í sumum landshlutum er hámarksaldur 25 eða 28 ár.	Mismunandi eftir landshlutum: E.k. kennaraskóli (Pädagogische Hochschulen) eða kennaraskóli í tengslum við háskóla eða háskóli (sem er nú að verða algengara).	19—20	a) og b) samtímis a. m. k. vanalega 3, í sumum landshlutum 2.
	2) Miðskóli. Aldur: 12—15 eða 16.	Í Hamborg (og bráðlega í Hessen) eru kennarar þjálfaðir samtímis fyrir barnaskóla og miðskóla. Í öðrum landshlutum geta kennarar fengið réttindi eftir a. m. k. 3 ára kennslu í barnaskóla, til að kenna einnig í miðskóla, eftir að þeir hafa lokið sérstöku prófi.			
	3) Menntaskóli. Aldur: 10—19.	Stúdentspróf eða jafngilt próf.	Háskóli í „praktískum“ greinum, einnig framhaldsskólar í tæknigreinum.	23—24	2—5 ár (bóklegt og verklegt próf) (2 „staatsexamina“).
England (og Wales).	1) Barnaskóli Aldur: 5—11.	Próf í 5 greinum til „General Certificate of Education (ordinary level) — þ. e. próf, sem vanalega er tekið við 16 ára aldur.	Kennaraskólar.	18	a) og b) samtímis, nú 2 ár frá 1962 3 ár.
	2) Gagnfræðaskólar (Secondary modern schools). Aldur: 11—15 eða 16.	Annaðhvort háskólagráða eftir a. m. k. 3 ára nám eða eins og í 1).	Háskóli eða kennaraskóli.	Lágmark: 18.	b) 1 ár eftir, a) 3 ár, sbr. 2. dálk.

	1.	2.	3.	4.	5.
Skotland.	1) Barnaskóli. Aldur: 5—12.	Karlm. Háskólagráða (3—4 ára nám). Konur. Próf í 5. gr. til „General Cert. of Education“.	Kennaraskólar.	Karlar 17½—18 til C. of Educ. Konur: 17½—18.	b) 1 eftir a) 3—4 a) og b) samtímis 3—4
	2) Miðskóli. Aldur: 12—15.	Háskólagráða eftir 3—4 ára nám.	Kennaraskóli.	Til háskólanáms 17½—18, til C. of Ed. 20½—22.	b) 1 eftir a) 3—4 (sbr. 2. dálk).
Bandaríkin.	1) Barnaskólar. Aldur: 6—12.	Próf úr framhaldsskóla.	Kennaraskóli eða háskóli (60%).	17—18.	Vanalega 4 í sumum ríkjum 2. (a) h. u. b. 33%, b) 66—100% samtímis.
	2) Framhaldsskólar. Aldur: 12—18.	Próf úr framhaldsskóla.	Kennaraskóli eða háskóli (80%).	17—18.	Í flestöllum ríkjum 4, örfáum 5, þar af h. u. b. a) 0—22%, b) 78—100% samtímis.
Noregur.	Barnaskóli. Aldur: 7—14.	Stúdentspróf ásamt vottorði um andlega og líkamlega heilbr. Sönghæfni.	Kennaraskóli.	19—20	2
		Skóli til 15 ára (vanalega gagnfræðaskóli til 17 ára, + inntökupróf).	Kennaraskóli.	17—22	4
Ísrael.	1) Barnaskólar. Aldur: 6—14.	12 ára skólaganga og vanalega framhaldsnám í „Higher Secondary School“.	Kennaraskóli.	18	a) og b) 2 samtímis.

Hér lýkur skýrslu UNESCO. Eftirfarandi upplýsingar um Danmörku eru teknar úr lögum nr. 220, 11. júní 1954 um menntun barnaskólakennara.

	1.	2.	3.	4.	5.
Danmörk.	1) Barnaskóli, unglingaskóli og kvöldskólar.	Inntökupróf eftir veru í undirbúningsbekk við kennaraskóla allt að 15 mán. + hæfnispróf.	Kennaraskóli.	18	4
		Stúdentspróf.	Kennaraskóli.	19	3 ár
	2) Smábarnaskólar.	Sömu og fyrir 1) eða gagnfræðapróf eða kvennaskólapróf eða alm. undirbúningspróf ætíð + inntökupr. í dönsku, reikningi og söng.	Kennaraskóli.	20	2½ ár

Yfirlit um kennaramenntun í nálægum löndum.
(Viðbót við skýrslu UNESCO).

Land.	1. Tegund skóla, sem kenna skal í.	2. Inntökuskilyrði í skóla, sem veita kennaramenntun.	3. Tegund skóla, sem veita kennaramenntun.	4. Inntökualdur.	5. Nám til kennaraprófs (árafjöldi).
Ísland.	Barna- og unglingaskólar.	Landspróf úr bóknámsdeild miðskóla.	Kennaraskóli.	16	4
		Stúdentspróf.		20	1
Finnland.	Barnaskóli.	Miðskólapróf. Barnaskóli + 2 ár undirbúningdeild.	Kennaraskóli.	17	4
		Stúdentspróf.		17	2
Svíþjóð.	1) Barnaskóli	a) Gagnfræðapróf. b) Stúdentspróf.	Kennaraskóli. Kennaraskóli. Kennaraháskóli.	18	4 2 2½
	2) Barnaskólar. 3 fyrstu ár skyldunám.	Gagnfræðapróf.	Kennaraskóli.	18	3 (2)

Viðbótarupplýsingar úr skýrslu UNESCO.

I. **Vestur-Þýzkaland.**

Kennarar byrja vanalega kennslu 21—22 ára gamlir, en áður en þeir öðlast full kennararéttindi þurfa þeir að taka próf (Staatsexamen) og hafa kennt a. m. k. 2 ár sem aðstoðarkennarar. Þeir eru því orðnir 23—25 ára gamlir, þegar þeir öðlast réttindi sem fastir kennarar.

II. **England (og Wales).**

Í barnaskólum byrja kennarar vanalega að kenna 20 ára gamlir, en í gagnfræðaskólum (aldursflokkunum 11—18) byrja karlmenn að kenna 23—24 ára, en konur 22—23 ára. Áður en þeir öðlast full kennararéttindi, þurfa þeir að hafa tekið „Certificate in Education" undir umsjá kennaradeildar við háskóla og hafa kennt a. m. k. 1 ár undir eftirliti með viðunandi árangri.

III. **Skotland.**

Karlmenn byrja að kenna 21½—23, en konur 21½—22 í barnaskólunum, en til þess að fá full kennararéttindi í barnaskólunum þurfa karlmenn „Teachers' General Certificate" + háskólapróf og konur „Teachers' General Certificate", sem krefst 3—4 ára kennsluþjálfunar.

Í miðskólum byrja karlmenn og konur að kenna 21½—23 ára, en til þess að öðlast full kennararéttindi þarf „Teachers' General Certificate". Einnig eru auknar kröfur gerðar til miðskólakennara.

IV. **Bandaríkin.**

Í barnaskólum og framhaldsskólum byrja kennarar kennslu 21—23 ára gamlir. Í flestum ríkjanna þarf B.A.-gráðu til þess að geta fengið „Initial Teachers' Certificate", sem er nauðsynlegt til þess að fá full réttindi sem kennari í barnaskólum. Framhaldsskólakennarar þurfa auk þess 1 árs undirbúning að loknu háskólanámi til þess að fá „Initial Teachers' Certificate".

V. **Noregur.**

Lágmarksaldur kennara er 21 ár. Vanalega eru þeir þó orðnir 24 ára gamlir, þegar þeir byrja kennslu í barnaskólum.

VI. **Ísrael.**

Kennarar eru 20—22 ára gamlir, þegar þeir byrja kennslu í barnaskólum.

VII. **Danmörk.** (Samkv. lögum um menntun barnaskólakennara).

Í öðrum bekk hins almenna 4 ára kennaraskóla er hæfni nemenda dæmd, og þeir, sem óhæfir teljast til kennarastarfs, fá ekki að halda áfram námi. Í stúdentadeildum er þessi ákvörðun tekin, áður en námi 1. bekkjar lýkur. Kennaraskólarnir geta útilokað stúdenta, sem ekki hafa tekið nægilega gott próf að dómi kennaraskólans, og þá stúdenta, sem kennaraskólinn telur, að ekki séu fallnir til kennslu.

Í stúdentadeildum kennaraskóla og stúdentakennaraskólum er nám í ensku, þýzku og/eða frönsku í beinu áframhaldi af stúdentsprófi máladeildar, en kennsla í stærðfræði og náttúrufræði í áframhaldi af stúdentsprófi stærðfræðideildar.

Skýrsla UNESCO.

II. Lönd, sem auk vanalegrar kennaramenntunar halda opnum leiðum frá barnaskóla og miðskóla, vanalega gegnum undirbúningsskóla (kennaraskóla) til kennslustarfa. (Útdráttur).

Leið til að verða banrnaskólakennari aðeins.

Land.	1. Tegund skóla, aldursflokkar, sem á að kenna.	2. Skólaganga á undan undirbúningsskóla fyrir kennarastarf.	3. Inntökuskilyrði í undirbúningsskóla.	4. Nafn undirbúningskóla.	5. Lágmarksinntökuskilyrði í kennaraskóla.
Austurríki.	Barnaskóli 7—14	8 ára barna- og unglingaskóli.		Lehrer bildungsanstalt.	
	Efri bekkir barnaskóla 11—14 (Hauptschule).				
Egyptaland.	Barnaskóli 6—12	6 ára barnaskóli og 3 ára undirbúningsskóli.	Miðskólapróf.	General and Rural School for teachers.	
Pólland.	Barnaskóli 7—13	Barnaskóli.	Meðmæli kennara og annarra, inntökupróf í músik, pólsku, stærðfræði og ræðuhöldum. Inntökuskilyrði í samráði við kennaraskóla, kennarafél. og skólayfirvöld.	Pedagogical Lyzeum.	Burtfararpróf úr framhaldsskóla, meðmæli og inntökupróf.
Júgóslavía.	Skóli fyrir yngri börn 7—10	8 ár í barna- og unglingaskóla.	Burtfararpróf úr lægri framhaldsskóla.	Präparandie.	
	Skóli fyrir eldri börn 11—14				Stúdentspóf frá menntaskóla eða Präparandie.

	1.	2.	3.	4.	5.
Frakkland.	Barnaskóli 6—14	3 ára framhaldsskóli eða framhaldsnámskeið.	Samkeppnispróf.	Kennaraskóli.	
					Stúdentspróf.
Írland.	Barnaskóli 7—14		Aldur 13—15 og inntökupróf.	Preparatory college 4 ár.	Framhaldsskólapróf (írska, enska, stærðfræði, saga, landafr.), munnl. próf í söng, írsku og ræðuhöldum.
Ítalía.	Barnaskóli 6—10	Skólaganga til 13 ára	Lokið miðskóla.	Inistituto magistrale	
	Aldur 11—18				Stúdentspróf.

Úr skýrslu UNESCO (1959).

3. tafla. Kennarastarf sem lífsstarf.

(Útdráttur).

„**Noregur.** Flestir kennarar barnaskólanna gera kennslu að ævistarfi sínu. Sumir þeirra líta á kennaraskóla sem undirbúning að háskólanámi eða öðru sérnámi. Þar eð kennarapróf er í háskóla metið til jafns við 1½ ár af háskólanámi, er kennarapróf nokkur byrjun á háskólanámi fyrir þá, sem áhuga hafa á því að verða kennarar við framhaldsskóla. Af þessum ástæðum hverfa sumir kennarar frá barnaskólunum til þess að verða kennarar við framhaldsskóla eða kennaraskóla.

Bandaríkin. Kennslustarfið verður að keppa um vinnukraft við önnur starfssvið, sem krefjast menntunar eftir gagnfræðaskóla (high school). Áætluð fækkun þeirra nemenda, sem menntaðir eru til kennaraprófs, er 17% að því er snertir barnakennara og 35% af framhaldsskólakennurum, vegna þess að þeir ganga ekki í kennarastéttina að loknu kennaranámi. Árlega hverfa 9—10% af reyndum kennurum frá kennarastarfi af öðrum ástæðum en heilsubresti eða vegna hámarksaldurs. Auk þess sem kennslukonur hætta störfum, þegar þær giftast og kennarar taka fyrir önnur störf, halda sumir þeirra kennara, sem hverfa frá barnaskólum og framhaldsskólum, áfram við frekara nám og kenna við æðri menntastofnanir af einu eða öðru tagi.“

Um flest önnur lönd getur 3. tafla í skýrslu UNESCO ekki um annað fráhvarf frá kennarastarfi en það, sem stofnunin telur mjög eðlilegt. Um *Bretland* er þess getið, að kennarar við framhaldsskóla taki stundum að sér störf í þágu skipulagningar skólamála eða æskulýðsstarfsemi, eða þá að þeir verði kennarar við æðri menntastofnanir, svo sem háskóla eða kennaraskóla, hvað háskóla snertir, einkum í uppeldisfræði og sálarfræði. Þess er einnig getið, að margar kennslukonur giftist og hætti kennslu um tíma eða algerlega.

Úr skýrslu UNESCO (1959).

4. tafla. Sérstakar leiðir til að bæta úr kennaraskorti.

(Útdráttur).

Skotland. Í mörg ár hefur verið til áætlun um fjölgun kennara eftir sérstökum leiðum. Takmark þessarar áætlunar hefur verið að velja úr, eftir viðræðum við umsækjendur, þá, sem líklegir væru til að gegna kennarastörfum, enda séu þeir ekki eldri en 45 ára og hafi, eftir að þeir luku skólanámi, haft fullt starf að minnsta kosti 2 ár. Samkvæmt áætluninni skal reynt að útvega þessum umsækjendum styrk til þess að gera þeim kleift að búa sig undir kennaraskóla, tækniskóla eða háskóla í því skyni að stunda nám við einhverja af þessum stofnunum og fá að lokum kennararéttindi með prófi frá einhverri af þrem ofangreindum stofnunum. Margir góðir nýliðar í kennarastétt hafa fengið menntun sína á þennan hátt. Áætlun þessi er framkvæmd af A Central Selection Board (dómnefnd til að velja úr umsækjendum), sem fulltrúa fyrir Kennaraskólaráð Skotlands.

Bandaríkin. Sum ríkjanna reyna að fá nýja kennara meðal húsmæðra, sem hafa fengið einhvern undirbúning, áður en þær giftust, en hafa ekki gerzt kennarar eða hafa hætt kennslu, þegar þær giftust.

Meðalaldur þessa hóps er 35—40 ár.

Frakkland. Varakennarar hafa verið þjálfaðir fyrir barnaskólann til að tryggja það, að forfallakennarar væru tiltækir, í veikindaforföllum reglulegra kennara eða í forföllum kennslukvenna vegna barnsfæðinga. Þessir forfallakennarar eru flestir stúdentar, sem hafa ekki fengið inngöngu í eða hafa ekki sótt um inngöngu í kennaraskóla. Þeir geta orðið fullgildir kennarar eftir h. u. b. fjögurra ára starf sem

forfallakennarar, nám í uppeldisfræði og verkleg og bókleg próf fyrir Certificat d'Aptitude Pédagogique (skírteini um kennarahæfni).

Reyndin er sú, að margir forfallakennarar sitja til langframa í kennarastöðum, sem ekki er skipað í. Það hefur jafnvel verið nauðsynlegt að velja forfallakennara meðal umsækjenda, sem ekki hafa stúdentspróf.

Í öðrum löndum, sem þessi tafla fjallar um, Ísrael, Júgóslavíu og Egyptalandi, eru allar aðstæður svo gerólíkar íslenzkum aðstæðum, að naumast er ástæða til að gera sérstaklega grein fyrir kennaramenntun í þessum löndum — að því er snertir sérstakar ráðstafanir. (4. tafla).

Viðbótarupplýsingar um löndin í skýrslu UNESCO, II.

I. **Austurríki.**

1. Kennaraskólinn (Lehrerbildungsanstalt) tekur við nemendum 14 ára gömlum, sem hafa lokið Hauptschule, og kennir þeim í 5 ár. Þá fá þeir svokölluð „Zeugnis der Reife", verða að kenna með fullnægjandi árangri í 2 ár og taka kennarahæfnipróf (Lehrbefähigungsprüfung), áður en þeir öðlast réttindi til fastrar stöðu við barnaskóla (Volkschule).

   Þeir, sem lokið hafa „Lehrerbildungsanstalt", hafa sömu réttindi til framhaldsmenntunar eins og þeir, sem lokið hafa „Realgymnasium", þ. e. rétt til háskólanáms.

   Til þess að öðlast réttindi til kennslu í „Hauptschule" (11—14) þarf áðurnefnda menntun, 3 ára kennslustarf og undirbúningsnámskeið + 2 ára kennaraskólanám (þá eru nem. 22—24 ára) og kennarahæfnipróf fyrir „Hauptschule".
2. Kennslukonur í handavinnu stúlkna og heimilishaldi fá 3 ára menntun í sérstökum skóla. Að loknu þessu námi og hæfnisprófi fá þær kennararéttindi í barnaskólum.

   Eftir að hafa kennt við skóla í 20 mán. geta þær að afloknu nýju hæfnisprófi fengið kennararéttindi í þessum námsgreinum í „Hauptschule" (11—14 ára bekkjum). Námsmeyjar eru teknar 15 ára gamlar til þessa kennaranáms.

II. **Írland.**

Eftir veru sína í undirbúningsskólanum (preparatory college) í 4 ár geta nemendur, að afloknu burtfararprófi framhaldsskóla (sec. schools), komizt inn í kennaraskóla 17—19 ára gamlir. Námið í kennaraskólanum tekur 2 ár, svo að kennarar eru 20—21 árs, þegar þeir byrja að kenna.

Þeir, sem ekki hafa verið í undirbúningsskólanum, geta lokið samkeppnisprófi í sömu greinum og hinir, þegar þeir eru 17—21 árs — og ef þeir uppfylla sömu skilyrði, fá þá sömu réttindi.

Nefnd á viðtöl við alla umsækjendur um kennaraskóla, og aðeins þeir, sem nefndin telur hæfa sem kennaraefni, fá inngöngu í skólann.

Háskólakandidatar þurfa aðeins að vera eitt ár í kennaraskóla. Þeir verða að uppfylla öll sömu skilyrði og aðrir umsækjendur. Aldurstakmark 17—28.

Til undirbúnings undir kennarastarf við sérskóla fyrir starf (vocational schools) þurfa kennaraefni að afla sér háskólagráðu eða prófs frá sérstökum skólum í þessum kennslugreinum. Inntökuskilyrði í þessa skóla er stúdentspróf. Námstími er vanalega 3—4 ár.

Kennarar í heimilisstörfum (domestic science), líkamsrækt (physical education) og listum (art) við menntaskóla þurfa að hafa sömu menntun og þeir, sem kenna við sérskóla.

Hve gamlir kennarar eru vanalega, þegar þeir byrja kennslu í barnaskólum:
Austurríki 19 (í efri bekkjum 24), *Belgíu* 19 (í efri bekkjum 20—21), *Egyptalandi* 17 (í efri bekkjum 20), *Póllandi* 19—21, *Júgóslóvalu* 20—22, *Frakklandi* 20—21, *Írlandi* 19—21, *Ítalíu* 18 (síðar í efri bekkjum).

Fylgiskjal III.

KENNARASKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 13. nóv. 1962.

Hér með sendi ég yður, herra ráðuneytisstjóri, álitsgerð nefndar, sem kvödd hefur verið til að gera tillögur um tímaskiptingu og námsefni til stúdentsprófs, sem ráðgert er við Kennaraskóla Íslands.

Broddi Jóhannesson.

Til ráðuneytisstjóra Birgis Thorlacius,
Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.

Álitsgerð um stúdentspróf við Kennaraskóla Íslands.

Nefnd, sem kvödd hefur verið til að gera tillögur um tímaskiptingu og námsefni til stúdentsprófs, sem ráðgert er við Kennaraskóla Íslands, hefur komið sér saman um svofellda álitsgerð:

Nefndin hefur athugað tímaskiptingu milli einstakra námsgreina, sem hér skipta máli, við stærðfræðideild og máladeild Menntaskólans í Reykjavík, svo og fjölda kennslustunda í sömu greinum til kennaraprófs og auk þess í uppeldisgreinum, sem sumar hverjar að minnsta kosti kæmu til greina sem námsgreinar til stúdentsprófs. Skiptingu þessa má sjá á eftirfarandi töflu:

Námsgreinar	Menntaskólinn stærðfræðideild	Menntaskólinn máladeild	Kennaraskólinn
Íslenzka	17	17	20
Danska	7	8	10
Enska	10	19	10
Þýzka	12	14	9
Saga	11	12	8
Náttúrufræði	9	9	8
Eðlis- og efnafræði	21	6	4
Stærðfræði	24	11	7
Latína	4	18	
Franska	8	11	
Uppeldisgreinar			
(Uppeldis- og sálfr. 7			
skólas. 2			
kennslufr. 6			
kennsluæf. 6			21

Nefndin leggur til, að við Kennaraskóla Íslands verði komið upp einni bekkjardeild, sem búi þá nemendur skólans, sem lokið hafa kennaraprófi með I. einkunn, undir stúdentspróf, sem sé með nokkuð öðru sniði en nú tíðkast við menntaskólana, en sé þó sambærilegt að þyngd. Nefndin gerir ráð fyrir, að flestir stúdentar úr Kennaraskólanum leggi stund á háskólanám, sem miði að kennslustörfum, ýmist í hugvísindum eða raunvísindum, og leggur því til, að í bekkjardeildinni verði valfrelsi milli latínu annars vegar, en eðlis- og efnafræði hins vegar. Kostnaðarauki við slíkt valfrelsi er óverulegur, samsvarar 6 vikustundum. Ætla má, að þróunin verði sú með tímanum, að bekkjardeildir verði tvær og yrði þá enginn kostnaðarauki. Ef latínu yrði algerlega sleppt, hefði það í för með sér, að margir þeirra nemenda, sem stunduðu háskólanám í hugvísindum, yrðu að stunda aukanám í háskóla annaðhvort á eigin kostnað eða á kostnað skólans. Ef hins vegar eðlis- og efnafræðikennsla yrði skorin við nögl, gerði það þeim nemendum, sem byggju sig undir kennslu í raunvísindum, erfitt fyrir.

Tímaskipting í bekkjardeildinni yrði, samkvæmt tillögum nefndarinnar, sem hér segir:

	Stundir	
Enska	7	
Þýzka	5	
Þjóðfélagsfræði	4	
Náttúrufræði	5	
Eðlis- og efnafræði	6	fyrir þá, sem ekki taka latínu.
Stærðfræði	4	
Latína	6	fyrir þá, sem ekki taka eðlis- og efnafræði.

Fyrir skýrleika sakir og til samanburðar við menntaskólana skal endurtekin fyrri tafla og bætt við tímaskiptingu í stúdentabekk Kennaraskólans:

	Menntaskólinn			Kennaraskólinn	
Námsgreinar	st.fr.d.	málad.	Kennarask.	framh.deild miðuð við hugvísindi	framh.deild miðuð við raunvísindi
Íslenzka	17	17	20 ÷ 1[1])	(A)	(B)
Danska	7	8	10 ÷ 1[2])		
Enska	10	19	10 + 2[3])	7	7
Þýzka	12	14	9	5 + 1[4])	5 +1[5])
Saga	11	12	8	4 (þjóðf.)	4
Náttúrufræði	9	9	8	5	5
Eðlis- og efnafr.	21	6	4	0	6
Stærðfræði	24	11	7	4	4
Latína	4	18		6	0
Franska	8	11			
Uppeldisgreinar			21		

Að öðru leyti vill nefndin taka þetta fram:

1. Nauðsynlegt er, að námsefni Kennaraskólans í eftirtöldum greinum sé sambærilegt að þyngd við námsefni í máladeildum menntaskólanna: í íslenzku, dönsku, ensku og þýzku. Einkunnir í íslenzku og dönsku á kennaraprófi verði taldar með í stúdentsprófseinkunn.
2. Eins og framan greind tafla ber með sér, gerir nefndin ekki ráð fyrir kennslu í sögu í framhaldsdeildinni. Telur hún hina miklu kennslu í þessari grein á gagnfræðastiginu og í Kennaraskólanum nægja. Í þess stað leggur hún til, að kennd verði þjóðfélagsfræði og ef til vill hagfræði, ef tími vinnst til. Hins vegar þykir rétt, að sögueinkunn við kennarapróf leggist við þetta próf.
3. Í náttúrufræði telur nefndin, að leggja eigi áherzlu á líffræði og lífeðlisfræði og þar eigi nám að vera verklegt, eftir því sem við verður komið.
4. Í stærðfræði telur nefndin, að leggja eigi áherzlu á tölfræði („statistik").
5. Í eðlis- og efnafræði kæmi til greina að leggja áherzlu á þróun hugmynda í þessum fræðigreinum á svipaðan hátt og nú er farið að tíðkast í amerískum skólum.
6. Einkunnir í sálarfræði og uppeldisfræði, þar með talinni kennslufræði, við kennarapróf skulu taldar með á stúdentsprófi.

Reykjavík, 9. nóv. 1962.

Freysteinn Gunnarsson. Halldór Halldórsson. Guðm. Arnlaugsson.
Broddi Jóhannesson.

---

1) Breytt af nefndinni úr 20 í 19 std.
2) Breytt af nefndinni úr 10 í 9 std.
3) Breytt af nefndinni úr 10 í 12 std.
4) Breytt af nefndinni úr 5 í 6 std.
5) Breytt af nefndinni úr 5 í 6 std.

Fylgiskjal IV.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Rektor

Reykjavík, 15. febr. 1963.

Drög til frumvarps um Kennaraskóla Íslands.

Hæstvirt ráðuneyti hefur beiðzt umsagnar háskólaráðs um drög til frv. um Kennaraskóla Íslands. Háskólaráð ákvað á fundi sínum 6. des. s. l. að óska álits deildanna á málinu, áður en því yrði ráðið til lykta í háskólaráði.

Ég samdi síðan greinargerð um málið, þar sem m. a. var lýst námsskrá hinnar fyrirhuguðu kennslu í framhaldsdeild Kennaraskólans samkv. því, sem um var rætt í nefnd þeirri, er fjallar nú um frumvarpið, svo og gerður samanburður á námsstundafjölda í því námi við námsstundir í menntaskólum og verzlunarskóla.

Eftir að háskólaráði bárust umsagnir deilda, sem ég leyfi mér að senda hjálagt, var málið ítarlega rætt á tveimur fundum háskólaráðs og gerð um það ályktun að efni til, sem fylgir bréfi þessu. Háskóladeildir hafa litið nokkuð mismunandi á þetta mál. Guðfræðideild, heimspekideild og lagadeild telja stúdentsnám framhaldsdeildar veita viðhlítandi undirbúning að námi í deildunum, sbr. þó að samkv. 54. gr. háskólareglugerðar er stúdentspróf stærðfræðideildar áskilið til náms í efnafræði, eðlisfræði og stærðfræði til B.A.-prófs í þeim greinum, og naumast kemur til greina, að stúdentar frá Kennaraskólanum gætu stundað nám í latínu og frönsku til B.A.-prófa (þessi atriði eru ekki greind sjálfstætt í umsögn háskólaráðs). Viðskiptadeild telur, að æskilegt sé, að stúdentar þar búi yfir meiri stærðfræðiþekkingu en máladeildarstúdentar, en vill þó ekki gera upp á milli síðastgreindra stúdenta og væntanlegra stúdenta frá Kennaraskóla Íslands. Læknadeild tekur í umsögn sinni ekki afstöðu til þess, hvernig hún myndi meta umsóknir frá væntanlegum stúdentum Kennaraskólans um inntöku í deildina, en ráða má af umsögninni, að hún telur þá ekki fullnægja eðlilegum þekkingarkröfum. Verkfræðideild telur að sjálfsögðu væntanlega stúdenta frá Kennaraskólanum ekki fullnægja inntökuskilyrðum, og ekki eru horfur á, að hliðstæðum inntökuskilyrðum verði breytt í lyfjafræði lyfsala og í námi í stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði til B.A.-prófa. Rétt er einnig að benda á, að við samningu á tillögum til kennslu í náttúrufræði á s. l. sumri var um það rætt að áskilja sem inntökuskilyrði meiri þekkingu í raunfræðum en er að vænta hjá máladeildarstúdentum.

Háskólaráð leyfir sér að leggja í umsögn sinni áherzlu á þörfina á endurskoðun á menntaskólanámi í heild. Háskólaráði er kunnugt um tillögur skólamálanefndar frá 1958, en telur, að það endurskoðunarstarf þurfi að taka upp að nýju og eðlilegast sé, að um það fjalli fulltrúar frá háskólaráði og menntaskólum.

Háskólaráð leyfir sér að vænta þess, að áður en reglugerð um Kennaraskóla Íslands verði gefin út, verði leitað umsagnar þess m. a. um námsskrá framhaldsdeildar.

Að öðru leyti er rektor falið að skýra viðhorf háskólaráðs og háskóladeilda í nefnd þeirri, er um málið fjallar.

Með sérstakri virðingu,

Ármann Snævarr,
rektor.

Til menntamálaráðherra, dr. Gylfa Þ. Gíslasonar, Reykjavík.

Fylgiskjal V.

Stutt greinargerð um tengsl Kennaraskóla Íslands við Háskóla Íslands samkv. drögum til lagafrumvarps um Kennaraskóla Íslands.

1. **Inntökuskilyrði í Kennaraskólann:**
   a. Landspróf.
   b. Fullgilt gagnfræðapróf bóknámsdeildar (eftir 4 ára gagnfræðanám) með lágmarkseinkunn í tilteknum höfuðgreinum samkv. nánari ákvæðum reglugerðar.

2. **Nám í Kennaraskóla fram að almennu kennaraprófi og samanburður á námsefni til þess og til stúdentspróf frá menntaskólum.**

   Námið í kennaraskóla á samkv. hinum nýju tillögum að taka fjögur ár. Að verulegu leyti eru kenndar sömu námsgreinar og í menntaskólum, en þó eru t. d. hvorki kennd þar latína né franska. Áherzla er að sjálfsögðu lögð þar á uppeldisgreinar, þ. e. sálarfræði, uppeldisfræði, skólasögu og kennslufræði, en auk þess eru kenndar þar landafræði, heilsufræði og kristin fræði, sem ekki eru á námsskrá menntaskóla. Námsstundir á viku eftir fjögurra ára nám í einstökum greinum kennaranáms og náms í stærðfræðideild og máladeild menntaskóla eru greindar í eftirfarandi töflu:

Námsgreinar		Menntaskólinn stærðfræðideild	Menntaskólinn máladeild	Kennaraskólinn
Íslenzka		17	17	19
Danska		7	8	9
Enska		10	19	12
Þýzka		12	14	9
Saga		8	12	8
Náttúrufræði		9	9	8
Eðlis- og efnafræði		21	6	4
Stærðfræði		24	11	7
Latína		4	18	
Franska		8	11	
Uppeldisgreinar:				
Uppeldis- og sálarfræði	7			
Skólasaga	2			
Kennslufræði	6			
Kennsluæfingar	6			
	21			21
Kristin fræði	6			
Heilsufræði	2			
Landafræði	4			12

3. **1 árs framhaldsdeild til að búa kennara undir stúdentspróf.**

   Lagt er til, að stofnuð verði framhaldsdeild, er hafi ofangreint hlutverk svo og að sérmennta kennara í einstökum greinum. Rétt til inngöngu hafi þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi með fyrstu einkunn 1965 eða síðar. Heimilt er þó að veita kennurum, sem fyrr hafa lokið prófi, rétt til að þreyta inntökupróf í framhaldsdeild. Lokapróf úr framhaldsdeild er stúdentspróf, „og veitir það rétt til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem settar eru í lögum hans og reglugerð.“

   Lagt er til, að framhaldsdeild starfi í tveimur hlutum, og sé annar miðaður við þá, sem hyggjast leggja stund á hugvísindi, en hinn fremur við þá, sem

leggja vilja stund á raunvísindi (ekki sízt í framhaldsnámi fyrir kennara í háskólanum). Í eftirfarandi töflu er lýst námsefni í deildinni, og til samanburðar er greint námsefni í menntaskólum:

Námsgreinar	Menntaskólinn stærðfræðid.	Menntaskólinn málad.	Kennarask.	Kennaraskólinn framh.deild A	Kennaraskólinn framh.deild. B
Íslenzka	17	17	19		
Danska	7	8	9		
Enska	10	19	12	7	7
Þýzka	12	14	9	6	6
Saga	8	12	8	4 (þjóðf.)	4
Náttúrufræði	9	9	8	5	5
Eðlis- og efnafræði	21	6	4	0	6
Stærðfræði	24	11	7	4	4
Latína	4	18		6	0
Franska	8	11			
Uppeldisgreinar			21		

Samkvæmt þessum tillögum hafa þeir kennarar, er ljúka stúdentsprófi, stundað nám í 5 ár frá landsprófi (a. m. k. vel flestir þeirra).

Beiðzt er umsagnar deildarforseta og háskóladeilda um þessar tillögur, bæði almennt og sérstaklega að því er varðar hverja einstaka deild og námsefni og námskröfur hennar.

10. des. 1962.

Ármann Snævarr.

Fylgiskjal VI.

Umsögn háskólaráðs um frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands.

Háskólaráð getur í meginatriðum fallizt á þá tilhögun, sem í frumvarpinu felst, að því er varðar tengsl Kennaraskólans við Háskólann, en tekur þó undir breytingartillögur heimspekideildar. Um viðhorf einstakra háskóladeilda vísar háskólaráð til umsagnar deildanna um áðurgreint frumvarp, og fylgja þær skjali þessu.

Bent er á, að væntanlegir stúdentar frá Kennaraskólanum fullnægja hvorki inntökuskilyrðum í verkfræðideild né í lyfjafræði lyfsala, þar eð krafizt er stúdentsprófs stærðfræðideildar til skráningar í þessum greinum. Enn fremur er bent á, að nám til B.A.-prófs er í endurskoðun, og má vera, að áskilið verði frekara undirbúningsnám í raunfræðum til náms í nokkrum B.A.-greinum en frumvarpið gerir ráð fyrir. Að lokum skal vakin athygli á umsögn læknadeildar og því, að oft hefur verið um það rætt að krefjast sem inntökuskilyrðis í þá deild meiri þekkingar í a. m. k. eðlis- og efnafræði en nú er að vænta hjá máladeildarmönnum.

Háskólaráð telur æskilegt að gera undirbúningsnám undir háskólanám fjölbreytilegra en nú er. Telur háskólaráð brýna nauðsyn bera til þess að efna sem fyrst til allsherjarendurskoðunar á námi í menntaskólum og öðrum skólum, er rétt hafa til að brautskrá stúdenta, og sé þá m. a. tekið til athugunar að stofna til náttúrufræðilegra og félagsfræðilegra og e. t. v. tæknifræðilegra deilda. Enn fremur sé tekið til könnunar, hvort það sé heppileg tilhögun að hafa skyldubundna kennslu í jafnmörgum tungumálum og nú tíðkast, og yfirleitt sé kannað, hvort unnt sé að skapa nemendum nokkurt kjörfrelsi innan tiltekinna flokka námsgreina. Stefnt sé að því að hagnýta nútímakennslutækni, svo sem frekast eru föng á. Athugað sé enn fremur, á hvaða aldri sé heppilegast, að menn ljúki stúdentsprófi.

Það hefði að dómi háskólaráðs verið æskilegt, að slík endurskoðun lægi fyrir, áður en stofnað var til stúdentsnáms við Kennaraskóla Íslands. Háskólaráð telur sig þó geta tekið afstöðu til málsins á þessu stigi í trausti þess, að stofnað verði til framangreindrar endurskoðunar, enda verði þá væntanlegum lögum breytt með hliðsjón af niðurstöðum slíkrar endurskoðunar, ef því er að skipta.

Háskólaráð leggur að lokum áherzlu á, að ekki verði hafizt handa um neina þá kennslu í Kennaraskóla Íslands, sem fari í bág við það hlutverk Háskóla Íslands að sjá kennurum í skólum gagnfræðastigs fyrir undirbúningsmenntun eftir að námi lýkur í skólum, er rétt hafa til brautskráningar stúdenta.

Að þessu athuguðu getur háskólaráð fallizt á tilhögun frumvarpsins, að því er tengslin varðar við Háskólann, og á þá námsskrá, sem samin hefur verið á grundvelli þess.

Fylgiskjal VII.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
— Guðfræðideild —

Reykjavík, 17. jan. 1963.

Ég leyfi mér að senda yður, herra rektor, álitsgjörð guðfræðideildar vegna frv. um Kennaraskóla Íslands, að því er tekur til tengsla Kennaraskólans við Háskólann.

Á fundi sínum 18. des. 1962 samþykkti deildin eftirfarandi: „Guðfræðideildin mælir með því, að þessi greinargerð („greinargerð rektors um tengsl K. Í. við H. Í., dags. 10. des. 1962“) verði lögð til grundvallar lagafrv. og hljóti það frv. samþykki.

Deildin bendir á, að æskilegt væri, að á stúdentsprófsskírteini séu taldar greinarnar í töflu II í greinargerð rektors, en auk þeirra einnig greinarnar í töflu I, sem sleppt er, þ. e. kristin fræði, heilsufræði og landafræði.“

Virðingarfyllst,

Þórir Kr. Þórðarson,
deildarforseti.

Til rektors Háskóla Íslands.

Fylgiskjal VIII.

Álit læknadeildar um lagafrumvarp um Kennaraskóla Íslands.

Deildin telur, að væntanlegum stúdentum frá Kennaraskólanum verði því aðeins veitt inntaka í læknadeild, að þeir hafi staðizt próf í náttúrufræði, eðlisfræði, efnafræði, stærðfræði og latínu, sem geri ekki minni kröfur en samsvarandi próf við Menntaskóla Reykjavíkur.

Læknadeild telur, að stofnun framhaldsdeildar við Kennaraskóla Íslands ætti að gefa tækifæri til að útskrifa stúdenta, sem væru hæfir til háskólanáms í hinum ýmsu greinum náttúruvísinda. Slíkt háskólanám væri m. a. miðað við að undirbúa menn til kennslu við miðskóla.

Framhaldsdeild við Kennaraskóla Íslands yrði því að leggja megináherzlu á kennslu í almennri náttúrufræði, stærðfræði, efnafræði og eðlisfræði.

Fylgiskjal IX.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
— Lagadeild —

Reykjavík, 6. febr. 1963.

Um tengsl Kennaraskóla Íslands við Háskóla Íslands.

Deildarkennarar hafa kynnt sér greinargerð um ofangreint mál og drög að frumvarpi um Kennaraskóla Íslands. Þeir hafa orðið sammála um að láta uppi svofellt álit:

Undanfarið hefur það tíðkazt nokkuð, að nýir skólar hafa fengið réttindi til þess að brautskrá stúdenta. Þá hefur og námsefni hinna eldri menntaskóla verið nokkuð breytt og þeim skipt í deildir.

Stúdentspróf veitir almennt rétt til innritunar til náms í deildum Háskóla Íslands, sbr. þó 30. gr. háskólareglugerðar. Hér geta því skapazt og hafa skapazt nokkur vandamál fyrir Háskólann og þá einkum um það, hver afstaða hans eigi að vera í þessum efnum. Svipuð vandamál koma og til um erlenda stúdenta, þótt hegðunarvald Háskólans sé þar rýmra.

Þetta vandamál allt þarf að taka til gagngerðrar athugunar, og er því varhugavert að halda lengra á þeirri braut, sem farin hefur verið. Að gefnu því tilefni, sem hér er um að ræða, vill deildin vekja athygli háskólaráðs á þessum almennu sjónarmiðum.

Um frumvarpið sjálft og samband þess við lagadeildina sérstaklega er það álit hennar, að náms- og prófkröfur þær, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, fullnægi sæmilega þeim kröfum, sem deildin verður að gera, og ekki verr en sumir skólar, er rétt hafa til þess að brautskrá stúdenta.

Rektor, sem er einn deildarkennara, hefur stöðu sinnar vegna óskað þess að taka ekki þátt í afgreiðslu málsins innan deildar.

Virðingarfyllst,

Theodór B. Líndal,
deildarforseti.

Til háskólaráðs.

Fylgiskjal X.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
— Heimspekideild —

Reykjavík, 17. jan. 1963.

Hér með sendi ég yður, herra rektor, umsögn heimspekideildar um **Frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands.** Deildin samþykkti með 6 atkv. gegn 1 að mæla með samþykkt frumvarpsins með nokkrum breytingum.

Prof. Þórhallur Vilmundarson, sem atkvæði greiddi gegn samþykktinni, lagði fram eftirfarandi greinargerð og óskaði bókunar á henni:

„Þar sem ég undirritaður er andvígur þeirri stefnu í íslenzkum skólamálum að veita ýmsum sérskólum, fyrst Verzlunarskóla Íslands og nú Kennaraskóla Íslands, rétt til að útskrifa stúdenta, tel þá stefnu af mörgum ástæðum varhugaverða, sé ég mér ekki fært að mæla með samþykkt frumvarps til laga um Kennaraskóla Íslands, sem lagt mun verða fyrir alþingi á 83. löggjafarþingi 1963."

Virðingarfyllst,

Matthías Jónasson,
deildarforseti.

Til rektors Háskóla Íslands.

Athugasemdir við Frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands.

Heimspekideild Háskóla Íslands hefur athugað ofangreint lagafrumvarp og mælir með samþykkt þess, að tilskildum eftirgreindum breytingum. Jafnframt væntir deildin þess, að reglugerð kveði á um lágmarkskröfur í mikilvægum námsgreinum til stúdentsprófs, enda fái deildin á sínum tíma reglugerðarfrumvarpið til umsagnar.

2. gr., 3. málsliður: „Námskröfur til stúdentsprófs framhaldsdeildar skulu ...“ orðist þannig: Námskröfur til stúdentsprófs frá Kennaraskóla Íslands skulu ...

Síðar í sama málslið: „... gilda til stúdentsprófs og fella þá niður annað námsefni ...“ orðist þannig: og fella þá niður innan takmarka, sem ákveðin eru í reglugerð, annað námsefni ...

5. gr., 2. málsliður: Niður falli „... enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur.“

Álíta verður að reglugerð ákveði lágmarkseinkunn í þeim námsgreinum, sem þörf þykir að ákveða um. Heimspekideild getur þó fallizt á eftirfarandi orðalagsbreytingu á nefndum málslið, enda þótt hún telji framangreint brottfall viðbótarinnar æskilegra. Í stað orðanna „enda gangi gagnfræðingar ...“ komi: ... ella þreyti gagnfræðingar viðbótarpróf í þeim greinum, þar sem ekki er fullnægt einkunnakröfum reglugerðar.

5. gr., 4. málsliður orðist svo: Heimila má ... inngöngu í deildina, en vilji þeir þreyta stúdentspróf, skulu þeir ljúka viðbótarprófi, sem nánar er kveðið á um í reglugerð.

5. gr., lokamálsliður, orðist þannig: ... og öðrum matsaðferðum. Sá úrskurður undanþiggur nemendur þó ekki ofangreindum inntökuskilyrðum. Ákveða má ...

7. gr., 1. málsliður: „... ef þörf krefur“ falli brott.

15. gr.: „... og allt, sem henni við kemur“ falli brott.

23. gr. — falli undir V. Handavinnudeild.

25. gr., málsgreinarlok: „... eftir því, sem þörf er á“ falli brott.

Varðandi 2. gr., 3. málslið, 2. málsgr. leyfir deildin sér að benda á þetta: Eðlilegra væri, að deild sú, sem lýkur með stúdentsprófi, héti menntadeild. Hins vegar verði sú deild nefnd framhaldsdeild, sem ætlað er það hlutverk að veita nemendum framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Samkvæmt því yrði **undirbúningsdeild sérnáms** 5. deildin.

Í 15. gr. er óljóst kveðið á um stöðu skólastjóra Kennaraskólans í stjórn Æfingaskólans. Æskilegt virðist, að vald og ábyrgð hvors skólastjóra um sig væri nánar ákveðin.

Fylgiskjal XI.

Athugasemdir varðandi Kennaraskóla Íslands frá verkfræðideild Háskóla Íslands.

Verkfræðideildin hefur haft til athugunar greinargerð háskólarektors, dags. 10. 12. 1962, um tengsl Kennaraskóla Íslands við Háskóla Íslands samkv. drögum til lagafrumvarps um Kennaraskóla Íslands. Svo sem beiðzt er í lok greinargerðar þessarar, leyfir deildin sér að senda nokkra umsögn.

Deildin hefur og fengið í hendur frumvarp til laga um Kennaraskóla Íslands, lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63. Í frumvarp þetta vantar ýmis atriði, sem í greinargerðinni eru, og er þeim að líkindum ætlaður staður í reglugerð. Þar eð þau skipta miklu máli, hlýtur deildin að taka tillit til þeirra í umsögninni, sem því er einkanlega miðuð við greinargerð rektors.

Er fjalla skal um tengsl milli starfssviða Kennaraskóla Íslands og verkfræðideildarinnar, telur deildin rétt að hafa í huga eftirfarandi atriði:

Í því frumhlutverki sínu að veita sérfræðingum háskólamenntun styðst verkfræðideildin beint við stúdentsmenntun í meira mæli en flestar eða allar aðrar deildir háskólans. Deildin lítur svo á, að hún hafi einnig almennara hlutverk að rækja í tækni- og raunvísindaþróun þjóðarinnar. Fyrir hina hærri menntun á því sviði varða auðvitað miklu hinar stærð- og náttúrufræðikenndu greinar menntaskólanna, en einnig ýmsar aðrar. Skal hér nefnt, að íslenzkum raunvísindamönnum er nauðsynleg allmikil kunnátta í lifandi tungumálum, fyrst til að afla sér þekkingar í greinum sínum og þó enn frekar til að fylgjast með í þeim. Auk Norðurlandamála skal hér telja a. m. k. ensku, þýzku og frönsku, og nú orðið jafnvel rússnesku. Enn er þess að sjálfsögðu að gæta, að meðferð raunvísindagreina á barna- og miðskólastigum hlýtur að orka mjög á áhuga og tök nemenda á greinum þessum á hærri námsstigum. Þá er sá hópur ekki lítill, og mun mjög vaxa, sem grundvallar starfskunnáttu sína á raunvísindagreinum án þess að taka stúdentspróf. Og loks leiðir af hinu mikla gildi raunvísinda í lífi allra þjóða nú á tímum, að aukin þekking á þeim telst sjálfsagður hlutur í almennri menntun, einnig þeirra, sem ekki geta kennt starf sitt við þau.

Ætla verður, að tækni- og raunvísindi muni bráðlega valda enn skarpari þáttaskilum í menningu Íslendinga en enn eru orðin. Jafnframt því, sem verkfræðideildin vinnur að eflingu þessara greina í þjóðlífinu, telur hún sér skylt að gefa gaum að vandamálum, sem þeirri eflingu eru samfara, og að láta sig varða aðra þætti uppeldis og fræðslu, sem nauðsynlegir teljast til fjölhliða þroska og menningarjafnvægis.

Breyttir atvinnu-, byggðar- og heimilishættir, ásamt auknum samskiptum við aðrar þjóðir, munu á næstu tímum færa kennarastétt landsins ekki aðeins aukin, heldur og mjög breytt verkefni. Hlýtur kennaraskólanum að verða ætlaður hér mikill hlutur. Auk hinna stöðugu þarfa á að ráða betur en áður við gömul og varanleg viðfangsefni, þarf hann að beina mikilli hugkvæmni og orku að nýjum vandamálum. Í gerð skólans þarf því að ætla aðlögun og framsýni rúm eigi síður en hefðbundnu námsefni og venjum.

Skal nú vikið nánar að einstökum atriðum.

1) Verkfræðideildin er hlynnt því, að fleiri leiðir verði opnar að stúdentsprófi en nú er, og telur, að meiri fjölbreytni í námsefni komi mjög til greina. Að sjálfsögðu þarf að hyggja vel að því fyrirfram, í hvaða notum hver tegund stúdentsmenntunar er tekin upp og þá ekki síst til hvaða háskólanáms hún hentar. Annar hluti framhaldsdeildar kennaraskólans virðist eiga að kennast við raunvísindi, og verður það að teljast villandi. Um hinn deildarhlutann, þar sem latína yrði erfiðasta námsgreinin, skal ekki rætt hér. En fullyrða má, að námsefni „raunvísindadeildar“ í stærð-, eðlis- og efnafræði hlýtur að verða það naumt, að verkfræðideildin myndi ekki telja sig geta tekið við stúdentum þaðan til verkfræðináms án mikils aukalegs undirbúnings. Hið sama mun og eiga við um aðgang að hinu svo nefnda B.A.-námi háskólans í stærðfræðikenndum greinum og einnig um aðgang að námi í slíkum greinum, þar með talinni verkfræði, við háskóla nálægra landa. Verkfræðideildin telur sér og rétt að benda á, að til læknaprófs við háskóla þessara landa eru yfirleitt gerðar talsverðar kröfur um kunnáttu í eðlisfræði. Verði svipaðar kröfur teknar upp hér, stæðu stúdentar Kennaraskólans ekki vel að vígi, og a. m. k. stúdentar „hugvísindadeildar“ mjög illa.

2) Undirbúningur til kennslu í barna- og unglingaskólum skal fara fram í hinni almennu kennaradeild. Auk þess má vænta, að fyrst um sinn a. m. k. verði kennsla út miðskólastigið, og jafnvel út gagnfræðastigið, að verulegu leyti í höndum manna með þennan undirbúning einan. Deildin álítur, að þær núverandi námsgreinar þessara námsstiga, sem mest er áfátt um kennslu í, séu náttúru- og eðlisfræði, og e. t. v. stærðfræði í hinum efstu bekkjum. Sýni- og tilraunakennsla mun lítil og oft engin og vettvangskennslu í náttúrufræði, sem hvað líklegust er til áhugavakningar, mun vanta að kalla. Vart verður séð af frumvarpinu eða greinargerðinni, hver stefna

nú skal mörkuð í meðferð þessara kennslugreina, en ekki verður talið, að þeim sé ætlað mikið rúm í hinni almennu kennaradeild. Eðlis- og efnafræði fá aðeins 4 vikustundir; að vísu verður að miða við það, að nemendur hafi nokkra eðlisfræðikunnáttu fyrir, en þetta verður þó mjög tæpur undirbúningur fyrir þá, sem þurfa að kenna greinina síðar. Sérstaklega í náttúru-, eðlis- og efnafræði eru talsverðar kennsluæfingar við góða handleiðslu nauðsynlegar. Ekki verður séð, hvort nokkuð skuli kennt í stjörnufræði, og á það eins við um framhaldsdeildina; væri óviðkunnanlegt, að sú kennsla yrði alls engin. Vænta verður, að jarðeðlisfræði verði nokkuð kennd í sambandi við landafræði.

3) Á hið almenna skólakerfi munu leggjast auknar kvaðir um undirbúning til ýmissa félagslegra samskipta. Nefna má hér raunhæf verkefni í frágangi opinberra eða almennra plagga, leiðbeiningar um almennar umræður, fræðslu um atvinnugreinar, framleiðslu og viðskipti. Hér má og bæta við umsjón og leiðsögn kennara við leiki og skemmtanir nemenda, leiðbeiningar við nemendur og heimili um ýmis áhuga- og vandamál, o. fl. þ. h. Þessi störf, sem nú geta verið talsverð, munu fara vaxandi. Sýnist þarflegt, að kennaraskólinn veiti nemendum sínum tilsögn í því að vinna slík störf.

4) Í tækniþróuðu þjóðfélagi er farsælleg notkun tómstunda mikilvægt mál. Að henni þarf að leggja drög þegar á barns- og unglingsaldri, og verða einhvers konar skólar að eiga í því mestan þátt, skapa áhuga og veita tilsögn í heppilegri tómstundasýslu af margvíslegu tagi. Margt af þessu hlýtur að vísu að verða falið sérkennurum, en einnig almennir kennarar þurfa að vera hér liðtækir. Til þess að svo megi verða, þurfa þeir sjálfir að hafa notið góðrar kennslu í þessum efnum.

5) Ákvæði 2. gr. frumvarpsins um framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi væru verð nokkurrar athugunar. M. a. væri æskilegt að glöggva sig á afstöðu þess náms til B.A.-náms háskólans. En óhægt er að geta sér til um framkvæmd þess út frá orðum frumvarpsins einum saman.

Vegna smæðar raunvísindagreina í námsáætlun Kennaraskólans er hætt við, að ráðstöfun kennslu í þeim geti orðið nokkuð á reiki. Til góðs árangurs þarf hér að sjálfsögðu bæði góða kunnáttu og eðlishæfni kennarans. Í samanburði við þessi atriði skiptir nám í uppeldisfræði, sem krafizt er af föstum kennurum í 11. gr., minna máli.

Verkfræðideildin þakkar háskólarektor fyrir að hafa gefið henni kost á að kynnast fyrirætlunum um Kennaraskóla Íslands og tjá nokkur viðhorf sín til þessarar mikilsverðu stofnunar.

Mál þetta var rætt á fundi verkfræðideildar 18. des. 1962 og aftur á fundi 3. jan. 1963, þar sem framanskráð umsögn var samþykkt.

Reykjavík, 3. jan. 1963.

Virðingarfyllst,

Leifur Ásgeirsson,
deildarforseti.

Háskólarektor, prófessor Ármann Snævarr.

Fylgiskjal XII.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
Viðskiptadeild.

Reykjavík, 12. janúar 1963.

Umsögn um tillögur um Kennaraskóla Íslands.

Viðskiptadeild hefur falið mér að taka afstöðu fyrir deildina.

Til innritunar í viðskiptafræði er eingöngu krafizt stúdentsprófs, án nokkurra skilyrða um lágmarkseinkunn í sérstökum námsgreinum.

Þær kennslugreinar menntaskólastigs, sem mikilvægastar eru til undirbúnings námi í viðskiptafræðum og hagfræði, eru stærðfræði, saga og nútímatungumál í nágrannalöndum. Samkvæmt fyrirliggjandi tillögum um nám til stúdentsprófs í Kennaraskólanum yrði kennsla í þessum greinum að minnsta kosti jafnmikil og nú er í menntaskólum (að undanskilinni frönsku, sem litlu máli skiptir um undirbúning til viðskipta- og hagfræðináms).

Af þeim sökum getur viðskiptadeild fyrir sitt leyti ekki verið því mótfallin, að Kennaraskólinn útskrifi stúdenta, er nytu sömu réttinda og stúdentar frá menntaskólum.

Rétt er þó að taka fram, að vanþekking máladeildarstúdenta, væntanlegra kennaraskólastúdenta og jafnvel stærðfræðideildarstúdenta á stærðfræði háir kennslu í viðskiptadeild. Ef ekki verður ráðin bót á þessum skorti innan skamms, verður óhjákvæmilegt að hefja kennslu í stærðfræði í viðskiptadeild.

Mismunurinn á námsefni í framhaldsdeild A og framhaldsdeild B er sérstaklega athyglisverður. Hann er sá einn, að í stað 6 tíma latínukennslu í deild A eru 6 tímar í eðlis- og efnafræði í deild B. Mér virðist, að þetta beri vott um, að þeir, sem að undirbúningi tillagnanna standa, hafi ekki fullan skilning á því, hver undirbúningur hæfi bezt til háskólanáms í hinum einstöku fræðigreinum. Erlendis mun títt að greina á milli félagsvísinda og „humanities". Hér á landi er þessum fræðafylkingum skipað í einn og sama flokk: hugvísindi. Má vel vera, að latína sé mikilvæg þeim, sem leggja stund á „humanities", en að minni hyggju er latína alls kostar óþörf þeim, sem leggja stund á a. m. k. nokkrar helztu greinar félagsvísinda: sálfræði, félagsfræði og hagfræði. Fyrir þá, sem ætla að leggja þessar greinar fyrir sig, væri tímanum ólíkt betur varið til annarra námsiðkana.

Rammleg afgirðing tveggja deilda (A og B) virðist vera úrelt fyrirkomulag. Það svaraði miklu betur til óska og þarfa nemenda, að þeim væri leyft að velja frjálst milli nokkurra námsgreina (svo sem latínu, stærðfræði, náttúrufræði o. fl.), sem samanlagt næmu ákveðnum kennslustundafjölda, t. d. 15. Mætti með litlum tilkostnaði auka mjög á fjölbreytni í menntun stúdenta.

Framhaldsdeild Kennaraskólans mun, eins og menntaskólunum, fyrst og fremst ætlað það hlutverk að búa fólk undir háskólanám. Að mínu áliti eiga þessir skólar einnig að gefa þeim fjölda nemenda, sem ekki vilja hefja sérfræðilegt nám, kost á alhliða menntun. Í ljósi þessa tel ég lofsvert, að í tillögunum er gert ráð fyrir nokkurri kennslu í félagsvísindum.

Virðingarfyllst,

Árni Vilhjálmsson,
deildarforseti.

Til rektors Háskóla Íslands.

Nd. **413. Frumvarp til laga** [206. mál]

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla, sem fullnægir eftirgreindum skilyrðum:

1) Hefur a. m. k. einn fastan kennara, auk tveggja eða fleiri stundakennara.
2) Starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með vorprófum og opinberum nemendatónleikum.
3) Veitir hverjum nemanda um sig (einum í einu) kennslu í hljóðfæraleik (píanó, strengja- eða blásturshljóðfæri) eina stund í viku. Auk þess séu a. m. k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónlistarsaga, tónheyrn og samleikur).
4) Hefur a. m. k. 30 nemendur.

2. gr.

Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá allt að ⅓ rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.

3. gr.

Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Gerir menntamálaráðuneytið í sambandi við undirbúning fjárlaga tillögu um fjárveitingu til hvers skóla um sig, með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.

4. gr.

Tónlistarskólar, sem styrks njóta skv. lögum þessum, skulu senda menntamálaráðuneytinu fyrir 15. júní árlega endurskoðaðan rekstrar- og efnahagsreikning sinn fyrir síðastliðið ár, ásamt skýrslu um starfsemi skólans, svo og fjárhags- og starfsáætlun næsta árs. Getur ráðuneytið ákveðið, í hvaða formi skýrslur þessar skuli vera.

5. gr.

Nú berst umsókn um rekstrarstyrk til tónlistarskóla, sem er að hefja starfsemi, og skal þá styrkur eigi veittur fyrr en menntamálaráðuneytið hefur kannað allar aðstæður til að starfrækja styrkhæfan skóla á viðkomandi stað. Ef skilyrði til skólahalds reynast fyrir hendi, þá skal styrkur í fyrsta sinn ákveðinn með hliðsjón af rekstraráætlun.

6. gr.

Styrkur skal veittur tónlistarskólum til hljóðfærakaupa, eftir því sem fé er veitt til í fjárlögum. Menntamálaráðuneytið skiptir styrknum með hliðsjón af þörf skólanna. Styrkur má þó aldrei vera hærri en nemi ⅓ af andvirði hljóðfærisins.

7. gr.

Heimilt er að veita styrki til tónlistarkennslu á stöðum, sem ekki fullnægja framangreindum skilyrðum um tónlistarskóla. Skulu styrkumsóknir sendar menntamálaráðuneytinu eigi síðar en 15. júní ár hvert, ásamt nákvæmri skýrslu um kennsluna síðastliðinn vetur og kostnað við hana, svo og starfs- og kostnaðaráætlun fyrir næsta starfsár. Ef ástæða telst til styrkveitingar, gerir menntamálaráðuneytið síðan tillögu um fjárlagastyrk til slíkrar tónlistarkennslu með hliðsjón af því, hversu fullkomna og fjölþætta kennslu er um að ræða. Styrkhlutfall má þó aldrei vera hærra en gildir um tónlistarskóla.

8. gr.

Menntamálaráðuneytið getur kvatt sér til ráðuneytis um framkvæmd laga þessara sérfróða menn í tónlistarmálum.

9. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má þar gera að skilyrði fyrir styrkgreiðslu, að námsskrá hlutaðeigandi skóla hafi hlotið staðfestingu menntamálaráðuneytisins.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 1. og 2. október s. l. boðaði menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, skólastjóra tónlistarskólanna til fundar í Reykjavík til þess að ræða fjármál skólanna og skipulag. Í framhaldi af þeim fundi var þeim Birgi Thorlacius, ráðuneytisstjóra, Jóni Nordal, skólastjóra og Magnúsi Jónssyni, alþingismanni, falið að gera tillögu um styrkveitingar til tónlistarskóla í sambandi við samningu fjárlaga fyrir árið 1963. Eru fjárveitingar í gildandi fjárlögum í samræmi við tillögur þeirra.

Sömu mönnum var síðan falið að semja frumvarp til laga um fjárhagsstuðning við tónlistarskóla. Hafa þeir samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir, og fylgdi því af þeirra hálfu svofelld greinargerð:

Hinn 1. júní 1959 gaf menntamálaráðuneytið út reglugerð um kennaramenntun í söng og tónlist. Með henni var komið á fót við Tónlistarskólann í Reykjavík sérstakri deild til að sérmennta og útskrifa tónlistarkennara við barna-, unglinga- og framhaldsskóla, en Kennaraskóli Íslands hefur áfram með höndum kennslu, sem veitir réttindi til söngkennslu í skólum skyldunámsins, nema í þeim skólum, sem hafa sérkennara í söng, þar ganga tónlistarkennarar úr kennaradeild Tónlistarskólans fyrir. Er samstarf með Tónlistarskólanum og Kennaraskólanum um menntun söng- og tónlistarkennara. Skortur á söng- og tónlistarkennurum hefur staðið kennslu í þessari grein nokkuð fyrir þrifum. En í námsskrá, sem menntamálaráðuneytið gaf út 16. september 1960 fyrir skyldufræðslustigið, eru allýtarleg ákvæði um söng- og tónlistarkennslu. Má gera ráð fyrir, að með þessu hvoru tveggja, námsskránni og samstarfi Tónlistarskólans og Kennaraskólans um menntun kennaranna, sé lagður grundvöllur að verulegum endurbótum í þessu efni, að því er skyldufræðslustigið varðar, og taldi nefndin, sem frv. þetta samdi, ekki ástæðu til að fjalla um þá hlið tónlistarfræðslu í frumvarpinu. En hin æðri tónlistarfræðsla fer fram í einkaskólum, sem njóta styrks frá ríki og sveitarfélögum, og er æskilegt að setja ákvæði um aðild hins opinbera að þeirri starfsemi.

Hinn 27. maí 1960 samþykkti Alþingi svofellda þingsályktunartilllögu frá Magnúsi Jónssyni, Benedikt Gröndal og Kjartani J. Jóhannssyni:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa löggjöf um tónlistarfræðslu, þar sem m. a. séu sett skýr ákvæði um aðild ríkisins að þessari fræðslu, hlutdeild ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við tónlistarskóla og hvaða skilyrði skólar þessir þurfa að uppfylla til að njóta ríkisstyrks.“

Í framhaldi af þessari ályktun boðaði menntamálaráðherra skólastjóra allra tónlistarskóla á landinu til fundar í Reykjavík dagana 1. og 2. október 1962, og voru þar rædd málefni þessara skóla almennt, þ. á m. fjárhagsgrundvöllur þeirra. Á fundi þessum kom í ljós, að skólastjórarnir voru ánægðir með stofnun kennaradeildarinnar við Tónlistarskólann í Reykjavík, og var talið æskilegt að lengja starfstíma hennar hið fyrsta úr tveimur árum í þrjú. Taldi fundurinn einnig æskilegt, að samræmt yrði námsefni og prófkröfur tónlistarskólanna, og í frumvarpi því, sem nefndin hefur samið, er gert ráð fyrir, að gera megi að skilyrði fyrir styrkgreiðslu, að námsskrá hlutaðeigandi skóla hafi hlotið staðfestingu menntamálaráðu-

neytisins. Fundurinn taldi framlög ríkis og sveitarfélaga til tónlistarskóla ónóg, og að rétt og eðlilegt væri að miða þau við fjölda nemenda og kennslugreina, auk sérstakra aðstæðna á hverjum stað, enda sé þá haldið uppi svo fullkominni kennslu í nauðsynlegum aukagreinum sem frekast er unnt. Er leitazt við í frumvarpinu að taka tillit til þessa og tekið fram í 1. grein, hvaða skilyrðum tónlistarskólar þurfi að fullnægja til þess að njóta fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði. Nú hagar vitanlega víða þannig til, að ekki eru skilyrði til að reka tónlistarskóla, er fullnægi þeim kröfum, sem í frumvarpinu eru gerðar, og er þá gert ráð fyrir, að veittur verði styrkur í fjárlögum til tónlistarkennslu á slíkum stöðum eftir því um hve fullkomna og fjölþætta fræðslu er að ræða. Þó mega slíkir styrkir aldrei verða hlutfallslega hærri en til tónlistarskóla.

Á fundi skólastjóra tónlistarskólanna voru menn á einu máli um, að æskilegt væri að fá sérstakt framlag handa tónlistarskólum til kaupa á hljóðfærum, nótum og öðrum kennslutækjum, og stuðla að útgáfu kennslubóka, svo og að koma á fót í Reykjavík hljómplötu- og nótnasafni, sem skólarnir allir gætu átt aðgang að. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að góð hljóðfæri kosta mjög mikið fé, og eru aðflutningsgjöld hár liður í þeim kostnaði. Taldi fundurinn brýna nauðsyn bera til þess, að afnumdir yrðu eða lækkaðir stórlega tollar á hljóðfærum, og skólunum gert auðvelt að eignast vönduð vélræn tónflutningstæki (segulbönd, segulbandstæki, hljómplötur og grammófóna). Fór menntamálaráðuneytið fram á með bréfi til fjármálaráðuneytisins 15. febrúar 1963, að við endurskoðun þá, sem nú fer fram á tollskrárlögunum, verði tekið tillit til þeirra óska, sem að framan er lýst. Tónlist er mikið menningaratriði í félagslífi og á heimilum, og er því æskilegt, að aðflutningsgjöld á hljóðfærum séu lækkuð frá því, sem verið hefur. Til þess að auðvelda tónlistarskólunum hljóðfærakaup og fleira, voru teknar 200 þús. kr. í fjárlög fyrir árið 1963 (14. gr. B. XLV. 24.).

Meginstefna þessa frumvarps er, að tónlistarskólarnir verði áfram, eins og verið hefur, einkaskólar, er njóti fjárhagslegs stuðnings úr ríkissjóði og frá hlutaðeigandi sveitarsjóði. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að skólarnir fái allt að ⅓ rekstrarkostnaðar sins greiddan úr ríkissjóði, en þó aldrei hærri fjárhæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags. Jafnframt er kveðið á um, hvaða skilyrðum tónlistarskóli þurfi að fullnægja til að teljast styrkhæfur. Aðalskilyrðin eru: að við skólann starfi a. m. k. einn fastur kennari, auk tveggja stundakennara, að skólinn starfi minnst 7 mánuði á ári og ljúki með vorprófum og opinberum nemendatónleikum, að skólinn veiti hverjum nemanda um sig (einum í einu) kennslu í hljóðfæraleik (píanó, strengja- eða blásturshljóðfæri), auk kennslu a. m. k. tveggja aukanámsgreina í hóptímum (tónfræði, tónlistarsaga, tónheyrn og samleikur), og loks, að hver skóli hafi a. m. k. 30 nemendur.

Ef óskir berast um rekstrarstyrk til tónlistarskóla, sem er að hefja störf, þá er menntamálaráðuneytinu ætlað að kanna aðstæður til stofnunar og rekstrar slíks skóla á viðkomandi stað, og getur ráðuneytið í því sambandi og við aðra framkvæmd laganna kvatt sér til aðstoðar sérfróða menn í tónlistarmálum. Þá kveður frumvarpið á um það, að ráðuneytið skuli í sambandi við undirbúning fjárlaga hverju sinni gera tillögur um fjárveitingu til hvers tónlistarskóla um sig með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu hans síðasta starfsár, og eins og áður segir, er einnig heimilt skv. frumvarpinu að veita styrki til tónlistarkennslu á stöðum, sem ekki fullnægja skilyrðum um rekstur tónlistarskóla. Skulu beiðnir um slíka styrki sendast menntamálaráðuneytinu, sem síðan gerir tillögur um styrkveitingar í fjárlögum, ef ástæða virðist til.

Í sambandi við undirbúning þessa frumvarps fékk nefndin Jón Þórarinsson, tónskáld, til þess að heimsækja alla starfandi tónlistarskóla á landinu og kynna sér aðstæður þeirra. Fer hér á eftir yfirlit, er hann gerði, um nemendafjölda, tölu kennara, skólagjöld, fjárlagastyrk og styrk frá sveitarsjóði hvers skóla:

Skólasókn og kennaralið.

	Nemendur: reglul.	sérst.[1])	Kennarar:[4]) fastr.	stundak.
Tónlistarskólinn í Reykjavík[2])	201		4	23
— Kennaradeild	8		2	
Tónlistarskóli Akureyrar	67		3	3
Tónlistarskóli Ísafjarðar	36		1	3
Tónskóli Siglufjarðar	36	50	2	
Tónlistarskóli Siglufjarðar	12		1	
Tónlistarskóli Akraness	41	43	1	3
Tónlistarskóli Árnessýslu	38		1	3
Tónlistarskóli Rangæinga	27		1	
Tónlistarskóli Eyrarbakka	15		1	
Tónlistarskólinn í Keflavík	56	20	1	5
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	65	78	1	5
Tónlistarskóli Neskaupstaðar	35	10	1	1
Tónlistarskóli Húsavíkur[3])	28		1	
Samtals	665	201	21	46

Rekstrargrundvöllur.

Eftirfarandi yfirlit sýnir tekjustofna skólanna skólaárið 1961—62. Skólagjöldin munu þó í sumum tilfellum vera áætlaðar upphæðir fyrir yfirstandandi skólaár. Opinberu styrkirnir eru tilfærðir eins og þeir voru 1962.

	Skólagjöld	Ríkisst.	Bæjarst.	Aðrar tekjur
Tónlistarskólinn í Reykjavík	402 þús.	110 þús.	250 þús.	250 þús.[1])
— Kennaradeild		185 —		
Tónlistarskóli Akureyrar	130 —	40 —	80 —	10 —[2])
Tónlistarskóli Ísafjarðar	70 —	30 —	20 —	
Tónskóli Siglufjarðar	54 —	15 —	15 —	64 —[3])
Tónlistarskóli Siglufjarðar	18 —	15 —	15 —	
Tónlistarskóli Vestmannaeyja		15 —[4])		[8]
Tónlistarskóli Akraness	74 —	30 —	30 —	
Tónlistarskóli Rangæinga	19 —	10 —	10 —	
Tónlistarskóli Árnessýslu	43 —	10 —	50 —[5])	15 —[6])
Tónlistarskóli Eyrarbakka	20 —	10 —		
Tónlistarskólinn í Keflavík	68 —	20 —	35 —[7])	
Tónlistarskóli Eskifjarðar		10 —[8])		
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	80 —	30 —	15 —	83 —[9])
Tónlistarskóli Neskaupstaðar	30 —	10 —	10 —	
Tónlistarskóli Húsavíkur	22 —	10 —	10 —	
Samtals	1030 þús.	550 þús.	540 þús.	422 þús.

1) Sérstakir nemendur eru taldir þátttakendur í námskeiðum, drengir í drengjalúðrasveit í Hafnarfirði o. s. frv. — 2) Tónlistarskólinn í Reykjavík er hér tekinn með vegna heildaryfirlits, þótt skýrsla J. Þ. nái ekki til hans að öðru leyti. — 3) Skólinn á Húsavík starfar 4 mán. á þessu skólaári (3 mán. í fyrra vetur). — 4) Fáeinir kennarar eru tvítaldir, þar eð þeir kenna við tvo skóla.

1) Frá Tónabíói. — 2) Úr Menningarsjóði KEA. — 3) Úr bæjarsjóði fyrir kennslu skólabarna 10 þús., úr Menningarsjóði ASÍ 10 þús., tekjur af námssk. 24 þús., tekjur af pylsuvagni 10 þús., gjafir 10 þús. — 4) Ógreiddur, þar sem skólinn hefur ekki starfað síðustu ár. — 5) Úr sýslusj. 25 þús., úr hreppssj. 25 þús. — 6) Frá Tónlistarskóla Rangæinga fyrir kennslu. — 7) Úr bæjarsj. Keflavíkur 30 þús., frá Njarðvíkurhr. 5 þús. — 8) Ógreiddur, þar sem skólinn hefur ekki starfað síðustu ár. — 9) Óbeinn bæjarst., þar í laun kennara drengjalúðrasveitar.

Framlög til tónlistarskóla í fjárlögum fyrir árið 1963 nema samtals kr. 889 284.00, auk 200 þús. kr. til hljóðfærakaupa o. fl.

Útgjöld ríkissjóðs á árinu 1964 mundu samkvæmt frumvarpi þessu væntanlega verða rúmlega 1.2 milljónir króna, miðað við þær upplýsingar, sem tekizt hefur að afla um rekstrarkostnað tónlistarskóla 1961—62. Þar að auki er hinn sérstaki styrkur til hljóðfærakaupa.

Benda má á, að fjárframlög til tónlistarskólanna eru vitanlega jafnan í höndum Alþingis við samningu hverra fjárlaga, því að einungis er miðað við, að styrkurinn geti orðið allt að ⅓ rekstrarkostnaðar, og styrkur til tónlistarfræðslu, þar sem ekki eru tónlistarskólar, má aldrei verða hlutfallslega hærri en styrkurinn til skólanna. Er matsatriði ráðuneytis og Alþingis við gerð fjárlaga hverju sinni, hve mikill stuðningurinn verður innan þessa ramma.

Ed. 414. Frumvarp til laga [207. mál]

um breyting á lögum nr. 69 frá 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Flm.: Jón Þorsteinsson.

1. gr.

1. Á eftir b-lið 30. gr. laganna komi nýr liður (liðatalan breytist í samræmi við það), svo hljóðandi:

   Þó má leggja útsvar á einstaklinga og félög í öðrum sveitarfélögum en þar sem þeir eiga lögheimili eða aðalstarfsemi þeirra fer fram, ef aðili hefur þar útibú, rekur þar verzlun, iðnað, fiskverkun eða síldarsöltun. Á hverjum stað má þó aðeins leggja á þær eignir, sem þar eru, og þær tekjur, sem þaðan eru fengnar.
2. Niður falli j-liður sömu lagagreinar (liðatalan breytist í samræmi við það).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hinn 16. apríl 1962 voru samþykkt á Alþingi lög um tekjustofna sveitarfélaga, er leystu af hólmi útsvarslögin frá 1945 ásamt síðari breytingum á þeim lögum. Með lögunum um tekjustofna sveitarfélaga voru lögfest mörg nýmæli og ýmsar róttækar breytingar gerðar frá eldri reglum. Þó að löggjöf þessi í heild væri til mikilla bóta, var ekki við því að búast, að öll nýmæli laganna fengju staðizt til frambúðar.

Nú hefur reynslan leitt í ljós, að reglur laganna um það, að ekki megi leggja tekju- og eignaútsvör á félög og einstaklinga, sem atvinnurekstur stunda, nema í einu sveitarfélagi, eru mjög óheppilegar og hafa leitt af sér margs konar misrétti. En samkvæmt lögunum skal leggja á einstakling aðeins þar, sem hann á lögheimili, en á félag skal einvörðungu leggja þar, sem aðalstarfsemi þess fer fram. Þegar einstaklingur eða félag rekur atvinnu í fleiri sveitarfélögum en einu, er nauðsynlegt, að heimild sé fyrir hendi til þess, að viðkomandi sveitarfélög geti lagt tekju- og eignaútsvar á atvinnureksturinn. Frumvarp þetta miðar að því að bæta úr þessum annmarka með því að taka upp í grundvallaratriðum, en þó í einfaldara formi en áður, reglur útsvarslaganna gömlu á þessu sviði.

Á fulltrúaráðsfundi kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi, sem haldinn var á Húsavík dagana 17.—19. sept. s. l., var m. a. samþykkt eftirfarandi áskorun til Alþingis:

„Að félög og fyrirtæki verði útsvarsskyld á þeim stöðum, sem starfsemi þeirra fer fram (30. gr. b-lið verði breytt og 30. gr. j-liður felldur niður). Vekur fundurinn athygli á því, að á þessu ári eru sum stærstu fyrirtæki í aðildarkaupstöðunum útsvarslögð að öllu leyti í Reykjavík."

Frumvarp þetta miðar að því að verða við framangreindum óskum fulltrúafundar kaupstaðanna á Vestur-, Norður- og Austurlandi.

Ed. 415. Nefndarálit [104. mál]

um frv. til laga um rétt manna til að kalla sig verkfræðinga, húsameistara eða tæknifræðinga.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og mælir með samþykkt þess.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Fjarstaddur afgreiðslu málsins í nefnd var Ásgeir Bjarnason.

Alþingi, 18. marz 1963.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm.
Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.
Magnús Jónsson.
Hermann Jónasson.

Ed. 416. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til laga um kirkjugarða.

Frá Sigurvin Einarssyni.

1. Við 4. gr. 2. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
   Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins og þjóðminjavörður og tveir menn kosnir af kirkjuþingi til 4 ára í senn.
2. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs, enda er þeim heimilt leg í honum.
   Heimilt er biskupi að banna greftrun í heimagrafreit, sé viðhaldi hans og hirðingu ábótavant að dómi sóknarnefndar eða umsjónarmanns kirkjugarða. Sé ekki úr bætt að liðnum hæfilegum fresti, er biskupi heimilt að láta leggja grafreitinn niður.
3. Við 32. gr. Síðari málsl. 2. málsgr. hljóði svo:
   Einnig er kirkjugarðsstjórn rétt að senda slíka umsókn, ef um lík útlendings er að ræða, ef nánir ættingjar hins látna samþykkja flutning eða ef kirkjugarður eða hluti hans er í eyðingarhættu.

Nd. 417. Breytingartillögur [108. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Við 1. gr. Í greinina bætist í stafrófsröð:

1. Davidsen, Thea Frida, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 24. september 1926.
2. Green, Dora, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 18. maí 1928.
3. Johannesen, Guðrun Todnæs, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 21. nóvember 1935.
4. Johannesen, Ingeborg, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 9. janúar 1939.

Nd. 418. Nefndarálit [192. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 47 23. júní 1932, um lækningaleyfi, um réttindi og skyldur lækna og annarra, er lækningaleyfi hafa, og um skottulækningar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar og mælir einróma með, að það verði samþykkt.

Alþingi, 19. marz 1963.

Gísli Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason, frsm.
Jón Skaftason. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 419. Frumvarp til laga [108. mál]

um veitingu ríkisborgararéttar.

(Eftir 3. umr. í Nd., 19. marz.)

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Andersen, Orla Preben, landbúnaðarverkamaður, Teigi í Mosfellssveit, f. í Danmörku 29. janúar 1939.
2. Benke, Veronika Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 6. apríl 1940.
3. Bischoff, Ingeburg (Eiríksson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 21. júní 1928.
4. Bjartmars, Kirsten Fritze, f. Mortensen, húsmóðir í Reykjavík, f. í Danmörku 6. maí 1933.
5. Csillag, Erzsébet Eszter, f. Varga, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 1. janúar 1934.
6. Csillag, György, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. maí 1935.
7. Csillag, József, járnsmiður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 2. júní 1934.

8. Csillag, Rozália, f. Szatmári, húsmóðir í Reykjavík, f. í Rúmeníu 25. nóvember 1937.
9. Dam, Jörgen Kulmbak, verkamaður, Hraunprýði, Engidal, Garðahreppi, f. í Danmörku 27. febrúar 1937.
10. Davidsen, Thea Frida, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 14. september 1926.
11. Einarsson, Lucie, húsmóðir, Bolungarvík, f. í Danmörku 3. september 1936.
12. Fivelsdal, Harald Undertun, bóndi í Dalasýslu, f. í Noregi 15. marz 1940.
13. Frederiksen, Kristian Emil, sjómaður, Akranesi, f. í Reykjavík 3. nóvember 1931.
14. Gottsbacher, Leonilla, húsmóðir á Seltjarnarnesi, f. í Austurríki 29. apríl 1923.
15. Green, Dora, húsmóðir í Reykjavík, f. í Englandi 18. maí 1928.
16. Gærdbo, Finn, sjómaður í Ólafsvík, f. í Færeyjum 25. júní 1938.
17. Hansen, Benny Martin, framreiðslumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 13. júní 1931.
18. Hansen, Jörgen Christian, kjötiðnaðarmaður á Selfossi, f. í Danmörku 26. júní 1938.
19. Hegedüs, Béla, sjómaður á Akranesi, f. í Ungverjalandi 12. janúar 1937.
20. Hentze, Carmen Edith Ruth, f. Heinze, húsmóðir í Saltvík á Kjalarnesi, f. í Þýzkalandi 29. janúar 1931.
21. Hentze Jens Paule Konrad, ráðsmaður í Saltvík á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 25. ágúst 1921.
22. Horváth, Gabriella (Þórðarson), húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 22. júlí 1934.
23. Horváth, József C., bifreiðastjóri í Keflavík, f. í Ungverjalandi 14. júlí 1926.
24. Horváth, Mária T., húsmóðir í Keflavík, f. í Ungverjalandi 7. okt. 1926.
25. Häusler, Margot Helga, hjúkrunarkona á Hólmavík, f. í Þýzkalandi 11. janúar 1937.
26. Jacobsen, Sommer Thorstein, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 22. apríl 1920.
27. Jensen, Aage Christian, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Danmörku 7. ágúst 1915.
28. Jensen, Marianne Sjurðadóttir, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Færeyjum 8. september 1934.
29. Joensen, Asbjörg Alfrida, húsmóðir á Efri-Brúnavöllum, Skeiðahreppi, f. í Færeyjum 3. júlí 1936.
30. Joensen, Hans Sigurd, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 4. apríl 1909.
31. Johannesen, Guðrun Todnæs, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 21. nóvember 1935.
32. Johannesen, Ingeborg, húsmóðir í Reykjavík, f. í Færeyjum 9. janúar 1939.
33. Johansen, Jakob Oluf, verkamaður í Reykjavík, f. í Færeyjum 30. júní 1928.
34. Johnsen Langelyth, Sigrún Dagbjört, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Danmörku 8. júlí 1936.
35. Józsa, Eva, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 24. febrúar 1934.
36. Klimits, Erzsébet, húsmóðir í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 25. júní 1930.
37. Klimits, János, verkamaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 26. nóvember 1936.
38. Klimits, Lajos, bifreiðastjóri í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 16. febrúar 1941.
39. Larsen, Flemming Kaj, verkamaður í Höfn í Hornafirði, f. í Danmörku 29. október 1939.
40. Lau, Betti Meta Frieda Karla, ráðskona í Garðahreppi, f. í Þýzkalandi 26. september 1917.

41. Marten, Margarete Ida Marta (Guðjónsson), húsmóðir í Þorlákshöfn, f. í Þýzkalandi 23. janúar 1932.
42. Mágyár, Ferenc, verkamaður í Ytri-Njarðvík, f. í Ungverjalandi 27. maí 1937.
43. Midjord, Johan Andrew Elmar, sjómaður, Búðum í Fáskrúðsfirði, f. í Færeyjum 27. júlí 1937.
44. Moen, Nils, ráðsmaður í Ölfusi, f. í Noregi 26. febrúar 1932.
45. Munro, Leo, kennari í Reykjavík, f. í Bretlandi 1. ágúst 1925.
46. Niclasen, Niels Jacob, sjómaður, Akureyri, f. í Færeyjum 10. júlí 1933.
47. Nielsen, Bent, verkamaður í Mosfellssveit, f. í Danmörku 27. desember 1932.
48. Nissen, Lilja, f. Bjarnadóttir, húsmóðir í Reykjavík, f. á Íslandi 20. marz 1912.
49. Nissen, Ursula (Sigurðsson), húsmóðir á Tjörn í Aðaldal, f. í Þýzkalandi 29. janúar 1930.
50. Pal, Joli, saumakona í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 9. maí 1914.
51. Peschel, Max, glerslípunarmaður í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 18. september 1902.
52. Petersen, Jens Arne, sjómaður, Stokkseyri, f. í Færeyjum 15. marz 1943.
53. Reiners, Dora, hjúkrunarkona í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 5. október 1938.
54. Reiss, Margarete Herta, húsmóðir í Kópavogi, f. í Þýzkalandi 26. september 1937.
55. Schmidt, Kjerstine Andrea, húsmóðir í Vestmannaeyjum, f. í Danmörku 31. marz 1935.
56. Schrader, Harry Wilhelm, kennari í Reykjavík, f. í Þýzkalandi 28. febrúar 1913.
57. Schultz, Helene, húsmóðir á Selfossi, f. í Danmörku 11. september 1935.
58. Schulz, Johanna, vökukona á Vífilsstöðum, f. í Þýzkalandi 4. marz 1899.
59. Sólrún Hervör Jónsdóttir, f. Heinesen, verkakona í Neskaupstað, f. í Færeyjum 2. ágúst 1944.
60. Stephensen, Gunnlaugur Hans, skrifstofumaður í Reykjavík, f. í Kanada 12. febrúar 1925.
61. Strömmen, Bjarni Jóhann, barn, Akureyri, f. á Íslandi 13. apríl 1951.
62. Strömmen, Grétar Sævar, barn, Akureyri, f. á Íslandi 23. október 1948.
63. Strömmen, Margrét, barn, Akureyri, f. á Íslandi 19. apríl 1954.
64. Strömmen, Róbert, barn, Akureyri, f. á Íslandi 13. marz 1947.
65. Svensson, Ingeborg Lucie Selma (Björnsson), húsmóðir á Siglufirði, f. í Þýzkalandi 6. desember 1934.
66. Tausen, Tryggvi, matsveinn, Bifröst í Borgarfirði, f. í Færeyjum 19. ágúst 1933.
67. Thomsen, Björk, nemandi í Reykjavík, f. í Danmörku 28. október 1945.
68. Thomsen, Lisa, nemandi í Reykjavík, f. í Svíþjóð 17. júlí 1944.
69. Toftum, Torgrim, landbúnaðarverkamaður á Móum á Kjalarnesi, f. í Færeyjum 14. ágúst 1940.
70. Töczik, Mihály, verkamaður í Húsavík, f. í Ungverjalandi 25. júlí 1938.
71. Tölgyes, Miklos, verzlunarmaður í Reykjavík, f. í Ungverjalandi 17. október 1935.
72. Zsibók, József, verkamaður á Akranesi, f. í Ungverjalandi 12. apríl 1936.

2. gr.

Þeir, sem heita erlendum nöfnum, skulu þó ekki öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með lögum þessum, fyrr en þeir hafa fengið íslenzk nöfn samkvæmt lögum um mannanöfn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 420. Frumvarp til laga [92. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum.

(Eftir 2. umr. í Nd., 19. marz.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 12 millj. kr. lán, sem endurlánað verði bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar til vatnsveituframkvæmda, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar. Lánið skal þó ekki nema meira en 85% — áttatíu og fimm af hundraði — af áætluðum heildarkostnaði við framkvæmd verksins. Endurlán ríkissjóðs verði bundið sömu skilyrðum um tæknilegan og fjárhagslegan undirbúning framkvæmdanna og tíðkast við vatnsveitufranikvæmdir, sem fá ríkisábyrgð skv. lögum nr. 93/1947.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Sþ. 421. Nefndarálit [44. mál]

um till. til þál. um fiskiðnskóla.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Efni þessarar tillögu er að skora á ríkisstjórnina að beita sér hið fyrsta fyrir setningu löggjafar um fiskiðnskóla, er ætlað sé það hlutverk að búa menn undir fiskmatsstörf, verkstjórn í fiskiðnaði, kennslu og leiðbeiningarstarfsemi á sama sviði.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, hve mikilsvert það er að efla fiskiðnaðinn hér á landi, gera meðferð sjávaraflans, þar sem honum er breytt í markaðsvöru, sem allra fullkomnasta, til þess að nýting og vörugæði verði sem mest og vinnuafl, vélar og annar útbúnaður komi að fullu gagni, þannig að vinnslugetan njóti sín. Vegna nálægra fiskimiða eiga íslenzkar fiskvinnslustöðvar að geta fengið mjög gott hráefni til vinnslu og standa að því leyti vel að vígi, en hins vegar er um harða samkeppni að ræða erlendis á sjávarvörumörkuðunum, og þar þarf að vera vel á verði og fylgjast vel með, ef íslenzkir sjávarvöruframleiðendur eiga að geta haft í fullu tré við sjávarvöruframleiðendur annarra landa, sem sums staðar hafa miklu fjármagni og miklum liðskosti sérfróðra manna á að skipa.

Ýmsir þeir, sem standa að rekstri hraðfrystihúsa víða um land, þekkja það af biturri reynslu, hve erfitt reynist stundum að fá verkstjóra í frystihúsin, og hins vegar, hve mikið veltur á því á hverjum stað, að hæfir menn fáist til slíkra starfa. En í hraðfrystihúsunum eru verkstjórarnir yfirleitt jafnframt matsmenn. Í öðrum greinum sjávarvöruframleiðslunar er svipaða sögu að segja. Slík fiskveiðiþjóð sem Íslendingar eru verður að efla þekkingu sína og starfhæfni í fiskiðnaði, svo að hún sé jafnan í fremstu röð á því sviði. Það má ekki dragast að gera nýtt átak, sem um munar, á þessu sviði, og á viðleitni í þessa átt má ekkert lát verða. Námskeið þau, er fiskmatsstjóri hefur veitt forstöðu á vegum atvinnumálaráðuneytisins, eru spor í rétta átt og hafa án efa gert gagn, svo og námskeið þau, er SÍS og SH hafa haldið uppi. En ekki má láta þar við sitja, og þeir, sem að þessum námskeiðum standa, vita það manna bezt og hafa sjálfir vakið athygli á því. Þjóðfélag vort ver, eins og skylt er, stórfé árlega til skólahalds og menntamála ýmiss konar, þ. á m. til ýmissa sérskóla. Hví skyldi það þá ekki verja nokkru fé til þess að halda

uppi sérskóla fyrir þá, sem eiga að bera ábyrgð á aðalútflutningsvöruframleiðslu landsmanna?

Nefndin hefur sent eftirtöldum aðilum tillöguna til umsagnar:

1. Fiskmatsstjóra.
2. Ferskfiskeftirlitinu.
3. Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.
4. Sambandi ísl. samvinnufélaga.
5. Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda.
6. Samlagi skreiðarframleiðenda.
7. Fiskifélagi Íslands.
8. Iðnaðarmálastofnun Íslands.
9. Rannsóknaráði ríkisins.

Umsagnir hafa borizt frá öllum þessum aðilum. Allir þeir aðilar, 6 að tölu, sem beinlínis hafa með höndum fiskvinnslu eða eftirlit með henni, mæla með tillögunni, svo og Fiskifélag Íslands. Í sumum umsögnunum er bent á starfsaðferðir fiskiðnskóla Norðmanna í Vardö til sérstakrar athugunar í þessu sambandi. Tveir af aðilunum, Iðnaðarmálastofnun Íslands og rannsóknaráð ríkisins, virðast hins vegar helzt vilja blanda fræðslu um fiskiðnað saman við almenna verkstjórafræðslu eða almennt iðnnám. Virðast þeir aðilar, sem skiljanlegt er, ekki hafa gert sér eins glögga grein og hinir fyrir sérþörfum fiskiðnaðarins og hve brýnar þær þarfir eru og aðkallandi.

Að þessum umsögnum athuguðum leggur minni hl. nefndarinnar eindregið til, að tillagan verði samþykkt. Meiri hl. hefur hins vegar ekki reynzt fáanlegur til að mæla með tillögunni og ekki heldur þótt stungið hafi verið upp á breytingu á henni til samkomulags. Þegar málið var afgreitt, kom það fram af hans hálfu, að hann mundi annaðhvort leggja til, að tillögunni yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá eða til ríkisstjórnarinnar.

Alþingi, 19. marz 1963.

Gísli Guðmundsson, frsm. Geir Gunnarsson. Björn Pálsson.

Fylgiskjal I.

Umsögn fiskmatsstjóra.

FISKMATSSTJÓRI

Reykjavík, 19. febrúar 1963.

Til allsherjarnefndar hæstvirts Alþingis.

Með bréfi, dags. 1. febrúar 1963, sendi háttv. allsherjarnefnd Alþingis mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fiskiðnskóla. Umsögn mín um málið í aðalatriðum fer hér á eftir:

Sem stjórnandi fiskiðnaðarnámskeiða sjávarútvegsmálaráðuneytisins, frá því þau hófust árið 1947, hef ég litið og lít á þau sem nauðsynlega ráðstöfun til bráðabirgða, en ekki sem fullnaðarlausn mikilsverðs málefnis.

Jafnframt því sem álitið er, að námskeiðin hafi gegnt sínu hlutverki vel miðað við aðstæður, hefur einmitt í gegnum námskeiðin orðið ljóst, að stærra átaks er þörf.

Hraði undanfarinna ára í framþróun og fjölbreytni á gæðum og framleiðslu sjávarafurða krefst meiri og samræmdari þekkingar við mat hinnar margþættu framleiðslu, og ekki sízt þegar hér er um að ræða aðalútflutningsframleiðslu þjóðarinnar.

Nauðsynleg framþróun þessara mála hlýtur því að verða fastur skóli fyrir fiskmatsmenn og fiskverkunarmenn til undirbúnings slíkum lífsstörfum, enda væru

störf kennara að mestu aðalstörf, en ekki aukastörf embættismanna og annarra, svo sem á námskeiðunum.

Um tilhögun fiskiðnskóla leyfi ég mér einkum að benda á eftirfarandi:

1. Fiskiðnskólinn verði rekinn sem sjálfstæð fiskvinnslustöð, þar sem framleiðsla færi fram allt árið, frysting, söltun, herzla og fleiri framleiðslugreinar, eftir því sem heppilegt þætti. Uppistaða starfsliðs við framleiðslu afurðanna væru nemendur skólans.
   Á einu ári yrði unnt að ná til allra fisktegunda, svo sem bolfisks, síldar og flatfisks eftir árstíðum, og samkvæmt því framleiða með ýmsum verkunaraðferðum.
   Þegar fiskframleiðsla skólans yrði metin til útflutnings, væru nemendur skólans jafnan látnir meta með löggiltum fiskmatsmönnum undir stjórn yfirfiskmatsmanna í hverri grein. Tækju þá nemendur próf eftir því, sem ákveðið yrði um æfingu þeirra og hæfni.
2. Skólann mætti miða við tvennt:
   a. Þá, sem ætluðu sérstaklega að leggja stund á fiskmat.
   b. Þá, sem ætluðu sérstaklega að leggja stund á umsjón með framleiðslu fyrir sjálfa sig eða aðra.
3. Kennsla væri bókleg og verkleg eftir skiptingu, sem rétt þætti eða hagkvæmust.
4. Með þannig skipulagðan fiskiðnskóla væri öll þjálfun og kennsla í fullkomnu samræmi við þau störf, sem nemendur væru að undirbúa sig undir. Auk þess gæti skólinn leyst af hendi ómetanlega upplýsingaþjónustu almennt, auk þess sem framleiðsla skólans gæti að miklu leyti staðið undir kostnaði við rekstrinn.
5. Ekki væri ástæða til, að framleiðslustöð skólans yrði stórt fyrirtæki, en með möguleika til sem flestra framleiðslugreina.

Samkvæmt framanrituðu leyfi ég mér að telja fiskiðnskóla á Íslandi einu jákvæðu lausnina á umræddum málefnum, en ekki neina lausn, þó að námskeiðin yrðu flutt frá einni stofnun yfir á aðra.

Ef nauðsynlegt reynist að halda áfram námskeiðum eftir tilkomu skólans, féllu þau að sjálfsögðu undir starfsemi hans sem hliðarráðstafanir.

Með sérstakri virðingu,

B. Á. Bergsteinsson.

Fylgiskjal II.

Umsögn ferskfiskeftirlitsins.

FERSKFISKEFTIRLITIÐ

Reykjavík, 10. jan. 1963.

Vér höfum móttekið bréf allsherjarnefndar, dags. 11. des., þar sem óskað er eftir umsögn vorri um tillögu til þingsályktunar, 44. mál, um fiskiðnskóla.

Fiskmatsráð ræddi þetta mál á fundi sínum 7. jan., þar sem allir ráðsmenn voru mættir, og var einróma samþykkt að mæla með tillögunni.

Fiskmatsráð telur, að mikil þörf sé fyrir aukna fræðslu, sem miðuð er við þarfir matsmanna og verkstjórnarmanna í fiskiðnaðinum, enda mikill hörgull á sérhæfum mönnum í flestum greinum þessa undirstöðuatvinnuvegar þjóðarinnar. Telur ráðið, að stefnt sé í rétta átt með löggjöf þeirri, er hér um ræðir.

Virðingarfyllst,

f. h. Ferskfiskeftirlitsins og Fiskmatsráðs,

Þórður Þorbjarnarson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal III.

Umsögn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna.

SÖLUMIÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Reykjavík, 6. febrúar 1963.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi, dags. 1. febrúar s. l., beiðzt umsagnar vorrar um tillögu til þingsályktunar um fiskiðnskóla. Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni, ályktaði aðalfundur Sölumiðstöðvarinnar 1960 að skora á Alþingi að samþykkja tillögu sama efnis. Afstaða Sölumiðstöðvarinnar hefur ekki breytzt síðan.

Fiskmat ríkisins hefur um nokkurt árabil haldið námskeið fyrir verðandi fiskmatsmenn. Námskeið þessi hafa staðið um hálfan mánuð og einkum verið við það miðuð, að fólk með nokkra verklega reynslu úr fiskiðnaði gæti haft af þeim gagn.

Í stað orðanna „og varðar það hverju sinni 10—100 króna sektum til vitnastefnanda, ef hann krefst þess, eða allt að 6 mánaða fangelsi“ í 2. mgr. 131. gr. komi: og gerir dómari því sektir eða varðhald allt að sex mánuðum.

16. gr.

135. gr. orðist svo:

Þeim, sem kveður vitni vættis, ber að sjá því fyrir fram fyrir fé til greiðslu á kostnaði af ferðalagi og dvöl á þingstað.

Þá er vitni hefur innt af hendi vitnaskyldu sína, þar með talin árangurslaus þingsókn sakir fjarvistar aðilja fyrir dómi, skal dómari þegar í þinghaldi kveða á um greiðslu til vitnis, bæði fyrir útlagðan kostnað vegna rækslu vitnaskyldunnar og þóknun, ef það krefst, og skal þá ákvörðun bóka. Sá, sem vættis hefur krafizt, greiðir einn kostnað og þóknun um sinn, en hafi báðir aðilar krafizt vættis eða báðir haft þess not, er dómara rétt að ákveða greiðslu á hendur þeim, öðrum fyrir báða og báðum fyrir annan. Þóknun er kræf, jafnskjótt sem úrskurður er upp kveðinn.

17. gr.

2. og 3. mgr. 141. gr. orðist svo:

Nú vanrækir matsmaður starfann, kemur eigi að forfallalausu fyrir dóm eftir kvaðningu til að staðfesta matsgerð sína eða svarar eigi spurningum, og ber mats-

dómara að úrskurða honum sektir til ríkissjóðs eða, séu miklar sakir, varðhald allt að sex mánuðum.

Matsmaður á heimtingu á endurgjaldi fyrir ferðakostnað svo og fyrir verk sitt eftir reikningi, sem matsdómari úrskurðar, ef ágreiningur verður. Rétt er matsmanni að krefjast fyrirframgreiðslu á ferðakostnaði og tryggingar, sem matsdómari ákveður, ef með þarf, fyrir verkkaupi, áður en hann tekur til starfa.

18. gr.

a) Sektarfjárhæðir allar í 1. mgr. 187. gr. falli niður.
b) 4. mgr. greinarinnar orðist svo:

Sá, sem annars kemur hneykslanlega eða ósæmilega fram fyrir dómi, sbr. 39. gr., skal sæta sektum.

19. gr.

2. mgr. 203. gr. orðist svo:

Héraðsdómari kveður á um greiðslur til sjó- og verzlunardómsmanna. Rétt er dómsmálaráðherra að kæra þá ákvörðun.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í lögum nr. 85 1936 um meðferð einkamála í héraði eru nokkur ákvæði, þar sem kveðið er á um greiðslur til sáttanefndarmanna, þingvotta, vitna, matsmanna og meðdómsmanna. Greiðslur þær, sem lögin ákveða, eru mjög lágar miðað við verðgildi peninga í dag. Hið sama má segja um ýmsar sektaheimildir laganna.

Í frumvörpum til nýrra laga um meðferð einkamála í héraði, sem legið hafa fyrir Alþingi 1955 og 1961, en eigi orðið útrædd, hefur verið gert ráð fyrir því, að viðkomandi ákvæðum væri breytt þannig, að til frambúðar geti verið. Eru ákvæði þessa frumvarps í samræmi við samsvarandi ákvæði umræddra frumvarpa.

Ekki þykir ástæða til að gera ýtarlega grein fyrir einstökum greinum, heldur verður vísað til samsvarandi ákvæða í hinum eldri einkamálalagafrumvörpum. Nokkrar breytingar þarfnast ekki skýringa.

Um 2. og 5. gr.

Hér er gert ráð fyrir því, að dómsmálaráðuneytið setji gjaldskrá um greiðslur fyrir störf sáttamanna. Greiðslur til sáttamanna eru nú það lágar, að erfiðlega hefur víða gengið að fá menn til að gegna þeim störfum. Virðist eðlilegt, að ákvæði um greiðslur þessar sé sett í gjaldskrá, en ekki bundið í lögum.

Um 3. gr.

Hér er lagt til, að heimild sáttanefnda til að úrskurða kröfu verði rýmkuð, þannig að þær geti úrskurðað kröfur allt að 5000 krónum.

Um 10. gr.

Sbr. 2. mgr. 19. gr. eldri frumvarpa til nýrra laga um meðferð einkamála í héraði (eml.frv.).

Um 11. gr.

Sbr. 31. gr. eml.frv.

Um 12. gr.

Sbr. 36. gr. eml.frv.

Um 13. gr.

Breyting þessi er í samræmi við breytingu þá, sem felst í 3. gr.

Um 14. gr.

Sbr. 103. gr. eml.frv.

Um 15. gr.

Sbr. 148. gr. eml.frv.

Um 16. gr.

Sbr. 150. gr. eml.frv.

Um 17. gr.

Sbr. 170. og 171. gr. eml.frv.

Um 18. gr.

Sbr. 253. gr. eml.frv.

Um 19. gr.

Sbr. 14. gr. eml.frv.

Nd. 446. Frumvarp til laga [214. mál]

um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi í Siglufirði.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Síldarverksmiðjum ríkisins er heimilt með samþykki ríkisstjórnarinnar að leggja fram allt að kr. 2 000 000.00 sem hlutafé í hlutafélagi, sem stofnað yrði í Siglufirði í samvinnu við Siglufjarðarkaupstað, til að eiga og reka vélbáta frá Siglufirði, svo og botnvörpunginn Hafliða, sem nú er í eigu Siglufjarðarkaupstaðar. Framlag síldarverksmiðjanna verði 55% af hlutafé félagsins.

Heimild þessi miðast við, að skip væntanlegs útgerðarfélags verði í föstum viðskiptum við Síldarverksmiðjur ríkisins og hraðfrystihús þeirra, eftir því sem frekast verður við komið.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Forsaga þessa máls er sú, að fyrir allmörgum árum reistu Síldarverksmiðjur ríkisins hraðfrystihús í Siglufirði. Tilgangur þeirra framkvæmda var tvíþættur. Myndaður var grundvöllur fyrir stöðugra atvinnulíf í Siglufirði vetrarmánuðina. Auk þess sköpuðu verksmiðjurnar þannig verkefni fyrir vélstjóra við verksmiðjurnar þann tíma, sem ekki var unnið að síldarbræðslu eða undirbúningi undir vertíðir.

Um skeið lögðu togararnir Hafliði og Elliði frystihúsinu til hráefni, en hvort tveggja er, að Elliði fórst og aflabrögðum togara fór hrakandi, svo að hráefnisöflun til frystihússins hefur ekki verið eins jöfn og æskilegt má teljast.

Með því að síldarverksmiðjunum er hagkvæmt að reka frystihúsið og halda þannig í starfsfólk, sem þær nauðsynlega þurfa á að halda sumarmánuðina, og sú ráðstöfun styrkir almennt atvinnuástand í Siglufirði, er eðlilegt, að verksmiðjurnar taki þátt í þeirri útgerð, sem nauðsynleg er til að frystihúsið fái nægt hráefni.

Fylgiskjal.

SÍLDARVERKSMIÐJUR RÍKISINS

Reykjavík, 28. september 1962.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, Reykjavík.

Á fundi stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins í gær var tekið fyrir bréf frá bæjarstjóranum á Siglufirði, dagsett 21. þ. m., þar sem farið er fram á, „að myndað verði sameignarfélag eða hlutafélag um frystihús S. R. og til kaupa á tveimur til þremur fiskiskipum, samhliða því að þessir aðilar myndi nýtt sameignar- eða hlutafélag um rekstur bv. Hafliða".

Mál þetta var rætt allýtarlega í stjórn verksmiðjanna og var í því sambandi gerð svo hljóðandi samþykkt:

„Stjórn S. R. samþykkir að fara fram á heimild sjávarútvegsmálaráðherra til þess að leggja fram allt að tveim milljónum króna sem hlutafé í útgerðarfélagi, sem stofnað yrði í félagi við Siglufjarðarkaupstað til þess að kaupa og gera út vélbáta frá Siglufirði, sem yrðu í föstum viðskiptum við S. R. og hraðfrystihús þeirra.

Gengið er út frá, að S. R. eigi 55% af hlutafénu í umræddu félagi."

Vér förum hér með fram á, að ráðuneytið veiti umbeðna heimild.

Að sjálfsögðu þarf að athuga í því sambandi, hvort breyta þarf verksmiðjulögunum til þess að S. R. sé heimilt að leggja fram umrætt hlutafé.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins,

Sveinn Benediktsson.

Ed. 447. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l um breyt. á l. nr. 40/1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað mál þetta og rætt það á fundum sínum. Einnig hefur nefndin leitað umsagnar um málið frá Fiskifélagi Íslands og atvinnudeild Háskóla Íslands, fiskideild, og fengið svör. Enn fremur hefur nefndinni borizt ályktun stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, sem hún hefur gert um málið.

Meiri hluti stjórnar Fiskifélags Íslands telur, að ekki hafi enn fengizt nægileg reynsla af dragnótaveiðum í Faxaflóa eða annars staðar við landið, til þess að draga megi af þeim ályktanir um frambúðarreglu fyrir veiðarnar. Minni hluti, þ. e. Pétur Ottesen fyrrv. alþingismaður, mælir hins vegar eindregið með samþykkt frumvarpsins, og telur hann, að það sé brýn nauðsyn, að Faxaflói verði friðaður fyrir botnvörpu- og dragnótaveiðum.

Í umsögn atvinnudeildar Háskóla Íslands, fiskideildar, kemur fram m. a., að við tilraunaveiði á ýsu í Garðsjó 1959 var aflinn tæplega 800 fiskar á togtíma, en í ágústmánuði 1962 reyndist aflinn aðeins 146 fiskar á togtíma á þessu sama veiðisvæði Fiskifræðingarnir segja síðan: „Ekki er vafamál, að dragnótin á hér einhvern þátt í, hve mikinn, vitum við ekki enn þá, né hvort það sé á nokkurn hátt hættulegt stofninum."

Í ályktun stjórnar Farmanna- og fiskimannasambands Íslands varðandi dragnótaveiðarnar segir svo: „Stjórn F.F.S.Í. hefur verið andvíg þessum veiðum og

skorar á Alþingi að samþykkja ofangreint frumvarp og stöðva þar með hina hættulegu rányrkju, sem rekin er í Faxaflóa með dragnótaveiðum.“

Í greinargerð fyrir ályktun sinni segir stjórn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands m. a.: „Dragnótin var leyfð og skyldi rekin undir ströngu eftirliti eða smásjá, sem óþarft er að fjölyrða um. Það kom brátt í ljós, að skakkar reyndust áætlanirnar eða fullyrðingarnar um flatfiskmagnið, því að hann reyndist minnstur hluti aflans og hvergi nærri sá, sem búizt var við og leyfisveitingin mun hafa verið byggð á.“

Sjávarútvegsnefnd var ekki á einu máli um afgreiðslu málsins. Undirritaður meiri hluti nefndarinnar mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn, Kjartan J. Jóhannsson og Sigurvin Einarsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 20. marz 1963.

Jón Árnason, form., frsm.	Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr.	Björn Jónsson.

Sþ. 448. Nefndarálit [14. mál]

um till. til þál. um raforkumál.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Þáltill. var rædd í nefndinni á þremur fundum. Var hún send til umsagnar til raforkumálastjóra, og er svar hans birt hér með sem fylgiskjal.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. Minni hl. (GíslG, GeirG og BP) leggur til, að þáltill. verði samþykkt með litlum breytingum, og hefur þegar skilað áliti á þskj. 336. Meiri hl. gat ekki fallizt á, að samþykkt þáltill. flýtti í einu eða neinu raforkuframkvæmdum í landinu eða leysti þann vanda, sem vaxandi rekstrarhalli rafveitnanna hefur þegar valdið, en m. a. á því, að sá vandi verði leystur, byggist, að unnt sé að hraða nauðsynlegum raforkuframkvæmdum umfram það, sem nú er gert.

Samkvæmt rekstrar- og efnahagsreikningum raforkumálastjórnarinnar yfir árið 1961, en það eru síðustu reikningar, sem birtir hafa verið, eru allar héraðsrafveiturnar reknar með tapi, að undanskildum Snæfellsnesveitu, sem sýnir rekstrarágóða kr. 665931.41, og Gullbringuveitu, sem sýnir ágóða að upphæð kr. 84115.78, eða ágóði samanlagt af þeim tveimur veitum kr. 750052.19. Allar aðrar héraðsveitur sýna rekstrarhalla á árinu, sem nemur samanlagt kr. 6320889.32. Er tapið mest á Borgarfjarðarveitu, kr. 1428028.25, og Eyjafjarðarveitu, kr. 1310704.95, en minnst á Skaftafellsveitu, kr. 49060.46, og Strandaveitu, kr. 66976.57. Aðrar héraðsveitur sýna rekstrarhalla, sem nemur frá kr. 115868.07 (Húnaveita) og upp í kr. 817811.95 (Árnesveita).

Samanlagt tap héraðsveitna frá byrjun er kr. 15201562.55 og skiptist þannig: Borgarfjarðarveita kr. 3702346.79, Eyjafjarðarveita kr. 3031346.47, Skagafjarðarveita kr. 2820048.19, Vestfjarðaveita kr. 2167599.54, Þingeyjarveita kr. 1133592.72, Árnesveita kr. 1122339.65, Húnaveita kr. 955115.90, Austurlandsveita kr. 682195.70, Rangárvallaveita kr. 549553.99, Strandaveita kr. 466934.54, Dalaveita kr. 157248.81 — eða alls kr. 16788322.29. Samanlagður rekstrarhagnaður er hins vegar frá upphafi á öðrum héraðsveitum sem hér segir: Snæfellsnesveita kr. 1095167.74, Gullbringuveita kr. 374270.25 og Skaftafellsveita kr. 117321.75, eða alls kr. 1586759.74.

Af þessu er ljóst, að aðeins þrjár héraðsveitur hafa nú að óbreyttum tekjumöguleikum fjárhagslegan rekstrargrundvöll. En rekstur hinna byggist aðeins á framlagi úr ríkissjóði, sem fer vaxandi, eftir því sem skuldirnar og töpin vaxa.

Enn örðugri er fjárhagsafkoma rafmagnsveitna ríkisins. Þar er rekstrarhalli á árinu 1961 kr. 13599170.68. Að viðbættu tapi fyrri ára er heildartap þeirra í árslok 1961 kr. 37844232.40.

Þótt eigi liggi enn fyrir rekstrar- og efnahagsreikningar yfir s. l. ár, má þó fullyrða, að rekstrar- og efnahagsafkoman hefur síður en svo batnað frá árslokum 1961, og einmitt þess vegna hefur ríkisstjórnin skipað þriggja manna nefnd á s. l. ári til þess að athuga allan rekstur rafveitnanna og gera tillögur um, á hvern hátt helzt megi skapa þeim öruggan rekstrargrundvöll, sem geri það kleift, að komið verði sem fyrst rafmagni á hvert heimili í landinu. Er búizt við því, að nefndin ljúki störfum svo snemma á þessu ári, að skýrsla hennar og tillögur liggi fyrir, er Alþingi er ætlað að koma saman í október n. k.

Meiri hl. allshn. lítur því svo á, að þáltill. sú á þskj. 14, sem hér um ræðir, greiði á engan hátt úr þeim vanda, sem hér er við að eiga, og leggur því til, að henni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**, sem þegar hefur falið hinum færustu mönnum að vinna að þessum málum.

Alþingi, 22. marz 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
	Björn Þórarinsson.	

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi.

20. desember 1962.

Raforkumálaskrifstofan

Með bréfi, dags. 27. nóv. þ. á., sendi háttvirt allsherjarnefnd mér til umsagnar tillögu til þingsályktunar um raforkumál á þingskjali 14.

Þingsályktunartillaga þessi fjallar um það að láta hraða áætlun um áframhaldandi framkvæmdir við rafvæðingu landsins, er miðist við, að öll heimili hafi fengið rafmagn í síðasta lagi fyrir árslok 1968. Þetta orðalag ber með sér, að tillagan fjallar um rafvæðingu sveitanna, þótt það sé ekki sérstaklega tekið fram í beinum orðum. Öll heimili í þorpum, kauptúnum og kaupstöðum landsins hafa nú þegar fengið rafmagn.

Hin svonefnda 10 ára áætlun um rafvæðingu sveitanna er í raun og veru 11 ára áætlun. Framkvæmd hennar hófst með árinu 1954 og á að verða lokið í árslok 1964. Allt útlit er fyrir, að svo geti orðið eða að minnsta kosti vinna hafin á því ári við síðustu línurnar. Eins og fram er tekið í greinargerð með þingsályktunartillögunni, er þegar fyrir nokkru hafið það verk að semja næstu 10 ára áætlun. Búizt var við, að því verki gæti orðið lokið fyrir árslok 1962, en því miður er sýnt, að svo mun ekki verða. Fyrirhugað er að gera þá áætlun svo úr garði, að hún taki einnig til einkastöðva fyrir þau býli í sveit, sem eru svo afskekkt, að ekki er fært að leggja rafveitu til þeirra frá samveitum. Kemur þá eðlilega upp spurningin um það, hve mörg býli eru alls hér á landi, og var leitað eftir upplýsingum um þetta hjá búnaðaryfirvöldum og fleiri aðilum, sem vænta mátti, að hefðu allnákvæma vitneskju um þetta atriði, en þá kemur í ljós, að enginn maður virðist vita með neinni vissu, hve mörg eru sveitabýli þessa lands. Þetta ásamt öðru hefur torveldað svo lúkningu áætlunarinnar, að reikna verður með, að hún dragist töluvert fram eftir næsta ári.

Þessi dráttur á að ljúka næstu 10 ára áætlun þarf þó ekki að hafa nein áhrif til að tefja framkvæmd hennar. Það er nægilegt, að áætlunin verði fullgerð haustið 1963. Er þá nægur undirbúningstími til þeirra framkvæmda, sem hefjast eiga snemma á árinu 1965.

Um orkuver og aðalorkuveitur er það að segja, að þau eru miðuð fyrst og fremst við þarfir þéttbýlisins. Afl- og orkunotkun sveitanna er svo lítil, að hún hefur ekki áhrif á stærð eða staðsetningu orkuvers, svo að teljandi sé. Á raforkumálaskrifstofunni og raunar víðar er að staðaldri unnið að áætlanagerð og undirbúningsrannsóknum að orkuverum og aðalorkuveitum fyrir alla landshluta. Hefur raforkumálaráðherra á því þingi, er nú situr, gert nokkra grein fyrir þessari áætlana- og undirbúningsstarfsemi raforkumálastjórnarinnar, og er ekki ástæða til, að ég endurtaki það hér. Full viðleitni er sýnd í því að auka afl orkuvera nægilega ört til þess, að hvergi þurfi að verða afl- eða orkuskortur þrátt fyrir stöðuga aukningu raforkunotkunar í landinu, aukningu, sem er hraðari og meiri hér en víðast hvar annars staðar.

Eins og oft hefur verið bent á, er það ekki aflskortur í orkuverum, sem torveldar rafvæðingu sveitanna. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að það, sem gerir rafvæðinguna svo erfiða, er hinn mikli kostnaður við að koma upp þeim mannvirkjum, raflínum og spennistöðvum með meiru, sem gera þarf til þess að dreifa rafmagninu um hina strjálu byggð. Mun ekki fjarri sanni, að þessi kostnaður sé nú um það bil 20 sinnum meiri á hvert mannsbarn í sveit en í kaupstað. Nú er svo komið, að raunverulegur halli af rekstri nýrra rafveitna í sveit er um það bil 15 þús. kr. á ári á hvert býli, sem fær rafmagn. Á næstu 10 ára áætlun eru býlin til muna strjálli, stofnkostnaðurinn meiri og árlegur halli á rekstri eykst tilsvarandi. Áður en stofnað er til svo stórfellds hallarekstrar, þarf að leggja á ráð um það, hvernig unnt muni vera að gera slíkan rekstur framkvæmanlegan.

Virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Nd. 449. Frumvarp til laga [215. mál]

um Tækniskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—63.)

1. gr.

Stofna skal í Reykjavík skóla, sem nefnist Tækniskóli Íslands. Markmið skólans er að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.

2. gr.

Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans.

Stjórn Tækniskólans er í höndum rektors og skólaráðs. Menntamálaráðherra skipar rektor að fengnum tillögum skólaráðs og fræðslumálastjóra.

Skólaráð er skipað rektor, sem jafnframt er formaður skólaráðs, og deildarstjórum hinna ýmsu deilda Tækniskólans.

3. gr.

Rektor hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans. Rektor ræður með samþykki ráðuneytisins starfsfólk skólans, annað en fasta kennara.

Starfsmenn fá laun samkvæmt kjarasamningum.

Laun stundakennara skulu vera í samræmi við laun fastra kennara, samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og reglugerðar um laun stundakennara.

4. gr.

Skólaráð hefur úrskurðarvald í málum, er varða starfsemi skólans, samkvæmt reglugerð, er ráðherra setur. Skólaráð fer með undirbúning þeirra mála, sem leggja skal fyrir ráðuneyti. Fjárhagsáætlun fyrir skólann skal borin undir skólaráð, áður en hún er send ráðuneytinu. Ráðuneytið setur nánari reglur um starfssvið og starfsháttu skólaráðsins.

5. gr.

Námstími í skólanum er þrjú ár. Heimilt er að víkja frá þessu ákvæði, enda geri skólaráð tillögu um það, og samþykki menntamálaráðherra komi til.

6. gr.

Skólinn starfar í deildum og skulu þær fyrst um sinn vera þessar: Rafmagnsdeild, véladeild, byggingadeild, fiskideild og Vélstjóraskóli.

Heimilt er ráðherra að sameina eða fjölga deildum með ákvæði í reglugerð skólans, er Alþingi hefur samþykkt fjárveitingu í því skyni.

7. gr.

Menntamálaráðherra skipar fasta kennara að fengnum tillögum rektors og fræðslumálastjóra. Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem hafa lokið prófi frá viðurkenndum tækniskóla eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni. Skipun skal binda við viðkomandi deild tækniskólans, eftir því sem við verður komið. Kennsluskylda kennara skal ákveðin í reglugerð. Kennarar skulu starfa með nemendum utan kennslustunda, m. a. skipuleggja kynnisferðir nemenda í iðjuver og aðrar stofnanir, sem fróðlegar þykja fyrir nemendur.

8. gr.

Kennari má á 5 ára fresti fá 2 mánaða orlof, enda noti hann það til þess að efla þekkingu sína og kennarahæfni. Hann skal með árs fyrirvara senda fræðslumálastjóra beiðni um orlof ásamt meðmælum skólaráðs og greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofinu. Ef sú greinargerð verður talin fullnægjandi, getur menntamálaráðherra veitt kennaranum orlof með fullum launum. Kennari skal gefa skólaráði og fræðslumálastjóra fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofi loknu, að viðlögðum launamissi fyrir orlofstímann.

Menntamálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd orlofs kennara. Skal þess gætt, að það trufli ekki störf skólans eða torveldi þau.

9. gr.

Menntamálaráðherra skipar, að fengnum tillögum rektors, deildarstjóra úr hópi kennara viðkomandi deildar. Auk kennslu semur deildarstjóri námsskrár fyrir viðkomandi deild, gerir kennsluáætlun, skiptir verkum með kennurum og annast að öðru leyti um rekstur skóladeildarinnar, allt undir yfirumsjón rektors.

Menntamálaráðuneytið setur rektor, deildarstjórum og kennurum erindisbréf.

10. gr.

Rétt til skólavistar eiga þeir nemendur, sem lokið hafa prófi frá undirbúningsdeild skólans, sbr. 11. gr., svo og þeir nemendur, sem að dómi skólaráðs hafa hlotið nægilega bóklega og verklega menntun og þjálfun.

Almenn inntökuskilyrði eru þau, að nemandi hafi eigi næman sjúkdóm, sem öðrum geti orðið að meini, að hann sé óspilltur að siðferði, og að hann leggi fram vottorð þau, sem reglugerð ákveður.

Skólaráð úrskurðar um inntöku nemenda í skólann.

11. gr.

Við skólann skal starfrækt undirbúningsdeild. Hlutverk deildarinnar er að búa þá nemendur, sem hafa nægilega verklega þjálfun, undir nám í Tækniskólanum, með kennslu í undirstöðuatriðum tækninams, svo sem stærðfræði og eðlisfræði. Próf frá undirbúningsdeildinni veitir rétt til inngöngu í Tækniskóla Íslands.

12. gr.

Inngöngu í undirbúningsdeildina geta þeir nemendur fengið, sem lokið hafa prófi frá iðnskóla. Enn fremur geta fengið inngöngu í undirbúningsdeildina þeir, sem lokið hafa miðskólaprófi og hafa hlotið nægilega verklega þjálfun, sem að dómi skólaráðs verður talin jafngilda verklegri þjálfun í iðnnámi.

Heimilt er að láta umsækjendur þreyta sérstakt inntökupróf, sem skeri úr um aðgang nemenda að deildinni.

13. gr.

Í hverjum bekk skal halda próf í lok skólaárs. Árspróf veitir nemanda, er stenzt það, rétt til þess að setjast í næsta bekk fyrir ofan. Það getur verið lokapróf í einstökum greinum eftir því, sem fyrir verður mælt í reglugerð.

14. gr.

Kennarar dæma um úrlausnir við árspróf hver hjá öðrum. Við lokapróf og próf í þeim námsgreinum, sem áður er lokið, dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómendur, skipaðir af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum skólaráðs.

15. gr.

Skylt er að efna til sérstakra námskeiða um tæknileg efni á skólans vegum.

16. gr.

Skólaráð ræður, í samráði við skólayfirlækni, skólalækni til 5 ára í senn. Skólalæknir skal hafa eftirlit með heilbrigði nemenda og hollustuháttum í skólanum.

17. gr.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð um starfsemi skólans. Skal þar kveðið nánar á um námsefni undirbúningsdeildarinnar og skólans sjálfs, próf, kennslustundafjölda í einstökum greinum, verklega þjálfun, starfstíma skólans og önnur þau efni, er skólastarfið varða.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Áætlaður til bráðabirgða.

Heimilt er, að stofnun skólans fari fram í áföngum. Stofna skal hinar einstöku deildir eftir því sem hagstætt þykir og fé er til veitt í fjárlögum.

Miðist stofnun skólans við það, að kennsla í fyrsta bekk deildanna geti hafizt haustið 1963. Á meðan kennsla í 1. bekk fer fram, verði jafnframt undirbúin kennsla í 2. bekk á næsta ári og svo koll af kolli, unz skólinn hefur tekið til starfa í öllum bekkjum. Vélstjóraskólinn starfar áfram undir því nafni innan Tækniskólans.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Haustið 1961 skipaði menntamálaráðherra, Gylfi Þ. Gíslason, nefnd þriggja manna til þess að semja frumvarp til laga um stofnun tækniskóla á Íslandi. Nefndina skipuðu þeir Ásgeir Pétursson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, formaður, Gunnar Bjarnason, skólastjóri Vélskólans í Reykjavík, og prófessor Finnbogi R. Þorvaldsson.

Hlutverk nefndarinnar var að gera tillögur um úrbætur á fræðslukerfinu, sem miðuðu að því að koma á fót tæknifræðslu, er bætti úr þörf þjóðfélagsins fyrir tæknimenntaða menn. Frumvarpi nefndarinnar fylgdi svohljóðandi greinargerð:

Við athugun hins íslenzka fræðslukerfis kemur í ljós, að í því er mikil og alvarleg eyða, þar sem það gefur ekki kost á tækninámi milli iðnfræðslustigs og gagnfræðastigs annars vegar og háskólanáms í verkfræði hins vegar, ef frá er skilið það tækninám, sem fram fer í Vélskólanum í Reykjavík. Sú hefur á hinn bóginn orðið þróunin í nágrannalöndum okkar, að mjög mikil áherzla hefur verið lögð á það að koma upp svonefndum tækniskólum (teknikum), sem veita framhaldsmenntun í tæknilegum fræðum á fræðslustigi, er samsvarar með nokkrum hætti menntaskólanámi.

Nefndin hefur m. a. kannað tæknifræðslukerfi á hinum Norðurlöndunum og telur, að þeir fræðsluhættir, sem bezt hæfa okkur sem fyrirmynd á þessu sviði, sé norska fræðslukerfið, enda er norskt athafnalíf og fræðslukerfi líkast og skyldast þjóðfélagsháttum okkar. Þess skal hér getið, að Norðmenn hafa þegar komið sér upp 10 tækniskólum.

Meginforsenda fyrir eðlilegri þróun þjóðfélagsins í tækniátt verður að álíta að sé sú, að kostur sé nægilega margra tæknilega menntaðra manna. Það er grundvöllur fyrir því, að þjóðfélag tuttugustu aldar dafni og starfi eðlilega. Efnahagslífið er nú meir en nokkru sinni fyrr háð framförum í tæknilegum efnum.

Því verður ekki með rökum neitað, að sá þáttur íslenzkra fræðslumála, sem staðið hefur í stað, meðan talsverð framþróun hefur orðið á sviði annarrar fræðslu, er einmitt tækninám. Er því mjög brýn þörf á því að hefjast þegar í stað handa um úrbætur, og er með frumvarpi þessu stefnt í þá átt.

Sú fræðsla, sem ráðgert er að veita í þeim skóla, sem hér er lagt til að verði stofnaður, á fyrst og fremst að vera fagleg fræðsla, en hún á jafnframt að miðast við það að hafa sérstaka þýðingu fyrir framhaldsnám í tæknifræðum. Er stefnt að því að gera nemendum kleift að öðlast fræðslu, sem á vissan hátt yrði hliðstæð þeirri, sem stærðfræðideildir menntaskólanna veita.

Jafnframt verður að skipuleggja fræðsluhætti og nám í skólanum þannig, að lokapróf frá honum hafi sjálfstætt gildi, með sérstakri námsgráðu og réttindum, sem bundin séu við prófið. Er það og megintilgangurinn með stofnun skólans. Sú námsskipan, sem þá er höfð í huga, miðast við það að útskrifa iðnfræðinga, er hafi náð því faglega þekkingarstigi, að tryggt sé, að atvinnuvegi vora þurfi ekki að skorta tæknimenntað fólk, fullkomlega jafnhæft því, sem menntun sína fær í öðrum löndum.

Nefndin telur, að fyrir liggi tvær grundvallarstaðreyndir, sem sanni betur en annað nauðsynina á því að stofna þennan skóla. Önnur er sú, að atvinnuvegina vantar í sívaxandi mæli tæknimenntað fólk, hin er sú, að þörf unglinga á aukinni og fjölbreyttari menntun er stöðugt vaxandi. Af þessum staðreyndum verður dregin sú ályktun, að tímabært sé nú að koma hér upp tækniskóla, sem leysi úr þessum þjóðfélagsþörfum. Þessar staðreyndir, athugaðar hvor um sig og báðar í sameiningu, sýna, að þörfin á stofnun tækniskóla er svo mikil, að dráttur á stofnun hans mundi verða til alvarlegrar hindrunar á tæknilegri og fjárhagslegri þróun þjóðfélagsins. Einn alvarlegasti gallinn á hinu íslenzka skólakerfi er einmitt fólginn í því, hversu einhliða fræðslan er, það vantar einn þýðingarmesta þáttinn í nútíma framhaldsnám, tækninámið.

Þegar á það er litið, hve þáttur tækninnar í atvinnulífinu er orðinn mikill og fer stöðugt vaxandi, er augljóst, að ófært er að hindra æskufólk í því að leggja út í slíkt nám, enda verður þá ekki séð, hvernig þjóðfélag vort á að geta þróazt á svipaðan hátt og gerist með öðrum menningarþjóðum. Í öðrum löndum hefur markmiðið verið það, að stækka og fjölga tækniskólum, svo að þeir geti tekið við öllum nemendum, sem til tæknináms geta talizt hæfir. Frjáls aðgangur að tæknimenntun, sem og annarri almennri menntun, fyrir alla þá, sem þess óska og hæfir geta talizt,

er því brýn auðsyn. Til þess að koma áætlun um slíkt nám í verk, þarf skjóta fyrirgreiðslu og fjárhagslega og skipulagslega forystu ríkisstjórnar og Alþingis.

Gera má ráð fyrir, að það taki nokkurn tíma, að fyrirhugaður tækniskóli fullnægi atvinnuvegum landsmanna, öðlist reynslu og nái frjórri samvinnu við atvinnuvegina. Þeim mun meiri ástæða er til þess, að tafarlaust sé hafizt handa um stofnun deilda hans, og þær búnar beztu kennsluskilyrðum og kennslukröftum. Þróun þjóðfélagsins skapar stöðugt ný verksvið. Stundum verða algerlega ný fagsvið til, og stundum þróast og breytast þau verksvið, sem fyrir eru, þannig að ný viðhorf myndast, að því er þjálfun og þekkingu starfsmanna varðar. Verkefni færast yfir á ný svið, krefjast nýs skipulags og gera síauknar kröfur til starfsfólks með góða tæknimenntun. Þetta starfsfólk verður að hafa fræðilegan skilning og þekkingu á almennum undirstöðulögmálum tækninnar. Það verður að geta lagt rökrétt mat á tæknileg viðfangsefni og beitt þeim fræðum, sem það hefur numið, til þess að leysa á hagnýtan hátt þessi viðfangsefni.

Það verður því frá upphafi að leggja mikla áherzlu á, að allri kennslu í námsgreinum fylgi verklegar æfingar í tilrauna- og æfingasölum, sem skólanum fylgja. Verklegt nám og bóknám verður að skoðast sem ein heild, og fyrirkomulag verður að miðast við það, að námstíminn hagnýtist sem bezt.

Það er ljóst, að gagnger endurskoðun á námskerfi iðnskólanna verður að fara fram hið fyrsta, þannig að nemendur þeir, sem útskrifast úr þeim, hafi nokkurn veginn sambærilega þekkingu, er tækniskólanám geti grundvallazt á.

Með lagafrumvarpi þessu er stefnt að því, að Vélskólinn í Reykjavík starfi innan vébanda hins væntanlega tækniskóla. Svo er nú komið, að með öllu er ófullnægjandi að reka Vélskólann áfram á þeim grundvelli, sem hann hefur verið rekinn á um hálfrar aldar skeið. Þyrfti að rýmka um möguleika fyrir unga menn til þess að komst í vélstjóranám. Sem stendur eru skilyrði þess að fá inngöngu í Vélskólann þau, að nemandi hafi lokið iðnskólanámi og að hann hafi lokið vélvirkjasveinsprófi eftir að hafa verið nemandi (lærlingur) í járniðnaði í fjögur ár.

Ljóst er, að skortur á lærðum vélstjórum er nú svo mikill, að stöðugt verður að veita undanþágur þess efnis, að réttindalausir menn annist vélstjórastörf. Slíkt ástand getur valdið slysum, svo og verulegu fjárhagstjóni, vegna minni endingar véla og lakari afkasta þeirra. Þá er og á það að líta, að skortur á vélstjórum, svo sem öðrum tæknimenntuðum mönnum, mun tefja fyrir því, að gagnlegar nýjungar nái fram að ganga. Það er kunnugt, að árlega óskar fjöldi ungra manna eftir að komast í Vélskólann. En oft tekst þeim það ekki, vegna þess að mjög erfitt er að fá þá undirbúningsþjálfun, sem er nauðsynleg til þess að fá inngöngu í skólann. Nú er einnig svo komið, að Vélskólinn, sem er með ýmsum hætti allfullkomin stofnun, fær ekki þann nemendafjölda, sem unnt er að veita móttöku og full þörf væri á fyrir þjóðfélagið og atvinnulíf þess. Það er kunnugt, að fjöldi unglinga hefur áhuga á hvers kyns tækni og væri reiðubúinn að stunda nám í Vélskólanum, til þess síðar að annast stjórn véla í þágu atvinnuveganna. En þar með er ekki sagt, að þessir unglingar séu reiðubúnir til þess að leggja á sig 4 ára iðnnám fyrst. Þá er og kunnugt, að það er oft erfitt fyrir unga menn að komast að sem nemar í vélsmíði. Það er nú svo komið, eins og sagt var, að Vélskólinn stendur hálftómur, en á hinn bóginn vantar atvinnuvegina tilfinnanlega vélstjóra. Þessu til sönnunar má benda á, hvernig aðsókn að Vélskólanum hefur verið háttað á undanförnum árum: Árið 1958—1959: 44, árið 1959—1960: 40, árið 1960—1961: 31, árið 1961—1962: 29 og árið 1962—1963: 22. Þessar tölur tala sínu máli. Sú þróun, sem þær gefa til kynna, er óviðunandi til frambúðar á sama tíma og vitað er, að ungir menn vilja komast í vélstjóranám og að því loknu í nauðsynleg vélgæzlustörf. En úrelt lög loka skólanum fyrir mörgum þessara æskumanna.

Frá almennum sjónarmiðum er óviðunandi, að sjálft skólakerfið skuli vera með þeim hætti, að það hindri unga menn í að stunda tækninám. Til þess að bæta

úr þessum ágöllum er augljóst, að m. a. verður að opna nemendum nýja leið til vélstjóranáms. Þyrfti því hið bráðasta að breyta lögum um Vélskólann í Reykjavík og opna æskumönnum nýja leið til þess að komast í þetta nám. Verknámsdeildir gagnfræðastigsins eru nú eins og lokuð braut. Þegar námi lýkur þar, eiga nemendur ekki völ á eðlilegu framhaldsnámi. Kunnugt er, að forstöðumenn verknámsins horfa upp á vonbrigði ungra manna í þessum efnum. Segja þeir, að fjöldi unglinga spyrjist árlega fyrir um, hvort ekki væri hugsanlegt að opna nýja leið inn í Vélskólann að loknu námi í verknámsdeildunum. Má því gera ráð fyrir, að margir, sem nú stunda nám í verknámsdeildunum eða hafa lokið þaðan prófi, mundu mjög fagna því, ef úr þessu yrði bætt. Slík breyting mundi stuðla að því að gefa gagnfræðanáminu aukið hagnýtt gildi.

Nefndin hefur leitað sér upplýsinga um þörf þjóðfélagsins á iðnfræðingum, bæði hérlendis og á hinum Norðurlöndunum. Virðist framboð og eftirspurn eftir iðnfræðingum á Norðurlöndum benda til þess, að hæfilegar hlutfallstölur þeirra, miðað við fólksfjölda, hafi verið 4 iðnfræðingar á þúsund íbúa á móti 2 verkfræðingum á hvert þúsund. Verður að telja líklegt, að þetta hlutfall breytist í framtíðinni, þannig að eðlilegt hlutfall verði 1 verkfræðingur á móti 3 eða 4 iðnfræðingum. Jafnframt hefur orðið augljóst, að fjárhagsleg afkoma þjóðanna fer meira eftir verkmenningu þeirra en öðru, og því fer þörfin á tæknimenntuðum mönnum mjög vaxandi. Hefur því verið framkvæmd athugun á væntanlegri þörf fyrir tæknimenntaða menn á Norðurlöndum. Þær rannsóknir hafa leitt til mjög athyglisverðrar niðurstöðu. Í kjölfar þeirra hafa þessar þjóðir gripið til þess að stórauka tækimenntunina, bæði fjölgað tækniskólum og stækkað þá, sem fyrir eru.

Nefnd sú, sem norska menntamálastjórnin skipaði til þess að rannsaka þessi mál, segir í nefndaráliti sínu, að aukning tækniþáttarins í atvinnulífi Noregs sé svo þýðingarmikil fyrir *fjárhagslega* afkomu landsins, að stjórnarvöld landsins geti ekki leyft sér að láta fjölda æskumanna fara á mis við tæknínám. Danska tæknifræðinganefndin segir í álitsgerð sinni frá 1959: „Ryðja verður burt öllu því, sem hindrað getur, að hæfir og áhugasamir menn og konur verði menntunar og framhaldsnáms aðnjótandi".

Í Noregi kom í ljós, að talið var nauðsynlegt, að iðnfræðingum yrði fjölgað um helming fram til ársins 1970. Var þetta þó talin varleg áætlun. Auk þess var litið svo á, að námsefni í tækniskólum Noregs þyrfti að auka um 50%. Gert er ráð fyrir, að um 1970 verði iðnfræðingar um 7‰ af norsku þjóðinni og árleg fjölgun þeirra verði um 0.5‰. Á sama tíma er einnig gert ráð fyrir, að verkfræðingum fjölgi mikið hlutfallslega.

Samkvæmt upplýsingum frá Verkfræðingafélagi Íslands eru hlutfallstölur tæknimenntaðra manna nú, miðað við fólksfjölda á Íslandi, 0.5‰ iðnfræðingar, en 1.4‰ verkfræðingar. Þessar tölur sýna, svo að ekki verður um villzt, að íslenzkir atvinnuvegir eru mjög vanbúnir að tæknimenntuðum mönnum, einkum þó iðnfræðingum.

Norðurlandaþjóðirnar hafa síðastliðna tvo áratugi lagt á það megináherzlu að auka og endurbæta tæknimenntun, eins og sagt var. En við Íslendingar höfum hér orðið á eftir, og drögumst æ meira aftur úr á sviði verkmenningar. Má segja, að í algert óefni sé komið á þessu sviði. Norðmenn hafa í dag hlutfallslega átta sinnum fleiri iðnfræðinga en Íslendingar. Þó hafa Norðmenn enga sérstöðu í þessum efnum meðal nágrannaþjóða okkar. Sjálfir telja Norðmenn sig á byrjunarstigi á sviði tæknimenntunar borið saman við Svía. Þeir hafa því sett sér það takmark og gert ráðstafanir til þess, að árleg viðbót iðnfræðinga verði 0.5‰ af norsku þjóðinni. Svarar það til þess, að við Íslendingar útskrifum 90 iðnfræðinga á ári, miðað við íbúafjölda landsins í dag, og mundi þessi fjöldi iðnfræðinga fara vaxandi, með auknum mannfjölda í landinu.

Norðmenn gera ráð fyrir, að um 1970 verði hlutfallstala norskra iðnfræðinga

komin í 7‰. Ef við gætum náð svipuðum árangri, þá ættu íslenzkir iðnfræðingar að verða um 1500 að tölu á árinu 1970. Hér á landi eru nú einungis um 100 iðnfræðingar, og tiltölulega fáir ungir menn eru við iðnfræðinám erlendis. Er ljóst, að þótt við kæmum tækniskólanum skjótlega í gagnið, og legðum allt kapp á að hraða framkvæmdum, gætum við ekki vænzt þess að standa Norðurlandaþjóðum jafnfætis um fjölda iðnfræðinga fyrr en eftir árið 1980, og þó líklega ekki fyrr en undir næstu aldamót.

Nefndin er þeirrar skoðunar, að hæfni íslenzkra æskumanna og áhugi þeirra muni ekki takmarka aðsóknina að væntanlegum tækniskóla, heldur verði það fyrst um sinn geta skólans sjálfs til þess að taka við nemendum í nægilega margar deildir, sem takmarkar nemendafjöldann, en ljóst er, að skólanum verður einungis komið á fót í áföngum.

Sá mikli annmarki, sem er á íslenzka skólakerfinu, að hér er ekki kostur iðnfræðináms, hefur valdið því, að þeir æskumenn, sem áhuga hafa haft á tækni og tækninámi, hafa ýmist orðið að gefa upp vonina um að komast í iðnfræðinám eða orðið að leita til útlanda. En ljóst er, að mjög er hæpið fyrir þjóðina að treysta á, að nægilegur fjöldi æskumanna fáist til þess að leita til útlanda um tæknimenntun. Sá fjöldi iðnfræðinga, sem þjóðfélagið þarfnast nú þegar, réttlætir því algerlega, að tækniskóla sé þegar í stað komið á fót. Styðst þetta fyrst og fremst við almenn sjónarmið í fræðslumálum.

Meginstefna okkar er og hefur verið sú, að menntun æskunnar fari fram í landinu sjálfu og miðist við íslenzkar aðstæður, þjóðfélagsháttu og atvinnuvegi. Hér er átt við almenna tæknimenntun iðnfræðinga, en vissulega verður eigi unnt að kenna hér á landi allar þær greinar, sem kenndar eru í hinum stóru tækniskólum nágrannaþjóðanna. Verður enn fremur að líta svo á, að svipaðir möguleikar ættu að vera á tæknimenntun innanlands eins og eru á menntaskólanámi, innan hins almenna skólasviðs. Þá röksemd, að vanta muni kennara í tilteknum greinum, telur nefndin ekki vera handbæra, því að úr því efni má leysa einfaldlega með því að fá kennara erlendis frá í slíkum undantekningartilfellum.

Þá telur nefndin, að sumar deildir væntanlegs skóla verði svo nátengdar íslenzkum atvinnuháttum, svo sem t. d. fiskiðnfræðideild, sem nefndin telur óhjákvæmilegt að rísi upp við skólann, að ekki komi til greina annað en að kennsla í slíkum efnum fari fram í landinu sjálfu. Er og gert ráð fyrir því, að námskeið um ýmis tæknileg efni verði haldin við deildirnar, t. d. námskeið fyrir fiskmatsmenn og verkstjóra við fiskvinnu verði haldin við fiskiðnfræðideild og á hennar vegum. Loks má benda á þann gjaldeyrissparnað, sem við það verður að gera tækninámið innlent.

Þá telur nefndin, og eru það veigamestu rökin, að aukin fjölbreytni í skólastarfinu, þ. e. stofnun tækniskóla, geri skólastarfinu í heild mikið gagn, muni draga úr aðsókn að menntaskólunum, keppa við þá um nemendur, og draga þannig úr þeirri erfiðu spennu og þenslu, sem á því skólastigi er nú við að etja.

Ráðgazt var um þetta atriði, hvort mennta skyldi tæknifræðinga hér heima, við dr. Alexander King, forstöðumann vísindadeildar OECD. Sagði hann, að hann teldi þörfina á iðnfræðingum það mikla á Íslandi, að rétt væri að koma upp tækniskóla í landinu sjálfu. Benti hann á, að búið væri að koma á fót kennslu í verkfræði hér. Þyrfti hér, sem annars staðar, mun fleiri iðnfræðinga en verkfræðinga, og væri þetta því rökrétt framhald af þeirri ráðstöfun. Dr. King rannsakaði þetta atriði með sérfræðingum sínum, og voru þeir allir sammála um það, að rétt væri að menntun iðnfræðinga færi fram í landinu sjálfu.

Það kostar talsvert fé að byggja og reka tækniskóla. En það er þó, að öllum aðstæðum athuguðum, óhjákvæmilegt að gera, því að ófært er fyrir landið að treysta á, að nægilegur fjöldi unglinga fái tæknimenntun erlendis, eins og fyrr var sagt. En í sambandi við þann kostnað, sem skólastofnuninni verður samfara, er nauð-

synlegt að gera sér grein fyrir nokkrum almennum sjónarmiðum, sem þann þátt þessa máls varða. Í fyrsta lagi er ljóst, að kostnaðurinn við stofnun tækniskólans verður ekki allur nýr, heldur verður hann að hluta tilflutningur kostnaðar frá öðrum skólastigum. Eins og áður var sagt, mun skólinn taka við mörgum nemendum, sem ella hefðu t. d. farið í menntaskólana. Þannig mun stofnun tækniskóla draga úr kostnaði við rekstur menntaskólanna og annarra framhaldsskóla og hafa í för með sér minnkandi kostnað vegna útfærslu þeirra. Eigi æskumenn ekki kost á innlendu tækninámi, mun fjöldi þeirra dreifast á þá þætti framhaldsnámskerfisins, sem fyrir eru. En rekstrarkostnaður framhaldsskólanna stendur jafnan í hlutfalli við nemendafjöldann.

Þar sem það verður hlutverk tækniskólans að mennta starfsfólk fyrir atvinnuvegi allrar þjóðarinnar, og ráðgert er, að einungis einn skóli verði stofnaður fyrir æskumenn hvaðanæva af landinu, verður að telja eðlilegt, að ríkissjóður greiði allan kostnað við stofnun og rekstur skólans. Til athugunar kæmi, að leggja einhvern hluta rekstrarkostnaðarins á það sveitarfélag, þar sem skólinn verður staðsettur. En telja verður, að með því móti væri lagt á það sveitarfélag að rækja skyldur, sem ekki samrýmast gildandi sveitarstjórnarlögum, enda hefur það sveitarfélag, sem í hlut á, enga sérstaka tekjustofna umfram önnur sveitarfélög, sem réttlættu slíkt. Á hinn bóginn er athugandi, að aðrir opinberir sjóðir en ríkissjóður, sem starfræktir eru fyrir landið allt, taki þátt í stofnkostnaði skólans. Þá er og athugandi, hvort fyrirgreiðsla við stofnun tækniskólans fengist frá einhverri þeirri alþjóðastofnun, sem Ísland er aðili að.

Nd. 450. Frumvarp til stjórnarskipunarlaga [216. mál]

um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, 17. júní 1944.

Flm.: Einar Olgeirsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

68. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands orðist svo:

Fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi skulu Íslendingar einir eiga, eða stofnanir, sem Íslendingar eiga einir. Sendiráð erlendra ríkja mega þó eiga hér húseignir samkvæmt alþjóðavenjum, sem um það gilda. Alþjóðlegar stofnanir, sem Ísland er aðili að, mega og eiga fasteignir til menningar- og heilbrigðisstarfsemi, þó þarf lög um það hverju sinni.

Engir nema Íslendingar mega taka á leigu atvinnutæki eða íslenzk náttúruauðæfi. Undanþegin þessu ákvæði eru þó flutningaskip og flugvélar. Að því er snertir erlenda menn búsetta hérlendis, skal mæla fyrir um þessi atriði með lögum.

Enginn útlendingur getur fengið ríkisborgararétt nema með lögum, enda hafi hann haft búsetu á landinu í 10 ár. Þó geta Norðurlandabúar fengið ríkisborgararétt eftir 5 ára búsetu í landinu. Menn af íslenzku bergi brotnir geta fengið ríkisborgararétt fyrr samkvæmt sérstökum lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þörf er orðin á að breyta þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar, sem fjalla um ríkisborgararétt erlendra manna og aðstöðu slíkra til þess að eignast fasteignir eða náttúruauðæfi á Íslandi.

Þegar núgildandi lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 63 28. nóv. 1919,

voru sett, þótti svo sjálfsagt, að Íslendingar héldu fast á eignarrétti og umráðarétti yfir fasteignum á Íslandi, að nóg þótti að setja í lög, að erlendir menn þyrftu að vera hér heimilisfastir, eða að milliríkjasamninga þyrfti, til þess að þeir hefðu rétt til að eignast hér fasteignir. Þá voru og dansk-íslenzku sambandslögin í gildi, sem heimiluðu Dönum slíkan rétt, og máttu íslenzk lög þá ekki brjóta í bága við þau.

Nú er þetta orðið breytt. Engin þörf er lengur á að taka tillit til dansk-íslenzku sambandslaganna, þar sem þau eru úr gildi fallin. En hins vegar hefur það komið í ljós við ýmsar þær athuganir um samninga við erlend ríki, sem fram hafa farið undanfarið, að mikil hætta gæti fylgt því fyrir yfirráð vor Íslendinga yfir fasteignum og náttúruauðæfum í landi voru, ef ekki væru reistar rammar skorður við því, að útlendingar gætu eignazt fasteignir og náttúruauðæfi á Íslandi. Samkvæmt núgildandi lögum gætu meðal annars stjórnarvöld, sem kynnu að vera slíks sinnis, hleypt erlendum aðilum inn í landið, og þótt þeim lögum væri breytt á einu þingi til batnaðar, mætti breyta þeim aftur til hins verra, svo að segja að þjóðinni forspurðri. Aðeins með stjórnarskrárbreytingu er öruggt, að reistar væru rammar skorður gegn því, að útlendingar eignuðust fasteignir hér, og stjórnarskránni er ekki hægt að breyta að þjóðinni forspurðri. Því er frv. þetta borið fram, og felst einnig í því að tryggja algerlega rétt Íslendinga einna til þess að eiga fasteignir og náttúruauðæfi á Íslandi. Jafnframt þykir nauðsynlegt að tryggja rétt Íslendinga einna til að taka á leigu atvinnutæki og náttúruauðæfi, með þeim undantekningum, er þar greinir.

Þá eru ákvæðin um ríkisborgararétt. Nú er hægt með lögum að veita ríkisborgararétt að vild. Reglur um, að 10 ára búsetu þurfi, hafa að vísu skapazt, en þó verið brugðið út af þeim. Væri því hægt, ef einhver meiri hluti á Alþingi væri þess sinnis, að veita miklum fjölda útlendinga ríkisborgararétt hér eða semja um ákvæði í milliríkjasamningum, er skylduðu Alþingi til slíks, ef eigi væru reistar rammar skorður við slíku í stjórnarskrá lýðveldisins. Yfirráðum Íslendinga yfir Íslandi gæti beinlínis verið hætta búin, ef ekki væri rammlega um þetta búið í stjórnarskrá landsins. Því er frv. þetta flutt um breytingu á veitingu ríkisborgararéttar, en þó undanþága gerð um þá, sem eru af íslenzku þjóðerni, en af ýmsum ástæðum kunna að hafa haft erlendan ríkisborgararétt. Þá er og haldið þeirri venju, er skapazt hefur, að Norðurlandabúar geti fengið ríkisborgararétt eftir 5 ára búsetu hér. Hins vegar standa ákvæði 33. gr. stjórnarskrárinnar óhögguð um fimm ára búsetuskilyrði fyrir kosningarrétti.

Flutningsmenn álíta, eigi sízt með tilliti til ýmissa samkomulagsumleitana við erlend ríki og samsteypur, svo sem Efnahagsbandalag Evrópu o. fl., er fram hafa farið undanfarin ár, eða fram kunna að fara á komandi árum, að óhjákvæmilegt sé að gera nú þegar á þessu þingi þessa stjórnarskrárbreytingu, þar sem alþingiskosningar verða hvort sem er í sumar, og samþykkja síðan frv. aftur í haust á Alþingi og gera það þar með að hluta úr stjórnarskipunarlögum vorum.

Ed. 451. Nefndarálit [60. mál]

um frv. til laga um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd varð ekki sammála um afgreiðslu þessa frumvarps. Meiri hlutinn mælir með samþykkt þess, eins og það kemur frá neðri deild, en þar var gerð á því nokkur breyting. 1. minni hl. (Ólafur Jóhannesson) leggur til, að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar með rökstuddri dagskrá. Hins vegar leggur 2. minni hl. til, að frv. verði fellt.

Ríkisstjórnin leggur þetta frumvarp fyrir Alþingi til staðfestingar á bráðabirgða-

lögum frá 2. maí 1962, um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf, en með þeim var vegið að nýrri gjaldskrá, sem íslenzkir verkfræðingar höfðu sett sér, og hún með valdboði gerð ógild. Í staðinn bauð ríkisstjórnin, að verkfræðingarnir skyldu áfram búa við nauman skammt og úrelta gjaldskrá.

Ástæður til þess, að 2. minni hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði fellt, eru þrenns konar, og skal nú gerð nánari grein fyrir þeim hér.

1. Ríkisvaldinu ber að forðast beina íhlutun um kjaramál stéttanna í landinu. Afskipti þess af launamálum eru andstæð lýðræðislegum reglum, og þau eru því hættulegri þjóðfélaginu sem þau eru harkalegri. Þeir, sem selja vinnu sína, eiga að hafa rétt til að verðleggja hana og að semja um verðið við þá, sem kaupa. Hlutverk ríkisvaldsins í þeim málum á að vera sáttasemjarans og helzt ekki annað.

Með bráðabirgðalögunum 2. maí 1962 vegur ríkisstjórnin að einni stétt manna af litlu tilefni, að því er virðist. Með einu pennastriki ógildir hún gjaldskrá, sem þessir menn hafa sett sér og gengin er í gildi nokkrum dögum áður. Það er ekki svo mikið, að stjórnin gefi sér tíma til að hlusta á þær útskýringar, sem verkfræðingarnir bjóðast til að veita.

Svipaðri aðför ríkisvaldsins hefur hver stéttin af annarri orðið fyrir seinustu árin. Má sem dæmi nefna þau þvingunarlög, sem læknar í Reykjavík voru beittir að nauðsynjalausu fyrir rúmu ári. Slíkar aðfarir af hálfu ríkisstjórnar leiða aldrei til neins góðs og sízt er til lengdar lætur.

Í lýðfrjálsu landi er það ein af frumskyldum ríkisstjórnar að gæta ýtrustu varfærni, þegar um er að ræða kjarabaráttu vinnandi stétta. Þessarar skyldu hefur núverandi ríkisstjórn ekki gætt vel. Það sannar setning bráðabirgðalaganna, sem hér um ræðir, og hið sama sýnir sá fjöldi bráðabirgðalaga, sem stjórnin hafði áður út gefið svipaðs efnis.

2. Bráðabirgðalög er heimilt að gefa út milli þinga, þegar brýna nauðsyn ber til. Brýn nauðsyn er að sjálfsögðu teygjanlegt hugtak, en hitt er óumdeilanlega forkastanlegt, að réttlæta þá nauðsyn á röngum forsendum. Þetta hefur þó gerzt hvað snertir lögin frá 2. maí 1962 að dómi Verkfræðingafélagsins.

Tveim dögum eftir setningu bráðabirgðalaganna samþykkti Verkfræðingafélag Íslands rökstudd mótmæli gegn þeim, og er sú fundarályktun ásamt greinargerð prentuð hér sem fylgiskjal. Þar er fullyrt, að forsendur laganna séu rangar og gefi þannig allt annað en sanna mynd af nauðsyninni. Í forsendunum er blandað saman hreinum vinnulaunum og þóknun, sem auk launa felur í sér ýmsa kostnaðarliði, svo sem húsnæði og tæki. Með þessu móti er launahækkunin í gjaldskránni gerð enn hrikalegri en efni standa til og þar með „nauðsynin“ enn brýnni.

Hér virðist í forsendum teflt á tæpasta vaðið um sannleiksgildi og að því leyti líkt að farið og í fyrrgreindum þvingunarlögum, sem læknar voru beittir, en í þeim voru tvær meginforsendurnar alrangar. Er augljóst, að bráðabirgðalög, sem byggð eru á slíkum sandi, eiga ekki á sér mikinn rétt.

3. Íslenzkir verkfræðingar hafa orðið að heyja þrotlausa kjarabaráttu nærri jafnlengi og núverandi ríkisstjórn hefur setið að völdum. Bráðabirgðalögin voru ekki annað en vel útilátið hnefahögg í þeim átökum. Á hátíðlegum stundum flytja ráðherrar ræður fullar skilnings og viðurkenningar á miklu og vandasömu hlutverki verkfræðinga í hinu íslenzka nútímaþjóðfélagi. En alla virka daga berjast þeir gegn þessum sömu verkfræðingum með hnúum og hnefum. Aðstaða verkfræðinga til starfa hér á landi fer versnandi með ári hverju, enda leita þeir æ meir til annarra landa um atvinnu.

Vissulega eiga verkfræðingar hér miklu og vaxandi hlutverki að gegna. Þeirra er brýn þörf á öllum sviðum athafnalífsins. Það er þjóðinni nauðsyn í efnahagslegu tilliti, að fjöldi íslenzkra verkfræðinga aukist, að þeir fái notið sem beztrar menntunar og að þeim verði síðan búin sem bezt starfsskilyrði í landinu. Eina ráðið til þess, að allt þetta megi verða, er að gera vel til þeirra, launa þá vel.

Það er skýrt fram tekið, að eigi megi veita fé úr ferðamálasjóði, nema um sé að ræða stofnkostnað, hvort heldur sem er til nýbygginga eða aukninga og endurbóta á eldri byggingum, sem rekin eru sem gisti- eða veitingahús.

Um 31. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 32. gr.

Telja verður nauðsynlegt að lánbeiðnum fylgi allítarlegar upplýsingar um það, hvernig verja eigi umbeðnum lánum úr ferðamálasjóði, bæði að því er varðar áætlaðan stofnkostnað og um rekstursafkomu, þegar um eldri fyrirtæki er að ræða. Stjórn sjóðsins verður að hafa sem allra bezta aðstöðu til þess að meta, hvernig því fé verði bezt varið, sem hún hefur yfir að ráða, og hafa rúma heimild til þess að krefjast upplýsinga, bæði að því er varðar nytsemi fyrirhugaðra framkvæmda og greiðslugetu lánaumsækjenda.

Um 33. gr.

Hámarksákvæði það, sem í þessari grein felst, er ætlað til tryggingar því að fjármagni ferðamálasjóðs verði ekki varið til örfárra staða, enda er talið, með tilliti til þess hversu almenn þörfin er, að farsælla sé að dreifa fjármagninu og muni það á þann hátt koma að betri notum.

Um 34.—35. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

Um 36. gr.

Hér er það nýmæli, að ráðherra sé heimilt, að fengnum tillögum ferðamálaráðs þar um, að ákveða að greiddur skuli aðgangseyrir að fjölsóttum ferðamannastöðum, sem eru eign ríkisins og er þá til þess ætlazt að fé því, sem þannig safnast, verði varið til þess að fegra og snyrta viðkomandi stað, og til þess að bæta þar aðstöðu til móttöku innlendra og erlendra ferðamanna. Eftir atvikum mundi það hins vegar fara, hvernig umrætt gjald yrði innheimt. Kemur þar aðallega tvennt til, að það yrði innheimt í fargjaldi eða sérstaklega á staðnum sjálfum. Enda þótt þessu hafi ekki verið beitt fyrr hér á landi, er þetta þó algengt í öðrum ferðamannalöndum, og þykir sjálfsagt að hafa þennan möguleika opinn einnig hér, enda verður

að teljast eðlilegt að fjár til uppbyggingar staðarins verði aflað hjá þeim, sem þangað koma, í stað þess að verja til þess almannafé.

Um 37. gr.

Hér er starfandi ferðaskrifstofum gert að skyldu að sækja um leyfi til rekstursins innan eins árs frá gildistöku laga þessara. Er þetta að sjálfsögðu nauðsynlegt ákvæði, og eðlilegt að láta skilyrði laganna fyrir veitingu rekstursleyfa einnig ná til þeirra almennu ferðaskrifstofa, sem þegar eru starfandi, þar sem þær geta allar fengið aukin starfsréttindi frá því, sem nú er.

Um 38. gr.

Hér er um að ræða heimild fyrir ráðherra til þess að víkja frá ákvæðum um skilyrði fyrir rekstursleyfum til handa ferðaskrifstofum, sem starfandi verða við gildistökuna, en þó er óheimilt að víkja frá ákvæðum varðandi setningu tryggingarfjár.

Um 39. og 40. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Nd. 455. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Um kjörskrár til afnota við kjör forseta Íslands fer á sama hátt og við alþingiskosningar.

2. gr.

Í stað „134. gr.“ í 14. gr. laganna komi: 128. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samkvæmt 1. gr. laga um framboð og kjör forseta Íslands skal við kjör forseta fara eftir gildandi kjörskrám yfir alþingiskjósendur. Á þeim tíma, er þau lög voru sett, voru kjörskrár til alþingiskosninga samdar árlega, en nú hefur lögum um kosningar til Alþingis verið breytt á þann veg, að kjörskrár eru aðeins samdar, þá er alþingiskosningar eiga fram að fara. Er því nauðsynlegt að breyta ákvæðum laganna um framboð og kjör forseta Íslands þannig, að kjörskrá verði ætíð til taks, þegar kjör skal fara fram.

Í 2. gr. frv. er breytt tilvísun í lög um kosningar til Alþingis, þar sem tilsvarandi ákvæði er nú í 128. gr. laga nr. 52/1959 í stað 134. gr. laga nr. 80/1942.

Nd. 456. Frumvarp til laga [220. mál]

um breyting á lögum nr. 20 16. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 10 29. marz 1961, um Seðlabanka Íslands.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Í stað orðanna „að fengnu samþykki ríkisstjórnarinnar“ í 1. gr. laganna komi: að fengnu samþykki Alþingis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það er talin undirstaða heilbrigðs efnahagskerfis hjá siðmenntuðum þjóðum, að sem minnstar breytingar séu gerðar á verðgildi gjaldmiðilsins. Reynslan hefur líka orðið sú, að þar, sem gerðar hafa verið miklar og tíðar breytingar á skráningu gjaldmiðilsins, hefur skapazt mikil ringulreið og óvissa í efnahagsmálum og vandamálin orðið meiri og fleiri eftir en áður. Af þessum ástæðum er það mikil nauðsyn, að þannig sé háttað gengisskráningarvaldinu, að gengisbreytingar verði ekki gerðar að ófyrirsynju.

Með bráðabirgðalögum, sem sett voru sumarið 1961, var sú breyting gerð, að gengisskráningarvaldið var tekið af Alþingi og falið Seðlabankanum og ríkisstjórninni, sem í reynd er hið sama og fela það ríkisstjórninni einni, þar sem hún ræður alveg yfir Seðlabankanum. Það kom fljótt í ljós, að þetta ábyrgðarmikla vald var hér falið aðilum, sem kunnu ekki að fara með það. Í kjölfar þessarar breytingar fylgdi nær strax gengislækkun, sem gerð var fullkomlega að ástæðulausu. Sú gengislækkun hefur leitt af sér hina mestu dýrtíðarskriðu, sem enn er ekki séð fyrir endann á, og orsakað meiri ringulreið í efnahagsmálum en hér hefur áður verið, eins og sést á því, að flestir kaupsamningar hafa verið lausir um alllangt skeið.

Vegna þess, hvernig gengisskráningarvaldinu var beitt sumarið 1961, ríkir nú mikill ótti við nýja gengisfellingu, og veldur hann margvíslegri óreiðu og upplausn í efnahagsmálum.

Af þeim ástæðum, sem hér eru raktar, er það lagt til, að sú skipan verði tekin upp að nýju, að Seðlabankinn megi ekki breyta gengisskráningunni nema að fengnu samþykki Alþingis. Það er aukin trygging þess, að gengið verði ekki fellt að ófyrirsynju. Hins vegar nægir það eitt vitanlega ekki til þess að tryggja sem stöðugast gengi krónunnar, en það þarf jafnan að vera megintakmark efnahagsstefnunnar. Til þess að tryggja stöðugt gengi krónunnar þarf að koma á nýrri skipan efnahagsmálanna, er byggist ekki sízt á réttlátari skiptingu þjóðarteknanna og aukinni samvinnu stéttanna.

Sþ. 457. Tillaga til þingsályktunar [221. mál]

um landfundi Íslendinga í Vesturheimi.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Ágúst Þorvaldsson, Gísli Guðmundsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að leita samvinnu við ríkisstjórnir Kanada og Bandaríkjanna um rannsóknir varðandi landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld.

Greinargerð.

Að undanförnu hefur allmikið verið rætt í erlendum blöðum um landfundi Íslendinga í Vesturheimi á 10. og 11. öld í tilefni af rannsóknum einstakra áhugamanna á því sviði. Hér er um mál að ræða, sem eðlilegt er að Íslendingar láti sig miklu varða. Jafnframt virðist það eðlileg framkvæmd slíkra rannsókna, að leitað sé samstarfs við stjórnarvöld þeirra landa, sem hér eiga hlut að máli.

Samhljóða tillaga var flutt á síðasta þingi, en afgreiðslu hennar þá frestað vegna tilmæla menntamálaráðherra. Tilmæli hans voru byggð á því, að Íslendingar mundu taka þátt í væntanlegum leiðangri Helge Ingstads til Nýfundnalands, og væri rétt að bíða átekta, unz séð yrði, hver niðurstaða hans yrði. Sá leiðangur virðist hafa upplýst, að norrænir menn hafa dvalizt eitthvað á Nýfundnalandi fyrr á öldum, en eigi getur þó þar verið um Vínland að ræða, og verður að leita þess sunnar. Af þeim ástæðum er því tillaga þessi flutt að nýju, enda má segja, að það sé aukin hvatning til frekari rannsókna í þessum efnum, að fundizt hafa minjar um norræna búsetu á Nýfundnalandi.

Ed. 458. Nefndarálit [154. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki náð samstöðu um afgreiðslu þess. Meiri hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt, en minni hl. n. leggur til, að það verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Nefndin sendi frv. m. a. til Fiskifélags Íslands og fiskideildar atvinnudeildar háskólans til umsagnar.

Stjórn Fiskifélags Íslands mælir gegn því, að frv. verði samþykkt, þar sem enn hafi ekki fengizt nægjanleg reynsla af dragnótaveiðum í Faxaflóa, til þess að draga megi af þeim ályktanir um frambúðarreglur fyrir þessar veiðar.

Í umsögn fiskideildar atvinnudeildar háskólans segir, að enn liggi ekki fyrir neinar niðurstöður fiskifræðilegs eðlis, er bendi til þess, að um ofveiði sé að ræða á þorski, ýsu og skarkola af völdum dragnótaveiða í Faxaflóa.

Loks má benda á, að leyfi til dragnótaveiða, sem frv. tekur til, er ekki veitt nema til eins árs í senn. Vilji sveitarstjórnir og samtök útvegsmanna, sjómanna og verkamanna í landshlutum, er liggja að veiðisvæðinu, friða veiðisvæðið fyrir dragnótaveiðum, geta þessir aðilar gert það án nokkurra lagabreytinga.

Minni hl. leggur því til, að frv. verði afgreitt með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að ekki liggja fyrir neinar niðurstöður fiskifræðilegs eðlis, er bendi til ofveiði í Faxaflóa, þykir deildinni ekki ástæða til að svo komnu máli að samþykkja frumvarp þetta og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 25. marz 1963.

Sigurvin Einarsson, frsm. Kjartan J. Jóhannsson.

Nd. **459. Lög** [141. mál]

um Iðnlánasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 25. marz.)

Samhljóða þskj. 251.

Ed. **460. Tillaga til rökstuddrar dagskrár** [156. mál]

í málinu: Frv. til laga um bændaskóla.

Frá Páli Þorsteinssyni og Ásgeiri Bjarnasyni.

Með því að frumvarp þetta er á ýmsan hátt ófullkomið og eigi til þess fallið, ef að lögum verður, að efla bændaskólana og auka veg búnaðarfræðslunnar í landinu, svo sem nauðsyn ber til; og þar sem æskilegt er, að búnaðarþing eigi þess kost að gera rökstuddar tillögur um breytingar á búnaðarfræðslunni, áður en sett er ný heildarlöggjöf um bændaskóla; og í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að mál þetta verði endurskoðað af nefnd, er skipuð sé m. a. einum manni eða fleirum úr bændastétt, þá telur deildin ekki rétt að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. **461. Breytingartillögur** [206. mál]

við frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá Ingvari Gíslasyni.

1. 2. gr. orðist svo:
   Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá allt að helmingi og aldrei minna en ⅓ rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó ekki hærri upphæð en sem nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.
2. 3. gr. orðist svo:
   Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Menntamálaráðuneytið áætlar styrkupphæð til hvers skóla um sig í samráði við skólastjóra með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.

Ed. **462. Frumvarp til laga** [222. mál]

um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins starfar með því markmiði og skipulagi, sem segir í lögum þessum.

2. gr.

Sjóðfélagar eru þeir nefndir í lögum þessum, er skylt er að greiða iðgjöld í sjóðinn og rétt eiga á lífeyri úr honum.

3. gr.

I. Sjóðfélagar eru:
   a. Allir þeir, sem skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum launum, til ekki skemmri tíma en eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé það starf þeirra aðalstarf og hlutaðeigandi taki ekki minna en hálf þau laun, er slíku starfi fylgja fyrir fullan vinnutíma.
   b. Starfsmenn þeirra stofnana, sem aðild hafa fengið að sjóðnum samkvæmt eldri lögum, enda fullnægi þeir skilyrðum samkvæmt a-lið hér að framan um ráðningarkjör, nema hlutaðeigandi stofnun segi upp aðild að sjóðnum.

II. Ekki er skylt að taka í tölu sjóðfélaga:
   Þá starfsmenn, sem a-liður I. tl. þessarar greinar tekur til, og rétt eiga á lífeyri úr öðrum sjóðum, sem stofnaðir eru með lögum eða samkvæmt reglugerð, sem staðfest hefur verið af fjármálaráðherra fyrir gildistöku laga þessara, fyrir tilteknar starfsgreinar opinberra starfsmanna sérstaklega.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal heimilt að taka í tölu sjóðfélaga starfsmenn bæjar-, sýslu- og hreppsfélaga og stofnana, er þeim heyra til og sérstakan fjárhag hafa, enda fullnægi þeir skilyrðum þeim, er greinir í 3. gr. I a., um ráðningartíma og aðalstarf.

5. gr.

Nú bætast við nýir sjóðfélagar, og skal þá heimilt að kaupa þeim réttindi í sjóðnum fyrir starfstíma, sem þeir hafa unnið, áður en þeir urðu sjóðfélagar. Stjórn sjóðsins ákveður, eftir tillögum tryggingafræðings hans, upphæð þá, er greiða skal fyrir réttindi þessi, eftir því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn þeirra tilnefndur af hæstarétti, og er hann formaður stjórnarinnar. Annar skal skipaður af fjármálaráðherra, en hinn þriðji kosinn af sjóðfélögum eða félagsskap þeirra, svo sem nánar verður ákveðið í reglugerð sjóðsins.

Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni án sérstakrar þóknunar.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun fjár hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem ríkisskuldabréfum eða öðrum bréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum bæjar- og sveitarfélaga, vaxtabréfum veðdeildar Landsbankans eða Búnaðarbankans, jarðræktarbréfum, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum álíka tryggilegum hætti.

Ráðherra getur kveðið nánar á um útlán sjóðsins með reglugerð, þar á meðal sett fyrirmæli um lánveitingar til íbúðarhúsabygginga fyrir sjóðfélaga.

9. gr.

Stjórn sjóðsins skal hið fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla

sjóðinn. Sýni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækkun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

10. gr.

Sjóðfélagar greiði frá 2¼% til 4¼% af launum sínum í iðgjald til sjóðsins. Ráðherra skiptir starfandi sjóðfélögum, eftir tillögum sjóðstjórnar, í 21 flokk eftir upphæð launa. Skal iðgjald vera 2¼% af launum í lægsta flokki en hækka um o.1% af launum við hvern flokk. Skiptingin í launaflokka skal gerð þannig, að iðgjald til sjóðsins og iðgjald til almannatrygginga fyrir ógiftan karlmann sé samanlagt sem næst 6% — sex hundruðustu — af launum í öllum flokkum. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði fyrst um sinn í iðgjöld til sjóðsins 6% af launum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, og skal greiða þau til sjóðsins samtímis iðgjöldum sjóðfélaga.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

Launþegi, sem yngri er en 20 ára, greiðir eigi iðgjöld til sjóðsins, enda öðlast hann eigi réttindi sjóðfélaga fyrr en hann hefur náð nefndum aldri.

Iðgjöld héraðslækna og sóknarpresta, svo og iðgjöld launagreiðanda þeirra vegna, skulu miðuð við hæstu laun fyrir slík störf, og reiknast lífeyrisréttur þeirra og maka þeirra samkvæmt því.

11. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 5 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tímamarki er náð.

Upphæð ellilífeyris er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, sem sjóðfélaginn gegndi síðast. Hundraðshluti þessi fer eftir iðgjaldagreiðslutíma og launaflokki samkvæmt 1. málsgrein 10. greinar. Hann er 1.6% fyrir hvert ár, sem iðgjöld hafa verið greidd til sjóðsins, í lægsta launaflokki og hækkar um 0.02% við hvern flokk upp í 2.0% af launum fyrir hvert ár í hæsta flokki. Fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu lýkur og þar til sjóðfélaginn öðlast rétt til að láta af störfum og fá ellilífeyri, bætist við 1% af launum í öllum flokkum, en 2% fyrir hvert starfsár eftir að iðgjaldagreiðslu er lokið og hann hefur öðlazt rétt til að fá ellilífeyri.

Heimilt er stjórn sjóðsins að greiða ellilífeyrisþegum á aldrinum 65 til 67 ára uppbót á lífeyri allt að einstaklingslífeyri almannatrygginga. Það er skilyrði fyrir slíkri uppbót, að sjóðfélaginn sé ekki lengur fullfær um að gegna starfi sínu. Til sönnunar því ber viðkomanda að leggja fram umsögn yfirmanns síns um starfshæfnina og vottorð tryggingayfirlæknis um heilsufar.

13. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi hjá stofnun þeirri, er hann hefur unnið hjá, eða annarri stofnun, sem tryggir starfsfólk sitt í sjóðnum, eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir, í samráði við landlækni, metur örorkuna meiri en 10%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanförnu.

Hámark örorkulífeyris miðast við áunninn lífeyrisrétt samkvæmt 12. gr., að viðbættum einstaklingslífeyri almannatrygginga. Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs í þágu stöðu þeirrar, sem öryrkinn gegndi, skal þó reikna áunninn lífeyrisrétt eins og sjóðfélaginn hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Áunnin lífeyrisréttindi skulu reiknast af launum í því starfi, sem sjóðfélaginn gegndi síðast, eins og þau eru á hverjum tíma.

Sé örorka sjóðfélagans á milli 10% og 50%, er örorkulífeyrir hans sami hundraðshluti af hámarksörorkulífeyri eins og örorkan er metin. Sé örorkan metin 50% til 75%, er örorkulífeyririnn 50% af hámarkinu að viðbættum 2% af því fyrir hvert 1%, sem örorkan er metin umfram 50%. Sé örorkan metin 75% eða meiri, greiðist hámarksörorkulífeyrir að frádregnum örorkulífeyri almannatrygginga. Þegar öryrki, sem metinn er undir 75%, nær 65 ára aldri, fær hann greiddan ellilífeyri samkvæmt ákvæðum 12. gr. Frá sama tíma fellur niður örorkulífeyrir hans. Þó skal hann halda til 67 ára aldurs þeim hluta hans, sem miðaður er við lífeyri almannatrygginga.

Skylt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvíta frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda hafi öryrkinn á þeim tíma, sem örorkan óx, ekki verið í þjónustu annarra en þeirra aðila, sem tryggja starfsfólk sitt í sjóðnum.

14. gr.

Nú andast sjóðfélagi og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum.

Upphæð makalífeyris ákvarðast þannig, að samanlagður makalífeyrir úr sjóðnum og maka- eða ellilífeyrir, sem makinn kann að eiga rétt á frá almannatryggingunum, er hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni gegndi síðast. Ef starfstími sjóðfélagans hefur verið 30 ár eða skemmri, er hundraðshluti þessi 20% af greiddum launum að viðbættu 1% fyrir hvert iðgjaldagreiðsluár. Fyrir hvert ár, sem hinn látni hafði starfað, eftir að iðgjaldagreiðslu lauk, en áður en hann öðlaðist rétt til ellilífeyris, hækkar makalífeyririnn um ½% af launum, en um 1% fyrir hvert starfsár, eftir að iðgjaldagreiðslu var lokið og hann öðlaðist rétt til að taka ellilífeyri.

Sé makalífeyrir samkvæmt næstu málsgrein hér á undan lægri en tvöfaldur einstaklingslífeyrir almannatrygginganna, skal greiða úr sjóðnum þeim makalífeyrisþegum, sem rétt eiga á maka- eða ellilífeyri frá almannatryggingunum, það sem á vantar að samanlagður lífeyrir þeirra nái tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Þó skal greiðsla sjóðsins aldrei fara fram úr hundraðshlutum þeim, sem nefndir eru í 2. málsgrein þessarar greinar.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna,

og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort eftirlifandi maki hans skuli njóta lífeyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyrinn eftir fyrri eða síðari makann.

Þegar sjóðfélagi deyr, sem verið hefur tvígiftur, og lætur eftir sig tvo maka á lífi, skiptist makalífeyririnn milli þeirra, í beinu hlutfalli við þann tíma, sem hvor þeirra hefur verið giftur hinum látna sjóðfélaga á þeim tíma, er hann ávann sér lífeyrisréttindi og/eða naut lífeyris úr sjóðnum. Ef annar hinna eftirlifandi maka giftist að nýju, fellur allur lífeyririnn til hins, en skiptist aftur, sé því hjónabandi slitið, enda veiti síðara hjónabandið ekki rétt til lífeyris úr sjóðnum, eða öðrum hliðstæðum sjóði. Hliðstæð regla gildir, séu rétthafar makalífeyris fleiri en tveir.

15. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi hjá stofnun, er veitir aðgang að sjóðnum, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og skal þá reikna lífeyri eftir því starfinu, sem hærra var launað.

Sama regla gildir, þegar sjóðfélagi verður af heilsufarsástæðum að láta af stöðu sinni, en tekur við öðru, léttara og lægra launuðu starfi, er veitir aðgang að sjóðnum. Þegar svo stendur á, sem í þessari mgr. ræðir um, er sjóðfélaga heimilt að kaupa sér réttindi í sjóðnum fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Stjórn sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubrests.

16. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 18 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 18 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er samanlagður lífeyrir þess frá almannatryggingum og úr þessum sjóði 50% hærri en barnalífeyrir almannatrygginga. Að öðrum kosti er lífeyririnn tvöfaldur barnalífeyrir almannatrygginga.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn þeirra sjóðfélaga, er njóta elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, þó svo, að barnalífeyrir úr þessum sjóði til barna eða kjörbarna örorkulífeyrisþega skal vera jafnmargir hundraðshlutar af fullum barnalífeyri eins og örorkulífeyrir hans er margir hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar og börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

17. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lifanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd með vöxtum iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Stjórn sjóðsins ákveður vextina með hliðsjón af ávöxtun sjóðsins. Hafi hann verið sjóðfélagi í 5 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann með samþykki sjóðstjórnarinnar valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður réttur hans og skylda til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans

og lífeyrir eftirlátins maka, sbr. 12. og 14. gr., miðast þá við starfstíma hans og laun þau, er hann hafði, er hann lét af stöðu þeirri, er veitti aðgang að sjóðnum, en tekur sömu breytingum og lífeyrir annarra, eftir að taka lífeyris hefst. Hafi hann gegnt stöðunni skemur en 30 ár, skal lífeyrir barna hans ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 16. gr. skal margfölduð með hlutfallinu á milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlazt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlazt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu í 30 ár.

Sé staða eða starfi sjóðfélaga lagður niður, á hann rétt á að vera áfram í sjóðnum og greiða iðgjöld, sem miðuð séu við laun í þeim launaflokki, er staða hans var í, er hún var lögð niður. Nýtur hann þá sömu réttinda úr sjóðnum sem hann hefði gegnt starfi sínu áfram.

18. gr.

Þeir, sem keypt hafa sér og ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, enda greiði þeir iðgjöld sín samkvæmt ákvæðum þeirra frá þeim tíma, er þau öðlast gildi.

Þeir, sem urðu sjóðfélagar 1. júlí 1944, en höfðu eigi keypt sér eða ekkjum sínum lífeyri samkvæmt lögum nr. 51 27. júní 1921, öðlast réttindi eftir lögum þessum, og miðast réttur þeirra þá við allan starfstíma þeirra, enda greiði þeir sjóðnum jafnhá iðgjöld sem þeim hefði borið að greiða samkv. lögum nr. 51 1921, ef þeir þá hefðu verið tryggingarskyldir, um allt að 10 ára tíma. Um tilhögun iðgjaldagreiðslu þessarar fer eftir nánari fyrirmælum stjórnar sjóðsins.

19. gr.

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlazt.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingarfélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris eins og ákveðnar eru í þessum lögum.

Á tilsvarandi hátt er sjóðstjórninni heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðherra, að veita viðtöku, vegna manns, er gerist sjóðfélagi í þessum sjóði, fé því, er kann að vera endurgreitt hans vegna úr sjóði, tryggingafélagi eða stofnun, sem að framan greinir, og veita honum réttindi í samræmi við það.

Einnig getur stjórnin, þegar sérstaklega stendur á, og með samþykki fjármálaráðherra, heimilað réttindakaup aftur í tímann, þó að ekki sé um að ræða yfirfærslu á réttindum annars staðar frá. Það skal meðal annars sett sem skilyrði fyrir slíkum réttindakaupum, að mælt sé með þeim af forstöðumanni þeirrar stofnunar, er starfsmaðurinn vinnur hjá, að gengið sé frá réttindakaupunum innan árs frá því starfsmaðurinn var ráðinn og að starfsmaðurinn sé eldri en 35 ára, þegar hann öðlast aðgang að sjóðnum.

20. gr.

Ríkissjóður ábyrgist greiðslu lífeyris samkvæmt lögum þessum, og greiðist hann með 1/12 árslífeyrisins fyrir fram á hverjum mánuði.

21. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja með reglugerð, er fjármálaráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

22. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

23. gr.

Þeir, sem orðnir voru sjóðfélagar fyrir gildistöku laga þessara og eiga betri lífeyrisrétt samkvæmt eldri lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, skulu halda honum.

24. gr.

Frá og með 1. janúar 1964 skulu allir sjóðfélagar öðlast full réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Allir sjóðfélagar, sem gjaldskyldir eru til almannatrygginganna, skulu frá sama tíma greiða fullt gjald til þeirra. Stjórn sjóðsins semur við Tryggingastofnun ríkisins um uppgjör fyrir liðinn tíma í samræmi við ákvæði almannatryggingalaga um það atriði.

Sjóðfélagar, sem fengið hafa lífeyri fyrir 1. janúar 1964, skulu fá greiddan lífeyri samkvæmt ákvæðum þessara laga frá gildistöku þeirra. Þeim lífeyrisþegum, er fengu greiddan lífeyri samkvæmt 18. gr. fjárlaga og höfðu að honum meðtöldum hærri lífeyri eftir gömlu reglunum en hinar nýju mundu veita þeim, skal greidd uppbót þannig, að þeir haldi sama heildarlífeyri og þeir höfðu áður. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins mismuninn á þeim lífeyri, sem þannig verður greiddur, og þeim lífeyri, er viðkomandi lífeyrisþegum bar samkvæmt eldri reglum. Þó skulu sjálfseignastofnanir, sem fengið hafa aðgang að sjóðnum, greiða þennan mismun fyrir þá lífeyrisþega, er verið hafa þeirra starfsmenn.

25. gr.

Nú verður almenn hækkun á áður úrskurðuðum elli-, örorku- og makalífeyri, vegna almennrar hækkunar á launum opinberra starfsmanna, sbr. 12., 13. og 14. gr., og endurgreiðir þá ríkissjóður Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þá hækkun, er þannig verður á lífeyrisgreiðslum.

26. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964. Jafnframt eru þá úr gildi numin lög nr. 64/1955, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og lög nr. 11 frá 20. marz 1959, um breytingu á þeim lögum, 3. gr. laga nr. 111/1954 og 1. mgr. 53. gr. laga nr. 33/1958, báðar að því er varðar lífeyri úr Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, svo og önnur ákvæði, sem fara kunna í bága við ákvæði laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, þeim Hákoni Guðmundssyni, hæstaréttarritara, Guðmundi Guðmundssyni, tryggingafræðingi og Sigtryggi Klemenzsyni, ráðuneytisstjóra. Fylgdi því svo hljóðandi greinargerð:

Hinn 13. september 1961 ritaði fjármálaráðherra, Gunnar Thoroddsen, stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins svo hljóðandi bréf:

„Með bréfi, dags. 15. f. m., hefur stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins beint því til ráðuneytisins, að æskilegt væri að fram færi endurskoðun á lögum sjóðsins, einkum með tilliti til sambands sjóðsins við almannatryggingar, að því er varðar lífeyrisgreiðslur.

Ráðuneytið fellst á, að rétt sé að slík endurskoðun fari fram og felur hér með stjórn lífeyrissjóðsins að annast hana og senda ráðuneytinu að henni lokinni tillögur sínar um þetta efni.“

Samkvæmt fyrirmælum í ofangreindu bréfi hefur stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins samið frumvarp það, sem hér liggur fyrir.

Þegar lög nr. 101/1943 um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins voru sett, voru í gildi hinar svo kölluðu skerðingarreglur alþýðutrygginganna. Horfur voru þá á því, að elli-, örorku- og makalífeyrir frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins yrði í flestum tilfellum svo hár, að þeir, sem slíks lífeyris nytu, gætu ekki samtímis notið tilsvarandi lífeyris frá alþýðutryggingunum. Þótti því ekki ástæða til að breyta því fyrirkomulagi, er ákveðið var með setningu alþýðutryggingalaganna, að sjóðfélagar í Lífeyrissjóði embættismanna skyldu standa utan við alþýðutryggingarnar að því er tæki til elli-, örorku-, maka- og barnalífeyris, enda hafa þeir þar á móti notið ívilnana um greiðslur persónugjaldanna til þeirra, nú síðast greitt sem næst ⅓ þeirra.

Þegar skerðingarákvæðin féllu úr gildi, 1. janúar 1961, kom sú skoðun víða fram, að opinberir starfsmenn ættu að gerast fullgildir aðilar að almannatryggingunum, en lífeyrissjóðir þeirra starfræktjast áfram sem viðbótartrygging. Í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, hefur verið farið inn á þessa braut, og liggja til þess ýmsar ástæður. Frá sjónarmiði almannatrygginganna er það að mörgu leyti óæskilegt, að til séu vissir hópar manna, sem hafi þar sérstöðu, enda er nú stefnt að því að afnema það með breytingu á lögunum um almannatryggingarnar.

Frá því lög nr. 101/1943 voru sett, hafa ekki verið gerðar á þeim neinar grundvallarbreytingar. Að vísu voru lögin gefin út að nýju sem lög nr. 64/1955. En það var ekki vegna þess að grundvallarreglum laganna væri breytt, heldur til að fella inn í lögin ýmsa minni háttar viðauka og breytingar, sem á þeim höfðu verið gerðar.

Á þeim tæpum 19 árum, sem liðin eru frá því reglur laga nr. 101/1943 um elli- og örorkulífeyri starfsmanna ríkisins og makalífeyri eftirlátinna maka þeirra tóku gildi (1. júlí 1944), hefur komið í ljós einn alvarlegur galli á þeim. En það er, að lífeyririnn hefur reynzt ófullnægjandi. Af þeim sökum hefur hvað eftir annað orðið að setja sérstök lagaákvæði um uppbætur á lífeyrinn, og hafa þær uppbætur verið greiddar úr ríkissjóði.

Tvær meginástæður liggja til þess, að lífeyririnn hefur reynzt ófullnægjandi. Önnur ástæðan er verðbólgan, sem hér hefur verið ríkjandi, með hraðfara hækkunum á krónutölu launa. Undir slíkum kringumstæðum dregur 10 ára meðaltalið laun þau, sem lífeyrir, annar en barnalífeyrir, hefur verið miðaður við, niður á langtum lægra launastig en í gildi er, þegar menn byrja að taka lífeyri. Og ósamræmið vex stöðugt, ef verðbólgan heldur áfram. Hin er sú, að enda þótt 60% kynni að vera nægjanlega há eftirlaunaprósenta, ef hún reiknaðist af heildarvinnutekjum, er hún ófullnægjandi, ef mikið vantar á, að svo sé. En þróunin í launamálum hefur verið þannig, að ríkisstarfsmenn hafa átt erfitt með að komast af með embættislaun sín, og þess vegna fjölmargir tekið þann kost að auka tekjur sínar með aukavinnu. En slíkar tekjur hafa ekki áhrif á lífeyri úr lífeyrissjóðnum, enda væri nær ógerlegt að innheimta iðgjald af þeim. Sú regla hefur verið mjög algeng hin síðari ár, að menn fengju á 18. gr. fjárlaga uppbót á ellilífeyri, svo mikla, að heildarlífeyrir þeirra næmi 80% af launum, eins og þau voru, þegar þeir létu af störfum.

Við endurskoðun laganna hefur fyrst og fremst verið byggt á þeirri reynslu, sem fengizt hefur af starfsemi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins frá stríðslokum. En stjórn sjóðsins hefur einnig kynnt sér og haft nokkra hliðsjón af, hvernig lífeyris- og eftirlaunamálum ríkisstarfsmanna er háttað í grannlöndum vorum, Noregi, Danmörku, Svíþjóð og Englandi.

Breytingar laganna eru við það miðaðar, að tryggja opinberum starfsmönnum, sem lög þessi taka til, og eftirlátnum mökum þeirra og börnum, viðhlítandi ellilífeyri og maka- og barnalífeyri, án þess að stöðugt þurfi nýja lagasetningu um uppbætur á lífeyrinn. Þessu er reynt að ná með eftirtöldum ráðstöfunum:

1) Allir þeir, sem lög þessi taka til, fá fullan lífeyrisrétt hjá almannatryggingunum. En ætla má, að lífeyrir almannatrygginganna verði í meginatriðum látinn taka breytingum í samræmi við breytingar á kaupmætti krónunnar.
2) Reglan um að miða elli-, örorku- og makalífeyri við meðaltal síðustu 10 ára er felld niður og þess í stað miðað við síðustu laun sjóðfélagans.
3) Gert er ráð fyrir, að ef almenn hækkun verður á launum opinberra starfsmanna, skuli lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum hækka á tilsvarandi hátt, en ríkissjóður endurgreiða sjóðnum þá hækkun á lífeyrisgreiðslum, sem af því leiðir.

Samanlagður ellilífeyrir úr sjóðnum og almannatryggingalífeyrir fyrir einhleypan karlmann, sem starfað hefur 30 ár í þjónustu ríkisins, verður um 75% af síðustu launum. En sé um hjón að ræða, sem bæði eiga ellilífeyrisrétt hjá almannatryggingunum, verður samanlagður lífeyrir þeirra misjafn eftir launaflokkum, frá 85% í hæsta launaflokki og upp undir 100% í lægsta launaflokki, miðað við núgildandi launalög. Þess ber þó að geta, að giftir lífeyrisþegar eru varla til úr lægra launaflokki en 12., og örfáir úr honum. Lífeyrir hjóna verður því á bilinu 85% til 95% af síðustu launum fyrir 30 ára starfstíma. Meðalellilífeyrir fyrir alla launaflokka, og gifta og ógifta til samans, má ætla að verði mjög nálægt 80% af síðustu launum, miðað við 30 ára starfstíma.

Hækkun lífeyrisins kemur að sjálfsögðu fram við það, að opinberir starfsmenn fá nú lífeyri frá almannatryggingunum. Ekki var þó unnt að leysa málið á svo einfaldan hátt, að láta eldri reglur sjóðsins óbreyttar en veita mönnum að auki aðild að almannatryggingunum. Með því hefði samanlagður lífeyrir hjóna í lægstu launaflokkunum orðið hærri en launin. Auk þess hefðu menn í þeim launaflokkum varið óeðlilega miklu af tekjum sínum til lífeyriskaupa. Þess vegna var farin sú leið að hafa tryggginguna í sjóðnum hækkandi með hækkandi launum.

Kostnaðinn af þeirri hækkun, sem verður á lífeyrisgreiðslum samkvæmt nýju reglunum, er sjóðfélögunum ætlað að bera að sínum hluta, þ. e. 40% af honum. Vísast um það til greinargerðar fyrir 10. gr. Þeir greiða það með því að greiða fullt gjald til almannnatrygginganna, en flestir þeirra greiða framvegis nokkru lægra en áður til sjóðsins. Ríkissjóður greiðir einnig sinn hluta kostnaðarins með auknu framlagi til almannatrygginganna, sem orsakast af því að lífeyrisþegar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins bætast nú í hóp lífeyrisþega almannatrygginganna. Hins vegar lækkar framlag ríkissjóðs til uppbótar á lífeyri til núverandi lífeyrisþega sjóðsins.

Athugað hefur verið, hvaða breytingar mundu verða á lífeyrisgreiðslum við tilkomu hinna nýju reglna hjá þeim, sem nutu lífeyris í ársbyrjun 1963. Kemur þá í ljós, að flestir lífeyrisþegar fá nokkru hærri heildarlífeyri eftir nýju reglunum en eftir þeim gömlu, eins og vænta mátti. Þó eru nokkrir aðilar, bæði ellilífeyrisþegar og ekkjur, sem hæstar uppbætur hafa fengið á 18. gr. fjárlaga, er hafa hærra eftir gömlu reglunum en þeim nýju. Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. er gert ráð fyrir, að þessir lífeyrisþegar fái sama heildarlífeyri og áður.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Óbreytt.

Um 2. gr.

Óbreytt.

Um 3. gr.

I.

a. Aðalbreytingin frá eldri lögum er sú, að starfsmenn við ríkisstofnanir, sem sérstakan fjárhag hafa, eru nú skyldutryggðir í sjóðnum samkvæmt I a., en áður var aðeins heimild til að taka þá í tölu sjóðfélaga. Sú heimild hefur að

vísu yfirleitt verið notuð. En oft hefur það verið svo um nýjar stofnanir, að inntökubeiðni hefur dregizt á langinn. Það hefur valdið sjóðnum nokkrum óþægindum, en þó einkum starfsmönnum þessara stofnana og stofnununum sjálfum, er þá þurfa að borga iðgjöld mörg ár aftur í tímann.
Tilvísun í launalög fellur að sjálfsögðu niður með þeim.

b. Rétt þykir að taka fram, að starfsmenn þeirra stofnana, sem fengið hafa aðild að sjóðnum samkvæmt eldri lögum, verði áfram í sjóðnum, nema hlutaðeigandi stofnun segi aðildinni upp. Heimild til að taka nýjar stofnanir af þessu tagi inn var felld niður með breytingu laganna 1955.

II.

Af starfsmönnum þeim, er liður I a. tekur til, eiga barnakennarar, hjúkrunarkonur og ljósmæður rétt á lífeyri úr lífeyrissjóðum, sem stofnaðir hafa verið með lögum. Rétt á lífeyri úr sjóðum, sem stofnaðir hafa verið með reglugerð, staðfestri af fjármálaráðherra fyrir gildistöku laga þessara, eiga til dæmis starfsmenn Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands, svo og ýmsir verkfræðingar.

Um 4. gr.

Grein þessi er efnislega samhljóða 2. tölulið 4. gr. í lögum nr. 64/1955.

Um 5. gr.

Óbreytt.

Um 6. gr.

Óbreytt.

Um 7. gr.

Grein þessi er óbreytt að öðru en því, að í stað orðanna „hinni umboðslegu endurskoðun“ í síðari málsgrein, kemur: ríkisendurskoðuninni.

Um 8. gr.

Óbreytt.

Um 9. gr.

Óbreytt.

Um 10. gr.

Í þessari grein eru verulegar breytingar frá því, er áður var. Veigamesta breytingin er sú, að gert er ráð fyrir, að sjóðfélagar greiði mismunandi hundraðshluta af launum, eftir því hve há laun þeirra eru. Að því er stefnt, að samanlagt gjald til sjóðsins og iðgjald til almannatrygginga fyrir ógiftan karlmann verði sem næst sami hundraðshluti af launum, hver sem launin eru. Hingað til hafa allir greitt 4% af launum til sjóðsins og auk þess sem næst einn þriðja af iðgjaldi (persónugjaldinu) til almannatrygginganna. Fyrir ógifta karla er það gjald 0.44% af launum í hæsta launaflokki, 1.12% í þeim lægsta og 0.75% í IX. launaflokki, sem er fjölmennastur. Lætur mjög nærri, að ógiftir karlar hafi til jafnaðar greitt 0.75% af launum til almannatrygginganna. Nú er það meginreglan, að eftir 30 ára starfstíma verði lífeyrisgreiðslur frá sjóðnum og almannatryggingunum 25% hærri en lífeyrir sjóðsins var. Ef greiðsla sjóðfélaganna hækkar að sama skapi, á hún að verða: (4% + 0.75%) 1.25 = 5.9375%. Það lætur því mjög nærri, að samanlögð iðgjöld til sjóðsins og almannatrygginganna ættu að vera 6% af launum.

2. mgr. er óbreytt.

Síðari hluti 3. mgr. er felldur niður, enda ekki líklegt að hann hafi neina þýðingu hér eftir.

4. mgr. er óbreytt.

Í 5. mgr. er lágmarksaldurinn hækkaður úr 18 árum í 20 ár. Reynslan hefur sýnt að mikið af því fólki, sem kemur í sjóðinn innan við tvítugt, fer úr honum aftur eftir fá ár, oft eftir 5 ár, þegar það hefur fengið lán úr sjóðnum. Það er og fátítt annars staðar, að starf fyrir tuttugu ára aldur veiti eftirlaunarétt.

Í síðustu málsgrein er efnislega sú breyting, að regla, sem áður gilti um héraðslækna, er nú einnig látin ná til sóknarpresta.

Um 11. gr.

Óbreytt.

Um 12. gr.

Fyrsta breytingin í þessari grein er, að réttur til lífeyris fæst eftir 5 ára iðgjaldagreiðslu, en áður var miðað við 10 ár. Tilefni breytingarinnar er, að nú kemur ellilífeyrir úr þessum sjóði til viðbótar ellilífeyri almannatrygginganna. Sem viðbót við almannatryggingalífeyrinn getur lágur lífeyrir gert nokkurt gagn, þó að hann væri allsendis ófullnægjandi einsamall.

2. mgr. var áður síðasta málsgrein 16. greinar, sbr. lög nr. 11 frá 20. marz 1959.

Tvær meginbreytingar hafa verið gerðar á því, hvaða hundraðshluta af launum hvert iðgjaldagreiðsluár gefur í eftirlaun. Önnur er sú, að hvert iðgjaldagreiðsluár gefur nú sama hundraðshluta af launum í eftirlaun. Áður var hundraðshlutinn stighækkandi með lengingu iðgjaldsgreiðslutímans. Ástæðan til þess að horfið var frá þessu vátryggingarlega sjónarmiði er, að reynslan hefur sýnt, að lítt gerlegt er að byggja fullnægjandi eftirlaunakerfi á vátryggingalegum grundvelli eingöngu, þegar þróun kaupgjalds og verðlags er með þeim hætti, sem hér hefur verið síðustu tuttugu árin. Víðast hvar annars staðar er það líka venja að láta öll starfsárin gilda jafnt við ákvörðun eftirlauna. Hin breytingin er, að hundraðshluti sá, sem hvert iðgjaldagreiðsluár gefur, er mismunandi eftir launaflokkum. Hann er því hærri, því hærri sem launin eru, enda er sjóðfélögum ætlað að greiða því hærri hundraðshluta af launum í iðgjald til sjóðsins, því hærri sem launin eru, sbr. 10. gr. Ástæðan fyrir þessu er sú, að ellilífeyrir úr þessum sjóði kemur framvegis til viðbótar ellilífeyri almannatrygginganna, sem er eins fyrir alla, og þess vegna mismunandi hundraðshluti af launum eftir því, hve há þau eru, því lægri sem þau eru hærri. Miðað við núverandi laun og ellilífeyri almannatrygginga fyrir einstaklinga mundi 30 ára starfstími gefa sem næst 75% af launum þeim, er ellilífeyrir miðast við, í samanlagðan ellilífeyri sjóðsins og almannatrygginganna, í öllum launaflokkum. Þar sem makalífeyrir almannatrygginganna kemur til viðbótar, yrði hundraðshlutinn í flestum launaflokkum á milli 85% og 95%. Á það skal bent, að hækki laun opinberra starfsmanna hlutfallslega meira en ellilífeyrir almannatrygginganna, lækka framangreindir hundraðshlutar nokkuð.

Veigamiklar breytingar frá gildandi lögum liggja í því, að hér er gert ráð fyrir að reikna ellilífeyri eftir launum í því starfi, er sjóðfélaginn gegndi síðast, í stað þess að reikna meðaltal af launum síðustu tíu ára, og að gert er ráð fyrir, að ellilífeyrir breytist á tilsvarandi hátt og laun. Sjóðfélagar hafa margoft sett fram óskir um fyrra atriðið, enda er það mikið tíðkað, bæði hér á landi og víða erlendis. Um síðara atriðið vísast til almennu greinargerðarinnar.

Nokkur breyting er það frá eldri reglum, að sjóðfélagi, sem lokið hefur 30 ára iðgjaldagreiðslu en ekki náð þeim aldri að hann megi hætta störfum og fá ellilífeyri, fær 1% af launum í viðbótarlífeyri fyrir hvert ár, er hann gegnir starfi sínu á þessu tímabili. Gegni hann starfi, eftir að hann á rétt á að fara að taka ellilífeyri, fær hann eins og verið hefur 2% fyrir hvert ár, sem hann gegnir starfi sínu eftir það. Samkvæmt þessu gæti maður, sem byrjaði starf hjá ríkinu 20 ára, náð 100% af síðustu launum í ellilífeyri, ef hann ynni til 70 ára aldurs, það er eftir 50 ára starfstíma. Fyrstu 30 árin gefa 75%, næstu 15 ár 15% og síðustu 5 árin 10%.

Það getur vart talizt athugavert, þó að maður, sem gegnt hefur opinberri þjónustu svo lengi, haldi fullum launum, er hann lætur af störfum.

Síðasta málsgreinin er nýmæli, sem er sett vegna þess, að ellilífeyrir almannatrygginganna byrjar ekki fyrr en við 67 ára aldur.

Um 13. gr.

1. málsgrein þessarar greinar er óbreytt.

Breytingar á 2. málsgrein eru bein afleiðing af breytingunum á ellilífeyrisreglunum, og þarfnast því ekki frekari skýringa.

Í 3. málsgrein er það nýmæli, að örorkulífeyrir er fleiri hundraðshlutar af hámarksörorkulífeyri en örorkan er metin, ef hún er yfir 50%. Tilefni þessarar breytingar er, að það virðist vera reynsla, bæði hér og erlendis, að mönnum með háa örorku gangi tiltölulega verr að nýta þá starfsorku, sem þeir eiga eftir, heldur en þeim, er hafa lítið skerta starfsgetu. Eftir reglunni mundi maður, sem væri 60% öryrki, fá örorkulífeyri, er næmi 70% af hámarksörorkulífeyri samkvæmt 2. mgr. Sá, sem er metinn 75% öryrki eða meira, á samkvæmt þessu rétt á hámarksörorkulífeyri. En hann á þá rétt á örorkulífeyri frá almannatryggingunum. Ef sá lífeyrir kæmi sem viðbót, yrði um stórt stökk að ræða í örorkulífeyrinum við 75% örorkustigið. Ekki er tilefni til slíks, og er því örorkulífeyrir sjóðsins lækkaður um leið og menn öðlast rétt til örorkulífeyris almannatrygginganna um þá upphæð, er honum nemur.

4., 5. og 6. mgr. eru óbreyttar.

Um 14. gr.

Meginbreytingarnar á þessari grein eru hækkun makalífeyrisins, niðurfelling á biðtímanum og að makalífeyririnn skuli fylgja launum í því starfi, er sjóðfélaginn gegndi síðast.

Eftir 30 ára starfstíma verður makalífeyrir nú 50% af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni sjóðfélagi gegndi síðast. Það er sama hundraðshlutahækkun (25%) eins og á ellilífeyrinum. Hækkanir makalífeyris fyrir hvert starfsár umfram 30 eru helmingur af því, sem hækkun ellilífeyrisins nemur, sbr. 12. gr.

Makalífeyririnn er ákveðinn þannig, að samanlagður lífeyrir úr sjóðnum og maka- eða ellilífeyrir frá almannatryggingunum sé ákveðinn hundraðshluti af launum þeim, er á hverjum tíma fylgja starfi því, er hinn látni sjóðfélagi gegndi síðast, og fer sá hundraðshluti eftir því, hve starfstíminn var langur. Greiðslurnar úr sjóðnum verða því misjafnar eftir því, hvort hinn eftirlifandi maki á lífeyrisrétt hjá almannatryggingunum eða ekki. Þetta er tilsvarandi og gerist, þegar örorkulífeyrisþegi nær 67 ára aldri. Þá lækkar greiðsla sjóðsins. Það getur einnig komið fyrir með ellilífeyrisþega, sbr. síðustu málsgrein 12. gr.

Undantekning frá aðalreglunni er gerð í 3. mgr. fyrir þau tilvik, þar sem makalífeyririnn samkvæmt 2. mgr. nær ekki tvöföldum einstaklingslífeyri almannatrygginganna. Það ákvæði leiðir til þess, að eftirlátnir makar (ekkjur) með lágan makalífeyri mundu fá nokkra hækkun við 67 ára aldur. Slíkt mundi helzt koma til hjá eftirlátnum mökum þeirra starfsmanna, sem hefðu verið stuttan tíma í opinberri þjónustu.

Tilefni þess, að biðtíminn er felldur niður, er sumpart óskir sjóðfélaganna um þetta og sumpart sú staðreynd, að oft hafa verið teknar á fjárlög greiðslur til ekkna sjóðfélaga, sem ekki höfðu náð 10 ára starfstíma. Með því að fella biðtímann niður, ætti slíkt ekki að koma til í framtíðinni.

Vegna niðurfellingar biðtímans, fellur 2. mgr., sem áður var, niður.

Við breytinguna á launagrundvelli þeim, sem makalífeyrir reiknast eftir, verður 5. mgr., sem áður var, óþörf.

Þá hefur 4. mgr., um lækkun á lífeyri vegna aldursmunar hjóna, verið felld niður. Hún hefur haft litla fjárhagslega þýðingu, en valdið verulegum leiðindum í framkvæmd.

4. mgr. er 6. mgr., sem áður var, óbreytt.

5. mgr. er 7. mgr., sem áður var, óbreytt.

6. mgr. er ný. Hún er tekin upp vegna eindreginna tilmæla 7. fulltrúaráðsfundar Kvenréttindafélags Íslands. Tilsvarandi reglur eru í gildi hjá grannþjóðum okkar.

Um 15. gr.

Í þessari grein eru engar efnislegar breytingar. Fyrri málsgreinin er tekin úr síðustu málsgrein 14. gr., sem áður var. Síðari málsgreinin er efnislega samhljóða 3. mgr. 16. gr., sem áður var, sbr. lög nr. 11/1959.

Um 16. gr.

Í þessari grein eru nokkrar efnisbreytingar.

Í fyrsta lagi er greiðsla lífeyris framlengd frá 16 til 18 ára aldurs. Um þetta hafa oft komið fram tilmæli frá sjóðfélögum. Það er einkum rökstutt með því, að engu sérnámi sé lokið við 16 ára aldur. Það er einnig reglan í grannlöndum okkar, að barnalífeyrir sé greiddur til 18 ára aldurs.

5. Orðið *litarefni* í þessum kafla tekur ekki til efna, sem notuð eru sem fylliefni í oliuliti, enda þótt einnig sé hægt að nota þau sem pigment í distemper og aðra slíka vatnsliti.
6. Með *prentþynnum*, sem teljast til nr. 32.09, er einungis átt við slík efni eins og þau, sem notuð eru til prentunar, t. d. gyllingar á bókbandi og prentunar á hattböndum, og gerð eru með þeim hætti, er hér segir:
   a. Þunnar arkir úr málmdufti (einnig góðmálmum), sem haldið er saman með limi, gelatíni eða öðru bindiefni.
   b. Málmduft (t. d. gull eða alúmín) eða pigment á pappír, plasti eða öðru berandi efni.

32.01	00	**Sútunarefnaextraktar úr jurtaríkinu**	30%
32.02	00	**Sútunarsýrur (tannin), þar með talið galleplatannín dregið út með vatni, ásamt söltum þeirra, eterum, esterum og öðrum derivötum**	30%

32.03	00	**Tilbúin sútunarefni, einnig blönduð náttúrlegum sútunarefnum; tilbúinn bæs til sútunar (t. d. enzym-, pankreas- eða gerlabæs)**	30%
32.04		**Litarefni úr jurtaríkinu (þar með taldir viðarlitarextraktar og aðrir litarextraktar úr jurtaríkinu, þó ekki indígó) eða úr dýraríkinu:**	
	01	Barkarlitur (veiðarfæralitur)	2%
	02	Bæs	30%
	03	Smjör- og ostalitir	20%
	04	Öl- og gosdrykkjalitir	40%
	09	Önnur	30%
32.05	00	**Tilbúin lífræn litarefni (þar með talin pigmentlitarefni); tilbúnir lífrænir, ljósnæmir litir; bleikjandi lífræn efni, er festast við trefjarnar; náttúrlegt indígó**	25%
32.06	00	**Litlökk (súbstrat pigment)**	30%
32.07		**Önnur litarefni; ólífrænir, ljósnæmir litir:**	
	01	Bronslitir	25%
	02	Blýhvíta	25%
	03	Jarðlitir syntetískir	25%
	04	Málningarlitir þurrir	25%
	05	Menja	25%
	06	Títanhvíta	25%
	07	Zinkhvíta	25%
	09	Annars	25%
32.08	00	**Tilreidd pigment, tilreidd gruggunarefni og tilreiddir litir, smelt og annar glerungur, fljótandi, gljáamyndandi efni og önnur þess konar framleiðsla, sem notuð er við leirmunagerð, smeltun og glergerð; engober (slips); glerfrit og annað gler sem duft, korn eða flögur**	40%
32.09		**Lökk, tær eða með pigmenti; distemper, vatnslitir til litunar á leðri o. þ. h.; önnur málning og lökk; pigment rifin í línolíu, jarðterpentínu, fernis eða öðrum svipuðum efnum notuðum við framleiðslu á málningu; prentþynnur; uppleysanleg litarefni mótuð til smásölu eða í smásöluumbúðum:**	
	01	Blakkfernis	35%
	09	Annars	60%
32.10	00	**Litir til listmálunar, kennslu, auglýsingagerðar, litblæbreytinga og annars þess konar, í töflum, skálpum (túbum), krukkum, flöskum, skálum eða öðru svipuðu, þar með taldar litasamstæður með eða án pensla, skála, litspjalda eða annars, er málun heyrir til**	35%
32.11	00	**Þurrkefni**	35%
32.12	00	**Kítti, spartl og önnur fylli- eða þéttiefni; ágræðslukvoða**	60%
32.13		**Blek, prentlitir og aðrir þess konar litir:**	
	10	*Prentlitir*	20%
	20	*Blek, túsk og aðrir þess konar litir, þó ekki prentlitir*	80%

33. kafli.

Rokgjarnar olíur úr jurtaríkinu og resinóíð; ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. **Framleiðsla gerð að nokkru leyti úr alkóhóli til notkunar í drykkjarvörur til bragðbætis (nr. 22.09).**
   b. **Sápa (nr. 34.01).**
   c. **Terpentínolía og önnur efni, sem teljast til tollskrárnúmers 38.07.**

2. Til nr. 33.06 teljast m. a. vörur, einnig óblandaðar (þó að undanskildum vörum, sem teljast til nr. 33.05), er nota má sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar og eru í smásöluumbúðum, er gefa til kynna, að nota eigi vöruna sem ilmvatn eða til hreinlætis eða snyrtingar.

33.01	00	**Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), fljótandi eða fastar; resinóíd** ..	40%
33.02	00	**Terpenríkar aukaafurðir af rokgjörnum olíum**	40%
33.03	00	**Konsentröt af rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum, vaxi eða öðru þess háttar, fengin með enfleurage eða maceration**	40%
33.04		**Blöndur af tveim eða fleiri ilmandi efnum (náttúrlegum eða tilbúnum) og blöndur (þar með taldar alkóhólupplausnir) að meginefni úr einu eða fleiri þessara efna, enda sé um að ræða hráefni til ilmvatnsgerðar, matvæla- eða drykkjaframleiðslu eða annars iðnaðar:**	
	01	Bragðbætandi efni til iðnaðar	40%
	02	Ilmefni til iðnaðar	40%
	03	Bökunardropar	80%
	09	Annað	40%
33.05	00	**Vatn frá eimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir slíkra olía, einnig þótt nota megi til lækninga**	60%
33.06		**Ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur:**	
	01	Hárliðunarvökvar og hárliðunarduft	100%
	02	Andlitsduft	125%
	03	Húðkrem og húðolía	125%
	04	Ilmvötn	125%
	05	Naglasnyrtiefni	125%
	06	Rakkrem	125%
	07	Tannsnyrtiefni	125%
	08	Varalitur	125%
	09	Annað	125%

34. kafli.

Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvotta- og hreingerningarefni, smurefni, tilbúið vax, tilreiddar vaxblöndur, fægi- og ræstiefni, kerti og aðrar þess konar vörur, mótunarefni og vax til tannviðgerða.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Aðgreind, kemiskt skýrgreind efni.
   b. Tannkrem, rakkrem og hárþvottaefni, enda þótt vörur þessar séu gerðar að einhverju leyti úr sápu eða lífrænu yfirborðsvirku efni (nr. 33.06).
2. Til nr. 34.01 telst einungis sápa, sem leysist upp í vatni, einnig þótt í hana sé blandað öðrum efnum (t. d. sótthreinsandi efnum, slípiefnum, fylliefnum eða lyfjum).
3. Sem *olíur unnar úr jarðolíu eða skífuolíu* í nr. 34.03 skoðast einungis vörur þær, sem skýrgreindar eru í 3. athugasemd við 27. kafla.
4. Sem *vaxblöndur, sem hvorki eru jafnblandaðar né innihalda upplausnarefni,* í nr. 34.04 skoðast einungis:
   A. Blöndur af vaxi úr dýraríkinu, blöndur af vaxi úr jurtaríkinu eða blöndur af tilbúnu vaxi.
   B. Blöndur ýmiss konar vaxtegunda (úr dýraríkinu, úr jurtaríkinu, úr steinaríkinu eða tilbúnar).

C. Vaxkenndar blöndur, sem eru ekki jafnblandaðar og innihalda ekki upplausnarefni, gerðar að meginstofni úr einni eða fleiri vaxtegundum og innihalda auk þess feiti, harpix, steinefni eða annars konar efni.
Til þessa númers telst ekki:
a. Vax það, sem telst til nr. 27.13.
b. Óblandað vax úr dýra- eða jurtaríkinu, sem einungis hefur verið litað.

34.01		**Sápa, einnig lyfjasápa:**	
	01	Blautsápa	110%
	02	Handsápa (toiletsápa)	110%
	03	Raksápa	110%
	04	Sápa föst, til þvotta og hreingerninga (önnur en sú, sem telst til nr. 34.01.02 og nr. 34.01.03)	110%
	05	Sápuspænir og sápuduft	110%
	09	Lyfjasápa og önnur sápa en sú, sem telst til nr. 34.01.01-34.01.05	110%
34.02		**Lífræn yfirborðsvirk efni; yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni, einnig þótt þau innihaldi sápu:**	
	01	Þvottaduft, einnig þótt það innihaldi sápu	110%
	09	Lífræn yfirborðsvirk efni, yfirborðsvirkar efnablöndur, þvotta- og ræstiefni (þó ekki þvottaduft), einnig þótt þau innihaldi sápu	110%
34.03	00	**Smurefni gerð úr blöndum af olíum eða feiti eða úr blöndum gerðum að meginefni úr olíum eða feiti, þar með ekki talin smurefni, sem innihalda 70% eða meira af olíum unnum úr jarðolíu eða skífuolíu, miðað við þunga**	2%
34.04	00	**Tilbúið vax (þar með talið vax leysanlegt í vatni), vaxblöndur, sem hvorki eru jafnblandaðar né innihalda upplausnarefni**	35%
34.05		**Fægi- og gljáefni fyrir skófatnað, húsgögn, gólf eða málma, ræstiduft og aðrar þess konar vörur, þó ekki vaxblöndur, sem teljast til nr. 34.04.00:**	
	01	Bón alls konar	110%
	02	Ræstiduft	110%
	03	Skóáburður og leðuráburður	110%
	09	Annað	110%
34.06	00	**Sterín-, paraffín- og vaxkerti ásamt öðrum þess konar vörum**	110%
34.07	00	**Mótunarefni (þar með talin mótunarefni ætluð börnum til dægrastyttingar og samstæður af mótunarefni); vax og annað mótunarefni til tannviðgerða í plötum, stöngum, skeifulaga eða öðruvísi í lögun**	35%

35. kafli.
Próteín, lím og klístur.

Athugasemd:
Til þessa kafla telst ekki:
a. Próteín, sem ætluð eru til lækninga (nr. 30.03).
b. Póstkort og önnur grafísk verk úr gelatíni (49. kafli).

35.01	00	**Kasein, kaseínöt og aðrir kaseínderivatar, kaseínlím**	50%
35.02	00	**Albúmín, albúmínöt og aðrir albúmínderivatar**	35%
35.03	00	**Gelatín (þar með talið gelatín í ferhyrndum plötum, einnig þótt þær séu litaðar eða unnar á yfirborðinu) og gelatínderivatar; lím unnið úr beinum, húðum, sinum eða öðru þess háttar, fiskilím; matarlím**	100%

35.04	00	**Pepton og önnur próteín og derivatar þeirra; húðaduft, einnig þótt það hafi krómsaltameðferð**	35%
35.05	00	**Dextrín; uppleysanleg sterkja; brennd sterkja og sterkjuklístur**	35%
35.06		**Límblöndur, ót. a.; hvers konar efni, sem nota má til límingar og eru í smásöluumbúðum, sem bera það með sér, að um lím sé að ræða, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg:**	
	01	Í smásöluumbúðum, enda vegi innihald í hverju stykki ekki meira en 1 kg	80%
	09	Annars	50%

36. kafli.

Sprengiefni; flugeldar og skrauteldar; eldspýtur, kveikilegeringar og tiltekin eldfim efni.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki aðgreind, kemískt skýrgreind efni önnur en þau, sem nefnd eru í a- og b-lið 2. athugasemdar þessa kafla.
2. Til nr. 36.08 telst einungis:
   a. Metaldehyd, hexametylentetramín og önnur þess konar efni, enda séu þau mótuð (t. d. í töflur, stengur eða á annan svipaðan hátt) og ætluð til notkunar sem eldsneyti, enn fremur eldsneyti að meginefni úr alkóhóli og annað svipað eldsneyti sem fast efni eða deig.
   b. Fljótandi eldsneyti (t. d. benzín) til notkunar í kveikjara, enda sé það í hylkjum, er ekki taka meira en 300 cm^3.
   c. Bik- og harpixblys, eldkveikjarar og aðrar þess konar vörur.

36.01	00	**Púður**	35%
36.02	00	**Sprengiefni tilbúin til notkunar, þó ekki púður**	35%
36.03	00	**Kveikiþráður, sprengiþráður**	35%
36.04	00	**Hvellhettur og önnur þess konar kveikiefni til notkunar við sprengingar**	35%
36.05		**Flugeldar, skrauteldar og aðrar þess konar vörur:**	
	01	Flugeldar o. þ. h. til slysavarna, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	09	Annað	125%
36.06	00	**Eldspýtur (þó ekki bengalskar eldspýtur)**	125%
36.07	00	**Ferró-ceríum og aðrar kveikilegeringar, einnig mótaðar**	125%
36.08	00	**Önnur eldfim efni**	80%

37. kafli.

Vörur til ljósmynda- og kvikmyndagerðar.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki afklippur eða úrgangur.
2. Til nr. 37.08 telst einungis:
   a. Blönduð kemísk efni til ljósmyndagerðar (t. d. ljósnæmar jafnblöndur, framkallarar, festingar- og blæbreytingarsölt).
   b. Óblönduð kemísk efni til notkunar í sama skyni, enda séu þau í hæfilega stórum skömmtum eða í smásöluumbúðum og tilbúin til notkunar.

   Til nr. 37.08 telst ekki lakk, klístur og önnur þess konar efni til notkunar við ljósmyndagerð.

37.01		**Ljósnæmar plötur (þar með blaðfilmur), ólýstar, úr hvers konar efni öðru en pappír, pappa eða vefnaði:**	
	01	Röntgenfilmur og -plötur, ólýstar	30%
	09	Aðrar	70%
37.02		**Ljósnæmar filmur í rúllum, ólýstar, einnig gataðar:**	
	01	Röntgenfilmur	30%
	02	Kvikmyndafilmur	70%
	09	Aðrar	70%
37.03	00	**Ljósnæmur pappír, pappi eða vefnaður, lýstur eða ólýstur, en ekki framkallaður**	70%
37.04	00	**Ljósnæmar plötur og filmur, lýstar, en ekki framkallaðar, negatív eða pósitív**	70%
37.05	00	**Plötur og filmur, einnig gataðar (aðrar en kvikmyndafilmur), lýstar og framkallaðar, negatív eða pósitív**	70%
37.06	00	**Kvikmyndafilmur einungis með hljómbandi, lýstar og framkallaðar, negatív eða pósitív**	70%
37.07	00	**Aðrar kvikmyndafilmur, með eða án hljómbands, lýstar og framkallaðar, negatív og pósitív** 1 kg	50 kr.
37.08	00	**Kemísk efni til ljósmyndagerðar (þar með talið leifturduft)**	70%

38. kafli.

Ýmis kemísk efni.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Aðgreind, kemískt skýrgreind frumefni og sambönd með þeim undantekningum, er nú greinir:
      1. Tilbúið grafít (nr. 38.01).
      2. Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og til útrýmingar á skordýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun, rottueitur og önnur þess konar efni, er teljast til nr. 38.11.
      3. Eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar til notkunar í sama skyni (nr. 38.17).
      4. Efni nefnd í a-, c-, d- eða f-lið 2. athugasemdar hér að neðan.
   b. Lyf (nr. 30.03).
2. Eftirtaldar vörur teljast til nr. 38.19 og einskis annars númers:
   a. Ræktaðir krystallar (aðrir en til ljóstækniáhalda) úr magnesíumoxydi eða úr halógenídum alkalímálma eða jarðalkalímálma, enda vegi hver krystall a. m. k. 2½ g.
   b. Fúsilolía.
   c. Blekeyðandi efni í smásöluumbúðum.
   d. Leiðréttingalakk í smásöluumbúðum fyrir fjölritunarstensla.
   e. Bræðanlegir leirmunir til hitamælinga (t. d. segerkeilur).
   f. Gips sérstaklega tilreitt til notkunar við tannviðgerðir.
   g. Blönduð alkyl mjög lágt pólymeriseruð.

38.01	00	**Tilbúið grafít; hlaupkennt (collodial) grafít annað en jafnblöndur þess í olíu**	35%
38.02	00	**Dýrakol (t. d. beinsverta, fílabeinssverta), einnig notuð**	35%
38.03	00	**Ávirk kol (aflitandi, afskautandi eða aðsogandi), ávirkt kísilgúr, ávirkur leir, ávirkt alúmíngrýti (bauxite) og önnur ávirk náttúrleg steinefni**	35%

38.04	00	**Gasvatn og notaður gashreinsunarleir**	35%
38.05	00	**Tallolía (tallsýra)**	35%
38.06	00	**Innsoðinn súlfítlútur**	35%
38.07	00	**Terpentínuolía og önnur upplausnarefni úr terpenum framleidd með eimingu eða annarri aðferð úr viði barrtrjáa (t. d. balsam-, trjá- og súlfatterpentína), óhreinsað dípenten, óhreinsað cymen, „pine-oil“**	35%
38.08	00	**Kólófóníum og harpixsýrur ásamt derivötum þeirra (þó ekki harpixesterar, er teljast til nr. 39.05), harpixkjarni (pínólín) og harpixolíur**	35%
38.09		**Viðartjara; viðartjöruolíur (þó ekki upplausnarefni og þynnar, er teljast til nr. 38.18); viðarkreósót, óhreinsað metanól, acetónolía:**	
	01	Metanól óhreinsað	35%
	02	Acetónolía	35%
	09	Annað	35%
38.10	00	**Bik úr jurtaríkinu hvers konar; bruggarabik og annað þess konar að meginefni úr kólófóníum eða biki úr jurtaríkinu; kjarnabindiefni (fyrir mótasand) að meginefni úr harpixefnum**	35%
38.11		**Sótthreinsandi efni, efni til varnar gegn og til útrýmingar á skordýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun, rottueitur og önnur þess konar efni, enda séu þau í smásöluumbúðum, séu blöndur efna eða tilreidd sem sérstakar vörur til notkunar í ofan nefndu skyni (t. d. bönd, kveikir eða kerti blönduð brennisteini, flugnaveiðarar):**	
	01	Baðlyf, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	02	Efni til að hindra spírun eða til eyðingar illgresis, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	09	Annað	35%
38.12	00	**Steining, bæs og annað þess konar til notkunar í pappírs-, vefnaðar- eða leðuriðnaði og skyldum iðngreinum**	35%
38.13	00	**Bæs fyrir málma, bræðsluefni og önnur hjálparefni til notkunar við lóðun málma og logsuðu, lóð- og logsuðuduft ásamt lóð- og logsuðupasta úr málmi og öðrum efnum; efni til að þekja eða fylla logsuðu- eða rafsuðuþráð**	20%
38.14	00	**Efni til varnar banki í vélum, oxyderingu, tæringu eða harpixmyndun, efni til aukningar á þykkt smurolíu og önnur svipuð efni til blöndunar í jarðolíu**	35%
38.15	00	**Efni til hvatningar vúlkaniseringar**	35%
38.16	00	**Efni til ræktunar smáverugróðurs**	35%
38.17	00	**Blönduð efni og hleðslur til að slökkva eld; eldslökkvandi efni í hylkjum fyrir slökkvitæki eða annars konar hylkjum til notkunar í sama skyni**	30%
38.18	00	**Blönduð upplausnarefni og þynnar fyrir lakk og annað þess háttar**	60%
38.19		**Kemísk framleiðsla og fullunnar vörur kemísks iðnaðar og skyldra iðngreina (þar með taldar blöndur úr náttúrlegum efnum), úrgangsefni kemískrar framleiðslu og skyldra iðngreina, enda séu vörur þessar ekki taldar annars staðar:**	
		Kemísk framleiðsla:	
	11	Hemluvökvi	125%
	12	Frostlögur	125%
	13	Sementsteypuþéttiefni	35%
	19	Önnur	50%
	20	*Eldfast lím og mörtel*	35%

VII. flokkur.

Plast — þar með talið sellulósaester og -eter, gerviharpix og önnur plastefni — og vörur úr plasti; náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið (syntetískt) gúmmí og faktis og vörur úr þessum efnum.

39. kafli.

Plast — þar með talið sellulósaester og -eter, gerviharpix og önnur plastefni — og vörur úr plasti.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki:
   a. Prentþynnur, er teljast til nr. 32.09.
   b. Tilbúið vax, er telst til nr. 34.04.
   c. Tilbúið gúmmí eins og það er skýrgreint í 40. kafla og vörur úr því.
   d. Reiðtygi og aktygi, er teljast til nr. 42.01, handtöskur og annað þess háttar til ferðalaga í nr. 42.02.
   e. Efni til körfugerðar, vörur úr því og aðrar vörur úr fléttiefnum, er teljast til 46. kafla.
   f. Tilbúin spunaefni og vörur úr þeim, er teljast til XI. flokks.
   g. Skófatnaður, höfuðföt, regnhlífar, sólhlífar, göngustafir, svipur (keyri), blævængir og hlutar til nefndra vara og aðrar vörur, er teljast til XII. flokks.
   h. Glysvarningur, er telst til nr. 71.16.
   ij. Vélar, tæki, verkfæri, rafmagnstæki og vörur, er teljast til XVI. flokks.
   k. Hlutar til farartækja, er teljast til XVII. flokks.
   l. Ljóstæknivörur úr plasti, gleraugnaumgerðir, teikniáhöld og aðrar vörur, er teljast til 90. kafla.
   m. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur, úr og hlutar til þeirra).
   n. Hljóðfæri, hlutar til þeirra og aðrar vörur, er teljast til 92. kafla.
   o. Húsgögn, hlutar til þeirra og aðrar vörur í 94. kafla.
   p. Burstar og aðrar vörur, er teljast til 96. kafla.
   q. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   r. Hnappar, rennilásar, greiður, pípumunnstykki, vindlingamunnstykki og annað þess háttar, hlutar til hitabrúsa og annars þess háttar, pennasköft, skrúfblýantar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
2. Nr. 39.01 og 39.02 taka einungis til eftirgreindra efna, sem framleidd hafa verið með kemískri samsetningu:
   a. Plast, þar með talið gerviharpix.
   b. Sílikon.
   c. Resól, fljótandi pólyísóbútylen og svipuð fjölhlutaefni (polymers) með mjög háum sameindarþunga.
3. Nr. 39.01—39.06 taka því aðeins til efnanna, að þau séu þannig á sig komin, er nú skal greina:
   a. Fljótandi eða deigkennd efni, þar með taldar jafnblöndur og upplausnir.
   b. Stykki, klumpar, korn, flögur eða duft, þar með talið pressu- eða úðaduft.
   c. Einþáttungar, sem hvergi eru minna en 1 mm í þvermál; saumlausar pípur og stengur með hvers konar þverskurði, einnig þótt þær hafi verið fágaðar á yfirborðinu, en ekki frekar unnar.

d. Plötur, arkir, þynnur og bönd, óáprentuð eða prentuð eða með öðrum hætti unnin á yfirborðinu, en ekki sniðin í annað en ferhyrnt lag og ekki frekar unnin.
e. Úrgangur og rusl.

39.01		**Efni orðin til fyrir þéttingu (kondensation), fjölþéttingu (pólykondensation) og fjölaukningu (pólyaddition), einnig þótt þau séu blönduð öðrum efnum frekari vinnslu þeirra viðkomandi, og önnur náskyld efni (t. d. fenóplast, amínóplast, alkyd, pólyallylester og önnur ómettuð pólyester, sílikon):**	
	01	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	02	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
	03	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir	35%
	04	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	30%
	05	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
	09	Annað	60%
39.02		**Efni orðin til fyrir pólymerisation og kópólymerisation (t. d. pólyetylen, pólytetrahalógenetylen, pólyísóbúten, pólystyren, pólyvínylklóríd, pólyvínylacetat, pólyvínylklórídacetat og aðrir pólyvínylderivatar, pólyacrylsýru- og pólymetacrylsýruderivatar, kúmarónindenharpix):**	
	01	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	02	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
	03	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir	35%
	04	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	30%
	05	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
	09	Annað	60%
39.03		**Endurunninn sellulósi, sellulósanítrat, sellulósaacetat og önnur sellulósaester, sellulósaeter og aðrir kemískir derivatar sellulósa, einnig blandað mýkiefnum (t. d. collodíum og celluloid); vúlkanfíber:**	
	10	*Vúlkanfíber*	30%
		Annað:	
	21	Bindilögur til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	22	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
	23	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur og þræðir	35%
	24	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	30%
	25	Blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
	29	Annars	60%
39.04		**Hert prótein (t. d. hert kasein og hert gelatín):**	
	01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
	09	Annað	60%
39.05		**Náttúrlegt harpix ummyndað með bræðslu (t. d. bræddur kópall), gerviharpix orðið til fyrir estrun á náttúrlegu harpix eða harpixsýrum (harpixester), kemískir derivatar af náttúrlegu gúmmíi (kátsjúki), t. d. klórkátsjúk, kátsjúkhydróklóríd, oxykátsjúk og hringliða (cyclised) kátsjúk:**	
	01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%

	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
	09	Annað	60%
39.06		**Önnur fjölhlutaefni með háum sameindaþunga, gerviharpix og plast, algínsýra ásamt söltum hennar og esterum; línoxyn:**	
	01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
	09	Annað	60%
39.07		**Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01-39.06:**	
	31	Netjakúlur og nótaflotholt	2%
	32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
	33	Lóðabelgir	4%
	35	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	36	Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri	10%
	38	Einangrunarbönd, samþykkt sem slík af Rafmagnseftirliti ríkisins	35%
	39	Gólfdúkar og gólfplötur	35%
	43	Pokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
	44	Garðyrkjuverkfæri	40%
	45	Vatnsslöngur og aðrar þess háttar slöngur	50%
	46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0,01 m^3 og stærri	50%
	48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a.	60%
	52	Verkfæri, ót. a.	60%
	53	Pokar, ót. a.	50%
	54	Hreinlætistæki	80%
	55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fatnaðarframleiðslu o. þ. h.	90%
	56	Fatnaður	90%
	58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
	89	Aðrar vörur úr plasti	100%

40. kafli.

Náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið gúmmí (gervigúmmí) og faktis og vörur úr þessum efnum.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annað tekið fram hér í tollskránni, tekur orðið *gúmmí* til eftirtaldra vörutegunda, einnig vúlkaniseraðra eða hertra: Náttúrlegs gúmmís (kátsjúks), balata, gúttaperka og þess háttar náttúrlegs gúmmís, gervigúmmís, faktis framleidds úr olíum og til þessara vörutegunda endurunninna.
2. Þessi kafli tekur ekki til eftirgreindra vara úr gúmmíi og spunaefnum, sem teljast yfirleitt til XI. flokks:
   a. Prjónavoð og heklvoð og annar teygjanlegur vefnaður og vörur úr slíku með innsettu eða innofnu gúmmíi; aðrar teygjanlegar spunavörur með gúmmíþráðum og vörur úr slíkum efnum.
   b. Brunaslöngur og þess háttar slöngur úr spunaefnum, gerðar vatnsheldar með gúmmíþynnu að innanverðu.
   c. Ofin spunaefni, gegndreypt, þakin eða límd saman með gúmmíi (nema vörur, er teljast til nr. 40.06 og 40.10), ef
      (1) þunginn er 1½ kg hver m^2 eða minna, eða
      (2) þunginn er yfir 1½ kg hver m^2 og í vörunni er yfir 50% af vefnaðarefnum miðað við þunga.

   Einnig vörur úr þessum efnum.

d. Flóki, gegndreyptur eða þakinn með gúmmíi, ef spunaefnin eru yfir 50% af þunga vörunnar; einnig vörur úr slíkum efnum.
e. Trefjadúkur, gegndreyptur eða þakinn með gúmmíi eða ef gúmmíið er bindiefnið og spunaefni yfir 50% af þunga vörunnar; einnig vörur úr slíkum efnum.
f. Dúkur úr trefjum límdum samhliða saman með gúmmíi, hver svo sem þunginn er, miðaður við fermetra; einnig vörur úr þessum efnum.

Spunaefni þakin eða límd saman með blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi teljast þó alltaf til 40. kafla, og vörur úr þessum efnum flokkast sem gúmmívörur, en ekki sem spunavörur.

3. Til þessa kafla teljast ekki heldur eftirtaldar vörur:
a. Skófatnaður, hlutar til hans og aðrar vörur, er teljast til 64. kafla.
b. Höfuðfatnaður, þar með taldar baðhettur, og hlutar til hans, sem teljast til 65. kafla.
c. Harðgúmmíhlutar til véla, áhalda og verkfæra, svo og aðrar þær vörur til rafmagnsiðnaðar, sem teljast til XVI. flokks.
d. Vörur, sem falla undir 90., 92., 94. eða 96. kafla.
e. Leikföng, leiktæki, íþróttatæki og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla, nema íþróttahanzkar og vörur, er teljast til nr. 40.11.
f. Hnappar, greiður, pípumunnstykki, pennasköft og aðrar vörur í 98. kafla.

4. Orðið *gervigúmmí* í 1. athugasemd hér að ofan og í nr. 40.02, 40.05 og 40.06 tekur til:
a. Ómettaðra tilbúinna efna, sem með herzlu með brennisteini, selen eða tellúr má óafmáanlega breyta í efni, sem ekki sveigjast, og sem má eftir beztu vúlkaniseringu (og án blöndunar annarra efna, svo sem mýkingarefna og styrkjandi fylliefna, sem ekki eru nauðsynleg til að mynda þverbindingu) teygja við 15° til 20° C hita þrisvar sinnum upprunalega lengd sína án þess að þau slitni, og, eftir að þau hafa verið teygð 2 sinnum upprunalega lengd sína, draga sig saman innan tveggja tíma þannig, að þau verða ekki yfir 1½ sinnum upphafleg lengd.

Til slíkra efna teljast pólyisoprene (CIS), pólybútadíen, pólyklórbútadíen (GRM), pólybútadíen-styren (GRS), pólyklórbútadíen-acrylónítríl (GRN), pólybútadíen-acrylónítríl (GRA) og bútylgúmmí (GRI).
b. „Thioplasts" (GRP).
c. Náttúrlegt gúmmí breytt við samruna eða blöndun við gerviplast, enda uppfylli það þau skilyrði varðandi vúlkaniseringu, teygjanleika og samdráttarhæfni, sem um getur í a að ofan.

5. Til nr. 40.01 og 40.02 telst ekki gúmmí, sem í eru fylliefni (virk eða óvirk), mýkingarefni, vúlkaniseringsefni, hvetjandi efni eða litarefni, og ekki heldur blöndur af náttúrlegu gúmmíi og gervigúmmíi eða blöndur af ýmsum teygjanlegum efnum. Til nr. 40.02 telst þó gervigúmmí, sem jarðolíur eru settar í fyrir storknun, gervigúmmí, sem í eru rotverjandi efni, og gervigúmmí, sem litarefni hafa verið sett í til auðkenningar.
6. Þráður, sem er úr toggúmmíi einu og ekki yfir 5 mm í þvermál, telst til nr. 40.08, og skiptir lögun þverskurðarins ekki máli.
7. Til nr. 40.10 teljast vélareimar og færibönd úr spunaefnum, sem eru gegndreypt, yfirdregin, yfirlögð eða límd saman með gúmmíi, eða gerð úr spunagarni — einþráða, fleirþráða eða með kaðalgerð — gegndreyptu eða þöktu gúmmíi.
8. Í nr. 40.06 telst forvúlkaniseruð gúmmíkvoða (latex) vera óvúlkaniseruð gúmmíkvoða (latex). Sem toggúmmí í nr. 40.07—40.14 telst einnig balata, gúttaperka svo og þess háttar náttúrleg teygjanleg efni, faktis, og þessi efni endurunnin úr þessum vörutegundum, þó að þær séu ekki vúlkaniseraðar.
9. Sem *plötur, þynnur og bönd* í nr. 40.05, 40.08 og 40.15 teljast aðeins plötur, þynnur og bönd óáprentuð, áprentuð eða öðruvísi unnin á yfirborði, en ekki tilsniðin nema í rétthyrnd stykki og ekki frekar unnin.

Orðin *stengur* og *prófílar* í nr. 40.08, og orðin *stengur, prófílar* og *pípur* í nr. 40.15 taka til, og taka einungis til, þessara vara (hvort sem þær eru skornar í stykki og unnar á yfirborði eða ekki), að þær séu ekki öðruvísi unnar.

I. Hrágúmmí.

40.01		**Náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), balata, gúttaperka og þess háttar náttúrleg teygjanleg efni, óunnin (þar með talið latex, einnig stabilíserað):**	
	01	Latex, fljótandi, duft eða deig, einnig stabilíserað	30%
	02	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	30%
	09	Annað	35%
40.02		**Gervigúmmí (þar með gervilatex, einnig stabilíserað); faktis unnið úr olíum:**	
	01	Gervilatex, fljótandi eða duft, einnig stabilíserað	30%
	09	Annað	35%
40.03	00	**Endurunnið gúmmí**	35%
40.04	00	**Afklippur af toggúmmíi og annar úrgangur, svo og duft; slitnar vörur úr toggúmmíi, sem aðeins eru hæfar til endurvinnslu á gúmmíi**	35%

II. Óvúlkaniserað gúmmí.

40.05		**Plötur, þynnur og bönd úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi, þó ekki reyktar þynnur eða krepþynnur, sem teljast til nr. 40.01 eða 40.02; korn úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi, blönduð eða tilreidd til vúlkaniseringar:**	
	01	Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	30%
	09	Annað	35%
40.06	00	**Óvúlkaniserað náttúrlegt gúmmí eða gervigúmmí (þar með talið latex) með annarri lögun eða í öðru ástandi en í nr. 40.05 (t. d. stengur, pípur, prófílar, upplausnir og jafnblöndur); vörur úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi (t. d. húðað eða gegndreypt spunaefni; límbönd með hvers konar undirlagi, úr efni, sem í er óvúlkaniserað gúmmí; hringir og skífur)**	35%

III. Vörur úr toggúmmíi.

40.07	00	**Þræðir og snúrur úr toggúmmíi, einnig þakið spunavörum; spunagarn, gegndreypt eða þakið með toggúmmíi**	35%
40.08		**Plötur, þynnur, bönd, stengur og þræðir úr toggúmmíi:**	
	01	Úr svampgúmmíi til skósólagerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	30%
	02	Annað svampgúmmí, þó ekki bönd, stengur og þræðir	60%
	03	Gólfdúkur	35%
	09	Annað	35%
40.09	00	**Pípur og slöngur úr toggúmmíi**	50%
40.10	00	**Vélareimar og færibönd úr toggúmmíi**	35%
40.11		**Hjólbarðar alls konar, skiptanlegir hjólbarðaslitfletir, slöngur og felgubönd úr toggúmmíi, á alls konar hjól:**	
	01	Á bifreiðar, bifhjól og dráttarvélar	40%
	09	Annars	40%
40.12	00	**Vörur úr toggúmmíi til lækninga og hjúkrunar, einnig að hluta úr harðgúmmíi**	35%
40.13		**Fatnaður alls konar (þar með taldir hanzkar) og tilheyrandi, úr toggúmmíi:**	
	01	Kafarabúningur	20%
	02	Hanzkar	90%
	09	Annar	90%

40.14		**Aðrar vörur úr toggúmmíi:**	
	01	Botnrúllur (bobbingar)	2%
	02	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	03	Hringir	35%
	04	Vélaþéttingar og þéttilistar	35%
	09	Annars	80%

IV. Harðgúmmí (ebónít og vúlkanít) og vörur úr því.

40.15		**Harðgúmmí í bitum, plötum, þynnum, böndum, stöngum með hvers konar þverskurði (prófílum), pípum og þráðum; úrgangur af harðgúmmíi og duft úr því:**	
	01	Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	30%
	09	Annað	35%
40.16		**Aðrar vörur úr harðgúmmíi:**	
	01	Til lækninga og hjúkrunar	35%
	09	Annars	80%

VIII. flokkur.

Húðir, skinn, leður, loðskinn og vörur úr þeim; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur o. þ. h.; vörur úr þörmum (öðrum en silkiormaþörmum).

41. kafli.

Húðir og skinn, óunnið (þó ekki loðskinn), og leður.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Afklippur og annar þess háttar úrgangur af óunnum roðum, húðum og skinnum (nr. 05.05 og 05.06).
   b. Fuglshamir og hlutar af þeim með tilheyrandi fjöðrum eða dún (nr. 05.07 eða 67.01).
   c. Húðir og skinn með hárum, óunnin, sútuð eða unnin (43. kafli). Til nr. 41.01 teljast þó óunnar húðir og skinn, með hárum, af nautpeningi (þar með taldir vísundar), hestum og öðrum dýrum af hestaættinni, sauðfé og lömbum (þó ekki persian, astrakan, karakúl, breitschwanz og svipuð lambskinn, og skinn af indverskum, kínverskum, mongólskum og tíbetskum lömbum), geitum og kiðlingum (þó ekki af arabískum, kínverskum, mongólskum og tíbetskum geitum og kiðlingum), svínum (þar með moskussvín), gemsum, gazellum, hreindýrum, elgum, krónhjörtum, rádýrum og öðrum dýrum af hjartarættinni og af hundum.
2. Með *leðurlíki* er alls staðar í tollskránni aðeins átt við vörur þær, sem teljast til nr. 41.10.

41.01		**Húðir og skinn, óunnin (ný, söltuð, þurrkuð, pækluð eða kölkuð), einnig klofin, hér með taldar gærur:**	
		Húðir af nautpeningi og hestum, þó ekki af kálfum:	
	11	Nautshúðir í botnvörpur, óunnar en saltaðar og/eða blásteinslitaðar	4%

	19	Aðrar	20%
	20	*Kálfsskinn*	20%
	30	*Geitaskinn og kiðlingaskinn*	20%
	40	*Sauðskinn og lambskinn með ull*	20%
	50	*Sauðskinn og lambskinn ullarlaus*	20%
	60	*Aðrar húðir og skinn*	20%
41.02		**Leður úr nautshúðum (þar með talið vísundaleður) og leður úr hrosshúðum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08):**	
	10	*Kálfsleður*	35%
		Leður úr nautshúðum (þó ekki kálfsleður) og leður úr hrosshúðum:	
	21	Í sóla og bindisóla, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	30%
	29	Annað	35%
41.03	00	**Leður úr sauð- og lambskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08)**	35%
41.04	00	**Leður úr geitar- og kiðlingaskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08)**	35%
41.05		**Annað leður (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08):**	
	01	Svínsleður	35%
	09	Leður, ót. a. (þ. á m. fiskroð)	40%
41.06	00	**Þvottaskinn (chamois-dressed lether)**	40%
41.07	00	**Pergament**	50%
41.08	00	**Lakkleður og málmþakið leður**	40%
41.09	00	**Afklippur og úrgangur frá leðri, leðurlíki og pergamenti, enda sé það ekki hæft til framleiðslu á vörum úr leðri; enn fremur leðurdust, leðurduft og leðurmjöl**	35%
41.10	00	**Leðurlíki að meginstofni úr leðri eða leðurþráðum, í plötum eða rúllum**	35%

42. kafli.

Vörur úr leðri; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur o. þ. h.; vörur úr þörmum (öðrum en silkiormaþörmum).

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Dauðhreinsað girni (catgut) til læknisaðgerða og annað þess háttar dauðhreinsað efni til notkunar í sama skyni (nr. 30.05).
   b. Fatnaður og annað, er honum heyrir til (þó ekki hanzkar), fóðrað með loðskinni eða loðskinnslíki eða með loðskinni eða loðskinnslíki á ytra borði, nema þessi skinn séu aðeins leggingar til skrauts (nr. 43.03 eða 43.04).
   c. Burðarnet og annað þess háttar, er telst til XI. flokks.
   d. Vörur, er teljast til 64. kafla.
   e. Höfuðfatnaður og hlutar til hans, er teljast til 65. kafla.
   f. Svipur, keyri og aðrar vörur, er teljast til nr. 66.02.
   g. Strengir, trumbuskinn og aðrir hljóðfærahlutar (nr. 92.09 eða 92.10).
   h. Húsgögn og húsgagnahlutar (94. kafli).
   ij. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   k. Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur o. þ. h. og efni og hlutar til þessara vara, sem teljast til nr. 98.01 eða 71. kafla.
2. Vörur, sem ekki eru heilar eða eru ófullgerðar, flokkast á sama hátt og heilar og fullgerðar vörur, enda hafi þær að öllu verulegu leyti einkenni varanna heilla eða fullgerðra.

3. Til fatnaðar og þess, sem honum heyrir til (nr. 42.03), telst m. a. hanzkar (þar með íþróttahanzkar), svuntur og önnur hlífðarföt, axlabönd, belti, axlarólar, armbönd, þar með talin úrarmbönd.

42.01	00	**Ak- og reiðtygi (t. d. hnakkar, aktygi, klafar, vagnólar, hnéhlífar), úr hvers konar efni og fyrir hvers konar dýr**	80%
42.02	00	**Ferðabúnaður (töskur, hattöskjur, bakpokar, sjópokar, burðartöskur), handtöskur, veski, pyngjur, skólatöskur, skjalamöppur, snyrtiskrín, snyrtipokar, verkfæratöskur o. þ. h., úr leðri, leðurlíki, vúlkanfíber, plastplötum eða þynnum, pappa eða vefjarefnum**	90%
42.03		**Fatnaður úr leðri og leðurlíki og það, sem honum heyrir til:**	
	01	Belti	90%
	02	Hanzkar	90%
	09	Annar	90%
42.04	00	**Vörur úr leðri eða leðurlíki til tækninota**	35%
42.05		**Aðrar vörur úr leðri eða leðurlíki:**	
	01	Leðurrendur til skógerðar, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til þess	35%
	09	Annars	100%
42.06	00	**Vörur úr þörmum, gullsláttarhimnum, blöðrum eða sinum**	100%

43. kafli.

Loðskinn og loðskinnslíki og vörur úr þeim.

Athugasemdir:

1. Með *loðskinnum* er alls staðar í tollskránni (nema í nr. 43.01) átt við sútaðar eða unnar húðir eða skinn með hárum og af alls konar dýrum.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Fuglahamir og hlutar af þeim með föstum upprunalegum fjöðrum og dún (nr. 05.07 eða 67.01).
   b. Þær óunnar húðir og skinn með hárum, sem teljast til 41. kafla.
   c. Hanzkar úr leðri og loðskinni eða úr leðri og loðskinnslíki (nr. 42.03).
   d. Skófatnaður, skófatnaðarhlutar og aðrar vörur, er teljast til 64. kafla.
   e. Höfuðfatnaður og hlutar af honum, er teljast til 65. kafla.
   f. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
3. Með *plötum, krossum o. þ. h.* í nr. 43.02 er átt við loðskinn eða hluta af þeim (þó ekki skinn, sem „hleypt hefur verið fram", lengd), sem hafa verið saumuð saman í ferhyrning, rétthyrning, kross eða trapizu án annarra efna. Önnur samansaumuð loðskinn, sem eru tilbúin til notkunar eða aðeins þarf að skera til fyrir notkun, svo og loðskinn og hlutar af þeim, sem eru saumuð saman sem fatnaður, fatahlutar, annað er fatnaði heyrir til, eða frá er gengið sem annarri vöru, telst til nr. 43.03.
4. Fatnaður og annað, er honum heyrir til (þó ekki það, sem nefnt er í 2. athugasemd hér að framan), sem hefur verið fóðrað með loðskinni eða loðskinnslíki eða er með loðskinni eða loðskinnslíki á ytra borði, telst til nr. 43.03 eða 43.04 eftir atvikum, enda sé um meira en leggingar einar að ræða.
5. Með *loðskinnslíki* er alls staðar í tollskránni átt við sérhverja eftirlíkingu loðskinns, sem er úr ull, hári eða öðrum trefjum, sem eru límdar eða saumaðar saman við leður, spunaefni eða annað efni. Ofnar eftirlíkingar af loðskinni flokkast sem spunavörur (t. d. nr. 58.04).

43.01	00	**Loðskinn óunnin**	60%
43.02	00	**Loðskinn, sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), ekki saumuð saman**	70%
43.03	00	**Vörur úr loðskinnum**	90%
43.04		**Loðskinnslíki og vörur úr því:**	
	01	Loðskinnslíki	60%
	09	Vörur úr loðskinnslíki	90%

IX. flokkur.

Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol; korkur og korkvörur; körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum.

44. kafli.

Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol.

Athugasemdir:

1. Til kaflans telst ekki:
   a. Trjáviður, sem aðallega er notaður til framleiðslu á ilmvörum, lyfjum, efnum til varnar gegn skordýrum, sveppum o. þ. h. (nr. 12.07).
   b. Trjáviður, sem aðallega er notaður til litunar og sútunar (nr. 13.01).
   c. Ávirk viðarkol (nr. 38.03).
   d. Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum, er teljast til 46. kafla.
   e. Skófatnaður og hlutar til hans, er teljast til 64. kafla.
   f. Göngustafir og hlutar til þeirra og hlutar í regnhlífar, sólhlífar, svipur og keyri (66. kafli).
   g. Plötur, flögur, hellur og annað þess konar úr tréspónum, trjáúrgangi og þess háttar, límt saman með sementi, gipsi eða öðrum bindiefnum úr steinaríkinu (nr. 68.09).
   h. Glysvarningur, er telst til nr. 71.16.
   ij. Farartæki og hlutar til þeirra og aðrar vörur í XVII. flokki.
   k. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
   l. Hljóðfæri og hlutar til þeirra (92. kafli).
   m. Hlutar í skotvopn (nr. 93.06).
   n. Húsgögn og húsgagnahlutar (94. kafli).
   o. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   p. Reykjapípur, pípuhlutar o. þ. h., hnappar, blýantar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
2. Vörur úr trjáviði, sem fluttar eru inn ósamsettar eða í aðskildum hlutum eða eru að hluta úr gleri, marmara eða öðru efni, eða hlutar, sem þessum vörum heyra til og eru úr þessum tilgreindu efnum, flokkast eins og vörurnar samsettar, enda séu hinir einstöku hlutar fluttir inn samtímis.
3. Með orðunum *sérstaklega unninn trjáviður* í þessum kafla er átt við trjávið, sem fyrir kemíska meðferð, vinnslu með vélum eða með öðrum tækjum, hefur fengið slíkan þéttleika, hörku eða hæfni, að hann stenzt betur kemísk áhrif, mekanísk áhrif eða áhrif frá rafmagni, og sé um samanlímdar plötur eða samanlímdan trjávið að ræða, verður vinnslan að vera önnur og meiri en traust samanlíming.
4. Til nr. 44.19—44.28 teljast einnig vörur úr spónlögðum trjáviði, krossviði, holtré, sérstaklega unnum trjáviði eða gerviviði.

5. Nr. 44.25 tekur ekki til verkfæra og áhalda, ef málmur er í blöðum þeirra, eggjum, tönnum eða hliðstæðum hlutum, sem ákvarða aðalnot þeirra.

44.01	00	**Eldsneyti úr trjáviði, í bolum eða bútum, greinar eða hrislur í böggum; viðarúrgangur, þar með talið sag**	40%
44.02	00	**Viðarkol (þar með talin kol úr hnetuskurn), einnig samanlímd**	40%
44.03		**Trjábolir óunnir, einnig þótt börkurinn og greinar hafi verið teknar af:**	
	10	*Trjábolir til framleiðslu á viðarslípi (pulp wood)*	35%
	20	*Trjábolir af barrtrjám, til framleiðslu á borðum, plönkum, spæni o. þ. h.*	35%
	30	*Trjábolir af öðrum trjátegundum en barrtrjám, til framleiðslu á borðum, plönkum, spæni o. þ. h.*	35%
	40	*Námustoðir (pitprops)*	35%
		Trjábolir óunnir aðrir:	
	51	Staurar og spírur í fisktrönur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	52	Girðingarstaurar	20%
	53	Síma- og rafmagnsstaurar	35%
	59	Annars	35%
44.04		**Trjábolir, kantaðir á tveimur eða fjórum hliðum, en ekki frekar unnir:**	
	10	*Trjábolir af barrtrjám*	35%
	20	*Trjábolir af öðrum trjátegundum*	35%
44.05		**Trjáviður, sagaður eftir endilöngu, flettur eða afbarkaður, en ekki frekar unninn, meir en 5 mm að þykkt:**	
		Úr barrtrjám:	
	11	Þilfarsplankar úr „oregon-pine“,„pitch-pine“ eða „douglas-fir“, 3×5“ eða stærri	15%
	19	Annar	35%
		Úr öðrum trjátegundum:	
	21	Úr eik	15%
	22	Úr beyki	40%
	23	Úr birki og hlyni	40%
	24	Úr rauðviði (mahogni)	40%
	25	Úr teakviði	40%
	29	Annar	40%
44.06	00	**Kubbar til gatnagerðar**	35%
44.07	00	**Járn- og sporbrautaþvertré**	35%
44.08	00	**Trjáviður í tunnustafi, klofinn, aðeins einn aðalflötur sagaður, en ekki frekar unninn; tunnustafir, ef einn aðalflötur er sagaður ávalur, en ekki frekar unnir**	3%
44.09		**Trjáviður í tunnubönd; klofnar stoðir; staurar og stafir, yddað en ekki sagað niður eftir endilöngu; tréspænir; spænir notaðir við ediksgerð eða við hreinsun á vökvum:**	
	01	Trjáviður í tunnubönd	3%
	09	Annað	35%
44.10	00	**Trjáviður í göngustafi, regnhlífar, keyri, golfkylfur, verkfæri, áhöld o. þ. h., grófunninn eða gerður sívalur, en ekki renndur, beygður eða frekar unninn**	60%
44.11	00	**Tréþráður; eldspýtnaefni; trépinnar í skó**	40%
44.12	00	**Viðarull og viðarmjöl**	35%
44.13		**Trjáviður, heflaður, plægður, grópaður, fasaður eða unninn á annan svipaðan hátt, þar með talið ósamsett efni í parketgólf:**	

		Úr barrtrjám:	
	11	Þilfarsplankar úr „oregon-pine“, „pitch-pine“ eða „douglas-fir“, 3×5” eða stærri	15%
	19	Annar	35%
		Úr öðrum trjátegundum:	
	21	Parketstafir	50%
	29	Annar	40%
44.14	**00**	**Spónn og þynnur í krossvið (sagað, skorið eða flagað), ekki yfir 5 mm að þykkt, einnig styrkt með pappír eða spunaefnum**	35%
44.15	**00**	**Krossviður, spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur, einnig í sambandi við önnur efni, innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri)**	35%
44.16	**00**	**Holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum**	40%
44.17	**00**	**Sérstaklega unninn (improved) viður í plötum, blokkum eða þess konar**	40%
44.18	**00**	**Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðru líffrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar**	40%
44.19	**00**	**Ramma- og húsgagnalistar úr trjáviði og listar með hvers konar þverskurði til skreytinga innanhúss, fyrir raflagnir og annað þess háttar**	60%
44.20	**00**	**Myndarammar, rammar fyrir spegla og aðrar slíkar umgerðir úr trjáviði**	125%
44.21	**00**	**Umbúðakassar, rimlakassar, öskjur og aðrar umbúðir úr trjáviði, samsett, ósamsett eða samsett að nokkru leyti**	50%
44.22		**Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði, hlutar í þessar vörur, þó ekki tunnustafir þeir, sem teljast til nr. 44.08:**	
	01	Kjöttunnur og hlutar til þeirra	4%
	02	Síldartunnur og hlutar til þeirra	4%
	09	Annað	35%
44.23		**Trésmíðavörur til bygginga (þar með talin ósamsett tilsniðin hús og samsett parketgólf):**	
	01	Hurðir, gluggar og karmar til þeirra	60%
	02	Hús tilhöggvin	60%
	09	Annað	60%
44.24	**00**	**Búsáhöld úr trjáviði**	100%
44.25		**Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði (handföng, sköft og þess háttar), burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir bursta og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré, fyrir skósmíði:**	
	01	Burstatré	50%
	02	Skósmíðaleistar	50%
	03	Sköft og handföng	60%
	09	Annað	60%
44.26	**00**	**Snældur, kefli og þess háttar úr renndum viði**	35%
44.27		**Gólflampar, borðlampar og önnur ljósatæki, úr trjáviði; húsgögn úr trjáviði, sem ekki teljast til 94. kafla; skrín, vindlingakassar, bakkar, ávaxtaföt og hlutir til skreytingar úr trjáviði; öskjur, kistur og hylki úr trjáviði, fyrir verkfæri, teikniáhöld, hljóðfæri o. þ. h.; vörur úr trjáviði til persónulegra nota eða til skrauts, sem menn hafa almennt í vösum sínum, í handtöskum eða á sér; hlutar úr trjáviði til þessara vara:**	
	01	Lampar og önnur ljósatæki úr trjáviði	90%
	09	Annað	125%
44.28		**Aðrar vörur úr trjáviði, ót. a.:**	
	01	Botnvörpuhlerar og bobbingar	2%
	02	Hjólklafar (blakkir)	35%
	03	Merkispjöld	35%
	04	Árar	50%

05	Stýrishjól	35%
06	Hnakkvirki og aktygjaklafar	70%
07	Glugga- og dyratjaldastengur	80%
08	Herðatré	100%
09	Annars	100%

45. kafli.

Korkur og korkvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Skófatnaður og hlutar til skófatnaðar, er teljast til 64. kafla.
   b. Höfuðfatnaður og hlutar til höfuðfatnaðar, er teljast til 65. kafla.
   c. Leikföng, leiktæki, íþróttaáhöld og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
2. Náttúrlegur korkur lauslega skorinn í ferhyrnd stykki, og náttúrlegur korkur, sem tekið hefur verið af yzta barkarlagið, telst til nr. 45.02, en ekki til nr. 45.01.

45.01	00	**Náttúrlegur korkur, óunninn, mulinn eða malaður; korkúrgangur**	30%
45.02	00	**Náttúrlegur korkur í stykkjum, plötum, þynnum eða ræmum, þar með taldir teningar og ferhyrningar til framleiðslu á töppum**	30%
45.03		**Vörur úr náttúrlegum korki:**	
	01	Netja- og nótakorkur	2%
	02	Björgunaráhöld úr korki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	03	Korktappar	50%
	09	Aðrar	60%
45.04		**Pressaður korkur með eða án bindiefna og vörur úr slíkum korki:**	
	01	Korkvörur til skógerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	30%
	02	Korkplötur til einangrunar	35%
	03	Vélaþéttingar, pípur o. þ. h. úr korki	35%
	04	Korkparkett	50%
	09	Annað	60%

46. kafli.

Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum.

Athugasemdir:

1. Með *fléttiefnum* er m. a. átt við strá, hálm, tágar, reyr, bambus, sef, trjáviðarspæni, ræmur af viðartrefjum og viðarberki, óspunnin vefjarefni, einþáttunga og ræmur úr plasti og pappírsræmur, en ekki ræmur úr leðri, leðurlíki eða flóka, mannshár, hrosshár, einþráðunga, né ræmur og spunagarn, sem telst til 51. kafla.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Seglgarn, reipi og kaðlar, einnig fléttað (nr. 59.04).
   b. Skófatnaður og höfuðfatnaður og hlutar til þeirra, er teljast til 64. og 65. kafla.
   c. Ökutæki og hlutar til þeirra úr fléttiefnum (87. kafli).
   d. Húsgögn og hlutar til þeirra (94. kafli).
3. Með *fléttiefnum bundnum saman í plötur* í nr. 46.02 er átt við fléttiefni lögð hlið við hlið og bundin þannig saman, hvort sem bindiefnið er spunaefni eða annað.

46.01	**00**	**Fléttur og aðrar þess konar vörur úr fléttiefnum til hvers konar nota, einnig fléttaðir borðar**	35%
46.02		**Fléttiefni bundin saman eða ofin saman í plötur, þar með talið mottur, teppi og skermar; flöskustrá:**	
	01	Mottur til umbúða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	02	Gólfmottur, teppi o. þ. h.	90%
	03	Skermar	90%
	09	Annað	60%
46.03		**Körfugerðarvörur og aðrar vörur gerðar fyrst og fremst úr fléttiefnum eða vörum þeim, sem teljast til nr. 46.01-46.02; vörur úr lúffuknippum:**	
	01	Fiskkörfur og kolakörfur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
	09	Annað	100%

X. flokkur.

Efnivörur í pappír; pappi, pappír og vörur úr þeim efnum.

47. kafli.

Efnivörur í pappír.

47.01		**Pappírsmassi, vél- eða kemískt unninn úr hvers konar trefjaefni úr jurtaríkinu:**	
	10	*Viðarslíp vélunnið*	20%
	20	*Pappírsmassi úr öðru en trjáviði*	20%
	30	*Viðarmassi kemískur í upplausnarstigum (dissolving grades)*	20%
	40	*Sóda- og súlfatviðarmassi, óbleiktur*	20%
	50	*Sóda- og súlfatviðarmassi, bleiktur (annar en „dissolving grades“)*	20%
	60	*Súlfitviðarmassi, óbleiktur*	20%
	70	*Súlfitviðarmassi, bleiktur (annar en „dissolving grades“)*	20%
	80	*Viðarmassi hálfkemískur*	20%
47.02	**00**	**Úrgangspappír og úrgangspappi; úrgangsvörur úr pappír eða pappa aðeins hæfar til pappírsgerðar**	20%

48. kafli.

Pappír og pappi; vörur úr pappírsmassa, pappír og pappa.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Prentþynnur, er teljast til nr. 32.09.
   b. Ilmpappír og andlitsfarðapappír (nr. 33.06).
   c. Pappír gegndreyptur eða þakinn sápu (nr. 34.01), pappír gegndreyptur eða þakinn ræstiefnum (nr. 34.02) og sellulósavatt gegndreypt með fægi- og gljáefnum o. s. frv. (nr. 34.05).
   d. Ljósnæmur pappír og pappi (nr. 37.03).
   e. Samfellur af plasti og pappír eða pappa (nr. 39.01—39.06), vúlkanfíber (nr. 39.03) og vörur úr slíkum efnum (nr. 39.07).
   f. Vörur, er teljast til nr. 42.02 (t. d. ferðabúnaður).
   g. Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum (46. kafli).
   h. Pappírsgarn og spunavörur úr því (XI. flokkur).

ij. Slípiefni með pappír og pappa sem undirlag (nr. 68.06) og gljásteinsflögur með sams konar undirlagi (nr. 68.15). (Hins vegar telst pappír og pappi þakið gljásteinsdufti til nr. 48.07.)
k. Málmþynnur styrktar með pappír eða pappa (XV. flokkur).
l. Gataður pappír og pappi í hljóðfæri (nr. 92.10).
m. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur) eða vörur, er teljast til 98. kafla (t. d. hnappar).

2. Til nr. 48.01 og 48.02 telst einnig pappír og pappi, sem er sléttur, gerður með vatnsmerki, einnig óekta, svo og pappír og pappi, sem er litaður eða marmararákaður í gegn í massanum með hvaða hætti sem er, enda leiði ekki annað af 3. athugasemd hér á eftir. Hins vegar teljast ekki til þessara númera pappír og pappi, sem er frekar unninn, t. d. yfirlagður eða gegndreyptur.
3. Pappír og pappi, sem eru þannig gerðir, að þeir geta talizt til tveggja eða fleiri af nr. 48.01—48.07, teljast til þess númers, sem er síðast í röðinni.
4. Til nr. 48.01—48.07 telst ekki pappír, pappi eða sellulósavatt í eftirgreindu ásigkomulagi:
Þau ríki, sem fullgilt hafa samþykktina um Brüssel-skrána, skulu taka óbreytt í tollskrárlög sín texta Brüssel-skrárinnar og þá flokkun, sem hér að framan var lýst, ásamt athugasemdum þeim, er hverjum flokki og kafla fylgja, og enn fremur hin almennu inngangsákvæði, en eru óbundin hvað tollupphæð snertir. Til viðbótar þessu er svo hverju ríki frjálst að skipta hverju tollskrárnúmeri Brüsselskrárinnar í svo mörg undirnúmer sem þörf krefur, t. d. ef vörur þær, er í Brüsselnúmerinu felast, bera misháan toll samkvæmt lögum hlutaðeigandi ríkis. Enn fremur er heimilt að auka við athugasemdir þær, er köflunum fylgja, ef nauðsyn krefur vegna sérástæðna í hlutaðeigandi landi. Sundurgreiningar og flokkanir í Brüssel-skránni bera þess merki, að skráin er m. a. sniðin með þarfir háþróaðra iðnaðarþjóða fyrir augum. Leiðir af þessu, að í ýmsum köflum eru sundurgreiningar nákvæmari en þörf er á hér nú. Má sem dæmi nefna 28. og 29. kafla, sem taka til efnavara.

Í frv. hefur undirskipting Brüssel-númera annars vegar mótazt af því, hvar þörf var sérgreiningar vegna mishárra gjalda, og á hinn bóginn, hvar sérgreina þurfti fyrir hagskýrslugerð, en flokkun Hagstofunnar á innfluttum vörum verður að sjálfsögðu að byggjast á tollskránni.

Í Brüssel-skránni er, eins og fyrr segir, öllum vörum skipt á 21 flokk, en allri er henni skipt í samtals 99 kafla (nr. 01—99). Í hverjum kafla eru fleiri eða færri vöruliðir, tölusettir frá 01 og áfram. Nýverið hefur, eins og áður segir, allmörgum slíkum vöruliðum verið skipt í tvo eða fleiri undirliði, merkta A. B, C o. s. frv. Var það gert til þess að unnt væri að koma Brüssel-skránni í fullt samræmi við hina tölfræðilegu vöruskrá Sameinuðu þjóðanna, sem notuð er í svo að segja öllum löndum við skýrslugerð um innflutning og útflutning. Um leið voru gerðar, í sama skyni, ýmsar breytingar á þeirri skrá.

Samkvæmt þessu má segja, að Brüssel-skráin sé byggð á 5 stafa númerakerfi,

þar sem tveir fyrstu stafirnir eru kaflanúmer (01—99), tveir þeir næstu númer vöruliða í kafla, og loks í 5. sæti undirliðir merktir A, B, C o. s. frv.

Við uppsetningu hinnar fyrirhuguðu nýju íslenzku tollskrár er þetta 5 stafa númerakerfi Brüssel-skrárinnar notað óbreytt, að öðru leyti en því, að í 5. sæti er tala í stað bókstafs: A = 1, B = 2, C = 3, o. s. frv.

Nú er þetta 5 stafa númerakerfi Brüssel-skrárinnar ekki fullnægjandi, þar eð oft þarf að greina vörulið eða undirlið í henni í 2 eða fleiri skiptiliði, vegna mismunandi tollhæðar, vegna þess að þörf er fyllri upplýsinga um innflutning eða af öðrum ástæðum, og verður því að bæta einum tölustaf við Brüssel-númerakerfið. Er því íslenzka skráin byggð á 6 stafa númerakerfi.

Í 5. sæti vörunúmers er ávallt núll, þegar ekki er um að ræða undirlið með bókstaf í Brüssel-skránni, sem er það venjulega, en ella er þar einhver af tölustöfunum 1—9. Þar sem ekki eru til ráðstöfunar nema 9 tölustafir í 5. sæti vörunúmers, þá springur ramminn, ef undirliðir í Brüssel-skrá eru fleiri en 9. Svo er á þremur stöðum í Brüssel-skránni:

12 undirliðir undir 15.07: feiti og feit olía úr jurtaríkinu.

16 undirliðir undir 26.01: málmgrýtistegundir.

26 undirliðir undir 73.15: stállegeringar.

Svo vel vill til, að ekki þarf að greina frekar í sundur í væntanlegri íslenzkri tollskrá neinn af þessum 54 undirliðum Brüssel-skrár, og er því 6. sæti vörunúmers til ráðstöfunar til að leysa þennan vanda. Eru hinir 12 undirliðir í 15.07 með tölustafina 81—89 og 91—93 í 5. og 6. sæti, hinir 16 undirliðir í 26.01 með tölustafina 81—89 og 91—97, og hinir 26 undirliðir í 73.15 með tölustafina 61—69, 71—79 og 81—88.

6. stafur vörunúmers er núll, þegar ekki þarf að sundurgreina vörulið eða undirlið í Brüssel-skránni. Þetta gildir þó ekki hvað snertir vörunúmer undir 15.07, 26.01 og 73.15, sbr. það, sem segir í næstu málsgrein hér á undan.

Við uppsetningu skrárinnar hefur að öðru leyti verið fylgt þessum reglum: Texti 4ra stafa Brüssel-liða er settur með feitu letri, texti Brüssel-undirliða með skáletri, en skiptiliðir vegna okkar þarfa eru settir með almennu meginmálsletri. Þegar hvorki er um að ræða undirlið við 4ra stafa Brüssel-lið né sundurgreiningu á honum vegna þarfa okkar, þá er viðkomandi Brüssel-liður virkt tollskrárnúmer og auðkennt með 6 stafa tölu, með núll í bæði 5. og 6. sæti. Þegar hins vegar er um að ræða undirlið við 4ra stafa Brüssel-lið eða sundurgreiningu á honum vegna sérþarfa okkar, þá er viðkomandi Brüssel-liður ekki virkt tollskrárnúmer og auðkenndur með 4ra stafa tölu aðeins. Er texti Brüssel-liðsins þá fyrirsögn virkra tollskrárnúmera, sem á eftir koma. Þegar skipt er undirlið 4ra stafa Brüssel-liðs, er á hliðstæðan hátt texti hans fyrirsögn þeirra skiptiliða, sem á eftir koma, og er þá ekki tilgreint neitt númer við hann. Til nánari skýringar er vísað til nr. 31.01—31.03 á bls. 32, þar sem greinilega kemur fram, hvernig þessu er fyrir komið.

Í Brüssel-skránni sjálfri eru um 1315 vörunúmer að meðtöldum undirliðum, en í íslenzku skránni eins og hún er hér lögð fram eru, að meðtöldum skiptiliðum, alls um 1900 númer. Flest vörunúmer, 138, eru í 84. kafla (vélakaflinn), en fæst, 2, í 52. kafla (spunavörur í sambandi við málm). — Í núgildandi tollskrá eru alls 1800—1850 númer, að meðtöldum aukaliðum, sem ekki eru í tollskrárlögum, en talsvert mörg númer eru óvirk, sumpart vegna þess að enginn innflutningur er í þeim og sumpart vegna þess, að þau eru ekki notuð af ýmsum ástæðum.

IV. Grundvallarbreytingar og starfstilhögun.

Gert er ráð fyrir, að sameinuð verði í einn verðtollstaxta eftirtalin gjöld: Vörumagns- og verðtollur ásamt álagi á þau gjöld, enn fremur söluskattur af innfluttum vörum svo og innflutningsgjald, tollstöðvagjald og byggingarsjóðsgjald. Þar eð tvö síðast talin gjöld renna eigi í ríkissjóð, er lagt til, að þau verði greidd í

hlutaðeigandi sjóði sem ákveðinn hundraðhluti af innheimtum verðtolli. Á hinn bóginn er til þess ætlazt, að innflutningsgjald af benzíni og svonefnt gúmmígjald verði framvegis innheimt sérstaklega eins og hingað til, en rafmagnseftirlitsgjald af innfluttum vörum, svo og matvælaeftirlitsgjald verði felld niður. Rafmagnseftirlitsgjald af innfluttum vörum nam 1961 um 900 þús. kr. og matvælaeftirlitsgjald af innfluttum vörum sama ár 96 þús. kr.

Þá er þess enn að geta, að ekki er innifalið í verðtolli, samkv. frumvarpinu, gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum, samkv. 16. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál.

Hér á eftir verða tollar samkvæmt frv. bornir saman við heildarprósentur gjalda samkv. núgildandi ákvæðum, og eru þá tollprósentur í báðum tilfellum miðaðar við cif-verðmæti. Í núgildandi heildartollprósentu er talinn vörumagnstollur og verðtollur með álagi, innflutningssöluskattur (7% + 8%) og innflutningsgjald (15%, 30% eða 40%), auk tollstöðvagjalds og gjalds til Byggingarsjóðs ríkisins, sem hvort um sig nemur 1% af vörumagnstolli og verðtolli með álagi. Þessi gjöld eru hins vegar ekki meðtalin: Benzíngjald og gúmmígjald samkvæmt lögum um bifreiðaskatt, enn fremur gjald á fob-verði innfluttra bifreiða og loks matvælaeftirlitsgjald og rafmagnseftirlitsgjald.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að tollstöðvagjald og gjald til Byggingarsjóðs verði fellt niður, en hins vegar verði núgildandi gjöld umreiknuð til hundraðshluta af heildartolltekjum, þannig, að þeir tveir sjóðir, sem hér er um að ræða, fái sömu tekjur af aðflutningsgjöldum og þeir fá samkvæmt núgildandi tilhögun.

Gert er ráð fyrir, að á svo að segja allar tollskyldar vörur komi einn verðtollur í stað allra þeirra ofangreindra gjalda, sem fella á inn í tollskrána. Einu vörurnar, sem eiga að vera með vörumagnstolli, eru þessar: Salt almennt (1 kr. á tonn), steinkol og kox (2 kr. á tonn), gasolía, díselolía og fuelolía (kr. 3.50 á tonn), kartöflur (20 au. á kg) og kvikmyndafilmur (50 kr. á kg). Tillögutollar á salt og eldsneyti eru hinir sömu og nú gilda. Tollur á kartöflum svarar til 4—6% af cif-verði eftir hæð þess, og er það nálægt því, sem nú gildir. Vörumagnstollur á kvikmyndafilmur á að binda endi á vandræðatilhögun, sem verið hefur á tollafgreiðslu þeirrar vöru.

Hámarksverðtollur samkvæmt tillögunum er 125% eða hinn sami og hámarkstollur var í lögum nr. 90/1961 um lækkun aðflutningsgjalda á nokkrum vörum. Af þessu leiðir að í tillögunum er gert ráð fyrir lækkun tolla á mörgum vörum, sem eru með hærri toll en 125% og lögin frá 1961 tóku ekki til. Á sumum þeirra hefur tollur verið færður niður í 125% og á öðrum niður fyrir það, og jafnvel niður fyrir 100%, ef ástæða hefur þótt til, vegna samræmingar eða af öðrum orsökum. Að því er snertir aðrar vörur — þær sem eru fyrir með heildartoll lægri en 125% — hefur aðalreglan verið sú, að tollur hefur verið settur nálægt núgildandi tolli og látið standa á heilum eða hálfum tug. Þó eru nokkrar vörur með 1, 2, 3 eða 4% toll. Að öðru leyti eru þessar tollprósentur notaðar: 5—10—15—20—25—30—35—40—50—60—65—70—80—90, 100, 110 og 125%. En þó að algengast hafi verið að setja tollinn nálægt núgildandi heildartollprósentu, eru fjölmargar undantekningar frá þeirri reglu, og eru þær miklu fleiri til lækkunar en hækkunar. Hér hefur samræmingar- og lagfæringarsjónarmiðið ráðið miklu, en einnig hafa verið lækkaðir tollar á ýmsum vörum og hafa þar ráðið sömu sjónarmið og við setningu laganna frá 1961, sbr. það, sem áður segir. Þá hafa og verið lækkaðir tollar á ýmsum vörum, sem taldar voru vera með óhæfilega há aðflutningsgjöld. Það skal tekið fram, að fjárþarfir ríkissjóðs hafa sett slíkum tollalækkunum þrengri skorður en æskilegt hefði verið.

Hér á eftir verður gerð almenn grein fyrir tollbreytingum á ýmsum vöruflokkum og einstökum þýðingarmiklum vörum, og vísast til þess. En áður en að því kemur, þykir rétt að skýra sérstaklega frá því, hvaða vörur það eru, sem enn eru

með 100% toll og þar yfir samkvæmt tillögunum. Er þetta m. a. gert til þess, að fram komi sambandið við tollalækkanirnar í nóvember 1961. Um samanburð á núgildandi tollum og tollum samkvæmt frv. vísast til hinnar sérstöku samanburðarskrár, sem fylgir frv. sem fylgiskjal.

Helztu vörur með 100% tolli eru þessar:

1. Almenn búsáhöld, þar með eldhúsáhöld úr ódýrum og dýrum málmum og plasti, hvers konar leirtau og glervörur til húshalds og ýmsar hliðstæðar vörur (heildartollur nú: 106—108% og 132%). Enn fremur búsáhöld úr postulíni (tollur nú 106%).
2. Ýmiss konar skraut- og glysvarningur (hefur verið 125% síðan í nóvember 1961).
3. Ýmsar tilbúnar matvörur, þar á meðal súpuefni, búðingsduft, kryddvörur (nú 125%) o. fl. Margar þessara vörutegunda hafa verið með 100% toll síðan í nóvember 1961. En t. d. síróp er lækkað úr 124% og barnamjöl úr 134%.
4. Sjöl, klútar og þess háttar vörur. Á flestum þessara vara hefur verið 100% heildartollur síðan í nóvember 1961. Örfáar vörur fengu þá 90% toll, en eiga nú samkvæmt tillögunum að hækka í 100% til samræmis. Gert er ráð fyrir lækkun tolls á lífstykkjum úr 156% í 100%.
5. Karlmannsskór (nú 103%).
6. Hattar hvers konar. Hafa verið með 100% síðan í nóvember 1961.
7. Gull- og silfurvörur (nú 123%).
8. Skjalaskápar og eldtraustir skápar og hólf (nú 133% eða 187%).
9. Bréfa- og bókabindi, skrifbækur, verzlunarbækur og albúm. Meiri hluti þessara vara er nú með 108% toll.
10. Niðursoðnir ávextir, grænmeti og skyldar vörur. Tollur á þessum vörum hefur verið 125% síðan 1961.

Helztu vörur með 110% toll eru þessar:
Sápa hvers konar, sápuduft og þvottaduft, fægilögur og fægiefni, kerti. Á miklum meiri hluta innflutnings þessara vara er nú 133% tollur, en 83% á hluta hans. Er það fært í 110% til samræmis.

Helztu vörur með 125% toll eru þessar:

1. Tilbúið sælgæti (þar með súkkulaði). Tollur á þessu er nú ýmist 170%, 189% eða 216%, en skráður innflutningur sama og enginn.
2. Kex og brauðvörur (nú 133%).
3. Snyrtivörur, hárvötn o. fl. Hafa yfirleitt verið í 125% síðan í nóvember 1961. — Hárliðunarvökvar, sem nú eru með 132%, eru settir í 100%.
4. Eldspýtur (nú 138%).
5. Frostlögur (nú 135%).
6. Skraut- og glysvarningur, sem ekki er með 100% toll samkvæmt tillögum.
7. Spil (nú 161%).
8. Jólatré og jólatrésskraut. Hefur verið með 125% síðan í nóvember 1961.

Þessi upptalning vörutegunda, sem samkvæmt tillögunum eiga að fá toll 100% og þar yfir, er ekki tæmandi, en gefur þó hugmynd um, hvaða vörur þetta eru og hvaða tollbreytingar eru ráðgerðar á þeim.

V. Yfirlit um tollbreytingar vöruflokka og einstakra vörutegunda samkvæmt frumvarpinu.

Algengasta tollprósentan í frv. er 35%. Er sá tollur á flestum hrávörum og öðrum rekstrarvörum til innlends iðnaðar, nema sjávarvöru- og landbúnaðarvöruiðnaðar. Enn fremur er þessi tollur almennt á byggingarvörum, iðnaðarvélum, ýmsum tækjum og fjölmörgum öðrum vörum. Segja má, að 35% tollur hafi yfirleitt verið settur á vörur, sem hafa sloppið við innflutningsgjald. Vörur í þeim flokki eru flestar

nú með 33—37% heildartolli, en allmikið hefur kveðið að því, að vörur með hærri — stundum mjög háum — heildartolli hafi verið færðar niður í 35%, vegna þess að þær eru taldar eiga heima í þeim gjaldflokki. Á hinn bóginn hafa einnig nokkrar vörur með um 30% toll eða lægri verið færðar upp í 35%, vegna þess að hliðstæðar vörur fá þann toll. Í sumum tilvikum hafa þó vörur, sem vegna skyldleika síns við aðrar vörur hefðu átt að vera í 35% flokki, verið settar í 30% eða 25% toll vegna þess að þær hafa fyrir verið með um 20% toll og ekki hefur verið talið rétt að hækka þær í 35%.

Fyrir neðan 35% eru svo fjölmargar vörur, sem frá upphafi hafa verið tolllágar eða síðar verið settar í lágtollaflokk (aðallega við tollskrárbreytinguna 1954), og hafa margar þeirra verið undanþegnar innflutningssöluskatti. Hér hefur tollur yfirleitt verið settur sem næst því, sem hann er nú, þó að allmörg frávik séu frá þeirri reglu.

Fyrir ofan 35% eru vörur, sem auk innflutningssöluskatts eru nú með innflutningsgjald eða með háan toll án innflutningsgjalds. Þar er tiltölulega lítið um hrávörur og rekstarvörur, nema t. d. vörur eins og dúka og annað efni til fatnaðariðnaðar, sem fer jöfnum höndum til iðnaðar og almennrar notkunar. Í flokkunum með hærri toll en 35% er lítið um vélar og tæki til atvinnurekstrar. Þar kveður langmest að fullunnum neyzluvörum, sem flestar hafa verið með innflutningsgjaldi.

Hér á eftir verður leitazt við að láta sem flest mikilvæg frávik frá aðalreglu koma fram, jafnframt því, sem gerð verður grein fyrir tillögutollum og samsvarandi heildartollum samkvæmt núgildandi ákvæðum. Lítið verður vikið að vörum með 100% toll og þar yfir, þar sem þeim voru gerð skil hér að framan.

Í því, sem kemur hér á eftir, verða fyrst teknir fyrir hinir ýmsu flokkar neyzluvara, síðan eldsneyti, rekstrarvörur til sjávarútvegs og landbúnaðar, aðrar hrávörur og rekstrarvörur, byggingarvörur, rafmagnsvörur, tæki og vélar.

Matvörur.

Manneldiskornvara, kaffi og sykur á samkvæmt tillögunum að vera tollfrjálst, svo sem nú er. Kartöflumjöl og sagómjöl er hins vegar ekki tollfrjálst nú og er settur 15% tollur á þær vörur. Á sykri, öðrum en strásykri og molasykri, helzt tollur, settur 20% í stað 16% nú. Á te er settur 70% tollur (nú 77%) og á kakaó 50% (nú 58%).

Matarsalt er nú með sama toll og almennt salt og því nær tollfrjálst. Hér er aðallega um að ræða vöru pakkaða í smásöluumbúðir og er talið ástæðulaust að hafa hana tollfrjálsa. Er settur 5% tollur á matarsalt innflutt í smásöluumbúðum, en á ópökkuðu matarsalti er gert ráð fyrir sama tolli og á almennu salti.

Á makkaroni er settur 80% tollur (nú 84%) og á lauk 50% (nú 50%).

Á ný epli og perur er settur 30% tollur (nú 28%) og á aðra nýja ávexti 40% (nú 42—45%). Á rúsínur og sveskjur er settur 50% tollur (nú 48%) og á aðra þurrkaða ávexti 70% (nú 71%).

Á smjör, ost og egg er settur 70% tollur, á tómata 70%, á nýtt, kælt og fryst grænmeti 70% (nú 90%).

Á kjöt er settur 50% tollur. Nýr og ísaður fiskur er talinn fluttur inn til vinnslu og endurútflutnings og er tollfrjáls. Á smjörlíki er settur 70% tollur (á hráefni í það er 30% eða 35% tollur).

Vefnaðarvara, fatnaður o. þ. h. vörur.

Á **ullargarn** er settur 50% tollur (nú 49%), en á annað garn, náttúrlegt og tilbúið, 30%, 35% eða 40%, eftir vinnslustigi og eftir því, hvort garn er umbúið til smásölu eða ekki. Hér hefur átt sér stað allmikil samræming, sem mikil þörf er fyrir vegna þess, hve óskýr mörkin eru milli garntegunda. Er ýmist um að ræða hækkun eða lækkun frá því, sem nú er.

Á garni, sem er sérstaklega notað til veiðarfæragerðar, er enginn tollur, nema hvað gert er ráð fyrir 2% tolli á netjagarni úr hampi, en það er framleitt innanlands.

Vefnaður úr baðmull hefur nú þann heildartoll sem hér segir: Óbleiktur og ólitaður 40%, einlitur og ómynstraður 49% og annar baðmullarvefnaður 60%.

Vefnaður og prjónavoð úr gerviefnum og ull hefur nú 90% heildargjöld. Ef vara er blönduð, t. d. 52% gerviefni og 48% baðmull, á sú vara að flokkast í 90% toll. Mjög mikið er sótt á að koma vörum, sem eiga að réttu lagi að fara í hærri tollinn, í baðmullarflokkinn og komast þannig undan hluta af tollinum. Skapar þetta tollyfirvöldum mikla örðugleika í framkvæmd. Til þess að ráða bót á þessu, er lagt til, að setja allan vefnað og prjónavoð í einn og sama toll, 65%, nema óbleiktan og ómynstraðan baðmullardúk og einlitan og ómynstraðan dúk úr baðmull eingöngu. — Tollur á slíkum óbrotnum baðmullardúkum á að haldast svo að segja óbreyttur frá því, sem nú er (40% og 50%). Þetta þýðir, að tollur á vefnaði úr ull og gerviefnum lækkar úr 90% í 65%, en tollur á vandaðri baðmullarvefnaði hækkar úr 60% í 65%. Vefnaður úr heilsilki er lækkaður úr 90% í 65%. Vegna þessarar samræmingar tolla á dúkum er lagt til, að fatnaður úr spunaefni — sá, er var settur í 100% toll í nóvember 1961 og ýmsar hliðstæðar fatnaðarvörur — fari í 90% toll. Sumar fatnaðarvörur voru raunar settar í 90% við breytinguna í nóvember 1961 og helzt tollur á þeim óbreyttur.

Kvensokkar, sem í nóvember 1961 fengu 52% toll, eru settir í 50%. Aðrir sokkar úr gerviþráðum eru settir í 90% (nú 100%), sokkar úr ull í 90% (nú 81%), og sokkar úr baðmull í 70% (nú 70%).

Tollur á nærfatnað úr baðmull er settur 70% (nú 71%), en á nærfatnað úr öðru efni 90% (nú 90% eða 100%).

Tollur á kvenskófatnaði helzt óbreyttur frá því, sem ákveðið var í nóvember 1961, 80%. Á skófatnað karla er settur 100% tollur (nú 103%). Á sjóstígvél er settur 25% tollur (nú 26%) og á annan gúmmískófatnað og á hællausa strigaskó 50% (nú 50%).

Aðrar neyzluvörur.

Sápa og **hreinlætisvörur** fá 110% toll samkvæmt tillögunum og **snyrtivörur** 125%. Er áður gerð grein fyrir breytingum tolla á þessum vörum. Sama er að segja um **búsáhöld,** sem fá almennt 100% toll.

Á **rafmagnsbúsáhöld** er settur 80% tollur (nú 84%). Á útvarpstæki 80% (nú 90%). Á saumavélar — bæði til heimilisnota og til iðnaðar — er settur 40% tollur. Á hinum fyrr nefndu er nú 55% tollur, en á hinum síðarnefndu 21% síðan 1960, þar sem heimilað var með efnahagsmálalögum, nr. 4/1960, að fella niður innflutningsgjald á þeim. Þessi skipting saumavéla eftir notkun er óframkvæmanleg og verður að afnema hana og hafa sama toll á báðum tegundum. Í stað 55% tolls og 21% tolls er hér lagt til, að komi eitt tollgjald, 40%.

Rafmagnsperur eiga skv. tillögunum að fá 40% toll, í stað 38% nú.

Tollur á **ljósmyndavélum** var í nóvember 1961 færður í 52% og samkvæmt frv. er hann 50%. Til viðbótar er nú lagt til, að kvikmyndatökuvélar og sýningar- og skuggamyndavélar séu færðar úr 76% tolli í 50% toll, til samræmis við ljósmyndavélarnar. Jafnframt er lagt til, að tollur á filmum verði almennt 70%. Er þar um að ræða mikilvæga samræmingu tolla og mikla lækkun tolla á sumum filmutegundum.

Á öll lyf er settur 15% tollur (nú 16% eða 34%).

Í núgildandi lögum er heimilað að fella niður verðtoll af orgelum til kirkna og **hljóðfærum** til notkunar við kennslu í skólum. Munu þessi undanþáguhljóðfæri nú bera um 20% heildargjöld. Í tillögunum er gert ráð fyrir, að tollur af píanóum og orgelum verði lækkaður úr 76% (fór í það í nóvember 1961) í 30% og af öðrum hljóðfærum úr 76% í 50% (nú 162% eða 227%). Eftir þessa almennu lækkun þykir vart ástæða til að halda sérstakri undanþáguheimild fyrir orgel til kirkna og pianó til

kennslu í skólum, en á hinn bóginn lagt til, að lækka megi úr 50 í 30% önnur hljóðfæri, sem notuð eru til kennslu í skólum. Tollur á undanþáguhljóðfærunum hækkar samkvæmt þessu nokkuð, en að öðru leyti stórlækka gjöld á þessari vöru.

Erlendar bækur og tímarit eiga samkvæmt tillögunum að vera tollfrjáls, eins og nú er. Tollur á íslenzkum bókum, prentuðum erlendis, er settur 50% (nú 70%).

Eldsneyti.

Á díselolíu, gasolíu, fuelolíu, kolum og koxi er nú mjög lágur vörumagnstollur, sem gert er ráð fyrir, að haldist óbreyttur, sbr. það, sem áður segir um toll á eldsneyti.

Á venjulegt benzín er settur 50% tollur (nú 49%), á flugvélabenzín 15% (nú 15%), á „jetfuel" 15% (nú 1.1%), til samræmis við flugvélabenzín.

Á smurningsolíu er settur 2% tollur (nú 2.3%). Tollur á feiti til líkra nota er lækkaður úr 4.5% í 2%, vegna þess að illmögulegt er oft að greina milli þessara tveggja vara við tollafgreiðslu.

Rekstrarvörur til sjávarútvegs og vinnslu sjávarafurða.

Í tillögunum er ekki gert ráð fyrir teljandi breytingum á tollum af veiðarfærum og efni í þau. Hráefnin, þ. e. efni í garn og garnið sjálft, og tilheyrandi hjálparefni, eiga að vera tollfrjáls eða því sem næst. Garn úr hampi er þó undantekning. Hefur sú framleiðsla nú lítils háttar vernd — tollur af hampgarni er nú 3.9%, og er lagt til, að það verði lækkað í 2%. — Færi, línur og kaðlar eru samkvæmt tillögunum með 4% toll, sem er að heita óbreytt frá því, sem nú er (frá 3.7% til 4.1%). Fiskinet og fiskinetjaslöngur eru nú með 3.7% og er tillögutollurinn 4%.

Í tillögunum er gert ráð fyrir, að umbúðir utan um útfluttar sjávarafurðir og efni í þær verði tollfrjálsar á þann hátt, að annað hvort verði tollur endurgreiddur að fullu eða hann felldur niður þegar við tollafgreiðslu, sbr. 3. gr., 11. tölul. Að öðru leyti er það að segja um toll á rekstrarvörum sjávarútvegsins og sjávarvöruiðnaðar, að hann er yfirleitt settur sem næst því, sem nú er. Vörur, sem einvörðungu fara til þessara nota, eru yfirleitt annað hvort tollfrjálsar eða með 1—4% toll, en á öðrum rekstrarvörum, sem einnig fara til annarra nota, er ekki um að ræða lágan sértoll fyrir sjávarútveg og sjávarvöruiðnað, heldur verða þessar atvinnugreinar að sæta venjulegum tolli. Í sumum tilvikum er þó tekið tillit til þess, að vara er mikið notuð í sjávarútvegi eða sjávarvöruvinnslu, þannig, að settur er á hana tiltölulega lágur tollur.

Rekstrarvörur til landbúnaðar og vinnslu landbúnaðarvara.

Í tillögunum er gert ráð fyrir, að fóðurvörur og tilbúinn áburður verði tollfrjáls, eins og nú er.

Annars er algengast, að lagður sé 10, 15 eða 20% tollur á sérstakar rekstrarvörur landbúnaðarins, t. d. á flöskuhettur 20% (nú 21%), mjólkurhyrnur 15% (nú 15%), mjólkurbrúsa 10 lítra og stærri 10% (nú 21%) og smjör- og ostalit 20% (nú 35%). Þó er grasfræ gert tollfrjálst (nú 21%).

Hrávörur og aðrar rekstrarvörur til innlends neyzluvöruiðnaðar o. fl.

Þegar hefur verið gerð grein fyrir tollum á hrávörum til veiðarfæragerðar og hrávörum til fatnaðariðnaðar (garn og dúkar). Í sambandi við dúkagarn er rétt að geta þess, að garn úr baðmull og gerviþráðum nýtur nú sérstakrar tollundanþágu, ef það er flutt inn af fyrirtækjum, sem framleiða dúka úr garninu (greiða hlutaðeigendur nú aðeins 8.8 au. vörumagnstoll af hverju kg garns). Þessi tollundanþága var á sínum tíma ákveðin til stuðnings nýrri iðngrein, sem var að rísa á legg og þarfnaðist hjálpar til að sigrast á byrjunarörðugleikum, en nú virðist þessi iðnaður standa allföstum fótum. Er af þeim sökum talið óeðlilegt og óþarft að halda undanþágunni í því formi, sem verið hefur. Er því lagt til, að tollurinn á vefnaðar-

garninu, sem settur er 30%, verði lækkaður um allt að helming þegar í hlut á verksmiðja, sem framleiðir dúka úr innfluttu garni, sbr. 3. gr., 21. tölul.

Að því er snertir vörur til fatnaðariðnaðar, aðrar en dúka og garn, er um að ræða ýmsar tollalækkanir. T. d. er lagt til, að tollur á smávörum úr ódýrum málmum til fatnaðar (og raunar til ýmislegs annars iðnaðar o. fl.) lækki úr 90% í 70%. Gert er ráð fyrir hliðstæðum lækkunum á nokkrum öðrum vörum til fatnaðariðnaðar o. fl.

Eins og áður segir er algengasti tollur á hráefnum og skyldum vörum 35% samkvæmt frv. Þó er lægri tollur á sumum hrávörum, eins og t. d. á sumum sútunarefnum 20% og 30% (nú 21%), og á sumum efnum til málningarframleiðslu 20, 25 og 30% (nú 21%), til smjörlíkisgerðar 30% (nú 26% og 34%) og til skógerðar 30% (nú 22% og 40%). Á hráefni til plastiðnaðar er gert ráð fyrir 30% tolli (nú 21%). Á plötur og stengur o. fl. úr járni, stáli og öðrum ódýrum málmum, sem aðallega er flutt inn til málmsmíða, er yfirleitt settur 15% tollur, enda er nú aðeins 16.5% söluskattur á viðkomandi vörum. Gert er ráð fyrir 20% tolli á efni til rafsuðu (nú 21%). Á meira unnar járn- og aðrar málmvörur til málmsmíða er yfirleitt settur 35% tollur, sem er nálægt því, sem nú er á vörunum.

Á efnivörur til sælgætisgerðar og gosdrykkjagerðar er lagður 40% tollur.

Lagt er til að tollur verði lækkaður á flestum tegundum pappírs og umbúða úr pappír, svo sem hér segir: Prent- og skrifpappír tollist með 30% (nú 33%), kraftpappír og kraftpappi 30% (nú 45%), bókbandspappi, umbúðapappír og veggpappi 30% (nú 52,54 og 56%), handgerður pappír og pappi 30% (nú 107%), pergamentpappír, sem vegur allt að 100 g/m² 4% (nú 4%), en annars 30% (nú 70%), bylgjupappír og bylgjupappi 40% (nú 52%), áprentaður pappír og pappi 60% (nú 107%). Hvað umbúðir snertir má nefna pappakassa og öskjur 60% (nú 106%), pappírspoka til vélpökkunar á vörum 40% (nú 106%), aðrir pappírspokar 50% (nú 106%). Hér má geta þess, að plastpokar til vélpökkunar á vörum eru í frv. tollaðir með 40% (nú 132%) til samræmis við pappírspoka til sömu nota. Blöð, þynnur og hólkar úr plasti til umbúða (í nr. 39.01—39.06) eru samkvæmt frv. með 35% toll og er þar um að ræða hækkun úr 4% tolli. Er þetta gert til samræmis við toll á öðrum umbúðavörum. Byggist hinn núverandi lági tollur á plastblöðum, þynnum og hólkum upphaflega á undanþáguheimild fyrir þessar umbúðir, sem ætlaðar voru utan um útflutningsvörur, en var í algeru ósamræmi við toll á almennum umbúðum um verzlunarvöru. Ekki er þó ætlunin að tollahækkun þessi verði til kostnaðarauka fyrir útflutningsframleiðsluna, þar sem heimild er í frv. til að endurgreiða toll af umbúðum um útfluttar vörur.

Lagt er til, að tollur á smíðavið (til húsgagnagerðar o. fl.) verði 40% (nú 34% eða 49%) — á eik til skipasmíða og annars þó 15% (nú 16.5%). — Á tré í tunnustafi er lagður 3% tollur (nú 2.7%).

Byggingarvörur.

Hér fara á eftir nokkrar helztu byggingarvörur (þar með rafmagnsvörur til bygginga og verkfæri) með tillögutolli og þeim heildartolli, sem nú er á þessum vörum:

	Tillögu-tollur, %	Núgildandi heildar-tollur, %
Portlandssement	35	24
Asbest	35	35
Blakkfernis	35	34
Málning og lökk	60	60
Sementssteypuþéttiefni	35	39
Gólfdúkar og gólfplötur úr plasti	35	(48)
Verkfæri úr plasti	60	81

	Tillögu-tollur, %	Núgildandi heildar-tollur, %
Hreiniætistæki úr plasti	80	132
Gólfdúkar úr gúmmí	40	38
Staurar og spírur í fisktrönur	2	1.1
Síma- og rafmagnsstaurar	35	34
Venjulegur byggingarviður, meira eða minna unninn	35	34
Parketstafir úr tré	50	48
Krossviður	35	34
Hurðir, gluggar og karmar til bygginga, hús tilhöggvin	60	82
Korkplötur til einangrunar	35	51
Korkparkett	50	71
Veggfóður	35	35
Þakpappi	35	36
Gólfpappír og gólfpappi	30	34
Línóleumdúkur	35	34
Vörur úr asbestsementi til bygginga (þakhellur)	35	34
Hreinlætistæki úr leir og úr járni og stáli	80	80
Venjulegt rúðugler	35	35
Tvöfalt gler	50	51
Steypustyrktarjárn	35	36
Bárujárn	15	16.5
Pípur (rafmagnspípur og aðrar) úr járni og stáli	35	34
Saumur og hvers konar naglar og stifti	50	(58)
Miðstöðvarkatlar	35	34
Miðstöðvarofnar	35	35
Handverkfæri hvers konar (nema spaðar, skóflur o. fl.), sem eru með 20% (nú 21%)	60	70
Lásar og skrár	70	93
Ýmiss konar raflagnaefni	35	37—38

Flutningatæki, vélar og önnur tæki.

Skip 10 smálestir brúttó og þar yfir eru tollfrjáls samkvæmt tillögunum, en á skip undir 10 smálestir er settur 35% tollur. Á björgunarbáta er settur 4% tollur (nú 3.7%).

Flugvélar eru tollfrjálsar samkvæmt tillögunum og sama máli gegnir um hluti í þær.

Mikið vandamál hefur skapazt í framkvæmd undanfarin ár í sambandi við tollun á **varahlutum í bifreiðar, bátavélar og landbúnaðarvélar.** Stafar þetta af því, að sömu hlutir eru að miklu leyti notaðir í báta, bifreiðar og landbúnaðarvélar, en aðflutningsgjöldin á hinn bóginn mjög mishá.

Á bátavélum og varahlutum í þær eru heildargjöld nú um 21% (af bátavélum í nýsmíði eru þó engin gjöld), á vélum og varahlutum í hjóladráttarvélar um 34% og á vélum og varahlutum í bifreiðar um 77%. Afleiðingin af þessu er sú, að með öllu móti er reynt að koma sem mestu af þessum varahlutum í lægsta tollinn (bátavélatollinn) 21%. Eru tollyfirvöld í hinum mesta vanda með þetta og að sjálfsögðu skapast oft og tíðum mikið misrétti milli innflytjenda, eins og sjá má af því, að

fyrirtæki, sem hefur umboð fyrir bátavélar, flytur inn ýmsa hluti með 21% tolli, en bifreiðainnflytjandi verður að greiða 77% toll af nákvæmlega sömu hlutunum. Þetta er óhæft með öllu og eru gerðar eftirfarandi tillögur til lausnar þessum vanda:

1. Á öllum framan greindum vélum og varahlutum, nema bátavélum 200 hestöfl og stærri (slíkar vélar 200 hestöfl og stærri eru nær eingöngu notaðar í báta og skip), verði einn og sami tollur 35%. Við það lækkar tollur á bifreiðavarahlutum úr 77% í 35%, tollur á varahlutum og vélum í dráttarvélar stendur í stað, en tollur á bátavélavarahlutum og bátavélum minni en 200 hestöfl hækkar úr 21% í 35%. Af vélum af þessari stærð, sem sannanlega eru settar í báta eða notaðar til raflýsingar á sveitabæjum, endurgreiðast svo 25%, þannig að tollurinn verður í reynd 10%, sbr. 2 hér á eftir. Nokkrir varahlutir til bátavéla, sem auðveldlega verða greindir frá öðrum varahlutum til véla (sem eru allir í 35% tolli), eru settir í sérstakan undirlið, 84.63.02, með 4% tolli (nú 21%).
2. Tollur á bátavélum 200 hestöfl og stærri lækki úr 21% í 10%. Tollur á hjóladráttarvélum lækki úr 35% í 10%. Á hinn bóginn verði tollur á vörubifreiðum, sendiferðabifreiðum, almenningsbifreiðum og jeppum 40% (nú 38%), en á fólksbifreiðum hækki tollur úr 81% í 90%. Er þessi hækkun tolls á fólksbifreiðum gerð til að mæta að nokkru leyti lækkun tolls á bifreiðavarahlutum úr 77% í 35%. Um sendiferðabifreiðar eru sérstök ákvæði í 4. athugasemd við 87. kafla tollskrárinnar. Eru þessi ákvæði sett til varnar því, að slíkum bifreiðum sé breytt í fólksflutningsbifreiðar, án þess að þá séu greidd af þeim samsvarandi gjöld og fólksflutningsbifreiðum.

Lagt er til, að tollur á **beltisdráttarvélum** lækki úr 34% í 25%, og að sami tollur verði á skyldum tækjum, sem sé jarðýtum (nú 34%), vegheflum (nú 38%) og grafvélum (nú 21%). Er óhjákvæmilegt, að sami tollur sé á öllum þessum tækjum, vegna þess hve lík þau eru hvert öðru.

Gert er ráð fyrri 10% tolli á flestum tegundum **landbúnaðarvéla og tækja.** Tollur á þessum vélum er nú 20—21%. Á vélar til vinnslu landbúnaðarvara (t. d. mjólkurvinnsluvélar) er lagður sami tollur og á almennar iðnaðarvélar, 35%. Annars er tollur á einstökum landbúnaðarvélum og verkfærum svo sem hér segir: Plógum, herfum, áburðardreifurum og slíkum verkfærum, 10% (nú 19 og 21%), mjaltavélum 10% (nú 21%), sláttuvélum, upptökuvélum fyrir kartöflur o. þ. h., rakstrar- og snúningsvélum 10% (nú 21%).

Á langflestar **iðnaðarvélar** er settur 35% tollur, eins og nú er á þeim. Til iðnaðarvéla teljast hér frystivélasamstæður og allar vélar fyrir útflutningsiðnað. Þær eru allar með 35% toll samkvæmt tillögunum, en eins og nú gildir er gert ráð fyrir endurgreiðslu tolls á vélum til veiðarfæragerðar og vélum til framleiðslu umbúða utan um útflutningsafurðir (sbr. 3. gr., 22. og 24. tölul.). — Á saumavélum til iðnaðar er gert ráð fyrir 40% tolli eins og á saumavélar til heimilisnota, sbr. það, sem áður er sagt því viðkomandi. Vélar til þvottahúsa eiga að vera með 50% tolli.

Reiknivélar og bókhaldsvélar eru nú með 85% heildartoll og er gert ráð fyrir, að hann lækki í 60%. Á ritvélar er einnig settur 60% tollur (nú 72%).

Rafmagnsvélar og -tæki eru yfirleitt með 35% toll samkv. tillögunum, og er það líkur tollur og nú er á flestum vörunum, en þó hafa tollar á allmörgum rafmagnsvélum og -tækjum verið samræmdir niður á við. Helztu undantekningar frá aðalreglunni eru þessar:

	Tillögu-tollur, %	Núgildandi tollur, %
Rafhlöð og rafgeymar	40	34—39
Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli (sami tollur og á almennum handverkfærum) ..	60	70

	Tillögu-tollur, %	Núgildandi tollur, %
Rafmagnsbúsáhöld (þar með t. d. rafmagnsofnar, -eldavélar), sbr. áður greint	80	84
Útvarpstæki	80	90

Optísk tæki eru mörg með 35% toll samkvæmt tillögunum, þ. á m. öll slík tæki, sem eru nú með svipaðan toll, og að auki mörg önnur, sem nú eru með hærri toll. Áður var skýrt frá tolli á kvikmyndatökuvélum, skuggamyndavélum o. þ. h., sem gert er ráð fyrir verulegri lækkun á. — Tollur á gleraugum, sem nú er 106%, er settur 80%, og 106% tollur á sjónaukum er líka lækkaður í 80%. Á röntgentæki er settur 15% tollur, eins og nú er á þeim. — Á bergmálsdýptarmæla, radar og fisksjár er settur 4% tollur í stað 15% nú.

Við tollbreytinguna í nóvember 1961 var tollur á úrum lækkaður í 52%. Nú er til viðbótar lagt til, að tollur á klukkum og öllum hlutum til úra og klukkna verði færður í 50%. Á sumum þessara vara er nú allt upp í 207% tollur.

Tollur af húsgögnum, sem nú er yfirleitt 124%, á samkvæmt tillögunum að lækka í 90%.

Kirkjugripir.

Heimilt er nú að fella niður aðflutningsgjöld af kirkjugripum. Lagt er til, að heimilað verði að fella alveg niður toll á kirkjuklukkum (sem ekki er hægt að gera hér á landi) og fella niður helming tolls á öðrum kirkjugripum. Þykir sjálfsagt, að íslenzkur listiðnaður hafi einhverja vernd í þessu sambandi.

VI. Áætlun um tekjur af aðflutningsgjöldum samkvæmt frumvarpinu.

Gerð hefur verið áætlun um tekjur af aðflutningsgjöldum samkvæmt þeim tollum og undanþáguheimildum, sem eru í frumvarpinu. Hefur sú áætlunargerð verið vandkvæðum bundin, aðallega vegna þess að ekki liggja fyrir upplýsingar um innflutning ýmissa vara, sem eru sérgreindar (þ. e. hafa eigið tollskrárnúmer) í tollskrá frv., en ekki í núgildandi tollskrá. Er af þeim sökum ekki hægt að áætla nákvæmlega tolltekjur af mörgum vörum samkvæmt tollskrá frv. Þótt svo sé ætti heildarniðurstaða þessarar áætlunargerðar ekki að vera fjarri því, sem rétt er.

Áætlunin um aðflutningsgjöldin samkvæmt frv. er miðuð við innflutningsverðmæti ársins 1962 og eru heildartekjur samkvæmt henni **1.068 millj. kr.** Er þá búið að draga frá niðurfellingar og endurgreiðslur samkvæmt undanþáguheimildum frv. sem samtals eru áætlaðar 37 millj. kr. Hins vegar er meðtalið í þessum 1.068 millj. kr. 0.5% tollstöðvagjald og 0.5% byggingarsjóðsgjald, samtals 10.7 millj. kr., enda greiðast þessi gjöld af heildartolltekjum. Til ríkissjóðs sjálfs renna því 1.057 millj. kr. af áætluðum heildartekjum, en af þeirri fjárhæð greiðist framlag til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, er kemur í stað 20% hluta af andvirði 8% söluskatts á innfluttum vörum, sbr. ákvæði 4. málsgr. 40. gr. frv.

Tekjur af aðflutningsgjöldum 1962 — þeim, er tollar samkvæmt frv. koma í staðinn fyrir — voru sem hér segir, samkvæmt upplýsingum ríkisbókhaldsins, og eru fjárhæðir taldar nettó, þ. e. að frádregnum endurgreiðslum:

Vörumagnstollur, að meðtöldum viðauka	36.3	millj. kr.
Verðtollur, að meðtöldum viðauka	528.9	— —
Söluskattur 7%	215.5	— —
Söluskattur 8% (20% hluti jöfnunarsjóðs meðtalinn)	246.2	— —
Innflutningsgjald	126.7	— —
Tekjur ríkissjóðs alls	1153.6	millj. kr.

Tollstöðvagjald og byggingarsjóðsgjald, hvort um sig 1% af vörumagnstolli og verðtolli ..... 11.4 — —

Heildartekjur 1165.0 millj. kr.

Heildartekjur samkvæmt tollskrá frv. eru samkvæmt framangreindu áætlaðar 1.068 millj. kr., miðað við sama grundvöll, þ. e. innflutning 1962. Felur tollskrá frv. þannig í sér 97 millj. kr. lækkun tolltekna, eða 8.3% lækkun á tollbyrðinni í heild. Hér eru ekki meðtalin gjöld samkvæmt lögum um bifreiðaskatt og ekki heldur hið sérstaka gjald á fob-verði fólksbifreiða.

Um 1. gr.

Um almennar reglur um túlkun á tollskránni.

Þessar almennu reglur um túlkun á tollskránni eru í raun réttri hluti af sjálfri Brüssel-skránni og er skylt að taka þær upp óbreyttar. Um einstaka liði þessara ákvæða er rétt að taka þetta fram:

Um 1. tölulið.

Fyrirsagnir flokka, kafla og undirkafla tilgreina svo nákvæmlega sem við verður komið þær vörutegundir, sem undir þá falla. Oft og tíðum eru vörur þær, sem falla undir flokkana, kaflana og undirkaflana svo margvíslegar, að eigi verður við komið, að fyrirsagnirnar geti náð til þeirra allra, eða hægt sé að geta hverrar fyrir sig sérstaklega. Af þessum sökum er svo fyrir mælt, að fyrirsagnirnar séu einungis til leiðbeiningar. Eru þær því ekki tæmandi lagagrundvöllur fyrir tollflokkun. Í 2. málsl. töluliðsins er svo fyrir mælt, að tollflokkunin skuli byggð á orðalagi tollskrárnúmera, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, og ef það ekki fer í bága við orðalag tollskrárnúmeranna eða athugasemdanna, skal fylgt reglunum í 2., 3. og 4. tölulið eða þá í 5. tölulið, ef vara fellur ekki undir neitt tollskrárnúmer. Tollflokkun, sem byggð er á skýru orðalagi tollskrárnúmera og flokka, er yfirleitt ekki vandkvæðum bundin og fjöldann allan af vörum er hægt að tollflokka, án þess að grípa þurfi til almennu skýringarákvæðanna. Orðalagið síðast í síðara málsl. liðsins „og fari það ekki í bága við orðalag tollskrárnúmeranna ....“ o. s. frv. sýnir ljóslega, að það er fyrst og fremst orðalag tollskrárnúmeranna og athugasemdanna, sem ráða skal við tollflokkunina. T. d. er í athugasemdum við 31. kafla sagt, að tiltekin tollskrárnúmer taki einungis til ákveðinna vara. Af því leiðir, að ekki má heimfæra undir þau númer vörur, sem annars hefðu getað átt þar heima samkv. reglunni í 2. tölulið.

Um 2. tölulið.

Þessi liður fjallar um blöndur efna og sambönd efna, svo og vörur, sem eru úr tveimur eða fleiri efnum. Hér er um að ræða tollskrárnúmer, þar sem talað er um ákveðið efni (t. d. nr. 5.03 — hrosshár) eða vörur úr ákveðnu efni (t. d. nr. 45.03 „Vörur úr náttúrlegum korki“, nr. 70.14 — ljósaútbúnaður úr gleri). Reglan í þessum tölulið gildir þó því aðeins, að ekki sé á annan hátt mælt fyrir í tollskrárnúmeri eða í athugasemdum (sbr. t. d. nr. 15.03 ... tólgarolía, hvorki jafnblönduð o. s. frv.). Af ákvæðum liðsins leiðir, að númer, þar sem talað er um ákveðið efni, verður talið taka til vara, sem að nokkru leyti eru úr öðrum efnum. Þó er eigi heimilt að skýra ákvæðið svo rúmt, að það taki til vara, sem eigi verða með skynsamlegu móti taldar samsvara þeirri vörulýsingu, sem felst í því tollskrárnúmeri. Þetta felur í sér, að viðbótarefnið má eigi breyta upphaflegu eðli þeirra vara, sem tollskrárnúmerið fjallar um.

Oft og tíðum munu reglur 2. töluliðs sýnast leiða til þess, að telja megi vöru til tveggja eða fleiri tollskrárnúmera. Fer þá um tollflokkun eftir 3. tölulið, svo sem fram kemur í síðasta málslið 2. töluliðs.

Um 3. tölulið.

Þessi liður felur í sér þrjár leiðir um tollflokkun vara, sem samkvæmt 2. tölulið eða af öðrum ástæðum sýnist mega telja til tveggja eða fleiri tollskrárnúmera. Þessar leiðir skal fara í þeirri röð, sem þær eru taldar í 3. tölulið. Af því leiðir, að reglan í b kemur þá fyrst til álita, ef tollflokkun verður eigi ákveðin eftir aðferðinni í a. Ef hvorki verður beitt reglunni í a eða b, skal nota regluna í c. Röðin er sem sé þessi: a) nákvæmasta vörulýsing, b) það sem helzt einkennir vöruna og c) hæstur tollur.

Ákvæðum þessa liðs verður því aðeins beitt, að eigi sé á annan hátt fyrir mælt í tollskrárnúmeri eða athugasemdum við flokka eða kafla. T. d. segir í 3. tölulið athugasemda við 48. kafla, að pappír og pappi, sem eru þannig gerðir, að þeir geta talizt til tveggja eða fleiri af nr. 48.01—48.07, teljist til þess númers, sem er síðast í röðinni.

Um 3. a.

Reglan í 3. a er sú, að tollskrárnúmer, sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu, skuli tekið fram yfir tollskrárnúmer með almennari vörulýsingu.

Í framkvæmd er það svo, að ekki er hægt að setja algildar reglur, sem á verði reist ákvörðun um það, hvort eitt tollskrárnúmer feli í sér nákvæmari vörulýsingu en annað, en almennt má segja:

1) að ef vara er nefnd með nafni, þá sé það nákvæmari lýsing en ef nefnd er vörutegund. T. d. falla lífstykki undir nr. 61.09, en ekki undir nr. 61.04, sem tekur til „nærfatnaðar handa kvenmönnum“,
2) að ef vara er í samræmi við ákvæði tollskrárnúmers, sem gefur skýra lýsingu á henni, þá er sú lýsing nákvæmari en hin, sem ekki lýsir vörunni sérstaklega. Sem dæmi má nefna, að notaður gashreinsunarleir, sem er áburður, fellur undir nr. 38.04, þar sem varan er sérstaklega nefnd, en ekki undir „Annar áburður“ í nr. 31.05.

Um 3. b.

Þessi leið verður því aðeins farin, að reglunum í 3. a verði ekki beitt. Ákvæðin í 3. b fjalla um:

1) blöndur,
2) samsettar vörur úr ýmsum efnum,
3) samsettar vörur af ýmsum hlutum.

Í öllum þessum tilvikum á að flokka vörurnar eins og þær væru úr því efni eða þeim hluta, sem helzt einkennir vöruna. Það, sem helzt einkennir vöruna, fer að sjálfsögðu mjög eftir því um hvaða vöru er að ræða. Um slíkt verður m. a. dæmt eftir eðli efnisins eða hlutans, magni þess, þunga eða verðmæti, eða mikilvægi þess efnis eða hluta, sem um er að ræða, fyrir notkun vörunnar.

Um 3. c.

Vörur, sem eigi verða flokkaðar eftir reglunum í a og b, skulu heimfærðar undir það tollskrárnúmer, sem ber hæstan toll. Þegar svo stendur á, skal val þess tollskrárnúmers, sem ber hæstan toll, gert með tilliti til þess undirnúmers, sem hæstur tollur er á.

Um 4. tölulið.

Í ýmsum athugasemdanna við flokka og kafla eru tilteknar vörur undanskildar þeim flokkum og köflum og kveðið á um, að þær vörur skuli flokkast undir aðra flokka, kafla eða tollskrárnúmer. Tilgangurinn með 4. tölulið er að ákveða, að þótt einungis tilteknar vörur séu undanteknar, fela þessar undantekningar ekki aðeins

í sér þær vörur, sem sérstaklega eru nefndar, heldur einnig allar aðrar vörur, sem falla undir þann flokk, kafla eða tollskrárnúmer, sem vísað er til. Sem dæmi má nefna, að leikföng, leiktæki, íþróttavörur (97. kafli) eru samkvæmt 1. q. í athugasemdum við 39. kafla tekin undan þeim kafla. Af ákvæðum 4. töluliðs leiðir, að allar vörur, sem teljast til 97. kafla, eru undanskildar 39. kafla, þótt þær séu gerðar úr plasti. T. d. falla grímuballsvörur, skemmtitæki og jólatrésskraut úr plasti undir nr. 97.05, þótt þessar vörur séu ekki sérstaklega nefndar í athugasemd 1. q. við 39. kafla.

Ákvæðum 4. töluliðs verður þó aðeins beitt, ef annað leiðir ekki af samhenginu. Af því leiðir, að athugasemdir við flokka og kafla þar, sem orðalag þrengir merkingu, t. d. „**heklaðir** laufaborðar og knipplingar“, er teljast til nr. 58.09, sbr. aths. 1 a. við 60. kafla, eða „rafmagnsbúin umferðastjórnartæki“, sem teljast til nr. 85.16, sbr. aths. 1. c. við 86. kafla, taka einungis til þeirra vara, sem sérstaklega eru nefndar í ákvæðunum.

Um 5. tölulið.

Þessi liður fjallar um vörur, sem ekki falla undir neitt tollskrárnúmer, þar eð ekkert númeranna virðist beinlínis eiga við þær. Er því svo fyrir mælt, að þær skuli taldar til sama tollskrárnúmers og þær vörur, sem eru þeim líkastar.

Við tollflokkun samkvæmt þessum lið er fyrst gerður samanburður á viðkomandi vörum og svipuðum vörum, sem vafalaust er hversu skuli tollflokka. Þegar svo niðurstaða er fengin um skyldleikann, er tollflokkun gerð í samræmi við þá niðurstöðu. Mat samkvæmt þessum lið er vitaskuld háð ýmsum atriðum, svo sem gerð, eðli og notkun vörunnar.

Um 2. gr.

Ákvæði greinarinnar svara til ákvæðanna í 2. gr. núgildandi tollskrárlaga. Þegar hér á eftir er talað um 2. gr., er átt við 2. gr. núgildandi laga.

1. Samhljóða ákvæðunum í a-lið 2. gr.
2. Sams konar ákvæði og eru í b-lið 2. gr.
3. Samhljóða c-lið 2. gr.
4. Efnislega samhljóða d-lið 2. gr.
5. Samhljóða e-lið 2. gr.
6. Samhljóða f-lið 2. gr.
7. Samhljóða g-lið 2. gr., en orðalagi er lítils háttar vikið til.

   Skýr ákvæði eru sett um það hér, að bifreiðar, bifhjól og bátar teljist ekki til heimilismuna. Ákvæði þessi hafa ekki verið í lögum áður, en eru í samræmi við gildandi venju og lagaskýringu.

   Ef ágreiningur kemur upp um það, hvaða vörur teljist til heimilismuna, sker fjármálaráðherra úr.
8. Efnislega sama ákvæði og er í h-lið 2. gr. Ákvæðin eru þó gerð fyllri og sett nánari skilyrði um innflutning þennan til þess að koma í veg fyrir misnotkun.
9. Sama ákvæði og er nú í i-lið 2. gr. nema hvað hér er talað um kjörræðismenn erlendra ríkja, þar sem áður var ræðismenn.
10. Munir þessir eru nú tollfrjálsir samkvæmt nr. 2 í 62. kafla núgildandi tollskrár. Ákvæðið er í samræmi við lög nágrannaríkjanna.
11. Sams konar ákvæði er nú í j-lið 2. gr., þó er ráðuneytinu nú veitt heimild til að víkja frá ársfrestinum, ef sérstaklega stendur á.
12. Efnislega sama ákvæði og er í k-lið 2. gr., en orðalagi er lítils háttar vikið til.

Um 3. gr.

Ákvæði þessarar gr. svara til ákvæðanna í 3. gr. núgildandi tollskrárlaga. Þegar hér á eftir er talað um 3. gr., er átt við 3. gr. núgildandi laga.

Upphaf greinarinnar: „Fjármálaráðuneytinu er heimilt“ á við ákvæðin í öllum töluliðum greinarinnar.

Um einstaka töluliði skal þetta tekið fram:

1. Ákvæði töluliðsins koma í stað ákvæðanna í síðari hluta g-liðs 3. gr.

   Í IV. kafla laga nr. 47/1960, um tollvörugeymslur, er sérstakur kafli um flutningageymslur (transit-geymslur). Samkvæmt þeim ákvæðum má heimila skipaútgerðum og flugfélögum, sem annast millilandaferðir, að reka slíkar vörugeymslur og séu vörur til áframhaldsflutnings settar í þær meðan beðið er endurútflutnings, þarf ekki að greiða aðflutningsgjöld af vörunum og þess vegna ekki undanþágu þörf.

   Eigi hins vegar að geyma áframhaldsflutninginn annars staðar en í flutningageymslunum, verður hann gjaldskyldur, og á undanþáguheimildin í 1. tölulið við þau tilvik.
2. Sams konar undanþáguákvæði og hér er um að ræða hefur verið leitt af ákvæðinu í 1. málsgr. 29. gr. laganna um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 39. gr. reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara. Þykir rétt að hafa ótvíræð ákvæði um þetta í tollskrárlögunum, enda er það í samræmi við tollskrárlög nágrannaríkjanna.
3. Ákvæðin svara til ákvæðanna í t-lið 3. gr.
4. Ákvæði töluliðsins eru í raun og veru nýmæli, þó að varningi, sem töluliðurinn tekur til, hafi stundum verið sleppt við gjöld með hliðsjón af ákvæðunum um tollfrjálsan farangur. Ákvæði töluliðsins eru sniðin eftir sams konar ákvæði í tolllögum nágrannaríkjanna.
5. Sams konar ákvæði er í fyrri hluta g-liðs 3. gr. Það ákvæði kom inn í tollskrárlögin með lögum nr. 6/1945. Um þessa breytingu segir í athugasemdum við frumvarpið að þeim lögum, sbr. Alþt. A. 1944, bls. 331: „Það hefur átt sér stað í nokkur skipti undanfarið, að skinn hafa verið send frá Færeyjum til sútunar. Með lækkun eða niðurfellingu aðflutningsgjaldanna væri hægt að stuðla að því, að vörur væru fluttar hingað til aðgerða eða annarrar aðvinnslu meira en verið hefur."
6. Ákvæði töluliðsins koma í stað o-, p-, q- og u-liðs 3. gr. Hér er heimildin, eftir erlendri fyrirmynd, orðuð þannig, að hún getur tekið til allra tollfrelsis- og tolllækkunarákvæða í milliríkjasamningum.
7. Hér er um nýmæli að ræða og eru þau sniðin eftir tolllögum nágrannaríkjanna.
8. Hér er einnig um nýmæli að ræða og er það einnig tekið eftir erlendum tolllögum.

   Sams konar fyrirvari og er í 2. málsgr. töluliðsins er gerður í hinum erlendu tolllögum.
9. Fyrri hluti töluliðsins kemur í stað s-liðs 3. gr.

   Heimildin varðandi gjafir, sem eru allt að 500 kr. virði að mati tollmanna, er nýmæli og tekin eftir sams konar ákvæði í erlendum tolllögum. Það getur oft staðið svo á, að sanngjarnt sé að fella niður gjöld af tækifærisgjöfum.
10. Alls staðar í Vestur-Evrópu hefur verið felld niður tolltrygging og ferðaskírteini (carnet) fyrir skrásettar bifreiðar og bifhjól, sem erlendir ferðamenn og aðrir, sem búsettir eru erlendis, hafa með sér frá útlöndum til notkunar um tíma.

    Gert er ráð fyrir því að sama regla verði tekin upp hér og svipaðar reglur og gilda þar verði settar hér um þessi efni, með þeim frávikum, sem nauðsynleg teljast, miðað við íslenzkar aðstæður.
11. Kemur í stað i- og j-liðs 3. gr.
12. Ákvæðin eru samhljóða 3. gr. laga nr. 90/1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.
13. Sams konar ákvæði og hér er um að ræða eru nú í athugasemd við nr. 11 í kafla 39 A í tollskrá og í upphafi XV. flokks hennar. Hér er heimildin orðuð þannig, að hún tekur til allra vara í tollskránni og er þannig ekki lengur bundin við plastvörur og málmvörur.

14. Sams konar ákvæði er í cc-lið 3. gr. Þar er þó gert ráð fyrir endurgreiðslu, en hér lækkun eða niðurfellingu gjaldanna, en þannig hefur heimildin verið notuð undanfarið.
15. Samkvæmt y-lið 3. gr. er fjármálaráðuneytinu heimilað að heimta ekki aðflutningsgjöld af kirkjugripum.

    Undanþáguheimildin er nú orðuð þannig, að heimilt sé að undanþiggja kirkjuklukkur alveg gjöldum og lækka um helming gjöld af gripum, sem sérstaklega eru gerðir til notkunar í kirkjum og ekki verða gerðir hér á landi við sambærilegu verði. Þá segir, að undanþáguheimildin taki ekki til hljóðfæra, en varðandi orgel til kirkna vísast til umsagnar um 29. tölulið hér á eftir.

    Ástæðan til þess, að gert er ráð fyrir því, að gjöld af kirkjuklukkum séu alveg felld niður, er sú, að þær eru ekki smíðaðar hér á landi. Hins vegar er það svo um flesta aðra kirkjugripi, að þá má gera hér á landi og þykir ekki ástæða til annars en að slíkur iðnaður njóti nokkurrar verndar.
16. Sams konar heimild er nú í athugasemd við nr. 5 í 28. kafla tollskrár. Hér er heimildin einnig látin ná til annarra lofttegunda en gass.
17. Sams konar heimild er í c-lið 3. gr. varðandi sýrur til votheysgerðar og Höjbergsvökva til fiturannsókna á mjólk.
18. Samkvæmt e-lið 3. gr. er ráðuneytinu heimilað að endurgreiða aðflutningsgjöld af filmum, sem notaðar eru til litógrafprentunar. Heimildin hefur verið notuð þannig, að litógraffilmur hafa verið lækkaðar til samræmis við gjöld af prentletri, og er heimildin nú orðuð í samræmi við þá framkvæmd.
19. Samhljóða bb-lið 3. gr., sbr. l. nr. 75 8. des. 1955.
20. Samhljóða síðari hluta athugasemdar við nr. 2 í 45. kafla núgildandi tollskrár, með nokkurri rýmkun að því er tekur til menningarrita, sem gefin eru út í samráði við íslenzka aðilja. Í fyrri hluta þeirrar athugasemdar er talað um hljóðfæranótur, en ekki þarf að taka þær með hér, því að gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að þær verði tollfrjálsar.
21. Með ff-lið 2. gr. laga nr. 27/1957, um breyting á tollskrárlögunum, var ráðuneytinu heimilað að fella niður eða lækka aðflutningsgjöld af vefnaðargarni úr baðmull og gerviefnum til dúkaverksmiðja.

    Nú kemur það tvennt til, að gjöld af garni eiga að lækka samkvæmt frumvarpinu og svo hitt að gera má ráð fyrir, að hinar innlendu verksmiðjur hafi komizt yfir byrjunarörðugleikana, og því er heimildin takmörkuð við lækkun um helming og garni úr ull er bætt við.
22. Sams konar endurgreiðsluheimild er í niðurlagi i-liðs 3. gr., en hér er gert ráð fyrir niðurfellingu og er það í samræmi við framkvæmdina undanfarið.
23. Sams konar heimildir eru í l-lið 3. gr. og athugasemd við nr. 14 í 71. kafla núgildandi tollskrár.
24. Sams konar heimild er í æ-lið 3. gr.
25. Efnislega samhljóða þ-lið 3. gr.
26. Skýrsluvélar eru leigðar hingað með sérstökum kjörum og er hér gert ráð fyrir tollmeðferð í samræmi við þau kjör.
27. Lækkunarheimildin í v-lið 3. gr. er hér látin halda sér að öðru leyti en því, að hún tekur ekki lengur til hjólastóla, þar eð gert er ráð fyrir því í frumvarpinu, að þeir verði tollfrjálsir, sbr. nr. 87.11, og nr. 87.13.01.
28. Samhljóða ö-lið 3. gr.
29. Heimildin í þessum tölulið kemur í stað heimildarinnar í athugasemd við nr. 3 í 79. kafla tollskrár.

    Samkvæmt frumvarpinu eru gjöld af píanóum og orgelum lækkuð úr 76% í 30%. Tekur heimildin nú því aðeins til hljóðfæra, sem eru ætluð til kennslu í skólum og eru með hærri gjöldum en 30%. Heimildin þarf ekki lengur að taka til orgela til kirkna, þar eð lækkunin í frumvarpinu tekur einnig til þeirra.

30. Sanngjarnt þykir með hliðsjón af lækkun þeirri, sem gerð er í frv. á vélum 200 hestafla og stærri, að lækka gjöld til samræmis við það af aflminni vélum í báta og af vélum, sem notaðar eru til raflýsingar á sveitabæjum.
31. Ákvæði þetta kemur í stað aa-liðar 3. gr. gildandi tollskrárlaga. Hér er þó gert ráð fyrir lækkun um helming í stað endurgreiðslu að öllu eða nokkru leyti áður.
32. Eins og mönnum er kunnugt, er gjald fyrir flutning vöru hingað til lands með flugvélum mun hærra en fyrir flutning sams konar vöru með skipum. Hefur verið kvartað undan því að aðflutningsgjöld skuli reiknuð af flugflutningsgjaldinu óskertu, enda hefur það stundum komið ósanngjarnlega niður, t. d. er um hefur verið að ræða flugflutning á þungum varahlutum, sem brýn nauðsyn hefur verið að kæmust sem fyrst til landsins. Þykir því rétt að ráðuneytið hafi heimild til þeirrar lækkunar, sem liðurinn hljóðar um.
33. Ákvæði þetta er sett vegna lyfjaframleiðslunnar í landinu, þar sem lyfin þurfa að vera sérstaklega umbúin eða með farin til að teljast til 30.03, en ella (t. d. ómótuð) falla þau undir nefnda kafla, sem hefðu þá yfirleitt 35% toll og sum meira.
34. Vélpökkun á vörum þeim, sem hér ræðir um, nýtur engrar tollverndar, þar eð innfluttar pakkavörur af þessu tagi eru tollfrjálsar. Þykir af þessum sökum sanngjarnt að heimila að fella niður eða lækka gjöld af umbúðum þeim, sem notaðar eru við pökkun hér á umræddum vörum.

Um 4. gr.

1. og 2. málsgr. þessarar gr. svo og upphaf 3. málsgr. eru efnislega samhljóða 4. gr. núgildandi tollskrárlaga. Lágmarksverðtollur, sem greiða ber af vörum þessum, er 5% samkv. frv., en er 15% samkvæmt núgildandi ákvæðum.

2. málsliður 3. málsgr. þessarar gr. er samhljóða 22. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál.

4. málsgr. þessarar gr. er samhljóða z-lið 3. gr. gildandi tollskrárlaga.

UM II. KAPÍTULA

Tollmeðferð o. fl.

Í þessum kapítula eru ákvæði um tollverð vara og verðtollun (A), aðflutningsskýrslu (B), vörureikninga og önnur staðfestingarskjöl (C), undirboðs- og jöfnunartolla (D), ýmis ákvæði almenns eðlis (E) og loks refsiákvæði (F).

Öll þau atriði, sem eru í þessum undirflokkum, lúta annaðhvort beinlínis að tollmeðferð vara eða eru tengd henni á einn eða annan hátt.

Um A. Tollverð vara og verðtollun.

Ákvæðin um tollverð í núgildandi tollskrárlögum eru að mestu leyti látin halda sér. Sums staðar er bætt við ákvæðum eftir fyrirmynd í tolllögum nágrannaríkjanna, en annars staðar ákvæðum, sem reynslan hefur sýnt, að nauðsynleg eru.

Um 5. gr.

1. og 2. málsgr. eru efnislega samhljóða 1. og 2. málsgr. 10. gr. núgildandi tollskrárlaga, en ákvæðin nokkru fyllri, svo sem að jafnan skuli greiðsla fyrir einkaleyfi, vörumerki o. þ. h. vera innifalin í tollverði, þegar því er að skipta, og er þetta gert til samræmis við erlend tollskrárlög.

Í 3. málsgr. er sú meginregla laganna, að tollverð vöru miðast við almennt heildsöluverð hennar á frjálsum markaði erlendis á þeim stað og tíma, sem sala

fer fram, og við almennt flutningsgjald og annan almennan kostnað, og svarar hún þannig til 3. málsgr. 10. gr. núgildandi tollskrárlaga. Við er bætt tilsvarandi ákvæði um vörur, sem fluttar eru til landsins án þess að þær séu seldar eða eigi að seljast. Í 8. gr. er sérákvæði um vörur, sem seldar eru til síðari afhendingar eða eru ekki endanlega seldar.

Í 4. málsgr. eru nánari ákvæði um, hvað sé almennt heildsöluverð og er allur síðari hluti málsgr., þ. á m. stafliðirnir a—c, í samræmi við tollskrárlög nágrannaríkjanna og Brüssel-samþykktina frá 15. des. 1950, um hvernig ákveða skuli verð vöru til tollálagningar. Samþykkt þessi var undirrituð af Íslands hálfu, en hefur enn ekki verið fullgilt af íslenzku stjórnarvöldunum.

Um 5. málsgr., svo og 6. málsgr. í höfuðatriðum, gegnir sama máli og um 4. málsgr.

Í 7. málsgr. er leiðbeiningarregla, sem leitt getur til hækkunar á tollverði vara til dótturfyrirtækja og útibúa.

Um 6. gr.

Samhljóða 4. málsgr. 10. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Um 7. gr.

Samhljóða 5. málsgr. 10. gr. núgildandi laga.

Um 8. gr.

Að mestu samhljóða 6. málsgr. 10. gr. núgildandi laga.

Um 9. gr.

Samhljóða 1. málslið 7. málsgr. 10. gr. núgildandi laga.

Um 10. gr.

Í þessari gr. eru ákvæði um, hvernig færa skuli verð vöru til rétts tollverðs, ef framlögð aðflutningsskjöl þykja ekki gefa rétta eða fullnægjandi vitneskju um verðið, eða ekkert verð er tilgreint. Tilsvarandi ákvæði eru nú í 14. gr., sbr. og síðari málslið 7. málsgr. 10. gr. og 21. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Samkvæmt 1. málsgr. 10. gr. er það meginregla, að tollstarfsmenn skulu færa verðið til rétts tollverðs með leiðréttingum, ef þeim verður einum við komið, eða mati, ef þess gerist þörf.

Í 2. málsgr. er tollyfirvaldi heimilað að láta dómkveðja menn til að framkvæma mat, ef það þykir betur henta.

Í 3. málsgr. eru ákvæði um að skjóta megi ákvörðunum eða mati tollstarfsmanna eða matsmanna til yfirmats og gilda um það svipaðar reglur og nú eru í síðari hluta 1. málsgr. 14. gr. tollskrárlaganna. Þó er ákveðið, að yfirmatsmenn skuli vera þrír í stað einn eða fleiri áður. Enn fremur er tollyfirvaldi nú einnig heimilað að krefjast yfirmats.

Sams konar ákvæði og eru í 4. málsgr. eru ekki í núgildandi tollskrárlögum, en teknar hafa verið gildar matsgerðir matsmanna innlendra vátryggingarfélaga, ef tollmenn hafa verið viðstaddir matsgerðirnar og hafa samþykkt þær. Hafa matsgerðir þessar komið í stað matsgerða dómkvaddra manna, sem lögin gera ráð fyrir, og hefur þannig verið komizt hjá endurteknum matsgerðum varðandi sömu vörur.

Þess skal að lokum getið, að í 13. gr. frumvarpsins er heimild fyrir fjármálaráðuneytið til að setja sérstakar reglur um mat notaðra bifreiða.

Um 11. gr.

Samhljóða 11. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að reiknað skal nú með því gengi á erlendri mynt, sem er í gildi, þegar vara er tekin til tollmeðferðar,

í stað komudags farartækis áður. Þessi regla er bæði réttari og handhægari og í samræmi við lög nágrannalandanna.

Þá eru og felld niður ákvæðin um gengi póstávísana útfarinna héðan, þar eð þau ákvæði eiga ekki lengur við.

Um 12. gr.

Efnislega samhljóða 12. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Um 13. gr.

Sams konar ákvæði og þau, sem eru í 1. málsgr., eru í tolllögum nágrannaríkjanna og eru reglur um þessi efni til þess að flýta fyrir og auðvelda greiðslur af tollskyldum munum, sem farþegar og áhafnir hafa með sér í fari sínu frá útlöndum. Er ætlazt til, að farþegar geti lokið greiðslu á staðnum.

Setja þarf sérstakar reglur um mat á notuðum bifreiðum, svo að nægilegt samræmi sé í slíkum matsgerðum. Ákvæðin í 2. málsgr. eru um setningu þessara reglna.

Um 14. gr.

Samhljóða 19. gr. núgildandi tollskrárlaga nema 3. málsgr., sem er nýmæli, en í henni er kveðið svo á, að lækki aðflutningsgjöld eftir að skjöl eru afhent til tollmeðferðar samkv. 1. tölulið gr., skuli greiða hinn lægri toll.

Um aðflutningsskýrslur (B).

Ákvæðin um aðflutningsskýrslur eru nú í 65. gr. reglugerðar nr. 41/1957, um tollheimtu og tolleftirlit, svo og í 13. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Eru nú ákvæðin um aðflutningsskýrslur tekin hér upp í heild.

Um 15. gr.

Fyrst eru í gr. ákvæðin um skylduna til að afhenda aðflutningsskýrslu. Þá er hér, eins og annars staðar, lögð sú skylda á viðtakendur innfluttra vara, að þeir skuli leggja fyrir eða sýna tollmönnum þær vörur, sem þeir ætla að fá tollafgreiddar, og tekur sú skylda ekki aðeins til þess, að þeir skuli láta flytja vörurnar á tollskoðunarstað, heldur skulu þeir einnig láta taka vörur úr umbúðum, leggja þær fyrir tollstarfsmenn til skoðunar og flokkunar og ganga aftur frá þeim og koma þeim fyrir, eins og nánar segir í 36. gr. frv.

Ákvæði um þessa skyldu til að flytja vörur á tollskoðunarstað og um framvísun vara, voru sett í 9. gr. laga nr. 47/1956, um tollheimtu og tolleftirlit. Voru það heimildarákvæði, sem ekki hefur verið beitt.

Til samræmis við tollskrárlög nágrannaríkjanna eru þessi ákvæði nú tengd hér skyldunni til að afhenda aðflutningsskýrsluna, en þar eð nýbreytni þessi þarf talsverðan undirbúning er gert ráð fyrir því í lok gr., að fresta megi framvísunarskyldu viðtakenda, ef slíkt kynni að reynast nauðsynlegt, meðan verið er að ljúka undirbúningi þess, að fullkomin vöruskoðun geti farið fram.

Í 2. málslið gr. er gert ráð fyrir því, að fjármálaráðuneytið geti heimilað póststofnuninni að afhenda vissar sendingar án þess að aðflutningsskýrsla sé afhent, en nú eru ákvæði um þetta efni í reglugerð nr. 124/1938, um tollmeðferð aðfluttra póstsendinga.

Þá er í 3. málslið gr. gert ráð fyrir sams konar heimild varðandi aðrar sendingar, sem ekki eru á farmskrá.

Um 16. gr.

Í fyrri hluta gr. eru tekin upp helztu atriðin, sem tilgreina skal í aðflutningsskýrslum, og er þar stuðzt við það, hvernig nú er gengið frá þessum skýrslum.

Í síðari hluta gr. er formáli að yfirlýsingu viðtakenda varðandi þær vörur,

sem aðflutningsskýrsla tekur til, og er formáli þessi svo til samhljóða þeim, sem nú er á aðflutningsskýrslum og ákvæði eru um í 5. málsgr. 13. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Um 17. gr.

Vakið hefur verið máls á því við samtök kaupsýslumanna, að þau settu á stofn og rækju skrifstofu, sem sæi um framvísun vara og frágang tollskjala. Var þessu vel tekið og taldir möguleikar á að koma þessu á, ef telja mætti í kostnaðarverði innfluttra vara gjald, sem greitt er fyrir þessa þjónustu. Ákvæði gr. lúta að þessu, og ætti slík skrifstofa þá jafnframt að geta séð um vörumerkingu á skjölum, enda gæti slíkt einnig verið til öryggis og hagræðis fyrir innflytjendur.

Um 18. gr.

Hér er um nauðsynlegar ráðstafanir að ræða, sem getur þurft að grípa til, ef menn tregðast við að láta í té tilskildar upplýsingar og gögn.

Um C. Vörureikningar og önnur staðfestingarskjöl.

Ákvæðin um vörureikninga eru nú í 13., 15. og 16. gr. gildandi tollskrárlaga og í fyrirmælum nr. 180/1942, um vörureikninga og önnur skjöl um vörur innfluttar til Íslands.

Sum þessara ákvæða eru tekin hér upp í frv. óbreytt, öðrum er breytt og nokkrum er bætt við.

Um 19. gr.

Í 1. málsgr. eru ákvæðin um skylduna til að afhenda sölu- eða vörureikninga og að tollyfirvald skuli halda eftir einu eintaki af þeim, eins og verið hefur.

2. málsgr. tekur til sölureikninga, þ. e. reikninga yfir aðfluttar vörur, sem eru seldar hingað.

Skulu slíkir reikningar jafnan vera undirritaðir af seljanda eða þeim, sem í landi seljanda hefur rétt til að skuldbinda hann eða firma hans. Þá eru talin upp í 1.—11. tölulið þau atriði, sem tilgreind skulu í vörureikningi, og í 12. tölulið er formáli að þeirri yfirlýsingu seljanda, sem vera skal í reikningnum.

Í 3. málsgr. er það nýmæli, að fjármálaráðuneytinu er heimilað að ákveða, að tollskrárnúmer skuli greind í vörureikningi. Þessu verður auðveldlega við komið, þegar um er að ræða vörureikninga frá þeim löndum, sem tekið hafa upp Brüssel-skrána, og myndi verða til mikils hagræðis við tollafgreiðslu og öryggis fyrir innflytjendur. Reynist svo, að þetta verði örðugleikum bundið, að því er snertir vörureikninga frá þeim löndum, sem ekki nota Brüssel-skrána, yrði að taka tillit til þess, þegar ákveðið verður að nota heimildina.

Í 4. málsgr. er rætt um reikninga yfir vörur, sem ekki eru endanlega seldar hingað til lands.

Ákvæðin í 1. og 2. málsgr. svara til ákvæðanna í 2. málsgr. 13. gr. núgildandi tollskrárlaga og ákvæðanna í I. í fyrirmælunum um vörureikninga, en ákvæðin í 4. málsgr. svara til ákvæðanna í 3. málsgr. núgildandi 13. gr.

Ákvæðin í 5. málsgr. eru nýmæli. Það vekur tortryggni, þegar fleiri sjálfstæðir reikningar eru yfir eina og sömu sendingu, og því fylgir alltaf sú hætta, að ekki komi allir reikningarnir fram. Með ákvæðunum í 1. málslið er mælt svo fyrir, að einn og sami reikningur skuli vera fyrir hverja sendingu.

Sérstaklega stendur á, þegar hérlend fyrirtæki hafa umboðsmann erlendis, sem annast þar innkaup fyrir þau, eins og stundum á sér stað og titt var í síðasta stríði. Eiga ákvæðin í 2. málslið 4. málsgr. við um þau tilvik.

Í 6. málsgr. er gert ráð fyrir því, að fyrirskipa megi fleiri atriði í vörureikningi en talin eru í greininni, og að veita megi undanþágu frá einstökum atriðum, ef þurfa þykir. Viðskiptahættir geta breytzt og getur þannig verið nauðsynlegt að samræma fyrirmælin um vörureikninga breyttum aðstæðum.

Um 20. gr.

Svarar til 4. málsgr. 13. gr. núgildandi tollskrárlaga. Auk skjala, sem þar eru tilgreind, eru hér taldir með pökkunarlistar og efnagreiningarvottorð, en bæði þessi skjöl geta skipt máli við tollmeðferð vara. Þá er gert ráð fyrir því, að flutningsskírteini séu afhent í tvíriti og geti þannig fylgt vörureikningum, sem haldið er eftir, en á flutningsskírteinum geta verið ýmsar nauðsynlegar upplýsingar, sem ekki eru á vörureikningum.

Um 21. gr.

Greinin er sama efnis og 16. gr. núgildandi tollskrárlaga og eru ákvæðin því látin halda sér óbreytt að öðru leyti en því, að viðurlögin eru lækkuð úr 25% í 10%, sem er í samræmi við 21. gr. laga nr. 10 frá 1960, um söluskatt.

Viðurlögin, 25%, hafa þótt svo há, að þeim hefur yfirleitt ekki verið beitt. Þykir því réttara að lækka viðurlögin í 10%, en beita þeim almennt, nema sérstaklega standi á.

Um 22. gr.

Í meginatriðum samhljóða 15. gr. núgildandi tollskrárlaga. Ákvæði um sektir er fellt niður og tollyfirvaldi er heimilað að taka fjártrygginguna upp í gjöldin, ef reikningsskil fást ekki með öðrum hætti.

Um 23. gr.

Efnislega samhljóða 6. málsgr. 13. gr. núgildandi tollskrárlaga, svo og hliðstætt ákvæði 15. gr. laga nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt.

Um 24. gr.

Greinin er nýmæli. Í 1. málsgr. hennar er fjármálaráðuneytinu heimilað að setja innflytjendum vöru ákveðinn frest eða fresti til þess að afhenda tilskilin aðflutningsgögn yfir innfluttar vörur. Undanfarið hafa innfluttar vörur oft legið í geymsluhúsum skipaafgreiðslanna langan tíma án þess að grein hafi verið gerð fyrir vörunum, og komið hefur fyrir, að þær hafa verið afhentar viðtakendum án vitundar tollyfirvalda og þá án tollgreiðslu. Er nauðsynlegt að hafa í lögum heimild til að setja ákvæði, sem miði að því að koma í veg fyrir þetta.

Um 25. gr.

Í sambandi við aðaltollstofnanir nágrannaríkjanna eru sérstakar starfsdeildir, sem með samanburði á afhentum vörureikningum fylgjast með því, að uppgefið tollverð sé ekki undir hinu almenna tollverði og að verðið sé ekki það lágt, að um undirboð o. þ. h. sé að ræða. Með ákvæðum gr. er gefin heimild til að koma hér á slíku vörureikningseftirliti. Í XI. kafla reglugerðar nr. 122/1940, um tollmeðferð aðfluttra vara, er gert ráð fyrir sams konar eftirliti og hér um ræðir, en vegna hinna miklu truflana, sem styrjöldin hafði á öll viðskipti, var þessum ráðstöfunum frestað. En nauðsynin á þessu eftirliti er enn fyrir hendi og ekki sízt vegna undirboðs o. þ. h.

Um 26. gr.

Fyrri hluti gr. er samhljóða 24. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Í síðari hluta greinarinnar er gert ráð fyrir því, að sýnishornin verði geymd í sérstöku safni við tollstjóraembættið í Reykjavík og þangað megi leita upplýsinga um tollflokkun varanna.

Um D. Undirboðs- og jöfnunartollar.

Hér eru tekin upp ný ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla. Hafa slík ákvæði ekki verið í gildi hér áður, en sams konar ákvæði hafa nær öll ríki í Vestur-Evrópu tekið upp í tolllög sín í sambandi við aðild sína að hinu svokallaða Almenna sam-

komulagi um tolla og viðskipti (General Agreement on Tarrifs and Trade, GATT) og eru ákvæði hinna einstöku tolllaga um þessi atriði í samræmi við texta GATT-samkomulagsins um heimild þátttökuríkjanna til að koma á hjá sér undirboðstolli. Þá eru sams konar ákvæði í gildi í Bandaríkjum Norður-Ameríku og víðar.

Undirboð eða undirboðskjör (dumping) er vel þekkt fyrirbæri í milliríkjaviðskiptum. Er það aðallega í því fólgið, að fjárhagslega sterk erlend fyrirtæki eða aðrir erlendir fjársterkir aðilar reyna að koma fyrir kattarnef tiltekinni innlendri framleiðslu með því að selja vörur sínar undir kostnaðarverði. Er þessum viðskiptaháttum einkum stefnt gegn nýjum innlendum atvinnufyrirtækjum, sem setja á markaðinn sams konar vörur og hinir erlendu aðilar seldu áður, og þessir erlendu aðilar sjá fram á þverrandi sölu, ef þessi innlenda framleiðsla fær að aukast og þrífast óáreitt. Er undirboðstollinum ætlað að hamla gegn slíkri skemmdarstarfsemi.

Telja verður nauðsynlegt, að hér á landi sé einnig hægt að grípa til áhrifaríkra gagnráðstafana, ef hagfelldum og nauðsynlegum innlendum atvinnurekstri er stefnt í hættu með undirboðskjörum erlendis frá, eða ef uppbætur og styrkir erlendis geta haft sams konar áhrif. Því eru tekin upp í frv. sams konar ákvæði um undirboðs- og jöfnunartolla og talið hefur verið nauðsynlegt að giltu annars staðar. Eru ákvæði frv. um þetta efni tekin eftir sams konar ákvæðum í 3. gr. dönsku tolllaganna og eru skýrgreiningar og texti hinna dönsku laga þeirra að öðru leyti í samræmi við fyrrgreint GATT-samkomulag um heimild til að koma á undirboðstolli o. þ. h.

Um 27. gr.

Í þessari grein er heimildin til að leggja á bæði undirboðstoll og jöfnunartoll og hin almennu skilyrði fyrir setningu þeirra. Svara ákvæði þessi til ákvæðanna í 1. og 2. málsgr. 3. gr. dönsku laganna og 4. og 6. liðs þeirrar greinar.

Spyrja mætti hvort álagningarheimild sú, sem hér um ræðir, höggvi nærri 40. gr. stjórnarskrárinnar. En sé litið til þess, að með samþykkt frumvarpsins fæst lagaheimild fyrir álagningu undirboðs- og jöfnunartolla og að ekki má leggja þá á til lengri tíma en 6 mánaða í senn, virðist fullnægt skilyrðum stjórnarskrárinnar, og er með ákvæðum þessum sízt gengið lengra en víða annars staðar í löggjöfinni. Nægir í því sambandi að benda á hina almennu álagningarheimild á vörur í 9. gr. laga nr. 29/1946, um hafnargerðir og lendingarbætur.

Um 28. gr.

Hér er það skýrgreint, hvað við sé átt með undirboði og undirboðskjörum og er þessi skýrgreining og önnur atriði í greininni í samræmi við 2. lið 3. gr. dönsku tolllaganna.

Um 29. gr.

Hér eru sett takmörk fyrir því, hvað undirboðs- og jöfnunartollar megi vera háir, og er það í samræmi við 3. lið 3. gr. dönsku tolllaganna.

Um 30. gr.

Ákvæðin í 1. málsgr. eru sniðin eftir sams konar heimild í 16. gr. norsku tollskrárlaganna, en norsku ákvæðin eru í meginatriðum eins og hin dönsku.

Samkvæmt hinum erlendu ákvæðum er heimilt að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á til bráðabirgða og eru ákvæðin um þennan toll í 2. málsgr. gr. tekin eftir 5. lið 3. gr. dönsku tolllaganna.

Um 31. gr.

Ákvæðin eru tekin eftir sams konar ákvæði í 4. lið 3. gr. dönsku tolllaganna. Eftir hinum erlendu ákvæðum er fjármálaráðherra heimilt að leggja á undirboðs-

og jöfnunartolla, þó að þing sitji. Þess er hins vegar krafizt, að hann skýri þinginu frá álagningunni eins fljótt og hægt er og ástæðunum fyrir henni.

Um 32. gr.

Ákvæði gr. eru tekin eftir 8. lið 3. gr. dönsku tollskrárlaganna, en það er augljóst mál, að ráðuneytið verður að hafa heimild til að krefja hlutaðeigendur um upplýsingar, sem geta skipt máli við álagningu undirboðs- og jöfnunartolla, og einnig til þess að ganga úr skugga um það, að upplýsingarnar séu réttar. Álagning undirboðs- og jöfnunartolla eru það mikilsverð mál, að ekki má skorta á réttar upplýsingar.

Um E. Ýmis ákvæði.

Hér er safnað saman ákvæðum af ýmsu tagi, sem ekki geta heyrt til hinna kaflanna á undan.

Um 33. gr.

Þó að í frv. sé yfirleitt gert ráð fyrir verðtolli, verður þó vörumagnstollur á nokkrum vörutegundum. Eru hér tekin upp helztu ákvæðin um þann toll í 7.—9. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Um 34. gr.

Ákvæðin í 1. málsgr. koma í stað ákvæðanna í 1. málsgr. 20. gr. núgildandi tollskrárlaga. Hér er það þó tiltekið nánar, hvaða atriði það séu, sem geti komið til úrskurðar, og er það í samræmi við reynsluna undanfarið.

Gera má ráð fyrir því, að mikið berist af fyrirspurnum varðandi framkvæmd hinnar nýju tollskrár, og til þess að létta þessu af ráðuneytinu, er ráðherra heimilað að fela sérstakri nefnd að gera tillögur að úrskurðum um vafaatriði.

Ákvæðin í 3. málsgr. koma í stað 2. málsgr. 20. gr. núgildandi tollskrárlaga, en í 4. málsgr. er gefin heimild til að kveðja sérfróða menn til aðstoðar og að heimta nauðsynlegar upplýsingar varðandi flokkun vara og ákvörðun tollverðs, en slíkt getur að sjálfsögðu oft verið nauðsynlegt.

Í þessu sambandi þykir rétt að geta þess, að samþykktin um tollskrá og flokkun vara, sem gerð var í Brüssel 15. des. 1950, var undirrituð af fulltrúa Íslands, en hefur þó ekki enn verið fullgilt af Íslands hálfu og er því ekki bindandi fyrir Ísland. Árangurinn af fyrrnefndri samþykkt og síðara samstarfi þeirra þjóða, sem að henni standa, er hin svonefnda Brüssel-tollskrá (Brüssel-nomenklatur), sem margar þjóðir, þar á meðal flestar nágrannaþjóðir okkar, hafa tekið upp í tollskrárlög sín. Tollskráin í frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, er að öllu leyti sniðin eftir Brüssel-tollskránni og er tilgangurinn með því að sjálfsögðu m. a. sá, að samræma tollflokkun hér tollflokkun þeirra landa, sem nota Brüssel-tollskrána.

Um 35. gr.

Hér er ætlazt til þess, eins og annars staðar, að viðtakendur vara leggi til þá vinnu, sem nauðsynleg er við tollmeðferð vara, og er þetta í samræmi við framvísunarskylduna í 16. gr.

Í 2. málsgr. er gert ráð fyrir því, að tollyfirvald geti ráðið ákveðna menn til að annast þessa vinnu við tollmeðferð, en það getur verið heppilegt, að vanir menn annist hana, og því er heimildin sett.

Um 36. gr.

Samhljóða 26. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Um 37. gr.

Greinin er nýmæli í lögunum, en í samræmi við venju. Í Reykjavík hafa skjöl þessi þó verið send nefndum stofnunum daglega og verður auðvitað svo framvegis.

Um refsiákvæði.

Um 38. gr.

Ákvæði 1. og 2. málsgr. eru sniðin eftir ákvæðum 1. og 2. málsgr. 193. gr. dönsku tolllaganna.

Ákvæðið í 3. málsgr. er nýtt, en þar er svo fyrir mælt, að tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt gr. séu refsiverð, eftir því sem segir í III. kafla almennra hegningarlaga. Ákvæði 4. málsgr. eru samhjóða 3. málsgr. 17. gr. núgildandi tollskrárlaga.

Um 39. gr.

Sama efnis og 25. gr. núgildandi tollskrárlaga, en orðalaginu er breytt til samræmis við þá breytingu, sem varð á ákvæðunum um brot í opinberu starfi með hegningarlögunum frá 1940.

Um 40. gr.

Samkvæmt lögum nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, 5. gr., skyldi leggja í sérstakan sjóð 1% af innheimtum vörumagns- og verðtolli og skyldi fé þetta renna til bygginga tollstöðva í landinu. Síðar var þessu breytt þannig, að innheimta skyldi í sama skyni 1% aukalega af þessum innflutningsgjöldum, sbr. nú 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 90 13. des. 1962.

Enn fremur er innheimt jafnhátt gjald af sama gjaldstofni til Byggingasjóðs ríkisins, samkvæmt a-lið 4. töluliðs 3. málsgr. 3. gr. laga nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingasjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Í samræmi við þá stefnu, sem fylgt er við samning hinnar nýju tollskrár, sem sé að fella saman í einn verðtoll hin ýmsu gjöld, sem nú eru innheimt sérstaklega, er sérstök innheimta á þeim tveim gjöldum, sem hér um ræðir, felld niður, og er gert ráð fyrir, að þau greiðist framvegis sem ákveðinn hundraðshluti af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá. — Sá hundraðshluti lækkar úr 1% í 0.5% við það, að gjöldin reiknast af heildartolltekjum, og er hér gert ráð fyrir, að þau haldist nokkurn veginn óbreytt að krónutölu frá því sem nú er. Er þetta afleiðing þess, að inn í verðtoll samkvæmt nýju tollskránni hafa nú verið felld innflutningssöluskatturinn og innflutningsgjaldið, en eins og áður segir er hvorugt þessara gjalda nú í þeim gjaldstofni, sem tollstöðva- og byggingasjóðsgjaldið leggst á.

Samkvæmt lögum nr. 10 22. marz 1960 um söluskatt ber að greiða Jöfnunarsjóði sveitarfélaga ⅕ hluta af söluskatti þeim (3%), sem samkvæmt 1. tölulið 1. gr., sbr. og II. kafla laganna, er lagður á vörusölu og þjónustu innanlands. Enn fremur á að greiða Jöfnunarsjóði ⅕ hluta af viðbótarsöluskatti (8%) þeim, sem samkvæmt a-lið ákvæða til bráðabirgða við áðurgreind lög, er innheimtur af innfluttum vörum.

Eins og annars staðar er getið fellur nú innflutningssöluskatturinn niður og verður yfirleitt verðtollur einn á þeim vörum, sem eigi eru tollfrjálsar. Af því leiðir að frá gildistöku tollskrárinnar fellur niður hluti Jöfnunarsjóðs af 8% innflutningssöluskattinum. Verður að bæta Jöfnunarsjóði þann tekjumissi. Er hér lagt til að það verði gert með því móti, að Jöfnunarsjóði verði á árinu 1963 greitt af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá það, sem á kann að vanta, að hluti sjóðsins af söluskatti samkvæmt 1. tölulið 1. gr. laga nr. 10 1960 um söluskatt (þ. e. 3% skattinum) og a-lið bráðabirgðaákvæðis sömu laga (8% viðbótarinnflutningssöluskattinum), nái 104 milljónum króna á árinu 1963. En í áætlun fjárlaga fyrir árið 1963 er gert ráð fyrir, að hluti Jöfnunarsjóðs á því ári nemi 104 milljónum króna.

Fylgiskjal.

Tollar

samkvæmt tollskrárfrumvarpinu bornir saman við núgildandi tolla.

Skýringar við skrána.

Hér á eftir koma öll tollskrárnúmer í kafla- og númeraröð hinnar nýju tollskrár samkvæmt frumvarpinu. Við hvert nýtt tollskrárnúmer er tilgreint, fyrst tollur samkvæmt frumvarpinu og síðan núgildandi heildartollur — hvort tveggja í hundraðshluta af tollverði (cif-verði) — og er vörumagnstollur þar umreiknaður til hundraðshluta af tollverði. Í „núgildandi heildartolli“ er vörumagnstollur og verðtollur, báðir með álagi, 15% söluskattur og innflutningsgjald, auk tollstöðvagjalds og byggingarsjóðsgjalds, en hins vegar er benzíngjald og gúmmígjald skv. lögum um bifreiðaskatt ekki meðtalið, og sama máli gegnir um hið sérstaka gjald á fob-verði fólksbifreiða. Rafmagnseftirlitsgjald og matvælaeftirlitsgjald er ekki heldur meðtalið í „núgildandi heildartolli“.

Ef í tollskrárnúmeri samkvæmt frumvarpinu eru vörur með mishá tolla samkvæmt núgildandi tollskrárlögum og öðrum tekjuöflunarákvæðum, þá eru viðkomandi númer í núgildandi tollskrá tilgreind neðanmáls ásamt núverandi heildartolli á vörum í þeim. Við uppslátt í núgildandi tollskrá má svo sjá, hvaða vörur er um að ræða hverju sinni. — Þegar um er að ræða þýðingarlitla vöru með aðra tollprósentu en er á aðalvörunni í tollskrárnúmeri, er þó oft látið nægja að tilgreina aðeins þá tollprósentu, sem er á þeirri vöru. Og þegar í tollskrárnúmeri samkvæmt frumvarpinu eru tvær eða fleiri þýðingarlitlar vörur með mishá tolla, eru yfirleitt ekki tilgreindar neinar núgildandi tollprósentur, en í þess stað settir 3 punktar. Sama gildir þegar óljóst er af einhverjum ástæðum, hvaða heildartollur sé nú á vörum í tollskrárnúmeri samkvæmt frumvarpinu.

Lækkanir eða niðurfellingar tolla vegna undanþáguheimilda koma ekki fram í skránni.

Það skal tekið fram, að vegna vörumagnstollsins er tollprósentan, eins og hún er tilgreind í skránni, ekki nákvæm, en þar ætti yfirleitt ekki að skakka miklu.

Nr.	Tillaga	Nú
01.01.00	50	81
02.00	50	81
03.00	50	81
04.00	50	81
05.00	50	81
06.10	50	81
06.20	50	81
02.01.10	50	56
01.20	50	56
01.30	50	56
01.40	50	56
01.50	50	56
02.00	50	56
03.00	50	56
04.01	0	0
04.09	50	56
05.00	50	56
06.10	50	56
06.20	50	56
03.01.01	50	81
01.02	0	...
01.03	0	...
01.04	0	...
01.09	0	66
02.01	0	62
02.09	0	62
03.01	0	81
03.09	50	81
04.01.00	50	81
02.10	50	81
02.20	50	81
03.00	70	81
04.00	70	81
05.00	70	102
06.00	70	97
05.01.00	80	81
02.00	30	20
03.00	30	34
04.00	35	81
05.00	0	0
06.00	35	[1]
07.01	100	132
07.09	125	268
08.00	35	81
09.00	35	81
10.00	35	81
11.00	35	81
12.00	35	81
13.00	125	131
14.00	35	102
15.00	35	81
06.01.00	80	99
02.01	40	40
02.09	80	81
03.00	100	167
04.01	125	125
04.09	100	167
07.01.10	[2]	[2]
01.20	70	40
01.31	50	57
01.39	70	90
02.00	70	90
03.00	70	90
04.00	70	90
05.01	5	0
05.09	0	0
06.00	70	[3]
08.01.10	40	43
01.21	70	93
01.29	90	93
01.30	40	44
01.40	70	72
02.10	40	44
02.21	40	42
02.29	40	42
03.10	40	44
03.20	70	74
04.10	40	42
04.21	50	46
04.22	70	73
05.00	90	91
06.10	30	28
06.20	30	28
07.00	40	44
08.00	40	44
09.01	40	45
09.09	40	44

1) Nr. 5/15: 81%. Nr. 36/12: 34%.
2) Nú 18 kr. á 100 kg, tillaga 20 kr. á 100 kg.
3) Nr. 7/8: 90%. Nr. 11/21: 50%.

Nr.	Tillaga	Nú
08.10.00	70	71
11.00	40	...
12.01	50	46
12.02	70	71
12.03	70	71
12.09	70	71
13.00	70	71
09.01.11	0	0
01.12	0	0
01.20	0	0
02.00	70	77
03.00	70	77
04.00	100	179
05.00	100	179
06.00	100	179
07.00	100	179
08.00	100	179
09.00	100	179
10.01	2	4
10.09	100	179
10.01.00	0	0
02.00	0	0
03.00	0	0
04.00	0	0
05.00	0	0
06.11	0	0
06.19	0	0
06.21	0	0
06.29	0	0
07.00	0	0
11.01.11	0	0
01.12	0	0
01.21	0	0
01.22	0	0
01.23	0	0
01.24	0	0
01.25	0	0
01.26	0	0
01.29	0	0
02.10	0	0
02.21	0	0
02.22	0	0
02.23	0	0
02.29	0	0
02.30	0	0
03.01	0	0
03.09	0	0
04.00	50	...
05.01	15	15
05.09	15	15
06.01	0	0
06.09	15	[1]
07.00	35	33
08.01	15	33
08.02	15	33
08.03	15	33
08.09	15	33
09.00	15	0
12.01.10	20	21
01.20	20	21
01.30	20	21
01.40	20	21
01.50	20	21
01.60	20	21
01.70	20	21
01.80	20	21
02.00	20	21
03.01	0	21
03.09	35	35
04.00	40	90
05.00	30	43
06.00	35	34
07.00	40	...
08.00	70	81
09.00	35	33
10.00	0	[2]
13.01.00	20	21
02.01	30	21
02.02	30	21
02.09	30	21
03.01	35	33
03.02	40	85
03.03	125	85
03.09	40	65
14.01.00	20	21
02.00	30	21
03.00	30	21
04.00	30	21
05.00	35	21
15.01.00	70	81
02.00	70	34
03.00	35	34
04.00	35	81
05.00	35	34
06.00	35	81
07.81	30	26
07.82	30	26
07.83	35	34
07.84	30	21
07.85	35	34
07.86	35	34
07.87	30	27
07.88	30	21
07.89	35	34
07.91	35	34
07.92	35	34
07.93	35	27
08.01	30	27
08.09	35	27
09.00	35	34
10.11	2	9
10.12	30	27
10.19	30	27
10.20	35	27
11.00	35	35
12.01	30	34
12.09	35	33
13.00	70	81
14.00	35	34
15.00	35	35
16.00	35	35
17.00	35	35
16.01.00	100	81
02.00	100	81
03.00	100	148
04.00	100	123
05.00	100	81
17.01.10	0	0
01.21	0	0
01.22	0	0
01.23	0	0
01.24	0	0
01.25	20	16
01.26	20	16
01.27	20	16
01.29	20	16
02.01	70	86
02.02	70	97
02.03	100	123
02.09	100	100
03.01	0	0
03.02	20	123
04.01	125	168
04.02	70	188
04.03	125	188
04.04	125	216
04.05	125	216
04.09	125	211
05.00	125	115
18.01.00	40	41
02.00	40	41
03.00	40	41
04.00	40	39
05.00	50	50
06.01	60	67
06.09	125	154
19.01.00	50	81
02.00	100	150
03.00	80	85
04.01	20	27
04.09	20	27
05.00	80	80
06.00	80	81
07.00	125	133
08.00	125	133
20.01.00	100	125
02.01	80	84
02.09	100	125
03.00	100	125
04.00	125	125
05.00	100	125
06.01	40	27
06.09	100	125
07.01	40	66
07.09	100	125
21.01.00	70	...
02.10	70	85
02.20	70	77
03.00	100	99
04.00	100	99
05.00	100	99
06.01	80	78
06.02	100	134
07.01	40	40
07.02	100	148
07.09	100	...
22.01.01	125	50
01.09	0	0
02.00	125	50
03.00	125	60
04.00	125	60
05.01	20	12
05.02	20	16
05.03	20	14
05.04	20	14
05.05	20	17
05.09	20	19
06.00	20	19
07.00	20	15
08.01	100	102
08.02	30	15
09.01	100	102
09.02	20	21
09.03	20	30
09.04	20	21
09.05	20	19
09.06	20	21
09.07	20	18
09.08	20	159
09.09	20	21
10.00	90	86
23.01.00	35	35
02.00	0	0
03.00	0	0
04.00	0	0
05.00	0	0
06.00	0	0
07.00	0	0
24.01.00	30	32
02.10	35	35
02.20	50	49
02.31	35	39
02.39	35	35
25.01.01	5	2
01.02	[3]	[3]
01.03	0	0
01.09	[3]	[3]
02.00	20	35
03.00	20	35
04.00	35	38
05.00	30	16
06.00	35	35
07.00	30	...
08.00	35	36
09.00	35	...
10.01	0	0
10.09	35	40
11.00	35	35

1) Nr. 11/19: 33%. Nr. 11/20: 28%. Nr. 11/21: 50%.
2) Nr. 12/5a: 15%. Annað: 33%.
3) Tollur 1 kr. á 1000 kg bæði samkvæmt tillögu og samkvæmt núgildandi ákvæðum.

Nr.	Tillaga	Nú
25.12.00	35	33
13.00	35	34
14.00	35	34
15.00	35	71
16.00	35	35
17.00	35	71
18.00	35	40
19.00	35	35
20.01	20	16
20.09	35	40
21.00	35	35
22.00	35	35
23.00	35	24
24.00	35	35
25.00	35	40
26.00	35	40
27.00	35	40
28.00	35	40
29.00	35	40
30.00	35	40
31.00	35	35
32.00	35	40
26.01.81	20	35
01.82	20	35
01.83	20	35
01.84	20	35
01.85	20	35
01.86	20	35
01.87	20	35
01.88	20	35
01.89	20	35
01.91	20	35
01.92	20	35
01.93	20	35
01.94	20	35
01.95	20	35
01.96	20	35
01.97	20	35
02.00	20	35
03.00	20	35
04.00	20	35
27.01.10	[1]	[1]
01.20	[2]	[2]
02.00	[1]	[1]
03.00	[3]	[3]
04.00	[1]	[1]
05.00	[1]	[1]
06.01	2	4
06.09	35	35
07.00	30	21
08.10	35	36
08.20	35	...
09.00	[4]	[4]
10.10	[4]	[4]
10.21	15	15
10.29	50	49
10.31	15	18
10.32	15	1
10.33	30	27
10.40	[4]	[4]
10.50	[4]	[4]
10.60	2	2
10.70	15	34
11.01	2	35
11.09	35	35
12.00	35	35
13.00	30	27
14.10	35	...
14.20	35	36
15.00	35	36
16.00	35	35
17.00	2	0
28.01.10	35	35
01.20	35	35
02.00	35	38
03.00	35	38
04.10	35	38
04.20	35	38
04.30	35	38
04.40	35	38
05.10	35	38
05.20	35	81
06.00	35	46
07.00	35	38
08.00	20	21
09.00	35	40
10.00	35	40
11.00	35	...
12.00	35	40
13.01	35	49
13.09	35	36
14.00	35	38
15.00	35	41
16.00	35	35
17.10	20	19
17.21	20	21
17.29	35	36
18.00	35	36
19.00	35	36
20.10	35	36
20.20	35	123
21.00	35	21
22.00	35	35
23.00	35	21
24.00	35	35
25.00	35	34
26.00	35	34
27.00	35	34
28.00	35	34
29.00	35	37
30.01	20	21
30.09	30	35
31.00	35	35
32.00	35	37
33.00	35	37
34.00	35	37
35.00	35	37
36.00	35	37
37.00	35	37
38.00	35	37
39.01	15	35
39.09	35	35
40.00	35	37
41.00	35	37
42.10	20	20
42.20	35	...
43.00	35	37
44.00	35	34
45.00	35	27
46.00	35	40
47.00	35	37
48.00	35	37
49.00	35	37
50.00	35	35
51.00	35	37
52.00	35	37
53.00	35	38
54.00	35	36
55.00	35	37
56.10	35	36
56.20	35	36
57.00	35	37
58.00	35	37
29.01.10	35	35
01.20	35	35
02.00	35	35
03.00	35	35
04.10	35	27
04.21	125	132
04.29	35	...
05.00	35	158
06.00	35	21
07.00	35	21
08.00	35	18
09.00	30	...
10.00	35	35
11.01	15	...
11.09	35	...
12.00	35	...
13.00	35	21
14.01	35	40
14.09	35	35
15.00	35	37
16.00	35	35
17.00	35	37
18.00	35	37
19.00	35	37
20.00	35	37
21.00	35	37
22.00	35	35
23.00	35	21
24.00	35	35
25.00	35	21
26.00	35	124
27.00	35	37
28.00	35	37
29.00	35	81
30.00	35	81
31.00	35	35
32.00	35	35
33.00	35	35
34.00	35	34
35.00	35	16
36.00	35	16
37.00	35	37
38.00	35	16
39.00	35	16
40.01	20	21
40.09	35	21
41.00	35	16
42.00	35	16
43.00	35	16
44.00	15	16
45.00	35	35
30.01.00	15	34
02.00	15	34
03.00	15	[5]
04.00	35	34
05.00	35	34
31.01.00	0	0
02.10	0	0
02.21	0	0
02.22	0	0
02.23	0	0
02.29	0	0
03.10	0	0
03.21	0	0
03.29	0	0
04.10	0	0
04.21	0	0
04.22	0	0
04.29	0	0
05.01	0	0
05.02	40	56
05.09	0	0
32.01.00	30	21
02.00	30	21
03.00	30	21
04.01	2	0
04.02	30	61
04.03	20	35
04.04	40	81
04.09	30	35
05.00	25	21
06.00	30	34
07.01	25	60
07.02	25	21
07.03	25	21
07.04	25	21
07.05	25	21
07.06	25	21
07.07	25	21
07.09	25	21
08.00	40	34
09.01	35	34
09.09	60	60
10.00	35	34
11.00	35	35
12.00	60	60

1) Tollur 2 kr. á 1000 kg bæði samkvæmt tillögu og samkvæmt núgildandi ákvæðum.
2) Tollur 2 kr. á 1000 kg samkvæmt tillögu, en 16% samkvæmt núgildandi ákvæðum.
3) Tollur 2 kr. á 1000 kg samkvæmt tillögu, en 35% samkvæmt núgildandi ákvæðum.
4) Tollur 35 au. á 100 kg bæði samkvæmt tillögu og samkvæmt núgildandi ákvæðum.
5) Nr. 28/57: 16%. Nr. 28/58: 34%.

Nr.	Tillaga	Nú
32.13.10	20	16
13.20	80	133
33.01.00	40	158
02.00	40	159
03.00	40	159
04.01	40	38
04.02	40	34
04.03	80	158
04.09	40	159
05.00	60	81
06.01	100	132
06.02	125	125
06.03	125	125
06.04	125	214
06.05	125	125
06.06	125	132
06.07	125	132
06.08	125	125
06.09	125	125
34.01.01	110	133
01.02	110	108
01.03	110	108
01.04	110	132
01.05	110	133
01.09	110	133
02.01	110	135
02.09	110	135
03.00	2	4
04.00	35	34
05.01	110	132
05.02	110	133
05.03	110	133
05.09	110	133
06.00	110	133
07.00	35	59
35.01.00	50	50
02.00	35	21
03.00	100	81
04.00	35	33
05.00	35	38
06.01	80	82
06.09	50	82
36.01.00	35	33
02.00	35	35
03.00	35	35
04.00	35	34
05.01	20	21
05.09	125	226
06.00	125	135
07.00	125	...
08.00	80	...
37.01.01	30	34
01.09	70	90
02.01	30	34
02.02	70	72
02.09	70	118
03.00	70	72
04.00	70	70
05.00	70	90
06.00	70	118
07.00	[1]	[1]
08.00	70	146
38.01.00	35	37
02.00	35	34
03.00	35	16
04.00	35	35
05.00	35	35
06.00	35	21
07.00	35	27
08.00	35	35
09.01	35	27
09.02	35	37
09.09	35	34
10.00	35	34
11.01	20	21
11.02	20	35
11.09	35	35
12.00	35	21
13.00	20	21
14.00	35	81
15.00	35	33
16.00	35	35
17.00	30	34
18.00	60	...
19.11	125	134
19.12	125	135
19.13	35	39
19.19	50	81
19.20	35	73
39.01.01	2	*4
01.02	30	21
01.03	35	34
01.04	30	34
01.05	35	*4
01.09	60	90
02.01	2	*4
02.02	30	21
02.03	35	34
02.04	30	34
02.05	35	*4
02.09	60	90
03.10	30	70
03.21	2	*4
03.22	30	21
03.23	35	34
03.24	30	34
03.25	35	*4
03.29	60	90
04.01	30	21
04.02	35	*4
04.09	60	90
05.01	30	21
05.02	35	34
05.09	60	90
06.01	30	21
06.02	35	34
06.09	60	90
07.31	2	*4
07.32	4	*4
07.33	4	15
07.35	20	21
07.36	10	22
07.38	35	38
07.39	35	48
07.43	40	132
07.44	40	21
07.45	50	38
07.46	50	90
07.48	60	38
07.52	60	70
07.53	50	132
07.54	80	132
07.55	90	90
07.56	90	99
07.58	100	132
07.89	100	132
40.01.01	30	21
01.02	30	21
01.09	35	36
02.01	30	21
02.09	35	21
03.00	35	34
04.00	35	34
05.01	30	21
05.09	35	81
06.00	35	81
07.00	35	34
08.01	30	21
08.02	60	60
08.03	35	38
08.09	35	34
09.00	50	50
10.00	35	34
11.01	40	38
11.09	40	38
12.00	35	81
13.01	20	21
13.02	90	103
13.09	90	125
14.01	2	22
14.02	20	21
14.03	35	33
14.04	35	34
14.09	80	80
15.01	30	21
15.09	35	34
16.01	35	...
16.09	80	80
41.01.11	4	4
01.19	20	21
01.20	20	34
01.30	20	34
01.40	20	34
01.50	20	34
01.60	20	34
02.10	35	27
02.21	30	[2]
02.29	35	49
03.00	35	49
04.00	35	49
05.01	35	49
05.09	40	60
06.00	40	48
07.00	50	49
08.00	40	50
09.00	35	35
10.00	35	60
42.01.00	80	81
02.00	90	130
03.01	90	156
03.02	90	90
03.09	90	133
04.00	35	35
05.01	35	35
05.09	100	101
06.00	100	101
43.01.00	60	81
02.00	70	90
03.00	90	99
04.01	60	50
04.09	90	124
44.01.00	40	49
02.00	40	16
03.10	35	34
03.20	35	34
03.30	35	49
03.40	35	34
03.51	2	1
03.52	20	19
03.53	35	34
03.59	35	34
04.10	35	34
04.20	35	49
05.11	15	16
05.19	35	34
05.21	15	16
05.22	40	34
05.23	40	34
05.24	40	34
05.25	40	49
05.29	40	49
06.00	35	34
07.00	35	34
08.00	3	3
09.01	3	3
09.09	35	35
10.00	60	34
11.00	40	38
12.00	35	34
13.11	15	16
13.19	35	34
13.21	50	48
13.29	40	48
14.00	35	34
15.00	35	34
16.00	40	49
17.00	40	49
18.00	40	49
19.00	60	81
20.00	125	155
21.00	50	37
22.01	4	22

1) Á kvikmyndafilmum er nú 81% heildartollur, en af filmum, er skulu endurútfluttar, er ekki innheimtur tollur. Skv. frumv. skal greiða vörumagnstoll, 50 kr. á kg, af filmum, hvort sem þær skulu endurútfluttar eða ekki.

2) Nr. 36/3: 34%. Nr. 36/3a: 22%.

*) Þetta er núgildandi tollprósenta á plastblöðum, sem er stór hluti innflutnings í þessu númeri, en þar eru einnig ýmsar aðrar plastvörur, sem nú eru með 34% toll eða hærri.

Nr.	Tillaga	Nú
44.22.02	4	5
22.09	35	34
23.01	60	82
23.02	60	83
23.09	60	81
24.00	100	107
25.01	50	81
25.02	50	48
25.03	60	109
25.09	60	70
26.00	35	81
27.01	90	99
27.09	125	[1]
28.01	2	28
28.02	35	34
28.03	35	35
28.04	50	81
28.05	35	81
28.06	70	81
28.07	80	81
28.08	100	82
28.09	100	82
45.01.00	30	22
02.00	30	4
03.01	2	4
03.02	20	21
03.03	50	54
03.09	60	81
04.01	30	21
04.02	35	51
04.03	35	34
04.04	50	71
04.09	60	81
46.01.00	35	34
02.01	20	4
02.02	90	131
02.03	90	81
02.09	60	81
03.01	15	34
03.09	100	131
47.01.10	20	21
01.20	20	21
01.30	20	21
01.40	20	21
01.50	20	21
01.60	20	21
01.70	20	21
01.80	20	21
02.00	20	21
48.01.10	4	4
01.20	30	33
01.30	30	45
01.40	125	217
01.51	30	54
01.52	30	52
01.53	30	56
01.59	30	52
02.00	30	107
03.01	4	4
03.09	30	70
04.00	30	33
05.00	40	52
06.00	30	34
07.10	30	34
07.21	15	15
07.22	30	52
07.23	35	36
07.24	60	107
07.29	60	107
08.00	35	21
09.00	40	41
10.00	125	217
11.00	35	35
12.00	35	54
13.00	80	106
14.01	50	52
14.02	100	108
14.09	80	106
15.01	30	50
15.02	50	52
15.03	50	32
15.04	50	52
15.05	35	35
15.09	80	108
16.01	60	106
16.02	20	17
16.03	15	17
16.04	40	106
16.05	50	106
16.09	100	106
17.00	80	81
18.00	100	108
19.01	50	81
19.02	70	106
20.00	35	81
21.01	35	34
21.02	50	81
21.03	90	155
21.04	100	156
21.09	100	82
49.01.01	50	70
01.09	0	0
02.00	0	0
03.00	0	0
04.00	0	48
05.01	0	16
05.02	0	16
05.03	50	81
06.00	0	0
07.01	0	0
07.02	0	0
07.09	70	106
08.00	90	81
09.00	125	155
10.00	70	59
11.01	0	...
11.09	80	81
50.01.00	20	21
02.00	20	21
03.00	30	21
04.00	35	103
05.00	35	103
06.00	35	103
07.00	40	...
08.00	60	58
09.00	65	90
10.00	65	90
51.01.11	0	9
01.19	30	27
01.20	30	27
02.11	0	9
02.19	30	27
02.20	30	35
03.10	40	33
03.20	40	27
04.10	65	90
04.20	65	92
52.01.00	50	186
02.00	65	268
53.01.10	20	27
01.20	20	27
02.10	20	34
02.20	20	34
03.00	20	21
04.00	20	21
05.10	20	27
05.20	30	27
06.00	50	49
07.00	50	49
08.00	50	49
09.00	50	49
10.00	50	49
11.00	65	90
12.00	65	90
13.00	65	90
54.01.00	20	21
02.00	20	21
03.01	0	...
03.09	30	40
04.00	40	40
05.01	25	28
05.02	50	49
05.09	65	60
55.01.00	20	21
02.00	20	21
03.01	35	34
03.09	30	34
04.00	30	...
05.11	0	0
05.12	0	0
05.19	30	28
05.21	0	0
05.29	30	28
06.01	35	34
06.09	35	...
07.10	65	90
07.20	65	90
08.10	65	50
08.20	65	60
09.11	25	27
09.12	35	40
09.13	40	49
09.14	50	60
09.19	65	60
09.21	25	27
09.22	35	40
09.23	50	49
09.29	65	60
56.01.10	20	27
01.20	20	27
02.10	20	27
02.20	20	27
03.00	20	27
04.10	20	27
04.20	20	27
05.11	0	0
05.19	30	27
05.20	30	27
06.10	40	27
06.20	40	27
07.11	25	27
07.19	65	90
07.21	25	27
07.29	65	90
57.01.00	0	0
02.00	0	0
03.00	0	21
04.10	0	0
04.20	0	21
05.01	0	0
05.02	2	0
05.09	35	35
06.01	0	34
06.09	35	36
07.01	0	...
07.02	2	35
07.09	35	35
08.00	35	35
09.01	2	0
09.02	25	28
09.03	50	50
09.09	65	59
10.01	2	0
10.02	25	28
10.03	50	60
10.09	65	60
11.00	65	...
12.00	65	...
58.01.00	90	99
02.00	90	99
03.00	90	123
04.11	65	71
04.19	65	92
04.20	65	186
04.30	65	90
04.40	65	90
04.50	65	90
04.60	65	90
05.00	80	90
06.00	80	90
07.01	50	50
07.09	80	90
08.00	80	90
09.00	80	90
10.00	100	166

1) Nr. 40/58: 106%. Nr. 40/59: 125%. Nr. 40/65b: 81%.

Nr.	Tillaga	Nú
59.01.01	35	34
01.09	35	35
02.01	35	35
02.09	50	81
03.00	65	...
04.01	4	4
04.02	4	4
04.03	4	4
04.04	35	35
04.09	35	81
05.01	4	4
05.02	4	4
05.09	100	159
06.01	10	9
06.02	40	39
06.09	35	34
07.01	35	27
07.09	65	...
08.01	25	27
08.02	35	27
08.03	35	35
08.09	65	...
09.01	25	21
09.09	65	81
10.00	35	34
11.01	25	21
11.02	35	35
11.03	35	35
11.09	65	...
12.01	25	50
12.02	4	15
12.09	65	81
13.00	65	81
14.00	35	35
15.01	30	49
15.09	50	49
16.00	35	35
17.00	35	35
60.01.01	65	90
01.02	65	80
01.03	65	60
01.09	65	80
02.01	90	90
02.02	90	90
02.09	90	90
03.01	50	52
03.02	90	99
03.03	90	81
03.04	70	70
03.09	90	70
04.01	90	99
04.02	70	70
04.03	90	81
04.04	90	99
04.09	90	99
05.00	90	123
06.01	35	34
06.09	65	81
61.01.00	90	90
02.00	90	99
03.01	90	99
03.02	70	71
03.09	90	99
04.01	70	71
04.09	90	99
05.00	100	...
06.00	100	99
07.00	100	99
08.00	100	...
09.00	100	155
10.00	90	99
11.00	90	123
62.01.10	100	125
01.20	100	125
01.30	100	125
02.00	100	124
03.01	2	17
03.02	2	0
03.09	2	17
04.01	30	21
04.02	100	125
04.09	100	[1]
05.01	40	[2]
05.09	100	123
63.01.00	90	99
02.00	35	35
64.01.01	25	26
01.09	50	50
02.01	80	80
02.02	50	50
02.09	100	103
03.00	80	50
04.00	100	102
05.01	80	...
05.09	30	33
06.00	100	123
65.01.00	70	90
02.00	70	90
03.00	90	99
04.00	90	99
05.00	100	99
06.01	35	34
06.09	100	99
07.00	70	...
66.01.00	125	160
02.00	125	160
03.00	100	131
67.01.00	125	285
02.00	125	285
03.00	100	103
04.00	100	103
05.00	125	194
68.01.00	35	34
02.00	50	85
03.00	35	35
04.00	50	53
05.00	50	52
06.00	50	53
07.00	35	35
08.00	35	34
09.00	35	35
10.01	35	36
10.09	80	83
11.01	35	35
11.09	80	35
12.01	35	35
12.09	80	34
13.01	35	34
13.09	35	34
14.00	35	35
15.00	40	83
16.01	100	106
16.02	35	35
16.09	80	125
69.01.00	20	21
02.00	20	21
03.00	35	21
04.00	35	35
05.00	35	35
06.00	35	35
07.00	35	53
08.00	35	53
09.00	35	35
10.00	80	81
11.00	100	106
12.00	100	106
13.00	125	125
14.00	100	...
70.01.00	35	34
02.00	35	34
03.00	35	83
04.00	35	36
05.00	35	36
06.00	35	35
07.00	50	51
08.00	50	51
09.00	100	108
10.01	20	22
10.09	60	59
11.00	50	83
12.00	100	106
13.00	100	108
14.01	90	83
14.09	100	...
15.00	50	[3]
16.00	35	33
17.00	35	34
18.00	80	106
19.00	125	125
20.10	35	82
20.20	65	82
20.30	35	82
21.01	2	4
21.09	90	...
71.01.00	40	123
02.10	40	123
02.20	40	123
02.30	40	123
03.00	40	123
04.00	40	123
05.00	40	77
06.00	40	124
07.10	40	34
07.20	40	34
08.00	40	123
09.00	40	77
10.00	40	123
11.10	40	38
11.20	40	38
12.00	100	123
13.01	100	123
13.09	100	124
14.01	35	35
14.09	100	123
15.00	100	123
16.00	100	125
72.01.10	0	0
01.20	0	0
01.30	0	0
73.01.10	10	16
01.20	10	16
02.10	10	16
02.20	10	16
03.00	10	16
04.00	15	16
05.10	15	16
05.20	15	16
06.10	15	16
06.20	15	16
07.00	15	16
08.00	15	16
09.00	15	16
10.11	15	74
10.19	35	34
10.21	15	16
10.22	35	34
10.23	35	34
11.10	15	16
11.20	15	16
12.00	15	0
13.10	15	16
13.20	15	16
13.30	15	16
13.40	15	16
13.51	15	18
13.59	15	18
14.00	35	35
15.61	15	16
15.62	15	16
15.63	15	16
15.64	15	16
15.65	15	16
15.66	15	16
15.67	15	16
15.68	15	16
15.69	15	16
15.71	15	34
15.72	15	16
15.73	15	16
15.74	15	16

1) Nr. 52/17: 82%. Nr. 52/39: 125%.
2) Skóreimar til skógerðar nú 38%, aðrar 59%.
3) Nr. 78/3: 50%. Nr. 78/4: 123%.

Nr.	Tillaga	Nú
73.15.75	15	16
15.76	15	16
15.77	15	16
15.78	15	16
15.79	15	16
15.81	15	16
15.82	15	16
15.83	15	16
15.84	15	16
15.85	15	16
15.86	15	16
15.87	15	16
15.88	15	16
16.10	20	35
16.20	20	35
17.00	35	34
18.10	35	35
18.21	15	16
18.29	35	34
18.30	35	34
19.00	35	34
20.00	35	35
21.01	35	34
21.09	50	...
22.00	50	34
23.01	30	33
23.02	10	21
23.03	50	81
23.09	60	82
24.00	35	35
25.01	20	0
25.02	2	0
25.09	35	34
26.00	15	18
27.01	35	17
27.02	20	17
27.09	35	35
28.00	20	16
29.01	4	21
29.02	60	77
29.03	35	83
29.09	60	83
30.00	4	21
31.01	50	34
31.09	50	...
32.00	50	79
33.00	60	...
34.00	60	[1]
35.00	35	[2]
36.01	35	34
36.02	35	35
36.03	35	34
36.09	35	37
37.01	35	34
37.02	35	35
37.09	35	37
38.11	100	107
38.19	100	107
38.21	70	70
38.22	80	80
38.29	80	80
39.01	35	35
39.09	100	[3]

Nr.	Tillaga	Nú
40.10	20	16
40.20	20	16
40.30	20	34
40.41	2	4
40.42	4	16
40.43	20	16
40.44	4	34
40.45	35	35
40.46	35	35
40.47	35	34
40.49	70	81
74.01.10	10	16
01.20	15	16
01.30	15	16
01.40	15	16
02.00	15	16
03.01	15	16
03.02	35	35
04.00	15	16
05.00	35	35
06.00	30	16
07.00	35	34
08.00	35	34
09.00	50	81
10.00	35	34
11.00	35	81
12.00	20	81
13.00	60	81
14.00	50	77
15.00	50	77
16.00	35	81
17.00	70	106
18.00	100	106
19.01	2	4
19.09	70	81
75.01.10	10	16
01.20	15	16
01.30	15	16
02.01	15	35
02.02	35	35
03.01	30	16
03.09	35	35
04.00	35	81
05.00	35	81
06.01	50	76
06.02	80	81
06.03	100	106
06.09	70	81
76.01.10	15	16
01.20	15	16
02.01	15	16
02.09	35	35
03.00	15	18
04.01	20	21
04.09	35	35
05.00	30	16
06.00	35	34
07.00	35	34
08.01	50	...
08.09	60	...
09.00	50	81

Nr.	Tillaga	Nú
10.01	10	21
10.02	20	34
10.03	30	81
10.04	35	35
10.05	50	81
10.09	60	81
11.00	35	81
12.00	35	34
13.01	35	81
13.02	20	81
13.09	35	81
14.00	20	18
15.01	80	81
15.02	100	107
16.01	2	4
16.02	4	4
16.03	50	77
16.04	35	35
16.05	15	81
16.09	70	81
77.01.10	15	16
01.20	15	16
02.00	35	16
03.00	35	81
04.00	35	81
78.01.10	15	16
01.20	15	16
02.01	15	34
02.02	35	34
03.00	15	34
04.00	35	34
05.00	35	81
06.01	2	4
06.02	35	81
06.03	35	81
06.09	70	81
79.01.10	15	16
01.20	15	16
02.01	15	35
02.02	35	35
03.10	30	16
03.20	15	16
04.00	35	81
05.00	60	81
06.01	50	76
06.02	80	106
06.03	100	106
06.04	35	35
06.09	70	81
80.01.10	15	16
01.20	15	16
02.01	15	16
02.02	35	35
03.00	15	35
04.00	35	49
05.00	35	81
06.01	35	35
06.02	100	106
06.09	70	81

Nr.	Tillaga	Nú
81.01.00	15	16
02.00	15	81
03.00	15	81
04.10	15	81
04.20	15	81
82.01.01	20	21
01.09	40	38
02.00	60	70
03.00	60	70
04.00	60	70
05.00	60	70
06.01	35	21
06.09	60	70
07.00	60	70
08.00	70	51
09.01	100	106
09.09	100	131
10.00	50	50
11.00	100	131
12.01	35	49
12.09	100	131
13.00	100	131
14.00	100	106
15.00	60	81
83.01.00	70	93
02.00	70	91
03.00	100	133
04.00	100	133
05.00	80	132
06.00	125	...
07.01	15	15
07.02	35	...
07.03	35	34
07.09	90	99
08.00	35	35
09.01	40	38
09.09	70	91
10.00	100	125
11.00	80	81
12.00	125	155
13.01	30	33
13.02	70	73
13.09	70	73
14.00	110	132
15.00	15	16
84.01.00	35	34
02.00	35	34
03.00	35	34
04.00	35	34
05.00	35	34
06.10	0	0
06.21	35	21
06.22	10	21
06.23	35	21
06.24	35	21
06.29	35	21
07.00	35	34
08.10	0	0
08.21	35	77
08.29	35	34
08.31	35	77

1) Nr. 63/104b: 81%. Nr. 71/18: 131%.
2) Nr. 63/43: 41%. Nr. 63/44: 81%. Nr. 75/6: 77%.
3) Nr. 63/83b: 107%. Nr. 63/104b: 81%.

Nr.	Tillaga	Nú	Nr.	Tillaga	Nú	Nr.	Tillaga	Nú	Nr.	Tillaga	Nú
84.08.39	35	21	30.09	35	34	63.09	35	77	09.00	35	35
09.00	35	34	31.00	35	34	64.00	35	34	10.00	35	35
10.00	35	34	32.00	35	34	65.01	4	21			
11.00	35	34	33.00	35	34	65.09	35	33	87.01.11	10	34
12.00	35	34	34.01	35	34				01.19	25	34
13.00	35	72	34.02	35	34	85.01.00	35	34	01.20	25	34
14.00	35	34	34.03	35	80	02.00	35	38	02.11	90	81
15.11	35	34	34.04	35	34	03.00	40	39	02.12	90	81
15.19	35	34	34.09	35	34	04.00	40	38	02.20	40	38
15.20	80	...	35.00	35	34	05.00	60	70	02.31	15	38
15.30	80	84	36.00	35	34	06.01	80	84	02.32	15	20
16.00	35	34	37.01	35	21	06.02	80	84	02.33	40	38
17.11	35	34	37.09	35	35	06.03	80	84	02.34	40	38
17.12	35	34	38.00	35	34	06.09	80	104	02.35	40	38
17.13	35	34	39.00	35	34	07.01	35	50	02.36	40	38
17.14	35	34	40.11	50	34	07.02	80	131	02.37	40	38
17.19	35	84	40.12	80	84	07.09	80	131	02.39	90	81
17.20	35	34	40.13	50	50	08.00	35	38	03.01	15	38
18.11	20	21	40.19	35	34	09.00	35	38	03.02	15	20
18.19	35	34	40.20	80	84	10.00	90	[3]	03.09	40	38
18.21	80	84	41.00	40	55	11.00	35	84	04.10	90	81
18.22	50	84	42.00	35	34	12.01	80	85	04.21	15	[5]
18.23	35	33	43.00	35	34	12.02	80	84	04.22	40	38
18.29	35	34	44.00	35	34	12.03	80	84	04.29	90	81
19.01	80	84	45.00	35	34	12.04	80	84	05.01	10	34
19.02	50	49	46.00	35	34	12.05	80	132	05.02	15	[5]
19.09	35	34	47.01	35	34	12.06	80	84	05.03	40	38
20.00	35	34	47.09	35	34	12.09	80	...	05.09	90	81
21.00	35	35	48.00	35	34	13.00	40	38	06.00	35	[8]
22.01	4	4	49.00	35	70	14.00	40	38	07.00	45	38
22.02	20	21	50.00	35	70	15.10	80	90	08.00	45	81
22.03	25	21	51.00	60	72	15.20	80	90	09.00	80	[6]
22.04	50	[1]	52.01	60	85	15.31	4	15	10.00	90	149
22.09	35	34	52.02	60	85	15.32	35	38	11.00	0	15
23.01	25	21	52.03	60	85	15.39	35	38	12.10	80	186
23.02	25	34	52.09	60	85	16.00	35	81	12.20	80	120
23.03	25	38	53.00	60	85	17.00	35	39	13.01	0	15
23.09	35	34	54.01	60	85	18.00	35	38	13.02	90	133
24.01	10	21	54.09	60	85	19.00	35	38	14.01	40	[7]
24.02	10	19	55.01	70	72	20.00	40	[4]	14.09	80	...
24.03	10	21	55.09	60	85	21.00	35	38			
24.09	10	21	56.01	35	34	22.10	35	81	88.01.00	35	0
25.01	35	21	56.09	35	34	22.20	35	81	02.01	0	0
25.02	10	21	57.00	35	34	23.01	35	40	02.09	35	0
25.03	10	21	58.00	40	81	23.09	35	38	03.01	0	0
25.04	10	21	59.10	35	38	24.00	35	38	03.09	35	0
25.05	35	...	59.21	35	34	25.00	35	40	04.00	20	0
25.09	10	21	59.22	35	34	26.00	35	38	05.00	0	0
26.01	10	21	59.23	35	34	27.00	35	40			
26.02	35	34	59.24	35	34	28.00	50	...	89.01.10	0	0
26.09	35	34	59.28	4	35				01.21	4	4
27.00	35	51	59.29	35	34	86.01.00	35	35	01.22	0	0
28.00	35	34	60.00	35	34	02.00	35	35	01.23	0	0
29.00	35	34	61.01	35	34	03.00	35	35	01.24	0	4
30.01	35	34	61.02	80	[2]	04.00	35	35	01.29	35	80
30.02	35	34	61.09	50	...	05.00	35	35	02.00	0	0
30.03	35	34	62.00	20	21	06.00	35	35	03.00	0	0
30.04	35	34	63.01	0	0	07.00	35	35	04.00	15	15
30.05	35	33	63.02	4	21	08.00	35	35	05.00	0	0

1) Nr. 72/34: 81%. Nr. 72/35: 34%.
2) Nr. 64/18: 131%. Nr. 64/20: 77%.
3) Nr. 73/58: 90%. Nr. 73/67: 132%.
4) Nr. 73/74: 38%. Nr. 73/55: 99%.
5) Nr. 75/3: 20%. Nr. 75/7: 38%.
6) Nr. 75/9: 124%. Nr. 75/10: 186%.
7) Nr. 75/15: 34%. Nr. 75/16: 81%.
8) Bifreiðavarahlutar 77%, varahlutar í dráttarvélar 34%.

Nr.	Tillaga	Nú
90.01.01	80	106
01.09	35	34
02.01	35	34
02.09	50	106
03.00	80	106
04.00	80	106
05.00	80	106
06.00	35	34
07.00	50	[1]
08.00	50	76
09.00	50	76
10.00	50	[2]
11.00	35	53
12.00	35	53
13.00	40	34
14.01	4	34
14.09	35	34
15.00	35	34
16.00	60	106
17.10	35	34
17.20	35	34
18.00	35	34
19.10	15	34
19.20	15	15
20.00	15	15
21.00	35	34
22.00	35	34
23.01	35	33
23.02	35	34
23.03	35	81
23.09	35	34
24.01	35	34
24.09	35	34
25.00	35	34
26.10	35	38
26.20	35	34
27.00	35	34
28.01	4	15
28.09	35	34
29.01	4	15
29.09	35	34
91.01.00	50	52
02.00	50	207
03.00	50	207
04.00	50	207
05.00	50	207
06.00	50	...
07.00	50	52
08.00	50	123
09.00	50	123
10.00	50	123
11.00	50	[3]
92.01.00	30	76
02.00	50	76
03.00	30	76
04.01	50	162
04.09	50	76
05.00	50	76
06.00	50	155
07.00	50	76
08.00	50	227
09.00	50	76
10.00	50	[4]
11.01	80	227
11.02	80	106
11.09	80	106
12.01	30	57
12.02	50	57
12.09	80	99
13.00	80	106
93.01.00	60	81
02.00	60	80
03.00	60	81
04.01	20	21
04.02	20	21
04.03	20	81
04.09	60	80
05.00	60	81
06.10	60	81
06.20	60	81
07.10	35	34
07.21	4	4
07.22	20	34
07.29	35	81
94.01.00	90	124
02.00	35	34
03.00	90	124
04.00	90	81
95.01.00	100	123
02.00	100	123
03.00	100	123
04.00	100	123
05.00	100	125
06.00	100	...
07.00	100	123
08.00	100	125
96.01.00	70	81
02.01	70	[5]
02.02	35	33
02.03	70	81
02.09	100	81
03.00	35	21
04.00	100	285
05.00	100	123
06.00	80	81
97.01.00	90	90
02.00	90	90
03.00	90	90
04.01	80	81
04.02	125	161
04.09	125	123
05.00	125	125
06.01	80	132
06.02	80	131
06.09	80	[6]
07.01	4	4
07.02	80	76
07.09	80	131
08.00	125	131
98.01.00	90	90
02.00	70	90
03.00	80	76
04.00	80	132
05.00	80	132
06.00	80	81
07.00	80	132
08.00	80	131
09.00	80	[7]
10.00	80	76
11.00	80	76
12.00	110	145
13.00	70	81
14.00	125	...
15.00	100	106
16.00	90	123
99.01.00	0	0
02.00	0	81
03.00	0	0
04.00	0	0
05.00	0	0
06.00	20	0

1) Nr. 73/55: 99%. Nr. 77/9: 52%.
2) Nr. 29/3: 118%. Nr. 77/9: 52%. Nr. 77/10: 76%. Nr. 86/1b: 81%.
3) Nr. 78/3: 52%. Nr. 78/5: 123%.
4) Nr. 77/16b: 34%. Nr. 79/3: 70%. Nr. 79/8a: 50%. Nr. 79/16: 155%.
5) Nr. 63/80: 70%. Nr. 83/3: 81%.
6) Nr. 84/1 og 84/11: 76%. Önnur íþróttatæki: 131%.
7) Nr. 30/38: 81%. Nr. 33/7: 38%.

Nd. 471. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með, að það verði samþykkt óbreytt. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að fylgja brtt., ef fram koma. Einn nefndarmanna, Óskar Jónsson, var fjarverandi afgreiðslu málsins.

Alþingi, 27. marz 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Alfreð Gíslason. Einar Olgeirsson.

Ed. 472. Nefndarálit [127. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Litlagerði í Grýtubakkahreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur leitað umsagnar landnáms ríkisins og jarðeignadeildar um frumvarpið og fengið þaðan nauðsynlegar upplýsingar um jörðina. Jarðeignadeildin telur ekki ástæðu til að hafa á móti að heimila söluna. Landnámsstjóri telur litlar líkur til, að jörðin byggist, og er því hlynntur, að jörðin sé seld með það fyrir augum, að kaupandi geri á henni umbætur. Í þriðja lagi hefur nefndinni borizt símskeyti frá hreppsnefnd Grýtubakkahrepps, þar sem hún mælir með sölu jarðarinnar án skilyrða af hálfu hreppsnefndar. Að athuguðu máli mælir landbúnaðarnefnd með því, að frumv. verði samþykkt. — Jón Þorsteinsson var ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 27. marz 1963.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 473. Þingsályktun [106. mál]

um fullgildingu á tveimur bráðabirgðasamningum Evrópuríkja um félagslegt öryggi og samþykkt Evrópuríkja um framfærsluhjálp og læknishjálp.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda fyrir Íslands hönd:

a. Bráðabirgðasamning Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög varðandi elli, örorku og eftirlifendur.
b. Bráðabirgðasamning Evrópuríkja um félagsleg tryggingalög önnur en þau, er varða elli, örorku og eftirlifendur.
c. Samþykkt Evrópuríkja um framfærsluhjálp og læknishjálp, ásamt viðaukum eins og þessir gjörningar liggja fyrir á fylgiskjölum þeim, sem prentuð eru með ályktun þessari.

Fylgiskjal I—III, samhljóða fylgiskjölum á þskj. 397.

Sþ. 474. Þingsályktun [123. mál]

um fullgildingu á alþjóðasamþykkt, er varðar misrétti með tilliti til atvinnu og starfs.

(Afgreidd frá Sþ. 27. marz.)

Alþingi ályktar að veita ríkisstjórninni heimild til þess fyrir Íslands hönd að fullgilda samþykkt nr. 111, er varðar misrétti með tilliti til atvinnu eða starfs, sem gerð var á 42. þingi Alþjóðasamvinnumálastofnunarinnar í Genf 25. júní 1958, eins og hún liggur fyrir á fylgiskjalinu, sem prentað er með ályktun þessari.

Fylgiskjal, samhljóða fylgiskjali á þskj. 399.

Nd. 475. Breytingartillaga [117. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 59 19. júlí 1960, um framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl.

Frá Jónasi Péturssyni og Birni Þórarinssyni.

Meginmál 1. gr. orðist svo:

Söluverð landbúnaðarvara á innlendum markaði skal miðast við það, að heildartekjur þeirra, er landbúnað stunda (kaup bóndans), verði í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta.

Nú breytist framleiðni (meiri eða minni hagkvæmni í rekstri) landbúnaðarins (vísitölubúsins) frá því, sem var í síðasta verðgrundvelli, þegar nýr verðgrundvöllur er ákveðinn, og skal þá sú breyting verka að hálfu á verðlagið.

Nd. 476. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 36 12. febr. 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur kynnt sér efni frumvarpsins og mælir einróma með, að það verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna (Óskar Jónsson) var fjarstaddur, þegar nefndin fjallaði um málið.

Alþingi, 27. marz 1963.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Alfreð Gíslason.

Gunnar Jóhannsson.

Sþ. 477. Tillaga til þingsályktunar [228. mál]

um rannsókn hafnarskilyrða í Kelduhverfi.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Björn Þórarinsson, Karl Kristjánsson, Ingvar Gíslason, Björn Jónsson, Bjartmar Guðmundsson, Magnús Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta á næsta sumri (1963) rannsaka hafnarskilyrði í Kelduhverfi og leggja niðurstöður rannsóknarinnar fyrir Alþingi, áður en ákvörðun verður tekin um fyrstu vatnsvirkjun vegna stóriðju hér á landi.

Greinargerð.

Eðlilegt er og sanngjarnt vegna jafnvægis í byggð landsins og af fleiri ástæðum, að fyrsta vatnsvirkjun til stóriðju, sem ráðizt verður í hér á landi, verði við Jökulsá á Fjöllum. Fyrir tveim árum fól Alþingi ríkisstjórninni að láta hraða gerð fullnaðaráætlunar um virkjun Jökulsár og að láta fara fram athugun á framleiðslumöguleikum í því sambandi. Framkvæmd þessarar ályktunar Alþingis frá 22. marz

1961 er enn ekki lokið, svo að þinginu sé kunnugt. En síðan hún var samþykkt, hefur miklu fé verið varið til „samanburðarrannsókna“ á öðrum fallvötnum, hvað sem af því kann að leiða. Rannsókn hafnarskilyrða í sambandi við iðjuver virðist hins vegar enn ekki langt á veg komin.

Einn þeirra hafnarstaða, sem sjálfsagt er að gefa gaum, er Fjallahöfn í Keldhverfi og umhverfi hennar. Þangað er stytzt að sjó frá Dettifossi, landrými nóg, lágt land og slétt, jarðhiti einnig fyrir hendi, en lítt rannsakaður. Fjallahöfn hefur oft borið á góma í umræðum um hafnamál og jafnvel verið uppi tillögur um „líf-höfn“ á þeim stað. Nú ber svo til, að kunnur útlendur sérfræðingur í hafnagerð og sandburði með ströndum fram mun dveljast hér í sumar á vegum hafnarmálastjórnarinnar. Væri æskilegt að grípa einmitt þetta tækifæri til að láta rannsókn á hafnarskilyrðum í Fjallahöfn og umhverfi hennar fara fram. En í sambandi við Jökulsármálið hafa verið uppi raddir um, að ekki megi láta rannsóknina á þessum stað undan falla.

Ed. 478. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til l. um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá Sigurvin Einarssyni og Karli Kristjánssyni.

Við 4. gr.

1. Á eftir 3. tölulið í fyrri málsgr. komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   4. Leggur fram frá hlutaðeigandi sveitarstjórn meðmæli hennar með umsókninni.
2. Orðin „bæjar- eða sveitarstjórnar og“ í upphafi síðari málsgreinar falli niður.

Nd. 479. Nefndarálit [172. mál]

um frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum. Eru nefndarmenn sammála um, að með frumvarpinu sé stefnt að því að leysa vandamál aldraðs fólks, sem fram að þessu hefur ekki verið sinnt nægilega af hálfu þess opinbera, og vill nefndin mæla með því, að frv. nái fram að ganga.

Hins vegar varð ekki samkomulag í nefndinni um brtt. við frv., og hafa nefndarmenn óbundnar hendur til að flytja brtt. eða fylgja brtt., sem fram kunna að koma.

Meðal þeirra brtt., sem ræddar voru innan nefndarinnar, var tillaga um að setja inn í frumvarpið ákvæði um lánskjör og lánstíma. Meiri hl. nefndarinnar taldi réttara að svo komnu máli að setja það á vald sjóðsstjórnar og ráðherra að ákveða lánskjörin með reglugerð. Hins vegar er það einróma álit nefndarinnar, að vextir af lánum sjóðsins eigi að vera lágir og lánstími hagstæður lántakendum.

Alþingi, 28. marz 1963.

Gísli Jónsson, form. — Birgir Finnsson, fundaskr., frsm. — Jón Skaftason.

Hannibal Valdimarsson. — Guðlaugur Gíslason.

Nd. 480. Breytingartillögur [172. mál]

við frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks.

Frá Birgi Finnssyni, Gísla Jónssyni og Guðlaugi Gíslasyni.

1. Við 2. gr. Orðin „og styrkjum“ falli burt.
2. Við 4. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Fela skal Tryggingastofnun ríkisins stjórn sjóðsins og daglegan rekstur hans.
3. Við 5. gr. Orðin „Styrki og“ í upphafi greinarinnar falli niður.
4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt skal tryggingaráði að verja hluta af fé sjóðsins til þess að lána einstaklingum, 67 ára og eldri, til kaupa á litlum íbúðum, sem gerðar séu sérstaklega við hæfi aldraðs fólks. Skal þá vera sú kvöð á íbúðunum, að þær verði notaðar fyrir aldrað fólk, meðan lánin hvíla á þeim. Tryggingaráð skal setja um þetta sérstakar reglur, sem félagsmálaráðuneytið staðfestir.
5. Við 7. gr. Greinin orðist svo:
   Lán, sem veitt eru úr sjóðnum, mega nema allt að 50% af kostnaðarverði íbúðanna, og skulu þau tryggð með veði í íbúðunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánum annars staðar frá, er nemi allt að 35% af kostnaðarverði íbúðanna.
6. Við 9. gr. Greinin orðist svo:
   Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um lánstíma og lánskjör.

Nd. 481. Breytingartillögur [172. mál]

við frv. til l. um byggingasjóð aldraðs fólks.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 1. gr. Við greinina bætist: og öryrkja.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:
   Hlutverk sjóðsins er að stuðla að því með lánveitingum, að byggðar verði utan Reykjavíkur hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk og öryrkja.
3. Við 3. gr. Á eftir 1. tölulið komi nýr töluliður, svo hljóðandi:
   Ríkissjóðsframlag að jöfnu móti happdrættiságóðanum samkvæmt 1. lið.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
   Tryggingastofnun ríkisins skal annast stjórn og daglega starfrækslu sjóðsins undir yfirstjórn félagsmálaráðuneytisins.
5. Í stað 5., 6. og 7. gr. komi tvær nýjar greinar, svo hljóðandi:
   a. (5. gr.) Lán með 3% vöxtum til 40 ára má veita úr sjóðnum gegn 1. veðrétti, og má lánið nema allt að 85% af byggingarkostnaði.
   b. (6. gr.) Sveitarfélag, sem fengið hefur lán úr sjóðnum, má aðeins leigja íbúðirnar með vægum kjörum fólki, sem er 67 ára eða eldra, svo og öryrkjum. Séu þessi ákvæði ekki uppfyllt og íbúðirnar teknar til annarrar notkunar, skal sveitarfélagið þegar endurgreiða sjóðnum eftirstöðvar lána. Dragist slíkar endurgreiðslur sveitarfélags úr hömlu, er sjóðnum heimilt að láta selja íbúðirnar án undangengins dóms og sátta til greiðslu á eftirstöðvum þeirra upphæða, sem veittar höfðu verið.
6. Við 8. gr. (er verði 7. gr.). Greinin orðist svo:

Lán úr sjóðnum má því aðeins veita, að íbúðirnar eða húsin séu byggð samkvæmt teikningum, sem félagsmálaráðherra hefur samþykkt.
Sveitarfélag, sem sækir um lán úr sjóðnum, skal sýna félagsmálaráðherra fram á þörf aukins íbúðarhúsnæðis fyrir aldrað fólk og öryrkja, og enn fremur, að sveitarfélagið sé fært um að koma íbúðunum upp án tafar.

7. Fyrirsögn frumvarpsins verði:
Frumvarp til laga um byggingasjóð aldraðs fólks og öryrkja.

Ed. 482. Nefndarálit [196. mál]

um frv. til l. um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirtöldum

BREYTINGUM:

1. Við 15. gr. Við 1. mgr. bætist: nema meðlagsgreiðandi, sem greiðir meira en lágmarksmeðlag, óski eftir, þá er heimilt að draga helming fjölskyldubótanna frá meðlagsgreiðslunni, þó aldrei svo, að meðlagið verði lægra en lágmarksmeðlag.
2. Við 17. gr.
   a. Orðin „tvö eða fleiri“ í fyrri málsgr. falli niður.
   b. Síðari málsgr. orðist svo:
   Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr.	1680.00
Með tveimur börnum	—	9120.00
Með þremur börnum eða fleiri	—	18240.00

3. Við 21. gr. 1. málsgr. orðist svo:
Heimilt er að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar.
4. Við 54. gr. Við greinina bætist:
Stefnt skal að því, að iðgjöldin séu jafnhá, þar sem aðstæða er sambærileg.

9. þm. Reykv. (AGl) og 1. þm. Norðurl. e. (KK) áskilja sér rétt til að fylgja brtt., sem fram kunna að koma, eða flytja brtt.

Alþingi, 28. marz 1963.

Jón Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm. Auður Auðuns.
Karl Kristjánsson. Alfreð Gíslason.

Nd. 483. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [144. mál]

í málinu: Frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað.

Frá Einari Olgeirssyni.

Með því að nauðsynlegt er að athuga betur en gert hefur verið, hvernig Skálholti verði bezt ráðstafað í fullu samræmi við sögu vora, menningu og þjóðarerfð alla, telur deildin að svo stöddu ekki ástæðu til að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Ed. 484. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1963.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson. Magnús Jónsson.
Karl Kristjánsson.

Ed. 485. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 28. marz 1963.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson. Magnús Jónsson.
Karl Kristjánsson.

Ed. 486. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

1. Við 13. gr.
   a. Í stað orðanna „vinna sér inn ¼ þess“ í 1. málsgr. komi: vinna sér inn ½ þess.
   b. 2. málsgr. orðist svo:
      Ef örorkan er 50% eða meira, greiðist hálfur örorkulífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.
2. Við 16. gr. Næstsíðasta málsgr. orðist svo:
   Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera kr. 8640.00.
3. Við 50. gr. Síðasti málsl. 5. málsgr. orðist svo:
   Sjúkradagpeningar húsmóður vegna fullrar vinnu á heimili skulu ekki vera lægri en kr. 50.00 á dag.
4. Á eftir 67. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
   Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara eru grunnupphæðir, sem breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.

Ed. 487. Nefndarálit [125. mál]

um frv. til l. um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

Frá landbúnaðarnefnd.

Frumv. þetta er komið frá Nd. Landbúnaðarnefnd hefur rætt frumv. á tveimur fundum og kynnt sér efni þess. Leggur nefndin til, að það verði samþykkt.

Tveir nefndarmenn (PÞ og ÁB) áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 29. marz 1963.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.

Jón Þorsteinsson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 488. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta er stjórnarfrumvarp og var lagt fram í neðri deild. Gerði deildin á því nokkrar breytingar. Landbúnaðarnefnd hefur rætt frv. á tveimur fundum. Meiri hlutinn leggur til, að það verði samþykkt eins og neðri deild gekk frá því. Minni hluti nefndarinnar, Ásgeir Bjarnason og Páll Þorsteinsson, mun skila séráliti.

Alþingi, 29. marz 1963.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson.

Ed. 489. Nefndarálit [89. mál]

um frv. til laga um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið. Einn nefndarmanna (SE) áskilur sér rétt til að flytja breytingartillögu við 4. gr. frv. Að öðru leyti eru nefndarmenn sammála um að mæla með því, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 1. mgr. orðist svo:
   Enginn má gera sér veitingasölu né rekstur gististaða að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.

2. Við 11. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá skilyrði 4. töluliðs, sé maður með sérþekkingu samkvæmt 12. gr. ekki fáanlegur til starfans eða líkur séu til þess, að gistihúsið beri ekki kostnað af að hafa slíkan mann í þjónustu sinni.
3. Við 15. gr. Í stað „heitum“ í 3. tölul. 1. mgr. komi: heilum.

Alþingi, 29. marz 1963.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Sigurvin Einarsson.
Bjartmar Guðmundsson. Ólafur Jóhannesson.

Sþ. 490. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um baráttu gegn eiturlyfjanautn.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál og leitað umsagnar allmargra aðila um till. Bárust frá saksóknara ríkisins, yfirsakadómara og lögreglustjóranum í Reykjavík ýtarlegar skýrslur um eiturlyfjanautn hér á landi. Bera þær skýrslur með sér, að hér er um alvarlegt vandamál að ræða, sem brýn nauðsyn er að leysa með skjótum ráðstöfunum. Er sú skoðun studd í umsögnum Læknafélags Íslands, Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands.

Fyrr á þessu þingi var lögð fyrir dómsmálaráðherra fyrirspurn um misnotkun deyfilyfja hér á landi og baráttu gegn þeim. Í svari sínu gaf ráðherrann ýmsar upplýsingar um málið og upplýsti, að það væri þegar í fullkominni rannsókn. Ráðherrann sagði enn fremur: „Að svo miklu leyti, sem í mínu valdi stendur, þá mun ég gera allt, sem ég get, til þess að þessi ófögnuður verði stöðvaður.“

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu till., þótt nefndarmenn séu efnislega sammála um nauðsyn alvarlegra ráðstafana gegn misnotkun eiturlyfja. Minni hl. vill afgreiða till. óbreytta, en meiri hl. leggur til, að till. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar** í trausti þess, að dómsmálaráðherra muni, eins og hann hefur yfir lýst, láta gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að stöðva ófögnuð eiturlyfjanna.

Alþingi, 27. marz 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Gísli Jónsson. Björn Pórarinsson.

Sþ. 491. Tillaga til þingsályktunar [229. mál]

um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

Flm.: Halldór E. Sigurðsson, Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu.

Greinargerð.

Þjóðkirkja Íslands er elzta stofnun í þessu landi. Um aldaraðir var hún, auk þess að vera samnefnari kristinnar trúar, eina verulega menningar- og menntastofnun þjóðarinnar. Margir af höfuðskörungum þjóðarinnar voru þjónar kirkjunnar, svo sem biskuparnir Jón Arason, Brynjólfur Sveinsson og Jón Vídalín og skáldin Hallgrímur Pétursson og Matthías Jochumsson, svo að örfá nöfn séu nefnd. Ekki orkar það heldur tvímælis, að klaustur- og klerkastétt eigum við m. a. það að þakka, að fornbókmenntir okkar hafa varðveitzt.

Þrátt fyrir það, að þjóðkirkja okkar sé elzta stofnun í þessu þjóðfélagi og andlegir og veraldlegir skörungar hafi verið þjónar kirkjunnar og fólkið í landinu sé yfirleitt trúrækið og meti og virði kirkju sína, hefur verið og er illa að kirkjunni búið á okkar landi, og lítið eitt eigum við af kirkjum frá fyrri tímum, svo sem aðrar kristnar þjóðir eiga. Er Hóladómkirkja sú, sem helzt ber þar að nefna.

Með siðaskiptunum var kirkjan svipt eignum sínum og jafnframt möguleikum til kirkjubúnaðar, svo að sæmilegt væri, og hefur svo verið síðan, þó að á allra síðustu árum hafi fólkið látið sér skiljast, að lítt eða illa búin kirkja hafi áhrif á helgihald kristinna manna. Eins og kunnugt er af sögu fyrri alda, féllu eignir kirkjunnar á miðöldum til hins veraldlega valds, þ. e. konungs og síðar til íslenzka ríkisins sem arftaka konungs. Af þeirri ástæðu hefði verið eðlilegt og sjálfsagt, að íslenzka ríkið hefði staðið fyrir kirkjubyggingum. En svo hefur ekki verið nema að litlu leyti.

Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fengnar eru frá embætti biskups um tölu kirkna (það skal þó tekið fram, að embættið hefur fyrirvara um það, að þessar upplýsingar eru ekki grandskoðaðar, en munu þó vera mjög nærri því réttar), eru í landinu um 280 kirkjur, sem skiptast eftir efni á þessa leið:

Timburkirkjur	184
Steinkirkjur	89
Timbur- og steinkirkjur	5
Torfkirkjur	2

Í byggingu eru 17 kirkjur, er Skálholtskirkja þar meðtalin. Á 10 kirkjustöðum er kirkjulaust, og 18 af kirkjum landsins eru mjög lélegar. Eigendur þessara kirkna eru sem hér segir:

Söfnuðir	236
Bændur	26
Ríkið	18

Eins og áður er að vikið, hefði verið eðlilegt, og væri eðlilegt, að ríkið legði fram verulega fjárhæð til byggingar kirkna í landinu. En svo er ekki. Ríkissjóður hefur á síðari árum varið smáfjárhæð til að endurbæta þær kirkjur, sem eru ríkiseign, ef viðkomandi söfnuður hefur þá tekið við þeim til eignar, en annars ekki, og svo hefur ríkissjóður lagt kirkjubyggingarsjóði til hálfa og nú eina milljón króna árlega, sem sjóðsstjórnin hefur svo orðið að skipta á milli allra kirkjubygginga í landinu, sem lánsfé. Þetta er eina aðstoðin, er íslenzka ríkið veitir til kirkjubygginga. Þegar aðstoð ríkisins við aðra uppbyggingu í landinu, svo sem skóla, sjúkrahús, félagsheimili, iðnaðarmannvirki o. fl., o. fl., er borin saman við aðstoð þess við kirkjubyggingar, sést, hve raunalega mikið olnbogabarn þessi elzta og virðulegasta stofnun þjóðarinnar er, og það svo, að undrum sætir, og er þó aðstoð ríkisins við uppbyggingu þá, sem nefnd er hér að framan, hvergi um of.

Ljóst er, að hér þarf að verða breyting á og það nú þegar. Ráðamenn þjóðarinnar þurfa að bæta fyrir vanrækslu fyrri alda og ára. Mun síðar í greinargerðinni bent á leið til úrbóta.

Eins og áður er að vikið, hefur verið á síðari tímum og er nú mikið um kirkjubyggingar þrátt fyrir sinnuleysi ríkisvaldsins. Hafa söfnuðirnir sýnt þar lofsverðan áhuga, Enn fremur hefur aukin rækt verið lögð við listrænt gildi kirkna við

byggingu þeirra hin síðari ár. Má þar til nefna Matthíasarkirkju á Akureyri, sem er bæ og söfnuði til sóma, enda er hún að gerð og staðsetningu með þeim hætti að sameina hið stórbrotna og víðfeðma í andagift Matthíasar og þann helgidóm, sem felst í boðskap hennar.

Hér í Reykjavík stendur yfir stórbrotin og mikil kirkjubygging, sem á að verða verðugur minnisvarði um hið dáða trúarskáld Hallgrím Pétursson. Fjárskortur tefur, að því verki miði svo sem eðlilegt og æskilegt væri, enda með öllu óeðlilegt, að einn söfnuður framkvæmi það verk, heldur á framlag frá þjóðinni allri að koma þar til.

Ýmsir fleiri söfnuðir hafa byggt sér myndarlegar kirkjur og valið þeim fagra staði, þó að þeirra verði ekki getið hér.

Kirkjubyggingar síðari ára og þær kirkjur, sem í smíðum eru, sýna áhuga fólksins á kristinni trú og kirkju, og er slíkt ánægjulegt. Þennan áhuga þarf að hagnýta og örva með því, að ríkisvaldið komi til móts við hann með skilningi og fjárframlagi, en láti ekki sinnuleysi og deyfð eyða honum, eins og nú horfir. Fjárhagur þessara kirkjubygginga yfirleitt er svo erfiður, að nægt gæti til að bera þennan áhuga ofurliði.

Með þingsályktunartillögu þessari er lagt til, að samið verði frv. til laga um tekjustofn handa þjóðkirkju Íslands og ákveðin aðstoð ríkisins við kirkjubyggingar í landinu. Væri eðlilegt frá sjónarmiði flm., að lögin um kirkjubyggingasjóð yrðu felld þar inn í.

Hér að framan hefur verið bent á óþrjótandi verkefni í kirkjubyggingum, bæði kirkjusmíðum, þar á meðal stórverk eins og Hallgrímskirkju í Reykjavík, sem þarfnast stórkostlegra fjármuna og þjóðin á að leggja til, og kirkjur, sem þarf að byggja, og einnig kirkjur, sem búið er að byggja, en söfnuðirnir ráða ekki við fjárhagslega nema að takmörkuðu leyti. Öll þessi verkefni þarf og á löggjafinn og fjárveitingavaldið að aðstoða við að leysa, og er tillaga þessi fram komin til að hrinda því verki í framkvæmd.

Leiðir þær, sem flm. vilja benda á, eru þessar: Ríkissjóður verður að leggja fram meira fé til kirkjubygginga en nú er. Öll rök hníga að því eins og þegar hefur verið gerð grein fyrir, enda sæmir ekki annað kristinni þjóð, svo sem við Íslendingar erum. Í öðru lagi á að hagnýta sér áhuga fólksins til að leysa þetta verkefni. Á það skal bent, að Íslendingar hafa byggt upp háskóla sinn með áhuga fólksins, með happdrætti, sömuleiðis stofnanir eins og S.Í.B.S. og DAS.

Flm. benda því á þá leið, að þjóðkirkjunni yrði fenginn slíkur tekjustofn til að afla tekna í kirkjubyggingasjóð. Á þann hátt væri hægt að hagnýta áhuga og fórnarlund fólksins og um leið leysa mikið og aðkallandi verkefni.

Það hefur sýnt sig, að þessi þrjú stóru happdrætti hafa dafnað vel hvert við hliðina á öðru og leyst mikil verkefni, og ekki væri ofaukið, þó að þessu væri bætt þar við. Fleiri leiðir gætu að sjálfsögðu komið til greina. En hafa skal þó þau tvö höfuðsjónarmið hugföst, er málið verður búið í frumvarpsform, að þátttaka ríkisins verði aukin í þessari uppbyggingu og áhugi fólksins sé nýttur kirkju landsins og þjóðinni í heild til farsældar og sóma.

Nd. 492. Breytingartillaga [144. mál]

við frv. til laga um heimild handa ríkisstjórninni til þess að afhenda þjóðkirkju Íslands Skálholtsstað.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Óskar Jónsson, Skúli Guðmundsson, Gísli Guðmundsson.

Við 1. gr. bætist:

Staðurinn afhendist með þeim skilmálum, að ríkið fái þar hæfilega lóð á hentugum stað undir biskupsbústað án endurgjalds, ef þar verður ákveðið biskupssetur.

Nd. **493. Frumvarp til laga** [230. mál]

um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Raforkumálastjóra er heimilt fyrir hönd raforkusjóðs að taka lán til raforkuframkvæmda allt að kr. 150 000 000 — eitt hundrað og fimmtíu milljónir króna — eða tilsvarandi fjárhæð í erlendum gjaldeyri og er ríkisstjórninni heimilt að ábyrgjast lánin fyrir hönd ríkissjóðs.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Frumvarp þetta er lagt fyrir Alþingi samkvæmt ósk raforkumálastjóra í bréfi, dags. 19. þ. m., og vísast um ástæður fyrir frumvarpinu til bréfs hans, sem er prentað sem fylgiskjal hér á eftir.

Fylgiskjal.

RAFORKUMÁLASTJÓRI

19. marz 1963.

Atvinnumálaráðuneytið, Arnarhvoli.

Með vísun til viðtala við Ólaf Stefánsson, fulltrúa í fjármálaráðuneytinu, vil ég hér með láta hinu háa ráðuneyti í té eftirfarandi skýrslu um lántökuheimildir raforkusjóðs og rafmagnsveitna ríkisins: Hjálagt fylgir afrit af bréfum, er ég ritaði atvinnumálaráðuneytinu, dags. 29. nóv. 1956 og 23. maí 1960. Var í þeim bréfum gefin skýrsla um ráðstöfun lántökuheimilda til raforkuframkvæmda frá upphafi og til 31. marz 1960.

Samkvæmt bréfum þessum voru lántökuheimildir til raforkuframkvæmda til 31. marz 1960 samtals 477 000 millj. kr. og notkun heimilda samtals 378 060 millj. kr. Ónotaðar lántökuheimildir voru því **1. apríl 1960 98,940 millj. kr.** Heildaryfirlit þessara mála er nú sem hér segir:

I.	**Lántökuheimildir** til 31. marz 1960	477 000	millj. kr.
	Heimild skv. fjárlögum 1961, XXIII	18 700	— —
	Lög nr. 65 29. marz 1961	150 000	— —
	Fjárlög 1962, XXV	10 000	— —
	Fjárlög 1963, 22. gr. XVIII	10 000	— —
	Heimildir alls til 18. marz 1963	665 700	millj. kr.
II	**Notkun lántökuheimilda:**		
	Notað til 31. marz 1960 samkv. bréfum	378 060	millj. kr.
	÷ **Bakfært:** bráðab.lán úr ríkissj. 1959 ... 32 130 millj. kr.		
	áætl. lán vegna Keflavíkur- og Akraneslína ..... 26 370 — —		
		319 560	millj. kr.

Lán frá innl. bönkum, dags. 29. júní og 22. ágúst 1960	8 475	millj. kr.
Ríkissjóður, dags. 29. sept. 1960 $1 331 360.95	45 000	— —
Framkv.bankinn, dags. 29. nóv. 1960 $42 005.99 1 059 m. kr.		
÷ bókað 12. febrúar 1960 ..... 930 — —		
	0 129	— —
Framkv.bankinn, dags. 29. nóv. 1960 $131 322.60	5 000	— —
Ríkissjóður, dags. 12. des. 1960 $769 230.77	26 000	— —
Sami, dags. 16. des. 1960 $769 230.77 ..... 26 000 millj. kr.		
÷ bókað 1959 ..... 22 000 — —		
	4 000	— —
George Cohen Sons & Co., Ltd., London, dags. 9. des. 1960 £21 420-0-0	2 292	— —
Mak/AEG, dags. 15. marz 1961 DM: 750 000.00	6 852	— —
Blackstone & Co., Ltd., dags. 22. marz 1961 £37 020-0-0	3 961	— —
Lán frá innl. bönkum, dags. 4. maí, 14. júní, 30. okt. og 14. nóv. 1961	8 560	— —
Framkv.bankinn, dags. 22. jan. 1962 $588 907.68	23 995	— —
Lán frá innl. bönkum, dags. 9. apríl 1962	7 225	— —
Kreditanstalt für Wiederaufbau, útb. til 6. jan. 1963	34 292	— —
Skuld við ríkisábyrgðarsjóð 1. marz 1963	71 979	— —
Skuld við ríkissjóð 1. marz 1963 19 275 millj. kr. ÷ 5 000 millj. kr.	14 275	— —
Tollián, óuppgerð 31. des. 1962	26 055	— —
	607 650	millj. kr.
Lánað til rafmagnsveitna ríkisins af eigin fé raforkusjóðs frá 1. jan. 1960 til 31. des. 1962	33 921	— —
Notkun lántökuheimilda til 18. marz 1963 samtals	641 571	millj. kr.

Samkvæmt framanskráðu eru ónotaðar lántökuheimildir raforkusjóðs og rafmagnsveitna ríkisins hinn 18. marz 1963 24 129 **millj. kr.**

Í yfirliti þessu er ekki tekið tillit til gengisfellingar íslenzku krónunnar og öll erlend lán reiknuð með því gengi, er var í gildi, þegar gengið var frá lántökunum.

Af framanskráðu er augljóst, að brýn þörf er á því, að samþykktar verði lántökuheimildir handa raforkusjóði á Alþingi því, er nú situr. Leyfi ég mér því að æskja þess, að hið háa ráðuneyti beiti sér fyrir því, að aflað verði 150 millj. kr. lántökuheimilda handa raforkusjóði, til viðbótar við eldri heimildir.

Allra virðingarfyllst,

Jakob Gíslason.

Sþ. 494. Nefndarálit [151. mál]

um till. til þál. um bættar samgöngur á sjó við Vestfirði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Þáltill. var vísað til nefndarinnar 11. marz. Hefur tillagan verið rædd ýtarlega á fundum nefndarinnar sem og till. til þál. á þskj. 242, um farþega- og vöruflutningaskip fyrir Austfirðinga, sem vísað var einnig til nefndarinnar. Auk þessara tveggja þáltill., sem báðar lúta að því að bæta strandsiglingar umhverfis landið,

liggja einnig fyrir Alþingi tvö frv. um sama efni, annað á þskj. 280, um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi, hitt á þskj. 361, um smíði nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn. Af þessu er ljóst, að kröfur um bættar strandsiglingar eru vaxandi, enda vitað, að hér er mikilla umbóta þörf, sem ekki má dragast að koma í framkvæmd. Hitt er jafnljóst, að þessum umbótum verður ekki komið á, svo að vel fari, nema samræma þjónustuna um land allt. Vitað er, að ríkisstjórnin hefur látið athuga, hvort gerlegt væri að gera verulegar umbætur á strandsiglingunum með þeim skipakosti, sem fyrir er, og gerði nefndin fyrirspurn um það til ráðherra, hvort þess væri að vænta, að þær breytingar yrðu gerðar bráðlega á rekstri strandferðaskipanna, sem að verulegu leyti mættu þeim kröfum, sem uppi eru um bætta þjónustu á þessu sviði, og var eigi talið, að þess væri að vænta fyrst um sinn. Er því ljóst, að mjög aðkallandi er, að fram sé látin fara ýtarleg athugun á því, hvernig bezt verði séð fyrir strandsiglingum umhverfis landið, sem tryggi skipulagða og hagnýtari strandferðaþjónustu fyrir landsmenn alla en nú á sér stað.

Um þetta var öll nefndin sammála. Hins vegar var ágreiningur innan nefndarinnar um það, á hvern hátt sú athugun skuli framkvæmd, og klofnaði nefndin af þeim ástæðum. Gefur minni hl. (GíslG og GeirG) því út sérálit. Björn Pálsson var fjarverandi er málið var afgreitt.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að málið verði afgreitt með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til þess að athuga allan rekstur Skipaútgerðar ríkisins. Að lokinni þeirri rannsókn skal nefndin gera tillögur um fyrirkomulag á rekstri strandferða, sem miði að betur skipulagðri og hagnýtari strandferðaþjónustu fyrir landsmenn alla.

   Skal nefndin hafa aðgang að öllum gögnum, sem að rekstri þessum lúta, svo og tillögum, sem fyrir kunna að liggja frá öðrum aðilum.

   Skal verki þessu lokið svo fljótt sem verða má og niðurstöður allar og tillögur þá kunngerðar Alþingi.

2. Fyrirsögn orðist svo:

   Till. til þál. um skipun nefndar til að rannsaka og gera tillögur um rekstur strandferða.

Alþingi, 30. marz 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.

Björn Þórarinsson.

Sþ. 495. Nefndarálit [79. mál]

um till. til þál. um endurskoðun girðingalaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og sent hana til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands og landnámsstjóra. Umsögn Búnaðarfélagsins fylgdu tillögur frá vegamálastjóra um breytingu á girðingalögum.

Nefndin leggur til, að till. verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, með hliðsjón af endurskoðun vegalaga, endurskoða girðingalög, nr. 24 1. febr. 1952. Endurskoðun þessari skal

lokið það tímanlega, að hægt sé að leggja niðurstöður hennar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Einn nefndarmanna, Björn Pálsson, var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 1. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Gísli Jónsson.	Geir Gunnarsson.	Björn Þórarinsson.

Ed. 496. Nefndarálit [102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frv. þetta var lagt fyrir Nd. snemma á þessum vetri, og tók það nokkrum breytingum þar. Hækkað var framlag til byggingar íbúðarhúsa samkv. 48. gr. laganna úr kr. 40000.00 í kr. 50000.00. Byggingarkostnaður hefur hækkað mjög mikið í tíð núverandi ríkisstjórnar og vextir af lánum hækkað úr 3½% í 6%, svo að eigi veitir þeim, er byggja, af að fá ríflegra framlag en þetta, svo að lausaskuldasöfnun verði minni en ella. Þess vegna leggjum við til hækkun á framlaginu úr allt að 40000.00 í kr. 60000.00 og hækkun á árlegu framlagi ríkisins til samræmis við þetta.

Þá leggjum við til, að ákvæði laganna um 10 ha. verði hækkað um helming eða í 20 ha. Þetta er nauðsynlegt, ekki sízt þar sem framlag samkv. jarðræktarlögum er aðeins 1224 kr. á ha.

Að tilhlutun Búnaðarfélags Íslands voru jarðræktarlögin endurskoðuð og frv. afgreitt til landbúnaðarráðherra fyrir rúmu ári. Engar líkur eru á því, að það frv. komi fram á Alþingi því, er nú situr. Miðað við það, að bændur fái þær réttarbætur, sem frv. til jarðræktarlaga frá búnaðarþingi gerir ráð fyrir, skaðast þeir um nokkuð á annan milljónatug árlega, meðan beðið er eftir hinni nýju löggjöf. En aðalkjarni frv. var að færa ríkisframlög í það, að þau hækkuðu í svipuðu hlutfalli og heildarkostnaður framkvæmda.

Þá leggjum við til, að framlag til jarðræktar samkvæmt 6. gr. hækki úr 50% í 65%. Þetta gerum við með tilliti til þess, að jarðrækt dragist ekki saman meira en orðið er. Það er undirstaða landbúnaðarins, að jarðrækt aukist og heyfengur sé nógu mikill, svo að hægt sé að mæta harðæri og stækka búin.

Loks leggjum við til, að ríkið greiði árlega, eftir því sem með þarf, fé til að standa straum af kostnaði samkvæmt lagaákvæðum þessum.

Framsóknarflokkurinn undir forustu þáverandi forsætis- og landbúnaðarráðherra, Hermanns Jónassonar, beitti sér fyrir því árið 1957 að stórhækka jarðræktarframlag ríkisins til þeirra, sem höfðu innan við 10 ha. túnstærð. Árangur þeirrar lagasetningar hefur orðið heillaríkur fyrir land og þjóð. Þá voru rúmlega 3000 jarðir með minna en 10 ha. tún, en í árslok 1961 voru þær 2000, og allar líkur eru á því, að við síðustu áramót séu þær um eða yfir 1400 (endanlegar tölur liggja ekki fyrir um það enn þá). Samkvæmt þessari lagasetningu (lögum um landnám, ræktun og byggingar í sveitum frá 1957) hefur ræktunin verið sem hér segir árlega á jörðum með minna en 10 ha. tún og til samaburðar heildarræktun í landinu.

1958	1541 —	3912 —
1959	1695 —	4499 —
1957	1330 ha.	3570 ha.

1960	1364 ha.	3675 ha.
1961	1113 —	3951 —
1962	(1100)—	(?) —

Eftir þessu yfirliti að dæma er frá árinu 1959 samdráttur í jarðrækt, og nær hann engu síður til þeirra, sem hafa minni túnin, þó að þeir fái hærra ríkisframlag. Allar líkur benda til þess, að efnahagur þessara bænda sé mjög bágur og með sínum litlu búum megni þeir ekki að halda í horfinu og bolmagn til framkvæmda fari þverrandi með hækkandi dýrtíð. Þessum bændum þarf að veita aukinn stuðning til framkvæmda. Augljóst er, að lagasetningin 1957 um hækkun á jarðræktarframlagi hefur haft veruleg áhrif til aukningar á landbúnaðarframleiðslunni og að þá var stigið mikilvægt spor til hagsbóta fyrir landbúnaðinn.

Minni hl. landbúnaðarnefndar leggur til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 2. gr. Í stað „15 ha.“ komi: 20 ha.
2. Við 3. gr. Í stað „15 ha.“ komi: 20 ha.
3. Við 4. gr.
   a. Í stað „50 þúsund“ komi: 60 þúsund.
   b. Aftan við greinina bætist:
      Í stað orðanna „minnst 2 millj. króna“ í sömu lagagrein komi: minnst 3 millj. króna.
4. Við 5. gr. Í stað „15 ha“ komi: 20 ha.
5. Við 6. gr. Í stað „50%“ í 2. málgsr. komi: 65%.
6. Við 8. gr. Greinin orðist þannig:
   64. gr. laganna orðist svo:
   Til þeirra framkvæmda, er um getur í 60. gr., og til framkvæmda, er framlagsrétt fá samkvæmt 63. gr., greiðir ríkissjóður árlega á árunum 1963—1970, að báðum árum meðtöldum, þá fjárhæð, er þarf til að greiða tilskilinn hluta ríkisins samkvæmt ákvæðum þessara laga.

Alþingi, 30. marz 1963.

Ásgeir Bjarnason, frsm. Páll Þorsteinsson.

Sþ. 497. Nefndarálit [41. mál]

um till. til þál. um baráttu gegn eiturlyfjanautn.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefur rætt tillöguna á nokkrum fundum og fengið um hana umsagnir Læknafélags Reykjavíkur, Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands og greinargerðir um mál það, er þingsályktunartillagan fjallar um, frá lögreglustjóranum í Reykjavík, saksóknara ríkisins og yfirsakadómara.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar, en við undirritaðir leggjum til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Í greinargerð yfirsakadómara kemur m. a. fram, að rannsóknarlögreglan hafi á s. l. ári haft allmikil afskipti af mönnum, sem virðast hafa neytt róandi eða örvandi lyfja í óhófi, og að ekki sé annað að sjá en málum þessum hafi fjölgað talsvert frá fyrra ári og einnig frá næstu árum á undan. Fram kemur enn fremur, að alls 34 tegundir lyfja hafa verið teknar af mönnum, sem rannsóknarlögreglan hefur haft afskipti af vegna eiturlyfjanotkunar.

Saksóknari greinir m. a. frá því í bréfi, dags. 29/10 1962, að 12 mál varðandi misnotkun lyfja hafi komið til meðferðar embættis hans, síðan það tók til starfa 1. júlí 1961, auk nokkurra mála, þar sem lyf koma við sögu.

Í einu máli, er saksóknari rekur, kemur fram, að vitni bera, að deyfi- eða örvunarlyf berist til landsins með togurum.

Lögreglustjórinn í Reykjavík upplýsir m. a., að lögreglan þurfi að jafnaði oftar en einu sinni í viku að hafa afskipti af mönnum, sem eru undir áhrifum deyfi- og örvunarlyfja, og hafi slík tilefni til afskipta greinilega farið í vöxt síðastliðin ár.

Lyfjafræðingafélag Íslands greinir frá því í umsögn sinni, að á vegum heilbrigðisstjórnarinnar fari nú fram ýtarleg rannsókn á því, hvernig sölu og dreifingu löglega innfluttra ástríðu- og örvunarlyfja er háttað, og álítur, að ekki sé þörf frekari rannsókna á þeirri hlið málsins, en telur á hinn bóginn æskilegt, að ýtarlega verði rannsakað, hver brögð eru að því, að lyf þessi berist til landsins eftir ólöglegum leiðum, og á hvern hátt bezt megi sporna við því, en um þá hlið málsins fjallar þingsályktunartillagan m. a.

Læknafélag Reykjavíkur mælir eindregið með því, að tillagan verði samþykkt, og Apótekarafélag Íslands telur nefndarskipun þá, sem tillagan gerir ráð fyrir, tímabæra og æskilega.

Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, er ótvírætt, að eiturlyfjaneyzla hefur undanfarin ár farið vaxandi hér á landi. Undirritaðir nefndarmenn telja, að þjóðfélagsleg nauðsyn sé á því, að allt verði gert, sem unnt er, til þess að sporna við þessari þróun, og mikilsvert, að hið fyrsta verði snúizt gegn öllum þáttum þessa alvarlega vandamáls á þann hátt, sem lagt er til með þingsályktunartillögunni.

Umsagnir Læknafélags Reykjavíkur, Lyfjafræðingafélags Íslands og Apótekarafélags Íslands eru prentaðar hér með sem fylgiskjöl.

Alþingi, 27. marz 1963.

Geir Gunnarsson, frsm. Gísli Guðmundsson.

Fylgiskjal I.

LÆKNAFÉLAG REYKJAVÍKUR

Reykjavík, 10. des. 1962.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Þökkum bréf hæstvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 27. nóv. 1962, ásamt „tillögu til þingsályktunar um baráttu gegn eiturlyfjanautn“ (mál 41).

Af því, sem birzt hefur opinberlega um neyzlu deyfilyfja og örvandi lyfja, er augljóst, að hér er um vaxandi vandamál að ræða, sem getur breytzt í þjóðfélagsböl, sé eigi tekið í taumana í tæka tíð. Má í þessu sambandi einkum minna á skýrslu landlæknis, lögreglustjórans í Reykjavík og yfirsakadómara um þessi mál, ásamt ummælum yfirlæknis slysavarðstofunnar (sbr. dagbl. Vísi 18. okt. 1962).

Við lítum þannig á, að þar sem málið er í senn aðkallandi og mikilvægt, þá hljóti ályktun þessi að vera heilbrigðisyfirvöldunum aðstoð og hvatning, sem flýti rannsókn málsins og tryggi heppilegar aðgerðir til varnar ofnotkun ávanalyfja hér í landi.

Af þessum ástæðum mælum við eindregið með því, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar Læknafélags Reykjavíkur,

Arinbjörn Kolbeinsson, form. Snorri P. Snorrason, ritari.

Fylgiskjal II.

LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 3. des. 1962.

Lyfjafræðingafélag Íslands hefur móttekið bréf háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis. Þar er óskað eftir umsögn félagsins um þingsályktunartillögu flutta af Alfreð Gíslasyni. Í tillögunni er gert ráð fyrir, „að Alþingi feli ríkisstjórninni að skipa nefnd sérfróðra manna til þess að rannsaka, hve mikil brögð eru í landinu að ofneyzlu eiturlyfja."

Félagið vill taka fram, að á vegum heilbrigðisstjórnarinnar fer nú fram ýtarleg rannsókn á því, hvernig sölu og dreifingu löglega innfluttra ástríðu- og ávanalyfja er háttað, og álítur, að ekki sé þörf frekari rannsókna á þeirri hlið málsins.

Á hinn bóginn telur félagið æskilegt, að ýtarlega verði rannsakað, hver brögð eru að því, að lyf þessi berist til landsins eftir ólöglegum leiðum, og á hvern hátt bezt megi sporna við því.

F. h. Lyfjafræðingafélags Íslands,

Ólafur Ólafsson, form. — Steingr. Kristjánsson, gjaldk. — Ásgeir Ásgeirsson, ritari.

Fylgiskjal III.

APÓTEKARAFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 4. desember 1962.

Vegna bréfs allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 27. f. m., varðandi þingsályktunartillögu um baráttu gegn eiturlyfjanautn, vill stjórn Apótekarafélags Íslands lýsa því yfir, að hún telur nefndarskipun þá, sem um ræðir í tillögunni, tímabæra og æskilega.

Birgir Einarsson. Sverrir Magnússon.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Nd. 498. Frumvarp til laga [231. mál]

um breyting á lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113 29. des. 1951.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

4. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Lögmætur hluthafafundur getur ákveðið að auka hlutaféð, og skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að aukningunni í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Hafi hluthafi eigi neytt forkaupsréttar síns innan þriggja mánaða frá auglýsingu bankaráðs um hlutafjárauka, skal heimilt að bjóða út innanlands það, sem á vantar samþykktan hlutafjárauka.

2. gr.

5. gr. orðist þannig:

Stjórn félagsins skipa 5 menn.

Iðnaðarmálaráðherra skipar tvo stjórnarmenn, til eins árs í senn. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir á árlegum aðalfundi af öðrum hluthöfum en ríkissjóði. Varastjórn skal skipuð og kjörin á sama hátt.

3. gr.

6. gr. orðist þannig:

Stjórnin ræður bankastjóra, ákveður tölu þeirra og ráðningarkjör og setur þeim erindisbréf.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 30 18. apríl 1962, um breyting á lögum nr. 113 29. des. 1951, um Iðnaðarbanka Íslands h/f.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113/1951, var hámark hlutafjár ákveðið 6½ millj. króna, og var það ákvæði óbreytt þar til á síðasta ári. Aðalfundur Iðnaðarbanka Íslands h/f árið 1961 samþykkti einróma óskir um, að hlutafjárhámarkið yrði hækkað. Var það gert með lögum nr. 30 18. apríl 1962 og hlutafjárhámarkið ákveðið 10 millj. króna.

Á aðalfundi Iðnaðarbankans, sem haldinn var 2. júní 1962, var samþykkt að neyta heimildar hinna nýju laga til aukningar hlutafjár. Jafnframt var samþykkt tillaga þess efnis að skora á iðnaðarmálaráðherra að beita sér fyrir, að ákvæðið um hámark hlutafjár yrði fellt niður úr lögunum og lögmætum hluthafafundi heimilað að ákveða aukningu hlutafjár, eftir því sem ástæður þættu til. Í ljós hefur komið, er sá hluti hlutafjáraukningarinnar, sem forkaupsréttarhafar ekki neyttu réttar síns til að kaupa, var boðinn út innan samtaka iðnaðarins, að eftirspurn var meiri en unnt var að fullnægja, miðað við núgildandi hámarksákvæði hlutafjár. Forráðamenn Iðnaðarbanka Íslands h/f telja með réttu, að bankanum sé styrkur í að sem flestir í iðnaðarstétt séu hluthafar og hafa eindregið áréttað samþykkt síðasta aðalfundar hlutafélagsins um afnám hámarksins.

Rétt er í þessu sambandi að drepa á, að samkvæmt lögum um Verzlunarbanka Íslands h/f og lögum um Samvinnubanka Íslands h/f er aðeins ákveðið lágmark hlutafjár, sbr. 2. gr. laga nr. 46 19. júní 1960 og 2. gr. laga nr. 46 21. apríl 1962. Hámark hlutafjár er hins vegar ekki tiltekið í lögunum og geta því hlutafélögin sjálf ráðið því, eftir almennum reglum.

Með hliðsjón af framanrituðu þykir rétt að verða við tilmælum aðalfundar Iðnaðarbankans um breytingu þá, er hér um ræðir.

Um 2. gr.

Er bankinn tók til starfa, nam hlutafé ríkissjóðs 3 milljónum króna, eða liðlega 46% hlutafjár. Eftir hlutafjáraukninguna, sem ákveðin var á aðalfundi félagsins 1962, samkvæmt heimild í lögum nr. 30/1962, ákvað ríkisstjórnin að neyta forkaupsréttar til að auka hlutafjáreign ríkissjóðs um eina milljón króna og var fé veitt til hlutabréfakaupanna í 20. gr. Út, XXXIV fjárl. 1963. Hlutafjáreign ríkissjóðs nemur því réttum 40% hlutafjár, miðað við núgildandi hámark.

Ríkissjóður hefur allt frá upphafi ráðið kjöri tveggja stjórnarmanna, en ekki neytt atkvæðamagns til að hafa frekari áhrif á stjórnarkjör, þótt jafnan hefði verið unnt. Er talið eðlilegt, að sömu hlutföll haldist áfram innan stjórnar bankans, þótt hámarksákvæði hlutafjár yrðu afnumin og liggur þá beinast við að kveða fortakslaust á um það, að ríkissjóður skipi tvo stjórnarmanna og tvo til vara, svo sem gert er hér.

Bankaráð Iðnaðarbanka Íslands h/f hefur fyrir sitt leyti fallizt á þessa skipan.

Um 3. gr.

Samkvæmt orðalagi 6. gr. laga nr. 113/1951 er ljóst, að þar er aðeins gert ráð fyrir, að einn bankastjóri sé við bankann.

Á aðalfundi Iðnaðarbankans 1962 voru samþykkt tilmæli um breytingu á framangreindu ákvæði, í þá átt, sem hér er lagt til. Er talið nauðsynlegt vegna aukinna starfa og vaxtar bankans að takmarka ekki tölu bankastjóra hans með lögum. Má benda á, að nú eru, auk bankastjóra, starfandi tveir aðstoðarbankastjórar við Iðnaðarbankann.

Rétt þykir, þar sem Iðnaðarbanki Íslands h/f er einkabanki, enda þótt ríkissjóður eigi þar hlut að, að heimila bankaráði að ákveða tölu bankastjóra, eftir því sem bankaráð telur henta starfseminni sem bezt hverju sinni.

Um 4. gr.

Þar sem fjallað er tæmandi um efni laga nr. 30/1962 í 1. gr. frv., er lagt til, að þau lög falli úr gildi, ef frv. þetta verður að lögum.

Ed. 499. Frumvarp til laga [232. mál]

um heimild handa siglingamálaráðherra til að veita Rafni Kolssyni skipstjóraskírteini á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Siglingamálaráðherra skal heimilt að veita Rafni Kolssyni skipstjóra, Reykjavík, undanþágu frá því að ganga undir farmannapróf við stýrimannaskólann í Reykjavík, samkvæmt lögum nr. 5 14. marz 1955, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og láta honum í té skipstjóraskírteini á fiski- og verzlunarskipum, af hvaða stærð sem er, í innanlandssiglingum, enda fullnægi hann ákvæðum laga nr. 66 17. júlí 1946 um siglingatíma. Skulu próf hans frá sjómannaskólanum í Fredrikstad jafngilda íslenzkum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarpið er flutt eftir beiðni sjávarútvegsmálaráðherra. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma við frumvarpið, og hafa óbundna afstöðu til þess.

Svo hljóðandi greinargerð og fylgiskjöl fylgdu frumvarpinu af hálfu ráðuneytisins:

Rafn Kolsson (áður Reidar Kolsöe) er fæddur í Noregi 28. september 1902. Hann öðlaðist íslenzkan ríkisborgararétt með lögum nr. 43/1955.

Hann lauk skipstjóraprófi við sjómannaskólann í Fredrikstad í Noregi 1937 og hefur öðlazt norskt skírteini til skipstjórnar á skipum af ótakmarkaðri stærð og siglt árum saman bæði sem stýrimaður og skipstjóri, á ýmsum skipum allt að 18 þús. rúmlestum að stærð, og hefur hann fært sönnur á, að hann fullnægi skilyrðum laga um siglingatíma til að öðlast skipstjóraréttindi þau, er hér um ræðir.

Skólastjóri stýrimannaskólans í Reykjavík hefur kynnt sér skjöl þau, er fylgja frumvarpi þessu, og önnur skjöl málið varðandi, og telur hann, að skipstjórapróf frá sjómannaskólanum í Fredrikstad jafnist fyllilega á við farmannapróf frá stýrimannaskólanum í Reykjavík og sé eðlilegt að veita Rafni umrædd réttindi, enda leggi hann fram vottorð samkvæmt e-lið 14. gr. laga nr. 66/1946. Hefur því skilyrði þegar verið fullnægt.

Fylgiskjal I.

Reykjavík, 20. febrúar 1963.

Ég undirritaður, Rafn Kolsson skipstjóri, Goðheimum 4 í Reykjavík, leyfi mér hér með að sækja til hins háa ráðuneytis um réttindi til skipstjórnar hér á landi, bæði í utan- og innanlandssiglingum, sbr. 14. gr. laga nr. 66/1946.

Ég lauk skipstjóraprófi við sjómannaskólann í Fredrikstad í Noregi árið 1937 og sigldi síðan sem stýrimaður og skipstjóri á ýmsum skipum allt að 18 þúsund lestum, og þar á meðal á olíuflutningaskipum Bandaríkjamanna.

Í ófriðnum glataðist hið fyrra skipstjóraskírteini mitt, er skipi mínu var sökkt, og fékk ég því nýtt skírteini árið 1949.

Í stríðslokin var ég skipstjóri fyrir ameríska sjóherinn, sem hafði bækistöð í Hvalfirði, og sigldi ég sem skipstjóri með 15 þúsund tonna olíuskip, sem var í förum á milli Rússlands og Íslands, auk þess sem ég annaðist olíuflutninga til herskipa á hafi úti, en umboðsmaður þessa skips á þeim tíma var Eimskipafélag Íslands h/f.

Ég öðlaðist íslenzkan ríkisborgararétt með lögum nr. 43 frá 1955, en þá láðist mér að sækja jafnframt um skipstjórnarréttindi á Íslandi.

Umsókn þessari fylgir vottorð dómsmálaráðuneytisins um ríkisborgararétt minn svo og prófskírteini mitt og skipstjóraskírteini.

Virðingarfyllst,

Rafn Kolsson.

Fylgiskjal II.

STÝRIMANNASKÓLINN
Skólastjórinn.

Reykjavík, 28. febrúar 1963.

Með bréfi, dags. 27. þ. m., sendi ráðuneytið mér til umsagnar beiðni Rafns Kolssonar (áður Reidar Kolsöe) skipstjóra, Goðheimum 4 hér í bæ, dags. 20. þ. m., þar sem hann fer fram á réttindi til skipstjórnar í utan- og innanlandssiglingum, sbr. 14. gr. laga nr. 66/1946. Vil ég vegna þessa leyfa mér að taka fram eftirfarandi:

Samkvæmt skjölum, sem beiðninni fylgja, hefur umsækjandinn lokið skipstjóraprófi frá sjómannaskólanum í Fredrikstad árið 1937, en slíkt próf jafnast fyllilega á við farmannapróf frá stýrimannaskólanum í Reykjavík. Þá hefur hann einnig hlotið norskt skipstjóraskírteini, útg. 1949, sem heimilar honum rétt til skipstjórnar á norskum skipum af ótakmarkaðri stærð í utan- og innanlandssiglingum.

Með tilliti til þessa og þess, að hér er um íslenzkan ríkisborgara að ræða, teldi ég eðlilegt, að hann hlyti umbeðin réttindi. Ég teldi þó rétt eftir atvikum, að hann legði áður fram vottorð samkv. e-lið 14. gr. laga nr. 66/1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Fylgiskjölin endursendast hér með.

Jónas Sigurðsson.

Til samgöngumálaráðuneytisins.

Ed. 500. Frumvarp til laga [196. mál]

um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Ed., 1. apríl.)

Samhljóða þskj. 384 með þessum breytingum:

15. gr. hljóðar svo:

Fjölskyldubætur eru greiddar með öllum börnum yngri en 16 ára. Skulu þær greiddar þeim, sem foreldraráðin hafa, eða þeim öðrum, sem annast framfærslu barnanna, nema meðlagsgreiðandi, sem greiðir meira en lágmarksmeðlag, óski eftir, þá er heimilt að draga helming fjölskyldubótanna frá meðlagsgreiðslunni, þó aldrei svo, að meðlagið verði lægra en lágmarksmeðlag.

Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera kr. 3000.00.

17. gr. hljóðar svo:

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa börn undir 16 ára aldri á framfæri sínu.

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr.	1680.00
Með tveimur börnum	—	9120.00
Með þremur börnum eða fleiri	—	18240.00

21. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar.

Tryggingastofnunin ákveður uppbót samkvæmt grein þessari að fengnum tillögum sveitarstjórnar, og greiðist hún að $^3/_5$ af Tryggingastofnuninni, en að $^2/_5$ af sveitarsjóði. Er stofnuninni heimilt að verja í þessu skyni upphæð, sem nemur allt að 10% af heildarupphæð elli- og og örorkulífeyris síðastliðins árs.

Hlutur Tryggingastofnunarinnar greiðist því aðeins, að hlutur sveitarsjóðs sé jafnframt greiddur.

54. gr. hljóðar svo:

Tryggingastofnun ríkisins ákveður iðgjöldin í hverju samlagi að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórnar og umsögn stjórnar héraðssamlags þess, sem sjúkrasamlagið er aðili að. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlags nægi til að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöld greiða allir þeir, sem tryggingarskyldir eru í sjúkrasamlagi, sbr. 47. gr. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

Stefnt skal að því, að iðgjöldin séu jafnhá, þar sem aðstaða er sambærileg.

Sþ. 501. Tillaga til þingsályktunar [233. mál]

um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Ingvar Gíslason, Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta athuga möguleika á því, að Skipaútgerð ríkisins, í samráði við hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélög, komi á fót á Akureyri útgerð strandferðaskips, er annist strandferðir norðanlands, enda séu

ferðir þess í samræmi við ferðir strandferðaskipa úr Reykjavík til Austfjarða og Vestfjarða. Niðurstöður athugunarinnar verði lagðar fyrir Alþingi, svo fljótt sem unnt er.

Greinargerð.

Tími er til þess kominn að endurskipuleggja strandferðir hér við land með tilliti til breytinga, sem orðið hafa í seinni tíð á atvinnulífi og samgöngum í landinu. Kemur þá mjög til athugunar að taka upp verkaskiptingu á þá leið milli strandferðaskipa á hverjum tíma, að hvert skip veiti þjónustu afmörkuðum landshluta, og séu þá ferðir þess sérstaklega við þarfir þess landshluta miðaðar. Á Alþingi hafa verið uppi tillögur, sem miða í þessa átt, að því er varðar Suður-, Austur- og Vesturland. Er þá gert ráð fyrir, að strandferðaskip, sem sinni þörfum þessara landshluta, séu gerð út frá Reykjavík. Sams konar þörf og eigi minni er á sérstöku strandferðaskipi fyrir Norðurland, en engin þörf er á og miklu fremur óhagræði, að það skip sé staðsett í Reykjavík eða gert út þaðan. Eðlilegt er, að Norðurlandsskip sé gert út frá Akureyri, sem er höfuðstaður Norðurlands og svo mjög vaxandi iðnaðarbær, að þaðan er nú eða verður innan skamms hægt að fá flestar þær iðnaðarvörur, sem eru ekki keyptar frá útlöndum eða fluttar á sérstakan hátt utan strandferðaskipanna (áburður, sement). Útlendum vörum til norðurhafna, sem nú er umskipað í Reykjavík, ætti þá að umskipa á Akureyri, að því leyti sem þær verða ekki fluttar beint frá útlöndum til ákvörðunarstaðar, sem áður tíðkaðist í ríkara mæli en nú og er vitanlega æskilegt.

Vel mætti hugsa sér t. d., að Akureyrarskipið hefði endastöðvar á Ísafirði og Seyðisfirði, sneri við þar í hverri ferð vestur eða austur frá Akureyri. Mundu þá norðan- og sunnanskip væntanlega skiptast á vörum, farþegum og póstsendingum, án aukagjalds, þannig að um samtengt flutningakerfi væri að ræða. En það fyrirkomulag þarf auðvitað nánari athugunar við.

Akureyrarskipið gæti verið eign Skipaútgerðar ríkisins og útgerðin þar útibú frá skipaútgerðinni í Reykjavík. Einnig er hægt að hugsa sér, að stofnað yrði útgerðarfyrirtæki til strandferða norðanlands, t. d. með samvinnu hlutaðeigandi bæjar- og sýslufélaga og S.R. og nyti það þá nauðsynlegs stuðnings frá ríkissjóði.

Nd. 502. Nefndarálit [204. mál]

um frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á nokkrum fundum og fengið Guðmund G. Hagalín bókafulltrúa á sinn fund til viðræðna um það. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frv. með nokkrum breytingum, sem fram koma á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 2. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Óskar Jónsson.

Alfreð Gíslason. Einar Olgeirsson.

Nd. **503. Breytingartillögur** [204. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
   Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóta þau til húsabóta styrks úr ríkissjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt ríkissjóði, leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.
2. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
   Bókaverðir við bæjar- og héraðsbókasöfn, þar sem bókavarzla er aðalstarf, geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:
   1. Hafa lokið prófi í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands eða erlendan skóla og starfað auk þess eitt missiri í íslenzku bæjarbókasafni.
   2. Hafa lokið meistaraprófi í íslenzkum fræðum og auk þess starfað eitt missiri í íslenzku bæjarbókasafni og kynnt sér sérstaklega flokkun og skráningu bóka.
   3. Hafa haft á hendi, þegar lög þessi öðlast gildi, bókavörzlu sem aðalstarf í íslenzku bæjarbókasafni ekki skemur en eitt ár og hafi auk þess meðmæli bókasafnsstjórnar og yfirbókavarðar, hafi viðkomandi unnið í bókasafni, þar sem fleiri en einn bókavörður starfa.

   Yfirbókaverðir við bæjar- og héraðsbókasöfn geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert hinna þriggja fyrrtalinna skilyrða eða annað tveggja eru yfirbókaverðir við gildistöku laganna eða hafa haft bókavörzlu sem aðalstarf í 3 ár.

   Aðstoðarmenn í bókasöfnum skulu hafa fengið góða framhaldsmenntun að loknu skyldunámi, en auk þess skulu þeir ráðnir fyrst í þrjá mánuði til reynslu, en á þeim tíma skal veita þeim starfsþjálfun og tilsögn í frumatriðum bókasafnsfræða.
3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
   Laun bókavarða skal ákveða með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

   Auglýsa skal stöður bókavarða og yfirbókavarða með minnst mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara og skírskotað til laga um réttindi til starfsins. Uppfylli enginn umsækjandi ofangreind skilyrði, skal endurtaka auglýsingu, en að því loknu er bókafulltrúa heimilt að veita undanþágu til að ráða þann, sem hæfastur þykir til starfsins.
4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
   Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavarzla er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á. Skal hún leita álits bókafulltrúa á hæfni þess, er hún hyggst ráða. Maður, sem ráða skal til bókavörzlu, verður að skuldbinda sig til að kynna sér skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslenzku bæjarbókasafni.

   Laun bókavarða samkvæmt þessari grein skulu ákveðin að fengnum tillögum bókafulltrúa.
5. Við 21. gr. Í lok greinarinnar falli niður orðin „en háð skal hún samþykki bókafulltrúa“.
6. Við 29. gr. Greinin orðist svo:
   Menntamálaráðherra skal skipa bókafulltrúa ríkisins. Hann skal uppfylla sömu menntunar- eða starfsaldursskilyrði sem sett eru yfirbókavörðum bæjar- og héraðsbókasafna í 10. gr. Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenn-

ingsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval, húsbyggingar, ráðningu starfsmanna og allt, sem lýtur að rekstri bókasafna. Hann skal efla menntun bókavarðastéttarinnar í samráði við Háskóla Íslands og Bókavarðafélag Íslands með námskeiðum og útgáfu fræðslurita. Einnig skal bókafulltrúi vera ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll málefni almenningsbókasafna.

7. Við 32. gr. Á eftir orðinu „stofnanir“ í 1. málsgr. komi: þess.

Ed. 504. Nefndarálit [130. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 17. mai 1957, um breyt. á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frumv. og mælir með samþykkt þess. Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Alþingi, 1. apríl 1963.

Jón Árnason, form. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr., frsm. Sigurvin Einarsson.
Kjartan J. Jóhannsson. Björn Jónsson.

Ed. 505. Nefndarálit [92. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveitufram-kvæmda í Vestmannaeyjum.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 2. apríl 1963.

Ólafur Björnsson, form., frsm. Jón Þorsteinsson, fundaskr. Björn Jónsson.
Karl Kristjánsson. Magnús Jónsson.

Nd. 506. Frumvarp til laga [234. mál]

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Á eftir 1. grein laganna komi ný grein, er verður 1. gr. a og orðist svo:

Enginn tannlæknir má kalla sig sérfræðing, nema hann hafi fengið til þess leyfi ráðherra.

Ráðherra staðfestir reglur um nám sérfræðinga, sem skulu settar af nefnd, er ráðherra skipar. Sú nefnd skal einnig fjalla um umsóknir um sérfræðileyfi. Nefndin skal þannig skipuð, að prófessorinn í tannlækningum við læknadeild Háskólans er formaður hennar, en tveir nefndarmenn skulu tilnefndir af Tannlæknafélagi Íslands til þriggja ára í senn. Með sama hætti skal enn fremur tilnefna tvo sérfróða tannlækna til þátttöku með nefndinni í meðferð einstakra mála, er varða sérgrein þeirra, og fá þeir þá einnig atkvæðisrétt í nefndinni.

Tannlæknir á rétt á leyfi til að kalla sig sérfræðing, ef hann sannar fyrir nefnd þeirri, sem að framan getur, að hann hafi lokið tilskildu sérfræðinámi í sérgrein, sem viðurkennd er samkvæmt fyrrnefndum reglum, og landlæknir mælir með leyfisveitingunni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er borið fram að ósk Tannlæknafélags Íslands og hefur málið einnig verið borið undir landlækni og læknadeild Háskólans, sem fallast á efni frumvarpsins.

Tannlæknisfræðin er nú orðin svo yfirgripsmikil og sérhæfð, að tannlæknir með almenna tannlæknismenntun getur ekki veitt alla þá meðferð, sem völ er á. Vegna þessa verður að telja tímabært að gefa tannlæknum kost á að sérmennta sig í tilteknum sérfræðigreinum, og verður þá jafnframt að setja reglur um slíkt sérnám.

Ekki er um það að ræða að svo stöddu að hafa samsvarandi meðferð í þessu efni og um sérfræðileyfi almennra lækna, sem læknadeild Háskólans fjallar um, þar sem sérstök tannlæknadeild hefur ekki verið stofnuð, og ekki vitað hvenær það verður gert. Sá undirbúningur, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir að veitingu sérfræðileyfa, er auk þess í meira samræmi við þann hátt sem hafður er í þessu efni í nágrannalöndum okkar.

Ed. 507. Lög [60. mál]

um hámarksþóknun fyrir verkfræðistörf.

(Afgreidd frá Ed. 2. apríl.)

Samhljóða þskj. 358.

Nd. 508. Frumvarp til laga [172. mál]

um byggingarsjóð aldraðs fólks.

(Eftir 2. umr. í Nd., 2. apríl.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingarsjóður aldraðs fólks.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum að því, að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, samkvæmt ákvæðum þar um í lögum um happdrættið.
2. Frjáls framlög eða aðrar tekjur, sem til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

4. gr.

Fela skal Tryggingastofnun ríkisins stjórn sjóðsins og daglegan rekstur hans. Skal fulltrúi stjórnar happdrættis D.A.S. eiga tillögurétt um lánveitingar.

5. gr.

Lán úr sjóðnum má veita gegn öruggum tryggingum, sveitarfélögum eða aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki. Lán til einstaklinga til kaupa á íbúðum fyrir sjálfa sig má þó aðeins veita skv. 6. gr.

6. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að verja hluta af fé sjóðsins til þess að lána einstaklingum, 67 ára og eldri, til kaupa á litlum íbúðum, sem gerðar séu sérstaklega við hæfi aldraðs fólks. Skal þá vera sú kvöð á íbúðunum, að þær verði notaðar fyrir aldrað fólk, meðan lánin hvíla á þeim. Tryggingaráð skal setja um þetta sérstakar reglur, sem félagsmálaráðuneytið staðfestir.

7. gr.

Lán, sem veitt eru úr sjóðnum, mega nema allt að 50% af kostnaðarverði íbúðanna, og skulu þau tryggð með veði í íbúðunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánum annars staðar frá, er nemi allt að 35% af kostnaðarverði íbúðanna.

8. gr.

Styrki og lán skv. 5. gr. má því aðeins veita:

a. að fyrir liggi teikningar af fyrirhuguðum byggingum, sem ráðherra hefur samþykkt.
b. að umsækjandi sýni fram á, að hann hafi tryggt sér nægilegt fjármagn til byggingarinnar annars staðar frá.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um lánstíma og lánskjör.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 509. Breytingartillaga [196. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Páli Þorsteinssyni.

Við 37. gr. Stafliður a orðist þannig:

Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, kr. 2000.00 á mánuði í 8 ár. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný.

Ed. 510. Nefndarálit [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. nefndarinnar er andvígur samþykkt frv., en minni hlutinn mælir með að það verði lögfest.

Aðalefni frumvarpsins er þetta:

Afnuminn verði skattur sá, sem bændum er nú gert að greiða til Stofnlánadeildar landbúnaðarins, og gjald — 0.75% — á söluvörur landbúnaðarins, en árlegt framlag ríkissjóðs til deildarinnar hækkað í 30 millj. kr.

Ríkissjóður taki á sig halla stofnlánasjóða landbúnaðarins vegna gengisfellinganna 1960 og 1961.

Vextir af stofnlánum bænda verði lækkaðir og færðir í sama horf og var, áður en „viðreisnar"-löggjöfin var sett.

Fellt verði niður úr lögunum, að gengisákvæði skuli vera á vissum lánum til landbúnaðarins.

Veðdeild Búnaðarbankans verði efld.

Lögbundið sé fast árlegt framlag til rannsókna og leiðbeininga um gerð húsa.

Hér er um að ræða mikið hagsmunamál bændastéttarinnar.

Skattur sá, sem bændum er gert að greiða með 1% álagi á söluvörur landbúnaðarins, er í reynd skerðing á launum þeirra. Félagssamtök bænda hafa og mótmælt þeirri skattheimtu.

Ríkisvaldið ákvað hinar miklu gengisfellingar, sem röskuðu fjárhagsgrundvelli stofnlánasjóða landbúnaðarins. Réttmætt er, að ríkissjóður standi straum af þeim útgjöldum Stofnlánadeildar, sem af gengisfellingunum leiðir. Og landbúnaðurinn þolir illa að taka á sig gengishalla af lánum, þótt veitt séu til vélakaupa eða vinnslustöðva.

Viðreisnarvextirnir eru landbúnaðinum þungir í skauti og bændum til mikilla hagsbóta, að vextir af stofnlánum þeirra verði lækkaðir.

Brýna nauðsyn ber til að auka fjármagn veðdeildar Búnaðarbankans og gera henni kleift að veita allhá lán og hagkvæm til jarðakaupa.

Rannsóknir og leiðbeiningar um gerð útihúsa á sveitabýlum geta haft hagnýta þýðingu, bæði gagnvart þeim, er húsin reisa, og bankanum, sem veitir lán til framkvæmdanna.

Við leggjum til, að frumvarp þetta verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Páll Þorsteinsson, frsm. Ásgeir Bjarnason.

Sþ. 511. Nefndarálit [166. mál]

um till. til þál. um hægri handar akstur.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt till. og er sammála um að mæla með samþykkt hennar með eftirfarandi

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara athugun á því, hvort tímabært sé að taka upp hægri handar akstur hér á landi.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson.
Björn Þórarinsson.	Geir Gunnarsson.	Gísli Guðmundsson.
	Björn Pálsson.	

Sþ. 512. Nefndarálit [151. mál]

um till. til þál. um bættar samgöngur á sjó við Vestfirði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Til allsherjarnefndar hefur verið vísað till. til þál. um farþega- og vöruflutningaskip fyrir Austfirðinga (136. mál) og till. til þál. um bættar samgöngur á sjó við Vestfirði (151. mál). Nefndarmenn voru þeirrar skoðunar, að til greina kæmi að afgreiða þessi mál sameiginlega með tillögu um, að nefnd yrði falið að endurskoða strandferðamál milli þinga. Minni hluti lét í ljós þá skoðun, að sjálfsagt væri, að Alþingi kysi sjálft slíka nefnd. En við afgreiðslu málsins kom í ljós, að meiri hlutinn vildi ekki á það fallast og hélt fast við það, að nefndin yrði stjórnskipuð. Borin var upp og samþykkt af meiri hluta nefndarinnar tillaga sú um breyt. á till. á þskj. 279 (151. mál), sem prentuð er í nál. meiri hl. á þskj. 494. Er efni hennar, að því er varðar nefndarskipun o. fl., á þá leið, að minni hl. er því ekki fylgjandi. Minni hl. telur rétt, að Alþingi kjósi sjálft milliþinganefnd til að athuga strandferðamál og gera tillögur um breytingar, er til bóta mættu verða. Vill minni hl. fela hinni þingkjörnu nefnd að gera athugun á núverandi skipakosti, sem notaður er til strandferðanna, og þá einnig, eftir því sem þurfa þykir, tillögur um breytingar á þessum skipakosti og tilhögun strandferðanna með það fyrir augum, að strandferðaþjónustan komi að sem beztum notum fyrir alla landshluta. Á þetta vill minni hl. leggja áherzlu, en telur ekki ástæðu til að taka það fram sérstaklega, að milliþinganefndin skuli „athuga allan rekstur Skipaútgerðar ríkisins“, eins og meiri hl. kemst að orði. En að sjálfsögðu mundi milliþinganefndin gera þær athuganir, sem henni þætti við þurfa til þess að inna af hendi verkefni sitt.

Auk þeirra tillagna varðandi strandferðir, sem nefndar hafa verið hér að framan, liggja nú fyrir Alþingi frv. til l. um kaup og rekstur á Vestfjarðaskipi (152. mál), frv. til l. um smíði nýs strandferðaskips fyrir siglingaleiðina Vestmannaeyjar—Þorlákshöfn (187. mál) og till. til þál. um strandferðir norðanlands og útgerð strandferðaskips frá Akureyri (233. mál). Telur minni hl. rétt að beina því til milliþinganefndarinnar að athuga tillögur þær, sem þarna er um að ræða, ásamt tillögunum tveim, sem fyrr voru nefndar, svo og aðrar tillögur um þessi efni, er uppi hafa verið á Alþingi í seinni tíð. Jafnframt er ætlazt til, að nefndin hafi í starfi sínu samráð við Skipaútgerð ríkisins, sem mesta reynslu hefur í þessum málum, og þá aðila aðra, er einkum hafa hagsmuna að gæta fyrir hönd almennings og atvinnurekstrar í byggðum landsins, þ. á m. helztu atvinnu- og verzlunarfyrirtæki í kaupstöðum, kauptúnum og verstöðvum víðs vegar um land.

Það skal tekið fram, að allsherjarnefnd hefur óskað upplýsinga frá samgöngumálaráðuneytinu um það, hvort uppi séu ráðagerðir og tillögur eða hvort teknar

hafi verið ákvarðanir um breytingu á skipulagningu strandferðanna eða áætlunum strandferðaskipanna. Hefur hún fengið þau svör, að enn hafi engar ákvarðanir verið teknar, en fyrirspurn um það, hvort nefndin geti átt þess kost að kynna sér tillögur, sem uppi hafa verið á vegum ríkisstjórnarinnar um þessi mál, hefur ekki enn verið svarað. Það er hins vegar alkunna, að útlendir ráðunautar og svonefnd hagsýslunefnd eða hagsýsluráð, sem ríkisstjórnin hefur sett á stofn, hafa undanfarin ár fjallað um þessi efni án samráðs við Alþingi.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið sagt, leggur minni hl. n. til, að till. á þskj. 279 (151. mál) verði afgreidd með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd til þess að gera athugun á núverandi skipakosti Skipaútgerðar ríkisins og fyrirkomulagi strandferða og, eftir því sem þurfa þykir, tillögur til breytinga, er að því miði að skipuleggja strandferðaþjónustuna þannig, að hún komi að sem beztum notum fyrir alla landshluta.

Nefndin taki til sérstakrar athugunar frumvörp og tillögur, sem fram hafa komið á Alþingi um þetta mál í seinni tíð, og hafi í starfi sínu samráð við Skipaútgerð ríkisins og aðra aðila, sem hér eiga einkum hagsmuna að gæta fyrir hönd almennings og atvinnurekstrar í byggðum landsins.

Alþingi, 2. apríl 1963.

Gísli Guðmundsson, frsm. Björn Pálsson. Geir Gunnarsson.

Ed. 513. Nefndarálit [5. mál]

um frv. til laga um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Ákvæði 2. gr. um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við lögreglu og löggæzlu skulu koma til framkvæmda að fullu 1. janúar 1965. Árið 1963 greiðist úr ríkissjóði 3/10 hlutar af þessum kostnaði utan Reykjavíkur, en 1/4 í Reykjavík. Árið 1964 greiðist úr ríkissjóði 7/10 hlutar utan Reykjavíkur, en 1/3 í Reykjavík.

Tveir nefndarmenn (ÓlJ og AGl) áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja öðrum breytingartill., sem fram kunna að koma.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.

Ólafur Jóhannesson. Alfreð Gíslason.

Ed. 514. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Magnús Jónsson.
Ólafur Jóhannesson. Alfreð Gíslason.

Nd. 515. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Einn nefndarmanna, Karl Guðjónsson, vill afgreiða frv. með rökstuddri dagskrá, en meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Gunnar Gíslason, form., frsm. Benedikt Gröndal, fundaskr. Jónas Pétursson.
Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 516. Nefndarálit [126. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja jörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Með sérstöku tilliti til þess, að Bakkasel í Öxnadal getur haft mikilvægu hlutverki að gegna sem sæluhús eða hjálparstöð fyrir vegfarendur um Öxnadalsheiði, og við endurskoðun vegalaganna, sem nú er yfirstandandi, mun fjallað sérstaklega um slíkar stöðvar, legg ég til, að málið verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að endurskoðun vegalaga er yfirstandandi og við þá endurskoðun hlýtur að verða fjallað um sæluhús eða hjálparstöðvar við erfiða þjóðvegi, en Bakkasel er einmitt einn þeirra staða, er mjög kemur til mála sem slíkur, samþykkir deildin að fresta að svo komnu afgreiðslu þessa máls og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Karl Guðjónsson.

Nd. 517. Nefndarálit [156. mál]

um frv. til l. um bændaskóla.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv. og kynnt sér efni þess. Nefndin er ekki sammála um afgreiðslu frv. Fjórir nefndarmanna mæla með samþykkt þess, en minni hl. (ÁÞ) leggur til, að frv. verði afgreitt með rökstuddri dagskrá.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Gunnar Gíslason, form., frsm.
Benedikt Gröndal, fundaskr.
Jónas Pétursson.
Karl Guðjónsson.

Nd. 518. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Fjórir nefndarmanna mæla með samþykkt frv., en minni hl., Karl Guðjónsson, leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Gunnar Gíslason, form., frsm.
Benedikt Gröndal, fundaskr.
Jónas Pétursson.
Ágúst Þorvaldsson.

Nd. 519. Nefndarálit [186. mál]

um frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu.

Frá minni hl. landbúnaðarnefndar.

Frumvarp þetta gerir ráð fyrir heimild til sölu á tveimur ríkisjörðum til ótiltekinna kaupenda.

Ég er mótfallinn því, að ríkið bjóði jarðeignir sínar til almennrar sölu, og legg því til, að frumvarpið verði fellt.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Karl Guðjónsson.

Ed. 520. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til l. um lögreglumenn.

Frá Alfreð Gíslasyni lækni.

Við 1. gr. Í stað orðanna „að fengnum tillögum sveitarstjórnar“ komi: að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Sþ. 521. Þingsályktun [48. mál]

um endurskoðun veðlaga.

(Afgreidd frá Sþ. 3. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta endurskoða ákvæði löggjafarinnar um veð, sbr. lög nr. 18 4. nóvember 1887, ásamt síðari breytingum þeirra laga, og undirbúa nýja heildarlöggjöf um það efni. Jafnframt verði endurskoðaðar reglur um sölu muna með eignarréttarfyrirvara.

Sþ. 522. Þingsályktun [79. mál]

um endurskoðun girðingalaga.

(Afgreidd frá Sþ. 3. apríl.)

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta, með hliðsjón af endurskoðun vegalaga, endurskoða girðingalög, nr. 24 1. febr. 1952. Endurskoðun þessari skal lokið það tímanlega, að hægt sé að leggja niðurstöður hennar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Ed. 523. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til lyfsölulaga.

Frá meiri hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin hefur rætt frv., og leggur meiri hlutinn til, að það verði samþykkt óbreytt, Karl Kristjánsson þó með fyrirvara. Alfreð Gíslason mun skila sérstöku nefndaráliti.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Jón Þorsteinsson, form.	Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr., frsm.	Auður Auðuns.
	Karl Kristjánsson, með fyrirvara.	

Nd. 524. Nefndarálit [214. mál]

um frv. til l. um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Samkvæmt frv. þessu, ef að lögum verður, heimilast Síldarverksmiðjum ríkisins, með samþykki ríkisstjórnarinnar, að leggja fram allt að 2 millj. kr. sem hlutafé í útgerðarfélagi, er verksmiðjurnar stofni í samvinnu við Siglufjarðarkaupstað. Eignarhlutföll verði þau, að verksmiðjurnar eigi 55% af hlutafénu.

Markmið félagsins á að vera útgerð vélbáta og b/v Hafliða, og skulu skipin vera í föstum viðskiptum við S.R., aðallega með það fyrir augum að tryggja hraðfrystihúsi verksmiðjanna hráefni til vinnslu.

Hraðfrystihús S.R. var byggt árið 1952 með það fyrir augum að efla atvinnulíf í Siglufirði, sem þá var lamað vegna síldarleysis. Við það að byggja hraðfrystihúsið á vegum S.R. vannst það m. a., að hagnýttur var húsakostur og lóðir verksmiðjanna og vinnuafl fastra starfsmanna þeirra.

Árið 1953 var gerður samningur milli Siglufjarðarkaupstaðar og S.R. um rekstur þeirra tveggja togara, sem kaupstaðurinn átti þá, og tók stjórn S.R. að sér að annast alla útgerðarstjórn og rekstur skipanna fyrir reikning og á ábyrgð bæjarsjóðs Siglufjarðar. Hefur svo verið síðan, en nú á bæjarútgerðin, sem kunnugt er, aðeins b/v Hafliða.

Þetta samstarf bæjarútgerðarinnar og verksmiðjanna hefur tvímælalaust verið báðum til styrktar.

Þannig hefur t. d. útgerðin greitt S.R. talsverðar upphæðir vegna framkvæmdastjórnar og bókhalds, og hraðfrystihús S.R. hefur á hinn bóginn greitt verulegar verðbætur á afla togaranna, sem unninn hefur verið í hraðfrystihúsinu. Einnig hefur vélaverkstæði S.R. haft mikil viðskipti við bæjarútgerðina, og verksmiðjurnar hafa unnið úr þeim fiskúrgangi, sem til hefur fallið frá hraðfrystihúsinu. Þetta hefur skapað verkefni fyrir hóp manna allt árið um kring á vegum S.R., en sá hópur hefur verið kjarninn í því starfsliði, sem verksmiðjurnar hafa þurft að sumrinu til, meðan vinnsla síldarinnar stendur yfir.

Nýtt viðhorf hefur að nokkru leyti skapazt í þessu efni vegna þess, að b/v Elliði fórst, svo og vegna aflabrests hjá togurunum, eins og vikið er að í athugasemdum frumvarpsins. Þarf því að gera nýtt átak í útgerðarmálum Siglfirðinga, til þess að hraðfrystihúsin þar á staðnum fái nægileg verkefni og til þess að það gagnlega samstarf milli bæjarfélagsins og S.R. sem að framan er drepið á, geti haldið áfram og komizt í fast form til frambúðar.

Er með frv. þessu farið fram á nauðsynlega lagaheimild fyrir S.R. til þess að semja við Siglufjarðarkaupstað um félagsstofnun með þetta fyrir augum, og mælir nefndin eindregið með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 3. apríl 1963.

Birgir Finnsson, form., frsm. Matthías Á. Mathiesen, fundaskr. Geir Gunnarsson.
Gísli Guðmundsson. Pétur Sigurðsson.

Nd. 525. Breytingartillaga [172. mál]

við frv. til l. um byggingarsjóð aldraðs fólks.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 8. gr. Orðin: „Styrki og“ í upphafi greinarinnar falli niður.

Ed. 526. Breytingartillaga [154. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 40 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti.

Frá Hermanni Jónassyni.

Fyrir orðið „Faxaflóa“ í 1. gr. komi: Faxaflóa og Patreksfjarðarflóa.

Nd. 527. Tillaga til rökstuddrar dagskrár [156. mál]

í málinu: Frv. til laga um bændaskóla.

Frá Ágúst Þorvaldssyni.

Með því að frumvarp þetta er á ýmsan hátt ófullkomið og eigi til þess fallið, ef að lögum verður, að efla bændaskólana og auka veg búnaðarfræðslunnar í landinu, svo sem nauðsyn ber til; og þar sem æskilegt er, að búnaðarþing eigi þess kost að gera rökstuddar tillögur um breytingar á búnaðarfræðslunni, áður en sett er ný heildarlöggjöf um bændaskóla; og í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að mál þetta verði endurskoðað af nefnd, er skipuð sé m. a. einum manni eða fleirum úr bændastétt, þá telur deildin ekki rétt að lögfesta þetta frumvarp og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Nd. 528. Frumvarp til laga [204. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 411 með þessum breytingum:

6. gr. hljóðar svo:

Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóta þau til húsabóta styrks úr ríkissjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt ríkissjóði, leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

10. gr. hljóðar svo:

Bókaverðir við bæjar- og héraðsbókasöfn, þar sem bókavarzla er aðalstarf, geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert eftirfarandi skilyrða:

1. Hafa lokið prófi í bókasafnsfræðum við Háskóla Íslands eða erlendan skóla og starfað auk þess eitt missiri í íslenzku bæjarbókasafni.
2. Hafa lokið meistaraprófi í íslenzkum fræðum og auk þess starfað eitt missiri í íslenzku bæjarbókasafni og kynnt sér sérstaklega flokkun og skráningu bóka.
3. Hafa haft á hendi, þegar lög þessi öðlast gildi, bókavörzlu sem aðalstarf í íslenzku bæjarbókasafni ekki skemur en eitt ár og hafi auk þess meðmæli bókasafnsstjórnar og yfirbókavarðar, hafi viðkomandi unnið í bókasafni, þar sem fleiri en einn bókavörður starfa.

Yfirbókaverðir við bæjar- og héraðsbókasöfn geta þeir einir orðið, sem uppfylla eitthvert hinna þriggja fyrrtalinna skilyrða eða annað tveggja eru yfirbókaverðir við gildistöku laganna eða hafa haft bókavörzlu sem aðalstarf í 3 ár.

Aðstoðarmenn í bókasöfnum skulu hafa fengið góða framhaldsmenntun að loknu skyldunámi, en auk þess skulu þeir ráðnir fyrst í þrjá mánuði til reynslu, en á þeim tíma skal veita þeim starfsþjálfun og tilsögn í frumatriðum bókasafnsfræða.

11. gr. hljóðar svo:

Laun bókavarða skal ákveða með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Auglýsa skal stöður bókavarða og yfirbókavarða með minnst mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara og skírskotað til laga um réttindi til starfsins. Uppfylli enginn umsækjandi ofangreind skilyrði, skal endurtaka aug-

lýsingu, en að því loknu er bókafulltrúa heimilt að veita undanþágu til að ráða þann, sem hæfastur þykir til starfsins.

12. gr. hljóðar svo:

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavarzla er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á. Skal hún leita álits bókafulltrúa á hæfni þess, er hún hyggst ráða. Maður, sem ráða skal til bókavörzlu, verður að skuldbinda sig til að kynna sér skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslenzku bæjarbókasafni.

Laun bókavarða samkvæmt þessari grein skulu ákveðin að fengnum tillögum bókafulltrúa.

21. gr. hljóðar svo:

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (þeim sveitarfélögum), sem það tilheyrir. Hún skal ráða safninu bókavörð og leitast við að fá til bókavörzlu áhugasama menn um bækur og bóklestur. Greiða má bókaverði þóknun.

29. gr. hljóðar svo:

Menntamálaráðherra skal skipa bókafulltrúa ríkisins. Hann skal uppfylla sömu menntunar- eða starfsaldursskilyrði sem sett eru yfirbókavörðum bæjar- og héraðsbókasafna í 10. gr. Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval, húsbyggingar, ráðningu starfsmanna og allt, sem lýtur að rekstri bókasafna. Hann skal efla menntun bókavarðastéttarinnar í samráði við Háskóla Íslands og Bókavarðafélag Íslands með námskeiðum og útgáfu fræðslurita. Einnig skal bókafulltrúi vera ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll málefni almenningsbókasafna.

32. gr. hljóðar svo:

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga. Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

Sþ. 529. Tillaga til þingsályktunar [235. mál]

um, að ríkisbankarnir sjái landbúnaðinum fyrir nauðsynlegum afurða- og rekstrarlánum.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Ásgeir Bjarnason, Ólafur Jóhannesson, Jón Skaftason, Gísli Guðmundsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að ríkisbankarnir láti landbúnaðinum í té nauðsynleg lán móts við aðra atvinnuvegi þjóðarinnar, m. a. með því að kaupa afurðalánavíxla vegna landbúnaðarafurða frá þeim fyrir-

tækjum, sem annast sölu þessara afurða, að því marki, að þessi fyrirtæki geti greitt bændum þegar við móttöku afurðanna það verð, sem gert er ráð fyrir í verðlagsgrundvelli á hverjum tíma.

Greinargerð.

Allar launþegastéttir í landinu munu fá kaup sitt greitt annaðhvort viku- eða mánaðarlega. Það mun vera samningsatriði við atvinnurekendur á hverjum stað, að þeir standi í skilum með kaupið á vissum útborgunardögum. Það er mjög eðlilegt, að hver maður verði að fá vinnu sína greidda svo að segja jafnharðan, svo að hann geti keypt lífsnauðsynjar sínar og staðið í skilum með opinber gjöld. Engum mun detta í hug, að þetta geti öðruvísi verið. Lánastofnanir munu því yfirleitt hjálpa þeim atvinnurekendum með lánum, er þess þurfa, svo að þeir geti staðið í skilum við starfsfólk sitt á umsömdum útborgunardögum.

Bændur landsins hafa fyrir löngu verið viðurkenndir eins konar launþegar, þar sem lög gilda um afurðaverð þeirra og um kaup þeim til handa með þeim fyrirmælum, að það skuli vera í sem nánustu samræmi við tekjur annarra vinnandi stétta. Afurðaverðið er ákveðið samkvæmt áætlun um, hvað mikið þurfi til að borga rekstrarkostnað við meðalbúið, og er vinna bóndans ákveðinn hluti þar af. Til þess að geta rekið búið þarf bóndinn allmikið fjármagn. Hann þarf t. d. samkvæmt núgildandi verðgrundvelli að kaupa áburð og fóðurbæti fyrir um 37 þús. kr. Hann þarf til viðhalds húsum og girðingum 10 þús. kr. Hann þarf til rekstrar og viðhalds véla um 17 þús. kr. Í flutningskostnað fara 8600 kr. Í vexti af skuldum þarf rúmlega 6 þús. kr. Í ýmsan rekstrarkostnað fara 6 þúsund kr. Og svo þarf að borga út um 14 þús. kr. fyrir aðkeypta vinnu. Þetta gerir tæpar 99 þús. kr., sem bóndinn þarf að snara út úr búi sínu. En auk þess á hann svo sjálfur að fá út úr búinu til eigin persónulegra þarfa fyrir vinnu sína 94576 kr. og vexti af eigin fé 18600 kr. Þetta allt saman eru tæplega 212 þúsund kr. Það eru að mestu leyti afurðir af nautgripum og sauðfé, sem eiga að standa undir þessum útgjöldum, eða 110 þús. kr. af nautgripum og 75 þús. kr. af sauðfé, en auk þess nokkrar tekjur af garðrækt o. fl.

Tekjurnar af nautgripunum, þ. e. a. s. mjólkin er greidd mánaðarlega að rúmlega ⅔ hlutum, en tæplega ⅓ verðsins kemur ekki í hendur bóndans fyrr en hér um bil hálfu öðru ári eftir að innlegg vörunnar hefst. Um sauðfjárafurðirnar er það að segja, að margir bændur munu fá ⅔ verðsins nokkru eftir afhendingu afurðanna, en ⅓ fá þeir ekki fyrr en 8—12 mánuðum síðar. Þetta orsakast af því, að stofnanir þær, sem taka þessar vörur af bændum til sölumeðferðar, skortir fjármagn til þess að geta borgað þær því verði við móttöku, sem gert er ráð fyrir að bændur eigi að fá, og engar peningastofnanir hafa viljað lána út á vörurnar fullnægjandi upphæðir. Seðlabankinn lánar rösklega helming af væntanlegu verði vörunnar, og hefur sú upphæð lækkað hlutfallslega hin síðari ár. Verzlanir og afurðasölufélög bænda hafa yfirleitt ekki átt aðgang að viðbótarafurðalánum.

Í þeim löndum, þar sem frjáls viðskipti peningastofnana tíðkast, sækjast bankar eftir því að hafa viðskipti við afurðasölustofnanir bænda. Í Danmörku og Noregi fá bændur strax að lokinni afhendingu búsafurða útborgað það verð, sem þeim ber, og standa þeir af þeim sökum miklu betur að vígi við búskapinn en stéttarbræður þeirra hér á landi, sem verða að reka bú sín og heimilishald að verulegu leyti með lausaskuldum, enda í mörgum tilfellum undir hælinn lagt, hvort bændum tekst að útvega sér nauðsynleg rekstrarlán.

Þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, að ríkisstjórnin hafi forgöngu um, að ríkisbankarnir leysi þann vanda, sem hér er á ferðinni. Með ríkisbönkunum er átt við: Seðlabanka Íslands, Landsbanka Íslands, Útvegsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands. Virðist sanngjarnt, að allir ríkisbankanir taki þátt í að ráða bót á miklu vandamáli eins aðalatvinnuvegar þjóðarinnar, enda þótt eðlilegt megi teljast, að hlutur Seðlabankans verði þar stærstur. Jafnframt verður að álíta, að ríkisstjórnin geti, ef vilji er fyrir hendi, markað réttláta stefnu ríkisbankanna í þessu máli.

Ed. 530. Nefndarálit [90. mál]

um frv. til l. um breyt. á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og umsagnir þær, er borizt höfðu um málið.
Mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, er fram kunna að koma.

Alþingi, 4. apríl 1963.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson.
Sigurvin Einarsson. Björn Jónsson.

Ed. 531. Nefndarálit [91. mál]

um frv. til l. um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og kynnt sér umsögn þeirra aðila, er álits hafði verið leitað um mál þetta.
Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt frumvarpsins, en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 4. apríl 1963.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Kjartan J. Jóhannsson.
Sigurvin Einarsson. Björn Jónsson.

Ed. 532. Frumvarp til laga [89. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 4. apríl.)

Samhljóða þskj. 109 með þessum breytingum:

3. gr. hljóðar svo:
Enginn má gera sér veitingasölu né rekstur gististaða að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.
Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu í skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annarra óviðkomandi.

11. gr. hljóðar svo:
Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 10. gr. eru:
1. Að húsakynni og búnaður sé í samræmi við reglur, sem ráðuneytið setur. Gistihús skulu ekki hafa færri en 20 rúm fyrir gesti.

2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi.
4. Að í gistihúsinu starfi að staðaldri við daglega stjórn maður, er fullnægir skilyrðum 12. gr.
5. Að tryggt sé að fullnægt verði ákvæðum 9. gr.

Leyfishafa er skylt að tilkynna lögreglustjóra og eftirlitsmanni samkvæmt VI. kafla laga þessara, hver sé forstöðumaður hverju sinni og hver af starfsmönnum gistihússins hafi sérþekkingu samkvæmt 12. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá skilyrði 4. töluliðs, sé maður með sérþekkingu samkvæmt 12. gr. ekki fáanlegur til starfans eða líkur séu til þess, að gistihúsið beri ekki kostnað af að hafa slíkan mann í þjónustu sinni.

16. hljóðar svo:

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 15. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú rís ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanna, að krefjast þess, að í veitingahúsum og á skemmtistöðum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

22. gr. hljóðar svo:

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

1.	Gistihúsleyfi, veitingahúsleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	kr. 3000.00
2.	Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi, söluskýlisleyfi	— 1500.00
3.	Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	— 1000.00
4.	Leyfi til tækifærisveitinga og bráðabirgðaleyfi samkv. 24. gr.	— 150.00
5.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis	— 150.00

Þeir aðilar, sem hafa öðlazt veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., nr. 21 15. júní 1926, skulu aðeins greiða endurnýjunargjald af fyrsta leyfi, sem þeir kunna að fá útgefið samkvæmt lögum þessum.

Nú er starfsemi flutt í ný húsakynni og þarf af þeim orsökum að gefa út nýtt leyfi, og skal þá greiða jafnhátt gjald og við venjulega endurnýjun leyfis, enda sé starfsemin á hinum nýja stað sams konar og á hinum fyrri.

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá greiðast gjald fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fjögurra ára fresti gegn gjaldi samkv. 5. tl. þessarar greinar. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar, og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá eftirlitsmanni eða heilbrigðiseftirliti um alvarlegar misfellur á rekstrinum, unz úr hefur verið bætt.

Ed. 533. Breytingartillögur [54. mál]

við frv. til lyfsölulaga.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við 7. gr. 1. málsgr. orðist svo:
   Leyfi til að reka lyfjabúð (lyfsöluleyfi) má veita einstaklingum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, félögum svo og Háskóla Íslands. Leyfishafa er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna, svo sem þau eru á hverjum tíma, um réttarstöðu hans og starfshætti, þ. á m. um búnað, fyrirkomulag og rekstur lyfjabúða.
2. Við 9. gr.
   a. 3. málsl. næstsíðustu málsgr. orðist svo:
      Forstöðumaður félagsrekinna lyfjabúða skal fullnægja ákvæðum 1. málsgr. (tölul. 1—6), og ber að auglýsa stöðu hans skv. ákvæðum 7. gr., og skal ráðherra samþykkja ráðningu hans að fenginni umsögn skv. 3. málsgr. 7. gr.
   b. Síðasta málsgr. greinarinnar orðist svo:
      Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvizkusemi og í samræmi við landslög. Gildir þetta einnig um forstöðumann lyfjabúðar, sem rekin er af sveitarfélagi, sjúkrasamlagi, félagi eða af Háskóla Íslands, svo og um forstöðumann lyfjaútibús, sbr. 43. gr., og um forstöðumann lyfjagerðar, sbr. 13. gr. Ráðherra ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar.

Sþ. 534. Tillaga til þingsályktunar [236. mál]

um sjómannatryggingar.

Flm.: Guðlaugur Gíslason, Jón Árnason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa þriggja manna nefnd sérfróðra manna til athugunar á möguleikum til samfærslu núverandi sjómannatrygginga, lögboðinna og samningsbundinna, í eina heildartryggingu. Athugað verði jafnhliða, ef slík samfærsla telst framkvæmanleg, um möguleika til, að heildartryggingin verði boðin út á frjálsum markaði.

Greinargerð.

Tryggingar sjómanna á íslenzka fiskiskipaflotanum hafa á undanförnum árum þróazt í þá átt, að þær eru nú þegar orðnar flóknari en svo í framkvæmd, að við verði unað, ef nokkur kostur er til úrbóta. Gerir framangreind tillaga ráð fyrir skipun þriggja manna nefndar sérfróðra manna, sem athugi möguleika til og geri tillögu um einfaldari framkvæmd þessara mála, ef fært þykir.

Eins og nú er, greiða útgerðarmenn tryggingariðgjöld vegna áhafna skipa sinna í fjórum liðum, ef sjúkrasamlagsiðgjöld eru meðtalin, og grípur hver tryggingin að meira eða minna leyti inn á svið annarra.

Tryggingar þær, sem hér um ræðir, eru: Í fyrsta lagi hin almenna lögboðna slysatrygging samkvæmt almannatryggingalögunum. Tekur trygging þessi til sjúkrahjálpar, dagpeninga, örorkubóta og dánarbóta. Í öðru lagi samningsbundin 200 þúsund króna trygging á hvern skipverja. Tekur trygging þessi til dánarbóta og bóta vegna varanlegrar örorku, Og í þriðja lagi samningsbundin ábyrgðartrygging að upphæð 1250 þús. kr. á skip, þó þannig, að ekki greiðast hærri bætur en 500 þús. kr. fyrir einstakling.

Samkvæmt upplýsingum frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja eru iðgjöld fyrir þessar tryggingar sem hér segir, og er þá miðað við 100 tonna skip með 11 manna áhöfn og 9 mánaða úthald:

1. Slysatryggingar samkvæmt almannatryggingalögunum ..... kr. 21067.00
2. Samningsbundin 200 þúsund króna trygging á skipverja ..... — 14690.00
3. Samningsbundin ábyrgðartrygging (iðgjald kr. 112.00 á tonn) .. — 11200.00

Samtals kr. 46957.00

Flutningsmenn telja sjálfsagt, að athugað verði af sérfróðum mönnum, hvort ekki sé unnt að gera tryggingar þessar einfaldari í framkvæmd með því að færa þær saman í eina heildartryggingu og þá um leið ódýrari, án þess að réttur hinna tryggðu verði í nokkru skertur.

Telja flutningsmenn, að um tvær leiðir geti verið að velja í þessu sambandi: að almannatryggingarnar taki að sér allar framangreindar tryggingar gegn einu ákveðnu iðgjaldi, eða að tryggingarnar verði boðnar út á frjálsum markaði sem ein heildartrygging.

Sþ. 535. Nefndarálit [59. mál]

um till. til þál. um vegabætur á Vestfjörðum.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur athugað og rætt þáltill. á nokkrum fundum. Var hún send vegamálastjóra til umsagnar, og er umsögn hans birt hér með sem fylgiskjal.

Nefndin ræddi umsögn vegamálastjóra svo og breytingartill. á þskj. 100. Minni hl. (GíslG og GeirG) vildi breyta tillögunni á þann hátt, að hún næði og til annarra og miklu stærri landshluta og að við hana yrði bætt till. á þskj. 100. Á þetta gat meiri hl. n. ekki fallizt. Minni hl. n. gefur því út sérstakt nefndarálit um málið. Meiri hl. leggur til, að þáltill. verði samþykkt óbreytt. Tveir nefndarmenn (JR og BP) voru fjarverandi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.

Fylgiskjal.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 28. febr. 1963.

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um vegabætur á Vestfjörðum á þingskjali 59, ásamt breytingartillögu á þingskjali 100.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis hefur með bréfi, dags. 7. þ. m., sent mér til umsagnar ofangreindar tillögur, ásamt breytingartillögu.

Í tillögunni er lagt til, að vegamálastjóra verði falið „að láta gera áætlun um vegagerð á Vestfjörðum, er stefni að því takmarki, að lokið verði á sem stytztum tíma öllum aðalvegum um þennan landshluta og tryggt öruggt akvegasamband milli byggðarlaga hans meginhluta árs hvers.“

Í breytingartillögunni á þingskjali 100 er hins vegar lagt til, að tillögugreinin orðist svo: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta Vestfirði og Austurland

njóta jafnréttis um lánsfé til vegargerðar við þann landshluta, þar sem að tilhlutan ríkisstjórnarinnar er nú þegar unnið að vegagerð fyrir lánsfé.“

Um tillöguna á þingskjali 59 er það að segja, að stjórnskipuð nefnd hefur undanfarin 2 ár unnið að endurskoðun vegalaga, og skilaði nefndin áliti til ríkisstjórnarinnar á síðastliðnu hausti. Verði tillögur nefndarinnar að lögum, verða gerðar áætlanir um framkvæmdir í vegakerfinu í heild og þar með að sjálfsögðu einnig fyrir Vestfirði, og yrði tillagan þá óþörf.

Nái tillögur nefndarinnar hins vegar ekki fram að ganga á Alþingi, er nú situr, þá lít ég svo á, að ofangreind tillaga til þingsályktunar sé of takmörkuð, þar sem full þörf er á sams konar áætlunargerð í fleiri landshlutum en á Vestfjörðum.

Með tilliti til þessa get ég ekki mælt með því, að tillagan verði samþykkt í því formi, sem hún liggur nú fyrir.

Að því er varðar breytingartillöguna á þingskjali 100, þá verður ekki annað séð en að hún sé að efni til alveg ný tillaga, sem frekar ætti heima sem viðaukatillaga við aðaltillöguna en sem breytingartillaga.

Verði ný vegalög hins vegar ekki samþykkt á þingi því, er nú situr, þá lít ég svo á, að tillagan sé of takmörkuð, þar sem mörg aðkallandi verkefni bíða úrlausnar í fleiri landshlutum en Austfjörðum og Vestfjörðum, þó að þar sé mikið ógert í vegamálum. Get ég því ekki mælt með því, að breytingartillagan verði samþykkt í því formi, sem hún liggur fyrir.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Sþ. 536. Tillaga til þingsályktunar [237. mál]

um endurskoðun á framlögum ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga.

Frá meiri hl. samvinnunefndar samgöngumála.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta undirbúa tillögur um framtíðarskipan á ferðum flóabáta og aðstoð ríkissjóðs til þessa þáttar samgöngumála. Skal endurskoðuninni lokið og tillögur lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Það er álit meiri hluta samvinnunefndar samgöngumála, að aðkallandi sé, að unnið verði að endurskoðun þeirra mála, sem tillagan fjallar um, svo að tryggt sé, að fjármagn það, sem ríkissjóður leggur af mörkum til fyrirgreiðslu og stuðnings bættra samgangna í hinum ýmsu byggðum landsins, komi að sem beztum notum fyrir þá mörgu aðila, sem þeirra eiga að njóta. Telur nefndin æskilegt og raunar nauðsynlegt, að á nokkurra ára fresti séu þessi samgöngumál tekin til endurskoðunar, svo að samgöngubætur þessar megi veita íbúum strjálbýlisins öruggari og betri þjónustu en verið hefur til þessa. Þó að landsamgöngur hafi á undanförnum árum verið stórbættar, verður ekki á móti mælt, að ýmsir landshlutar, eins og t. d. nokkur hluti Austfjarða og Vestfjarða, svo og byggðin við norðanverðan Breiðafjörð, hafa mikla þörf fyrir bætta þjónustu í sambandi við fólks- og vöruflutninga. Að sjálfsögðu verður að hafa það í huga við slíka endurskoðun, að þeir landshlutar, þar sem strjálbýlið er orðið mikið vegna burtflutnings fólksins til þéttbýlisins, fái nægilega þjónustu, svo að þeir landshlutar megi vel við una. Leggur meiri hl. nefndarinnar áherzlu á, að endurskoðun þessari verði lokið, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman. — Nánar í framsögu.

Ed. **537. Breytingartillögur** [54. mál]

við frv. til lyfsölulaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar (AGl).

1. Við 1. gr. 3. málsgr. falli niður.
2. Við 7. gr.
   a. 1. málsl. 1. málsgr. orðist svo:
      Leyfi til rekstrar lyfjabúðar má veita einstaklingum, sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, samvinnufélögum og öðrum opinberum stofnunum, sem ætla má, að gæti trúlega hagsmuna almennings.
   b. 3. málsgr. orðist svo:
      Umsóknir skal leggja fyrir lyfjaskrárnefnd, og skal hún láta landlækni í té rökstudda umsögn um hæfni umsækjenda. Landlæknir sendir síðan ráðherra álit um það, hverja af umsækjendum hann telur hæfasta í töluröð, og skal umsögn nefndarinnar fylgja álitinu.
3. Við 9. gr.
   a. 2. málsgr. falli niður.
   b. 3. málsgr. orðist svo:
      Áður en leyfisbréf er afhent, ber lyfsala (forstöðumanni) að undirrita heit um, að hann muni rækja störf sín af kostgæfni og samvizkusemi og í samræmi við landslög. Ráðherra ákveður form ofangreindrar yfirlýsingar.
4. 17.—19. gr. (IV. kafli, Vinnudeilur og kjarasamningar) falli niður.
5. Við 33. gr. Þrjár fyrstu málsgr. orðist svo:
   Sé leyfishafi einstaklingur, skal hann sjálfur annast forstöðu lyfjabúðar sinnar og bera ábyrgð á rekstri hennar, svo og útibúum, sbr. 43. gr.
   Sé leyfishafi félagsrekin stofnun, skal hún fela lyfjabúð sína í umsjá forstöðumanns, er fullnægi skilyrðum þeim, sem greind eru í fyrri málsgrein 9. gr., enda samþykki ráðherra með ráði landlæknis ráðningu hans. Forstöðumaður ber ábyrgð á starfrækslu lyfjabúðarinnar.
   Þegar ræðir um lyfsala í lögum þessum, er átt við leyfishafa samkvæmt ákvæði fyrstu málsgreinar, svo og leyfishafa og forstöðumann samkvæmt annarri málsgrein, báða saman eða hvorn í sínu lagi, eftir því sem við getur átt.
6. Við 50. gr. 1. málsl. orðist svo:
   Þau fyrirtæki ein, sem hlotið hafa til þess meðmæli landlæknis og leyfi ráðherra, mega framleiða lyf, enda fullnægi fyrirtækin eftirfarandi skilyrðum:
7. Við 51. gr. Greinin orðist svo:
   Á vegum heilbrigðismálastjórnarinnar skal reka verzlunarfyrirtæki, er sé eign ríkisins og heiti Lyfjaverzlun Íslands. Því skal komið fyrir sem hér greinir:
   1. Ríkissjóður skal leggja fyrirtækinu til nægilegt stofnfé.
   2. Fyrirtækið er sjálfstæður fjárhagsaðili og ber eitt ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum sínum. Það skal rekið samkvæmt fyrir fram gerðri áætlun til eins árs í senn, er ráðherra staðfestir. Ársreikninga fyrirtækisins, endurskoðaða af ríkisendurskoðuninni, skal jafnan leggja fyrir fjárhagsnefndir Alþingis.
   3. Verksvið fyrirtækisins er að flytja inn, framleiða og verzla með lyf, lyfjaefni, hjúkrunarvarning, sjúkragögn og aðra læknisdóma. Vörur þær, er lyfjabúðir einar og læknar (dýralæknar), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, mega selja, er lyfjaverzluninni skylt að hafa á boðstólum og selja eingöngu þessum aðilum, svo og ríkinu, sjúkrahúsum og öðrum samsvarandi stofnunum til eigin afnota.

4. Fyrirtækinu stjórna tveir framkvæmdastjórar, er ráðherra skipar, og skal annar vera læknir, er hafi lyfjafræði (pharmacologia) að sérgrein, en hinn hafi lokið prófi í lyfjafræði lyfsala og öðlazt rétt til að kalla sig lyfjafræðing (sbr. 14. gr.). Aðalframkvæmdastjóri ber ábyrgð á fjárhagslegum rekstri fyrirtækisins, en að öðru leyti skal ákveða í reglugerð, hvernig þeir skipti með sér störfum. Unz ákveðið verður í kjarasamningum, kveður ráðherra á um launakjör framkvæmdastjóra og setur reglur um starfsmannahald og launagreiðslur fyrirtækisins að öðru leyti.
5. Álagningu fyrirtækisins skal hagað svo, að unnt sé að standast allan kostnað af rekstri þess, þ. á m. hæfilegum afskriftum, og leggja í rekstrartryggingarsjóð 1%, mest 2%, af vöruveltunni. Ágóða, er verða kann umfram þetta, skal varið til lækkunar á verði nauðsynlegustu lyfja.
6. Fyrirtækið er undanþegið tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitarfélaga.

8. Á eftir 51. gr. komi tvær nýjar greinar, er verði 52. og 53. gr., og breytist greinaröð í samræmi við það. Greinarnar eru svo hljóðandi:
   a. (52. gr.) Lyfjaverzlun Íslands er með lögum þessum veittur einkaréttur til að flytja inn og selja í heildsölu allar þær vörur, sem lyfjabúðum og læknum (dýralæknum), sem hafa rétt eða leyfi til lyfjasölu, er einum heimilt að selja.

      Þetta ákvæði er þó ekki því til fyrirstöðu, að lyfsali skipti við lækna (dýralækna), sem lyfjasölu hafa á hendi í nágrenni hans.
   b. (53. gr.) Lyfjaverzlun Íslands skal skylt, gegn vægri þóknun, er ráðherra samþykkir, en nema verður þó fullum kostnaði, að taka að sér útvegun, innflutning og dreifingu lyfja, lyfjaefna og annarra læknisdóma (þar á meðal bóluefnis og sótthreinsunarlyfja), er ríkissjóður lætur ókeypis í té, enn fremur efna, sem almennt eru notuð til varnar gegn dýrasjúkdómum og lækningar á þeim, svo og annarra efna í sambærilega þágu atvinnuvega landsmanna. Um tilhögun dreifingar þessara efna fer eftir því, sem ákveðið er eða kann að verða í sérstökum lögum eða ráðherra segir nánar fyrir um í reglugerð.
9. Við 54. gr. 2. málsgr. orðist svo:

   Heimilt er þó framleiðendum að láta læknum í té endurgjaldslaust takmarkað magn af óskráðum sérlyfjum í reynsluskyni.
10. Við 55. gr. Nýr töluliður komi næst á eftir 2. tölulið, svo hljóðandi:

    Reynsla er fengin um, að hættulegar aukaverkanir lyfsins í tilgreindum skömmtum komi ekki til greina.
11. Við 56. gr. Orðin „og selja þau í heildsölu þeim aðilum, sem hafa rétt til lyfjasölu (sbr. 40., 41. og 42. gr.)“ í 1 málsl. falli burt.
12. Við 70. gr.
    a. Í stað „1. júlí 1963“ í 1. málsgr. komi: 1. janúar 1964.
    b. Í staðinn fyrir málsliðinn, sem hefst á orðunum „Ákvæði 4. gr. laga nr. 69 7. maí 1928“ komi svo hljóðandi málsliður:

       Ákvæði laga nr. 69 7. maí 1928, um einkasölu á áfengi, varðandi lyfjaverzlun áfengisverzlunarinnar og eftirlit með lyfjabúðum.

Nd. 538. Frumvarp til laga [238. mál]

um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

I. KAFLI
Um meðferð ölvaðra manna.

1. gr.

Þá, sem teknir eru höndum sakir ölvunar, skal lögreglan tilkynna til áfengisvarnaráðunauts (eða áfengisvarnanefndar), sem heldur spjaldskrá í þessu skyni. Einnig ber lögreglunni að tilkynna aðstandendum hins handtekna um aðgerðir sínar.

Þegar um ítrekaðar handtökur er að ræða, eða grunur leikur á, að hinn handtekni sé haldinn drykkjusýki, eða yfirvofandi drykkjusýki, skal lögreglan, að fengnu læknisvottorði, flytja hinn handtekna í sjúkrahús, er veitt getur slíkum sjúklingi viðtöku.

Nú er ekki völ á rúmi í sjúkrahúsi í þessu skyni, og skal þá veita hlutaðeigandi sjúklingi læknismeðferð, eftir því sem við verður komið.

2. gr.

Ölvaða menn, sem sæta meðferð samkvæmt ákvæðum 1. greinar, skal hafa í gæzlu, unz af þeim er runnið, og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til samkvæmt ákvæðum 3. greinar.

3. gr.

Læknir, sem stundar ölvaða menn samkvæmt ákvæðum 1. og 2. greinar, skal sjá um, að hlutaðeigandi sjúklingi sé látin í té viðeigandi aðhlynning, en auk þess gerir hann sér far um að kynna sér líkamlegt og andlegt ásigkomulag þeirra, svo og allar aðstæður með tilliti til drykkjuhneigðar þeirra og drykkjuskapar. Komist hann að raun um, að um drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, tilkynnir hann hlutaðeiganda sjálfum, eða aðstandendum hans, eftir því sem við á, niðurstöður sínar og er til ráðuneytis um, hvernig við skuli bregðast.

4. gr.

Auka skal svo fljótt sem verða má sjúkrahúskost til fullnægingar ákvæðum 1.—3. gr. Kostnaður við byggingu slíkra sjúkrahúsa eða sjúkrahúsadeilda skal greiðast úr gæzluvistarsjóði eftir nánari ákvörðun heilbrigðismálastjórnarinnar.

5. gr.

Ákvæði 1.—3. greinar raska ekki ákvæðum laga um viðurlög við ölvunarbrotum, enda mega ákvæði þessara laga ekki verða því til hindrunar, að þeim viðurlögum verði komið fram.

6. gr.

Kostnaður af dvöl á sjúkrahúsi skv. 2. gr. greiðist á sama hátt og annar sjúkrahúskostnaður.

7. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð ölvaðra manna samkvæmt ákvæðum 1.—3. greinar, með sérstöku tilliti til þess, ef um endurtekin tilfelli, drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki er að ræða, að hlutaðeigendum gefist kostur á sem fullkomnustum leiðbeiningum og aðstoð sér til viðréttingar, og þá sérstaklega, ef unglingar eiga í hlut.

II. KAFLI
Um meðferð drykkjusjúkra manna.

8. gr.

Meðferð drykkjusjúkra skal vera í höndum lækna, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, eða annarra stofnana, sem til þess hafa hlotið sérstakt leyfi heilbrigðisstjórnarinnar og háðar eru eftirliti hennar.

Stofnanir eða einstakir læknar, sem hafa drykkjusjúklinga til meðferðar, skulu senda landlækni, eða þeim, er hann ákveður, upplýsingar á þar til gerðum eyðublöðum, er skrifstofa landlæknis lætur í té.

9. gr.

Á geðsjúkrahúsi ríkisins og síðar á móttökudeild þess, er byggð verður, skal vera unnt að veita drykkjusjúklingum meðferð og framkvæma á þeim nauðsynlegar rannsóknir. Í þessu skyni skal auka sjúkrarými stofnananna, svo að unnt verði að vista þar drykkjusjúka til skammrar sjúkrahúsmeðferðar. Í tengslum við geðsjúkrahúsið eða móttökudeild þess skal reka lækningastöð fyrir þá, sem ekki þarfnast innlagningar, svo og til eftirmeðferðar þeirra, sem innlagðir hafa verið. Í tengslum við geðsjúkrahúsið skal enn fremur reisa og reka sérstök hæli til meðferðar þeirra, sem ekki er talið að veitt verði viðhlítandi meðferð á annan hátt; hér með talin deild á sjúkrahúsinu fyrir þá, sem haldnir eru psychoses alcoholicae eða alcoholismus symptomaticus in psychoses alii.

Til þess að mæta hinum auknu störfum, sem ákvæði þessarar greinar leggja á geðsjúkrahúsið, skal ráða sérstakan aðstoðaryfirlækni, er hafi m. a. með höndum meðferð drykkjusjúkra í sjúkrahúsinu og fyrir- og eftirmeðferð í lækningastöð. Annað starfslið, sem nauðsynlegt kann að þykja til að fullnægja þessum störfum, skal heimilt að ráða eftir þörfum.

10. gr.

Vilji bæjarfélag eða samtök, sem starfa að bindindis- eða líknarmálum og fengið hafa leyfi heilbrigðismálastjórnarinnar, reisa og reka á sinn kostnað lækningastöð eða hæli til aðhlynningar og lækningar drykkjusjúku fólki, er heimilt að veita til þess styrk úr gæzluvistarsjóði, að því tilskildu, að heilbrigðismálastjórn staðfesti reglugerð slíkra stofnana, enda séu þær háðar eftirliti hennar.

11. gr.

Til hælisvistar skv. 9. gr. verða teknir:

1. Þeir, sem dæmdir eru til hælisvistar (sbr. 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940).
2. Þeir, sem sækja sjálfir um að verða aðnjótandi slíkrar vistar, eða lögráðamaður fyrir þeirra hönd, ef sjálfir eru ólögráða, eða dómsmálaráðuneytið skv. ákv. 7. gr., 6. b. í lögum nr. 95 5. júní 1947, um lögræði.

Taka skal fram í umsókn, hversu lengi umsækjandi skuldbindi sig til að hlíta vistinni, svo og að hann undirgangist að virða í einu og öllu reglur þær, sem um slíka hælisvist eru settar.

12. gr.

Sá, sem dæmdur hefur verið til hælisvistar skv. 1. tölulið 11. gr., skal hlíta vistinni svo lengi sem segir í 65. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940.

Sá, sem fengið hefur hælisvist skv. 2. tölulið 11. gr., skal dvelja svo lengi á hælinu sem læknir þess ákveður, þó aldrei lengur en sjúklingurinn skv. umsókn er skuldbundinn til, nema samþykki hans eða lögráðamanns komi til að nýju.

Nú fer sá, sem fengið hefur hælisvist, skv. ákvæðum laga þessara, heimildarlaust af hæli, þar sem hann dvelst, og er þá rétt að þröngva honum, eftir atvikum

með lögregluvaldi, í vistina á ný, og til að hlíta henni, unz lokið er tíma þeim, sem segir í fyrstu og annarri málsgrein þessarar greinar.

13. gr.

Hælisvist fylgir vinnuskylda, eftir því sem yfirlæknir hælisins segir fyrir um eða aðstoðarlæknar hans eða aðrir í hans umboði.

14. gr.

Hver sá, er gefur eða veitir áfengi þeim, sem honum vitanlega er í meðferð vegna drykkjusýki, eða aðstoðar hann við útvegun áfengis, skal sæta sektum.

15. gr.

Um greiðslu kostnaðar vegna hælisvistar fer eftir lögum nr. 78 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

16. gr.

Ráðherra setur nánari reglur um meðferð drykkjusjúkra manna skv. lögum þessum, þar á meðal með hverjum skilyrðum þeim verði veitt hælisvist, rekstur hæla skv. 9. gr., vist þar, vinnu vistmanna, svo og aðrar skyldur þeirra og réttindi.

III. KAFLI

Um gæzluvistarsjóð.

17. gr.

Af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins skal greiða 7½ milljón krónur ár hvert í sérstakan sjóð, gæzluvistarsjóð. Sjóðurinn hefur það hlutverk að standa undir kostnaði af framkvæmd laga þessara, og þá fyrst og fremst að auka og reisa stofnanir þær, sem um getur í 4. og 9. gr. laganna.

Af tekjum sjóðsins skal árlega verja a. m. k. 2%, tveim af hundraði, til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki.

Heilbrigðisstjórn er heimilt að ákveða til allt að fimm ára í senn, að verja megi nokkrum hluta af tekjum sjóðsins til að styrkja starfsemi félaga, sem reka á sinn kostnað hæli eða aðrar stofnanir til lækninga drykkjusjúku fólki, enda fari öll sú starfsemi fram skv. reglugerðum, sem heilbrigðisstjórnin staðfestir, og sé háð eftirliti hennar.

IV. KAFLI

Um meðferð þeirra, er misnota önnur slævandi eða örvandi efni.

18. gr.

Ráðherra er heimilt að ákveða, að lög þessi taki einnig til þeirra, sem misnota önnur slævandi eða örvandi efni, að því leyti, sem við getur átt, og skal þá sérstök reglugerð sett þar um.

V. KAFLI

Niðurlagsákvæði.

19. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda eftir því sem skilyrði verða fyrir hendi til að fullnægja ákvæðum þeirra. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 55 25. maí 1949, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, svo og síðari breytingar á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Meðfylgjandi lagafrumvarp er samið af yfirlæknunum prófessor Tómasi Helgasyni og Þórði Möller, er gert hafa á því nokkrar breytingar í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið, og fylgdi því frá þeim meðfylgjandi greinargerð:

Skv. beiðni heilbrigðismálaráðherra Bjarna Benediktssonar höfum við undirritaðir yfirfarið og athugað gildandi lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, svo og frumvarp að nýjum lögum um sama efni, er samið var af nefnd, sem heilbrigðismálaráðherra Friðjón Skarphéðinsson skipaði 13. júlí 1959, með tilliti til hverra breytinga við teldum gildandi lög þurfa við.

Þær breytingatillögur, sem við gerum við gildandi lög, byggjast að nokkru á þeirri reynslu, sem fengizt hefur við framkvæmd þeirra. Við samning tillagnanna höfum við og haft hliðsjón af skipan á meðferð drykkjusjúkra manna í nágrannalöndunum, sem annar okkar (T. H.) hefur kynnt sér á ferðum um þau á undanförnu ári.

Eins og sést af tillögunum höfum við talið skipta meginmáli: 1) að hin almennu fyrirbyggjandi ákvæði í kaflanum um meðferð ölvaðra manna héldust, þó í nokkuð breyttu formi væri, 2) að tekin yrði upp nákvæm skráning á ölvunartilfellum, sem lögreglan skiptir sér af, svo og skráning á drykkjusjúklingum, 3) að um meðferð drykkjusjúkra gildi sem svipaðastar reglur og um meðferð annarra sjúklinga eftir því sem við getur átt, og 4) að séð verði fyrir nægu fé til að hægt verði að koma þeirri þjónustu, sem við leggjum til að ríkið láti í té, í framkvæmd mjög fljótlega.

Þó að lítið hafi enn orðið úr framkvæmd 1. kafla gildandi laga, hefur okkur þótt rétt að halda kaflanum, en með nokkrum breytingum, sem e. t. v. ættu að gera hann auðframkvæmanlegri. Lögin gera ráð fyrir, að allir, sem handteknir verða vegna ölvunar og eigi er unnt að sleppa þegar úr haldi, verði fluttir til læknisrannsóknar og meðferðar, helzt í sjúkrahúsi. Meðal þeirra, sem handteknir eru vegna ölvunar á almannafæri, er ætíð nokkuð af unglingum og öðrum, sem orðið hafa ofurölvi af hreinu gáleysi, en ekki vegna drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki. Slíkir einstaklingar gera afskipti lögreglunnar ekki oft nauðsynleg, og eru venjulega ekki þurfandi fyrir læknismeðferð. Hins vegar er nauðsynlegt, að lögreglan tilkynni aðstandendum hins handtekna um aðgerðir sínar og haldi aðgengilega skrá um þær, til þess að auðveldlega verði séð, þegar um er að ræða ítrekuð afskipti. Með þessu móti ætti að verða séð nokkurn veginn fyrir hinum fyrirbyggjandi áhrifum, sem þessum kafla laganna er ætlað að hafa. Sé hins vegar um ítrekaðar handtökur að ræða eða leiki grunur á, að um yfirvofandi drykkjusýki sé að ræða, má ætla, að einstaklingurinn eða umhverfið sé sjúkt og þurfi athugunar við. Verður þá að telja æskilegt, að honum sé vísað til rannsóknar og meðferðar. Í sambandi við handtökur vegna ölvunar er rétt að minna á, að því fer fjarri, að allir ofdrykkjumenn, sem þurfa meðferð vegna ofdrykkju, hafi verið handteknir fyrir ölvun á almannafæri. Væri því e. t. v. ástæða til að gera þennan kafla enn ítarlegri eða setja í sérstök lög ákvæði um aðgerðir til aðstoðar mönnum, sem æ ofan í æ eru að því komnir að eyðileggja heimili sín eða annarra vegna ölvunar eða ofdrykkju án þess þó að komast í kast við lögregluna. Við höfum þó ekki að sinni lagt fram tillögur um þetta efni, þó að full ástæða sé til, þar eð ráðstafanir þær, sem til greina koma, þurfa nánari athugunar við.

Flestir eru sammála um, að áfengisvandamál okkar Íslendinga sé mikið, en hve mikið veit enginn með neinni vissu. Þess vegna verður að svo stöddu ekki sagt nákvæmlega, hversu umfangsmikil eða kostnaðarsöm sú þjónusta, sem nauðsynlega þarf að veita drykkjusjúklingum, verður. Til þess að slíkar áætlanir verði gerðar, er nauðsynlegt að taka upp nákvæma skráningu á öllum þeim einstaklingum, sem lögreglan eða önnur yfirvöld þurfa að hafa afskipti af vegna ölvunar, svo

og þeim, sem eru til meðferðar hjá læknum og líknarstofnunum vegna drykkjusýki. Af slíkri skrásetningu má læra nokkuð um útbreiðslu og orsakir ofdrykkjunnar, svo og hverjum ráðstöfunum mætti beita til fyrirbyggingar. Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur upplýst, að á því ári sem nú er að líða hafi um 2200 einstaklingar verið settir tæplega 6600 sinnum í fangageymslur lögreglunnar vegna ölvunar.

Er núgildandi lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúklinga voru sett, var Kleppsspítalinn einasta stofnunin, sem hafði meðferð drykkjusjúklinga beint að verkefni. Var því eðlilegt eins og á stóð að fela honum umsjón með meðferð slíkra sjúklinga. Fljótlega eftir setningu laganna var hafinn undirbúningur að byggingu móttökudeildar við spítalann til fullnægingar ákvæðum þeirra. Voru m. a. gerðir uppdrættir að deildinni og staðsetning hennar ákveðin, en er til átti að taka varð ekki frekar úr framkvæmdum. Á árinu 1952 fékk spítalinn umráð yfir jörðinni Úlfarsá. Þar hefur síðan verið rekin deild fyrir drykkjumenn. Á árinu 1954 hófst rekstur drykkjumannahælisins að Gunnarsholti undir umsjá Kleppsspítalans.

Í ársbyrjun 1953 hófst Reykjavíkurbær handa um rekstur áfengisvarnastöðvar í heilsuverndarstöðinni. Á árinu 1955 stofnuðu AA-samtökin hjúkrunarstöð Bláa Bandsins, sem síðar hefur haft allnána samvinnu við Kleppsspítalann, þótt stjórn spítalans hafi ekki haft neina umsjón með starfsemi hjúkrunarstöðvarinnar, frekar en starfsemi áfengisvarnastöðvarinnar. Þó að skilja megi ákvæði gildandi laga svo, að starfsemi þessara stofnana skuli lúta yfirumsjón Kleppsspítalans, er ósennilegt, að það hafi verið ætlan þeirra, er lögin sömdu. Slík yfirumsjón einnar stofnunar eða forstöðumanns einnar stofnunar með öðrum samhliða, en sjálfstæðum, stofnunum er og næsta óviðfelldin. Yfirumsjón með rekstri sjúkrahúsa og annarri lækningastarfsemi ber aðeins að fela embættismanni, sem ekki hefur sjálfur með höndum meðferð í neinni af þeim stofnunum, sem yfirumsjónin á að taka til, þ. e. landlækni.

Þar eð ekki er til nein einhlít lækning við drykkjusýki frekar en mörgum öðrum sjúkdómum, er ekki æskilegt að fela sérstakri stofnun eða embætti yfirumsjón með þessum sjúkdómi að svo stöddu. Við höfum því viljað leggja áherzlu á, að allir, sem til þess hafa leyfi heilbrigðisyfirvalda, geti stundað meðferð drykkjusjúkra og verði aðeins háðir venjulegri umsjón þeirra, og að meðferðin sé frjáls að svo miklu leyti, sem unnt er. Meðferð drykkjusjúkra er hins vegar tímafrek og kostnaðarsöm. Því er nauðsynlegt, að ríkið sjái fyrir fullkominni þjónustu, sem þessir sjúklingar geti orðið aðnjótandi, ef þeir eða aðstandendur þeirra óska. Af sömu ástæðu er æskilegt, að ríkið styrki bæjarfélög eða önnur samtök, sem vilja veita drykkjusjúkum meðferð, ef heilbrigðisstjórnin telur þörf fyrir slíka starfsemi og veitir til hennar leyfi.

Þjónustu þeirri, sem gert er ráð fyrir í tillögum okkar, verður auðvitað ekki komið í viðunandi horf nema með ærnum kostnaði. Við höfum talið eðlilegt, svo sem gert er í gildandi lögum og gert er ráð fyrir í tillögum nefndarinnar frá 13. júlí 1959, að stofnkostnaður, a. m. k., yrði greiddur af ágóða Áfengisverzlunar ríkisins.

Ekki er fært að leggja til, að stórfjárhæðum verði varið til meðferðar drykkjusýki án þess að samtímis sé tryggt fé til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð þessa mikla vandamáls. Teljum við, að árlega beri að verja a. m. k. 2% af tekjum gæzluvistarsjóðs til rannsókna, en ætlumst auðvitað til, að hægt sé að verja meira fé til þeirra eftir því, sem þörf krefur.

Áður en vikið er að einstökum greinum tillagnanna, skal þess getið, að við höfum rætt við meðlimi nefndarinnar frá 13. júlí 1959 og kynnt þeim tillögur okkar.

Um I. kafla.

Um meðferð ölvaðra manna.

Um 1. gr.

Samkvæmt gildandi lagaákvæðum skulu þeir, sem handteknir eru sakir ölvunar og eigi er unnt að sleppa þegar úr haldi, fluttir til læknisrannsóknar og meðferðar, helzt í sjúkrahús. Ákvæði þessu hefur vafalaust verið ætlað að verka fyrirbyggjandi, jafnhliða því, sem búizt hefur verið við að takast mætti að fá drykkjusjúka til meðferðar fyrr en ella. Ákvæðið hefur ekki enn komizt í framkvæmd, og ætla má, að torvelt verði að framfylgja því, að lögreglan flytji alla þá, sem hafa þarf í haldi vegna ölvunar, í sjúkrahús. Ekki er nema hluti þeirra, sem handteknir eru aðeins einu sinni, haldnir drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki, og því er venjulega ekki nauðsynlegt að flytja þá í sjúkrahús. Hins vegar er nauðsynlegt að gera hlutaðeigendum sjálfum og aðstandendum þeirra aðvart um áfengismisnotkunina og að nauðsynlegt sé að vera á varðbergi og e. t. v. leita aðstoðar. Nauðsynlegt er að halda sérstaka skrá yfir alla þá, sem lögreglan þarf að hafa afskipti af vegna ölvunar, til þess að þeim, sem slíkt hendir oftar og sýna þannig áberandi, að þeir misnota áfengi, verði örugglega hægt að bjóða aðstoð. Þessa menn og aðra, sem grunur leikur á, að haldnir séu drykkjusýki eða yfirvofandi drykkjusýki, er nauðsynlegt að rannsaka nánar og veita þeim meðferð eftir þörfum. Til þess að unnið verði úr þeim efnivið, sem skapast með skrásetningunni, er æskilegt, að lögreglan tilkynni afskipti sín af ölvuðum mönnum til áfengisvarnaráðunauts, sem getur eftir atvikum snúið sér til áfengisvarnanefnda.

Um 2. og 3. gr.

Greinarnar haldast óbreyttar frá því sem verið hefur.

Um 4. gr.

Ekki er unnt að framkvæma 1.—3. grein nema þegar verði séð fyrir auknu sjúkrahúsrými, þar sem aðstaða er til rannsókna og meðferðar á drykkjusjúklingum.

Um 5. gr.

Greinin helzt óbreytt frá því, sem verið hefur.

Um 6. gr.

Þar eð ætlanin er, að eingöngu verði teknir á sjúkrahús til rannsóknar og meðferðar þeir, sem haldnir eru drykkjusýki eða grunaðir eru um að vera haldnir drykkjusýki, er eðlilegast, að kostnaður af slíkri sjúkrahúsdvöl greiðist á sama hátt og annar sjúkrahúskostnaður.

Um 7. gr.

Greinin helzt óbreytt frá því, sem verið hefur.

Um II. kafla.

Um meðferð drykkjusjúkra manna.

Um 8. gr.

Í þessari grein og næstu grein felast megintillögur okkar um fyrirkomulag á meðferð drykkjusjúkra manna. Fyrri málsgrein þessarar greinar er höfð til að leggja áherzlu á, að meðferðin geti verið í höndum allra, sem hafa leyfi heilbrigðis-

stjórnarinnar og sé aðeins háð venjulegu eftirliti hennar, að öðru leyti en því, að tekin er upp tilkynningarskylda um drykkjusjúklinga, svo sem segir í síðari málsgreininni. Án slíkrar tilkynningarskyldu verður erfitt að gera sér viðhlítandi grein fyrir útbreiðslu drykkjusýki og þeim ráðstöfunum, sem gera þarf til að fyrirbyggja eða lækna þennan kvilla.

Fellt er niður ákvæðið um yfirumsjón geðsjúkrahússins á Kleppi með gæzlu drykkjusjúkra manna.

Um 9. gr.

Meðferð drykkjusjúkra er svo kostnaðarsöm og tímafrek, að ríkið sjálft verður að bjóða fullkomna þjónustu, jafnframt því, sem það styrkir framtak annarra, sbr. 10. grein. Meðferð drykkjusjúklinga heyrir eðli sínu samkvæmt fyrst og fremst undir geðlækna, og fullkomna meðferð við öllum stigum drykkjusýki er tæplega unnt að veita nema á geðsjúkrahúsi eða í náinni samvinnu við það. Rekstrarlega eru slík tengsl og hagkvæm, þar eð vinna sérmenntaðs starfsliðs mundi nýtast betur hér, ef það getur bæði sinnt meðferð drykkjusjúkra og annarra geðsjúkra.

Verulegur hluti af meðferð drykkjusjúkra getur farið fram og á að fara fram utan sjúkrahúsa, en stundum verður ekki hjá því komizt að leggja sjúklingana í sjúkrahús til rannsókna og meðferðar. Þeim sjúklingum þarf jafnan að veita meðferð eftir að þeir hafa verið útskrifaðir af sjúkrahúsinu. Einnig þarf að veita drykkjusjúklingum, sem dvalizt hafa á hælum um lengri tíma, aðstoð eftir að þeir útskrifast þaðan. Við leggjum því til, að jafnframt því, sem sjúkrarýmí geðsjúkrahúss ríkisins (og móttökudeildar þess, er hún verður byggð), verði aukið, verði rekin lækningastöð í tengslum við sjúkrahúsið til að annast meðferð þeirra, sem ekki þurfa að liggja þar. Loks er gert ráð fyrir, að reist verði sérstök hæli eftir því, sem þurfa þykir, til meðferðar þeirra, sem ekki verður veitt viðhlítandi meðferð utan sjúkrahúss eða með stuttri sjúkrahúsdvöl.

Samkvæmt þessu verður aðstoð geðsjúkrahússins við drykkjusjúklinga aukin verulega frá því, sem verið hefur. Ekki er unnt fyrir sjúkrahúsið að mæta þessum kvöðum nema með auknu starfsliði. Er því nauðsynlegt að ráða a. m. k. einn aðstoðaryfirlækni að sjúkrahúsinu til að annast meðferð drykkjusjúklinga. Gert er ráð fyrir, að hægt verði að ráða annað starfslið eftir þörfum. Ætti nokkuð af því fólki einnig að geta sinnt öðrum störfum á vegum sjúkrahússins.

Um 10. gr.

Greinin þarfnast ekki nánari skýringa.

Um 11., 12. og 13. gr.

Greinarnar svara efnislega til 9., 10. og 11. greina laganna frá 25. maí 1949. Aðeins er um orðalagsbreytingar að ræða til að leggja áherzlu á, að verið sé að veita hinum drykkjusjúku þjónustu eða meðferð.

Um 14. gr.

Í gildandi lögum er gert ráð fyrir, að þeir, sem gefa áfengi mönnum, sem vitanlega hafa verið teknir í gæzlu skv. ákvæðum laganna, skuli sæta sektum. Það ætti ekki síður að teljast refsivert að spilla meðferð þeirra, sem eru utan hæla eða sjúkrahúsa og oft hafa sæmilegar batahorfur, ef meðferðinni er ekki spillt. Er greinin nú orðuð í samræmi við þetta.

Um 15. og 16. gr.

Greinarnar svara til 13. og 14. greina laganna frá 25. maí 1949 eins og þau eru eftir breytinguna frá 1953 (lög nr. 91/1953).

Um III. kafla.

Um gæzluvistarsjóð.

Um 17. gr.

Í ákvæðum gildandi laga er gert ráð fyrir, að Áfengisverzlun ríkisins skuli árlega leggja fram ákveðna fjárhæð til að reisa og reka gæzluvistarhæli þau, sem um getur í lögunum. Sú upphæð, sem þar var gert ráð fyrir, mun varla hafa gert betur en hrökkva fyrir rekstrarkostnaði hin síðustu ár. Sé ætlanin, að sjóðurinn standi undir stofnkostnaði sjúkradeilda og nýrra hæla, rekstri hælanna að einhverju leyti og sé auk þess aflögufær til að styrkja aðra hjálparstarfsemi vegna drykkjusjúklinga verður að stórauka framlög til hans.

Það nýmæli hefur verið tekið upp að leggja til, að sjóðurinn leggi fram á ári hverju a. m. k. 2% af tekjum sínum til að standa undir kostnaði á rannsóknum á drykkjusýki.

Við teljum æskilegt, eins og nefndin frá 13. júlí 1959, að heilbrigðisstjórninni verði heimilt að styrkja starfsemi félagssamtaka, sem vinna að aðhlynningu og meðferð drykkjusjúkra, og að hægt sé að ákveða, að styrkur verði veittur til allt að 5 ára í senn.

Um IV. kafla.

Um meðferð þeirra, er misnota önnur slævandi eða örvandi efni.

Um 18. gr.

Greinin er efnislega samhljóða tillögu nefndarinnar frá 13. júlí 1959, aðeins með öðru orðalagi (víðtækara), þ. e. í stað eiturlyfjaneytenda er talað um þá, sem misnota önnur slævandi eða örvandi efni.

Um V. kafla.

Niðurlagsákvæði.

Um 19. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Sþ. 539. Nefndarálit [62. mál]

um till. til þál. um senditæki í gúmbjörgunarbáta.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt till. og fengið umsagnir um hana frá skipaskoðunarstjóra, Slysavarnafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands.

Samkvæmt skýrslu skipaskoðunarstjóra eru enn tæknilegir örðugleikar á að framkvæma tillöguna. Hins vegar eru framfarir örar, og koma stöðugt á markað fullkomnari öryggistæki.

Í trausti þess að íslenzk yfirvöld fylgist vel með öllum nýjungum, er aukið geti öryggi sjómanna, og stuðli að skjótri hagnýtingu þeirra hér á landi, leggur nefndin til, að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 4. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson.
Gísli Guðmundsson.	Björn Pálsson.	Geir Gunnarsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Sþ. **540. Nefndarálit** [59. mál]

um till. til þál. um vegabætur á Vestfjörðum.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Til allsherjarnefndar hefur verið vísað till. til þál. á þskj. 59 (59. mál, frá Sigurði Bjarnasyni o. fl.), um vegabætur á Vestfjörðum. Þegar till. var vísað til n., var einnig fram komin brtt. við hana á þskj. 100 (frá Sigurvin Einarssyni o. fl.). Það er efni aðaltillögunnar að skora á ríkisstjórnina að „fela vegamálastjóra að láta gera áætlun um vegagerð á Vestfjörðum, er stefni að því takmarki, að lokið verði á sem stytztum tíma öllum aðalvegum um þennan landshluta og tryggt öruggt akvegasamband milli byggðarlaga hans meginhluta árs hvers". Efni brtt. er hins vegar að skora á ríkisstjórnina að „láta Vestfirði og Austurland njóta jafnréttis um lánsfé til vegagerðar við þann landshluta, þar sem að tilhlutan ríkisstjórnarinnar er nú þegar unnið að vegagerð fyrir lánsfé". Er hér án efa átt við steinsteypuveginn við sunnanverðan Faxaflóa, sem ríkisstjórnin hóf að byggja fyrir lánsfé án þess að leita til þess heimildar Alþingis, en heimildina fékk hún raunar á þessu þingi, þegar hennar var óskað, eftir að þingmenn höfðu átalið þá aðferð, sem í öndverðu var höfð í þessu máli. En jafnframt voru felldar í þinginu, með atbeina ríkisstjórnarinnar, tillögur um lánsfé til vega annars staðar í landinu.

Báðar tillögurnar, sem lýst hefur verið hér að framan, aðaltillagan á þskj. 59 og brtt. á þskj. 100, voru sendar vegamálastjóra til umsagnar. Er umsögn hans, dags. 28. febr. s. l., prentuð með nál. meiri hl. allshn. sem fylgiskjal. En vegamálastjóri telur tillögur þessar „of takmarkaðar" og aðaltillöguna óþarfa, ef frumvarp stjórnskipaðrar nefndar til nýrra vegalaga verði að lögum, en tillögur þeirrar nefndar segir hann hafa verið sendar ríkisstjórninni á s. l. hausti. Frumvarp þetta eða tillögur, sem í því kunna að felast, hefur enn ekki komið fram opinberlega frá ríkisstjórninni, og ekki hefur alþingismönnum verið kynnt efni þess. Eigi að síður hefur það af hálfu stjórnarstuðningsmanna verið notað sem rökstuðningur fyrir frávísun mála á þessu þingi.

Minni hlutinn telur, að gagn geti orðið að því, að fram komi hvatning frá Alþingi um, að störf vegamálaskrifstofunnar að áætlanagerð verði við það miðuð, að þau greiði fyrir því, að svo miklu leyti sem slíkt getur verið undir verkfræðilegri áætlun komið, að gerð aðalvega og raunar allra vega verði lokið á sem stytztum tíma og m. a. tryggt „öruggt akvegasamband milli byggðarlaga" „meginhluta árs hvers", eins og komizt er að orði í till. á þskj. 59. Minni hl. telur einnig vel við eiga að nefna Vestfirði og Austurland sem dæmi um þá landshluta, sem hafa ótryggar samgöngur á landi, og á það raunar víða við, en lítur svo á, að allir landshlutar eða byggðarlög, sem þannig er ásatt um, eigi að sitja við sama borð, að því er slíka áætlunargerð varðar.

Að því er brtt. á þskj. 100 varðar, er minni hl. þeirrar skoðunar, að réttmætt sé og fullt tilefni til, að það komi fram sem yfirlýstur þingvilji, að jafnrétti eigi að ríkja milli landshluta, þegar lántökumöguleikar ríkissjóðs eru notaðir til að flýta fyrir vegagerð í landinu.

Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið sagt, leggur minni hl. allshn. til, að tillagan á þskj. 59 verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela vegamálastjóra að láta hraða áætlunum um vegagerð á Vestfjörðum, Austurlandi og annars staðar, þar sem henni er einkum ábótavant eða mest þörf, með það fyrir augum, að lokið verði sem fyrst öllum aðalvegum í hverju byggðarlagi og tryggt sem ör-

uggast akvegasamband milli byggðarlaga, þar sem það verður að teljast nauðsynlegt fyrir hlutaðeigandi byggðarlög.

Enn fremur skorar Alþingi á ríkisstjórnina að gæta þess, að landshlutar njóti jafnréttis, þegar unnið er að vegagerð fyrir lánsfé að tilhlutan ríkisstjórnarinnar.

2. Fyrirsögn till. orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um áætlanir um vegagerð o. fl.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Gísli Guðmundsson, frsm. Björn Pálsson. Geir Gunnarsson.

Ed. 541. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Núverandi ríkisstjórn hefur gerbreytt öllu skatta- og tollakerfi í landinu. Megineinkenni breytinganna í heild eru gífurlegri skatta- og tollahækkanir en nokkru sinni áður hafa orðið á jafnskömmum tíma, flutningar gjaldheimtu af óhófseyðslu og hátekjum yfir á almenna neyzlu landsmanna og loks stórfelld rýmkun á gróðamöguleikum fyrirtækja og auðfélaga.

Þessi stefna í skattamálum hefur reynzt einn drýgsti þáttur þeirrar dýrtíðarstefnu, sem ríkisstjórnin hefur siglt eftir og átt hvað mestan þátt í því að lækka lífskjör alls almennings síðustu 4 árin, breyta tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu honum í óhag.

Frá 1958 hefur heildarskatt- og tollheimtan breytzt sem hér segir, og er þá miðað við áætlunartölur fjárlaga:

1958	voru	allir	skattar	og	tollar	áætlaðir	623	millj.	kr.
1959	—	—	—	—	—	—	778	—	—
1960	—	—	—	—	—	—	1222	—	—
1961	—	—	—	—	—	—	1268	—	—
1962	—	—	—	—	—	—	1431	—	—
1963	eru	—	—	—	—	—	1848	—	—

Eftirfarandi samanburður gefur svo nokkra hugmynd um eðlisbreytingu skattheimtunnar:

Skattar og tollar í % af heildarskattheimtu ríkissjóðs.

	Tekju- og eignarskattur	Verðtollar	Söluskattar
1958	20.0 %	27.9 %	18.5 %
1959	18.7 —	37.9 —	19.4 —
1960	5.9 —	29.8 —	31.2 —
1961	5.9 —	27.8 —	34.6 —
1962	6.6 —	30.6 —	35.6 —
1963	8.9 —	30.6 —	35.2 —

Þessi samanburður, sem sýnir allgreinilega, hvernig skatta- og tollabyrðin hefur færzt yfir á söluskatta og þar með á almenna neyzlu, jafnframt því sem hlutur beinna skatta, sem lagðir eru á eftir tekjum og efnahag, verður hverfandi lítill, gefur þó engan veginn fullkomna mynd af breytingunum. Kemur þar einkum til, að

söluskattar hafa í verulegum mæli verið teknir upp sem gjaldstofnar fyrir sveitarfélögin og jafnframt dregið úr stighækkun útsvara, þannig að þau eru nú mun þyngri en áður á þurftarlaunum. Þar við bætist svo, að fjölmargir aðrir skattar, sem í eðli sínu eru hreinir söluskattar, hafa verið lagðir á vöruverð. Má þar til nefna aðstöðugjöld sveitarfélaga, skatt á landbúnaðarvörur vegna stofnlánadeildar landbúnaðarins, skatt á iðnaðarvörur vegna iðnlánasjóðs og er þá fátt eitt talið af þeim fjölda sérskatta, sem lagðir hafa verið á eða eru ráðgerðir.

Þessi eðlisbreyting skattheimtunnar veldur því, að sú heildarhækkun, sem orðið hefur á skattheimtunni til ríkissjóðs og nemur um 1220 millj. kr. frá árinu 1958, **eða nærri þreföldun,** kemur miklu harðara niður á almenningi en hækkunin í krónum talin gefur til kynna. Þegar þess er svo enn gætt, að hina gífurlegu skattaaukningu verða launamenn að bera uppi með litlu hærri launum en þeir báru úr býtum í ársbyrjun 1959, verður enn ljósara, hvern þátt skattabreytingarnar eiga í því að draga niður sjálf lífskjörin.

Með frv. því, sem hér liggur fyrir um tollskrá o. fl., er ráðgert að sameina í einn verðtoll öll gildandi aðflutningsgjöld og jafnframt að lækka þessi gjöld um 97 millj. kr., miðað við innflutning s. l. ár. Fylgt er þeirri meginstefnu í frv. að lækka allverulega tolla á svonefndum hátollavörum, en aðeins er um lítilfjörlegar lækkanir að ræða á almennum neyzluvörum, og í ýmsum tilvikum er þar um hækkanir að ræða, þannig að ekki virðist þar um neinar umtalsverðar breytingar að ræða til eða frá. Rekstrarvörur atvinnuveganna eru ýmist hækkaðar eða lækkaðar í tolli, og er næsta torvelt að gera sér grein fyrir því, hvort heildarbreytingar eru þeim til hagsbóta eða ekki. Þó virðist ljóst, að rekstrarvörur til verzlunarþjónustu lækki yfirleitt, og einnig er um nokkrar lækkanir að ræða á tækjum til landbúnaðarins. Á matvörum, vefnaðarvörum, búsáhöldum og byggingarefni, þ. e. a. s. þeim vöruflokkum, sem hinn almenna neytanda snerta mest, er ekki um neinar teljandi breytingar að ræða og jafnvel síður til lækkunar en hækkunar. Þannig hækka um 400 vörutegundir í tolli, og er þar í flestum tilvikum um algengar neyzluvörur að ræða.

Hinar innbyrðis breytingar á tollskránni eru því í ýmsum tilvikum harla vafasamar frá sjónarmiði almenns neytanda, og skulu hér nefnd nokkur dæmi því til sönnunar:

Lækkanir:	Tollur í %	
	Nú	Verður
Náttúrlegar perlur	123	40
Gimsteinar	123	40
Silfur, óunnið eða hálfunnið	77	40
Silfurplett	124	40
Skrautvörur úr góðmálmum	123	100
Vörur úr náttúrlegum perlum og eðalsteinum	123	100
Fílabein og vörur úr því	123	100
Blævængir	194	125
Tilbúin blóm	285	125
Handofin veggteppi	123	90
Flosvefnaður úr silki	186	65
Garn úr náttúrlegu silki	103	30
Flugeldar, ekki til slysavarna	226	125
Ilmvötn	214	125

Hækkanir:	Tollur í %	
	Nú	Verður
Tómatar	40	70
Epli og perur	28	30
Rúsínur, sveskjur	48	50
Púðursykur	16	20

Hækkanir:	Tollur í % Nú	Verður
Rafmagnsperur	38	40
Handsápa, raksápa	108	110
Gúmmí til skógerðar	21	30
Steypustyrktar- og múrhúðunarnet	17	35
Byggingarviður	34	35
Garðsláttuvélar	21	35
Handklæðaefni (frotté)	50	65
Tvinni	34	35
Gólfdúkur	34	35

Þessi dæmi, þótt fá séu og af handahófi gripin, ættu að nægja til þess að sanna það, hve hæpin sú kenning er, að unnt sé að meta allar lækkanir tolla til kjarabóta, og einnig hitt, hversu breytingarnar eru oft og tíðum til beins tjóns fyrir almennan neytanda. Eða hvort mundu þeir fleiri, sem telja sér kjarabætur að tollalækkun á demöntum, silfurpletti og flosvefnaði úr silki, ef á móti koma hækkanir t. d. á byggingarefni, nauðsynlegum hlutum til heimilishalds og algengum neyzluvörum, en hinir, sem telja sér skaða að slíkum skiptum?

Það má vissulega segja, að það sé ekki vonum fyrr, að ríkisstjórnin, sem hækkað hefur tolla og skatta **upp í 1848 millj. kr.**, þrefaldað þá á 4 árum, skuli nú koma með lækkunartillögur, þótt lítilfjörlegar séu. Óneitanlega er það þó mikill galli á þessum lækkunartillögum, að þær ná yfirleitt alls ekki, svo að nokkru nemi, til þeirra vörutegunda, sem almenningi væri teljandi hagsbót að því að lækkuðu í verði. Hitt er þó sýnu verra, að ekkert bendir til þess, að þessar tollalækkanir muni reynast raunhæfar til frambúðar að óbreyttri fjármálastjórn. Á valdatíma „viðreisnarinnar" hefur fjárþörf ríkissjóðs vaxið árlega risaskrefum, og svo sem áður er greint, hefur þeirri þörf verið svarað með gífurlegri hækkun söluskatta og með tvennum gengisfellingum. Þegar á næsta ári blasir við, að tekjuþörf ríkissjóðs vex um ótalin milljónahundruð, og verði sömu dýrtíðarstefnunni fylgt og áður, verður þeirri tekjuþörf alveg vafalaust svarað á sama hátt og áður: **með stórhækkun almenns söluskatts eða gengisfellingu, nema hvort tveggja verði,** enda verða þá kosningar afstaðnar og þá öllu óhætt fyrir stjórnarflokkana að hefja sama leikinn og 1960, ef þeir halda völdum. Mundi þá sannast, að sú útjöfnun á tollaflokkunum innbyrðis, sem hér er ráðgerð, væri sízt til þess fallin að bæta eða verja lífskjör og kaupmátt launa, ef slíkur reyndist eftirleikurinn.

Undirritaður telur, að þær formbreytingar, sem með frv. þessu eru gerðar á tollskránni, séu til bóta á vinnubrögðum tollyfirvalda. Á hinn bóginn telur hann, að með tilliti til almenningshagsmuna hefði átt að fylgja allt öðrum meginreglum við endurskoðun tollskrárinnar en gert hefur verið, þ. e. a. s. þeim að lækka fremur tolla á almennum nauðsynjum, svo sem matvælum, búsáhöldum og byggingarefni til íbúðarhúsa, heldur en óþörfum eða miður þörfum innflutningi. Á örfáum sólarhringum, sem frv. hefur verið til afgreiðslu í fjhn., hefur þess þó ekki verið neinn kostur að móta tillögur í samræmi við þessa skoðun til neinnar hlítar. Undirritaður flytur þó allmargar breytingartillögur í þessa átt á sérstöku þskj. Lagt er til, að tollar lækki m. a. á eftirtöldum vörutegundum: kartöflum, lauk, nýjum og þurrkuðum ávöxtum, tei, kryddvörum, púðursykri, hunangi, sírópi, kakódufti, „corn flakes", grænmeti, litum til listmálunar og kennslu, prentlitum, bókunardropum, sápum, bóni, ræstidufti, búsáhöldum, dagblaðapappír, prentpappír, ytri fatnaði karla, kvenna og barna, nærfatnaði, sængurlíni, handklæðum, sjóstígvélum, borðbúnaði, áhöldum til heimilishalds úr járni og stáli, þvottavélum, kæliskápum, áhöldum til fimleika, skíðum, skautum o. fl.

Þá legg ég til, að í heimildarkafla bætist ný grein þess efnis, að endurgreidd skuli aðflutningsgjöld af byggingarefni til íbúðarhúsa. Skal sú endurgreiðsla nema

allt að 75% af gjöldunum, og fer hún fram, þegar íbúð er fullgerð. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á teningsmetra fullgerðrar íbúðar, og skal hún takmörkuð við 360 m³ á hverja íbúð.

Ég tel, að samþykkt á breytingartillögum mínum mundi verða til umtalsverðra kjarabóta fyrir almenna neytendur, og legg til, að frv. verði samþykkt að þeim breytingum gerðum.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Björn Jónsson.

Sþ. 542. Tillaga til þingsályktunar [239. mál]

um úthlutun listamannalauna 1963.

Frá menntamálaráðherra.

Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að skipta fjárveitingu í fjárlögum fyrir árið 1963 til skálda, rithöfunda og listamanna.

Greinargerð.

Í fjárlögum fyrir árið 1963 eru á 14. gr. B. XIV veittar 2134456 kr. til skálda, rithöfunda og listamanna. Undanfarin ár hefur þingkjörin nefnd annazt úthlutun þessa fjár. Þangað til lög verða sett um úthlutun listamannalauna, þykir rétt að halda þeim hætti.

Nd. 543. Breytingartillaga [173. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem verður 2. gr. (og breytist greinatalan samkvæmt því):

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins og afhendingu fjárins til byggingarsjóðsins.

Sþ. 544. Tillaga til þingsályktunar [240. mál]

um byggingu tunnuverksmiðju á Skagaströnd.

Flm.: Gunnar Jóhannsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera kostnaðaráætlun um byggingu tunnuverksmiðju á Skagaströnd með sömu afkastamöguleikum og tunnuverksmiðjan á Siglufirði. Kostnaðaráætlun þessari verði lokið fyrir næstu áramót.

Greinargerð.

Á fundi, sem haldinn var í verkafólksdeild Verkalýðsfélags Skagastrandar 17. marz 1963, var samþ. áskorun á þingmenn kjördæmisins að beita sér fyrir því, að byggð verði tunnuverksmiðja þar til starfrækslu þann tíma, sem staðbundið atvinnuleysi er þar á staðnum, sem er 3—5 mánuði ár hvert.

Í bréfi, sem flm. barst frá Skagaströnd, er frá því skýrt, að lítil sem engin atvinna hafi verið þar síðan snemma í febrúar. Stærri bátarnir hafa allir farið suður á vertíð, enda var afli bátanna mjög tregur þann tíma, sem þeir reru frá Skagaströnd, sérstaklega þó í febrúar. Bátarnir eru að mestu leyti mannaðir mönnum úr plássinu. Á vertíð suður hafa farið allmargir menn. Eftir er þó stór hópur verkafólks, sem hefur ekkert að gera. Litlar líkur eru fyrir því, að úr rætist með atvinnu fyrr en kemur fram á vor. Á Skagaströnd eru íbúar yfir 600 manns. Er því auðséð, að á þessum stað er allmikið vinnuafl ónotað, sem gæti skapað mikil verðmæti í þjóðarbúið, ef réttilega væri á haldið, auk þess sem það er þjóðarhneyksli, að fólk skuli búa við landlægt atvinnuleysi ár eftir ár, án þess að það opinbera geri minnstu tilraun til þess að bæta úr slíku vandræðaástandi.

Í lögum um tunnuverksmiðjur ríkisins, frá 29. maí 1957, segir svo í 3. gr.: „Stefnt skal að því, að allar tunnur, sem síldarframleiðslan þarfnast, séu smíðaðar í tunnuverksmiðjum ríkisins, að svo miklu leyti sem það brýtur ekki í bága við milliríkjasamninga.“

Eins og þessum málum er háttað, vantar mjög mikið á, að tunnuverksmiðjur ríkisins framleiði nægjanlegt magn af tómtunnum undir þá síld, sem seld er á erlendan markað. Árlega eru keyptar til landsins tugir og jafnvel hundruð þúsunda tómtunna. Innflutningur á tómtunnum krefst mikils gjaldeyris umfram það, sem þyrfti, ef tunnurnar væru smíðaðar hér innanlands. Ég fæ því ekki betur séð en allt mæli með því, að tunnusmíði hér innanlands verði stóraukin frá því, sem nú er. Það skiptir ekki öllu máli, hvar slíkar verksmiðjur yrðu reistar, upp á flutningskostnað til að gera, ef á annað borð þarf að flytja tunnur á milli söltunarstaðanna.

Á Skagaströnd er til staðar stórt geymsluhús, sem byggt var í sambandi við síldarverksmiðju ríkisins. Þetta mikla geymsluhús er mjög lítið notað. Það virðist því auðsætt, að það mundu nást samningar við síldarverksmiðju ríkisins um leigu á þessu húsnæði undir tunnuefni og tómtunnur.

Þar sem hér er um að ræða allstórt fyrirtæki, sem kosta mun nokkrar milljónir króna, tel ég rétt, að ríkisstjórn sé falið að láta gera kostnaðaráætlun um byggingu tunnuverksmiðju á Skagaströnd af líkri stærð og tunnuverksmiðja ríkisins á Siglufirði. Að lokinni þeirri rannsókn verði málið lagt fyrir Alþingi.

Ed. 545. Breytingartillögur [227. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr.
   a. Við 7. kafla.
      1. Við 07.01.10. (Kartöflur).
         Í stað „100 kg 20 kr.“ kemur 0
      2. Við 07.01.31. (Laukur).
         Í stað „50%“ kemur 35%
   b. Við 8. kafla.
      1. Við 08.01.10. (Bananar).
         Í stað „40%“ kemur 30%
      2. Við 08.02.10. (Appelsínur o. fl.).
         Í stað „40%“ kemur 30%
      3. Við 08.02.21. (Sítrónur).
         Í stað „40%“ kemur 30%
      4. Við 08.02.29. (Aðrir sítrusávextir).
         Í stað „40%“ kemur 30%
      5. Við 08.03.10. (Nýjar fíkjur).
         Í stað „40%“ kemur 30%

6. Við 08.03.20. (Þurrkaðar fíkjur).
Í stað „70%“ kemur 40%
7. Við 08.04.10. (Vínber).
Í stað „40%“ kemur 30%
8. Við 08.04.21. (Rúsínur).
Í stað „50%“ kemur 40%
9. Við 08.04.22. (Kúrennur).
Í stað „70%“ kemur 40%
10. Við 08.12.01. (Sveskjur).
Í stað „50%“ kemur 40%
11. Við 08.12.02. (Apríkósur).
Í stað „70%“ kemur 40%
12. Við 08.12.03. (Blandaðir ávextir).
Í stað „70%“ kemur 40%

c. Við 9. kafla.
1. Við 09.02.00. (Te).
Í stað „70%“ kemur 0
2. Við 09.04.00. (Pipar o. fl.).
Í stað „100%“ kemur 70%
3. Við 09.05.00. (Vanilla).
Í stað „100%“ kemur 70%
4. Við 09.06.00. (Kanill).
Í stað „100%“ kemur 70%
5. Við 09.07.00. (Negull).
Í stað „100%“ kemur 70%
6. Við 09.08.00. (Múskathnetur o. fl.).
Í stað „100%“ kemur 70%
7. Við 09.09.00. (Anís o. fl.).
Í stað „100%“ kemur 70%
8. Við 09.10.09. (Annað krydd).
Í stað „100%“ kemur 70%

d. Við 17. kafla.
1. Við 17.01.25. (Púðursykur).
Í stað „20%“ kemur 0
2. Við 17.01.26. (Sallasykur).
Í stað „20%“ kemur 0
3. Við 17.01.27. (Steinsykur).
Í stað „20%“ kemur 0
4. Við 17.02.01. (Drúfusykur).
Í stað „70%“ kemur 40%
5. Við 17.02.02. (Hunangslíki).
Í stað „70%“ kemur 40%
6. Við 17.02.03. (Síróp).
Í stað „100%“ kemur 40%
7. Við 17.02.09. (Annar sykur).
Í stað „100%“ kemur 40%

e. Við 18. kafla.
Við 18.05.00. (Kakaóduft).
Í stað „50%“ kemur 40%

f. Við 19. kafla.
1. Við 19.02.00. (Vörur úr mjöli o. fl.).
Í stað „100%“ kemur 50%

2. Við 19.03.00. (Makkarónur o. fl.).
   Í stað „80%“ kemur 50%
3. Við 19.05.00. (Neyzluvörur úr steiktu korni o. fl.).
   Í stað „80%“ kemur 50%

g. Við 20. kafla.
   Við 20.01.00. (Grænmeti og ávextir, niðursoðið).
   Í stað „100%“ kemur 80%

h. Við 21. kafla.
1. Við 21.05.00. (Súpur og súputeningar).
   Í stað „100%“ kemur 80%
2. Við 21.06.02. (Bökunarduft).
   Í stað „100%“ kemur 80%
3. Við 21.07.02. (Búðingsduft).
   Í stað „100%“ kemur 80%

i. Við 32. kafla.
1. Við 32.10.00. (Litir til listmálunar og kennslu).
   Í stað „35%“ kemur 20%
2. Við 32.13.10. (Prentlitir).
   Í stað „20%“ kemur 10%
3. Við 32.13.20. (Blek o. fl.).
   Í stað „80%“ kemur 35%

j. Við 33. kafla.
   Við 33.04.03. (Bökunardropar).
   Í stað „80%“ kemur 40%

k. Við 34. kafla.
1. Við 34.01.01. (Blautsápa).
   Í stað „110%“ kemur 80%
2. Við 34.01.02. (Handsápa).
   Í stað „110%“ kemur 80%
3. Við 34.01.03. (Raksápa).
   Í stað „110%“ kemur 80%
4. Við 34.01.04. (Sápa til þvotta).
   Í stað „110%“ kemur 80%
5. Við 34.01.05. (Sápuspænir).
   Í stað „110%“ kemur 80%
6. Við 34.01.09. (Lyfjasápa).
   Í stað „110%“ kemur 80%
7. Við 34.02.01. (Þvottaduft).
   Í stað „110%“ kemur 80%
8. Við 34.02.09. (Þvotta- og ræstiefni).
   Í stað „110%“ kemur 80%
9. Við 34.05.01. (Bón).
   Í stað „110%“ kemur 80%
10. Við 34.05.02. (Ræstiduft).
    Í stað „110%“ kemur 80%
11. Við 34.05.03. (Skóáburður).
    Í stað „110%“ kemur 80%
12. Við 34.05.09. (Önnur fægiefni).
    Í stað „110%“ kemur 80%

l. Við 39. kafla.
   Við 39.07.58. (Búsáhöld úr plasti).
   Í stað „100%“ kemur 50%

m. Við 44. kafla.
Við 44.24.00. (Búsáhöld úr trjáviði).
Í stað „100%“ kemur 50%

n. Við 48. kafla.
1. Við 48.01.10. (Dagblaðapappír).
Í stað „4%“ kemur 0
2. Við 48.01.20. (Prent- og skrifpappír).
Í stað „30%“ kemur 10%
3. Við 48.01.30. (Kraftpappír).
Í stað „30%“ kemur 10%
4. Við 48.01.51. (Bókbandspappír).
Í stað „30%“ kemur 10%
5. Við 48.10.53. (Veggpappír).
Í stað „30%“ kemur 10%
6. Við 48.13.00. (Pappír til fleirritunar).
Í stað „80%“ kemur 35%

o. Við 61. kafla.
1. Við 61.01.00. (Ytri fatnaður karla).
Í stað „90%“ kemur 60%
2. Við 61.02.00. (Ytri fatnaður kvenna).
Í stað „90%“ kemur 60%
3. Við 61.03.01. (Manchetteskyrtur).
Í stað „90%“ kemur 60%
4. Við 61.03.02. (Nærfatnaður karla úr baðmull).
Í stað „70%“ kemur 50%
5. Við 61.03.09. (Annar nærfatnaður karla).
Í stað „90%“ kemur 60%
6. Við 61.04.01. (Nærfatnaður kvenna úr baðmull).
Í stað „70%“ kemur 50%
7. Við 61.04.09. (Annar nærfatnaður kvenna).
Í stað „90%“ kemur 60%

p. Við 62. kafla.
Við 62.02.00. (Sængurlín, borðlín o. fl.).
Í stað „100%“ kemur 60%

q. Við 64. kafla.
1. Við 64.01.01. (Sjóstígvél).
Í stað „25%“ kemur 2%
2. Við 64.01.09. (Annar gúmmískófatnaður).
Í stað „50%“ kemur 25%

r. Við 69. kafla.
1. Við 69.11.00. (Borðbúnaður úr postulíni).
Í stað „100%“ kemur 50%
2. Við 69.12.00. (Borðbúnaður úr annars konar leir).
Í stað „100%“ kemur 50%

s. Við 70. kafla.
Við 70.13.00. (Borðbúnaður o. fl. úr gleri).
Í stað „100%“ kemur 50%

t. Við 73. kafla.
1. Við 73.38.11. (Búsáhöld úr ryðfríu stáli).
Í stað „100%“ kemur 50%
2. Við 73.38.19. (Önnur búsáhöld).
Í stað „100%“ kemur 50%

u. Við 76. kafla.
   1. Við 76.15.01. (Hreinlætistæki úr alúmíni).
      Í stað „80%“ kemur 50%
   2. Við 76.15.02. (Búsáhöld úr alúmíni).
      Í stað „100%“ kemur 50%

v. Við 82. kafla.
   1. Við 82.09.01. (Borðhnífar).
      Í stað „100%“ kemur 50%
   2. Við 82.09.09. (Aðrir hnífar).
      Í stað „100%“ kemur 50%
   3. Við 82.11.00. (Rakhnífar, rakvélar o. fl.).
      Í stað „100%“ kemur 80%
   4. Við 82.14.00. (Skeiðar, gafflar o. fl.).
      Í stað „100%“ kemur 50%

x. Við 84. kafla.
   1. Við 84.15.20. (Kælitæki, ekki rafmagnsknúin).
      Í stað „80%“ kemur 50%
   2. Við 84.15.30. (Kælitæki, rafmagnsknúin).
      Í stað „80%“ kemur 50%
   3. Við 84.40.20. (Fataþvottavélar).
      Í stað „80%“ kemur 50%

y. Við 97. kafla.
   1. Við 97.06.01. (Skíði).
      Í stað „80%“ kemur 50%
   2. Við 97.06.20. (Skautar).
      Í stað „80%“ kemur 50%
   3. Við 97.06.09. (Önnur íþróttatæki).
      Í stað „80%“ kemur 50%

2. Við 3. gr. Aftan við greinina bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:
   Að endurgreiða allt að 75% af gjöldum á byggingarefni til íbúðarhúsa. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hvern teningsmetra fullgerðrar íbúðar, og skal endurgreiðslan takmörkuð við 360 m³ á hverja íbúð. Endurgreiðslan fer fram, þegar íbúð er fullgerð.

Sþ. 546. Nefndarálit [68. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir leggist í eyði.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þáltill. á fjórum fundum. Var till. send til umsagnar til landnámsstjóra, Búnaðarfélags Íslands, Stéttarsambands bænda, veiðimálastjóra, Landssambands stangveiðimanna og Sambands ísl. sveitarfélaga. Eru allar þær umsagnir, sem komið hafa, birtar hér með sem fylgiskjöl. Voru umsagnirnar, svo og breytingartill. á þskj. 283, ræddar ýtarlega í nefndinni. Öll nefndin er sammála um, að brýna nauðsyn beri til þess, að reistar verði skorður við því, að hlunnindajörðum verði haldið í eyði eða látnar fara í eyði fyrir það eitt, að ábúanda er það um megn að greiða í landsskuld upphæð, sem eigandi kynni að geta haft af hlunnindunum einum, svo sem nú á sér alloft stað. Er það og álit þeirra, sem umsagnir hafa sent um þáltill. Nefndin var og sammála um, að víðtæk rannsókn væri nauðsynleg á svo miklu vandamáli sem hér um ræðir, áður en ákveðnar tillögur verði gerðar til lausnar á málinu. Hins vegar er ágreiningur um það í nefnd-

inni, hvernig sú rannsókn skuli framkvæmd og hverjum hún skuli falin. Vill minni hl. (GíslG) leggja til, að tillögugreinin verði orðuð sem líkast því, sem lagt er til í brtt. á þskj. 283, en á það gat meiri hl. n. ekki fallizt. Minni hl. n. gefur því út sérálit um málið. Meiri hl. n. leggur til, að málið verði afgr. með svo hljóðandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, á hvern hátt unnt sé að koma í veg fyrir, að eigendur hlunnindajarða hagnýti aðeins hlunnindin án þess að halda jörðunum í ábúð. M. a. verði athugað, hvort tryggja megi, að ákveðinn hluti hlunnindanna renni í sérstakan sjóð, sem sé eign jarðarinnar og honum varið til þess að gera jörðina ábúðarhæfa með endurbótum í jarðrækt og húsabyggingum.
   Verði niðurstöður og tillögur í þessu máli lagðar fyrir Alþingi eins fljótt og unnt er.
2. Fyrirsögnin orðist þannig:
   Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð.

Tveir nefndarmenn (BP og JR) voru ekki á fundi, er málið var afgreitt.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
	Geir Gunnarsson.	

Fylgiskjal I.

LANDNÁMSSTJÓRI

Reykjavík, 13. febrúar 1963.

Með bréfi, dags. 7. febrúar 1963, hefur háttvirt allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis beiðzt umsagnar um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir fari í eyði. Tillagan felur í sér að láta rannsaka, á hvern hátt unnt verði að koma í veg fyrir, að hlunnindajarðir verði keyptar vegna hlunnindanna og síðan látnar leggjast í eyði.

Á undanförnum árum hefur lögbýlisjörðum í landinu fjölgað nokkuð. Til dæmis nemur þessi fjölgun á tímabilinu 1957 til fardaga 1962 161 jörð, en á sama árabili hefur eyðijörðum fjölgað það, að fardagaárið 1961—1962 eru með búi 81 jörð færra en var 1957. Auk hinna 161 jarða, er komið hafa inn í tölu byggðra jarða þessi ár, eru 136 jarðir í uppbyggingu, sem ekki eru það langt komnar í uppbyggingu sinni, að þær séu teknar inn í tölu byggðra jarða. Þar sem meiri hluti þeirra mun koma fram sem fullbyggðar jarðir á þessu ári, má segja, að jafnvægi haldist í tölu bújarða í landinu, þegar á heildina er litið, en staðreynd er, að veruleg fækkun byggðra jarða er í einstökum héruðum, og áhrif þeirra breytinga veikja þar af leiðandi einstök byggðarlög.

Það hefur ekki verið gerð athugun á því, hve mikil brögð séu að því, að hlunnindajarðir hafa sérstaklega verið keyptar og lagðar í eyði af þeim, er þær kaupa og hlunnindin nýta. Með hliðsjón af því getur verið full ástæða til, að á því verði athugun gerð.

Það er staðreynd, að jarðir með laxveiðiréttindum eru mjög eftirsóttar og í þær boðið hærra verð en búendur eða aðrir, sem leita eftir jarðnæði til almenns búrekstrar, treysta sér til að greiða fyrir jarðirnar, og dæmi eru um það, að jarðir hafi verið keyptar af bændum til að komast að laxveiðiréttindum gegn fríðindum,

svo sem endurgjaldslausri ábúð um lengri eða skemmri tíma. Við eina laxveiðiá suðvestanlands, er tíu jarðir liggja að, eru fjórar jarðir komnar á hendur laxveiðimanna, og tvær jarðir munu þar til sölu, sem litlar líkur eru til, að keyptar verði til búrekstrar. Virðist það stefna til þess, að þessar jarðir og þriðja jörð þeim aðliggjandi geti farið í eyði, ef sala verður framkvæmd.

Það þykir rétt að benda á, að ástæða væri til athugana um aðrar hlunnindajarðir en laxveiðijarðir. Jarðir í Flateyjarhreppi eru að meiri hluta komnar í eigu manna utan hreppsins. Leigumáli byggðra og óbyggðra hlunnindajarða þar er ákveðinn eftir verðgildi dúns, og voru leigutekjur eigenda eignanna árið 1959 85 þúsund krónur, af fasteignaverðmæti, er nam 89 þúsund krónum, og svaraði það til kr. 821.60 á hvert jarðarhundrað.

Með tilvísun til þessa verður að telja eðlilegt, að athugun fari fram á því, hvernig verði fyrirbyggt, að hlunnindajörðum sé stefnt til þess að leggjast í eyði sem afleiðing eignarumráða og sjónarmiða eigenda til arðsvona af jarðeignunum, án þess að þær séu nytjaðar sem bújarðir.

Virðingarfyllst,

Pálmi Einarsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 9. marz 1963.

Með bréfi, dags. 7. febr. 1963, sendi allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir leggist í eyði.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands lagði málið fyrir búnaðarþing, sem samþykkti eftirfarandi ályktun ásamt greinargerð um málið:

„Búnaðarþing leggur til, að Alþingi feli landbúnaðarráðherra að skipa fimm manna nefnd, er taki til gagngerðrar endurskoðunar og breytingar alla löggjöf, sem fjallar um eignarhald og ábúð á jörðum, og semji frumvarp til nýrra laga um það efni. Sú löggjöf tryggi betur en nú er umráða- og eignarrétt bænda á jörðum og aðstoð við eigendaskipti, m. a. með stóraukinni fyrirgreiðslu um lánsfjárútvegun til jarðakaupa.

Landnámsstjóri verði sjálfkjörinn í nefndina, Búnaðarfélag Íslands tilnefni tvo menn og Stéttarsamband bænda tvo. Landbúnaðarráðherra skipi formann úr hópi nefndarmanna.

Greinargerð.

Allsherjarnefnd búnaðarþings telur, að breyta þurfi þeirri löggjöf, sem nú gildir um eignarhald og ábúð jarða. Búskaparhættir hafa gerbreytzt á undanförnum árum og öll viðhorf við það, að meginhluti þjóðarinnar býr nú í þéttbýli, en var áður nær öll búsett í sveitum, og verðlagsþróunin hefur verið bændum svo óhagstæð, að þeir geta ekki keppt um hlunnindajarðirnar við menn úr öðrum stéttum.

Nefndin lítur svo á, að stefna beri að því, að flestar jarðir verði í sjálfsábúð eða í eign sveitarsjóðs eða ríkisins, og að nauðsyn beri því til að setja ný lög, er skapi leiguliðum, sem búa á jörðum í einkaeign, möguleika til að kaupa ábúðarjarðir sínar. Þó getur verið rétt að heimila öðrum einstaklingum að eiga jarðir, ef þeir reka bú á jörð sinni sjálfir.

Jarðakaupasjóður ríkisins eða önnur hliðstæð stofnun ætti að hafa þá skyldu að kaupa á matsverði þær jarðeignir, sem ekki seljast mönnum, er vildu búa þar sjálfir. og að sveitarsjóðum frágengnum, og jafnframt að selja þær aftur þeim, er vilja hefja þar búskap. Jarðir, sem nú eru í einkaeign manna, sem ekki reka búskap sjálfir, ættu að seljast jarðakaupasjóði á matsverði við fráfall núverandi eigenda.

Allar eyðijarðir, sem ekki eru nytjaðar til búrekstrar, þurfa annað tveggja að vera eign viðkomandi sveitarsjóðs eða jarðakaupasjóðs ríkisins.

Komið gæti til mála, að skipuð yrði sérstök byggingarnefnd, einum manni tilnefndum af Búnaðarfélagi Íslands, einum af Stéttarsambandi bænda og landbúnaðarráðherra skipi einn.

Nefnd þessi hefði umsjón með jarðakaupasjóði ríkisins. Hún gerði tillögur um kaup og sölu jarðeigna f. h. jarðakaupasjóðs. Hún gerði tillögur um skipti jarða í tvö eða fleiri býli, enn fremur um sameiningu jarða í eitt býli, og annað, sem þessi mál snertir — eða þá að nýbýlastjórn ríkisins yrði falið þetta verkefni.

Jarðakaupasjóður verði efldur, svo að hann geti greitt fyrir, að bændur geti eignazt ábúðarjarðir sínar. Jafnframt verði honum heimiluð útgáfa skuldabréfa eða útvegað verulegt fjármagn til jarðakaupa."

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal III.

VEIÐIMÁLASTJÓRI

9. marz 1963.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Í bréfi yðar, dags. 7. febr. s. l., er óskað umsagnar um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir leggist í eyði.

Það er tímabært að rannsaka mál það, sem nefnd þingsályktunartillaga fjallar um, og þá frekast á sem breiðustum grundvelli í líkingu við efni samþykktar nýafstaðins búnaðarþings, sem gerð var um þetta mál. Skal mælt með, að þingsályktunartillagan verði samþykkt.

Svo sem kunnugt er, hafa verðmæti veiðihlunninda farið ört vaxandi á síðustu árum, og má vænta, að sú þróun muni halda áfram í framtíðinni. Með nútíma aðferðum í fiskrækt má stórauka veiði í ám og vötnum, en ráðstafanir, sem gerðar kunna að verða í þeim efnum, sem þingsályktunartillagan fjallar um, mega ekki vera þess eðlis, að þær komi í veg fyrir, að ræktun veiðivatnanna verði haldið áfram.

Virðingarfyllst,

Þór Guðjónsson.

Fylgiskjal IV.

LANDSSAMBAND ÍSL. STANGVEIÐIMANNA

Reykjavík, 28. febrúar 1963.

Viðvíkjandi fyrirspurn til undirritaðs frá allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, undirritaðri af Benedikt Gröndal, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir leggist í eyði, vill stjórn L. Í. S. taka fram eftirfarandi:

Landssambandsstjórnin lítur svo á, að ákvæði um sölu jarðar séu allskýr í ábúðarlögunum, og leyfum vér oss að vísa til þeirra.

Hins vegar skal það upplýst, þar eð flutningsmaður tillögunnar, B. G., tekur sérstaklega fram laxveiðihlunnindi jarða, að vér höfum margoft á það bent, hve brýn nauðsyn er á, að fram fari nú þegar endurskoðun á lax- og silungsveiðilöggjöfinni í heild og verði hún byggð upp á öðrum grundvelli en sú, sem nú er í gildi.

Skal nefndin hér með upplýst um, að stjórn L. Í. S. lagði fyrir landbúnaðarráðherra í nóvembermánuði 1961 tillögur í því efni ásamt greinargerð og benti þá á, hve það væri orðið aðkallandi, að fram færi endurskoðun á fyrrnefndri löggjöf.

Að lokum leyfum vér oss að skýra frá því, að landbúnaðarráðherra hefur tjáð sig fúsan til að gefa nefndinni frekari upplýsingar um ofangreind atriði og hvernig þau standa nú.

Virðingarfyllst,

f. h. stjórnar L. Í. S.

Guðm. J. Kristjánsson,
formaður.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis.

Fylgiskjal V.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 19. marz 1963.

Bréf háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 7. febr. s. l., ásamt tillögu til þingsályktunar (Sþ. 78) um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að hlunnindajarðir, sérstaklega laxveiðijarðir, verði látnar leggjast í eyði, var lagt fyrir fund í stjórn Sambands íslenzkra sveitarfélaga hinn 4. þ. m.

Stjórnin var sammála um að láta í ljós þá skoðun, að hún teldi þá þróun óæskilega, að hlunnindajarðir — ekki sízt laxveiðijarðir — verði keyptar vegna hlunnindanna og síðan látnar leggjast í eyði, og telur eðlilegt, að við því séu reistar þær skorður, sem löggjafarvaldið telur réttmætar.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Jónas Guðmundsson.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Nd. 547. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til l. um Kennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. á nokkrum fundum og rætt það við hæstv. menntamálaráðherra og fulltrúa frá samtökum barnakennara og framhaldsskólakennara.

Frv. hefur hlotið langan og góðan undirbúning, og hafa allir aðilar, sem það snertir, sameinazt um að óska eftir afgreiðslu þess á núverandi þingi.

Menntamálanefnd mælir með samþykkt frv. með þremur breytingum, sem fram kemur tillaga um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Einar Olgeirsson.
Alfreð Gíslason, Óskar Jónsson.

Nd. 548. Breytingartillögur [205. mál]

við frv. til l. um Kennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. Við 2. gr. Aftan við 1. lið (Almenn kennaradeild) komi orðin: samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
2. Við 4. gr. Í lið 1 falli niður orðin „né heldur verulegan málgalla eða líkamslýti, sem geri hann óhæfan til kennslustarfa".
3. Við 5. gr. Orðið „bóknámsdeildar" í 2. lið falli niður.

Nd. 549. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Við 15. gr. Síðasti málsliður greinarinnar orðist svo:
Þar skal hámarksgreiðsla ríkissjóðs samkvæmt þessum lögum miðast við kr. 40.00 á íbúa, en heimilt er að veita viðbótarstyrk á fjárlögum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

Nd. 550. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113 29. des. 1951.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur tekið frumvarp þetta til meðferðar og mælir með því, að frumvarpið verði samþ. Einn nefndarmanna (EðS) áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Jónas G. Rafnar, form. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Matthías Á. Mathiesen, frsm.
Þórarinn Þórarinsson. Eðvarð Sigurðsson.

Ed. 551. Nefndarálit [182. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Eggert G. Þorsteinsson, form. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Hermann Jónasson. Ásgeir Bjarnason.

Ed. 552. Nefndarálit [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur athugað frumv., og eru nefndarmenn á einu máli um að mæla með samþykkt þess, Sigurvin Einarsson þó með fyrirvara.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson, með fyrirvara.
Kjartan J. Jóhannsson. Björn Jónsson.

Ed. 553. Breytingartillaga [5. mál]

við frv. til laga um lögreglumenn.

Frá allsherjarnefnd.

Við 13. gr. Í stað orðanna „Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964“ komi: Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 554. Frumvarp til laga [5. mál]

um lögreglumenn.

(Eftir 2. umr. í Ed., 5. apríl.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, að fengnum tillögum sveitarstjórnar eða sýslunefndar, að ákveða, að í sveitar- eða sýslufélagi, þar sem eru 500 íbúar eða fleiri, skuli vera allt að einum starfandi lögregluþjóni á hverja 500 íbúa. Nú óskar hreppsnefnd eða sýslunefnd í sveitar- eða sýslufélagi, sem hefur færri en 500 íbúa, að hafa

lögreglu, og er ríkisstjórninni þá heimilt að ákveða, að greiða skuli helming kostnaðar samkvæmt 1. málsgr. 2. gr.

Sveitarstjórnir eða sýslunefndir skipa lögregluþjóna að fengnum tillögum lögreglustjóra, en hann getur veitt þeim lausn án samþykkis nefndra aðilja.

2. gr.

Þar sem ríkisstjórnin gerir slíka ráðstöfun, skal ríkissjóður endurgreiða helming kostnaðar við lögreglu og löggæzlu sveitar- eða sýslufélaga.

Í Reykjavík, þar sem ríkissjóður greiðir allan kostnað af ríkislögregludeild, sbr. 3. gr., skal þó einungis endurgreiða ⅖ hluta kostnaðar úr ríkissjóði.

3. gr.

Í Reykjavík skal, auk borgarlögregluliðs, vera deild ríkislögreglumanna, sem ríkissjóður ber allan kostnað af. Ríkislögreglumenn skulu ásamt öðrum lögreglumönnum annast sakamálarannsóknir, hafa eftirlit með útlendingum, annast umferðareftirlit á þjóðvegum og halda uppi almennri löggæzlu og reglu.

Dómsmálaráðherra ákveður tölu ríkislögreglumanna, og verði við það miðað, að tala þeirra verði eigi lægri en þriðjungur af tölu borgarlögreglumanna í Reykjavík.

4. gr.

Þegar sérstaklega stendur á eða ráðherra telur nauðsynlegt, öryggis vegna, að lögreglulið sé aukið meira en segir í 1. gr., getur hann bætt við varalögreglumönnum, og greiðir ríkissjóður þá allan þann kostnað, sem leiðir af aukningunni, þó eigi hærri upphæð en nemur þriðjungi kostnaðar af hinu reglulega lögregluliði. Varalögreglumenn fá laun úr ríkissjóði eftir reglum, sem ráðherra setur.

Á stöðum, þar sem þörf er á löggæzlu vegna sérstakra aðstæðna, svo sem á vertíðum, má ráða lögreglumenn til starfa, eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum. Má binda slík framlög því skilyrði, að ákveðinn hluti kostnaðar af löggæzlunni sé greiddur af viðkomandi sveitarfélagi.

5. gr.

Skipshafnir varðskipanna og tollverðir teljast til lögreglumanna ríkisins. Núverandi tollvörðum ríkisins verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn vilja sínum.

Ef nauðsyn ber til, geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, sem viðstaddur er, til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri.

Heimilt er dómsmálaráðherra með samþykki fjármálaráðherra og að fengnum tillögum viðkomandi sveitarstjórnar eða sýslunefndar að ákveða, að lögreglumaður sveitar- eða sýslufélags skuli gegna tollgæzlustörfum samkvæmt nánari fyrirmælum lögreglustjóra. Kostnaður greiðist þá að ⅔ úr ríkissjóði og að ⅓ úr viðkomandi sveitar- eða sýslusjóði.

6. gr.

Lögreglumenn, hvort sem eru í föstu starfi eða kvaddir lögreglunni til aðstoðar, eru opinberir starfsmenn og njóta sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má á neinn hátt tálma því, að maður gegni lögreglustörfum. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara að hætti opinberra mála.

Lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir vegna starfs síns.

7. gr.

Ríkislögreglumönnum er skylt að gegna löggæzlustörfum hvar sem er á landinu. Ef sérstaklega stendur á og dómsmálaráðherra mælir svo fyrir, gildir sama um lögreglulið sveitar- eða sýslufélags, taki ríkissjóður þátt í kostnaði við það. Ráð-

herra ákveður, hver skuli stjórna liði, þegar það er sent úr einu lögsagnarumdæmi í annað.

Er ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við lögreglulið sveitar- eða sýslufélags, skal lögreglumönnum þess skylt, þegar nauðsyn krefur, að gegna löggæzlustarfi hvar sem er innan umdæmis þess lögreglustjóra, er fer með stjórn þeirra.

Gæta skal þess þó jafnan, að hægt sé að halda uppi löggæzlu á þeim stað, sem lið er flutt frá.

8. gr.

Að fengnum tillögum sýslunefndar er dómsmálaráðherra heimilt að ákveða, að í lögsagnarumdæmi skuli vera starfandi 2—8 héraðslögreglumenn.

Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæzlustörfum í héraði, þegar á þarf að halda, samkv. fyrirmælum lögreglustjóra eða hreppstjóra, þar á meðal að halda uppi reglu á mannfundum og skemmtunum.

Kostnaður af fræðslu og þjálfun héraðslögreglumanna, svo og kostnaður af einkennisfatnaði þeirra og öðrum búnaði greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra setur reglugerð um fasta þóknun héraðslögreglumanna og um greiðslu annars kostnaðar vegna starfa þeirra. Þóknun og kostnaður greiðist úr sýslusjóði, en ríkissjóður endurgreiðir helminginn. Heimilt er lögreglustjóra að binda skemmtanaleyfi því skilyrði, að lögreglumenn verði á skemmtistað, og skal þá leyfishafi greiða til sýslusjóðs kostnað af þeirri löggæzlu samkvæmt gjaldskrá, sem ráðherra setur.

Lögreglustjóri heimilar héraðslögreglumönnum að taka sér aðstoðarmenn til þess að halda uppi reglu á skemmtistöðum.

9. gr.

Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfræktur lögregluskóli, er veiti lögreglumönnum undirstöðumenntun í lögreglufræðum. Skal að jafnaði eigi skipa aðra í lögregluþjónsstöðu en þá, er staðizt hafa próf í skólanum. Framhaldsnámskeið skulu haldin svo oft sem aðstæður leyfa. Heimilt er og að efna til lögreglunámskeiða utan Reykjavíkur.

Ráðherra setur reglugerð um námstilhögun í lögregluskólanum og prófkröfur.

10. gr.

Lögreglumenn má ekki nota til að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar eins og annars staðar uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga. Hann ákveður, hver skuli vera einkenni og búnaður lögreglumanna, og setur reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að greiða úr ríkissjóði allan kostnað, er leiðir af framkvæmd laga þessara, sem ekki er samkvæmt lögunum greiddur af öðrum aðiljum.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru þá jafnframt úr gildi felld lög nr. 50 12. febrúar 1940, um lögreglumenn, lög nr. 45 5. apríl 1956 og lög nr. 61 29. marz 1961, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði 2. gr. um þátttöku ríkissjóðs í greiðslu kostnaðar við lögreglu og löggæzlu skulu koma til framkvæmda að fullu 1. janúar 1965. Árið 1963 greiðist úr ríkissjóði $^{3}/_{10}$ hlutar af þessum kostnaði utan Reykjavíkur, en ¼ í Reykjavík. Árið 1964 greiðist úr ríkissjóði $^{4}/_{10}$ hlutar utan Reykjavíkur, en ⅓ í Reykjavík.

Ed. 555. Lög [130. mál]

um breyting á lögum nr. 30 17. maí 1957, um breyting á lögum nr. 66 17. júlí 1946, um atvinnu við siglingar á íslenzkum skipum.

(Afgreidd frá Ed., 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 330.

Ed. 556. Nefndarálit [206. mál]

um frv. til l. um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og mælir með því, að það verði samþykkt. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja brtt. og fylgja öðrum, ef fram koma. Einn nefndarmanna, FRV, var fjarverandi, er málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 5. marz 1963.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Páll Þorsteinsson.
Friðjón Skarphéðinsson.

Sþ. 557. Nefndarálit [29. mál]

um till. til þál. um opinbera rannsókn á sjóslysum við strendur Íslands undanfarin 2—3 ár.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað og rætt þáltill. og sent hana til umsagnar eftirtalinna aðila:

Slysavarnafélags Íslands.
Alþýðusambands Íslands.
Farmanna- og fiskimannasambands Íslands.
Landssambands íslenzkra útvegsmanna.
Sjómannasambands Íslands.
Skipaskoðunar ríkisins.

Slysavarnafélag Íslands, Alþýðusamband Íslands og Farmanna- og fiskimannasamband Íslands mæla eindregið með samþykkt tillögunnar. Skipaskoðunarstjóri ríkisins sendi margvíslegar upplýsingar um málið, en tekur ekki beina afstöðu til tillögunnar. Frá öðrum aðilum bárust ekki umsagnir.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að tillagan verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ýtarlega rannsókn á orsökum hinna mörgu skipstapa, sem Íslendingar hafa orðið fyrir síðastliðin 2—3 ár. Rannsókn þessi skal m. a. gerð í samráði við samtök sjómanna

og útvegsmanna, Slysavarnafélag Íslands, sjómannaskólana, Skipaskoðun ríkisins og þau tryggingarfélög, sem annast skipatryggingar.

Rannsókn þessari skal hraða, eftir því sem unnt er, og ef ástæða þykir til, skulu lagðar fram tillögur að nýjum reglum um sjóhæfni íslenzkra fiskiskipa, um breytingar á eldri skipum, staðsetningu veiðarfæra og hjálpartækja og búnað skips í sambandi við þau og annað það, er aukið getur öryggi sjófarenda frá því, sem nú er.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo:
Tillaga til þingsályktunar um opinbera rannsókn á orsökum sjóslysa.

Alþingi, 4. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson, frsm.
Gísli Jónsson.	Gísli Guðmundsson.	Björn Pálsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Sþ. 558. Nefndarálit [101. mál]

um till. til þál. um rannsókn á kali í túnum o. fl.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Efni tillögunnar á þskj. 123 (101. mál) er að fela ríkisstjórninni að hlutast til um það við atvinnudeild háskólans, að sérfræðingar hennar í jarðrækt einbeiti sér að rannsókn á orsökum kals í túnum, enda verði sú rannsókn studd með sérstöku fjárframlagi og niðurstöður hennar gefnar út ásamt leiðbeiningum, sem rannsóknin kann að gefa tilefni til. Er í tillögunni bent á nokkur atriði, sem sérstaklega er talin þörf á að rannsaka í þessu sambandi.

Engan þarf að undra, að tillaga sú, sem hér er um að ræða, er fram komin á þessu þingi. Bændum, sem í hlut áttu, og þeim, sem lögðu leið sína um landið um það leyti, sem jörð tók að grænka í vor sem leið (1962), er minnisstætt, hvernig tún voru þá víða útleikin eftir veturinn. Rýrnun á töðufeng vegna kalskemmdanna hefur valdið landbúnaðinum stórtjóni á árinu sem leið, og miklu fé hefur verið eytt án árangurs til að bera á jörð, sem að þessu sinni gat lítinn eða engan ávöxt borið.

Kalið í túnunum er plága, sem alltaf vofir yfir. Dr. Sturla Friðriksson áætlar, að kalskemmdir, sem fram komu á árinu 1951, hafi átt drýgstan þátt í að rýra heyfeng landsmanna það ár um rúml. 300 þús. hesta, og metur tjónið á 30 milljónir króna, miðað við peningagildi þess árs. Kalskemmda gætti einnig mjög sumarið 1952. Þessi áföll urðu til þess, að fram fór á árunum 1951—52, á vegum atvinnudeildar háskólans, „athugun á kali og gróðurfari 288 sléttna á 130 bæjum sunnan- og norðanlands“. og birti atvinnudeildin (dr. Sturla Friðriksson) árangur þeirrar athugunar í B-flokki nr. 7 af ritum deildarinnar árið 1954. Er í riti þessu mikinn fróðleik að finna. Í niðurlagi skýrslunnar tekur dr. Sturla það þó fram, að ekki megi „líta á árangur athugananna sem endanlegar niðurstöður eða tillögur um endurbætur, sem einhlíta lausn á vandamálunum, heldur verði að skoða þessa athugun sem einn þátt í þeirri rannsókn, sem nauðsynlegt er að gera, til þess að hægt sé að finna nokkra úrbót“, enda hafi aðeins verið rannsakaður lítill hluti „þess lands, sem um er að ræða“.

Í greinargerð tillögunnar á þskj. 123 er það réttilega fram tekið, að enn standi menn yfirleitt uppi ráðalitlir gagnvart kal-plágunni, enda viti menn enn ógerla, af hverju kalið stafi, nema þá í sumum tilfellum, eða hvaða ráð séu til að hefta hana

eða draga úr henni, enda þótt hitt og þetta hafi verið leitt í ljós, t. d. ýmislegt um mismun á þoli grastegundanna, að því er virðist. Að því verður að stefna, að hægt sé að gefa sem áreiðanlegastar leiðbeiningar og að eftir þeim sé farið.

Tillagan hefur verið send til umsagnar Búnaðarfélagi Íslands, Stéttarsambandi bænda og atvinnudeild háskólans (landbúnaðardeild). Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda mæla með tillögunni (hið síðarnefnda með einni breytingu) og umsögn atvinnudeildarinnar er einnig jákvæð.

Umsögn atvinnudeildarinnar fylgdi frumrit skýrslu frá 1954 um kal í túnum, ársskýrsla um rannsókn á nytjajurtum og erfðafræði 1958 og skýrsla til búnaðarmálastjóra um kalskemmdir í túnum í Suður-Þingeyjarsýslu (1962) frá dr. Sturlu Friðrikssyni, en dr. Sturla ferðaðist um sýsluna s. l. sumar ásamt Skafta Benediktssyni héraðsráðunaut til að athuga skemmdirnar.

Minni hl. telur rétt og skylt, að fram komi ákveðinn, jákvæður þingvilji í þessu mikla vandamáli landbúnaðarins, og þá m. a. það, að Alþingi ætlist til, að ríkisstjórnin láti atvinnudeildinni í té fjárframlag í ríflegra lagi til áframhaldandi rannsóknar- og leiðbeiningastarfsemi á þessu sviði. Minni hl. mælir með því, að tillagan á þskj. 123 verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Á eftir 5. tölul. tillgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Jafnframt verði í tilraunastöðvum gerðar ræktunartilraunir til að leita að þeirri ræktunaraðferð, svo sem varðandi jarðvinnslu, grastegundir og meðferð landsins, sem bezt standist gegn kalinu.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Gísli Guðmundsson. frsm. Björn Pálsson. Geir Gunnarsson.

Nd. 559. Lög [126. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja eyðijörðina Bakkasel í Öxnadalshreppi.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 228.

Nd. 560. Lög [186. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja prestssetursjarðirnar Vatnsenda í Suður-Þingeyjarsýslu og Æsustaði í Austur-Húnavatnssýslu.

(Afgreidd frá Nd. 5. apríl.)

Samhljóða þskj. 356.

Ed. **561. Breytingartillögur** [227. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

1. Við 1. gr.
   a. Við 9. kafla.
      Við 09.02.00. (Te).
      Í stað „70%“ kemur 0
   b. Við 59. kafla.
      1. Við 59.04.01. (Færi og línur til fiskveiða).
         Í stað „4%“ kemur 0
      2. Við 59.04.02. (Kaðlar).
         Í stað „4%“ kemur 0
      3. Við 59.04.03. (Öngultaumar).
         Í stað „4%“ kemur 0
      4. Við 59.05.01. (Fiskinet úr gerviefnum).
         Í stað „4%“ kemur 0
      5. Við 59.05.02. (Fiskinet úr öðrum efnum).
         Í stað „4%“ kemur 0
   c. Við 73. kafla.
      Við 73.27.02. (Girðingarnet).
      Í stað „20%“ kemur 15%
   d. Við 84. kafla.
      1. Við 84.06.22. (Dísilhreyflar, 200 hestöfl eða stærri).
         Í stað „10%“ kemur 0
      2. Við 84.15.20. (Kælitæki, ekki rafmagnsknúin).
         Í stað „80%“ kemur 40%
      3. Við 84.15.30. (Kælitæki, rafmagnsknúin).
         Í stað „80%“ kemur 40%
      4. Við 84.18.11. (Mjólkurskilvindur).
         Í stað „20%“ kemur 0
      5. Við 84.19.01. (Uppþvottavélar).
         Í stað „80%“ kemur 40%
      6. Við 84.24.01. (Plógar).
         Í stað „10%“ kemur 0
      7. Við 84.24.02. (Herfi).
         Í stað „10%“ kemur 0
      8. Við 84.24.03. (Áburðardreifarar).
         Í stað „10%“ kemur 0
      9. Við 84.24.09. (Aðrar jarðræktarvélar).
         Í stað „10%“ kemur 0
      10. Við 84.25.02. (Sláttuvélar).
         Í stað „10%“ kemur 0
      11. Við 84.25.03. (Upptökuvélar fyrir kartöflur).
         Í stað „10%“ kemur 0
      12. Við 84.25.04. (Rakstrar- og snúningsvélar).
         Í stað „10%“ kemur 0
      13. Við 84.25.05. (Flokkunarvélar).
         Í stað „35%“ kemur 15%
      14. Við 84.25.09. (Aðrar uppskeruvélar).
         Í stað „10%“ kemur 0

15. Við 84.26.01. (Mjaltavélar).
Í stað „10%“ kemur 0
16. Við 84.26.02. (Mjólkurvinnsluvélar).
Í stað „35%“ kemur 15%
17. Við 84.26.09. (Aðrar mjólkurbúsvélar).
Í stað „35%“ kemur 15%
18. Við 84.28.00. (Aðrar landbúnaðarvélar).
Í stað „35%“ kemur 15%
19. Við 84.37.01. (Prjónavélar).
Í stað „35%“ kemur 15%
20. Við 84.40.12. (Strokvélar).
Í stað „80%“ kemur 40%
21. Við 84.40.20. (Fataþvottavélar).
Í stað „80%“ kemur 40%

e. Við 85. kafla.
1. Við 85.06.01. (Ryksugur).
Í stað „80%“ kemur 40%
2. Við 85.06.02. (Hrærivélar).
Í stað „80%“ kemur 40%
3. Við 85.06.03. (Aðrar rafknúnar eldhúsvélar).
Í stað „80%“ kemur 40%
4. Við 85.06.09. (Önnur rafmagnsknúin búsáhöld).
Í stað „80%“ kemur 40%
5. Við 85.12.01. (Rafmagnseldavélar).
Í stað „80%“ kemur 40%
6. Við 85.12.02. (Rafmagnsofnar).
Í stað „80%“ kemur 40%
7. Við 85.12.03. (Rafmagnshellur).
Í stað „80%“ kemur 40%
8. Við 85.12.04. (Rafmagnsstrokjárn).
Í stað „80%“ kemur 40%
9. Við 85.12.06. (Rafmagnsvatnshitunartæki).
Í stað „80%“ kemur 40%
10. Við 85.15.31. (Ratsjár og radíómiðunartæki).
Í stað „4%“ kemur 0

f. Við 87. kafla.
Við 87.01.11. (Almennar hjóladráttarvélar).
Í stað „10%“ kemur 0

g. Við 90. kafla.
Við 90.28.01. (Bergmálsdýptarmælar, asdictæki o. fl.).
Í stað „4%“ kemur 0

h. Við 97. kafla.
Við 97.07.01. (Fiskiönglar).
Í stað „4%“ kemur 0

2. Við 3. gr.

a. 30. liður breytist þannig, að niður falli orðin „sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur“.

b. Á eftir 30. lið komi nýr liður (31.), svo hljóðandi (og breytist liðatalan í samræmi við það):

Að endurgreiða hluta innflutningsgjalda af byggingarefni í íbúðarhús eftir stærð þeirra. Skal endurgreiðslan nema 110 krónum á hvern rúmmetra íbúðar. Endurgreiðslan nær þó ekki til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra.

Ráðherra setur nánari ákvæði um endurgreiðslu þessa.

3. Við 40. gr. Aftan við næstsíðustu málsgrein komi svo hljóðandi viðbót:
Greiða skal síðan, eftir 1963, árlega til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 5% af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá.

Ed. 562. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til meðferðar á allmörgum fundum, síðan því var til hennar vísað. Hafa henni borizt mörg erindi með óskum um breytingar á einstökum tollaákvæðum.

Embættismenn þeir og sérfræðingar, er að samningu frv. hafa unnið, þeir Torfi Hjartarson tollstjóri, Klemenz Tryggvason hagstofustjóri, Sigtryggur Klemenzson ráðuneytisstjóri og Pétur Sæmundsen bankastjóri, hafa mætt á nokkrum fundum nefndarinnar og gefið henni margvíslegar upplýsingar og leiðbeiningar, bæði um erindi þau, er borizt hafa, og annað, sem frv. þetta varðar.

Nefndin flytur sameiginlega nokkrar brtt. á sérstöku þingskjali. Eiga þær brtt. einkum rót sína að rekja til þess, að nefndin hefur talið rétt að koma til móts við þær óskir, er fram hafa verið bornar í áðurnefndum erindum, þó að hún hafi hins vegar ekki séð sér fært að taka þær allar til greina.

Tveir nm., þeir BjörnJ og KK, standa að hinum sameiginlegu till. n., en skila annars sérálitum og brtt., er lengra ganga í tollalækkunarátt en meiri hl. hefur að svo stöddu talið sér fært að fallast á.

Meiri hl. lítur svo á, að frv. þetta feli í sér hinar merkustu endurbætur og samræmingu á núgildandi tollaákvæðum og framkvæmd þeirra. Þær breytingar, er gerðar eru á tollaákvæðum, eru yfirleitt til lækkunar, þannig að í heild verður breytingin til talsverðra hagsbóta fyrir neytendur og atvinnuvegina. Þótt það sé að vísu skoðun meiri hl., að æskilegt væri að lækka tolla meira en frv. gerir ráð fyrir, þá teljum við þó ekki að svo stöddu fært að ganga öllu lengra í því efni en frv. gerir ráð fyrir vegna þeirra óhagstæðu áhrifa, sem slíkt mundi óhjákvæmilega hafa fyrir fjárhagsafkomu ríkissjóðs, og treystumst við því ekki til þess að mæla með frekari tillögum í lækkunarátt en þeim, sem fluttar eru af nefndinni sameiginlega.

Alþingi, 5. apríl 1963.

Ólafur Björnsson, form., frsm.	Jón Þorsteinsson, fundaskr.	Magnús Jónsson.

Ed. 563. Frumvarp til laga [241. mál]

um makaskipti á landspildum úr landi jarðanna Laugardalshóla og Miðdalskots í Laugardalshreppi.

Flm.: Sigurður Ó. Ólafsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að hafa makaskipti á landspildu úr landi jarðarinnar Laugardalshóla, og spildu úr landi ríkisjarðarinnar Miðdalskots í Laugardalshreppi, Árnessýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Valtýr Guðmundsson, sem um langt árabil bjó í Miðdalskoti, keypti í búskapartíð sinni landspildu 2½ ha. úr landi Laugardalshóla, sem lá að landi Miðdalskots. Hefur hann fyrir löngu fullræktað land þetta til túns, og er það innan girðinga Miðdalskotslands.

Þetta land vill Valtýr láta af hendi við jarðeignadeild ríkisins, en hann hefur nú hætt ábúð á Miðdalskoti, og fá það greitt með óræktaðri landspildu úr Miðdalskotslandi, þar sem það liggur að Miðdalslandi.

Ed. 564. Frumvarp til laga [242. mál]

um fasteignamat og fasteignaskráningu.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

I. KAFLI
Um aðalmat fasteigna.

1. gr.

Allar fasteignir á landinu, sem ekki eru sérstaklega undanteknar samkv. lögum þessum, skulu metnar til peningaverðs. Allsherjarmat skal fara fram fimmtánda hvert ár, og nefnist það mat aðalmat fasteigna. Þegar aðalmati er lokið, löggildir fjármálaráðherra fasteignamatsskrá og kveður á um, frá hvaða tíma hún taki gildi.

2. gr.

Aðalmat fasteigna er framkvæmt af fasteignamatsnefndum í héruðum undir yfirstjórn yfirfasteignamatsnefndar.

3. gr.

Fjármálaráðherra skipar þriggja manna fasteignamatsnefnd í hverri sýslu og hverjum kaupstað til 5 ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu sýslunefndar eða bæjarstjórnar, en hinn þriðja skipar ráðherra án tilnefningar, og er hann formaður nefndar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti, og taka þeir sæti í forföllum aðalmanna eða þegar þeir eru við mál riðnir, eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglugerð.

4. gr.

Fjármálaráðherra skipar þrjá menn í yfirfasteignamatsnefnd og þrjá til vara til 5 ára í senn. Hann skipar formann nefndarinnar og varaformann, og skulu þeir vera lögfræðingar, hagfræðingar eða sérfræðingar í skipulags- eða landmælingamálum.

Hlutverk nefndarinnar er að hafa eftirlit með fasteignamatsnefndum, og lætur hún þeim í té almenn gögn og upplýsingar eftir föngum. Yfirfasteignamatsnefnd ákveður gerð eyðublaða undir matið og sendir þau til fasteignamatsnefnda. Hún úrskurðar kærur út af fasteignamati, sbr. 16. gr., og endurskoðar og samræmir mat allra fasteigna. Skylt er fasteignamatsnefndum og eigendum eða fyrirsvarsmönnum eigna að láta yfirfasteignamatsnefnd í té skýringar og upplýsingar, er hún telur sér þörf á.

5. gr.

Í fasteignamatsnefndum samkv. 3. og 4. gr. mega ekki sitja saman skyldir menn eða tengdir að feðgatali eða niðja, hjón, kjörforeldri og kjörbörn, fósturforeldri og fósturbörn, hvorki sem aðalmenn né varamenn.

Þeir, sem skipaðir eru í nefndir samkv. 3. og 4. gr., skulu rita í gerðabók drengskaparheit um, að þeir muni gegna starfinu hlutdrægnislaust eftir beztu vitund og sannfæringu og gæta þagnarskyldu um allt það, er þeir fá vitneskju um í starfinu og varðar matsstörfin.

6. gr.

Skylt er þinglýsingardómurum, hreppstjórum, byggingaryfirvöldum, öðrum opinberum starfsmönnum og stofnunum, svo og eigendum (fyrirsvarsmönnum) eða rétthöfum fasteigna, að láta í té allar upplýsingar, er matsnefndir óska og völ er á, til leiðbeiningar við matið.

7. gr.

Í reglugerð er heimilt að kveða svo á, að eigendur eða aðrir fyrirsvarsmenn fasteigna skuli fylla út eyðublöð undir upplýsingar um fasteignir, sbr. 4. og 6. gr., m. a. um þau atriði, sem greinir í 13. og 14. gr. Í reglugerð skal, ef til kemur, kveða á um fresti til að skila skýrslum, svo og til hvers aðila skuli skila þeim.

8. gr.

Við matið skal hver jörð, sem hefur sérstök bæjarhús og afskipt tún og engi, metin sér til verðs, hvort sem hún telst lögbýli eða eigi og hvort sem hún er býli byggt úr landi annarrar jarðar eða eigi.

Enn fremur skal meta sérstaklega allar lóðir og lendur, ásamt mannvirkjum, ítök og fasteignaréttindi, sem ekki fylgja neinni ákveðinni jörð eða húseign, svo sem vatnsréttindi, námuréttindi, veiðiréttindi, beitarréttindi og jarðhitaréttindi, sem seld hafa verið undan jörðum.

Lönd, sem látin hafa verið á erfðafestu, skal meta sér, hvort sem mannvirki hafa verið reist þar eða eigi.

Eyðijarðir og óbyggðar lóðir og lendur skal meta sér til verðs.

Nú rís ágreiningur milli fasteignamatsnefndar og aðila um það, hvort meta skuli fasteign sér eða ekki, og sker yfirfasteignamatsnefnd þá úr. Úrskurði má skjóta innan mánaðar, frá því að hann gekk, til fjármálaráðherra, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið.

Nánari ákvæði um það, hverjar eigur skuli metnar sér, skulu sett í reglugerð.

9. gr.

Við mat jarðeigna skal meta sér:

1. Verðmæti landsins.
2. Verðmæti, er svara til afgjaldsréttinda, sem jarðareiganda ber að telja til eignar, eða annarra verðmætra réttinda í öðrum fasteignum (ítök, hlunnindi).
3. Verðmæti húsa og annarra mannvirkja, sem jarðareigandi á.
4. Verðmæti annarra húsa eða mannvirkja, sem ábúandi á eða annar rétthafi á jörðinni.

10. gr.

Fasteignir utan sveita skal meta svo, að lóðin sé metin sér, en hús og önnur mannvirki sér. Gæta skal ákvæða 9. gr., eftir því sem við á.

11. gr.

Þessar fasteignir eru undanþegnar fasteignamati:

1. Kirkjur og kirkjugarðar.
2. Skólahús.
3. Vegir, torg og almenningsgarðar í eigu ríkis eða sveitarfélaga og önnur slík svæði, sem ætluð eru almenningi til umferðar eða dvalar án endurgjalds.
4. Vitar, en húsnæði fyrir starfsmenn ber þó að meta.
5. Sjúkrahús, elliheimili, barnahæli og þinghús.

12. gr.

Afréttarlönd, sem eru eign sveitarfélaga eða sameign fleiri jarða og notuð eru aðallega til upprekstrar, skal ekki meta sérstaklega, en taka skal upprekstrarréttinn til greina við mat þeirra jarða, sem hann eiga.

Þrætusvæði milli fasteigna má meta sér í lagi.

13. gr.

Fasteignamatsnefndir skulu, eftir því sem við verður komið, skoða þær eignir, sem meta skal, og veita eigendum eða fyrirsvarsmönnum eignar færi á að koma við skýringum.

Hverri fasteign skal lýsa greinilega, og kanna skal, eftir því sem unnt er, hvort stærð lands og mannvirkja sé rétt greind í almennum upplýsingum, sem fyrir liggja um eign. Nafngreina skal eiganda fasteignar og ábúanda, að því er jarðir varðar. Geta skal þess, hvort landamerki eða lóðamörk séu ágreiningslaus. Enn fremur skal kappkosta að svara spurningum á eyðublöðum undir matið jafngreinilega og rækilega og kostur er.

Nú er mat á fasteign sérstaklega torvelt, t. d. vegna þess að stærð lands er óljós eða nýtingarkostir á einstökum landgæðum eru vandmetnir, og er fasteignamatsnefnd þá heimilt, að fengnu samþykki yfirfasteignamatsnefndar, að ráða kunnáttumann til aðstoðar við slíkt mat.

14. gr.

Mat á fasteignum skal miða við það gangverð, sem líklegt er, að þær mundu hafa í kaupum og sölum. Til hliðsjónar við matið skal hafa verð það, sem fasteignin kann að hafa verið seld fyrir síðustu 10 árin, áður en mat fór fram, söluverð fasteigna í grenndinni á sama tímabili, upplýsingar um kostnaðarverð mannvirkja, virðingar á fasteign til lántöku, virðingar á mannvirkjum til brunabóta, svo og aðrar virðingargerðir, sem völ kann að vera á, jarðvegsgerð, ræktunarmöguleika, þ. á m. afstöðu til markaða og verzlunarstaða, svo og samgönguaðstöðu, legu eignar og viðskiptaaðstöðu í kaupstöðum, tekjur þær, er af eign fást eða fáanlegar eru, hlunnindi, er henni fylgja, og aðstöðu til nýtingar þeirra, svo og annað, er áhrif getur haft á ætlað gangverð fasteignar.

Fjármálaráðherra ákveður í reglugerð, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, nánari grundvöll fyrir framkvæmd matsins, þ. á m. einnig við hvaða tímamark miða skuli matið.

Fasteignir skulu metnar til peningaverðs í heilum þúsundum króna.

15. gr.

Matsgerðir úr hverjum hreppi eða kaupstað skal leggja fram, þegar mati er lokið þar, á þingstað hrepps eða kaupstaðar eða öðrum þeim stað, er fasteignamatsnefnd ákveður. Skal auglýsa, svo sem títt er um opinberar auglýsingar, hvenær og hvar þær liggi frammi, og má það ekki vera skemmri tími en mánuður.

Nú unir eigandi eða fyrirsvarsmaður fasteignar ekki mati, og getur hann þá kært það til fasteignamatsnefndar innan fimm vikna frá því, er matsgerðir voru lagðar fram almenningi til sýnis. Kæra skal vera skrifleg, og skal kærandi rökstyðja hana.

16. gr.

Fasteignamatsnefnd úrskurðar kærur og aðfinnslur, sem henni berast. Hún getur veitt kærendum heimild til að skýra mál sitt munnlega fyrir nefndinni eða leggja fram frekari gögn til skýringar kæru.

Aðilja er heimilt að skjóta úrskurði fasteignamatsnefndar til yfirfasteignamatsnefndar, sem leggur fullnaðarúrskurð á málið. Málskot skal vera skriflegt. Yfir-

fasteignamatsnefnd veitir aðilja kost á að skýra mál sitt fyrir nefndinni, og getur hún óskað frekari gagna, ef þörf þykir.

17. gr.

Þegar fasteignamatsnefnd hefur lokið úrskurðun kæra og aðfinnsla, sendir hún matsgögn öll ásamt matsgerðum sínum til yfirfasteignamatsnefndar, sem endurskoðar og samræmir matið samkvæmt því, sem segir í 4. gr.

18. gr.

Nú hefur yfirfasteignamatsnefnd lokið aðalmati, og sendir hún þá fjármálaráðherra matsskrárnar til löggildingar, sbr. 1. gr.

Kveða skal á um það í reglugerð, með hverjum hætti skrá um niðurstöður aðalmatsins verði birt almenningi.

19. gr.

Laun matsmanna og annarra starfsmanna við matið, svo og annan kostnað af matinu, skal greiða úr ríkissjóði. Fjármálaráðherra ákveður laun matsmanna og annarra starfsmanna, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar.

20. gr.

Þegar fimm ár eru liðin frá því, er aðalmat fasteigna var löggilt, sbr. 18. gr., skal yfirfasteignamatsnefnd kanna, hvort fasteignaverð hafi breytzt verulega á tímabilinu. Nú telur yfirfasteignamatsnefnd, að svo sé, og getur fjármálaráðherra þá ákveðið breytingu á mati fasteigna í landinu í samræmi við það.

Að loknum 10 árum frá aðalmati, skal yfirfasteignamatsnefnd kanna, hvort fasteignaverð hafi breytzt verulega á síðustu 5 árum, og er þá fjármálaráðherra heimilt að breyta mati fasteigna, ef skilyrðum 1. málsgr. er fullnægt. Stendur sú skipan, unz nýtt aðalmat er löggilt.

II. KAFLI

Um fasteignamöt milli aðalmata (aukamöt, endurmöt).

21. gr.

Milli aðalmata samkv. 1. gr. fer fasteignamat fram í eftirfarandi tilvikum:

1. Á nýjum húsum og mannvirkjum (frummat), og er yfirleitt ekki unnt að beiðast mats, fyrr en hús eða annað mannvirki er fullgert.
2. Á öðrum fasteignum, ef ætla má, að virðing á þeim tíma, er mats er beiðzt, mundi án tillits til almennra breytinga á verðlagi fasteigna verða verulega frábrugðin aðalmatsvirðingu fasteigna, er síðasta aðalmat fór fram.

22. gr.

Mat samkv. 21. gr. framkvæma fasteignamatsmenn samkv. 3. gr.

Fjármálaráðuneytið (fasteignamat ríkisins) hefur eftirlit með því, að mat samkvæmt 21. gr. fari fram, þegar ástæða er til. Framkvæma skal matið eftir sömu grundvallarreglum og fylgt er við aðalmat.

23. gr.

Fasteignamatsnefnd tilkynnir eiganda eða fyrirsvarsmanni fasteignar niðurstöðu mats samkv. 21. gr. þegar í stað. Aðilja er heimilt að kæra matið til yfirfasteignamatsnefndar innan mánaðar frá því, að tilkynning var send honum. Kæran skal vera skrifleg og rökstudd. Yfirfasteignamatsnefnd sker til fullnaðar úr kærum.

Fjármálaráðuneytið (fasteignamat ríkisins) heldur skrá um aukamöt, og skal jafnóðum tilkynna yfirvöldum þeim, sem hlut eiga að máli, um matsgerðir.

24. gr.

Laun fasteignamatsmanna fyrir störf samkv. þessum kafla laganna skulu ákveðin með þeim hætti, er segir í 19. gr., og ber að greiða kostnað af matinu samkvæmt ákvæðum þeirrar greinar.

III. KAFLI
Um fasteignamat ríkisins, fasteignaskráningu o. fl.

25. gr.

Fasteignamat ríkisins er sérstök deild í fjármálaráðuneytinu, og fjallar hún um fasteignamatsmálefni. Varðveitir hún öll gögn, er varða fasteignamat, og gefur upplýsingar um það þeim, er þess óska.

26. gr.

Við aðalmat það, sem í undirbúningi er við gildistöku laga þessara, skal hafizt handa um að koma upp sem nákvæmastri skráningu fasteigna í landinu („matrikel"), og er heimilt að verja fé úr ríkissjóði m. a. til mælinga á löndum og til jarðvegskannana samkv. tillögum yfirfasteignamatsnefndar. Um fasteignaskráningu skulu sett nánari ákvæði í reglugerð.

27. gr.

Fjármálaráðuneytið setur reglugerð, að fengnum tillögum yfirfasteignamatsnefndar, um framkvæmd laga þessara.

28. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og gilda þau um aðalmat það, sem í undirbúningi er við gildistöku þeirra. Um skipunartímabil fasteignamatsnefnda, sem skipaðar hafa verið samkv. lögum nr. 70/1945, fer samkv. því, er segir í 3. og 4. gr., þó svo, að umboð þeirra helzt til 1. janúar 1968.

Við gildistöku laga þessara falla úr gildi lög nr. 70 12. apríl 1945, um fasteignamat, og lög nr. 33 14. maí 1955, um samræmingu á mati fasteigna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Áður en nýtt aðalmat fasteigna samkvæmt lögum þessum gengur í gildi, skal fara fram endurskoðun á gildandi ákvæðum laga, sem fasteignamat hefur áhrif á, og miðist endurskoðunin við, að skattar á fasteignum hækki ekki almennt vegna hækkunar fasteignamatsins.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið af yfirfasteignamatsnefnd, sem skipuð hefur verið samkv. lögum nr. 70/1945 um fasteignamat, til að undirbúa og samræma aðalmat fasteigna, sem nú á að fara fram.

I. Almennar athugasemdir.

Á 18. og 19. öldinni voru gerðar ýmsar tilraunir til að koma á skráningu fasteigna og mati á jarðardýrleika. Frá 18. öld má nefna jarðarbók þá, sem þeir sömdu Árni Magnússon og Páll Vídalín á för sinni um landið á árabilinu 1702—1712, og jarðarbók þá hina miklu, er Skúli Magnússon samdi á árunum 1760—1768. Hvorug þessara jarðarbóka var löggilt. Með konungsúrskurði 18. júní 1800 var enn stofnað til skráningar á fasteignum hér á landi, og fór nefnd manna um landið og samdi drög til jarðarbókar. Nefndin lauk störfum 1805, en mat þetta varð ekki löggilt. Þá var enn efnt til fasteignaskráningar og fasteignamats með tilsk. 27. maí 1848 um nýjan jarðardýrleika á Íslandi. Það verk, sem unnið var í skjóli þess lagaboðs, var endurskoðað samkv. kon.úrsk. 18 maí 1855 af þriggja manna nefnd, sem í áttu sæti Vilhjálmur Finsen, Jón Guðmundsson og Jón Pétursson. Jarðarbók sú, sem þeir sömdu, var síðan löggilt með tilsk. 1. apríl 1861.

Varð nú alllangt hlé á því, að stofnað væri til nýs fasteignamats. Með lögum nr. 22/1915 voru sett heildarlög um þetta efni, og samkv. þeim lögum skyldi fasteignamat fara fram tíunda hvert ár, og var svo, því að aðalmöt voru framkvæmd 1920 og 1930. Þriðja aðalmatið á þessari öld tók síðan gildi 1942, en það var framkvæmt samkv. lögum nr. 3/1938. Með lögum nr. 70/1945 var svo fyrir mælt, að aðalmat skyldi fara fram tuttugusta og fimmta hvert ár, og samkv. því skyldi miða að því, að næsta aðalmat tæki gildi 1. janúar 1965.

Svo sem rakið var, hafa þrívegis verið sett heildarlög um fasteignamat á þessari öld. Menn hafa fetað sig áfram í þessu efni og reynt að færa sér í nyt þá reynslu, sem fengizt hefur af aðalmötunum hverju sinni, svo og breytt lögum með hliðsjón af breyttum viðhorfum í þjóðfélagi, búskaparháttum, fólksflutningum úr sveitum í þéttbýli og öðrum þeim efnum, sem áhrif hafa haft á verðlag fasteigna.

Yfirfasteignamatsnefnd er þeirrar skoðunar, að hyggilegt sé að breyta fasteignamatslögunum frá 1945 efnislega í nokkrum greinum, og auk þess sé rétt að breyta nokkuð um skipan efnis og form laganna.

Helztu breytingar eru þessar:

1. Í 1. gr. er gert ráð fyrir, að aðalmat fari fram fimmtánda hvert ár, en ekki tuttugasta og fimmta hvert ár, eins og lög mæla nú fyrir um.

2. Í 4. gr. er kveðið á um, að formaður yfirfasteignamatsnefndar skuli vera lögfræðingur, hagfræðingur eða sérfræðingur í skipulags- eða landmælingamálum, og gegnir hinu sama um varaformann nefndarinnar. Þar sem talað er um hagfræðinga, er einnig átt við viðskiptafræðinga.

3. Í 5. gr. er það nýmæli, að ekki mega sitja saman skyldir menn eða mægðir í fasteignamatsnefndum.

4. Í 6. gr. er breytt nokkuð ákvæðum um skyldu opinberra aðilja til að láta fasteignamatsnefndum í té upplýsingar, sem þeim er þörf á.

5. Í 7. gr. er það nýmæli, að heimilt sé að kveða svo á í reglugerð, að eigendur eða fyrirsvarsmenn fasteigna fylli út eyðublöð í sambandi við matið.

6. Í 8. gr. er það nýmæli, að yfirfasteignamatsnefnd sker úr um það, hverjar eigur skuli metnar sem sérstök matseining, en ekki lögreglustjórar, svo sem nú er.

7. Í 9. gr. er lögð til breyting á fasteignamatslögum til samræmis við breytingar, sem átt hafa sér stað í annarri löggjöf, þ. á m. jarðræktarlögum.

8. Í 11. gr. eru sérstakar tegundir fasteigna undanþegnar fasteignamati, nánast til samræmis við hliðstæð ákvæði í fasteignaskattslögum, sem þiggja sem kunnugt er nokkra flokka fasteigna undan fasteignaskattskyldu.

9. Í 13. gr. er m. a. það nýmæli, að fasteignamatsnefndum er kostur á sérfræðilegri aðstoð, ef mat er sérstaklega torvelt, enda komi samþykki yfirfasteignamatsnefndar til.

10. Í 14. gr. er mælt fyrir um helztu atriði, sem matið á að miða við. Er þar fylgt sömu meginsjónarmiðum og í 2. gr. núverandi laga, en nokkrum matssjónarmiðum er þó bætt við og meiri áherzla lögð á að hafa hliðsjón af upplýsingum um söluverð eigna en gert er í núgildandi löggjöf, svo og búskaparaðstöðu við jarðir. Þá er lagt til í 3. málsgr. greinarinnar, að meta skuli fasteignir í heilum þúsundum, en ekki hundruðum, eins og nú er. Í því felst, að mannvirki, sem ekki nær 1000 króna mati, skal sleppt á fasteignamatsskrá. Þá er í 14. gr. vikið að tímamarki því, sem miða eigi mat við, en slíkt ákvæði er ekki í gildandi lögum.

11. Í 16. gr. er þess sérstaklega getið — í samræmi við almennar reglur stjórnarfarsréttar —, að aðiljum sé veittur kostur á að skýra mál sitt fyrir yfirfasteignamatsnefnd, þegar hún úrskurðar kæru út af fasteignarmati úr héraði.

12. Í 1. og 18. gr. er gert ráð fyrir, að fjármálaráðherra löggildi fasteignamatsskrá, að aðalmati loknu, og eru því ekki ákvæði í frumvarpinu um það, hvenær hinu fyrsta aðalmati samkv. frv., ef að lögum verður, skuli lokið.

13. Ákvæðunum um mat milli aðalmata er skipað í sérstakan kafla, II. kafla.

Þar er lögð til sú breyting, að fasteignamatsnefndir framkvæmi einnig aukamötin, enda hafa þeir matsmenn hlotið mikla reynslu af störfum við aðalmatið, og það tryggir meiri festu og samræmi í fasteignamötum í heild sinni, ef fasteignamatsnefndunum væri einnig falið þetta verkefni.

14. Í 25. gr. eru sett lagaákvæði um þá deild fjármálaráðuneytisins, sem nefnd hefur verið fasteignamat ríkisins. Þykir heppilegt og eðlilegt að lögfesta þá stofnun, sem gegnir mikilvægu hlutverki um vörzlu fasteignamatsskýrslna og gagna, og um að veita upplýsingar um fasteignamatið þeim, sem þess óska.

15. Í 26. gr. er ákvæði, sem telja verður mikilvægt, þar sem kveðið er svo á, að stefnt skuli við aðalmatið nú að því undir forystu yfirfasteignamatsnefndar að koma á öruggri skráningu fasteigna („matrikel") í landinu, m. a. með mælingum á landstærðum og könnun á jarðvegsgerð lands o. fl. Slíka fasteignaskráningu skortir hér á landi og jafnframt könnun á landgæðum o. fl. Meðan hún er ekki til, verða öll störf, er varða mat fasteigna, mjög örðug viðfangs. Slíkri almennri skráningu fasteigna var komið við t. d. í Danmörku fyrir eða um miðja síðustu öld, og þykir slík skráning hvarvetna óhjákvæmileg, enda fást ekki með öðrum hætti traustar upplýsingar um fasteignir, sem þörf er á í mörgum samböndum.

II. Um einstaka kafla og greinar frv.

Í frv. er gert ráð fyrir þeirri formbreytingu frá gildandi lögum, að um aðalmat fasteigna er fjallað í sérstökum kafla, I. kafla, en um fasteignamöt milli aðalmata er rætt í sérstökum kafla, II. kafla. Þykir sú efnisskipan gleggri en skipan gildandi laga, en í þeim eru þessi tvenns konar möt rædd í einum og sama kafla. Ákvæði III. kafla eru nýmæli, eins og áður er vikið að.

Þá er lögð til sú breyting á efnisskipan, að því er varðar ákvæði I. kafla frv., að eftir að mælt er fyrir um aðalmat í 1. gr. komi ákvæði um fasteignamatsnefndir, sbr. 2.—5. gr. (hliðstæð ákvæði í lögum nr. 70/1945 eru í 9.—11. gr.), síðan komi ákvæði, er einkum lúta að upphafi matsstarfa, sbr. 6. gr. og 7. gr. (sbr. 3. gr. núgildandi laga), þá ákvæði, er fjalla um hverjar eignir skuli meta og matseiningar, svo og sundurliðun mats, sbr. 8.—10. gr. og 12. gr. (sbr. 4.—7. gr. l. 70/1945). Þá eru ákvæði um eignir, sem eru undanþegnar matinu, sbr. 11. gr. Að því búnu koma ákvæðin um starfshætti nefnda, sbr. 13. gr. (sbr. 8. gr. og 15. gr. 1. málsgr. gildandi laga), um matssjónarmiðin, sbr. 14. gr. (2. gr. núgildandi laga), um framlagningu matsgerða og kæru, sbr. 15. gr. (12. gr. 2. málsgr. og 14. gr. 2. málsgr.). Síðan eru ákvæðin um úrskurðun á kærum og aðfinnslum, sbr. 16. gr. (15. gr. gildandi laga), og endurskoðun og samræmingu matsins af hálfu yfirfasteignamatsnefndar sbr. 17. gr. og löggildingu matsgerðar, sbr. 18. gr. (10. gr. gildandi laga). Loks eru ákvæðin um kostnað af matinu og könnun matsgerða á 5 ára fresti, sbr. 19. og 20. gr. (sjá til hliðsjónar 1. gr. 2. málsgr. og 13. gr. gildandi laga).

Um einstakar greinar frv. skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 22/1915 fór allsherjarmat fasteigna fram tíunda hvert ár, og var slíkt mat framkvæmt 1920, 1930 (1932) og 1940 (1942), en síðastgreinda matið fór fram samkv. lögum nr. 3/1938, sem einnig höfðu þessa reglu að geyma. Með lögum nr. 70/1945 var þessu breytt, og skal allsherjarmat samkvæmt þeim fara fram tuttugasta og fimmta hvert ár. Eftir dönsku lögunum um fasteignamat á aðalmat fasteigna að fara fram fjórða hvert ár, en hvergi á Norðurlöndum virðist fasteignamat vera jafnvandað og þar. Yfirfasteignamatsnefnd telur, að regla núgildandi laga sé óheppileg. Kemur þar bæði til, að reynsla undanfarinna áratuga hefur sýnt að ærin hætta er á verðsveiflum í þjóðfélaginu, og taka þær m. a. til verðs á fasteignum, og svo hitt, að aðrar almennar breytingar á þjóðfélaginu hafa veigamikil áhrif á verð fasteigna. Þá hafa t. d. tæknilegar framfarir einnig mikil

áhrif á verð fasteigna. En á það ber að líta, að naumast er að vænta samhengis í allsherjarmötum, ef þau fara aðeins fram á tuttugu og fimm ára fresti — hætt er þá m. a. við að ekki nýtist sem skyldi reynsla sú, sem fæst af hverju einstöku mati. Að flestu leyti væri æskilegt, að allsherjarmat færi fram tíunda hvert ár. Með tilliti til kostnaðar er þó ekki rétt að leggja til þessu sinni, að slíkt mat fari fram oftar en fimmtánda hvert ár.

Í tengslum við 1. gr. frv. er svo ákvæði 20. gr., er mælir svo fyrir, að yfirfasteignamatsnefnd skuli taka til athugunar fyrst 5 árum eftir að fasteignamat var löggilt og síðan 10 árum eftir það, hvort ástæða sé til að ákveða breytingar á því, og getur fjármálaráðherra samkvæmt tillögum nefndarinnar ákveðið slíkar breytingar. Virðist slíkt ákvæði óhjákvæmilegt, þegar jafnlangt bil verður milli aðalmata sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Með tilliti til kostnaðar af allsherjarmati telur nefndin þó ekki á þessu stigi rétt að leggja til, að slíkt mat fari fram oftar en fimmtánda hvert ár.

Annað matið, sem fram færi samkv. þessum ákvæðum, ætti að framkvæma svo tímanlega, að unnt væri að löggilda það, þegar fimmtán ár eru liðin frá löggildingu fyrsta mats samkv. lögunum.

Um 2. og 3. gr.

Í 3. gr. er vikið að því, að matsmaður víki sæti, þegar hann er við mál riðinn vegna þess t. d. að hann er sjálfur eigandi fasteignar eða vegna náinna tengsla sinna við slíkan mann, og er gert ráð fyrir, að nánari ákvæði séu sett í reglugerð. Eru slík ákvæði ekki í lögum nr. 70/1945. Þar sem rætt er um sýslu í 3. gr. er átt við hvert það umdæmi, sem sérstök sýslunefnd er kosin fyrir. Verður því ein fasteignamatsnefnd í Gullbringusýslu, önnur í Kjósarsýslu, ein nefnd í Vestur-Barðastrandarsýslu og önnur í Austur-Barðastrandarsýslu.

Um 4. og 5. gr.

Um nýmæli í þeim greinum var áður rætt. Samkv. lögum nr. 22/1915 voru yfirfasteignamatsnefndir í hverri sýslu og kaupstað, en engin landsnefnd. Þessu fyrirkomulagi var breytt með lögum nr. 41/1931, en með þeim lögum var skipað fyrir um þriggja manna landsnefnd, er fjármálaráðherra skyldi nefna til þess að endurskoða og samræma mat það, er þá var nýframkvæmt. Sú skipan var síðan lögfest á fyllri veg með lögum nr. 3/1938 og nr. 70/1945. Var sú breyting til bóta, þar sem hún tryggir öruggari og samræmdari vinnubrögð við matsstörfin, enda er gert ráð fyrir því, að landsnefndin undirbúi matið og hafi yfirstjórn þess.

Um 6. og 7. gr.

Samkv. 4. gr. frv. á að gera sérstök eyðublöð undir fasteignamatsskýrslur, svo sem verið hefur að undanförnu. Er mikið starf að afla þeirra upplýsinga, sem þörf er á vegna matsins, og skrá ber á þau eyðublöð. Miklu skiptir, að yfirfasteignamatsnefnd reyni að láta héraðsnefndunum í té almennar upplýsingar um fasteignir, eftir því sem föng eru á, og að nefndirnar reyni fyrir sitt leyti að virkja þá fræðslu, sem fyrir hendi er hjá opinberum starfsmönnum og stofnunum um fasteignir. Er ákvæði 6. gr. frv. við það miðað að veita nefndunum, er fjalla um fasteignamat, greiðan aðgang að slíkum upplýsingum. Orðalagi 6. gr. frv. er breytt frá 3. gr. núgildandi laga, og er ætlunin að nefndirnar hafi fyllri aðgang að þeim upplýsingum, sem hér er þörf á, en er eftir gildandi lögum.

Ákvæði 7. gr. heimila, að lagt sé fyrir eigendur og fyrirsvarsmenn fasteigna að fylla út eyðublöð undir fasteignamat með svipuðum hætti og skattskýrslur. Þetta fyrirkomulag hefur, sem fyrr getur, verið lengi notað í Danmörku. Hafa upplýsingar heimzt vel með þessum hætti og létt störf fasteignamatsnefndanna stórum og þar af leiðandi dregið úr kostnaði við matið. Í dönsku fasteignamatslögunum er einnig það ákvæði, er heimilar að beita nánar tilteknum viðurlögum, ef vanskil

eru á skýrslum eða ófullnægjandi skil eiga sér stað á þeim, en ekki er lagt til að hliðstæð heimild verði lögfest hér að sinni.

Um 8. gr.

Hér er mælt fyrir um, hvaða eignir skuli meta sem sérstaka matseiningu, og eru þau ákvæði óbreytt frá 4. gr. núgildandi laga. Í greindu ákvæði núgildandi laga er þó kveðið svo á, að lögreglustjóri skeri úr ágreiningi milli fasteignaeigenda og fasteignamatsnefndar um það, hvaða eign skuli meta sjálfstætt, en skjóta megi þeim úrskurði hans til lögreglustjóra. Heppilegra þykir, að yfirfasteignamatsnefnd leysi í fyrstu úr þessum ágreiningi, en úrlausn nefndarinnar verði síðan skotið til fjármálaráðherra, svo sem nú er.

Um 9. og 10. gr.

Ákvæði 5. og 6. gr. laga nr. 70/1945 eru hér færð til samræmis við lagabreytingar, sem átt hafa sér stað. Ákvæði 10. gr. skýtur ekki loku fyrir, að metin sé sérstaklega eign leigutaka í lóð, t. d. vegna ræktunar og girðinga þar.

Um 11. gr.

Í fasteignamatslögum eru ekki ákvæði, er undanþiggja tiltekna flokka fasteigna fasteignamati, svo sem t. d. í dönsku fasteignamatslögunum. Fasteignamatið gegnir eins og kunnugt er margvíslegu hlutverki, og eru niðurstöður þess til viðmiðunar víða. Raunhæfast gildi hefur það þó í sambandi við fasteigna- og eignaskattana. Í 6. gr. laga nr. 69/1962, um tekjustofna sveitarfélaga, eru ýmsar fasteignir undanþegnar fasteignaskatti. Um eignaskattsskylduna koma svipaðar reglur til greina vegna almennu ákvæðanna í l. nr. 70/1962 um skattaðilja. Þegar þetta er haft í huga, sýnist vera eðlilegt að fylgja hér fordæmi dönsku fasteignamatslaganna og undanþiggja þær fasteignir fasteignamati, sem fasteignaskattar eru ekki lagðir á. Að vísu hefur það þjóðhagslegt gildi að slíkar eignir séu metnar, í því skyni að kanna verðmæti, sem í fasteignum liggja hér á landi. Þess er þó að gæta, að samkv. 11. gr. er yfirleitt um opinberar byggingar eða eignir að ræða, og er þá að jafnaði auðrakið, hvert kostnaðarverð mannvirkja hefur verið, þótt landverð verði að vísu að jafnaði ekki leitt í ljós eftir þessum leiðum. Á það er einnig að líta, að mat þessara eigna er næsta torvelt, þar sem þeim er yfirleitt ætlað að gegna þjóðfélagslegu þjónustuhlutverki og er ekki til þeirra stofnað sem arðbærra fyrirtækja.

Um 12. gr.

Hún er að mestu í samræmi við 7. gr. laga nr. 70/1945, en 2. málsgr. er þó breytt svo, að hér er aðeins heimild til að meta sérstaklega þrætusvæði og í öðru lagi er ákvæðið ekki einskorðað við þrætusvæði milli jarða, heldur tekur það einnig til slíkra svæða milli lóða í kaupstöðum og kauptúnum.

Um 13. gr.

Þessi grein svarar til 8. gr. og 1. málsgr. 15. gr. l. nr. 70/1945. Að því er varðar 1. málsgr. er ljóst, að því verður ekki við komið í stærstu kaupstöðunum að skoða hverja eign. Enn fremur er aðgætandi, að með ákvæði 1. málsgr. er ekki lögð skylda á fasteignamatsnefnd í heild sinni að skoða eign, heldur er eðlilegt og nauðsynlegt, að nokkur verkaskipting eigi sér stað milli fasteignamatsnefndarmanna.

Ákvæði 3. málsgr. er nýmæli. Ekki er gert ráð fyrir, að oft muni koma til þess, að neytt sé úrræðis þessa ákvæðis, en engu að síður er heppilegt, að það sé lögfest.

Um 14. gr.

Þetta ákvæði er í megindráttum sama efnis og 2. gr. gildandi laga, og mælir fyrir um almenn matssjónarmið. 14. gr. greinir sem fyrsta matssjónarmiðið sölu-

verð eignar, og er með því lögð aukin áherzla á gildi þess fyrir matið. Enn fremur er vikið sérstaklega að búskaparlegri og viðskiptalegri aðstöðu, sem telja verður mikilvægt matssjónarmið. Gert er ráð fyrir, að nánari ákvæði um matssjónarmiðin verði sett í reglugerð.

Svo sem fyrr greinir, er lagt til í 3. málsgr., að fasteignir skuli meta til peningaverðs í heilum þúsundum króna. Verður þá að lækka matsupphæð, svo að hún standi á heilu þúsundi, og í því felst enn fremur, að eign, sem ekki nær þúsund króna matsupphæð, er ekki tekin með í matinu. Styðst þetta við þróun peningamála, sem orðið hefur, svo og hagkvæmnissjónarmið.

Um 15. gr.

Ekki er gert ráð fyrir, að niðurstöður mats séu tilkynntar hverjum einstökum eiganda, sbr. nú 2. málsgr. 12. gr. l. nr. 70/1945. Hins vegar ber að leggja matsgerðir fram almenningi til sýnis á þingstað hrepps eða kaupstaðar eða öðrum þeim stað, sem fasteignamatsnefnd ákveður.

Um 16. gr.

Hún er að mestu leyti samhljóða 15. gr. 2.—4. málsgr. laga nr. 70/1945.

Um 17., 18. og 19. gr.

Efnislega samhljóða gildandi lögum, en þó segir í 2. málsgr. 18. gr., að kveða skuli á um það í reglugerð, með hverjum hætti birta skuli skrá um niðurstöður aðalmatsins, sbr. hins vegar 16. gr. gildandi laga, og niður er fellt ákvæði 16. gr. um það, hverjum senda skuli skrána, enda á það betur heima í reglugerð.

Um 20. gr.

Þetta ákvæði er nýmæli, svo sem áður er vikið að, sbr. athugasemdir við 1. gr. frv. Reynslan hefur sýnt, að hætt er við verðsveiflum hér á landi, og lýsa þær sér m. a. í breyttu verði á fasteignum. Það er vitaskuld mikilvægt, að fasteignamatsverð sé sem raunhæfast og því er nauðsynlegt að búa svo um hnúta, að unnt sé að færa fasteignamatsverð almennt til samræmis við slíkar verðsveiflur, sem átt hafa sér stað. Er hér lagt til, að yfirfasteignamatsnefnd verði falið að meta þetta atriði, þegar fimm ár eru liðin frá því, er aðalmat var löggilt og síðan 5 árum síðar. Ef yfirfasteignamatsnefnd telur, að fasteignaverð hafi breytzt til muna á þessu tímabili, gerir hún tillögur til fjármálaráðherra um breytingar á matinu, og getur hann þá ákveðið breytingu í samræmi við þær tillögur. Könnun yfirfasteignamatsnefndar á að taka til landsins alls, en hugsanlegt er, að niðurstaða hennar sé sú, að verðbreytingar þessar séu mismunandi á ýmsum stöðum á landinu og fyrir ýmsa flokka fasteigna, og enn fremur skýtur ákvæðið ekki loku fyrir, að nefndin leggi til, að matsverð verði lækkað, ef þróun mála yrði á þann veg. Að öðru leyti verður ekki haggað við matsgerðum, sbr. þó 21. gr. 2. tölulið frv.

Um II. kafla.

Í þessum kafla eru ákvæði um möt, sem fara fram milli aðalmata, þ. e. aukamöt, endurmöt. Í 21. gr. er mælt fyrir um, í hvaða tilvikum slík möt fari fram, í 22. gr. er kveðið á um, hverjir framkvæmi möt þessi, í 23. gr. eru ákvæði um tilkynningu á niðurstöðum mats til eiganda og í 24. gr. um laun fyrir matsstörf og skiptingu kostnaðar við framkvæmd matsins. Um slík millimöt voru fyrst sett lög nr. 14/1922 um skattmat fasteigna.

Um 21. gr.

Aukamöt (endurmöt) geta átt sér stað í tveimur tilvikum. Í 1. tölulið 21. gr. er rætt um ný mannvirki, og er þar um frummat að ræða. Gert er ráð fyrir, að í

reglugerð verði það afmarkað nánar, hvenær unnt sé að fá fasteignamat á mannvirki, þ. e. á hvaða byggingarstigi mannvirkis slíkt sé hægt, og hvenær skylt sé að fá mat á eignina.

Nauðsynlegt þykir að heimila endurmat á fasteign, ef telja verður, að virðing eignar mundi án tillits til verðlagsbreytinga verða verulega frábrugðin virðingu fasteignarinnar, er síðasta aðalmat fór fram. Geta ýmis atvik valdið því, að verðmæti fasteignar hafi breytzt til muna, svo sem að eign spillist, annaðhvort land eða mannvirki, eða stórfelldar félagslegar breytingar valdi röskun á verði fasteigna o. fl.

Um 22. gr.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 70/1945 framkvæma úttektarmenn í hreppum aukamöt, en í kauptúnum og kaupstöðum framkvæma þau tveir menn, og nefnir fjármálaráðherra annan, en hinn kýs bæjarstjórn eða hreppsnefnd. Í 22. gr. frv. er lagt til, að horfið sé frá þessu fyrirkomulagi og fasteignamatsnefndum sé fengið þetta verkefni. Ljóst er, að nefndirnar hafa fengið mikla reynslu við matsstörf, er þær starfa að aðalmati, og er mikilvægt að færa sér hana í nyt. Vænta má og fyllra samræmis í matsstörfum, ef sú nefnd fjallar um mat en úttektarmenn eða aðrir sérstaklega nefndir matsmenn. Hins vegar er því ekki að leyna, að nokkur kostnaðarauki kann að verða af þessari breytingu, en þó er ljóst, að ekki þurfa t. d. allir fasteignamatsmenn að skoða hverja einstaka fasteign við aukamöt frekar en aðalmöt. þótt þeir þurfi að vísu að taka matsákvörðun á sameiginlegum fundi.

Í reglugerð er gert ráð fyrir, að kveðið sé á um skyldu þeirra, sem ráða fyrir mannvirkjagerð, um að skýra fasteignamatsnefnd frá mannvirki, svo og skyldu opinberra aðilja í því sambandi, en fasteignamat ríkisins hefur eftirlit með því, að mat samkv. 21. gr. frv. fari fram. Mat á milli aðalmata skal framkvæma eftir sömu grundvallarreglum og fylgt er við aðalmatið.

Um 23. gr.

Samkvæmt 17. gr. laga nr. 70/1945 má kæra úrlausn út af aukamati (millimati, endurmati) til fjármálaráðuneytisins. Hér er lagt til, að úrlausn fasteignamatsnefndar við slík möt verði skotið til yfirfasteignamatsnefndar til fullnaðarúrlausnar. Með þeirri skipan má einnig vænta aukins samræmis í mötum þessum.

Um 24. gr.

Hér er lagt til, að kostnaður við aukamöt greiðist eftir sömu meginreglum og við aðalmat.

Um III. kafla.

Í honum eru ákvæði um fasteignamat ríkisins (25. gr.), fasteignaskráningu (26. gr.), setningu reglugerðar (27. gr.) og gildistöku og brottfallin lög (28. gr.).

Um 25. gr.

Um nokkurt árabil hefur sérstök skrifstofa starfað á vegum fjármálaráðuneytisins, sem varðveitt hefur matsgögn og veitt upplýsingar um mat fasteigna og haft eftirlit m. a. með aukamötum og millimötum. Þykir rétt að lögfesta þessa skipan og kveða þá svo á, að skrifstofan verði sérstök deild í fjármálaráðuneytinu.

Um 26. gr.

Því fer fjarri, að hér á landi séu tiltækilegar jafntraustar upplýsingar um fasteignir og víða er völ á og nauðsynlegt þykir að hafa í nútíma þjóðfélagi. Að vísu hefur verið gert mikið átak um að kanna landamerki milli fasteigna í sveitum, sbr. landamerkjalög 17. marz 1882 og síðar landamerkjalög nr. 41/1919, svo og um könnun lóðamarka í kaupstöðum, sbr. t. d. í Reykjavík lög nr. 35/1914 og

Akureyri lög nr. 16/1951, sbr. og skipulags- og byggingalöggjöf um kaupstaði og kauptún. En mörk milli fasteigna eru þó ekki jafnglögg og þörf er á. Kemur þar hvorttveggja til, að ekki hefur verið í fyrstu búið nógu tryggilega um hnúta, og eins hitt, að hin sýnilegu tákn um landamerki eru oft og einatt horfin, og kennileiti vilja gjarna gleymast, og er aukin hætta á því vegna breyttra búskaparhátta í sveitum og búferlaflutninga. Þá er stærð lóða og lenda í verulegri óvissu, og jafnvel er stærð hins ræktaða lands oft og einatt óviss, sbr. það, sem áður er sagt um það efni. Hér þarf að koma til mikið átak, um mælingar á löndum og örugg merki, sem ákvörðuð séu eftir nútímaaðferðum, svo og traustir uppdrættir af löndum. Svo sem fyrr greinir, hefur verið lagt á það mikið kapp í flestum Evrópulöndum að koma við hagfræðilegri jarðskráningu, sem sýnt gæti á hverjum tíma, hvert búrekstrargildi jörð hefði, og verið gæti grundvöllur undir sölugildi jarðar og veðhæfi. Slík skráning er byggð á hagfræðilegri kortagerð af jörð og hvílir á könnunum á jarðvegsgerð og öðrum eðliskostum jarðar o. fl. Slíkri allsherjarskráningu jarða var komið á fót í Danmörku fyrir miðja síðustu öld, en raunar hvíldi hún á jarðaskráningu frá 17. öld, í Frakklandi var efnt til jarðaskráningar á fyrri hluta 19. aldar, og í Saxlandi og Prússlandi var komið við fullkominni skráningu jarða á 19. öldinni og hinu sama gegnir um Austurríki. Um aldamótin var þessum málum komið í gott horf í Finnlandi og Svíþjóð, en í Noregi er enn verið að vinna að þessum málum á grundvelli nýlegrar löggjafar um þetta efni.

Vert er að benda á, að hér á landi þarf að fara fram mat á fasteignum í ýmsum samböndum, svo sem vegna fasteignaskatta, brunabótatryggingar, lántöku í lánastofnunum, skiptagerða ýmissa, landskipta, skaðabótakrafna, landaþrætumála o. fl. Traust fasteignaskráning og fasteignaskrá (matrikel) gæti orðið að ómetanlegu liði í öllum þessum samböndum. Hún er einnig forsenda fyrir öruggum viðskiptum með fasteignir og hefur mikið leiðbeiningargildi fyrir væntanlega kaupendur fasteigna. Áreiðanlegu þinglýsingarkerfi verður ekki heldur komið við, nema slík skrá sé fyrir hendi, og hún skiptir miklu máli fyrir störf skipulags- og byggingayfirvalda.

Við fasteignaskrá ætti að stefna að því, að til væru hjá þeirri skrifstofu, er fjallaði um skráningu fasteigna, upplýsingar um einstök atriði, er varða fasteign, svo sem um eignar-umráð og ábúendur, að því er varðar jarðir, lýsing á landi einstakra jarða og löndum, sem eru í séreign, og hvernig land skiptist eftir notagildi þess (ræktað land og ræktunarástand þess, ræktunarhæft land og ræktunarskilyrði, vélfær engjalönd, beitilönd, skógarsvæði). Þá væri nauðsynlegt að kanna hlunnindi landa (veiði, dúntekju, selveiði, fuglatekju, sjávarhlunnindi, jarðhita), vatnsréttindi jarða, verðmæt efni í jörðu eða á, ítök og kvaðir, sem á eignum hvíla, búskaparlega, viðskiptalega og félagslega aðstöðu jarðar, svo og lýsa húsakosti bæði að því er tekur til íbúðarhúsa og útihúsa og annarra mannvirkja á jörð. Breytingar, sem verða á fasteign, ætti síðan að tilkynna fasteignaskrá, svo að upplýsingar um eign væru hverju sinni áreiðanlegar.

Ýmsir þættir í þessu starfi fela í sér að virkja upplýsingar um fasteignir, sem til eru á alldreifðum stöðum. Aðra þætti þarf að vinna alveg frá stofni. Að því er varðar mælingu á löndum má geta þess, að á vegum landnáms ríkisins hafa verið mæld öll tún, sem eru 10—12 ha. að stærð eða minni. Er þar um mjög veigamikinn stofn að ræða, sem byggja mætti á. Eðlilegast er að haga vinnubrögðum svo að taka til meðferðar afmörkuð landsvæði eftir því sem fé verður veitt í fjárlögum. Með ákvæði 26. gr., ef að lögum verður, er frumkvæði í þessu efni í fyrstu lagt í hendur yfirfasteignamatsnefndar, en ljóst er, að þetta mikilvæga verkefni verður ekki unnið, nema með samstilltu átaki ríkisins, sveitarfélaga, byggingaog skipulagsyfirvalda, landnámsstjóra og annarra búnaðaryfirvalda o. fl. aðilja. Svo sem 26. gr. er hugsuð, þykir ekki þörf á að breyta lögum um landamerki eða lóðamörk o. fl.

Um 27. og 28. gr.

Hér er kveðið á um brottfallin lög svo og samningu reglugerða eftir ákvæðum þessa frv., ef að lögum verður. Svo er kveðið á, að lög nr. 33/1955 falli brott, þótt segja megi, að þau séu það nú þegar, þar sem þau hafa lokið ætlunarhlutverki sínu. Til öryggis er þó lagt til, að þau séu felld brott. Rétt er að taka fram, að reglugerð hefur ekki verið sett samkv. lögum nr. 70/1945.

Sþ. 565. Breytingartillögur [237. mál]

við till. til þál. um endurskoðun á framlögum ríkissjóðs til flóabáta og vöruflutninga.

Frá Sigurvin Einarssyni, Ólafi Jóhannessyni, Birni Pálssyni og Hannibal Valdimarssyni.

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að kjósa 5 manna milliþinganefnd, hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi, er undirbúi tillögur um framtíðarskipan flóabátaferða, svo að þær verði sem hagkvæmastar og komi að sem beztum notum. Tillögur nefndarinnar skulu lagðar fyrir næsta reglulegt Alþingi.
2. Fyrirsögn tillögunnar verði:
   Tillaga til þingsályktunar um ferðir flóabáta.

Ed. 566. Breytingartillögur [227. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

1. Á tollskránni í 1. gr. frv. eru gerðar þessar breytingar:
   a. Nr. 06.02.09 orðast svo:
      Annað 40%
   b. Nr. 12.03.09 orðast svo:
      Annað 20%
   c. Nr. 13.03.02 orðast svo:
      Lakkrísextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakt á 3 lítra ílátum eða stærri 40%
   d. Nr. 15.07.83 orðast svo:
      Jarðhnetuolía 30%
   e. Nr. 15.07.89 orðast svo:
      Kókosolía 30%
   f. Nr. 15.07.91 orðast svo:
      Pálmakjarnaolía 30%
   g. Nr. 15.12.01 orðast svo:
      Úr jurtaríkinu 30%
   h. Nr. 17.01.25 orðast svo:
      Púðursykur 0
   i. Á eftir nr. 20.07.01 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:
      20.07.02 Óáfeng vín, samkvæmt nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 60%
   j. Á eftir nr. 39.01.05 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:
      39.01.06 Límbönd (tape) 35%

k. Á eftir nr. 39.02.05 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:
39.02.06 Límbönd 35%
l. Á eftir nr. 39.03.25 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:
39.03.26 Límbönd 35%
m. Á eftir nr. 39.05.02 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:
39.05.03 Límbönd 35%
n. Á eftir nr. 48.07.24 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:
48.07.25 Límbönd 30%
o. Nr. 48.16.02 orðast svo:
Pappírspokar margfaldir til umbúða, að flatarmáli 0,2 m² og þar yfir útflattir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 15%
p. Nr. 84.61.02 orðast svo:
Blöndunartæki, samsett og ósamsett, og lausir hlutar til þeirra 60%
q. Nr. 84.61.09 orðast svo:
Annað 35%
r. Nr. 88.02.01 orðast svo:
Flugvélar og svifflugur 0

2. Töluliður 15 í 3. gr. laganna orðast svo:
Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum, sem eru eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim, enda ekki gerðir hér á landi á viðhlítandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins. Undanþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.
3. Aftan við 40. gr. frv. kemur ný málsgr., svo hljóðandi:
Meðan endurskoðun á lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum fer fram, er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjald af vöru samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, sbr. 1. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, ef hann telur lækkun aðflutningsgjalda samkvæmt 1. gr. laga þessara hafa orðið þess valdandi, að varan beri eftir breytinguna of hátt framleiðslugjald miðað við aðflutningsgjald af sams konar vöru innfluttri.

Ed. 567. Breytingartillögur [227. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Á tollskránni í 1. gr. frv. eru gerðar þessar breytingar:
1. Nr. 09.02.00 orðast svo:
Te 50%
2. Nr. 09.03.00 orðast svo:
Maté 50%
3. Á eftir nr. 84.23.03 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:
84.23.04 Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 10%
4. Nr. 87.05.01 orðast svo:
Fyrir dráttarvélar, sem teljast til nr. 87.01.11 ..... 10%
5. Á eftir nr. 87.05.01 kemur nýtt nr., svo hljóðandi:
87.05.02 Fyrir dráttarvélar, sem teljast til nr. 87.01.19 og 87.01.20 .... 25%
6. Nr. 87.05.02 verður nr. 87.05.03.
7. Nr. 87.05.03 verður nr. 87.05.04.

Nd. 568. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur tekið frumv. þetta til athugunar og rætt það á einum fundi og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1963.

Gísli Jónsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Guðl. Gíslason, frsm.
Jón Skaftason. Hannibal Valdimarsson.

Ed. 569. Breytingartillögur [89. mál]

við frv. til laga um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 1. gr.
   a. Málsliðurinn „Söluskýli ... og annað“ falli niður.
   b. Í stað orðsins „heilar“ í málsliðnum „Veitingastofa o. s. frv.“ komi: heitar.
2. Við 15. gr. 4. tölul. 1. mgr. falli niður.
3. Við 17. gr. Í stað orðanna „og vinnuaðstöðu“ komi: og eftir atvikum vinnuaðstöðu.
4. Við 22. gr. Orðið „söluskýlisleyfi“ í 2. tölul. 1. mgr. falli niður.

Sþ. 570. Þingsályktun [239. mál]

um úthlutun listamannalauna 1963.

(Afgreidd frá Sþ. 6. apríl.)

Samhljóða þskj. 542.

Nd. 571. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um opinbera aðstoð við varanlega gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu málsins. LJós leggur til, að frv. verði samþykkt, en SkG var ekki reiðubúinn að taka afstöðu til málsins á fundi nefndarinnar, en mun gera grein fyrir afstöðu sinni.

Nefndinni barst umsögn vegamálastjóra um málið, en hann mælir ekki með samþykkt þess, þar sem um þetta mál sé fjallað í tillögum vegamálanefndar og muni það því koma til kasta Alþingis, þegar frv. til nýrra vegalaga verður lagt fyrir Alþingi, en ætla má, að það yrði á næsta þingi.

Undirritaður meiri hl. fjárhagsnefndar leggur til, að málinu sé vísað frá nú með eftirfarandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Þar sem væntanlega verður lagt fyrir næsta Alþingi frv. til nýrra vegalaga og fyrir liggja upplýsingar um, að vandamál það, sem frv. þetta fjallar um, verði þar tekið til meðferðar, þykir ekki ástæða til að afgreiða þetta mál nú, og tekur deildin því fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. apríl 1963.

Birgir Kjaran, form.	Sig. Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Nd. 572. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Undirritaður meiri hl. telur ekki ástæðu til að undanþiggja sérstaklega þá, sem frv. tekur til, frá greiðslu áhættugjalds og leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 6. apríl 1963.

Birgir Kjaran, form.	Sig. Ingimundarson, fundaskr.	Jóhann Hafstein, frsm.

Nd. 573. Nefndarálit [139. mál]

um frv. til laga um breyt. á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft málið til athugunar, og leggur meiri hluti nefndarinnar til, að það verði samþ. Minni hluti (SkG) mun skila séráliti.

Alþingi, 6. apríl 1963.

Birgir Kjaran, form., frsm.	Sig. Ingimundarson, fundaskrifari.	Jóhann Hafstein.
	Lúðvík Jósefsson.	

Nd. 574. Nefndarálit [212. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur rætt mál þetta á fundi sínum og er sammála um að mæla með samþykkt þess.

Alþingi, 6. apríl 1963.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sig. Ingimundarson, fundaskrifari. Jóhann Hafstein.
Lúðvík Jósefsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 575. Nefndarálit [230. mál]

um frv. til l. um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1963.

Birgir Kjaran, form. Sig. Ingimundarson, fundaskr. Jóhann Hafstein, frsm.
Lúðvík Jósefsson. Skúli Guðmundsson.

Nd. 576. Nefndarálit [217. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá fjárhagsnefnd.

Fjárhagsnefnd hefur haft frv. þetta til athugunar og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 6. apríl 1963.

Birgir Kjaran, form., frsm. Sig. Ingimundarson, fundaskr. Jóhann Hafstein.
Lúðvík Jósefsson. Skúli Guðmundsson.

Ed. 577. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta til laga um tollskrá o. fl. er tvær bækur í venjulegu þingskjalabroti; hin fyrri 174 bls., en hin síðari (stafrófsskrá) 107 bls. eða samtals 281 bls. Segja má, að efnisatriði þessa rits séu óteljandi ekki síður en eyjar Breiðafjarðar og vötnin á Tvídægru.

Það hefur — samkv. greinargerð frumvarpsins — tekið tollfróða menn, sem til voru kvaddir af ráðherra, rúmlega þrjú ár að semja þetta frumvarpsbákn. En hvað er alþingismönnum ætlaður langur tími til athugunar á því?

Ríkisstjórnin leggur frumvarpið ekki fyrir Alþingi fyrr en eftir lifa á að gizka aðeins þrjár vikur af tíma þeim, er hún ætlar til þinghaldsins. Frumvarpið á samkv. þingsköpum að athugast í tveim þingnefndum og fara í gegnum a. m. k. sex umræður í þinginu á þessum stutta tíma.

Augljóst er af hinni síðbornu framlagningu frumvarpsins, að ríkisstjórnin kærir sig ekki um vandlega athugun Alþingis á þessari vandasömu, margslungnu lagasetningu og ábyrgðarmiklu ekki aðeins gagnvart ríkissjóðnum, heldur öllum þegnum þjóðfélagsins og atvinnuvegum landsins.

Málið er svo yfirgripsmikið og flókið, — krefst svo fjölþætts samanburðar og mikilla útreikninga, — að ekki getur á þessum skammvinna tíma orðið af þingsins hálfu um annað að ræða en réttnefnt flaustursverk til málamynda. Sú ríkisstjórn, sem stofnar til slíkrar afgreiðslu á þessu mikilvæga og stóra máli, sýnir löggjafarsamkomunni og þingræðinu litla virðingu. Hún telur sig geta treyst til þessarar flaustursafgreiðslu þeim nauma þingmeirihluta, sem hún styðst við, hvað sem stjórnarandstaðan segi, en með því sýnir hún einmitt stuðningsmönnum sínum mjög takmarkaða virðingu og litla tillitssemi.

Ganga má út frá því, að Alþingi telji fljótt nauðsynlegt að endurskoða þá tollskrá, sem þetta þing lögleiðir þannig.

Sameining aðflutningsgjalda, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, er tvímælalaust til bóta. Við heildarendurskoðun tollalöggjafarinnar hefði vafalaust hvaða stjórn sem var mælt fyrir um þvílíka sameiningu, svo sjálfsögð er hún orðin.

Heildarendurskoðun tollalöggjafarinnar hefði mátt fyrr vera hafin, en það, sem setti löggjöfina algerlega úr skorðum, voru efnahagsmálabyltingar og umbrot núverandi stjórnarstefnu. Gengisfellingarnar 1960 og 1961 sprengdu upp grunninn. Tollþol gjaldþegna raskaðist. Atvinnugreinar urðu mishart úti.

Fyrir þessar og aðrar samverkandi aðgerðir af völdum efnahagsmálastefnu stjórnarinnar rís ásku landsins illkleift fjall í fang við að byggja sér íbúðir og hefja atvinnurekstur, og það er háskalegt fyrir framtíð þjóðarinnar.

Þetta er m. a. nauðsynlegt að hafa ríkt í huga við setningu nýrrar tollalöggjafar.

Þegar fjármálaráðherrann skipaði nefndina, sem samdi tollskrárfrumvarpið og ég dreg ekki í efa að unnið hafi verk sitt samvizkusamlega, þá setti hann henni höfuðreglur í nokkrum greinum, sem hún skyldi vera bundin af. Ein reglan var: að tollur **„væri ekki hærri en 125% af neinni vöru“.** Engin vara er því hærra verðtolluð samkvæmt tollskrárfrumvarpinu.

Þessu mega þeir fagna, sem kaupa vörur, sem eru nú hátollaðri en 125%. Hins vegar þrengir þetta tollsvið og dregur úr því, að komið verði við eins og áður að láta fólk bera tollabyrðar eftir kaupgetu. Enginn, sem gert hefur sér rétta grein fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar, þarf að undrast þetta.

Annað fyrirmæli ráðherrans til nefndarinnar um, hvers hún ætti að gæta, var það: **„Að heildartekjur ríkissjóðs af aðflutningsgjöldum rýrnuðu ekki um of.“**

Mjög ósanngjarnt væri að segja, að þessi fyrirskipun fjármálaráðherra sé óeðlileg. Hún er blátt fram afar eðlileg, eins og hún er sett fram í búningi almennra orða.

En hvað er í þessu sambandi rýrnun **„um of“?**

Vafalaust hefur ráðherrann gert nefndinni grein fyrir því. Um það segir ekkert í greinargerð frumvarpsins. En niðurstaðan er þar. Heildartekjurýrnun í tollskrárgjöldunum til ríkissjóðs, miðað við innflutning 1962, er áætluð á heilu ári 97 milljónir eða um 64 milljónir 1963 eftir hugsuðum gildistíma tollskrárinnar á þessu ári. Á móti koma svo bjartar vonir ráðherrans, sem hann lýsti, þegar hann fylgdi

frumvarpinu úr hlaði, — vonir um aukinn innflutning og minna smygl. Ekki skal ég meta þær vonir ráðherrans til verðs, en augljóst er, að tollalækkunin samkvæmt frumvarpinu er síður en svo til þess fallin að miklast af henni fyrir stjórnarliðið í kjörtímabilslokin.

Ýmsar vörur eru í frumvarpinu að vísu færðar til lægra hundraðsgjalds í tolli, — og þá fyrst og fremst þær, sem nú eru tollaðar með meira en 125%, eins og áður er frá sagt.

Á býsna mörgum vörum er svo aftur á móti lagt til, að aðflutningsgjöldin hækki frá því, sem nú er, auðvitað til þess að fullnægja fyrirmælum ráðherrans.

Talið er, að samþykkt tollskrárfrumvarpsins — eins og það liggur fyrir — leiði ekki af sér neina teljandi lækkun á framfærsluvísitölunni. Það sýnir, að ekki er ætlazt til, að neyzluvörur almennings lækki í verði.

Glæsilegra er þetta ekki.

Síðan 1958 — eða á valdatíma núverandi stjórnarflokka — hafa ársálögur til ríkissjóðs hækkað um h. u. b. 1400 milljónir króna, eða vantar furðulítið á að hafa þrefaldazt.

Hvað eftir annað hafa forustumenn stjórnarflokkanna látið á sér skilja, að þetta lagaðist rétt strax, — væri aðeins bráðabirgðaátak, sem yrði að gera til „viðreisnar". Í því sambandi hafa þeir gefið í skyn, að verið væri að undirbúa þáttaskil með endurskoðun tollskrárinnar. Metaflagóðæri hafa gefizt af náttúrunnar hendi.

Þrátt fyrir þetta sjá þessir menn sér ekki, þegar til kastanna kemur, fært að leggja til heildartollalækkun, sem nokkru verulegu nemur.

Ein álöguhækkunin hjá núverandi stjórnarflokkum var viðbótarsöluskatturinn 8.8% (í tolli), sem lögfestur var á útmánuðum 1960 og skírður „Bráðabirgðasöluskattur" til merkis um skammlífi. Honum var að sögn ætlað að mæta tilteknum tímabundnum þörfum. Um þrenn áramót, sem síðan eru liðin, hefur hann verið kalt og rólega framlengdur, enda engin torhöfn verið í honum, því að hann hefur hækkað myndarlega í krónum frá ári til árs.

Fyrir næstliðin áramót, þegar „Bráðabirgðasöluskatturinn" var seinast framlengdur, var yfir lýst, að þetta yrði hans síðasta endurfæðing, því að nú yrði innan skamms lokið endurskoðun tollskrárinnar, — og þá var að skilja, að upp rynnu dagar mikilla efnda.

En hvað gerist? „Bráðabirgðasöluskatturinn" hafði verið áætlaður á fjárlögum þessa árs 267.4 millj. króna. Nálega tveir þriðjungar þeirrar fjárhæðar innlimast í verðtollsheildina til framhaldslífs þar, en rúmlega einn þriðjungur hans fellur niður. **Og er þá þessi ríflegi þriðjungur „Bráðabirgðasöluskattsins" öll tollalækkunin eins og hún leggur sig í heildinni.**

Hvílíkur „viðreisnar"-árangur!

Þótt heildarlækkun aðflutningsgjaldanna í tollskrárfrumvarpinu sé háðulega smá, eins og að framan greinir, lýsi ég mig ekki andvígan frumvarpinu, af því að allt, sem til lækkunar horfir í dýrtíðarfargani líðandi stundar, er skárra en ekki neitt, og sameining aðflutningsgjaldanna í einn verðtoll er formbreyting, sem er til hagræðis við framkvæmd tollheimtunnar og fyrir þá, sem að innflutningsverzluninni vinna.

Nokkrar breytingartillögur við frv. flyt ég á sérstöku þskj. Með þeim vil ég freista að koma fram fáeinum leiðréttingum, sem meiri hl. fjárhagsnefndar fékkst ekki til að standa að. Tillögurnar hefði ég kosið að hafa miklu fleiri og víðtækari, en geri það ekki, til þess að stjórnarliðið geti með engu móti afsakað andstöðu sína með því, að þær séu gjörbreyting, sem raski tekjugrundvelli ríkissjóðsins, og enginn tími sé heldur til að athuga nógu rækilega, hvaða áhrif þær kunni að hafa á heildarsamræmi tollakerfisins.

Enn fremur er það staðreynd, sem ekki er hægt að komast fram hjá, að því efnahagskerfi, sem núverandi stjórn hefur sett upp, verður ekki breytt með tollskrá

einni saman. Til lagfæringar á því þarf margþættar umbætur, sem verður að gera samhliða, þegar aðstaða fæst til þess á Alþingi.

Vil ég nú stuttlega víkja að efni aðalbreytingartillagna minna, en geri hins vegar nánari grein fyrir þeim í framsögu.

Framsóknarmenn hafa hvað eftir annað, síðan gengisfellingarnar 1960 og 1961, ásamt álagningu nýrra söluskatta, röskuðu verðlaginu, flutt á Alþingi tillögur um afnám aðflutningsgjalda á helztu landbúnaðarvélum og tækjum til þess að draga úr verðhækkun þessara nauðsynlegu framleiðslutækja. Þeir hafa viljað, að landbúnaðinum væri gert jafnt undir höfði og bróður hans, sjávarútveginum, sem þeir hafa þó alls ekki talið ofhaldinn í þessum efnum.

Stjórnarflokkarnir hafa hiklaust fellt allar umræddar tillögur framsóknarmanna. Nú kemur í ljós í tollskrárfrv., að tillöguflutningur og barátta framsóknarmanna í þessu réttlætismáli hefur ekki til einskis verið. Stjórnarliðið hefur svignað. Gert er ráð fyrir í frv., að landbúnaðartækin lækki að tolli niður í 10%. Ekki vill stjórnarliðið unna landbúnaðinum fulls réttlætis, — ekki gefast algerlega upp.

Ég flyt brtt. um, að þessi tæki landbúnaðarins verði tollfrjáls, eins og skipin og vélar í þau. Jafnframt flyt ég tillögur um afnám 4% verðtolls á mikilsverðum tækjum við fiskveiðar og einnig á efnivörum til veiðarfæragerðar.

Framsóknarmenn hafa enn fremur á sama tíma flutt tillögur á Alþingi um lækkun tolla á búsáhöldum, sem hækkað hafa mjög í verði, en almenningur kemst ekki af án. Stjórnarflokkarnir hafa ekki viljað ljá máls á þessu.

Ég flyt brtt. við tollskrárfrv. um, að þessi tæki lækki frá því, sem þar er, úr 80% tolli í 40% toll.

Í 3. gr. tollskrárfrumvarpsins er lagt til, að heimiluð verði endurgreiðsla á aðflutningsgjöldum „af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur".

Ég legg til, að heimildin um endurgreiðsluna verði ótakmörkuð, eins og heimild er um endurgreiðslu slíkra gjalda „af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands".

Sú grimma dýrtíð, sem sprottið hefur af efnahagsráðstöfunum núverandi ríkisstjórnar, kemur hart niður á öllum almenningi. Stórkostlega hættuleg eru áhrif hennar á kostnað við íbúðarhúsabyggingar. Ungt fólk og aðrir efnalitlir, sem þurfa, að guðs og manna lögum, að koma sér upp húsnæði, hafa ekki bolmagn til þess undir fargi dýrtíðarinnar, vaxtaokursins og lánsfjárkreppunnar.

Framsóknarmenn hafa flutt á Alþingi tillögur um lækkun vaxta af lánum og hækkun á lánsfjárhæðum til íbúðabygginga. Tillögur þær hafa stjórnarflokkarnir alltaf fellt.

Af því að tillögurnar hafa ekki náð fram að ganga, vil ég í sambandi við tollskrárfrumvarpið gera tilraun með tillöguflutning, sem gengur í þá átt að draga úr áhrifum dýrtíðarinnar á íbúðabyggingar.

Tillaga mín er við 3. gr. frumvarpsins um, að þar komi nýr heimildarliður um að endurgreiða hluta aðflutningsgjalda af byggingarefni íbúðarhúsa eftir stærð húsanna. Skal endurgreiðslan nema 110 kr. á hvern rúmmetra íbúðar. Endurgreiðslan nær þó ekki til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra.

Samkvæmt skýrslu Efnahagsstofnunar ríkisstjórnarinnar voru fullgerðar íbúðir í landinu að meðaltali á ári hverju 1954—1961 (8 árum) 1350 talsins. Fæstar 1954: 883. Flestar 1957: 1618. Árið 1961: 1209.

Samkvæmt skýrslum Hagstofunnar kostaði rúmmetri í íbúð í febrúar 1963 kr. 1689.16.

Eftir útreikningi Húsnæðismálastofnunarinnar árið 1960 um innflutningsgjöld

á byggingarefni til íbúðarhúsa, reyndust gjöldin vera um 7.8% af fullnaðarverði íbúðar. Sé reiknað með 8%, nema innflutningsgjöldin á hvern rúmmetra kr. 135.00.

Endurgreiðslan, kr. 110.00 á rúmmetra, samkvæmt tillögu minni, er þá um 81.5% af innflutningsgjöldunum.

Þessi endurgreiðsla nemur á 360 rúmmetra íbúð kr. 39600.00. Sú stærð er valin sem hámark, af því að hún er sú stærð, sem Húsnæðismálastofnunin tekur til greina hjá 5 manna fjölskyldu við lánveitingar sínar. Endurgreiðsla á rúmmetra íbúðar sé hin sama um land allt.

Ef gert er ráð fyrir, að meðalstærð íbúða til endurgreiðslu sé 320 rúmmetrar og 1350 íbúðir séu fullgerðar á ári, nemur endurgreiðslan á ári samtals kr. 47 520 000.00.

Þetta eru vitanlega áætlaðar tölur, en af þeim má nokkuð ráða, hvað um er að ræða.

Að undanförnu hefur fimmti hluti „Bráðabirgðasöluskatts“ af innflutningi verið látinn renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Nú hverfur sá skattur samkvæmt frumvarpinu inn í hinn sameinaða toll. Frumvarpið tryggir með ákvæði í 40. gr. bætur til Jöfnunarsjóðsins á þessu fyrir árið 1963, en lengur ekki.

Ég flyt brtt. við 40. gr. frumvarpsins á þá leið, að eftir 1963 verði árlega greidd 5% af tollskrárteknaheildinni til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Það svarar til þess, sem sjóðurinn hefur fengið af þessum söluskatti. Sveitarfélögin má alls ekki svipta þeim tekjustofni.

Verði brtt. mínar samþykktar, tel ég tollskrárfrumvarpið aðgengilegra en það nú er, — og meira í samræmi við lífshagsmuni þjóðarinnar.

Í framsögu mun ég gera nánari grein fyrir þeirri heildartollalækkun, sem ég tel, að tillögur mínar feli í sér.

Alþingi, 7. apríl 1963.

Karl Kristjánsson.

Ed. 578. Nefndarálit [54. mál]

um frv. til lyfsölulaga.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

I.

Frumvörp til lyfsölulaga hafa verið að skjóta upp kollinum öðru hverju síðustu tuttugu árin. Stundum hafa þau borizt nefndum með ósk um flutning og ekki komizt lengra. Nokkrum sinnum hafa þau verið lögð fram á þingi, en jafnan dagað þar uppi.

Það er mála sannast, að nýrra lyfsölulaga er full þörf. Gildandi löggjöf er gömul, úrelt og í molum. Um þetta er ekki deilt, og þó hafa frumvörp til laga um lyfsölu átt erfitt uppdráttar. Fagleg efnisatriði frumvarpanna virðast aldrei hafa valdið svo djúpstæðum ágreiningi, að hann hafi orðið þeim til falls. Erfiðleikana hefur skapað eitthvað annað.

Mikils skoðanamunar hefur gætt á þessum frumvörpum, og hann grundvallast á hagsmunalegum árekstrum. Það er togstreitan gamla milli sérhyggju og félagshyggju. Annars vegar standa þau öfl, sem vilja leyfa hæfum einstaklingum að fleyta rjómann af lyfjasölu jafnt og annarri verzlun, en hins vegar eru félagshyggjumennirnir, er þess krefjast, að lyfjaverzlunin í landinu sé rekin eingöngu með hagsmuni almennings fyrir augum.

Það er þessi skoðanamunur, sem hindrað hefur setningu nýrra laga um lyfjasölu, og af hans völdum er það, að heilbrigðis- og félagsmálanefnd efri deildar klofnar nú um afstöðuna til frumvarpsins, sem fyrir liggur.

II.

Á þessu frumvarpi eru bæði stórir gallar og smáir, og skal fyrst getið nokkurra hinna síðarnefndu. Eigi verður þó fjölyrt um aðra en þá, sem lagt er til, að lagaðir verði eða af sniðnir. Gallarnir eru þó fleiri. Vandræðalegt er t. d. fagheitið lyfjafræði lyfsala, og er þá orðið lyfsölufræði stórum skárra. Aðstoðarlyfjafræðingur (examinatus pharmaciae) er ekki heldur skemmtilegt heiti, og lítið er það virðulegra en það gamla, lyfjasveinn. Um þetta eða annað ámóta verður þó ekki rætt frekar hér, heldur grein gerð fyrir því, sem sérstaklega er óskað bóta á.

1. Í upphafi 1. gr. er skýrgreining á hugtakinu lyf, og mun vera nærri réttu lagi. En gamanið kárnar, þegar á greinina líður, því að þar er svo ákveðið, að stór flokkur lyfja, sótthreinsunarlyfin, skuli hreint ekki teljast lyf. Sýklaeyðandi lyf eru vissulega ætluð til „varnar gegn sjúkdómum“ og eru því óvefengjanlega lyf samkvæmt skýrgreiningunni í greinarupphafinu. Þetta skynja höfundar frumvarpsins, enda segir í greinargerð þess, að „samkvæmt framangreindu væri eðlilegt að telja sýklaeyðandi efni til lyfja“, og er það hverju orði sannara.

Hvers vegna er þetta þá ekki haft eins og eðlilegt er talið? Ef því ráða viðskiptaleg sjónarmið eða hagsmunaleg, þá er illa farið. Sótthreinsunarlyf eru flest hættuleg í meðförum, og því ber að gæta sömu varúðar gagnvart þeim og öðrum lyfjum, er lagaákvæði taka til. Því er hér lagt til, að niður sé fellt ákvæðið um, að sótthreinsunarlyf teljist ekki til lyfja.

2. Í 7. gr. eru reglur um, hvernig fara skuli með umsóknir um lyfsöluleyfi. Tveir menn, annar valinn af félagi lyfsala og hinn af félagi lyfjafræðinga, eiga að fjalla um umsóknir þessar, semja álitsgerðir um hæfni umsækjenda og raða þeim eftir kunnáttu eins og börnum á skólabekk. Þessi tveggja manna nefnd má þó aldrei skipa í töluröð fleiri umsækjendum en þremur. Ef fleiri sækja um leyfi, fá þeir að fljóta með sem eins konar úrkast. En þessari einkennilega skipuðu nefnd er gefið meira vald, því að hún má dæma umsækjanda óhæfan, ef henni býður svo við að horfa. Þannig tilreiddar eiga umsóknirnar að koma landlækni og ráðherra í hendur, og má ráða af líkum um valfrelsi þeirra.

Engin tveggja manna nefnd á að fara með mál sem þetta og sízt eins skipuð og ráðgert er í frumvarpinu. Það er ekki slíkrar nefndar að raða mönnum eftir verðleikum, heldur er það landlæknis, að upplýsingum fengnum. Verst af öllu er þó það að veita nefnd tveggja manna vald til að dæma stéttarbróður úr leik, lýsa hann óhæfan. Dæmi um misbeitingu slíks valds er því miður til hér á landi, og var þó í því tilviki um virðulegri og stærri „nefnd“ að ræða en hér er ráðgerð.

Ákvæðið um þessa nefnd er varhugavert. Samsetning hennar er of einhæf, og því kemur hún til með að standa höllum fæti, m. a. gagnvart grunsemd eða ásökun um hlutdrægni. Nú vill svo vel til, að þessi nefnd er óþörf. Lyfjaskrárnefnd, sem skipuð skal sex sérfróðum mönnum úr ýmsum greinum í læknisfræði og lyfsölufræði, eru falin ýmiss konar störf í sambandi við framkvæmd laganna. Lyfjaskrárnefnd á að láta í té umsögn um þá, sem sækja um rétt til að kalla sig lyfjafræðinga, svo að dæmi sé nefnt. Hvað er því eðlilegra en að fela þessari virðulegu nefnd það verkefni, sem lyfsalanum og lyfjafræðingnum er ætlað samkvæmt ákvæði 7. gr.? Við það vinnst margt, m. a. fækkun þeirra allmörgu nefnda, sem frv. gerir ráð fyrir. Lyfjaskrárnefnd ber að fela það verk að athuga umsóknir um lyfsöluleyfi og láta landlækni í té álitsgerð um umsækjendur, en hún á hvorki að raða né útskúfa.

3. Í 54. gr. er svo kveðið á, að einungis þau sérlyf, sem sett hafa verið á sérlyfjaskrá, megi selja hér á landi. Undantekning er þó gerð í 2. málsgr., þannig

að framleiðendum er heimilt að láta sjúkrahúsum og hliðstæðum stofnunum í té takmarkað magn af óskráðum sérlyfjum í reynsluskyni. Þetta undantekningarákvæði er of þröngt. Það nær aðeins til þeirra lækna, sem starfa í stofnunum. Ef vísindalega þenkjandi læknir utan stofnana óskar að fá óskráð sérlyf til reynslu, þá á hann þess ekki kost samkvæmt ákvæði frumvarpsins. Þess má þó minnast í þessu sambandi, að sumar helztu uppgötvanir á sviði læknisfræði hafa verið gerðar af mönnum, sem nutu ekki virðingarstimpils neinnar stofnunar. Hér á því ekki að gera upp á milli lækna, heldur heimila þeim öllum að veita viðtöku takmörkuðu magni af óskráðum sérlyfjum í reynsluskyni.

4. Í 55. gr. er getið skilyrða þess, að lyf komist á sérlyfjaskrá. Þar vantar þó eitt mikilsvert skilyrði, og það er, að reynsla sé fengin fyrir, að lyfið, gefið í tilgreindum skömmtum, hafi ekki skaðlegar aukaverkanir. Ný sérlyf flæða nú í stríðum straumum yfir markaðinn. Verksmiðjur framleiða ný lyf hver í kapp við aðra. Allt verður að lúta gróðasjónarmiðum framleiðenda, og því er tæpast gefinn tími til að prófa verkanir nýrra lyfja, áður en þeim er ausið út í almenning. Þetta bitnar sorglega á lyfjaneytendum, og nægir í því sambandi að minna á thalidomidhneykslið alræmda. Fyrir slík slys verður að girða eftir mætti með löggjöf. Þess vegna er lagt hér til, að fyrrgreindu skilyrði verði bætt inn í frv. Á öðrum stað (63. gr.) er heimild til að taka lyf af sérlyfjaskrá, ef það reynist hafa heilsuspillandi verkanir. Sú heimild er góð og gild, en þó er betra að byrgja brunninn, áður en barnið er dottið ofan í hann.

III.

Í þessu frv. er heill kafli, sem alls ekki á þar heima. Það er kaflinn um vinnudeilur og kjarasamninga. Eins og illa gerðum hlut er honum smeygt þarna inn, og hefur því bersýnilega ráðið pólitískur áhugi á allt öðru en því, sem að lyfjasölu lýtur. Hér er um að ræða anga af baráttu núverandi ríkisstjórnar gegn launastéttum landsins, enda eru helztu ákvæði kaflans þess eðlis að torvelda þeim fáu mönnum, sem málið snertir, leiðina til kjarabóta.

Þetta pólitíska innskot er mjög óviðfelldið í jafnmikilvægu heilbrigðismáli og lyfjamál eru. Kaflinn um vinnudeilur er aðskotahlutur í frumvarpinu, og því ber að fella hann brott. Hann er einn af stóru göllunum á þessu frumvarpi.

Þá er það og mikill ljóður, að framvegis skuli aðeins veita einstaklingum leyfi til að reka lyfjabúð. Að vísu eru félagsreknar lyfjabúðir í landinu, en engar sögur eru af, að þær hafi þjónað almenningi verr en hinar, sem í einkaeign eru.

Margir hafa furðað sig á því, að stærstu sjúkrasamlög landsins skuli ekki sjálf eiga og reka lyfjabúðir. Auðvitað væri það samlögunum og þar með öllum almenningi hagkvæm tilhögun, sem komið gæti fram í lækkuðu lyfjaverði eða lækkuðum iðgjöldum. Einnig væri hugsanlegt, að framtakssöm og forsjál bæjarfélög sæju hag borgaranna í því að að hafa rekstur lyfjabúðar á eigin hendi. En fyrir alla slíka möguleika skal nú girt rækilega og aðeins fáum útvöldum veitt öll fríðindi og allur gróði lyfjasölunnar í landinu.

Í sumum hinna eldri frumvarpa til lyfsölulaga er gert ráð fyrir, að opinbert fyrirtæki hafi einkarétt til að flytja inn og selja í heildsölu lyfjavörur. Þessu er sleppt í frv., sem nú liggur fyrir, enda er það í samræmi við heildarstefnuna, sem þar birtist. Lyfjaheildsala mun vera mjög arðvænlegur atvinnuvegur og ekki síður en smásalan. Spurningin er aðeins um það, hvort einstakir heildsalar eða allur almenningur eigi að njóta arðsins af þessari heildsölu, og svarið, sem frumvarpið gefur, er ótvírætt hinum fyrrnefndu í vil. Með breytingartillögu um lyfjaheildsölu ríkisins mun á það reynt, hvað meiri hluti Alþingis telur sæma í þessu efni.

IV.

Minni hluti heilbrigðis- og félagsmálanefndar getur ekki mælt með samþykkt frumvarpsins í þeirri mynd, sem það er nú, og liggja til þess þær meginástæður,

sem þegar hafa verið greindar. Breytingartillögur verða fluttar í því skyni að fá bætt úr stærstu ágöllunum, en að þeim felldum leggur minni hl. nefndarinnar til, að frv. verði fellt.

Einn nefndarmanna (Karl Kristjánsson) undirritar álit meiri hlutans með fyrirvara. Á þskj. 533 flytur hann tillögu um, að veita megi lyfsöluleyfi ekki aðeins einstaklingum, heldur og „sveitarfélögum, sjúkrasamlögum, félögum svo og Háskóla Íslands", og fer hún mjög í svipaða átt og breytingartillaga minni hlutans við sömu grein.

Tillögur minni hluta nefndarinnar eru prentaðar á þskj. 537 og fela í sér þessar efnisbreytingar:

1. Sótthreinsunarlyf skulu teljast til lyfja.
2. Leyfi til rekstrar lyfjabúðar megi veita einstaklingum og að auki opinberum stofnunum, sem ætla má að gæti hagsmuna almennings.
3. Lyfjaskrárnefnd skal láta landlækni og ráðherra í té álitsgerð varðandi umsóknir um lyfsöluleyfi, en ekki sú tveggja manna nefnd, sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.
4. Kaflinn um vinnudeilur og kjarasamninga verði felldur niður sem efni frumvarpsins óviðkomandi.
5. Á vegum heilbrigðisstjórnarinnar skal rekin Lyfjaverzlun Íslands. Henni skal veittur einkaréttur til að flytja inn og selja í heildsölu allar þær vörur, sem lyfjabúðum og læknum er heimilt að selja. Ágóða fyrirtækisins verði varið til lækkunar á verði nauðsynlegustu lyfja.
6. Heimild lyfjaframleiðenda til að láta læknum í té endurgjaldslaust takmarkað magn af óskráðum sérlyfjum í reynsluskyni skal ekki aðeins ná til sjúkrahúslækna, eins og í frumvarpinu er ráðgert, heldur einnig til héraðslækna og starfandi lækna.
7. Hert verði á skilyrðunum fyrir því, að lyf fáist sett á sérlyfjaskrá, með kröfu um, að reynsla sé fyrir því fengin, hvort sérlyfið sé blátt áfram heilsuspillandi í venjulegum skömmtum eða ekki.
8. Lögin taki gildi 1. janúar 1964, en ekki 1. júlí 1963. Breytingin á tilhögun lyfjaheildsölunnar gerir það nauðsynlegt, að tíminn til gildistökunnar verði lengdur.

Að lokum skal þess getið, að efni breytingartillögunnar um Lyfjaverzlun Íslands er tekið lítið breytt úr lyfsölulagafrumvarpi því, sem þeir alþingismennirnir Haraldur Guðmundsson og Páll Zóphóníasson fluttu á þingi 1950.

Alþingi, 8. apríl 1963.

Alfreð Gíslason, læknir.

Ed. 579. Breytingartillögur [206. mál]

við frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

Frá Páli Þorsteinssyni.

1. 2. gr. orðist svo:
   Tónlistarskólar, sem fullnægja framangreindum skilyrðum, skulu fá allt að helmingi og aldrei minna en ⅓ rekstrarkostnaðar síns greiddan úr ríkissjóði, en þó ekki hærri upphæð en nemur framlagi hlutaðeigandi sveitarfélags til skólans.
2. 3. gr. orðist svo:
   Rekstrarstyrkir til tónlistarskóla skulu ákveðnir í fjárlögum. Menntamálaráðuneytið áætlar styrktarupphæð til hvers skóla um sig í samráði við skólastjóra með hliðsjón af starfsemi og fjárhagsafkomu skólans síðasta starfsár, sbr. 4. gr.

Ed. 580. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77/1947, um félagsheimili.

Frá minni hl. menntamálanefndar.

Nefndin varð eigi sammála um afgreiðslu málsins.

Meiri hl. n. er ekki reiðubúinn að mæla með samþykkt frv. Minni hl. n. leggur til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Einn nefndarmanna, FRV, var ekki viðstaddur, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 8. apríl 1963.

Páll Þorsteinsson.

Ed. 581. Nefndarálit [219. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 36 12. febr. 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 6. apríl 1963.

Friðjón Skarphéðinsson, form., frsm.
Ólafur Björnsson, fundaskr.
Ólafur Jóhannesson.
Magnús Jónsson.
Alfreð Gíslason.

Ed. 582. Nefndarálit [113. mál]

um frv. til l. um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt.

Alþingi, 8. apríl 1963.

Eggert G. Þorsteinsson, form.
Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr.
Magnús Jónsson, frsm.
Ásgeir Bjarnason.
Hermann Jónasson.

Sþ. 583. Nefndarálit [101. mál]

um till. til þál. um rannsókn á kali í túnum o. fl.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt þáltill. á fjórum fundum. Var tillagan send til umsagnar til Búnaðarfélags Íslands, atvinnudeildar háskólans og Stéttarsambands bænda. Sendu allir þessir aðilar umsagnir, og eru þær birtar hér með sem fylgiskjöl.

Mælir búnaðarþing með því, að þáltill. verði samþykkt, og leggur áherzlu á, að rannsókninni verði hraðað. Stjórn Stéttarsambands bænda telur það ekki öruggt, að ráð finnist, sem dragi úr eða útiloki kalið, þótt þáltill. verði samþykkt, en telur líklegra til árangurs, að tilraunastöðvar í jarðrækt gerðu ræktunartilraunir til að leita að þeim ræktunaraðferðum, sem bezt stæðust gegn kali, og vill, að ákvæðum hér að lútandi verði bætt inn í þáltill. Atvinnudeild háskólans upplýsir, að unnið sé að þessu máli, og sendir nefndinni afrit af skýrslum um rannsóknir, sem framkvæmdar hafa verið, og vísar til þeirra um álit sitt á málinu, að svo miklu leyti sem dæma má eftir því, sem fram hefur komið í þeim rannsóknum.

Allir aðilar eru sammála um, að hér sé um mikið vandamál að ræða, sem valdi árlega miklu tjóni, og því beri að halda þeim rannsóknum áfram, sem staðið hafa yfir undanfarin ár, og auka þær, svo sem unnt er, og kemur skýrt fram í umsögnum Stéttarsambandsins og atvinnudeildarinnar, að þessir aðilar telja, að sáning harðgerðara grasfræs en nú er almennt notað muni reynast drýgst í baráttunni gegn kali í túnum. En einmitt að þessum verkefnum er tilraunastöðvunum sérstaklega ætlað að vinna í samráði við atvinnudeild háskólans. Og með því að vitað er, að málið er þar til meðferðar og fullur vilji er fyrir því að gera þessum stofnunum fært að hraða þessum tilraunum, svo sem verða má, og ekki sýnilegt, að samþykkt þáltill. bæti þar nokkuð úr, leggur meiri hl. n. til, að þáltill. verði afgr. með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með því að sérfræðingar í jarðrækt, sem starfandi eru við atvinnudeild Háskóla Íslands, hafa að undanförnu unnið að rannsókn á kali í túnum og hafa enn fremur upplýst nefndina um, að samkvæmt tilmælum ríkisstjórnarinnar verði rannsóknum haldið áfram með öllum þeim ráðum, sem sérþekking getur veitt, og í trausti þess, að svo verði gert, tekur Alþingi fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 6. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.

Jónas G. Rafnar.

Fylgiskjal I.

BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 13. marz 1963.

Með bréfi, dags. 25. febr. 1963, sendi allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis Búnaðarfélagi Íslands til umsagnar tillögu til þingsályktunar um rannsókn á kali í túnum.

Stjórn Búnaðarfélags Íslands lagði málið fyrir búnaðarþing 1963, sem afgreiddi það með eftirfarandi ályktun:

„Ályktun:

Búnaðarþing mælir með samþykkt á tillögu til þingsályktunar um rannsókn á kali í túnum o. fl., er nú liggur fyrir Alþingi.

Jafnframt leggur búnaðarþing áherzlu á, að rannsóknum þessum verði hraðað, svo sem unnt er."

Virðingarfyllst,

Halldór Pálsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

ATVINNUDEILD HÁSKÓLANS
LANDBÚNAÐARDEILD

Reykjavík, 6. marz 1963.

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, alþingishúsinu,
Reykjavík.

Sem svar við beiðni háttvirtrar allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, dags. 25. febr., um álit atvinnudeildar háskólans á tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á kali í túnum o. fl. er meðfylgjandi álitsgerð.

Einnig fylgir bæklingur um kal í túnum 1954, Ársskýrsla um rannsóknir á nytjajurtum og erfðafræði 1958 og afrit af skýrslu til búnaðarmálastjóra um kalskemmdir á túnum í Suður-Þingeyjarsýslu sumarið 1962.

Virðingarfyllst,

Pétur Gunnarsson. Sturla Friðriksson.

Álitsgerð til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis um rannsóknir á kali í túnum o. fl.

Það er álit atvinnudeildar háskólans, að nauðsynlegt sé að leggja aukna áherzlu á rannsóknir kals í túnum.

Kal veldur árlega miklu tjóni á túnum um land allt og jafnvel milljónatjóni eftir einstaka harða vetur, svo sem 1951, 1952 og 1962.

Nokkrar rannsóknir og athuganir á kalskemmdum hafa verið gerðar á undanförnum árum á vegum atvinnudeildar háskólans, svo sem skýrt er frá í skýrslu atvinnudeildarinnar um kal 1954. Er þar meðal annars lagt til, að nýræktarflög séu kýfð, til þess að yfirborðsvatn fái auðveldlega afrennsli af sléttum, en frjósi ekki og valdi kalskemmdum. Þessi meðferð nýræktarlands hefur komið að góðum notum sem vörn gegn kali, þar sem unnt var að beita þeirri tækni. Einnig kom í ljós við fyrri rannsóknir, að grastegundir, sem notaðar höfðu verið í fræblöndur, voru misþolnar og íslenzkt gras að öðru jöfnu þolnara en erlent.

Á þeim forsendum var breytt um grasfræblöndur og hafinn undirbúningur að ræktun íslenzkra grasstofna.

Í ársskýrslu um rannsóknir á nytjajurtum og erfðafræði 1958 er þess getið, að erfitt sé að ákvarða frostþolseiginleika grastegunda og stofna þeirra á tilraunastöðum, því að ekki viðri þannig árlega, að þar sé kals að vænta. Er talið mjög æskilegt, að fengin væru frystitæki til þess að framkalla kal, svo að unnt væri að meta frostþolshæfni hinna einstöku grastegunda og stofna, sem nota skal til undaneldis.

Nú er í ræktun á Korpúlfsstöðum safn einstaklinga af ýmsum íslenzkum grastegundum. Hefur uppskera þeirra og ýmsir aðrir eiginleikar verið bornir saman innbyrðis og við erlenda stofna.

Þol þeirra hefur að vísu aðeins verið metið, eftir að venjuleg vetrarveðrátta á ræktunarstöðunum hefur mismunað einstaklingum.

Þrátt fyrir, að annað betra mat hafi ekki fengizt, væri mjög æskilegt, að lögð væri áherzla á að rækta þessa harðgerðu stofna til undaneldis. Með því væri stigið þýðingarmikið skref í baráttunni gegn kali. Stofnfræi var fyrst sáð á Geitasandi á Rangárvöllum, en fræuppskeran brást. Vorið 1962 var stofnum plantað út og fræi sáð að Þverholti á Mýrum í uppþurrkaðan mýrajarðveg, og er þess vænzt, að þar náist betri árangur með frærækt. Auk þess hefur fræ verið sent út til tilrauna- og frærækturnarstöðvar í Danmörku til framræktunar.

Ræktun á nægu fræi til sölu mun enn taka nokkur ár. Á meðan beðið er eftir því, mætti safna innlendu snarrótarfræi, língresi og túnvingli af villtu landi og

nota til sáningar í þær spildur, sem sérstaklega er kalhætt, og þá einkum norðanlands. Söfnun á villtu fræi er allauðveld með notkun sláttutætara. Villtu fræi hefur verið safnað þannig á undanförnum árum á vegum atvinnudeildarinnar og verið notað til uppgræðslutilrauna. Mundi atvinnudeildin góðfúslega beita sér fyrir frekari söfnun, væri veittur til þess fjárhagslegur styrkur. Víða eru til stórar lendur af samfelldri snarrót, sem bændur annars slá til heyöflunar, en mætti taka á leigu og nota til fræsöfnunar.

Að vísu má búast við, að minni uppskera fáist af túnum af þessu fræi, borið saman við nýræktir af kynbættum grösum, en snarrótin er það harðgerðasta, sem við eigum nú völ á af grösum, og hæfust til þess að sporna við kali.

Búnaðardeild hefur völ á sérfræðingi til þess að standa fyrir nauðsynlegum rannsóknum og framkvæmdum, en mjög væri æskilegt, að greiddur væri styrkur úr ríkissjóði til þess að standa undir kostnaði af öðrum vinnulaunum, leigu á landi til fræsöfnunar, ferðakostnaði þeirra og tækjakaupum þessu samfara.

Virðingarfyllst,

Sturla Friðriksson.

Fylgiskjal III.

STÉTTARSAMBAND BÆNDA

Reykjavík, 26. febrúar 1963.

Höfum í dag móttekið bréf yðar, dags. 25. þ. m. Stjórn Stéttarsambands bænda mælir eindregið með því, að Alþingi samþykki tillögu til þingsályktunar á þingskjali 123 um rannsókn á kali í túnum o. fl.

Stéttarsambandið lítur svo á, að þó að þetta mál verði rannsakað eins og um getur í nefndri þingsályktunartillögu, þá sé ekki öruggt, að ráð finnist, sem dragi úr eða útiloki kalið, heldur teljum við líklegra til árangurs, að tilraunastöðvarnar í jarðrækt gerðu ræktunartilraunir til að leita að þeirri ræktunaraðferð, s. s. varðandi jarðvinnslu, grastegundir og meðferð landsins, sem bezt stæðist gegn kalinu.

Við leyfum okkur því hér með að fara þess á leit við háttvirt Alþingi, að það bæti ákvæðum þar að lútandi inn í nefnda þingsályktun.

Virðingarfyllst,

f. h. Stéttarsambands bænda,

Sæmundur Friðriksson. Kristján Karlsson.

Til allsherjarnefndar sameinaðs Alþingis, Reykjavík.

Nd. 584. Breytingartillaga [204. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá menntamálanefnd.

Við 10. gr.

1. Í 2. lið komi: cand. mag.-prófi — í stað „meistaraprófi“.
2. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:

Yfirbókaverðir við bæjar- og héraðsbókasöfn geta þeir einir orðið, sem uppfylla 1. eða 2. fyrrtalinna skilyrða eða annað tveggja eru yfirbókaverðir við gildistöku laganna eða hafa þá haft bókavörzlu sem aðalstarf í 3 ár.

Nd. **585. Nefndarálit** **[139. mál]**

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd athugaði þetta frv., en samkomulag varð ekki um afgreiðslu þess. Meiri hluti nefndarinnar er því meðmæltur. En undirritaður telur ekki ástæðu til að veita þá lánsheimild, sem farið er fram á í frv., a. m. k. ekki að svo stöddu, og leggur á móti því, að frumvarpið verði samþykkt.

Greiðslur ríkissjóðs vegna ríkisábyrgða hafa aukizt gífurlega á síðustu 2—3 árum. Undanfarin 7 ár hafa þær greiðslur verið sem hér segir:

1956	kr.	18 313 367.08
1957	—	21 211 623.83
1958	—	23 852 172.70
1959	—	28 933 896.59
1960	—	49 884 015.61
1961	—	75 518 556.64
1962	—	113 323 771.24

Skýrslur sýna m. a., að síðan 1960 hafa greiðslur ríkisins vegna ábyrgða á lánum hraðfrystihúsa og annarra fiskvinnslustöðva aukizt stórkostlega, og tala þeirra fyrirtækja, sem reka þá starfsemi, en hafa ekki getað staðið í skilum með greiðslur af lánunum, hefur margfaldazt. Fiskafli hefur aukizt mjög síðustu árin, og starfsemi fiskvinnslustöðvanna vaxið að sama skapi. Hefði því mátt vænta þess, að rekstrarafkoma þeirra fyrirtækja hefði verið þannig, að þau gætu staðið í skilum með greiðslur af stofnlánum ekki síður en áður. En stórauknar greiðslur ríkisins af þeim lánum benda til þess, að hagur fyrirtækjanna sé nú þrengri en áður. Vaxtahækkunin og fleiri efnahagsráðstafanir á síðustu árum hafa orðið þeim þungbærar.

Á árunum 1959—1960 tók ríkið á sig ábyrgð á útlendum lánum til kaupa á 5 nýjum togurum, að upphæð samtals um 17.6 millj. þýzkra marka. Vegna þessara ábyrgða hefur ríkið orðið að greiða stórar fjárhæðir síðustu 2 árin. Árin 1962 námu þær greiðslur yfir 30 millj. króna. Um síðustu áramót voru ógreiddar eftirstöðvar af þessum ríkisábyrgðalánum tæpar 15 millj. þýzkra marka, eða um það bil 162 millj. króna.

Fjárhagsnefnd fékk eftirfarandi upplýsingar frá ríkisbókhaldinu um tekjur og gjöld ríkisábyrgðasjóðsins.

Árið 1961.

Tekjur:

Af verðhækkunartekjum vegna gengisbreytingar	kr.	75 413 406.91
Ríkisábyrgðagjald	—	1 081 137.67
Vaxtatekjur	—	389 690.30
	Kr.	76 884 234.88

Gjöld:

Greiddar ábyrgðakröfur ÷ innborganir	kr.	71 259 356.54
Tekjuafgangur	—	5 624 878.34
	Kr.	76 884 234.88

Árið 1962.

Tekjur:

Ríkisábyrgðagjald	kr.	1 755 599.50
Af verðhækkunartekjum vegna gengisbreytingar	—	23 665 493.85
Fjárveiting 1962	—	38 000 000.00
Tekjuhalli	—	44 698 653.95
	Kr.	108 119 747.30

Gjöld:

Greiddar ábyrgðakröfur ÷ innborganir	kr.	108 119 747.30

Hér kemur fram, að síðustu 2 árin hefur orðið halli hjá sjóðnum, að upphæð kr. 39073775.61. Þessa fjárhæð þarf ríkissjóður að greiða af tekjum ársins 1962 umfram áætlaða fjárveitingu til greiðslu á ríkisábyrgðum á fjárlögum fyrir það ár.

Í framsöguræðu í neðri deild 29. f. m. um þetta frv. lét fjármálaráðherra þess getið, að framlagið til ríkisábyrgðasjóðsins á fjárlögum væri áætlunarupphæð. Af því leiðir, að ríkissjóður leggur ekki fram meira fé en ábyrgðagreiðslunum nemur ár hvert, þó að áætlað framlag á fjárlögum sé hærra. Ef hins vegar áfallnar ríkisábyrgðir eða fjárþörf ríkisábyrgðasjóðs verður eitthvert árið meiri en fjárlagaupphæðinni nemur, verður að mæta því með umframgreiðslu úr ríkissjóði.

Því miður eru horfur á, að allmiklar ábyrgðakröfur muni falla á ríkissjóð á næstu árum. Og það verður að teljast mjög óhyggilegt að velta þeim byrðum yfir á framtíðina. Hitt er skynsamlegra, að borga kröfurnar úr ríkissjóði á því ári, sem þær falla í gjalddaga, eins og ætíð hefur verið gert á liðnum árum.

Í fjárhagsnefndinni var óskað upplýsinga um afkomu ríkissjóðs árið 1962. Þau svör fengust, að ríkisbókhaldið hefði ekki lokið ríkisreikningi fyrir það ár. Aðrar upplýsingar fékk nefndin ekki, og liggur því ekki fyrir, hvernig útkoman hefur orðið af ríkisrekstrinum árið sem leið. En þar sem kunnugt er, að ríkistekjurnar voru mjög miklar á því ári, verður að óreyndu að gera ráð fyrir, að þær hafi hrokkið fyrir gjöldunum, svo að ríkissjóður hafi getað borgað það, sem honum bar, þar á meðal ríkisábyrgðakröfurnar, þó að þær færu fram úr áætlun fjárlaganna. Minni hl. nefndarinnar telur því aðeins koma til álita að taka lán til greiðslu á rekstrargjöldum ríkisins, að greiðsluhalli sé hjá ríkissjóði.

Engar spár skulu hér uppi hafðar um væntanlega afkomu ríkissjóðs á árinu 1963, en engin ástæða virðist til að veita heimild til lántöku vegna greiðslu á rekstrargjöldum ríkisins á því ári, svo skömmu eftir að fjárlög voru afgreidd. Ef það kemur í ljós, þegar líður að lokum ársins, að greiðsluhalli muni verða hjá ríkissjóði, er hægt að taka slíkt lántökumál upp á Alþingi.

Það er tillaga minni hlutans, að frumvarp þetta verði fellt.

Alþingi, 8. apríl 1963.

Skúli Guðmundsson.

Nd. 586. Nefndarálit [78. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 1960, um efnahagsmál.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur haft frumv. til athugunar, en ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess.

Meiri hl., undirritaðir nefndarmenn, leggur til, að frumv. verði fellt, en minni hl., þeir SkG og LJós, skilar séráliti.

Efni frumv. er það, að landbúnaðarbifreiðar (jeppar) og bifreiðar til annarra tiltekinna nota verði undanþegnar innflutningsgjaldi.

Ef frumv. yrði samþykkt, yrði verð bifreiða sömu tegundar mjög mishátt eftir því, til hvers þær væru notaðar.

Samkv. frumv. því að nýrri tollskrá, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir þetta þing, er gert ráð fyrir, að verðtollur af fólksbifreiðum verði 90%, en aðeins 40% af jeppum. Ef innflutningsgjald af jeppum yrði auk þess fellt niður, mundi verða óhóflegur verðmismunur á þessum bifreiðum, án tillits til þess, hvort jepparnir væru notaðir til landbúnaðarstarfa eða sem einkabifreiðar.

Augljóst er, að þetta mundi stórauka innflutning jeppa til einkanota og gera mönnum á þann hátt auðvelt að komast hjá því að greiða þau aðflutningsgjöld af einkabifreiðum, sem til er ætlazt. Einnig mundu mishá aðflutningsgjöld af bifreiðum sömu tegundar eftir notkun þeirra verða erfið í framkvæmd. Má í því sambandi minna á það vandamál, sem skapazt hefur í framkvæmd undanfarin ár við tollun á varahlutum í bifreiðar, bátavélar og landbúnaðarvélar. Stafar þetta af því, að ýmsir varahlutir eru jöfnum höndum notaðir í allar þessar tegundir véla, en aðflutningsgjöld verið 21—77% eftir tilætlaðri notkun þeirra. M. a. af þessari ástæðu er gert ráð fyrir því í frumv. því að nýrri tollskrá, sem ríkisstj. hefur lagt fyrir Alþingi, að flutningsgjöld af bifreiðavarahlutum lækki úr 77% í 35%, til þess að koma í veg fyrir misnotkun og misrétti.

Meiri hl. fjárhagsnefndar vill einnig benda á, að með hinni nýju tollskrá er gert ráð fyrir, að tollur á hjóladráttarvélum lækki úr 35% í 10% og að tollur á flestum öðrum landbúnaðarvélum og tækjum, svo sem plógum, herfum, áburðardreifurum, mjaltavélum, sláttuvélum, rakstrar- og snúningsvélum o. fl., lækki um helming. Tæki þessi eru eingöngu notuð til landbúnaðarstarfa, og verður því að telja lækkun á aðflutningsgjöldum þeirra beinni stuðning við vélvæðingu landbúnaðarins en lækkun á aðflutningsgjöldum jeppa.

Með hliðsjón af ofanrituðu leggur meiri hl. til, að frumv. verði felld.

Alþingi, 8. apríl 1963.

Birgir Kjaran, form.	Sigurður Ingimundarson, fundaskr., frsm.	Jóhann Hafstein.

Ed. 587. Nefndarálit [49. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili.

Frá meiri hl. menntamálanefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. PÞ mun skila séráliti, en FRV var fjarverandi, þegar afstaða var tekin til frv. í nefndinni.

Meiri hl. n. getur ekki mælt með samþykkt frv. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að félagsheimilasjóð skortir milljónatugi til þess að geta staðið undir skuldbindingum sínum. Meðan svo stendur, virðist óeðlilegt að hækka hlutfall framlaga til einstakra framkvæmda.

Nú mun vera í undirbúningi ný löggjöf um skemmtanaskatt, sem m. a. er ætlað að sjá félagsheimilasjóði fyrir auknum tekjum. Má búast við, að um leið þurfi að endurskoða félagsheimilalögin.

Að þessu athuguðu leggur meiri hl. n. til, að frv. verði **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 8. apríl 1963.

Auður Auðuns, form., frsm.	Ólafur Björnsson, fundaskr.	Friðjón Skarphéðinsson.

Nd. 588. Nefndarálit [147. mál]

um frv. til laga um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

Nefndarmenn eru sammála um að mæla með samþykkt frv., en áskilja sér rétt til að styðja breytingartillögur, sem fram kunna að koma, eða flytja breytingartillögur við það.

Alþingi, 8. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Alfreð Gíslason, frsm.

Björn Fr. Björnsson. Einar Olgeirsson.

Nd. 589. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 13. gr. Við greinina bætist ný málsgrein, þannig:
   Bókasöfn, sem rekin eru af lestrarfélögum eða öðrum félagssamtökum, skulu því aðeins njóta framlaga frá ríkissjóði og sveitarsjóðum samkv. lögum þessum, að félögin séu opin öllum íbúum sveitarfélagsins.
2. Við 32. gr. Við 1. málsgr. bætist nýr málsliður, þannig: Einnig samrit af íbúaskrá Hagstofunnar fyrir bæinn eða héraðið og afrit af skýrslum sóknarpresta til Hagstofunnar, sem um getur í 2. tölul. 4. gr. laga nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Nd. 590. Frumvarp til laga [205. mál]

um Kennaraskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 412 með þessum breytingum:

2. gr. hljóðar svo:
Í skólanum starfa þessar deildir:
1. **Almenn kennaradeild,** fjögurra ára nám, sem endar með almennu kennaraprófi og veitir kennararéttindi í barna- og unglingaskólum landsins samkvæmt nánari ákvörðun í reglugerð.
2. **Kennaradeild stúdenta,** þar sem námi lýkur með almennu kennaraprófi. Nemendur í þeirri deild skulu ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í uppeldisgreinum, svo og í þeim greinum kennaranámsins öðrum, sem ekki eru kenndar til almenns stúdentsprófs.
3. **Menntadeild,** er taki til starfa eigi síðar en fjórum árum eftir gildistöku laga þessara. Lokapróf úr menntadeild er stúdentspróf, og veitir það réttindi til inngöngu í háskóla með þeim takmörkunum, sem sett eru í lögum hans og reglu-

gerð. Námskröfur til stúdentsprófs frá Kennaraskóla Íslands skulu sambærilegar kröfum til stúdentsprófs menntaskólanna, þó þannig, að heimilt er að láta próf í uppeldis- og kennslufræðum frá almennu kennaradeildinni gilda til stúdentsprófs og fella þá niður, innan takmarka, sem ákveðin eru í reglugerð, annað námsefni sem því svarar, á svipaðan hátt og gert er um sérgreinar í mála- og stærðfræðideildum menntaskólanna.

4. **Framhaldsdeild,** er veiti nemendum kost á framhaldsmenntun með nokkru kjörfrelsi. Skulu þeir þá stunda nám í eigi færri greinum en þrem, og sé ein þeirra aðalgrein. Sett skulu ákvæði um próf að afloknu þessu framhaldsnámi. Heimilt er starfandi kennurum að leggja stund á einstakar greinar þess framhaldsnáms, sem efnt verður til samkvæmt þessum ákvæðum, eftir frjálsu vali, og ljúka í þeim tilskildum prófum.

5. **Undirbúningsdeild sérnáms,** tveggja ára nám, sem býr nemendur undir kennaranám í sérgreinum, svo sem handavinnu, íþróttum, tónlist, teikningu, húsmæðrafræðslu, og önnur uppeldisstörf, hvort heldur sérnámið fer fram í Kennaraskólanum eða annars staðar.

6. **Handavinnudeild,** sem veitir sérmenntun í handavinnu karla og kvenna og sér nemendum fyrir æfingum í að kenna þær. Enn fremur sér hún nemendum í öðrum deildum Kennaraskólans fyrir kennslu í handavinnu og kennsluæfingum í þeirri grein. Námstími í handavinnudeild er tvö ár. Þeir, sem útskrifast úr deildinni, öðlast réttindi til að kenna handavinnu í barnaskólum og framhaldsskólum.

Þeim, sem stunda nám í undirbúningsdeild sérnáms, er skylt að ljúka sama námi og nemendur í almennu kennaradeildinni í 1—3 bóklegum greinum, enda öðlist þeir í þeim kennararéttindi, að því tilskildu, að þeir ljúki kennaraprófi í sérgrein.

Auk þessara sex deilda starfa í sambandi við Kennaraskólann, þegar svo er ákveðið, sérdeildir í framhaldi af undirbúningsdeild, sem veita, að loknu tveggja ára námi, réttindi til kennslu í sérgreinum í barnaskólum og framhaldsskólum.

Námstími í hverri deild skólans skal eigi vera skemmri en 8 mánuðir á ári.

Kennaraskólinn heldur námskeið fyrir starfandi kennara og aðra æskulýðsleiðtoga, þegar henta þykir og fé til þess er fyrir hendi.

4. gr. hljóðar svo:

Þessi eru almenn inntökuskilyrði í skólann:

1. að nemandi hafi engan næman kvilla eða sjúkdóm, sem öðrum geti að meini orðið,
2. að nemandi sé óspilltur að siðferði.

Lágmarksaldur til inntöku má ákveða í reglugerð.

5. gr. hljóðar svo:

Rétt til inngöngu í I. bekk hinnar almennu kennaradeildar veitir:

1. Landspróf miðskóla með þeirri lágmarkseinkunn, sem ákveðin er í reglugerð um miðskólapróf í bóknámsdeild.
2. Fullgilt gagnfræðapróf með lágmarkseinkunn í nokkrum aðalgreinum, sem reglugerð ákveður, enda gangi gagnfræðingar undir viðbótarpróf í einstökum greinum, ef þörf krefur, svo að tryggt sé, að þeir hafi lokið námi, sem samsvarar námi til landsprófs miðskóla.

Rétt til inngöngu í kennaradeild stúdenta veitir almennt stúdentspróf.

Rétt til inngöngu í menntadeild og framhaldsdeild eiga þeir, sem lokið hafa almennu kennaraprófi með fyrstu einkunn 1967 eða síðar. Heimila má þeim, sem lokið hafa slíku prófi fyrir þann tíma, inngöngu í deildina, en vilji þeir þreyta stúdentspróf, skulu þeir ljúka viðbótarprófi, sem nánar verður kveðið á um í reglugerð.

Rétt til inngöngu í undirbúningsdeild sérnáms veitir landspróf miðskóla, gagnfræðapróf eða önnur hliðstæð próf með þeirri einkunn, sem stjórn skólans metur gilda, enda sé nám og prófkröfur fullnægjandi að dómi skólans. Við inntöku skal hafa hliðsjón af sérhæfileikum til þess starfs, sem umsækjandi ætlar að búa sig undir.

Rétt til inngöngu í handavinnudeild eiga þeir, sem lokið hafa námi í undirbúningsdeild sérnáms í Kennaraskólanum, stúdentsprófi eða almennu kennaraprófi.

Heimilt er skólanum að úrskurða um inntöku nemenda í allar deildir með hliðsjón af hæfnisprófi og öðrum matsaðferðum, en fullnægja skulu þeir þó inntökuskilyrðum þessarar greinar. Ákveða má í reglugerð lágmarkseinkunn í íslenzku og fleiri greinum.

Ed. 591. Frumvarp til laga [172. mál]

um byggingarsjóð aldraðs fólks.

(Eftir 3. umr. í Nd., 8. apríl.)

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist Byggingarsjóður aldraðs fólks.

2. gr.

Hlutverk sjóðsins er að stuðla með lánveitingum að því, að byggðar verði hentugar íbúðir fyrir aldrað fólk.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Ágóði af happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna, samkvæmt ákvæðum þar um í lögum um happdrættið.
2. Frjáls framlög eða aðrar tekjur, sem til kunna að falla.
3. Vaxtatekjur.

4. gr.

Fela skal Tryggingastofnun ríkisins stjórn sjóðsins og daglegan rekstur hans. Skal fulltrúi stjórnar happdrættis D.A.S. eiga tillögurétt um lánveitingar.

5. gr.

Lán úr sjóðnum má veita gegn öruggum tryggingum, sveitarfélögum eða aðilum, sem sveitarstjórnir mæla með og takast á hendur að reisa íbúðir handa öldruðu fólki. Lán til einstaklinga til kaupa á íbúðum fyrir sjálfa sig má þó aðeins veita skv. 6. gr.

6. gr.

Heimilt skal tryggingaráði að verja hluta af fé sjóðsins til þess að lána einstaklingum, 67 ára og eldri, til kaupa á litlum íbúðum, sem gerðar séu sérstaklega við hæfi aldraðs fólks. Skal þá vera sú kvöð á íbúðunum, að þær verði notaðar fyrir aldrað fólk, meðan lánin hvíla á þeim. Tryggingaráð skal setja um þetta sérstakar reglur, sem félagsmálaráðuneytið staðfestir.

7. gr.

Lán, sem veitt eru úr sjóðnum, mega nema allt að 50% af kostnaðarverði íbúðanna, og skulu þau tryggð með veði í íbúðunum. Heimilt er að veita lánin á eftir eða samhliða veðlánum annars staðar frá, er nemi allt að 35% af kostnaðarverði íbúðanna.

8. gr.

Lán skv. 5. gr. má því aðeins veita:

a. að fyrir liggi teikningar af fyrirhuguðum byggingum, sem ráðherra hefur samþykkt,
b. að umsækjandi sýni fram á, að hann hafi tryggt sér nægilegt fjármagn til byggingarinnar annars staðar frá.

9. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um lánstíma og lánskjör.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. 592. Frumvarp til laga [173. mál]

um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Eftir 3. umr. í Nd., 8. apríl.)

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Heimild þessi gildir til ársloka 1974.

Ágóði happdrættisins skal renna í byggingarsjóð aldraðs fólks. 60% ágóðans skal þó varið til byggingar dvalarheimilis aldraðra sjómanna. Heimilt skal þó stjórn dvalarheimilis aldraðra sjómanna að veita styrk eða lán til annarra dvalarheimila aldraðs fólks.

2. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins og afhendingu fjárins til byggingarsjóðsins.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Nd. 593. Lög [178. mál]

um breyting á lögum nr. 10/1952, um heimilishjálp í viðlögum.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 327.

Nd. 594. Lög [156. mál]

um bændaskóla.

(Afgreidd frá Nd. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 468.

Nd. 595. Breytingartillaga [217. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

Frá Birgi Kjaran.

Við 1. gr. Í stað „lögum nr. 14 4. apríl 1954“ í 1. mgr. gr. komi: lögum nr. 14 4. apríl 1955, lögum nr. 26 24. apríl 1957.

Nd. 596. Frumvarp til laga [217. mál]

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Eftir 2. umr. í Nd., 8. apríl.)

1. gr.

Við a-lið 1. gr., svo sem hann er orðaður með lögum nr. 14 4. apríl 1955, lögum nr. 26 24. apríl 1957 og lögum nr. 74 3. des. 1960, bætist svofelldur málsliður:

Enn fremur er heimilt að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, er tengist við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkv. ákvæðum þessa töluliðs.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist þessi málsliður:

Ráðuneytinu er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Eftir að lög þessi hafa öðlazt gildi, skal gefa lög nr. 44 19. júní 1933, ásamt breytingum, út að nýju.

Ed. 597. Nefndarálit [222. mál]

um frv. til l. um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur einróma til, að það verði samþ. óbreytt. Einn nm. (BjörnJ) var fjarstaddur, er frv. var afgreitt.

Alþingi, 8. apríl 1963.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Magnús Jónsson.
Karl Kristjánsson.

Ed. 598. Breytingartillögur [227. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

1. Við 1. gr. Nr. 84.11.00 skiptist í tvö nr., svo hljóðandi:
   84.11.01 Heyblásarar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins 10%
   84.11.09 Annað 35%
2. Við 28. tölulið 3. gr. bætist eftirfarandi:
   Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 500 000.00.
3. Töluliður 33 í 3. gr. orðist svo:
   Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af lyfjum, sem teljast til nr. 30.05.00 og til númera í 13., 28. og 29. kafla tollskrárinnar, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með lyfjum þeim, er hér um ræðir.

Ed. 599. Frumvarp til laga [227. mál]

um tollskrá o. fl.

(Eftir 2. umr. í Ed., 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 470 með þessum breytingum:

Eftirfarandi tollskrárnúmer í 1. gr. hljóða svo:

06.02	09	Annað	40%
09.02	00	**Te**	50%
09.03	00	**Maté**	50%
12.03	09	Annað	20%
13.03	02	Lakkrísextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakt á 3 lítra ílátum eða stærri	40%
15.07	83	*Jarðhnetuolía*	30%
	89	*Kókosolía*	30%
	91	*Pálmakjarnaolía*	30%
15.12	01	Úr jurtaríkinu	30%
17.01	25	Púðursykur	0
20.07	02	Óáfeng vín, samkvæmt nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
39.01	06	Límbönd (tape)	35%
39.02	06	Límbönd	35%
39.03	26	Límbönd	35%
39.05	03	Límbönd	35%
48.07	25	Límbönd	30%
48.16	02	Pappírspokar margfaldir til umbúða, að flatarmáli 0,2 m² og þar yfir útflattir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%

84.11		**Loftdælur, undirþrýstingsdælur, loft- og gasþjöppur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur, hreyfilþjöppur, hverfilþjöppur og lausabulluþjöppur fyrir gashverfla), rellur, blásarar og annað þess háttar:**	
	01	Heyblásarar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	09	Annað	35%
84.23	04	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
84.61	02	Blöndunartæki, samsett og ósamsett, og lausir hlutar til þeirra	60%
	09	Annað	35%
87.05	01	Fyrir dráttarvélar, sem teljast til nr. 87.01.11	10%
	02	Fyrir dráttarvélar, sem teljast til nr. 87.01.19 og 87.01.20	25%
	03	Fyrir sjúkra-, slökkvi- og snjóbifreiðar og fyrir snjóplóga	15%
	04	Fyrir vörubifreiðar, fyrir bifreiðar í jeppaflokki (í nr. 87.02.37) og almenningsbifreiðar	40%
88.02	01	Flugvélar og sviffugur	0

3 gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

1. Að fella niður gjöld af vöru, sem send er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda greiði hlutaðeigandi kostnað tollgæzlunnar af eftirliti með henni, geymslu hennar og flutningi og ákvæði laga nr. 47 11. júní 1960 um tollvörugeymslur eigi ekki við um framhaldsflutninginn, sbr. einkum IV. kafla laganna.
2. Að fella niður gjöld af vöru, sem hefur eyðilagzt, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við geymslu í vörzlum tollgæzlunnar eða farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna, og vörunni sé fleygt undir tolleftirliti.
3. Að heimila — gegn fjártryggingu um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning á vörum, sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, og með sömu skilyrðum innflutning á vélum, tækjum og öðrum áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
4. Að heimila — með eða án fjártryggingar um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru því líku, sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.
5. Að lækka eða fella niður gjöld af vöru, sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
6. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tolllækkunarákvæði í milliríkjasamningum.
7. Að lækka eða fella niður gjöld af heimanfylgju brúða, sem flytjast hingað frá útlöndum og hafa haft þar fasta búsetu minnst 2 ár fyrir brúðkaupið, og enn fremur af venjulegum brúðargjöfum.
8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum, sem hafa fallið í arf erlendis.

   Heimildin tekur ekki til bifreiða, bifhjóla eða báta.
9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum, sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarfyrirtæki eða aðrar stofnanir eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílíkra, svo og af notuðum munum til slíkra aðila. Enn fremur af gjöfum, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 500.00 kr. virði að mati tollyfirvalds.

10. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, er ferðamenn, sem hafa fasta búsetu erlendis og ekki reka hér atvinnufyrirtæki og ekki hafa hér heimilisfang eða eiginlega launaða atvinnu, flytja hingað til að nota hér um skamman tíma, ef þessum skilyrðum er fullnægt:
    a. Hlutaðeigandi ferðamenn aki sjálfir ökutækjum þessum, eða launaðir ökumenn þeirra, útlendir eða innlendir.
    b. Ökutækin séu ekki lánuð, leigð eða notuð til neins konar flutninga fyrir borgun.
    c. Ferðamennirnir hafi ökutækin með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað. Þó verða ökutækin í öllum tilfellum að vera flutt út innan árs, frá því að þau voru flutt hingað til lands.
    d. Ferðamennirnir hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þessi ökutæki og eftirlit með þeim.

    Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka ökutækin þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja farartækin á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði, eða hlutast til um endurútflutning þeirra á kostnað innflytjanda.
11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim
    a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
    b. af umbúðum og efnum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur,

    enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar og hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð efnivaranna.

    Ef hentara þykir, má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur, sem svari sem næst til þeirra gjalda, sem greidd hafa verið af efnivörunum eða þess hluta gjaldanna, sem rétt þykir að endurgreiða.

    Til efnivara í þessum tölulið telst lýsi, sem flutt er inn til að bæta íslenzkt útflutningslýsi.
12. Að lækka gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni, og verðmæti efnivörunnar er verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðarvörunnar.
13. Ef vara úr tilteknu efni er með hærra gjaldi en sams konar vara úr öðru efni, að samræma gjöldin af vörunum. Allar slíkar ákvarðanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.
14. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum og efnivörum, sem Áburðarverksmiðjan h.f. flytur inn til framleiðslu sinnar.
15. Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum, sem eru eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim, enda ekki gerðir hér á landi á viðhlítandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins. Undanþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.
16. Að fella niður gjöld af hylkjum utan um gas- og lofttegundir, ef hylkin eru lánuð eða leigð hingað til lands.
17. Að fella niður gjöld af sýrum til votheysgerðar og efnum til fiturannsókna á mjólk.
18. Að lækka gjöld af filmum til ljósprentunar til samræmis við gjöld af prentletri.
19. Að fella niður gjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum vísinda- og fræðslustofnunum.
20. Að fella niður gjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar prenta vestanhafs og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslenzku, þar á meðal ritum, sem hafa menningarlegt gildi og gefin eru út í samvinnu við erlenda aðila,

21. Að lækka um allt að helming gjöld af garni úr ull, baðmull og gerviefnum til dúkagerðar.
22. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á umbúðum um vörur, sem fluttar eru úr landi.
23. Að fella niður gjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að, svo og af myndamótum, sem eru lánuð hingað til lands og endursend eru að notkun lokinni.
24. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
25. Að heimila, að gjöld af tækjum, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, séu reiknuð af leigunni eftir tækin í stað venjulegs tollverðs.
26. Að umreikna gjöld af skýrsluvélum, sem teljast til nr. 84.52 og 84.53, til gjalda, er nemi ákveðnum hundraðshluta af leiguupphæð véla, miðað við eðlilegan endingartíma þeirra og hæfilega vexti af tollfjárhæð samkvæmt tollskrá.

    Heimild þessi tekur aðeins til skýrsluvéla, sem teknar eru á leigu með að minnsta kosti 50 000 kr. ársleigu hver um sig. Fjármálaráðuneytið getur bundið undanþágu þessa hverju því skilyrði, sem henta þykir, þar á meðal ákveðið, að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar skuli annast innheimtu tollgjalds þessa og skila andvirði þess til tollstjóra.
27. Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 40 þús. kr.

    Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenzkra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

    Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk aðflutningsgjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi.

    Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf.
28. Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 500 000.00.
29. Að lækka í 30% gjöld af hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.
30. Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur.

    Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.
31. Að lækka um allt að helmingi gjöld af efni í rafmagnsspenna.
32. Að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél, er vöruna flytur hingað.
33. Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af lyfjum samkvæmt sérstakri skrá, sem falla undir 13., 28. og 29. kafla tollskrárinnar, en verða ekki heimfærð

undir tollnúmer 30.03 vegna þess, að þau eru ekki umbúin eða meðfarin á þann hátt, sem krafizt er í athugasemd 1. við 30. kafla.

34. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum, sem notaðar eru við vélpökkun á kornvörum og sykri, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.

40. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1963 og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Lög nr. 75 8. des. 1955, um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Lög nr. 27 29. maí 1957, um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Enn fremur 9.—11. og 22. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Sömuleiðis 2. töluliður 1. gr. I. kafla laga nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, svo og III. kafli sömu laga. Þá falla úr gildi 4. og 5. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Eftir gildistöku laga þessara skal gjald það, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, lækka í ½% og greiðist af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá.

Á sama hátt og með sama hundraðshluta skal greiða gjald það til Byggingasjóðs ríkisins, sem innheimt hefur verið sem álag á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá, sbr. a-lið 4. töluliðs 3. málsgr. 3. gr. laga nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingasjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Greiða skal á árinu 1963 af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga það, sem á kann að vanta, að hluti sjóðsins af söluskatti samkvæmt 1. tölulið 1. gr. laga nr. 10 1960, um söluskatt, og a-lið bráðabirgðaákvæðis sömu laga, nái 104 milljónum króna á árinu 1963.

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vörur þegar í stað, og skal þá, ef aðflutningsgjöld hækka á vörunni samkvæmt lögum þessum, taka hin eldri og lægri tollgjöld af henni, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 daga frá gildistöku laganna.

Meðan endurskoðun á lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum fer fram, er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjald af vöru samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, sbr. 1. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, ef hann telur lækkun aðflutningsgjalda samkvæmt 1. gr. laga þessara hafa orðið þess valdandi, að varan beri eftir breytinguna of hátt framleiðslugjald miðað við aðflutningsgjald af sams konar vöru innfluttri.

Ed. 600. Breytingartillögur [227. mál]

við frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar (KK).

a. Við 84. kafla.

1. Við 84.06.22. (Dísilhreyflar, 200 hestöfl eða stærri).
   Í stað „10%“ kemur 4%
2. Við 84.15.20. (Kælitæki, ekki rafmagnsknúin).
   Í stað „80%“ kemur 60%

3. Við 84.15.30. (Kælitæki, rafmagnsknúin).
   Í stað „80%“ kemur 60%
4. Við 84.18.11. (Mjólkurskilvindur).
   Í stað „20%“ kemur 4%
5. Við 84.19.01. (Uppþvottavélar).
   Í stað „80%“ kemur 60%
6. Við 84.24.01. (Plógar).
   Í stað „10%“ kemur 4%
7. Við 84.24.02. (Herfi).
   Í stað „10%“ kemur 4%
8 Við 84.24.03. (Áburðardreifarar).
   Í stað „10%“ kemur 4%
9. Við 84.24.09. (Aðrar jarðræktarvélar).
   Í stað „10%“ kemur 4%
10. Við 84.25.02. (Sláttuvélar).
   Í stað „10%“ kemur 4%
11. Við 84.25.03. (Upptökuvélar fyrir kartöflur).
   Í stað „10%“ kemur 4%
12. Við 84.25.04. (Rakstrar- og snúningsvélar).
   Í stað „10%“ kemur 4%
13. Við 84.25.05. (Flokkunarvélar).
   Í stað „35%“ kemur 20%
14. Við 84.25.09. (Aðrar uppskeruvélar).
   Í stað „10%“ kemur 4%
15. Við 84.26.01. (Mjaltavélar).
   Í stað „10%“ kemur 4%
16. Við 84.26.02. (Mjólkurvinnsluvélar).
   Í stað „35%“ kemur 20%
17. Við 84.26.09. (Aðrar mjólkurbúsvélar).
   Í stað „35%“ kemur 20%
18. Við 84.28.00. (Aðrar landbúnaðarvélar).
   Í stað „35%“ kemur 20%
19. Við 84.37.01. (Prjónavélar).
   Í stað „35%“ kemur 20%
20. Við 84.40.12. (Strokvélar).
   Í stað „80%“ kemur 60%
21. Við 84.40.20. (Fataþvottavélar).
   Í stað „80%“ kemur 60%

b. Við 85. kafla.
1. Við 85.06.01. (Ryksugur).
   Í stað „80%“ kemur 60%
2. Við 85.06.02. (Hrærivélar).
   Í stað „80%“ kemur 60%
3. Við 85.06.03. (Aðrar rafknúnar eldhúsvélar).
   Í stað „80%“ kemur 60%
4. Við 85.06.09. (Önnur rafmagnsknúin búsáhöld).
   Í stað „80%“ kemur 60%
5. Við 85.12.01. (Rafmagnseldavélar).
   Í stað „80%“ kemur 60%
6. Við 85.12.02. (Rafmagnsofnar).
   Í stað „80%“ kemur 60%
7. Við 85.12.03. (Rafmagnshellur).
   Í stað „80%“ kemur 60%

8. Við 85.12.04. (Rafmagnsstrokjárn).
Í stað „80%“ kemur 60%

c. Við 87. kafla.
Við 87.01.11. (Almennar hjóladráttarvélar).
Í stað „10%“ kemur 4%

Nd. 601. Frumvarp til laga [89. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 109 með þessum breytingum:

1. gr. hljóðar svo:
Í lögum þessum merkir:
Gistiheimili: Þeir gististaðir, er selja gistingu og greiða í atvinnuskyni, en eru að einhverju eða öllu leyti í sambandi við heimili gestgjafa.
Gistihús (hótel): Gististaður af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té ákveðna þjónustu við gistingu og veitingasölu og hefur fyrirskipaðan búnað.
Gistiskáli: Staður, þar sem er aðstaða til gistingar, en takmörkuð þjónusta látin í té.
Gististaður: Samheiti um alla þá staði, þar sem seld er næturgisting.
Greiðasala: Sala á veitingum, rekin í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem látin er í té takmörkuð þjónusta.
Skemmtistaður: Veitingahús, þar sem seldar eru veitingar, en sem ekki er opið alla daga vikunnar.
Tækifærisveitingar: Veitingar, sem eru ekki látnar í té að staðaldri, heldur einungis við einstök tækifæri.
Veitingastofa: Veitingastaður, þar sem seldir eru heitir og kaldir drykkir, brauð og kökur, en ekki heitar máltíðir.
Veitingahús: Veitingastaður (restaurant) af tiltekinni stærð, útbúinn til að láta í té alla venjulega þjónustu við veitingasölu, hefur fyrirskipaðan búnað og er opinn alla daga vikunnar.
Veitingastaður: Samheiti um alla þá staði, þar sem seldar eru veitingar.

3. gr. hljóðar svo:
Enginn má gera sér veitingasölu né rekstur gististaða að atvinnu, nema hann hafi til þess leyfi lögreglustjóra.
Eigi má heldur án slíks leyfis selja fæði eða láta í té gistingu í skipum í höfn til farþega, sem komnir eru á ákvörðunarstað, eða annarra óviðkomandi.

11. gr. hljóðar svo:
Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 10. gr. eru:
1. Að húsakynni og búnaður sé í samræmi við reglur, sem ráðuneytið setur. Gistihús skulu ekki hafa færri en 20 rúm fyrir gesti.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi.
4. Að í gistihúsinu starfi að staðaldri við daglega stjórn maður, er fullnægir skilyrðum 12. gr.
5. Að tryggt sé að fullnægt verði ákvæðum 9. gr.

Leyfishafa er skylt að tilkynna lögreglustjóra og eftirlitsmanni samkvæmt VI. kafla laga þessara, hver sé forstöðumaður hverju sinni og hver af starfsmönnum gistihússins hafi sérþekkingu samkvæmt 12. gr.

Heimilt er lögreglustjóra að veita undanþágu frá skilyrði 4. töluliðs, sé maður með sérþekkingu samkvæmt 12. gr. ekki fáanlegur til starfans eða líkur séu til þess, að gistihúsið beri ekki kostnað af að hafa slíkan mann í þjónustu sinni.

15. gr. hljóðar svo:

Veitingaleyfi veita réttindi til veitingastarfsemi og eru þessi:

1. Leyfi fyrir veitingahús, er veitir rétt til allrar veitingasölu, sem stunduð er að jafnaði alla daga vikunnar fyrir allar máltíðir. Veitingahús skulu eigi hafa færri en 30 sæti.
2. Leyfi fyrir skemmtistað, er veitir rétt til veitingasölu, sem þó er ekki stunduð alla daga vikunnar.
3. Leyfi fyrir veitingastofu, er veitir rétt til sölu á heitum og köldum drykkjum, brauði og kökum, en ekki á heitum máltíðum.
4. Leyfi til greiðasölu veitir rétt til sölu veitinga í atvinnuskyni í sambandi við heimili gestgjafa eða í veitingastofu, þar sem aðeins er látin í té takmörkuð þjónusta.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um flokka veitingaleyfa og gististaðaleyfa og þær kröfur, sem gerðar eru til hvers um sig. Leyfi skal gefa út á nafn þess aðila, sem ber fjárhagslega ábyrgð á starfseminni (eiganda).

Nú er forstöðumaður veitingastaðar ekki eigandi starfseminnar né ber á henni fjárhagslega ábyrgð og er þá heimilt að gefa út veitingaleyfi á hans nafn, með samþykki þeirra, sem bera fjárhagslega ábyrgð á starfseminni.

Leyfi heimilar eingöngu rekstur í þeim húsakynnum, sem til er tekið í leyfinu.

16. gr. hljóðar svo:

Skilyrði fyrir veitingu leyfis samkvæmt 15. gr. eru eftirfarandi:

1. Að húsakynni og húsbúnaður fullnægi þeim skilyrðum, sem ráðuneytið setur með reglugerð.
2. Að umsækjandi fullnægi skilyrðum 4. gr. laga þessara.
3. Að ekki þyki af sérstökum ástæðum óheppilegt að fyrirtækið starfi, að dómi hlutaðeigandi sveitarstjórnar. Nú rís ágreiningur milli lögreglustjóra og sveitarstjórnar, og sker þá ráðherra úr.

Lögreglustjóra er heimilt, að fengnum tillögum eftirlitsmanna, að krefjast þess, að í veitingahúsum og á skemmtistöðum starfi að staðaldri matreiðslumaður með iðnréttindi í matreiðslu eða sambærilega menntun, ef um er að ræða starfsemi, sem líkur eru til, að beri slíkan kostnað.

17. gr. hljóðar svo:

Matstofur á vinnustöðum, sem ætlaðar eru til matseldar að staðaldri fyrir 30 manns eða fleiri, skulu háðar eftirliti samkvæmt lögum þessum og skulu uppfylla sömu kröfur um hreinlæti og eftir atvikum vinnuaðstöðu sem gerðar eru til veitingahúsa af svipaðri stærð.

22. gr. hljóðar svo:

Gjalda skal í ríkissjóð fyrir:

1.	Gistihúsleyfi, veitingahúsleyfi, leyfi fyrir skemmtistað	kr. 3000.00
2.	Gistiskálaleyfi, veitingastofuleyfi	— 1500.00
3.	Leyfi fyrir gistiheimili, greiðasöluleyfi	— 1000.00
4.	Leyfi til tækifærisveitinga og bráðabirgðaleyfi samkv. 24. gr.	— 150.00
5.	Gjald fyrir endurnýjun leyfis	— 150.00

Þeir aðilar, sem hafa öðlazt veitingaleyfi samkvæmt ákvæðum laga um veitingasölu, gistihúsahald o. fl., nr. 21 15. júní 1926, skulu aðeins greiða endurnýjunargjald af fyrsta leyfi, sem þeir kunna að fá útgefið samkvæmt lögum þessum.

Nú er starfsemi flutt í ný húsakynni og þarf af þeim orsökum að gefa út nýtt leyfi, og skal þá greiða jafnhátt gjald og við venjulega endurnýjun leyfis, enda sé starfsemin á hinum nýja stað sams konar og á hinum fyrri.

Nú rekur leyfishafi fleiri en einn gisti- eða veitingastað, og skal þá greiðast gjald fyrir hvern þeirra.

Leyfið skal endurnýja á fjögurra ára fresti gegn gjaldi samkv. 5. tl. þessarar greinar. Gjaldið skal greitt lögreglustjóra fyrir lok janúarmánaðar, og má innheimta það með lögtaki.

Lögreglustjóra er heimilt að synja leyfishafa um endurnýjun, ef fyrir liggja kærur frá eftirlitsmanni eða heilbrigðiseftirliti um alvarlegar misfellur á rekstrinum, unz úr hefur verið bætt.

Ed. 602. Lög [91. mál]

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 270 (sbr. 111).

Ed. 603. Lög [90. mál]

um breyting á sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 316 (sbr. 110).

Ed. 604. Lög [125. mál]

um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 342.

Ed. 605. Lög [102. mál]

um breyting á lögum nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 374.

Ed. 606. Lög [92. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vatnsveituframkvæmda í Vestmannaeyjum.

(Afgreidd frá Ed. 8. apríl.)

Samhljóða þskj. 420.

Ed. 607. Nefndarálit [218. mál]

um frv. til laga um ferðamál.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Við 11. gr. Fyrir „7“ í 1. mgr. komi: 9.
2. Við 17. gr. Fyrsti málsliður greinarinnar orðist svo:
   Ferðaskrifstofa ríkisins fylgist með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku ferðamanna, bæði að því er snertir verðlag og annað.

Alþingi, 8. apríl 1963.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Jón Árnason, fundaskr. Sigurvin Einarsson.
Ólafur Jóhannesson. Bjartmar Guðmundsson.

Nd. 608. Nefndarálit [179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 37 29. marz 1961, um ríkisábyrgðir.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í frv. þessu er lagt til, að áhættugjald samkvæmt lögum um ríkisábyrgðir verði ekki tekið af ábyrgðum fyrir lánum, sem tekin eru til íbúðarhúsabygginga hjá byggingarsamvinnufélögum.

Ábyrgðir á lánum byggingarsamvinnufélaga hafa reynzt ríkissjóði mjög áhættulitlar. Þegar á það er litið og einnig hitt, að stórkostleg hækkun byggingarkostnaðar síðustu 3 árin hefur lagzt með miklum þunga á fólk, sem þarf að koma upp íbúðarhúsum, verður að teljast sanngjarnt, að það sleppi við þennan skatt, sem á var lagður með lögunum um ríkisábyrgðir.

Það er tillaga minni hl. nefndarinnar, að frumvarpið verði samþykkt.

Alþingi, 9. apríl 1963.

Skúli Guðmundsson, frsm. Lúðvík Jósefsson.

Nd. 609. Breytingartillaga [215. mál]

við frv. til laga um Tækniskóla Íslands.

Frá Ingvari Gíslasyni og Gísla Guðmundssyni.

Við 1. gr. Fyrir „í Reykjavík“ komi: á Akureyri.

Nd. **610. Frumvarp til laga** [243. mál]

um breyting á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og Þjóðleikhús, og l. nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 83. löggjafarþingi, 1962—1963.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. l. nr. 56/1927 bætist:

4. flokkur.

Nú eru vínveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 2. flokks, og skal þá greiða kr. 8.00 í skemmtanaskatt og kr. 2.00 í menningarsjóð, sbr. 4. gr. l. nr. 57/1957, fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu eftir kl. 6 að kvöldi. 10% álag á skemmtanaskatt samkv. 3. gr. laga nr. 57/1957 er innifalið í 8 kr. gjaldinu samkvæmt þessari grein.

2. gr.

3. gr. l. nr. 56/1927 orðist þannig:

Undanþegnar öllum skemmtanaskatti eru þessar skemmtanir:

a. Hljómleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands, svo og aðrir klassískir tónleikar og klassískar söngskemmtanir, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
b. Leiksýningar Þjóðleikhússins, svo og hliðstæðar leiksýningar annarra aðila, eftir nánari ákvörðun ráðherra.
c. Fræðandi fyrirlestrar.
d. Sýningar á íslenzkum kvikmyndum og kvikmyndasýningar í Reykjavík á vegum Sáttmálasjóðs og kvikmyndasýningar bæjarsjóðs Akraness og Hafnarfjarðar, enda sé tekjunum varið á sama hátt og nú. Enn fremur er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti kvikmyndasýningar eins kvikmyndahúss, er rekið sé af opinberum aðila, í hverjum hinna annarra kaupstaða, enda sé tekjum af þeim varið til menningar- eða mannúðarmála.
e. Íþróttasýningar, enda renni ágóðinn óskiptur til íþróttastarfsemi.
f. Skemmtanir skóla og skólafélaga, annarra en dansskóla, enda séu þær aðeins fyrir nemendur og kennara, ásamt gestum þeirra, og haldnar undir umsjá skólastjórnar.
g. Innanfélagsskemmtanir, aðrar en dans, sem aðeins eru fyrir félagsmenn og gesti þeirra. En sannist það, að utanfélagsmenn hafi átt kost á að kaupa aðgöngumiða að slíkum skemmtunum, skal það skoðað sem brot á lögum þessum, og ber þá að greiða skatt af slíkri skemmtun eftir 2. gr., 2. flokki.

Ráðherra er heimilt að láta haldast að nokkru eða öllu leyti undanþágur þær frá greiðslu skemmtanaskatts, er þær skemmtanir hafa notið, sem haldnar eru til fjáröflunar fyrir góðgerðar-, líknar- og björgunarstarfsemi, sjúkrasjóði með staðfestri skipulagsskrá, sjúkrahús, elliheimili, æskulýðsheimili, Tónlistarskólann í Reykjavík, kirkjustarfsemi eða bindindisstarfsemi, sem nýtur styrks úr ríkissjóði.

Loks er ráðherra heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansskemmtanir, með eða án minni háttar skemmtiatriða, enda sé vín ekki um hönd haft á þessum skemmtunum, og þær ekki haldnar í danshúsum, sem löggilt eru fyrir 300 gesti eða fleiri í sæti. Ráðherra ákveður, hvaða skemmtistaðir skuli teljast danshús í þessu sambandi. Þó skulu samkomu- eða veitingahús, þar sem dans fer að jafnaði fram 20 sinnum á mánuði, ávallt talin danshús. Þeir, sem fá undanþágu frá greiðslu skemmtanaskatts samkvæmt framansögðu, eru skyldir til að greiða þann kostnað af löggæzlu, sem nauðsynleg er talin í þessu sambandi.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1963.

Ráðherra skal heimilt að endurgreiða eða fella niður skemmtanaskatt af leiksýningum frá 1. jan. 1963 að telja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Helztu breytingar frá gildandi lagaákvæðum, sem frv. þetta felur í sér, eru þessar:

1) Klassískir tónleikar hvers konar, þ. á m. söngskemmtanir, skulu undanþegnir skemmtanaskatti. Hljómleikar danshljómsveita og jazz- og dægurlagasöngvara myndu ekki njóta góðs af undanþáguákvæði þessu.

2) Leiksýningar skulu undanþegnar skemmtanaskatti. Undanþágan nær ekki til revíu- og kabarettsýninga eða annarra sýninga af svipuðu tagi.

3) Sýningar á íslenzkum kvikmyndum skulu undanþegnar skemmtanaskatti.

4) Dansskemmtanir félaga og annarra aðila skulu undanþegnar skemmtanaskatti, ef vín er ekki haft þar um hönd, en samkvæmt núgildandi lögum hefur orðið að greiða skemmtanaskatt af hvers konar skemmtunum, ef einhver dans hefur þar farið fram. Ekki þykir þó ástæða til að láta undanþáguna ná til stærstu dansskemmtihúsa, sem halda dansleiki að staðaldri í eigin nafni.

5) Þá er lagður sérstakur skemmtanaskattur á gesti vínveitingahúsa, en enginn skemmtanaskattur er nú heimtur af þeim, sem sækja vínveitingahús, ef ekki er seldur aðgangur. Skattheimtan mun verða með svonefndu „rúllumiða"-fyrirkomulagi, og tíðkast það mjög t. d. á Norðurlöndum og í Þýzkalandi, en þar er algengt að selja aðgang að vínveitingastöðum, þar sem nokkur skemmtiatriði fara fram. Skattur þessi skal aðeins nema 10 kr. fyrir hvern gest og greiðast eingöngu að kveldlagi, en til samanburðar má geta þess, að fatageymslugjald slíkra veitingahúsa er nú almennt 10 kr. fyrir hvern mann að kveldlagi. Af þessum 10 kr. skulu 2 kr. renna til menningarsjóðs, en það er sama upphæð og greidd er til menningarsjóðs af aðgöngumiðum að skemmtanaskattskyldum dansleikjum. Gert er auk þess ráð fyrir, að 5 kr. gjald renni til veitingahúsanna.

Menntamálaráðherra skal setja nánari reglur um ýmis framkvæmdaatriði í sambandi við framangreind nýmæli, enda byggjast þau almennt á heimildarákvæðum.

Ljóst er, að mikill hagur er að því fyrir leiklistar- og tónlistarstarfsemi í landinu, ef eigi þarf lengur að greiða skemmtanaskatt af leiksýningum og tónleikum. Ætti skattfrelsi þetta að verða til eflingar og örvunar leiklist og tónlist, enda hefur oft verið bent á, að skattheimta þessi stæði leiklistar- og tónlistarstarfsemi fyrir þrifum á ýmsan hátt. Þá er og full ástæða til að ætla, að hinn ungi íslenzki kvikmyndaiðnaður muni taka skjótari þroska, ef skemmtanaskatti verður létt af sýningum á íslenzkum kvikmyndum.

Alkunnugt er, hve ýmsum virðingarverðum áhugamannafélögum hefur gengið erfiðlega að afla tekna til starfsemi sinnar, þrátt fyrir mikið og fórnfúst starf til tekjuöflunar. Á þetta ekki hvað sízt við um íþrótta- og æskulýðsfélög, menningar- og líknarfélög. Þessi félög hljóta mjög að fagna því, ef þau þurfa ekki lengur að greiða skemmtanaskatt.

Mikið hefur að undanförnu verið rætt um þörf á vínlausum skemmtistöðum fyrir æskufólk, og innheimta skemmtanaskatts verið talin standa í vegi fyrir, að slíkar skemmtanir væri hægt að halda á ódýran hátt. Frv. gerir ráð fyrir, að þess konar æskulýðsskemmtanir verði framvegis undanþegnar skemmtanaskatti, og ætti þá ekki að vera hætta á, að slíkar skemmtanir leggist niður í bráð, heldur að þeim fari fjölgandi.

Skemmtanaskattur ríkisins rennur að helmingi til Þjóðleikhúss og að helmingi til félagsheimilasjóðs, auk 10% álags til Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Á árinu 1962 nam innheimtur skemmtanaskattur um 9 millj. kr. á öllu landinu,

þar af um 7 millj. kr. í Reykjavík. Skattur af kvikmyndasýningum nam ríflega helmingi skemmtanaskattsins (í Reykjavík um 4.4 millj. af 7 millj. og annars staðar á landinu um 1.2 millj. af 2 millj.). Rétt er að geta þess, að umræddur skemmtanaskattur er aðeins innheimtur í kaupstöðum, sem hafa 1500 eða fleiri íbúa. Í minni kaupstöðum og sveitarfélögum er víðast hvar innheimtur sérstakur skemmtanaskattur, er rennur ekki til félagsheimilasjóðs, Þjóðleikhúss eða sinfóníuhljómsveitar, heldur til menningarmála í þessum kaupstöðum og sveitum.

Ljóst er af þessu, að framangreindar undanþágur munu hafa í för með sér nokkra lækkun skemmtanaskatts, en þeir aðilar, sem skatturinn rennur til, eru allir mjög fjárþurfi, ekki sízt félagsheimilasjóður, sökum mikilla byggingaframkvæmda um land allt, sem hann styrkir.

Til þess að skemmtanaskatturinn lækki ekki, heldur aukist, þannig að þeir aðilar, sem hans njóta, fái auknar tekjur, hefur sá kostur verið tekinn að leggja nokkurn skatt á þá, sem sækja vínveitingahús, eins og greint hefur verið hér að framan. Hlýtur framangreint 10 kr. gjald að teljast hóflegt. Erfitt er að áætla nákvæmlega, hvað hinar nýju undanþágur muni lækka skattinn mikið eða hvað hinn nýi skattur muni gefa í aðra hönd. En mjög lausleg áætlun bendir til, að skattur þessi mun skila 4—5 millj. kr., og ætti hann þá ekki einungis að vega upp á móti nýju undanþágunum, heldur auka heildartekjur af skattinum. Menningarsjóðsgjald nemur nú 1 kr. á hvern aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og 2 kr. á hvern aðgöngumiða að dansleikjum. Gjaldið nam í Reykjavík á árinu 1961 alls um 1.5 millj. kr. Þar af greiddu kvikmyndahúsagestir um 1.2 millj. kr. Þótt undanþágur þessa frv. hafi í för með sér lítils háttar tekjumissi fyrir menningarsjóð, mun hluti vínveitingahúsagjaldsins væntanlega gera drjúgum betur en bæta þennan missi.

Stofnlögin um skemmtanaskatt eru frá árinu 1927, en nokkur breyting var gerð á þeim á árinu 1957. Þetta frumvarp, sem hér liggur fyrir, stefnir að því að sníða helztu og óvinsælustu vankantana af skemmtanaskattslöggjöfinni, en auka um leið tekjur af skemmtanaskattinum, þar eð þeir aðilar, sem hans njóta, og þá sérstaklega félagsheimilasjóður, þurfa mjög á auknu fé að halda. Frumvarpið ætti jafnframt að verða til verulegra hagsbóta fyrir leik- og tónlistarstarfsemi í landinu, íslenzkan kvikmyndaiðnað og frjálsa félags- og æskulýðsstarfsemi.

Nd. 611. Nefndarálit [73. mál]

um frv. til l. um opinbera aðstoð við varanlega gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég vil samþykkja frumvarpið, en stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar í nefndinni vilja vísa því frá með dagskrá. Einn nefndarmanna, Skúli Guðmundsson, mun gera sérstaka grein fyrir sinni afstöðu.

Nefndinni bárust umsagnir um frumvarpið frá þremur aðilum: Sambandi íslenzkra sveitarfélaga, borgarverkfræðingi Reykjavíkurborgar og frá vegamálastjóra. Umsagnir þessara aðila eru prentaðar með áliti þessu sem fylgiskjöl.

Augljóst er af umsögnum þessara aðila, að tveir þeirra eru sammála efni frv. Samband íslenzkra sveitarfélaga hefur gert samþykkt um það efni, sem frumvarpið fjallar um, þ. e. varanlega gatnagerð sveitarfélaga, og er hún í öllum aðalatriðum samhljóða meginefni frumvarpsins. Borgarverkfræðingur telur frumvarpið einnig í samræmi við samþykktir Reykjavíkurborgar, en telur þó rétt að gera nokkrar minni háttar breytingar á því. Vegamálastjóri vísar til þess, að milliþinganefnd í

vegamálum hafi skilað áliti til ríkisstjórnarinnar og þar sé fjallað um það vandamál, sem frumv. sé ætlað að leysa, og af þeim ástæðum geti hann ekki mælt með samþykkt þess.

Nú liggur fyrir, að ríkisstjórnin ætlar sér ekki að leggja fyrir yfirstandandi Alþingi neinar tillögur til breytinga á vegalögum, og sýnist þá ástæðulaust að tefja afgreiðslu nauðsynlegra mála með þeirri afsökun, að álit milliþinganefndar í vegamálum liggi hjá ríkisstjórninni.

Efni þessa frumvarps er um það, að stofnaður skuli sérstakur gatnagerðarsjóður með hluta af núverandi benzínskatti og þungaskatti bifreiða. Líklegt er, að árlegar tekjur sjóðsins yrðu um 25—30 milljónir króna. Fé þessu á að verja til þess að styðja bæjar- og sveitarfélög til varanlegrar gatnagerðar, þ. e. a. s. til að malbika eða steypa götur.

Enginn vafi leikur á því, að mikil þörf er orðin á því, að vegir í þorpum og kaupstöðum verði gerðir betur úr garði en nú er. Umferðin eykst jafnt og þétt, og gömlu malarvegirnir þola ekki orðið hina miklu umferð. Ríkissjóður innheimtir nú háa skatta af benzíni og bifreiðum. Því verður varla neitað, að réttmætt sé, að nokkur hluti þessa fjár renni til bættrar vegagerðar og þá fyrst og fremst þar, sem umferðin er mest.

Ég legg því til, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 9. apríl 1963.

Lúðvík Jósefsson.

Fylgiskjal I.

SAMBAND ÍSLENZKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík, 3. apríl 1963.

Bréf háttvirtrar fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, dags. 5. marz s. l., ásamt frumvarpi til laga um opinbera aðstoð við varanlega gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga, þskj. 88, var tekið til afgreiðslu á fundi stjórnar Sambands íslenzkra sveitarfélaga hinn 1. apríl s. l.

Stjórnin samþykkti að svara bréfi háttvirtrar fjárhagsnefndar með því að vísa til ályktunar þeirrar, sem gerð var á fundi fulltrúaráðs sambandsins 7. apríl 1962 varðandi öflun fjár til varanlegrar gatnagerðar í kaupstöðum og kauptúnum og fyrirkomulag um framkvæmd þeirra mála í aðaldráttum.

Ályktun þessi er svo hljóðandi:

„Fulltrúaráðsfundur Sambands íslenzkra sveitarfélaga telur mjög aðkallandi, að sveitarfélögum landsins skapist frambúðarmöguleikar til framkvæmda í varanlegri gatnagerð.

Fundurinn álítur, að rétt sé, að stofnaður verði sérstakur gatnagerðarsjóður og verði hlutverk hans að stuðla að varanlegri gatnagerð í kaupstöðum og kauptúnum

Í gatnagerðarsjóð renni árlega ákveðinn hluti af innflutningsgjaldi af benzíni (eigi minna en kr. 0.50 á lítra, miðað við núverandi verðlag) og samsvarandi hluti af þungaskatti bifreiða. Ef ríkisstjórn og Alþingi telja ekki unnt að greiða framlögin af núverandi tekjum ríkissjóðs af þessum skattstofnum, leggur fundurinn til, að gjöld þessi verði hækkuð sem þessu svarar.

Um úthlutun og lánveitingar úr sjóðnum verði settar ákveðnar reglur, er meðal annars tryggi, að fé sjóðsins verði eingöngu varið til varanlegrar gatnagerðar og mótframlög komi úr sveitarsjóðum. Sjóðnum verði einnig veitt heimild til að taka lán til starfsemi sinnar, þegar um meiri háttar gatnagerðarframkvæmdir er að ræða, ef þess gerist þörf.

Fundurinn felur stjórn sambandsins að vinna ötullega að framgangi þessa máls við Alþingi og ríkisstjórn.“

Virðingarfyllst,

Jónas Guðmundsson.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

Fylgiskjal II.

BORGARVERKFRÆÐINGURINN Í REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. marz 1963.

Frumvarp til laga um opinbera aðstoð við varanlega gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga.

Nefndin hefur með bréfi, dags. 5. þ. m., óskað umsagnar minnar um þetta frumvarp, sem gerir ráð fyrir vissum tekjustofni til ákveðinna framkvæmda bæjar- og sveitarfélaga.

Í heildaráætlun um gatnagerð í Reykjavík 1962 var einmitt gert ráð fyrir slíkum tekjustofni sem brýnni nauðsyn, ef takast mætti að koma gatnagerð höfuðborgarinnar í sæmilegt horf.

Var þar sem einn möguleiki talin hækkun á benzíni um 60 aura á lítra, sem skiptist eftir bílafjölda á hverjum stað.

Nefnt frumvarp gerir ráð fyrir tekjum til bæjar- og sveitarfélaga í sama anda og gert er í nefndri áætlun um heildargatnagerð í Reykjavík, þó að upphæðin sé lægri, og er því jákvætt, að þetta frumvarp kemur fram.

Gert hefur verið uppskátt í blöðum, að samið hafi verið frumvarp að nýjum vegalögum. Af þeim upplýsingum virðist mega ráða, að þar sé um breytingu að ræða á tekjustofnum til vegagerðar og að bæjar- og sveitarfélögum sé þar ætluð hlutdeild í einhverju ákveðnu hlutfalli af heildartekjum.

Þar sem telja verður eðlilegt, að bæjar- og sveitarfélög hafi hlutdeild í tekjum af bílasköttum, vegna vega- og gatnagerðar, hvort sem það er af benzíni, varahlutum, innflutningi eða þungaskatti, er sú aðferð réttlátari að skapa tekjustofna en útdeila aðstoð, sem líkist styrkveitingum.

Aðalgallar frumvarpsins eru því að mínum dómi:

a) Of lágt áætlaðar tekjur.
b) Stjórn sjóðsins er óþörf, þar sem ég álít þetta vera tekjustofna, sem bæjar- og sveitarfélög eigi tvímælalaust fullan rétt á, og það eina, sem þurfi að gera af hálfu stjórnarvalda, er eftirlit, t. d. vegamálastjóra, með því, að fénu sé varið til vega- og gatnagerðar. Skipting teknanna sé ákveðin fyrir fram, eftir tölu ökutækja eða á annan réttlátan hátt.

Virðingarfyllst,

Gústaf E. Pálsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis, c/o Birgir Kjaran.

Fylgiskjal III.

VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 11. marz 1963.

Umsögn um frumvarp til laga um opinbera aðstoð við varanlega gatnagerð á vegum bæjar- og sveitarfélaga á þingskjali 88.

Fjárhagsnefnd neðri deildar Alþingis hefur með bréfi, dags. 5. þ. m., sent mér til umsagnar ofangreint frumvarp.

Frumvarp þetta var lagt fram á Alþingi 1961, en náði þá ekki fram að ganga. Var frumvarpið þá sent mér til umsagnar af heilbrigðis- og félagsmálanefnd neðri deildar Alþingis, með bréfi, dags. 23. nóvember 1961. Í umsögn minni um frumvarpið, dags. 7. desember 1961, er send var heilbrigðis- og félagsmálanefnd og fylgir hér með í ljósriti, var lagt til, að frumvarpinu væri vísað til ríkisstjórnarinnar, þar sem stjórnskipuð nefnd ynni að endurskoðun vegalaga.

Ég leyfi mér nú að vísa til téðrar umsagnar frá 7. desember 1961, en vil jafnframt taka það fram, að nefnd sú, sem skipuð var til þess að endurskoða vegalög, skilaði áliti til ríkisstjórnarinnar á síðastliðnu hausti. Í tillögum vegamálanefndar er einnig fjallað um það vandamál, sem ofannefndu frumvarpi er ætlað að leysa, og kom það einnig fram í umræðum á Alþingi á s. l. hausti, er frumvarp þetta var lagt fram

Með tilvísun til þess, er að framan greinir, get ég ekki mælt með samþykkt ofangreinds frumvarps.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jóhannsson.

Til fjárhagsnefndar neðri deildar Alþingis.

Ed. 612. Lög [172. mál]

um byggingarsjóð aldraðs fólks.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 591.

Ed. 613. Lög [173. mál]

um breyting á lögum nr. 71/1954, um happdrætti dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 592.

Ed. 614. Breytingartillögur [227. mál]

við frv. til l. um tollskrá o. fl.

Frá Karli Kristjánssyni.

1. Við nr. 84.11.01. (Heyblásarar o. fl.).
   Fyrir „10%“ kemur 4%
2. Við nr. 84.11.09. (Annað).
   Fyrir „35%“ kemur 20%
3. Við nr. 84.23.04. (Ámoksturstæki o. fl.).
   Fyrir „10%“ kemur 4%

Nd. 615. Frumvarp til laga [227. mál]

um tollskrá o. fl.

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 470 með þessum breytingum:

Eftirfarandi tollskrárnúmer í 1. gr. hljóða svo:

06.02	09	Annað	40%
09.02	00	**Te**	50%
09.03	00	**Maté**	50%
12.03	09	Annað	20%
13.03	02	Lakkrísextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakt á 3 lítra ílátum eða stærri	40%
15.07	83	*Jarðhnetuolía*	30%
	89	*Kókosolía*	30%
	91	*Pálmakjarnaolía*	30%
15.12	01	Úr jurtaríkinu	30%
17.01	25	Púðursykur	0
20.07	02	Óáfeng vín, samkvæmt nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
39.01	06	Límbönd (tape)	35%
39.02	06	Límbönd	35%
39.03	26	Límbönd	35%
39.05	03	Límbönd	35%
48.07	25	Límbönd	30%
48.16	02	Pappírspokar margfaldir til umbúða, að flatarmáli 0,2 m^2 og þar yfir útflattir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
84.11		**Loftdælur, undirþrýstingsdælur, loft- og gasþjöppur (þar með taldar hreyfidælur og hverfildælur, hreyfilþjöppur, hverfilþjöppur og lausabulluþjöppur fyrir gashverfla), rellur, blásarar og annað þess háttar:**	
	01	Heyblásarar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	09	Annað	35%
84.23	04	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
84.61	02	Blöndunartæki, samsett og ósamsett, og lausir hlutar til þeirra	60%
	09	Annað	35%
87.05	01	Fyrir dráttarvélar, sem teljast til nr. 87.01.11	10%
	02	Fyrir dráttarvélar, sem teljast til nr. 87.01.19 og 87.01.20	25%
	03	Fyrir sjúkra-, slökkvi- og snjóbifreiðar og fyrir snjóplóga	15%
	04	Fyrir vörubifreiðar, fyrir bifreiðar í jeppaflokki (í nr. 87.02.37) og almenningsbifreiðar	40%
88.02	01	Flugvélar og svifflugur	0

3. gr. hljóðar svo:

Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

1. Að fella niður gjöld af vöru, sem send er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda greiði hlutaðeigandi kostnað tollgæzlunnar af eftirliti með henni, geymslu hennar og flutningi og ákvæði laga nr. 47 11. júní 1960 um tollvörugeymslur eigi ekki við um framhaldsflutninginn, sbr. einkum IV. kafla laganna.

2. Að fella niður gjöld af vöru, sem hefur eyðilagzt, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við geymslu í vörzlum tollgæzlunar eða farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna, og vörunni sé fleygt undir tolleftirliti.
3. Að heimila — gegn fjártryggingu um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning á vörum, sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, og með sömu skilyrðum innflutning á vélum, tækjum og öðrum áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
4. Að heimila — með eða án fjártryggingar um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru því líku, sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.
5. Að lækka eða fella niður gjöld af vöru, sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
6. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tolllækkunarákvæði í milliríkjasamningum.
7. Að lækka eða fella niður gjöld af heimanfylgju brúða, sem flytjast hingað frá útlöndum og hafa haft þar fasta búsetu minnst 2 ár fyrir brúðkaupið, og enn fremur af venjulegum brúðargjöfum.
8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum, sem hafa fallið í arf erlendis.
   Heimildin tekur ekki til bifreiða, bifhjóla eða báta.
9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum, sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarfyrirtæki eða aðrar stofnanir eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílíkra, svo og af notuðum munum til slíkra aðila. Enn fremur af gjöfum, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 500.00 kr. virði að mati tollyfirvalds.
10. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, er ferðamenn, sem hafa fasta búsetu erlendis og ekki reka hér atvinnufyrirtæki og ekki hafa hér heimilisfang eða eiginlega launaða atvinnu, flytja hingað til að nota hér um skamman tíma, ef þessum skilyrðum er fullnægt:
    a. Hlutaðeigandi ferðamenn aki sjálfir ökutækjum þessum, eða launaðir ökumenn þeirra, útlendir eða innlendir.
    b. Ökutækin séu ekki lánuð, leigð eða notuð til neins konar flutninga fyrir borgun.
    c. Ferðamennirnir hafi ökutækin með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað. Þó verða ökutækin í öllum tilfellum að vera flutt út innan árs, frá því að þau voru flutt hingað til lands.
    d. Ferðamennirnir hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þessi ökutæki og eftirlit með þeim.

    Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka ökutækin þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja farartækin á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði, eða hlutast til um endurútflutning þeirra á kostnað innflytjanda.
11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim
    a. af efnivörum í innlendar framleiðsluvörur og
    b. af umbúðum og efnum í umbúðir um innlendar framleiðsluvörur,

    enda séu hinar innlendu framleiðsluvörur fluttar til útlanda til sölu þar og hægt sé að ganga úr skugga um magn og verð efnivaranna.

    Ef hentara þykir, má greiða hinum innlendu framleiðendum bætur, sem svari sem næst til þeirra gjalda, sem greidd hafa verið af efnivörunum eða þess hluta gjaldanna, sem rétt þykir að endurgreiða.

Til efnivara í þessum tölulið telst lýsi, sem flutt er inn til að bæta íslenzkt útflutningslýsi.

12. Að lækka gjöld af efnivöru í innlenda iðnaðarvöru, ef gjöldin af sams konar iðnaðarvöru framleiddri erlendis eru jafnhá eða lægri en af efnivörunni, og verðmæti efnivörunnar er verulegur þáttur í kostnaðarverði innlendu iðnaðarvörunnar.
13. Ef vara úr tilteknu efni er með hærra gjaldi en sams konar vara úr öðru efni, að samræma gjöldin af vörunum. Allar slíkar ákvarðanir skulu þegar birtar í B-deild Stjórnartíðinda.
14. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum og efnivörum, sem Áburðarverksmiðjan h.f. flytur inn til framleiðslu sinnar.
15. Að fella niður gjöld af kirkjuklukkum og öðrum hlutum og munum, sem eru eingöngu notaðir í kirkjum eða sérstaklega framleiddir til notkunar í þeim, enda ekki gerðir hér á landi á viðhlítandi verði að dómi fjármálaráðuneytisins. Undanþáguheimildin tekur ekki til hljóðfæra.
16. Að fella niður gjöld af hylkjum utan um gas- og lofttegundir, ef hylkin eru lánuð eða leigð hingað til lands.
17. Að fella niður gjöld af sýrum til votheysgerðar og efnum til fiturannsókna á mjólk.
18. Að lækka gjöld af filmum til ljósprentunar til samræmis við gjöld af prentletri.
19. Að fella niður gjöld af fræðslukvikmyndum og fræðandi skuggamyndum, sem fræðslumálastjórnin flytur inn og fær frá viðurkenndum vísinda- og fræðslustofnunum.
20. Að fella niður gjöld af ritum, sem Vestur-Íslendingar prenta vestanhafs, og af forn- og fræðiritum og öðrum þess háttar ritum á íslenzku, þar á meðal ritum, sem hafa menningarlegt gildi og gefin eru út í samvinnu við erlenda aðila.
21. Að lækka um allt að helming gjöld af garni úr ull, baðmull og gerviefnum til dúkagerðar.
22. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til framleiðslu á umbúðum um vörur, sem fluttar eru úr landi.
23. Að fella niður gjöld af myndamótum, sem fréttablöðin fá erlendis frá og þau eru áskrifendur að, svo og af myndamótum, sem eru lánuð hingað til lands og endursend eru að notkun lokinni.
24. Að lækka eða fella niður gjöld af vélum, sem eingöngu eru notaðar til veiðarfæragerðar.
25. Að heimila, að gjöld af tækjum, sem send eru hingað til notkunar um stuttan tíma og endursend eru þegar að notkun lokinni, séu reiknuð af leigunni eftir tækin í stað venjulegs tollverðs.
26. Að umreikna gjöld af skýrsluvélum, sem teljast til nr. 84.52 og 84.53, til gjalda, er nemi ákveðnum hundraðshluta af leiguupphæð véla, miðað við eðlilegan endingartíma þeirra og hæfilega vexti af tollfjárhæð samkvæmt tollskrá.

    Heimild þessi tekur aðeins til skýrsluvéla, sem teknar eru á leigu með að minnsta kosti 50 000 kr. ársleigu hver um sig. Fjármálaráðuneytið getur bundið undanþágu þessa hverju því skilyrði, sem henta þykir, þar á meðal ákveðið, að Skýrsluvélar ríkisins og Reykjavíkurborgar skuli annast innheimtu tollgjalds þessa og skila andvirði þess til tollstjóra.
27. Að lækka eða fella niður gjöld á allt að 50 bifreiðum árlega fyrir fólk með útvortis bæklanir eða lamanir, enn fremur fyrir fólk með lungnasjúkdóma og aðra hliðstæða sjúkdóma og loks fyrir fólk, sem þjáist af afleiðingum slysa, allt á svo háu stigi, að það getur ekki farið ferða sinna án farartækis. Lækkun gjalda á hverri einstakri bifreið má þó aldrei nema meiru en 40 þús. kr.

    Fjármálaráðherra skipar þriggja manna nefnd, sem úrskurðar umsóknir

um eftirgjafir aðflutningsgjalda af bifreiðum, og er ákvörðun nefndarinnar fullnaðarúrskurður um þetta efni. Skulu nefndarmenn vera læknar, og er einn nefndarmanna skipaður eftir tilnefningu Sambands íslenzkra berklasjúklinga, annar eftir tilnefningu Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra og sá þriðji án tilnefningar.

Enn fremur er ráðuneytinu heimilt að lækka eða fella niður fyrir framangreint fólk aðflutningsgjöld af gervilimum, sem ekki verða gerðir hér á landi.

Fjármálaráðherra setur nánari fyrirmæli um framkvæmd þessara ákvæða, ef með þarf.

28. Að endurgreiða gjöld af efni, vélum og tækjum í skip og báta, sem smíðaðir eru innanlands. Má miða endurgreiðsluna við tiltekna fjárhæð á hverja rúmlest. Þá er og heimilt að endurgreiða aðflutningsgjöld af efni, vélum og tækjum til viðgerða, breytinga og endurbóta á einstökum hlutum í skipum og bátum, eigi framkvæmdin sér stað innanlands, fari kostnaður viðgerða, breytinga og endurbóta fram úr kr. 500 000.00.
29. Að lækka í 30% gjöld af hljóðfærum fluttum inn til notkunar við kennslu í skólum.
30. Að endurgreiða gjöld af hreyflum minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur.

Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.

31. Að lækka um allt að helmingi gjöld af efni í rafmagnsspenna.
32. Að lækka um ákveðinn hundraðshluta flutningsgjald eða hluta flutningsgjalds í tollverði vöru, ef varan er flutt inn flugleiðis, þó aðeins gjald fyrir samfelldan flutning í þeirri flugvél, er vöruna flytur hingað.
33. Að ákveða, að greiða skuli 15% verðtoll af lyfjum, sem teljast til nr. 30.05.00 og til númera í 13., 28. og 29. kafla tollskrárinnar, enda gefi ráðuneytið út sérstaka skrá með lyfjum þeim, er hér um ræðir.
34. Að lækka eða fella niður gjöld af umbúðum, sem notaðar eru við vélpökkun á kornvörum og sykri, enda séu umbúðirnar með viðeigandi áletrun.

40. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. maí 1963 og falla þá jafnframt úr gildi eftirtalin lagaákvæði:

Lög nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Lög nr. 75 8. des. 1955, um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Lög nr. 27 29. maí 1957, um breyting á lögum nr. 90 25. nóv. 1954, um tollskrá o. fl.

Enn fremur 9.—11. og 22. gr. laga nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Sömuleiðis 2. töluliður 1. gr. I. kafla laga nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, svo og III. kafli sömu laga. Þá falla úr gildi 4. og 5. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

Eftir gildistöku laga þessara skal gjald það, sem um ræðir í 5. gr. laga nr. 68 17. ágúst 1956, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. 2. málsgr. 4. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, lækka í ½% og greiðist af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá.

Á sama hátt og með sama hundraðshluta skal greiða gjald það til Byggingarsjóðs ríkisins, sem innheimt hefur verið sem álag á aðflutningsgjöld samkvæmt tollskrá, sbr. a-lið 4. töluliðs 3. málsgr. 3. gr. laga nr. 42 1. júní 1957, um húsnæðismálastofnun, Byggingasjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl.

Greiða skal á árinu 1963 af innheimtum aðflutningsgjöldum samkvæmt tollskrá til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga það, sem á kann að vanta, að hluti sjóðsins af sölu-

skatti samkvæmt 1. tölulið 1. gr. laga nr. 10 1960, um söluskatt, og a-lið bráðabirgðaákvæðis sömu laga, nái 104 milljónum króna á árinu 1963.

Nú hefur innflytjandi, áður en lög þessi ganga í gildi, afhent til tollmeðferðar skjöl, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess, að hægt sé að tollafgreiða viðkomandi vörur þegar í stað, og skal þá, ef aðflutningsgjöld hækka á vörunni samkvæmt lögum þessum, taka hin eldri og lægri tollgjöld af henni, en þó því aðeins að tollafgreiðsla eigi sér stað innan 6 daga frá gildistöku laganna.

Meðan endurskoðun á lögum um gjald af innlendum tollvörutegundum fer fram, er fjármálaráðherra heimilt að lækka gjald af vöru samkvæmt lögum nr. 60 30. des. 1939, sbr. 1. gr. laga nr. 90 13. des. 1962, ef hann telur lækkun aðflutningsgjalda samkvæmt 1. gr. laga þessara hafa orðið þess valdandi, að varan beri eftir breytinguna of hátt framleiðslugjald miðað við aðflutningsgjald af sams konar vöru innfluttri.

Nd. 616. Breytingartillögur [204. mál]

við frv. til l. um almenningsbókasöfn.

Frá Bjarna Benediktssyni.

1. 10. gr. falli niður.
2. Við 29. gr. 2. setning (Hann ... 10. gr.) falli niður.

Nd. 617. Lög [212. mál]

um breyting á lögum nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 437.

Sþ. 618. Nefndarálit [68. mál]

um till. til þál. um ráðstafanir til að koma í veg fyrir, að laxveiðijarðir leggist í eyði.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur rætt tillögu þessa á fjórum fundum. Tillagan var send til umsagnar ýmsum aðilum. Eru umsagnirnar birtar á þingskjali 546. Nefndin var sammála um, að nauðsyn bæri til að vinna að því, að jarðir færu eigi í eyði, af því að efnamenn keyptu þær vegna hlunninda án þess að ætla að reka á þeim búskap. Reynslan hefur sýnt, að leigujarðir haldast síður í byggð, a. m. k. jarðir í einkaeign. Ástæða fyrir því er sú, að nauðsyn ber til að gera margþættar umbætur á jörðum, til þess að einhverjir vilji á þeim búa. Landsdrottnar vilja ógjarnan leggja í þann kostnað.

Minni hluti nefndarinnar álítur æskilegt, að athugun fari fram á því, hvers vegna jarðir fara í eyði. Er þá eðlilegast, að almenn athugun fari fram á því, enda hagkvæmast vegna vinnutilhögunarinnar, ef á annað borð er lögð vinna í slíkt. Minni hlutinn telur einnig eðlilegt, að búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri starfi í slíkri nefnd vegna aðstöðu og kunnugleika, en landbúnaðarráðherra skipi þriðja

manninn. Löggjöf um þessa hluti er vandaverk, og minni hlutinn getur ekki fallizt á hugmynd meiri hluta allsherjarnefndar, að ákveðinn hluti hlunninda renni í sérstakan sjóð, sem sé eign viðkomandi jarðar, því að hæpið er, að slíkt ákvæði mundi nægja til að koma eyðijörðum í byggð.

Við leggjum því til, að á þingsályktunartillögunni verði gerðar svofelldar

BREYTINGAR:

1. Tillögugreinin orðist þannig:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd og sé hún þannig skipuð, að búnaðarmálastjóri og landnámsstjóri séu sjálfkjörnir í nefndina, en landbúnaðarráðherra skipi þriðja nefndarmanninn án tilnefningar.

Verkefni nefndarinnar séu:

1. Að kynna sér ástæður fyrir því, að jarðir fara í eyði, og sé einkum athugað, að hve miklu leyti þær fara í eyði vegna þess, að einstakir menn kaupi þær eða sleppi ekki eignarrétti sínum af þeim vegna laxveiði eða annarra hlunninda.
2. Að safna gögnum um áhrif slíkrar þróunar á landbúnað annarra þjóða og ráðstafanir þeirra þjóða til varnar gegn henni.
3. Að semja frumvarp til laga, sem tryggi það, svo sem auðið er, að komið sé í veg fyrir slíka þróun.

Í sambandi við undirbúning að lagafrumvarpi skal nefndin athuga eftirfarandi:

1. Hvort ekki sé eðlilegt, að jarðakaupasjóður ríkisins sé skyldaður til að kaupa slíkar jarðir, ef ekki fæst kaupandi, sem tryggir það, að þær séu í ábúð, og þá sé kveðið á í lögum um þessi jarðakaup jarðakaupasjóðs.
2. Hvort ekki sé jafnframt eðlilegt, að jarðakaupasjóður selji þessar jarðir aftur, þegar ábúandi fæst.
3. Hvort ekki sé eðlilegt og réttmætt, þegar lög þau taka gildi, er hér um ræðir, að gera eigendum þeirra laxveiðijarða, sem í eyði eru og síðar verða, að greiða til sveitarsjóða viðkomandi sveitarfélaga skatt, sem svarar meðalútsvari af viðkomandi jörð síðustu þrjú árin, sem hún var í byggð, þó með þeim hlutfallslegu breytingum, sem orðið hafa á útsvari til hækkunar eða lækkunar í sveitarfélaginu á því tímabili.

Nefndin hraði störfum, svo sem auðið er, og skili áliti og lagafrumvarpi eigi síðar en á árinu 1964.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

2. Fyrirsögnin orðist svo:

Tillaga til þingsályktunar um ráðstafanir til að tryggja, að hlunnindajarðir haldist í ábúð, og athugun á því, hvers vegna góðar bújarðir, sem vel eru í sveit settar, fari í eyði.

Brtt. þessi er að miklu leyti samhljóða brtt. fjögurra þingmanna á þskj. 283.

Alþingi, 9. apríl 1963.

Björn Pálsson, frsm. Gísli Guðmundsson.

Nd. **619. Lög** [5. mál]

um lögreglumenn.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 554.

Nd. **620. Lög** [89. mál]

um veitingasölu, gististaðahald o. fl.

(Afgreidd frá Nd. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 601 (sbr. 109).

Ed. **621. Frumvarp til laga** [218. mál]

um ferðamál.

(Eftir 2. umr. í Ed., 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 454 með þessum breytingum:

11. gr. hljóðar svo:

Samgöngumálaráðherra skipar 9 menn í ferðamálaráð til þriggja ára í senn. Formaður ráðsins er skipaður án tilnefningar, en eftirtaldir aðilar tilnefna einn mann hver:

1. Eimskipafélag Íslands.
2. Félag sérleyfishafa.
3. Ferðafélag Íslands.
4. Flugfélag Íslands hf.
5. Loftleiðir hf.
6. Ferðaskrifstofa ríkisins.
7. Samband veitinga- og gistihúsaeigenda.
8. Landssamband íslenzkra ferðaskrifstofa.

Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.

Ferðamálaráð er ólaunað.

17. gr. hljóðar svo:

Ferðaskrifstofa ríkisins fylgist með hvers konar starfsemi í landinu varðandi móttöku ferðamanna, bæði að því er snertir verðlag og annað. Ferðaskrifstofan skal enn fremur vera ráðgefandi og leiðbeinandi um það, hvað betur megi fara í aðbúnaði og rekstri gisti- og greiðasölustaða. Finni Ferðaskrifstofan ástæðu til umvöndunar, skal hún gera viðkomandi aðilum og ferðamálaráði viðvart um það, eða ef ástæða þykir til, gisti- og veitingahúsaeftirliti eða öðrum þeim aðilum, sem slíkt eftirlit er falið í veitingalögum.

Ed. **622. Lög** [182. mál]

um heimild fyrir ríkistjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Slippstöðina h/f, Akureyri.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 344.

Ed. **623. Lög** [206. mál]

um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 413.

Ed. **624. Breytingartillaga** [167. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Við 1. gr. Aftan við orðin „er dómsmálaráðherra setur“ í 1. málsl. gr. komi: að fengnum tillögum landhelgisgæzlunnar, Skipstjórafélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, Sambands íslenzkra vátryggingarfélaga og Landsambands íslenzkra útvegsmanna.

Nd. **625. Frumvarp til laga** [167. mál]

um breyting á lögum nr. 32 frá 9. jan. 1935, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

(Eftir 3. umr. í Ed., 9. apríl.)

1. gr.

Aftan við 7. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar varðskip veitir íslenzku fiskiskipi hjálp úr háska, skal greiðsla fyrir hjálpina fara eftir reglum, er dómsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum landhelgisgæzlunnar, Skipstjórafélags Íslands, Sjómannasambands Íslands, Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum, Sambands íslenzkra vátryggingarfélaga og Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Við ákvörðun gjaldsins skal miðað við útgerðarkostnað varðskipsins og þann tíma, er hjálpin tók. Teljist háski sá, sem fiskiskipið er í, stórkostlegur, svo sem eldsvoði eða strand, má þó krefjast björgunarlauna eftir reglum siglingalaganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ed. **626. Nefndarálit** [132. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Minni hlutinn, Ásgeir Bjarnason og Páll Þorsteinsson, sem einnig eru flutningsmenn frumv., leggur til, að það verði samþykkt. Meiri hluti n. leggur til, að það verði afgreitt með svofelldri

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Með lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins frá 1962 er á raunhæfan hátt lagður grundvöllur að viðunandi lausn stofnlánaþarfar landbúnaðarins. Þar eð

frumvarpið teflir í hættu afkomu Stofnlánadeildarinnar og í trausti þess, að ríkisstjórnin afli samkvæmt gildandi lántökuheimildum fjár til eflingar veðdeildar Búnaðarbankans, telur deildin ekki rétt að samþykkja frumvarpið og tekur fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 9. apríl 1963.

Bjartmar Guðmundsson, form., frsm. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr. Jón Þorsteinsson.

Sþ. 627. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur rætt þessa tillögu og fengið um hana umsagnir frá landnámsstjóra og Búnaðarfélagi Íslands.

Að athuguðu máli leggur nefndin til, að þessari tillögu sé **vísað til ríkisstjórnarinnar.**

Alþingi, 10. apríl 1963.

Kjartan J. Jóhannsson, form. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Pálmason, frsm.

Guðl. Gíslason. Jón Árnason.

Nd. 628. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til laga um kirkjugarða.

Frá Gísla Jónssyni.

Við 15. gr.

a. Tveir síðustu málsl. fyrri málsgr. greinarinnar falli niður.
b. Síðari mgr. greinarinnar falli niður.

Ed. 629. Nefndarálit [231. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113 29. des. 1951.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur rætt frumv. og mælir með samþykkt þess.

Alþingi, 9. apríl 1963.

Eggert G. Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Ásgeir Bjarnason.

Magnús Jónsson. Hermann Jónasson.

Ed. **630. Lög** [113. mál]

um viðauka við lög nr. 28 23. apríl 1946, um virkjun Sogsins.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 160.

Ed. **631. Lög** [217. mál]

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

(Afgreidd frá Ed. 9. apríl.)

Samhljóða þskj. 596.

Ed. **632. Nefndarálit** [230. mál]

um frv. til l. um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggja undirritaðir til, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nm., Björn Jónsson, var fjarstaddur, er málið var afgreitt.

Alþingi, 9. apríl 1963.

Ólafur Björnsson, form., frsm.
Jón Þorsteinsson, fundaskr.
Karl Kristjánsson.
Magnús Jónsson.

Nd. **633. Nefndarálit** [196. mál]

um frv. til laga um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Frv. var vísað til nefndarinnar 4. þ. m. og tekið fyrir í nefndinni næsta dag og síðan rætt þar ýtarlega á nokkrum fundum. Vegna þess, hversu langt var liðið á þingtímann, vannst ekki tími til að senda frv. til umsagnar, enda er það samið af milliþinganefnd, sem hafði undirbúið það mjög vandlega. Nefndin ræddi hins vegar frv. ýtarlega við forstjóra Tryggingastofnunarinnar og kynnti sér öll þau erindi, sem Alþingi höfðu verið send með ábendingum um ýmis atriði frv. Einnig ræddi nefndin við suma þá aðila, sem erindi sendu. Þá ræddi nefndin ýtarlega frv. í heild og bar það saman við gildandi lagaákvæði.

Nefndin er sammála um, að nýmæli þau, sem frv. felur í sér frá gildandi lögum, séu svo mikilvæg, að sjálfsagt sé, að frv. verði gert að lögum á þessu þingi, jafnvel þótt ekki gefist tími til að koma fram breytingum, sem vel gæti komið til mála að gerðar væru, ef nægur tími gæfist til þess að athuga þær. Nefndin er því sammála um að leggja til, að frv. verði samþykkt með þeim breytingum, sem hún ber fram á sérstöku þingskjali.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að bera fram breytingartillögur eða fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.

Alþingi, 9. apríl 1963.

Gísli Jónsson, form., frsm. Birgir Finnsson, fundaskr. Jón Skaftason. Guðl. Gíslason.
Hannibal Valdimarsson.

Nd. 634. Breytingartillögur [147. mál]

við frv. til laga um kirkjugarða.

Frá Skúla Guðmundssyni.

1. Við 4. gr. 1. málsgr. greinarinnar orðist svo:
   Skipulagsnefnd kirkjugarða hefur yfirumsjón með kirkjugörðum landsins, svo sem nánar er ákveðið í lögum þessum. Í henni eiga sæti biskup Íslands, húsameistari ríkisins, þjóðminjavörður og tveir menn kosnir af kirkjuþingi til 6 ára í senn.
2. Við 28. gr. Greinin orðist svo:
   Heimilt er ráðherra að veita leyfi til að taka upp heimagrafreiti. Nú óskar einhver að taka upp heimagrafreit á jörð sinni fyrir sig og vandamenn sína, og sendir hann þá beiðni um það til biskups. Beiðninni skal fylgja uppdráttur af reitnum með fyrirhugaðri girðingu ásamt vottorði hreppstjóra eða tveggja skilríkra manna um það, að staður sé vel valinn. Biskup leggur síðan beiðnina með fylgiskjölum fyrir ráðuneytið, ásamt tillögum sínum.
   Heimilt er biskupi að banna greftrun í heimagrafreit, sé viðhaldi hans og hirðingu ábótavant að dómi sóknarnefndar eða umsjónarmanns kirkjugarða. Sé ekki bætt úr að liðnum hæfilegum fresti, er biskupi heimilt að láta leggja grafreitinn niður.
   Leyfishafar heimagrafreits greiði sem aðrir til sóknarkirkjugarðs síns, enda er þeim heimilt leg í honum.

Nd. 635. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til l. um almannatryggingar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. Við 12. gr.
   a. Upphaf 2. málsgr. orðist svo:
      Árlegur ellilífeyrir einstaklings skal vera sem hér segir:
   b. 3. málsgr. falli niður.
   c. Í stað orðanna „eiga rétt á helmingi þeirrar hækkunar“ í síðustu málsgr. komi: eiga rétt á þeirri hækkun.
2. Við 14. gr. Upphaf greinarinnar orðist svo:
   Greiða má maka . . .
3. Við 37. gr.
   a. a-liður greinarinnar orðist svo:
      Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, kr. 2000.00 á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur

samkvæmt þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný.

Nú andast ekkja eða ekkill, sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.

b. 2. málsgr. orðist svo:

Bætur samkvæmt a-, d- og e-liðum skulu eigi vera lægri en kr. 35000.00 fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eigi til bóta samkvæmt þessum staflíðum, og skal þá bæta slysið með kr. 35000.00, sem skiptist á milli barna hins látna, ef fyrir hendi eru.

4. Við 44. gr. Orðin „að fengnum tillögum hennar“ í lok greinarinnar falli niður.
5. Við 56. gr. Í stað orðsins „lægi“ í 3. málsgr. komi: lægri.
6. Við 72. gr. Upphaf 2. málsl. 2. mgr. orðist svo:

Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður . . .

7. Við 79. gr. Orðið „óskilgetnum“ í 1. málsgr. falli niður.

Nd. 636. Breytingartillögur [196. mál]

við frv. til laga um almannatryggingar.

Frá Hannibal Valdimarssyni.

1. Við 12. gr. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal vera jafnhár lífeyri tveggja einstaklinga.

2. Við 13. gr. Greinin orðist svo:

Rétt til örorkulífeyris eiga þeir menn á aldrinum 16—67 ára, sem eru varanlegir öryrkjar á svo háu stigi, að þeir eru ekki færir um að vinna sér inn helming þess, er andlega og líkamlega heilir menn eru vanir að vinna sér inn við störf, sem hæfa líkamskröftum þeirra og verkkunnáttu, og sanngjarnt er að ætlazt til af þeim með hliðsjón af uppeldi og undanfarandi starfa.

Ef örorkan er 50% eða meira, greiðist hálfur lífeyrir fyrir 50% örorku, hækkar síðan um 2% fyrir hvert örorkustig, sem við bætist, unz örorkan nemur 75%, þá greiðist fullur lífeyrir.

3. Við 16. gr. Næstsíðasta málsgrein orðist svo:

Árlegur barnalífeyrir með hverju barni skal vera helmingur af einstaklingslífeyri.

4. Við 18. gr. Greinin orðist svo:

Barnsfararkostnaður, eins og hann er á hverjum tíma á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun, greiðist af sjúkrasamlögum.

5. Við 27. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:

Verði vanskil af hálfu sveitarfélags á greiðslu framlags lengur en þrjá mánuði, skal það frá gjalddaga greiða af skuldinni hæstu útlánsvexti viðskiptabankanna, eins og þeir eru á hverjum tíma.

6. Við 35. gr.

a. 4. málsgr. falli niður.

b. Orðin „þó aldrei hærri greiðsla en sem nemur ¾ hlutum launanna“ í lok síðustu málsgr. falli niður.

7. Við 48. gr. Greinin falli niður.

8. Við 50. gr.
   a. 5. málsgr. falli niður.
   b. Orðin „frá því, sem ákveðið er í næstu málsgrein hér á undan“ í 6. málsgr. falli niður.
9. Við 55. gr. Síðasti málsl. fyrri málsgr. orðist svo:
   Séu framlög ekki greidd innan mánaðar frá gjalddaga, skal greiða af skuldinni hæstu útlánsvexti viðskiptabankanna, eins og þeir eru á hverjum tíma.
10. Á eftir 67. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:
    Allar bótagreiðslufjárhæðir laga þessara eru grunnupphæðir, sem breytast í samræmi við vísitölu framfærslukostnaðar.
11. Við 71. gr. 2. málsl. 4. málsgr. orðist svo:
    Verði vanskil, má innheimta gjöldin með lögtaki.
12. Við 74. gr. Greinin falli niður.

Ed. 637. Nefndarálit [140. mál]

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd mælir með því, að frv. verði samþykkt óbreytt.
Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Páll Þorsteinsson.

Alþingi, 9. apríl 1963.

Bjartmar Guðmundsson, form.	Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason, frsm.

Jón Þorsteinsson.

Sþ. 638. Nefndarálit [12. mál]

um till. til þál. um aðstöðujöfnun innlendrar kornframleiðslu við innflutning korns frá útlöndum.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu tillögu þessarar. Meiri hl. vill vísa málinu til ríkisstjórnarinnar, án þess að Alþingi taki efnislega afstöðu til hennar.

Við, sem minni hlutann skipum, leggjum til, að tillagan verði samþykkt og þannig fengin ríkisstjórninni í hendur sem ályktun Alþingis.

Alþingi, 10. apríl 1963.

Karl Guðjónsson, frsm.	Halldór Ásgrímsson.	Ingvar Gíslason.

Halldór E. Sigurðsson.

Ed. 639. Nefndarálit [177. mál]

um frv. til l. um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt. — Einn nefndarmanna, Alfreð Gíslason, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 10. apríl 1963.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Karl Kristjánsson.
Auður Auðuns.

Ed. 640. Nefndarálit [234. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og mælir með því, að það verði samþykkt.

Alþingi, 10. apríl 1963.

Jón Þorsteinsson, form., frsm. Kjartan J. Jóhannsson, fundaskr. Alfreð Gíslason.
Karl Kristjánsson. Auður Auðuns.

Sþ. 641. Þingsályktun [138. mál]

um athugun á framkvæmd laga nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum.

(Afgreidd frá Sþ. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 246.

Sþ. 642. Þingsályktun [29. mál]

um opinbera rannsókn á orsökum sjóslysa.

(Afgreidd frá Sþ. 10. apríl.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram ýtarlega rannsókn á orsökum hinna mörgu skipstapa, sem Íslendingar hafa orðið fyrir síðastliðin 2—3 ár. Rannsókn þessi skal m. a. gerð í samráði við samtök sjómanna og útvegsmanna, Slysavarnafélag Íslands, sjómannaskólana, Skipaskoðun ríkisins og þau tryggingarfélög, sem annast skipatryggingar.

Rannsókn þessari skal hraða, eftir því sem unnt er, og ef ástæða þykir til, skulu lagðar fram tillögur að nýjum reglum um sjóhæfni íslenzkra fiskiskipa, um breytingar á eldri skipum, staðsetningu veiðarfæra og hjálpartækja og búnað skips í sambandi við þau og annað það, er aukið getur öryggi sjófarenda frá því, sem nú er.

Nd. 643. Nefndarálit [213. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frumvarpið og leggur til, að það verði samþykkt með þessari

BREYTINGU:

Við 18. gr. Í stað „1. mgr. 187. gr.“ í a-lið komi: 1. mgr. 188. gr.

Alþingi, 10. apríl 1963.

Einar Ingimundarson, form., frsm. Sigurður Ingimundarson, fundaskr. Björn Fr. Björnsson.
Gunnar Jóhannsson. Alfreð Gíslason.

Ed. 644. Frumvarp til laga [204. mál]

um almenningsbókasöfn.

(Eftir 3. umr. í Nd., 10. apríl.)

I. KAFLI
Um bæjar- og héraðsbókasöfn.

1. gr.

Almenningsbókasöfn eru: 1. bæjar- og héraðsbókasöfn, 2. sveitarbókasöfn, 3. bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana, sem taldar eru upp í III. kafla laga þessara. Öll slík bókasöfn skulu hlíta lögum þessum.

2. gr.

Landinu skal skipt í bókasafnshverfi eins og hér segir:

1. Reykjavík,
2. Kópavogskaupstaður,
3. Hafnarfjörður og Gerða-, Bessastaða- og Vatnsleysustrandarhreppar í Gullbringusýslu,
4. Keflavík og Gullbringusýsla að takmörkum Vatnsleysustrandar- og Njarðvíkurhreppa,
5. Kjósarsýsla,
6. Akranes og fjórir syðstu hreppar Borgarfjarðarsýslu,
7. Mýrasýsla og Borgarfjarðarsýsla að undanskildum fjórum syðstu hreppunum,
8. Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla,
9. Dalasýsla,
10. Austur-Barðastrandarsýsla,
11. Vestur-Barðastrandarsýsla,
12. Vestur-Ísafjarðarsýsla,
13. Ísafjörður og Norður-Ísafjarðarsýsla,
14. Strandasýsla,
15. Vestur-Húnavatnssýsla,
16. Austur-Húnavatnssýsla,
17. Sauðárkrókur og Skagafjarðarsýsla,

18. Siglufjörður,
19. Ólafsfjörður,
20. Akureyri og Eyjafjarðarsýsla,
21. Húsavík og Suður-Þingeyjarsýsla,
22. Norður-Þingeyjarsýsla,
23. Fljótsdalshérað,
24. Seyðisfjörður og Seyðisfjarðar-, Loðmundarfjarðar-, Borgarfjarðar- og Vopnafjarðarhreppar og Skeggjastaðahreppur í Norður-Múlasýslu,
25. Neskaupstaður og Norðfjarðar- og Mjóafjarðarhreppar,
26. Suður-Múlasýsla að undanskildum Skriðdals-, Valla-, Egilsstaða-, Eiða-, Mjóafjarðar- og Norðfjarðarhreppum,
27. Austur-Skaftafellssýsla,
28. Vestur-Skaftafellssýsla,
29. Rangárvallasýsla,
30. Vestmannaeyjar,
31. Árnessýsla.

3. gr.

Í hverju bókasafnshverfi skal vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Aðsetur þessara bókasafna skulu vera sem hér greinir:

1. Reykjavík, 2. Kópavogskaupstaður, 3. Hafnarfjörður, 4. Keflavík, 5. Hlégarður í Mosfellssveit, 6. Akranes, 7. Borgarnes, 8. Stykkishólmur, 9. Búðardalur, 10. Reykhólar, 11. Patreksfjörður, 12. Flateyri, 13. Ísafjörður, 14. Hólmavík, 15. Hvammstangi, 16. Blönduós, 17. Sauðárkrókur, 18. Siglufjörður, 19. Ólafsfjörður, 20. Akureyri, 21. Húsavík, 22. Kópasker, 23. Egilsstaðir á Fljótsdalshéraði, 24. Seyðisfjörður, 25. Neskaupstaður, 26. Eskifjörður, 27. Höfn í Hornafirði, 28. Vík í Mýrdal, 29. Hvolsvöllur, 30. Vestmannaeyjar, 31. Selfoss.

Stjórn bókasafns getur með samþykki bókafulltrúa ákveðið bókasafni annað aðsetur innan bókasafnshverfisins en mælt er fyrir um í þessari grein.

Stjórn bókasafns er heimilt, að fengnu samþykki sveitar- eða bæjarstjórnar, að stofna og reka bókasafnsútibú. Skulu þau vera undir stjórn aðalbókasafns og hlíta reglum, sem þeim verða settar og staðfestar verða af bókafulltrúa.

4. gr.

Hlutverk þessara bókasafna er að efla almenna menntun með því að gefa mönnum kost á að lesa góðar bækur, svo og á annan hátt, eftir því sem ástæður leyfa. Til hvers bókasafns skal afla innlendra bóka og rita, þjóðlegra fræða, skáldverka og rita um hagnýt efni. Leggja skal og áherzlu á öflun merkra erlendra bóka, eftir því sem kostur er á, og þá einkum skáldrita, sagnrita og rita um atvinnulíf og annarra rita, er stuðla að því að efla almenna menntun.

Bókasöfnin í Stykkishólmi, á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði skulu skyld að varðveita eitt eintak af hverju íslenzku riti, sem prentað er. Skulu söfnin njóta sakir þessarar skyldu árlegs aukastyrks úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun í fjárlögum.

Heimilt er bókasöfnum, ef viðkomandi bókasafnsstjórn samþykkir, að kaupa og lána út hljómplötur og hljómbönd.

5. gr.

Bæjarbókasöfn skulu hafa með höndum svo víðtæka útlánastarfsemi, að bókakostur þeirra megi koma bæjarbúum að sem fyllstum notum miðað við stærð safnanna, fjölbreytni, fjárhag og aðrar aðstæður. Þá skulu og bæjarbókasöfn starfrækja lestrarsal eða lestrarsali, svo sem fært er vegna rúms og fjárhagsgetu. Skylt er bókavörðum að leiðbeina um bókaval, eftir því sem unnt er og heppilegt þykir, og sérstaklega skulu þeir vera þeim notendum safnanna hjálplegir um ráð og leiðbeiningar, sem óska fræðslu eða heimilda um ákveðin efni. Þá er bókavörðum og

skylt að veita framhaldsskólanemendum skipulagsbundna fræðslu um notkun bókasafna almennt og öflun heimilda um ákveðin efni, ef skólanefndir óska þess og húsakostur bókasafnsins leyfir.

Héraðsbókasöfn skulu hafa sömu skyldur í hreppum, þar sem þau eru staðsett, og bæjarbókasöfn í bæjum. Einnig skulu þau með ákveðnum takmörkunum og skilyrðum (sbr. 30. gr.) lána um bókasafnshverfið bækur, sem ekki er kostur á í hlutaðeigandi sveitarbókasafni. Þetta nær og til bæjarbókasafna, sem jafnframt eru héraðsbókasöfn.

Bókavörðum þessara safna skal skylt, eftir því sem við verður komið, að senda fáorðar skriflegar upplýsingar um fróðleiksatriði, þegar um þær er beðið í skynsamlegum tilgangi að dómi bókavarðar. Þá skulu og þessir bókaverðir hafa eftirlit með rekstri sveitarbókasafna og bókasafna í framhaldsskólum, sjúkrahúsum og hælum, hver í sínu bókasafnshverfi, og leiðbeina bókavörðum og stjórnum bókasafna um flokkun, skráningu, afgreiðsluhætti og skýrslugerð. Skal þeim greiddur ferðakostnaður vegna eftirlits úr ríkissjóði, samkvæmt tillögu bókafulltrúa.

6. gr.

Bæir og sýslur skulu sjá söfnunum fyrir viðunandi húsnæði, enda njóta þau til húsabóta styrks úr ríkissjóði, og sömu aðilar skulu, ásamt ríkissjóði, leggja söfnunum rekstrarfé samkvæmt lögum þessum. Hlutaðeigandi bæjarstjórnir, sýslunefndir og hreppsnefndir skulu og úrskurða reikninga safnanna.

7. gr.

Fjárframlög til bæjar- og héraðsbókasafna skulu árlega greidd þannig:

Úr bæjarsjóði kaupstaðar eða hreppssjóði, þar sem safnið er staðsett, skal greiða safninu eigi minni fjárhæð en sem svarar til kr. 30.00 á íbúa kaupstaðarins eða hreppsins. Þá skal og hlutaðeigandi sýslusjóður greiða fjárhæð, sem nemi kr. 6.00 á hvern íbúa sýslunnar.

Nái íbúatala kaupstaðarins 25000, skal bæjarstjórn heimilt að lækka framlög úr bæjarsjóði um kr. 5.00 á íbúa.

Úr ríkissjóði greiðist fjárhæð, sem nemur kr. 15.00 á íbúa kaupstaðar eða hrepps, þar sem safnið er staðsett, og kr. 5.00 á íbúa á móti framlagi sýslna. Greiði kaupstaðir eða hreppar hærri fjárhæð til safns en sem nemur lágmarksgreiðslu samkvæmt lögum þessum, greiðir ríkið 50% á móti umframgreiðslum hreppa og bæja, sem í eru færri en 25 þúsund íbúar, þó aldrei hærri upphæð en kr. 5.00 fram yfir lágmark eða hæst kr. 20.00 á íbúa. Ríkið greiði 50% á móti umframgreiðslum sýslna, unz greiðsla ríkisins hefur náð kr. 7.00 á íbúa.

Fjárframlög skal miða við mannfjölda í bókasafnshverfum, eins og hann var 1. desember næsta ár á undan.

Skal Hagstofan fyrir lok febrúarmánaðar gefa bókafulltrúa skýrslu um mannfjölda í hverju bókasafnshverfi. Skal mannfjöldaskýrslan vera þannig sundurliðuð, að glögglega sjáist, hvað hverjum aðila beri að greiða. Ber bókafulltrúa að tilkynna stjórnum bókasafnanna mannfjölda í bókasafnshverfum.

Framlög kaupstaða og hreppa greiðast gjaldkera safns fjórum sinnum á ári, en sýslna í einu lagi fyrir 1. júlí ár hvert.

Framlög ríkisins skulu greidd með tveim jöfnum greiðslum, hinni fyrri fyrir lok aprílmánaðar og hinni síðari fyrir lok októbermánaðar. Bókafulltrúa skulu áður hafa borizt vottorð safnstjórnar um, að heimaaðilar hafi staðið skil á lögboðnum framlögum sínum.

8. gr.

Bæjarstjórn eða hreppsnefnd, þar sem bókasafn er staðsett, og sýslunefnd kjósa stjórn safnsins, að afstöðnum kosningum bæjarstjórna og sýslunefnda, fyrir kjörtímabilið.

Í stjórn bókasafns skulu eiga sæti 3 eða 5 menn, eftir því sem þeir aðilar ákveða, sem hana kjósa. Rísi ágreiningur milli aðila um fjölda stjórnarmanna, sker bókafulltrúi úr.

Þar sem að héraðsbókasafni standa bæði kaupstaðir og eitt eða fleiri sýslufélög eða hluti sýslufélags, skal fara um fjölda stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu.

9. gr.

Stjórn bókasafns skal hafa eftirlit með húsakynnum safnsins og bókaeign þess og öðru því, sem safnið varðar, og ráða bókaverði.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn bókasafns senda hlutaðeigandi bæjarstjórn og/eða sýslunefnd(um) og bókafulltrúa skýrslu um starfsemi safnsins á liðnu ári, hag þess og bókakaup.

10. gr.

Laun bókavarða skal ákveða með hliðsjón af kjarasamningum opinberra starfsmanna á hverjum tíma.

Auglýsa skal stöður bókavarða og yfirbókavarða með minnst mánaðar umsóknarfresti. Í auglýsingu skal getið launakjara og skírskotað til laga um réttindi til starfsins. Uppfylli enginn umsækjandi ofangreind skilyrði, skal endurtaka auglýsingu, en að því loknu er bókafulltrúa heimilt að veita undanþágu til að ráða þann, sem hæfastur þykir til starfsins.

11. gr.

Stjórn bæjar- og/eða héraðsbókasafns, þar sem bókavarzlan er ekki aðalstarf, ræður mann til starfsins um óákveðinn tíma, og skal hún gera sér far um að fá til þess þann hæfasta, sem völ er á. Skal hún leita álits bókafulltrúa á hæfni þess, er hún hyggst ráða. Maður, sem ráða skal til bókavörzlu, verður að skuldbinda sig til að kynna sér skráningu bóka, afgreiðsluhætti og skýrslugerð í íslenzku bæjarbókasafni.

Laun bókavarða samkvæmt þessari grein skulu ákveðin að fengnum tillögum bókafulltrúa.

II. KAFLI

Um sveitarbókasöfn.

12. gr.

Í hverju sveitarfélagi utan þeirra kauptúna, þar sem héraðsbókasöfn eru starfandi, skal vera sveitarbókasafn, nema annað komi til samkv. lögum þessum (sbr. 13. gr.).

Sveitarbókasafn skal rekið af hlutaðeigandi sveitarstjórn(um), lestrarfélagi (lestrarfélögum) eða öðrum félagssamtökum sveitarinnar. Þar sem ekki starfar sveitarbókasafn, skal sveitarstjórn stofna eða láta stofna slíkt safn eigi síðar en að ári liðnu frá gildistöku þessara laga.

13. gr.

Kjósi tveir eða fleiri hreppar eða lestrarfélög í tveim eða fleiri sveitarfélögum að sameinast um eitt sveitarbókasafn, skal þeim það heimilt. Sveitarstjórn skal heimilt að undangenginni samþykkt á almennum hreppsfundi að fela héraðsbókasafni það hlutverk, sem ætlað er sveitarbókasafni samkvæmt lögum þessum, enda renni þá til héraðsbókasafnsins það framlag hlutaðeigandi sveitarsjóðs og ríkissjóðs, sem sveitarbókasafni ber (sbr. 14. gr.).

14. gr.

Fjárframlög til sveitarbókasafna skulu greiðast þannig:

Þar sem sveitarbókasafn er rekið af sveitarstjórn, skal úr sveitarsjóði greidd fjárhæð, sem nemur eigi minna en kr. 10.00 á hvern íbúa sveitarinnar samkvæmt síðasta manntali, og skal greidd jafnhá fjárhæð á móti úr ríkissjóði.

Njóti sveitarbókasafn hærri fjárstyrks úr sveitarsjóði, félagssjóðum eða frá öðrum aðilum en sem nemur kr. 10.00 á hvern íbúa, skal skylt að greiða úr ríkissjóði 50% framlag á móti því, sem fram yfir er, en þó aldrei móti hærra heildarframlagi en sem nemur kr. 30.00 á hvern íbúa sveitarinnar, nema þar sem íbúatalan nær ekki 150. Þar skal hámarksgreiðsla ríkissjóðs samkvæmt þessum lögum miðast við kr. 40.00 á íbúa, en heimilt er að veita viðbótarstyrk á fjárlögum, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

15. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 14. gr., skal skipuð 3 mönnum, kosnum af sveitarstjórn að afloknum hreppsnefndarkosningum og til 4 ára.

16. gr.

Þar sem lestrarfélag (lestrarfélög) eða önnur félagssamtök annast rekstur sveitarbókasafna, skal um framlög til bókasafnsins frá félagssamtökunum og ríkissjóði fara eftir sömu reglum og segir í 15. gr., og nái ekki fjárframlag félagsins eða félaga því lágmarki, sem ákveðið er í 15. gr., skal greiða muninn úr sveitarsjóði.

17. gr.

Stjórn sveitarbókasafns, sem rekið er samkvæmt 12. og 16. gr. laga þessara, skal skipuð þrem mönnum. Skulu tveir þeirra kosnir af félagssamtökum þeim, sem að safninu standa, á hverjum aðalfundi félags. Hinn þriðja kýs hlutaðeigandi sveitarstjórn til 4 ára. Þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög eða félagssamtök í tveim eða fleiri sveitarfélögum standa að sveitarbókasafni, skal stjórnin skipuð fimm mönnum, og fer um tölu stjórnarnefndarmanna frá hverjum aðila eftir reglum, sem settar verða af menntamálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna og bókafulltrúa.

18. gr.

Skylt er sveitarstjórn(um) að sjá sveitarbókasafni fyrir húsnæði.

19. gr.

Hætti félagssamtök þau, sem um getur í 16. gr., að reka sveitarbókasafn eða vanræki það, er hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) skylt að taka það í sínar vörzlur og reka það samkv. lögum þessum. Rísi ágreiningur út af slíkum skiptum, skal hlíta úrskurði menntamálaráðuneytisins.

20. gr.

Stjórn sveitarbókasafns skal starfa undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarstjórnar (sveitarstjórna), og skulu reikningar þess endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins (hreppanna).

Stjórnin skal sjá um, að safnið komi að sem fyllstum notum öllum þeim, sem búa í því sveitarfélagi (þeim sveitarfélögum), sem það tilheyrir. Hún skal ráða safninu bókavörð og leitast við að fá til bókavörzlu áhugasama menn um bækur og bóklestur. Greiða má bókaverði þóknun.

21. gr.

Í fjölmennum sveitum skal að því stefnt að starfrækja lestrarsal, afla safninu handbóka og fræðibóka um atvinnulíf og tækni og koma á kennslu handa unglingum í notkun bókasafna. Um ráðningu bókavarða slíkra safna gilda sömu reglur og um ráðningu þeirra, sem um er fjallað í 11. gr.

22. gr.

Í marzmánuði ár hvert skal stjórn sveitarbókasafns senda hlutaðeigandi sveitarstjórn(um) og bókafulltrúa ýtarlega skýrslu um hag og rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og skal þá bókafulltrúi hlutast til um, að safnið fái styrk þann, sem því ber úr ríkissjóði fyrir liðið ár.

III. KAFLI

Um bókasöfn skóla og annarra opinberra stofnana.

23. gr.

Heimilt er að stofna og reka bókasöfn með styrk af opinberu fé í heimavistarskólum (barnaskólum og framhaldsskólum), hvort sem er í sveit eða kaupstað, svo og í sjúkrahúsum landsins, heilsuhælum, elliheimilum og öðrum vistheimilum, svo og fangahúsum.

24. gr.

Skólabókasöfn, sem um getur í 23. gr., skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði, sem nemur kr. 20.00 á hvern nemanda og starfsmann miðað við fjölda þeirra í byrjun skólaárs, enda fái safnið jafnháan fjárstyrk annars staðar frá.

Skólastjóri skal hafa umsjón með skólabókasafni og sjá um, að það komi kennurum og nemendum að sem fyllstum notum. Hann skal í lok skólaárs senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu skólaári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að bókasafn skólans fái ríkisstyrk þann, sem því ber fyrir liðið skólaár.

25. gr.

Bókasöfn þau, sem um getur í 23. gr., önnur en skólabókasöfn, skulu njóta árlegs styrks úr ríkissjóði, sem nemur kr. 40.00 á rúm sjúkrahúss, eins og þau eru talin samkvæmt skýrslu landlæknis, eða tölu vistmanna í hæli, eins og hún er í ársbyrjun.

Bókasöfn þessi skulu vera undir umsjá stjórnar stofnunarinnar, en heimilt er henni að fela framkvæmdastjóra stofnunarinnar eða öðrum starfsmanni hennar forsjá safnsins.

Stjórn bókasafnsins (stofnunarinnar) skal í febrúarmánuði ár hvert senda bókafulltrúa skýrslu um hag, rekstur og bókakaup safnsins á liðnu ári, og ber þá bókafulltrúa að hlutast til um, að safnið fái ríkisstyrk þann, sem því ber.

26. gr.

Námsstjórar skulu á ferðum sínum um landið hyggja að rekstri, aðbúnaði og starfi bókasafna í barnaskólum og gefa bókafulltrúa skýrslu um ástand þeirra og starfrækslu, og þá einkum víkja að einstökum söfnum, ef sérstök ástæða þykir til umbóta eða rekstri og aðbúnaði þannig farið, að verða megi til fyrirmyndar.

IV. KAFLI

Um framlag til húsabóta.

27. gr.

Áætla skal árlega á fjárlögum ekki minni upphæð en kr. 500 000, sem veittar séu sem framlag ríkisins til húsabóta handa almenningsbókasöfnum.

Fé skal veita gegn framlögum heima í héraði til byggingar nýrra og hagkvæmari húsa handa bókasöfnum, til breytinga á húsum, sem keypt eru handa bókasöfnum, til viðbygginga og til meiri háttar lagfæringa á húsnæði bókasafna.

V. KAFLI
Um bókafulltrúa.

28. gr.

Menntamálaráðherra skal skipa bókafulltrúa ríkisins. Bókafulltrúi skal hafa eftirlit með öllum almenningsbókasöfnum landsins, leiðbeina stjórnum þeirra og bókavörðum um bókaval, húsbyggingar, ráðningu starfsmanna og allt, sem lýtur að rekstri bókasafna. Hann skal efla menntun bókavarðastéttarinnar í samráði við Háskóla Íslands og Bókavarðafélag Íslands með námskeiðum og útgáfu fræðslurita. Einnig skal bókafulltrúi vera ráðunautur menntamálaráðuneytisins um öll málefni almenningsbókasafna.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

29. gr.

Öll almenningsbókasöfn, sem styrks njóta samkvæmt lögum þessum, skal geyma í góðum, rakalausum húsakynnum.

Allar óbundnar bækur þeirra skal binda í traust band, jafnóðum og því verður við komið.

Aldrei má lána út óbundna bók eða lausa úr bandi.

Allar bækur, sem safnið eignast, skulu skráðar í aðfangabók og tölusettar og auðkenndar sem eign safnsins. Skulu þær skipulega flokkaðar og þeim raðað.

Jafnan skal vera í bókasafni handhæg bókaskrá fyrir notendur safnsins og bókavörð.

Heimilt er stjórnum bókasafna að setja í sérstakan flokk bækur, sem ekki skal lána úr bókasafni, svo sem fágætar bækur, orðabækur og ýmsar handbækur, en lána skal þær í lestrarsal.

30. gr.

Öll almenningsbókasöfn landsins skulu hafa samstarf sín á milli um gagnkvæm bókalán og bókaskipti, eftir því sem hagkvæmt þykir. Um bókaskipti skal leita ráða og samþykkis bókafulltrúa.

31. gr.

Skylt er, að hvert það bæjar- eða héraðsbókasafn, sem talið er upp í lögum þessum, fái ókeypis eitt eintak af Alþingistíðindum, Stjórnartíðindum, skýrslum Hagstofunnar, Lagasafni, Hæstaréttardómum, skólaskýrslum, Lögbirtingablaðinu, prentuðum álitum milliþinganefnda og öðrum opinberum skýrslum og ritum, sem ríki og stofnanir þess gefa út.

Einnig samrit af íbúaskrá Hagstofunnar fyrir bæinn eða héraðið og afrit af skýrslum sóknarpresta til Hagstofunnar, sem um getur í 2. tölul. 4. gr. laga nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu.

Enn fremur skýrslur sýslunefnda og bæjarfélaga. Skal bókasöfnum sent þetta þeim að kostnaðarlausu, og er skylt að láta binda Alþingistíðindi og Stjórnartíðindi.

Heimilt er öðrum almenningsbókasöfnum að fá ókeypis þau ofantalinna rita, er þau óska, ef þau hlíta settum reglum að binda þau og geyma.

32. gr.

Ef stjórn bókasafns vanrækir að senda tilskildar skýrslur um starfsemi safnsins og gera reikningsskil á lögskildum tíma, skal safninu ekki greiddur styrkur úr ríkissjóði fyrr en úr hefur verið bætt. Dragist að gera lögskil, skal það tilkynnt hlutaðeigandi bæjarstjórn, sýslumanni eða sveitarstjórn. Sé ekki að heldur bætt úr, skal bókafulltrúi hlutast til um, að menntamálaráðuneytið hafi afskipti af málinu.

33. gr.

Ef bæjarstjórn, sýslunefnd eða sveitarstjórn vanrækir þær skyldur, sem þeim eru lagðar á herðar í lögum þessum um fjárframlög, framkvæmanlega fyrirgreiðslu um öflun hagkvæms húsnæðis handa söfnum og kosningu stjórna, skal bókafulltrúi áminna þær skriflega. Reynist það ekki fullnægjandi, skal hann óska íhlutunar menntamálaráðuneytisins.

34. gr.

Skylt er að vátryggja öll bókasöfn, sem lög þessi taka til, og skal leita álits bókafulltrúa um vátryggingarupphæðina.

35. gr.

Ráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

VII. KAFLI

Um gildistöku laganna.

36. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1964, en jafnframt falla úr gildi lög nr. 42/1955 og breyting á þeim lögum nr. 50/1956.

Ed. 645. Nefndarálit [241. mál]

um frv. til laga um makaskipti á landspildum úr landi jarðanna Laugardalshóla og Miðdalskots í Laugardalshreppi.

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur rætt þetta frv. á einum fundi og mælir með því, að það verði samþykkt óbreytt. Einn nefndarmanna (PÞ) var ekki á fundi, þegar málið var afgreitt.

Alþingi, 10. apríl 1963.

Bjartmar Guðmundsson, form. Sigurður Ó. Ólafsson, fundaskr., frsm. Jón Þorsteinsson.

Ásgeir Bjarnason.

Nd. 646. Lög [139. mál]

um breyting á lögum nr. 49 28. apríl 1962, um Ríkisábyrgðasjóð.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 249.

Nd. 647. Lög [147. mál]

um kirkjugarða.

(Afgreidd frá Nd. 10. apríl.)

Samhljóða þskj. 440 (sbr. 268).

Nd. **648. Frumvarp til laga** [244. mál]

um breyting á lögum nr. 73 25. nóv. 1952, um tilkynningar aðsetursskipta.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Maður, sem kemur erlendis frá til búsetu eða dvalar hér á landi, skal tilkynna viðkomandi sveitarstjórn aðsetur sitt innan 7 daga frá komu til landsins. Undanþegnir þessari skyldu eru þeir, sem dveljast hér skemmri tíma en þrjá mánuði og halda lögheimili í öðru landi, meðan þeir eru hér, enda stundi þeir ekki atvinnu í landinu.

Hver sá, sem fer til útlanda og hættir að eiga lögheimili hér á landi, skal tilkynna það viðkomandi sveitarstjórn, áður en hann fer, og meðal annars upplýsa fullt aðsetur sitt erlendis. Þeir, sem hafa tilkynnt komu til landsins samkvæmt 1. málsgr. þessarar greinar eða verið skyldir til að gera það, skulu tilkynna brottför sína frá því á sama hátt, nema hlutaðeigandi hyggi á endurkomu til landsins eftir dvöl um stundarsakir erlendis.

Heimilt er að ákveða, að fyrirmæli 1. málsgr. þessarar greinar skuli ekki taka til námsmanna frá tilteknum löndum eða til erlendra sjómanna á íslenzkum fiskiskipum, enda hafi hinir síðarnefndu ekki aðsetur í landi.

2. gr.

6. gr. laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt hingað til lands frá einhverju Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 1. málsgr. 5. gr., afhenda viðkomandi sveitarstjórn vottorð um flutninginn í nánar tilteknu formi, sem gefið er út af skráningaryfirvaldi í því landi, sem frá er komið. Fjármálaráðherra er einnig heimilt að ákveða, að hver sá, sem flytur lögheimili sitt héðan til einhvers Norðurlandanna, skuli, um leið og hann fullnægir tilkynningarskyldu samkvæmt 2. málsgr. 5. gr., fá afhent vottorð um flutninginn, sem gefið er út af þjóðskránni eða af sveitarstjórn í umboði hennar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt af allsherjarnefnd neðri deildar í samráði við fjármálaráðherra. Fylgdi því eftirfarandi greinargerð frá hagstofustjóra:

Á síðasta þingi Norðurlandaráðs var samþykkt að mæla með því við ríkisstjórnir landanna, að þau tækju upp samstarf á sviði almannaskráningar í samræmi við tillögur norrænnar sérfræðinganefndar, er skilaði áliti 1961 (sjá Nordisk udredningsserie 1961:4. Internordiske flytteattester). Var nefnd þessi sett á laggir 1955 samkvæmt ályktun Norðurlandaráðs nr. 5/1954, um samnorræn flutningsvottorð. Fulltrúi Íslands í nefndinni var hagstofustjóri. — Gera þarf smávægilegar breytingar á núgildandi lögum um tilkynningar aðsetursskipta til þess, að Ísland geti orðið aðili að þessu samstarfi Norðurlanda, og felast þær í frv. því, er hér liggur fyrir.

Í tillögu nefndarinnar er gert ráð fyrir, að Norðurlönd verði ein heild í skráningarlegu tilliti, þannig að maður, sem flytur lögheimili sitt úr einu Norðurlanda í annað, sé aldrei felldur af skrá í brottflutningslandinu, fyrr en hann hefur verið tekinn á skrá í innflutningslandinu, og enn fremur, að hann sé ávallt felldur af

skrá í brottflutningslandinu, ef hann er tekinn á skrá í innflutningslandinu, enda ræður síðar nefnda landið skráningu, þegar ágreiningur er um hana. Til þess að koma þessu kerfi á verða notuð svonefnd flutningsvottorð („flytteattester"). Hver, sem flytur lögheimili sitt milli tveggja Norðurlanda, fær flutningsvottorð frá skráningaryfirvaldi í brottflutningslandinu. Er hann kemur til innflutningslandsins, framvísar hann vottorðinu hjá viðkomandi skráningaryfirvaldi, er sendir afrit þess („flyttebevis") til skráningaryfirvaldsins í brottflutningslandinu, og fellir það þá hlutaðeiganda af skrá hjá sér. Er hér um að ræða sama fyrirkomulag og notað er í öllum Norðurlöndunum nema Íslandi í sambandi við flutninga milli umdæma innanlands. Hér á landi eru ekki notuð flutningsvottorð, vegna þess að þeirra er ekki þörf í landi, þar sem er ein heildarskrá fyrir alla íbúa landsins.

Sérfræðinganefndin leggur til, að Norðurlönd geri með sér samning um skráningu flutninga milli þeirra, og er uppkast að slíkum samningi á bls. 47—49 í ofannefndu nefndaráliti. Gert er ráð fyrir, að hið nýja skráningarkerfi komi til framkvæmda á komandi sumri eða hausti. Finnsk stjórnarvöld hafa samþykkt nefndarálitið með fyrirvara, þar sem skilyrði eru erfið í Finnlandi til þess að taka þátt í þessu samstarfi, og verður sennilega einhver bið á því, að það land gerist aðili. Í Danmörku, Noregi og Svíþjóð hafa hins vegar þegar verið gerðar ráðstafanir til, að þessi lönd verði aðilar frá byrjun.

Hið fyrirhugaða samstarf Norðurlanda á sviði almannaskráningar mun leiða af sér stórbætta framkvæmd tilkynningarákvæða að því er tekur til aðsetursskipta milli viðkomandi landa. Er þetta mikill ávinningur fyrir þjóðskrána, skattyfirvöld og aðra, sem hér eiga hlut að máli. Þess má geta, að hingað til hafa aðsetursskipti milli landa verið miklu verr tilkynnt en aðsetursskipti innanlands. Eftir að hin nýja tilhögun kæmist á, mundi þetta gerbreytast að því er snertir aðsetursskipti milli Íslands og Norðurlanda, en þau eru tiltölulega stór hluti flutninga milli landa.

Í 2. gr. frv., er yrði 6. gr. í lögum nr. 73/1952, um tilkynningar aðsetursskipta, eru þau ákvæði, sem lögfesta þarf til þess, að Ísland geti orðið aðili að þessu samstarfi Norðurlanda. Þarfnast þær ekki frekari skýringa. Ákvæði 1. og 2. málsgr. 1. gr. frv. koma í stað ákvæðis 5. og 6. gr. í lögum um tilkynningar aðsetursskipta. Er þar kveðið skýrar á um nokkur atriði en er í núgildandi ákvæðum um sama efni, og auk þess er um að ræða smávægilegar efnisbreytingar, sem eru æskilegar samkvæmt fenginni reynslu. Hins vegar eru breytingar litlar eða engar frá því, sem gilt hefur í framkvæmd.

Ákvæði 3. málsgr. 1. gr. um, að undanþiggja megi námsmenn tilkynningarskyldu við komu til landsins, er sett í frv. vegna þess, að vera kann, að það verði talið heppilegt, að námsmenn verði aðeins skráðir í heimalandi sínu, en ekki þar sem þeir eru við nám í öðrum Norðurlöndum. — Ákvæðið um, að undanþiggja megi tilkynningarskyldu erlenda sjómenn á íslenzkum fiskiskipum, er sett í frv. vegna þess, að ekki er hægt að framfylgja tilkynningarákvæðum gagnvart þeim, enda ástæðulítið að gera það, meðan hlutaðeigendur hafa ekki aðsetur í landi.

Þess skal að lokum getið, að frv. hefur verið borið undir ríkisskattstjóra, þar sem það snertir skattlagningu útlendinga. Hafði hann ekkert við frv. að athuga.

Nd. 649. Nefndarálit [243. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og l. nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyting á þeim lögum.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. og er sammála um að mæla með samþykkt þess með einni

BREYTINGU:

Við 1. gr. Í stað orðanna „kl. 6“ komi: kl. 8.

Alþingi, 16. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Alfreð Gíslason.
Einar Olgeirsson. Björn Fr. Björnsson.

Nd. 650. Nefndarálit [215. mál]

um frv. til l. um Tækniskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur rætt frv. á mörgum fundum og fengið umsagnir og álit ýmissa aðila, sem málið snertir. Telur n. ókleift að afgreiða frv. án verulegra breytinga, og eru þessar veigamestar:

1) Vélskóla Íslands verði ekki blandað í þessa skólastofnun og starfi hann áfram sem sjálfstæð stofnun.
2) Ákvæði um, að skólinn taki til starfa haustið 1963, er óraunhæft og því ekki rétt að lögfesta það.

Frv. hefur verið umsamið í samráði við hæstv. menntamálaráðherra og gerðar þessar höfuðbreytingar. Ýmsar greinar eru felldar niður, þar sem þær eiga betur heima í reglugerð, og notað er heitið skólastjóri, en ekki rektor.

Með því að samþykkja slík heimildarlög sem brtt. gera frv. að, mundi Alþingi staðfesta vilja sinn til, að Tækniskóla Íslands verði komið upp sem fyrst, og tryggja, að undirbúningi verði haldið áfram af fullum krafti. Gerir 12. brtt. ráð fyrir, að þegar verði sett nefnd til að semja reglugerð um starfsemi skólans og móta hann.

Í brtt. er gert ráð fyrir, að undirbúningsdeildir megi starfa bæði á Akureyri og í Reykjavík. Má telja, að þar með kæmi vísir að fullkomnum tækniskóla einnig á Akureyri.

Nefndarmenn áskilja sér rétt til að fylgja öðrum brtt., ef fram koma.

Alþingi, 16. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm. Ragnhildur Helgadóttir, fundaskr. Alfreð Gíslason.
Einar Olgeirsson. Björn Fr. Björnsson.

Nd. **651. Breytingartillögur** [215. mál]

um frv. til l. um Tækniskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

1. 1. gr. orðist svo:
   Heimilt er að stofna í Reykjavík skóla, sem nefnist Tækniskóli Íslands. Markmið skólans skal vera að veita nemendum tæknilega og almenna menntun, sem geri þá hæfa til að takast sjálfstætt á hendur tæknileg störf og ábyrgðarstöður í þágu atvinnuvega þjóðarinnar. Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði.
2. 2. gr. orðist svo:
   Menntamálaráðherra skal fara með yfirstjórn skólans. Hann skipar skólastjóra og kennara.
3. 3. gr. orðist svo:
   Skólastjóri hefur yfirumsjón með kennslu og annarri starfsemi skólans. Hann annast daglegan rekstur skólans, hefur á hendi reikningshald og umsjón með byggingum og öðrum eignum skólans. Enn fremur ræður hann, með samþykki ráðherra, starfsfólk skólans.
   Kennarar og starfsmenn taka laun samkvæmt kjarasamningum.
4. 4. gr. orðist svo:
   Þeir einir geta orðið fastir kennarar skólans, sem hafa lokið prófi frá viðurkenndum tækniskóla eða háskólaprófi í aðalkennslugrein sinni.
   Kennsluskylda kennara skal ákveðin í reglugerð.
5. 5. gr. orðist svo:
   Námstími í skólanum skal ákveðinn í reglugerð.
6. 6. gr. orðist svo:
   Heimilt er, að skólinn starfi í deildum, og skal deildaskipun ákveðin í reglugerð.
   Nú er skólanum skipt í deildir, og skal þá heimilt að skipa deildarstjóra úr hópi kennara hlutaðeigandi deildar.
7. 7., 8., 9. og 10. gr. falli niður.
8. 11. gr., sem verður 7. gr., orðist svo:
   Heimilt skal að starfrækja undirbúningsdeild við skólann bæði í Reykjavík og á Akureyri. Hlutverk undirbúningsdeildar er að búa þá nemendur, sem hafa nægilega verklega þjálfun, undir nám í tækniskólanum með kennslu í undirstöðuatriðum tækninámsins, svo sem stærðfræði og eðlisfræði.
9. 12. gr., sem verður 8. gr., orðist svo:
   Inngöngu í undirbúningsdeild skal veita þeim nemendum, sem lokið hafa prófi frá iðnskóla. Enn fremur geta fengið inngöngu í undirbúningsdeild þeir, sem lokið hafa miðskólaprófi og hafa hlotið nægilega verklega þjálfun.
   Heimilt er að láta umsækjendur þreyta sérstakt inntökupróf, sem sker úr um aðgang nemenda að undirbúningsdeild.
10. Á eftir 12. gr. komi ný grein, er verður 9. gr., svo hljóðandi:
    Rétt til skólavistar í skólanum eiga þeir nemendur, sem lokið hafa prófi frá undirbúningsdeild, sem og þeir, sem standast inntökupróf.
11. 13., 14., 15. og 16. gr. falli niður.
12. 17. gr., sem verður 10. gr., orðist svo:
    Þegar eftir gildistöku laga þessara skal menntamálaráðherra skipa nefnd til þess að semja reglugerð um starfsemi skólans. Í nefnd þessari skulu eiga sæti menn, sem hafa þekkingu á tæknifræði, verkfræði, iðnnámi og skólamálum.
    Skal skólinn taka til starfa, þegar reglugerð hefur verið sett.
13. Ákvæði til bráðabirgða falli niður.

Ed. **652. Nefndarálit** [214. mál]

um frv. til l. um þátttöku Síldarverksmiðja ríkisins í útgerðarfélagi á Siglufirði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur í dag tekið mál þetta til umræðu á fundi sínum. Tveir nefndarmenn voru fjarverandi, þeir Kjartan J. Jóhannsson og Björn Jónsson. Nefndin mælir með því, að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. apríl 1963.

Jón Árnason, form., frsm. Eggert G. Þorsteinsson, fundaskr. Sigurvin Einarsson.

Nd. **653. Breytingartillaga** [196. mál]

við brtt. á þskj. 635 [Almannatryggingar].

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Við 3. brtt. b. Í stað orðanna „sem skiptist á milli barna hins látna, ef fyrir hendi eru“ komi: sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna, ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

Ed. **654. Lög** [219. mál]

um breyting á lögum nr. 36 12. febrúar 1945, um framboð og kjör forseta Íslands.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 455.

Ed. **655. Lög** [177. mál]

um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kauptún vegna landakaupa.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 443.

Ed. **656. Lög** [140. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að selja tvær eyðijarðir í Árskógshreppi.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 250.

Ed. **657. Lög** [230. mál]

um heimild til lántöku fyrir raforkusjóð.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 493.

Ed. 658. Nefndarálit [205. mál]

um frv. til laga um Kennaraskóla Íslands.

Frá menntamálanefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og mælir með samþykkt þess. Nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja við frv. brtt. og að fylgja öðrum, sem fram kunna að koma.
Einn nefndarmanna (FRV) var fjarverandi, þegar málið var afgreitt í nefndinni.

Alþingi, 16. apríl 1963.

Auður Auðuns, form., frsm. Ólafur Björnsson, fundaskr. Friðjón Skarphéðinsson.
Páll Þorsteinsson.

Ed. 659. Lög [231. mál]

um breyting á lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands h/f, nr. 113 29. desember 1951.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 498.

Ed. 660. Lög [234. mál]

um breyting á lögum nr. 7 14. júní 1929, um tannlækningar.

(Afgreidd frá Ed. 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 506.

Nd. 661. Frumvarp til laga [196. mál]

um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. apríl.)

Samhljóða þskj. 384 með þessum breytingum:

12. gr. hljóðar svo:
Rétt til ellilífeyris eiga þeir, sem eru 67 ára eða eldri.
Árlegur ellilífeyrir einstaklings skal vera sem hér segir:

Ef	lífeyrir	er	fyrst	tekinn	frá	72	ára	aldri	eða	síðar	.....	kr. 30 480.00
—	—	—	—	—	—	71	—	—	—	—	.....	— 27 360.00
—	—	—	—	—	—	70	—	—	—	—	.....	— 24 360.00
—	—	—	—	—	—	69	—	—	—	—	.....	— 22 080.00
—	—	—	—	—	—	68	—	—	—	—	.....	— 19 800.00
—	—	—	—	—	—	67	—	—	—	—	.....	— 18 240.00

Hækkun lífeyris vegna frestunar fram yfir 67 ára aldur skal ekki veitt, nema umsækjandi hafi þann tíma átt lífeyrisrétt hér á landi eða í landi, sem samið er við

um gagnkvæman rétt til ellilífeyris. Frestun á töku lífeyris telst lokið, þegar hlutaðeiganda er úrskurðaður ellilífeyrir í fyrsta sinn.

Lífeyrir hjóna, sem bæði fá lífeyri, skal nema 90% af lífeyri tveggja einstaklinga. Heimilt er þó að úrskurða hvoru hjónanna um sig einstaklingslífeyri, ef þau eru eigi samvistum af heilsufarsástæðum eða öðrum ástæðum, er tryggingaráð metur jafngildar.

Nú andast maður, sem frestað hefur töku lífeyris fram yfir 67 ára aldur, og lætur eftir sig maka á lífi, og skal þá hinn eftirlifandi maki til viðbótar eigin ellilífeyri eiga rétt á þeirri hækkun, sem hinn látni átti rétt á vegna frestunar, sem átt hafði sér stað eftir 1. janúar 1961.

14. gr. hljóðar svo:

Greiða má maka elli- og örorkulífeyrisþega makabætur allt að 80% einstaklingslífeyris, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

15. gr. hljóðar svo:

Fjölskyldubætur eru greiddar með öllum börnum yngri en 16 ára. Skulu þær greiddar þeim, sem foreldraráðin hafa, eða þeim öðrum, sem annast framfærslu barnanna, nema meðlagsgreiðandi, sem greiðir meira en lágmarksmeðlag, óski eftir, þá er heimilt að draga helming fjölskyldubótanna frá meðlagsgreiðslunni, þó aldrei svo, að meðlagið verði lægra en lágmarksmeðlag.

Árlegar fjölskyldubætur með hverju barni skulu vera kr. 3000.00.

17. gr. hljóðar svo:

Mæðralaun skulu greidd ekkjum, ógiftum mæðrum og fráskildum konum, sem hafa börn undir 16 ára aldri á framfæri sínu.

Árleg mæðralaun skulu vera sem hér segir:

Með einu barni	kr.	1680.00
Með tveimur börnum	—	9120.00
Með þremur börnum eða fleiri	—	18240.00

21. gr. hljóðar svo:

Heimilt er að greiða uppbót á elli- og örorkulífeyri, ef sýnt þykir, að lífeyrisþegi geti ekki komizt af án hækkunar.

Tryggingastofnunin ákveður uppbót samkvæmt grein þessari að fengnum tillögum sveitarstjórnar, og greiðist hún að $\frac{3}{5}$ af Tryggingastofnuninni, en að $\frac{2}{5}$ af sveitarsjóði. Er stofnuninni heimilt að verja í þessu skyni upphæð, sem nemur allt að 10% af heildarupphæð elli- og örorkulífeyris síðastliðins árs.

Hlutur Tryggingastofnunarinnar greiðist því aðeins, að hlutur sveitarsjóðs sé jafnframt greiddur.

37. gr. hljóðar svo:

Ef slys veldur dauða innan eins árs frá því, er það bar að höndum, skal greiða dánarbætur sem hér segir:

a. Ekkja eða ekkill, sem var samvistum við hinn látna eða á framfæri hans, hljóta bætur, kr. 2000.00 á mánuði í 8 ár frá dánardægri hins látna. Bætur samkvæmt þessum staflið falla ekki niður, þótt ekkja eða ekkill stofni til hjúskapar á ný.

   Nú andast ekkja eða ekkill, sem bóta hefur notið samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, áður en bætur hafa verið greiddar að fullu, og skulu eftirstöðvar bótanna greiddar að jöfnu börnum hinna látnu eftir sömu reglum til loka tímabilsins, ef á lífi eru, ella til dánarbús hans.

b. Ef ekkja eða ekkill eru orðin 50 ára eða hafa tapað meiru en 50% af starfsorku sinni, er slysið ber að höndum, greiðist auk bóta samkvæmt a-lið lífeyrir

til 67 ára aldurs, kr. 18240.00 á ári miðað við 65 ára aldur eða 75% örorku. Lífeyrir lækkar um 6% fyrir hvert ár eða brot úr ári, sem vantar á 65 ára aldur, og 4% fyrir hvert 1%, sem vantar á 75% örorku. Lífeyrir samkvæmt þessum staflið fellur niður, ef bótaþegi gengur í hjónaband á ný.

c. Barnalífeyrir, kr. 8400.00 á ári fyrir hvert barn, sbr. að öðru leyti 16. gr.
d. Barn eldra en 16 ára, sem var á framfæri hins látna vegna örorku, þegar slysið bar að höndum, fær bætur, eigi minni en kr. 25000.00 og allt að kr. 75000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans. Þó greiðast ekki bætur, ef örorka er minni en 33%. Sama gildir um systkini hins látna, þegar eins stendur á.
e. Foreldri hlýtur eigi minni bætur en kr. 25000.00 og allt að kr. 75000.00 eftir því, að hve miklu leyti það naut stuðnings hins látna við fráfall hans.

Bætur samkvæmt a-, d- og e-liðum skulu eigi vera lægri en kr. 35000.00 fyrir hvert slys. Nú lætur hinn látni ekki eftir sig aðstandendur, sem rétt eigi til bóta samkvæmt þessum staflíðum, og skal þá bæta slysið með kr. 35000.00, sem skiptist að jöfnu milli barna hins látna, ef á lífi eru, en ella til dánarbús hans.

Um fósturbörn og fósturforeldra gildir sama og um börn og foreldra. Tryggingaráð úrskurðar, hvoru skuli greiða, foreldri eða fósturforeldri, ef hvort tveggja er á lífi.

Frá dánarbótum, sem greiddar eru vandamönnum, ber að draga þær örorkubætur, er greiddar hafa verið í einu lagi samkvæmt 4. málsgr. 36. gr. vegna sama slyss.

44. gr. hljóðar svo:

Formaður héraðssamlags er sýslumaður hlutaðeigandi sýslufélags, eða — séu fleiri valdsmenn á svæðinu — sá þeirra, sem félagsmálaráðherra til þess skipar. Sýslunefnd kýs til viðbótar tvo menn í stjórnina. Nái héraðssamlag til meira en eins sýslufélags, kýs hver sýslunefnd eða bæjarstjórn einn mann í stjórnina.

Tryggingastofnunin ákveður þóknun stjórnarinnar.

54. gr. hljóðar svo:

Tryggingastofnun ríkisins ákveður iðgjöldin í hverju samlagi að fengnum tillögum sjúkrasamlagsstjórnar og umsögn stjórnar héraðssamlags þess, sem sjúkrasamlagið er aðili að. Iðgjaldsákvörðun er háð staðfestingu ráðherra. Iðgjöld skulu ákveðin með það fyrir augum, að heildartekjur samlags nægi til að standa straum af skuldbindingum þess.

Iðgjöld greiða allir þeir, sem tryggingarskyldir eru í sjúkrasamlagi, sbr. 47. gr. Iðgjöld skulu greidd fyrir fram og gjalddagar ákveðnir í samþykktum.

Stefnt skal að því, að iðgjöldin séu jafnhá, þar sem aðstaða er sambærileg.

56. gr. hljóðar svo:

Bætur samkvæmt lögum þessum teljast bæði bætur greiddar í peningum og hjálp til sjúkra og slasaðra, sem veitt er á annan hátt.

Fjölskyldubætur skulu greiddar án tillits til annarra bóta. Að öðru leyti getur enginn samtímis notið nema einnar tegundar greiddra bóta samkvæmt lögum þessum eða lögum um atvinnuleysistryggingar. Saman mega þó fara:

a. Bætur til ekkju eða ekkils samkvæmt a-lið 37. gr. og allar bætur aðrar en ekkjubætur samkvæmt 19. gr.
b. Barnalífeyrir, ekkjubætur samkvæmt 19. gr. og dagpeningar.
c. Barnalífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur samkvæmt 19. gr. og dagpeningar vegna brottfalls tekna af vinnu utan heimilis.
d. Slysadagpeningar og elli- eða ekkjulífeyrir.
e. Aðrar bætur, ef svo er fyrir mælt í lögunum.

Ef maður á rétt á fleiri tegundum bóta en einni, sem ekki geta farið saman, má hann taka hærri eða hæstu bæturnar. Nú nýtur umsækjandi um dagpeninga annarra lægri bóta, sem veittar eru til langs tíma, og skulu þá dagpeningar nema mismuninum.

Sjúkrakostnað slysatrygginga vegna manns, sem einnig er tryggður í sjúkrasamlagi, greiðir sjúkrasamlagið gegn endurgreiðslu frá slysatryggingum.

Ef elli-, örorku- eða ekkjulífeyrisþegi dvelst lengur en einn mánuð í sjúkrahúsi eða annarri hliðstæðri stofnun, þar sem tryggingarnar eða ríkisframfærslan greiða fyrir hann, fellur lífeyrir hans niður. Sé dvölin ekki greidd að fullu, er heimilt að greiða lífeyri, allt að því, sem á vantar. Þegar um er að ræða sjúkling, sem haldinn er ellikröm eða öðrum slíkum sjúkdómi, skal Tryggingastofnunin þó greiða lífeyri hans að viðbættum 20% upp í dvalarkostnað hans. Ef hlutaðeigandi er algerlega tekjulaus, er Tryggingastofnuninni heimilt að greiða honum sjálfum allt að 10% lágmarksbóta.

72. gr. hljóðar svo:

Meistarar í iðnaði skulu greiða iðgjöld fyrir nema sína og útgerðarmenn sjúkrasamlagsiðgjöld lögskráðra sjómanna. Óheimilt er að draga iðgjöldin frá kaupi þessara manna.

Nú sækir maður til sveitarstjórnar um, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjöld hans, sakir þess, að hann sé ekki fær um það af eigin rammleik, og tekur þá sveitarstjórn ákvörðun um umsóknina með tilliti til ástæðna hans. Þó á iðgjaldsgreiðandi, sem ber ekki að greiða eignarskatt, jafnan rétt á því, ef krafizt er, að sveitarsjóður greiði fyrir hann iðgjald samkvæmt 26. gr., ef hreinar tekjur hans næsta ár á undan hafa eigi verið hærri en kr. 15000.00, ef um einstakling er að ræða, kr. 25000.00, ef um hjón er að ræða, og kr. 6000.00 til viðbótar fyrir hvern ómaga á framfæri, og má eigi krefja hann um hærri hluta iðgjaldsins en svo, að nemi helmingi þeirra hreinu tekna, sem umfram verða. Greiðir sveitarsjóður það, sem á vantar fullt iðgjald. Nú greiðir sveitarsjóður iðgjald samkvæmt þessari málsgrein, og ákveður sveitarstjórn þá, hvort og á hvern hátt hún krefur hann um endurgreiðslu. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til launþega og einyrkja.

Lífeyristryggingarnar greiða sjúkrasamlagsiðgjöld þeirra, sem njóta örorkulífeyris, svo og þeirra, sem rétt eiga til bóta samkvæmt 10. gr. og eru orðnir 67 ára að aldri. Hjón eru ábyrg fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum hvort annars og foreldrar og fósturforeldrar fyrir sjúkrasamlagsiðgjöldum barna sinna, sem á vegum þeirra eru. Sveitarsjóðir greiða iðgjöld þeirra manna, sem eru á föstu sveitarframfæri.

79. gr. hljóðar svo:

Mæður, sem fá úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum, geta snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með úrskurðinn og fengið meðlagið greitt þar til 16 ára aldurs barnsins án tillits til þess, hvort þær ganga í hjónaband eða ekki. Aldrei greiðir Tryggingastofnunin þó hærri fjárhæð en sem nemur barnalífeyri samkvæmt 16. gr.

Þegar Tryggingastofnunin greiðir meðlag samkvæmt 1. málsgr., á hún endurkröfurétt á hendur barnsföður, og fer um innheimtu slíkrar kröfu eftir 76. gr. framfærslulaga.

Innheimtumaður, sem annast innheimtu á endurgreiðslukröfu vegna meðlags, getur leitað aðstoðar lögreglunnar til þess að ná til skuldarans.

Verði vanskil af hálfu meðlagsskylds aðila, skal innheimta kröfuna hjá framfærslusveit hans, og telst fjárhæðin framfærslustyrkur, veittur honum. Eignast Tryggingastofnunin að öllu leyti sama rétt á hendur framfærslusveit föður og dvalarsveit móður hefur samkvæmt framfærslulögum, þar með talinn sá réttur að leita yfirvaldsúrskurðar um sveitfesti barnsföður samkvæmt 76. gr. framfærslulaga. Skal Tryggingastofnunin svo fljótt sem verða má og eigi síðar en innan 12

mánaða frá greiðslu meðlagsins bera fram kröfu um endurgreiðslu á hendur framfærslusveit barnsföður, og skal hún þá greiða skuldina innan 6 mánaða frá móttöku kröfunnar.

Nú vanrækir framfærslusveit að sinna kröfunni, og getur þá Tryggingastofnunin krafið ríkissjóð greiðslu samkvæmt 50. gr. framfærslulaga, en þó skulu slíkar kröfur gerðar eigi síðar en tveim árum eftir, að krafan hefur verið send framfærslusveit. Nánari ákvæði um endurgreiðslu setur ráðuneytið með reglugerð.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

Nd. 662. Nefndarálit [227. mál]

um frv. til laga um tollskrá o. fl.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Loks er hún komin, tollskráin nýja, í frumvarpsformi. Hún var lögð fyrir Alþingi 27. marz. Sagt er, að hún hafi áður verið til skoðunar hjá kaupsýslumönnum og iðnrekendum, til þess að þeir gætu kynnt sér málið og komið athugasemdum á framfæri. En alþingismönnum er ætlaður allt of skammur tími til að íhuga þetta stóra mál.

Tollskráin er búin að vera rúmlega 3 ár í smíðum. Það var 8. desember 1959, sem fjármálaráðherra skrifaði fjórum embættismönnum og fól þeim að endurskoða tollalöggjöfina. Það er vel skiljanlegt, að þetta tæki langan tíma. Tollskráin er mikill smíðisgripur. Smiðirnir hafa unnið mikið verk, og þeir hafa gengið vel frá gripnum að formi til. Mörgu er breytt til samræmingar, en skoðanir að sjálfsögðu skiptar um mörg efnisatriði. Tollskránni fylgja tvær skýrslur. Önnur er samanburðartafla, þar sem sýndur er tollur samkv. tillögum í frumvarpinu og núgildandi tollar á öllum þeim vöruheitum, sem fyrir koma í skránni, en þau eru yfir 1900 að tölu. Hin er stafrófsskrá yfir vöruheiti í tollskránni.

Í nýju tollskránni eru felldir saman í eitt vörumagnstollur, verðtollur, innflutningssöluskattur og innflutningsgjald. Til þess er ætlazt, að þessi gjöld verði sameinuð í einum verðtolli. Um mörg ár hafa verið álagðir bæði vörumagnstollur og verðtollur. Þeir eru ólíkir að því leyti, að annar, vörumagnstollurinn, stendur í stað, þó að vöruverðið breytist, en hinn, verðtollurinn, breytist sjálfkrafa með vöruverðinu. Til þess að skýra þetta nánar má benda á, að samkvæmt ríkisreikningnum fyrir árin 1958—1962 hefur vörumagnstollurinn verið svo að segja hinn sami öll árin, 32—36 millj. á ári, en á því tímabili hafa verðtollarnir (verðtollur, söluskattar og innflutningsgjald) hækkað um 203%. Hér er ekki með talinn hluti jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af söluskatti.

Eftir að búið er að sameina öll aðflutningsgjöldin í einn verðtoll, hækka þau í krónutölu, um leið og vöruverðið hækkar, t. d. vegna lækkunar á íslenzku krónunni, og í sömu hlutföllum. Þetta má teljast hagkvæmt fyrir ríkissjóðinn.

Í athugasemdum með frumvarpinu segir, að þeirri reglu hafi verið fylgt við endurskoðun tollskrárinnar, samkvæmt ákvörðun ráðherra, að ekki skyldi ákveða hærri verðtoll en 125% á neinni vöru. Tollur lækkar því á allmörgum vörutegundum, sem áður báru hærri toll en 125%. Skulu hér nefndar slíkar vörur:

Hamir og aðrir hlutar af fuglum. Afskorin blóm og blómknappar. Pipar o. fl. kryddvörur. Súkkulaði. Lakkrís, Brjóstsykur. Tyggigúmmí. Karamellur. Búðingsduft. Bökunarduft og bökunardropar. Ilmvötn. Hárliðunarvökvar og hárliðunarduft. Flugeldar (aðrir en til slysavarna). Skrauteldar. Myndarammar. Vindlingapappír. Pappírsserviettur. Lampaskermar. Silkiflauel. Regnhlífar. Sólhlífar. Blæ-

vængir. Göngustafir og keyri. Rakhnífar og rakvélar. Rakkrem. Rafknúin hársnyrtitæki. Reiðhjól. Barnavagnar. Úr (önnur en vasaúr). Klukkur. Fjaðrasópar. Spil. Skíði og skautar. Pennar. Blýantar. Blek. Stimplar. Ritvéla- og reiknivélabönd. Greiður og hárkambar. Hringliða alkóhól. Sprittblöndur. Rokgjarnar olíur og terpentínríkar aukaafurðir af þeim. Konsentröt af rokgjörnum olíum í feiti. Brauð og skonrok. Kökur og kex. Eldspýtur. Gólfmottur. Hemlavökvi. Frostlögur. Plastpokar. Leðurtöskur. Leðurbelti. Annar leðurfatnaður. Póstkort. Jólakort. Málmgarn og vefnaður úr málmgarni. Lífstykki, axlabönd o. þ. h. Peningaskápar. Skilti. Sápur, ýmsar tegundir. Kerti. Kemisk efni til ljósmyndagerðar. Hreinlætistæki úr plasti. Búsáhöld úr plasti. Hringekjur og rólur. Ferðasirkus og ferðadýrasöfn. Munnhörpur. Grammófónar og plötuspilarar. Slaghljóðfæri. Lírukassar. Spiladósir. Tálflautur. Mekaniskir söngfuglar.

Naumast verður sagt, að nokkur tollalækkun á framantöldum varningi geri almenningi lífsbaráttuna auðveldari en hún áður var.

Þá er gert ráð fyrir, að tollur lækki á allmörgum öðrum vörum, sem áður voru í lægri tollflokkum. Af þeim vörum skulu þessar nefndar:

Lifandi dýr, svo sem hestar, asnar o. fl. Fuglaegg og eggjarauður. Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn. Hurðir og gluggar. Tilhöggin hús. Korkparkett. Bókbandspappi. Umbúðapappír. Pappírspokar. Veggpappi og gólfpappi. Handgerður pappír og pappi. Áprentaður pappír og pappi. Pappakassar og öskjur. Ferðaábreiður. Tjöld. Sængurlín. Borðlín. Handklæði o. fl. Vír til naglaframleiðslu. Niðursuðudósir. Snjókeðjur. Boltar og rær. Ýmsar vörur úr kopar. Lásar og skrár. Bókhaldsvélar. Kvikmynda- og skuggamyndavélar. Loftþyngdarmælar. Píanó og orgel. Sverð, skammbyssur og stórskotaliðsvopn. Smjörlíki. Málmgrýti, gjall og aska. Gas til eldsneytis og lýsingar. Bæs. Smjör- og ostalitir. Öl- og gosdrykkjalitir. Gólfplötur. Umbúðakassar úr plasti. Garn úr silki. Handofin og handútsaumuð veggteppi. Stólar og önnur húsgögn. Skjaldbökuskel. Perlur og eðalsteinar. Perlumóðir og fílabein.

Í nýju tollskránni eru líka tillögur um hækkun á tolli á allmörgum vörum. Af þeim skulu þessar nefndar:

Efni til bólstrunar og burstagerðar. Tómatar. Límonaði og gosdrykkir. Maltöl og drúfusafi. Sement. Sútunarefni. Garðyrkjuverkfæri. Vatnsslöngur og aðrar slöngur. Flöskur, krukkur, dósir o. fl. Gúmmí til skósólagerðar. Umbúðakassar úr trjáviði. Mottur til umbúða. Skrifpappír og fjölritunarpappír. Handklæðafrottéefni. Bókbandsléreft. Nærfatnaður úr ull. Bönd úr járni eða stáli. Geymar úr járni eða stáli. Vírkaðlar. Steypustyrktar- og múrhúðunarnet. Galvanhúðaður saumur. Hnífar í landbúnaðarvélar. Kaffikvarnir, hakkavélar o. fl. Benzínhreyflar og dísilhreyflar, minni en 200 hestöfl, og hlutar til þeirra. Loftfarartæki og fallhlífar.

Upptalningin hér að framan er langt frá því að vera tæmandi. Einkum er sleppt að nefna margar vörur, sem tollur ýmist lækkar eða hækkar á, þegar breytingarnar eru mjög litlar.

Þá skulu nefndar hér tollalækkanir á nokkrum vélum og tækjum til landbúnaðar og sjávarútvegs:

Dráttarvélar hafa tvöfaldazt í verði síðan 1958. Því valda gengislækkanirnar 1960 og 1961, þar með fylgjandi tollhækkun og hækkun á söluskatti. Á síðustu þingum hafa framsóknarmenn flutt frumvörp um afnám tolla á dráttarvélunum og fleiri nauðsynlegum tækjum til búskapar. Þau frumvörp hafa ekki fengizt samþykkt á Alþingi. En árangurinn af flutningi þeirra er nú að koma í ljós. Ríkisstjórnin telur sér ekki lengur fært að standa að öllu leyti gegn sanngjörnum óskum um lagfæringu í þessu efni. Í frv. er lagt til, að aðflutningsgjöld á dráttarvélum lækki úr 34 í 10%. Enn fremur að tollar af heyvinnuvélum, plógum, herfum, áburðardreifurum, upptökuvélum og mjaltavélum lækki úr 19—21% í 10%. Þá er og lagt til, að tollur verði lækkaður á ýmsum tækjum til sjávarútvegsins, svo sem ratsjám, bergmálsdýptarmælum, lóðarbelgjum, fiskkörfum og fiskkössum, skips-

skrúfum, akkerum og drekum, úr 15—21% í 4%, og af botnvörpuhlerum og hobbingum úr 28 í 2%.

Hér er um töluverðar tilslakanir að ræða, en þó er af skammt gengið í þá áttina. Dráttarvélar til notkunar við landbúnaðarstörf eiga að vera tollfrjálsar eins og skipin. Dráttarvél er bóndanum jafnnauðsynleg og skipið útgerðarmanninum. Ég mun því flytja tillögu um, að dráttarvélar og nokkur fleiri nauðsynleg tæki til landbúnaðar verði tollfrjáls. Þó að sú tillaga verði samþykkt, þarf bóndinn nú að láta fleiri kg af dilkakjöti og fleiri lítra af mjólk til kaupa á dráttarvél heldur en hann þurfti árið 1958.

Ég mun einnig flytja tillögur um að fella niður tolla af ratsjám, bergmálsdýptarmælum, asdictækjum o. fl. til skipa, svo og af fiskiönglum, færum, öngultaumum, köðlum og fiskinetum til útgerðar.

Það er eftirtektarvert, að samkv. frv. eru yfirleitt hærri tollar af rekstrarvörum og tækjum til landbúnaðar heldur en til sjávarútvegs. Nokkrar rekstrarvörur til þessara atvinnuvega eru að vísu tollfrjálsar, svo sem efni í garn og garn til veiðarfæragerðar, efni í umbúðir og tilbúnar umbúðir utan um útfluttar sjávarafurðir, fóðurvörur, tilbúinn áburður og grasfræ. En annars er algengast að lagður sé 10, 15 eða 20% tollur á sérstakar rekstrarvörur landbúnaðarins, en 4% á ýmsar rekstrarvörur og tæki til sjávarútvegsins. Verður að teljast óeðlilegt að gera þannig upp á milli þessara atvinnugreina, og verður reynt að fá leiðréttingar á því, aðallega með því að fá fleiri brýnustu nauðsynjar til þeirra beggja gerðar tollfrjálsar, en að öðrum kosti með lækkun á vörum til landbúnaðar til samræmingar.

Tollar af byggingarefni mega teljast óbreyttir samkvæmt frumvarpinu.

Ein af mörgum óheillavænlegum afleiðingum af efnahagsráðstöfunum þeirra manna, er nú stjórna landinu, er gífurleg hækkun á kostnaði við byggingar. Hámark lána frá húsnæðismálastjórn er nú 150 þús. kr. á hverja íbúð. Láta mun nærri, að öll sú lánsupphæð fari til að borga þá verðhækkun, sem orðið hefur á íbúð af meðalstærð á valdaskeiði núverandi ríkisstjórnar. Í því skyni að létta þær þungu byrðar, sem með þessu hafa verið lagðar á ungt fólk og aðra, sem þurfa að byggja íbúðarhús, hafa framsóknarmenn á Alþingi flutt tillögur um lækkun útlánsvaxta og auknar lánveitingar til íbúðarhúsabygginga. Stjórnarflokkarnir hafa beitt meiri hluta sínum til að fella þessar tillögur. Hér verður því gerð ný tilraun til að létta nokkrum gjöldum af þeim, sem byggja íbúðarhús, hvar sem er á landinu. Ég flyt tillögu um heimild til að endurgreiða hluta af aðflutningsgjaldi af byggingarefni í íbúðarhús, eftir stærð íbúðanna. Endurgreiðslan verði 110 kr. á hvern rúmmetra íbúðar, en nái þó ekki til þess hluta íbúðar, sem er umfram 360 rúmmetra.

Verði mín tillaga samþykkt, getur t. d. sá, sem byggir 320 rúmmetra íbúð, fengið endurgreiddan toll að upphæð kr. 35200.00. Áætlað er, að endurgreiðslan sé um það bil 4/5 af tollinum.

Í 3. gr. frv. er m. a. heimild til endurgreiðslu á tolli af hreyflum, minni en 200 hestöfl, sem settir eru í báta eða notaðir til raflýsingar á sveitabæjum, sem svari því, að af vélunum sé greiddur 10% verðtollur. — Ég tel rétt, að veitt sé heimild til að endurgreiða allan tollinn af hreyflum til þessara nota, og flyt breytingartillögu um það.

Í athugasemdum með frumvarpinu er birt áætlun um, hver áhrif samþykkt þess muni hafa á heildartekjur ríkisins af aðflutningsgjöldum. Er talið, að þau lækki um 97 millj. kr. á ári, eða 8.3%. En við þetta er það að athuga, að í þeim útreikningum er búið að innlima viðbótarsöluskattinn í verðtollinn. Sá viðbótarsöluskattur, sem síðastliðið ár nam 246.2 millj. kr., var fyrst á lagður „til bráðabirgða“ árið 1960 og hefur verið framlengdur árlega síðan. Er nú endanlega frá því horfið að telja hann bráðabirgðaskatt.

Rúmlega helmingur af tollalækkunarupphæðinni, sem um getur í athugasemdunum með frv., er hluti jöfnunarsjóðs sveitarfélaga af viðbótarsöluskattinum. Samkvæmt frumvarpinu á jöfnunarsjóðurinn að fá þessar tekjur árið 1963, en ekki eftir

að það ár er liðið. Eftir að frumvarpið var komið til umræðu á Alþingi, lýsti þó fjármálaráðherra því yfir, að hann teldi, að jöfnunarsjóður sveitarfélaganna þyrfti að fá þetta bætt á einhvern hátt. Ég tel réttast, að það verði tryggt, um leið og nýja tollskrárfrumvarpið verður samþykkt, og flyt því breytingartillögu um, að jöfnunarsjóðurinn fái árlega framvegis 5% af innheimtum aðflutningsgjöldum. Þau 5% munu nema svipaðri upphæð og hluti jöfnunarsjóðs af viðbótarsöluskattinum áður.

Til viðbótar þeim breytingartillögum, sem um getur hér að framan, flyt ég tillögur um lækkun tolls á ýmsum tækjum og vélum til heimilisnotkunar, svo sem kælitækjum, prjónavélum, strokvélum, ryksugum, hrærivélum o. fl.

Breytingartillögur mínar eru að mestu samhljóða þeim tillögum, sem fulltrúi Framsóknarflokksins í fjárhagsnefnd efri deildar, Karl Kristjánsson, bar fram við 2. umr. frv. í þeirri deild.

Eins og frá er skýrt hér að framan, hafa verðtollur og önnur aðflutningsgjöld sem miðuð eru við vöruverð, hækkað um 203%, síðan núverandi stjórnarflokkar tóku að sér stjórn landsins. Þegar þetta er haft í huga, sést greinilega, hvað tollalækkunin, sem frumvarpið um tollskrá felur í sér, er óskaplega lítil. Hún er svo lítil, að reizla framfærsluvísitölunnar tekur hana ekki. Og þessi pínulitla tollalækkun mun standa aðeins skamma stund, ef áfram verður fylgt stefnu núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum.

Ég legg til, að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum, sem ég flyt tillögur um á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Skúli Guðmundsson.

Ed. 663. Frumvarp til laga [245. mál]

um breyting á lögum nr. 69 28. apríl 1962, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

1. gr.

Stafliðir d—f í 30. gr. laganna orðist svo:

d. Þó skal skipta útsvari á milli sveitarfélaga:
   1. ef gjaldandi flyzt búferlum á milli þeirra á árinu, áður en útsvar var á lagt. Útsvari skal skipt í réttu hlutfalli við þann tíma, sem gjaldandi átti lögheimili í hvoru eða hverju sveitarfélagi.
   2. ef útsvarsgjaldandi rekur atvinnustöð utan lögheimilissveitar eða í fleiri en einu sveitarfélagi, skal skipta útsvari, sem lagt er á tekjur, á milli hlutaðeigandi sveitarfélaga, svo sem hér segir: Útsvarinu skal skipt á milli sveitarfélaganna, miðað við verðmæti framleiddrar vöru eða veittrar þjónustu, viðskiptaveltu, starfsmannafjölda, nýtingu fastafjármuna og annað, sem skipt getur máli. Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um skiptingu útsvara skv. þessum tölulið.

e. Engin sveit getur krafizt hluta af útsvari skv. d-lið, 1. tl., nema gjaldandi hafi átt þar rétt lögheimili a. m. k. þrjá mánuði á árinu, sem hann fluttist. Sveitarfélag, þar sem útsvar er á lagt, hlýtur aldrei minna en ¼ hluta af útsvari, sem skipt er skv. d-lið 2, og eigi verður útsvari þá skipt, nema í hlut þess sveitarfélags, sem skiptakröfu gerir, komi a. m. k. kr. 25000.00; þó má fjárhæðin lægri vera, ef hún eigi að síður nemur a. m. k. 5% af heildarútsvörum þess sveitarfélags, er kröfuna gerir.

Tekjuútsvari aðila, sem jafnframt greiðir landsútsvar, skal ekki skipt.

f. Kröfu um útsvarsskipti samkvæmt þessari grein, ásamt upplýsingum um búferlaflutning eða þau atriði, sem um ræðir í 2. tl. d-liðs, skal senda fyrir lok aprílmánaðar ár hvert til sveitarstjórnar, þar sem útsvar skal á lagt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Krafa um útsvarsskipti samkvæmt 30. gr. d, 2. tl., vegna álagðra útsvara 1963 skal send fyrir 31. maí 1963, ásamt upplýsingum skv. 30. gr. f.

Greinargerð.

Með lögum nr. 69 1962, um tekjustofna sveitarfélaga, var ákveðið, að útsvör skyldu lögð á gjaldendur, aðra en einstaklinga: „í því sveitarfélagi, þar sem aðalstarfsemi þeirra fer fram". — Enn fremur að útsvörum skyldi ekki skipt milli sveitarfélaga, nema „ef gjaldandi flyzt búferlum á milli þeirra á árinu, áður en útsvar var á lagt".

Nú hefur í ljós komið, að þetta fær ekki staðizt undantekningalaust, þrátt fyrir aðstöðugjöldin, sem lögleidd voru og hafa mikil áhrif í þessum efnum.

Þess vegna er í frumvarpi þessu lagt til, að útsvari, sem lagt er á tekjur, skuli skipt á milli sveitarfélaga, ef útsvarsgreiðandi rekur atvinnustöð utan heimilissveitar eða í fleiri en einu sveitarfélagi og um skiptinguna er gerð krafa fyrir tiltekinn tíma, enda hljóti heimilissveit aldrei minna af útsvarinu en ¼ hluta og skiptakrafa styðjist við rétt til a. m. k. kr. 25000.00 af útsvari; þó megi fjárhæðin lægri vera, ef hún fer ekki niður fyrir 5% af heildarútsvörum kröfusveitar.

Heilbrigðis- og félagsmálanefnd flytur frv. þetta í samráði við fjármálaráðherra.

Nd. 664. Breytingartillaga [243. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, og l. nr. 57 frá 5. júní 1957, um breyt. á þeim lögum.

Frá menntamálaráðherra.

Á undan síðustu málsgr. 2. gr. komi ný málsgr., svo hljóðandi:

Ráðherra er enn fremur heimilt að undanþiggja skemmtanaskatti dansleiki, sem unglingar frá 16 til 21 árs aldri eiga einir aðgang að, enda sé aðgangur seldur vægu verði og fullnægt öðrum skilyrðum, er ráðherra setur.

Sþ. 665. Nefndarálit [162. mál]

um till. til þál. um verknámsskóla í járniðnaði.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað þingsályktunartillöguna og er sammála um að mæla með því, að hún verði samþykkt með þeirri breytingu, að í stað orðanna „beita sér fyrir" í tillögugreininni komi: hraða.

BREYTINGARTILLAGA:

Tillögugreinin hljóði svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hraða því, að stofnsettur verði í Reykjavík verknámsskóli í járniðnaði á grundvelli heimildar í 1. gr. laga um iðnskóla frá 1955. Skólinn skal taka til starfa eigi síðar en 1. okt. 1963.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Geir Gunnarsson, frsm.
Björn Pálsson.	Gísli Guðmundsson.	Gísli Jónsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Sþ. 666. Nefndarálit [170. mál]

um till. til þál. um bifreiðaferju á Hvalfjörð.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt till. og leitað umsagnar vegamálastjóra, og mælir hann með málinu. Nefndin er sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form., frsm.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson.
Jónas G. Rafnar.	Björn Pálsson.	Gísli Guðmundsson.
	Geir Gunnarsson.	

Sþ. 667. Nefndarálit [201. mál]

um till. til þál. um fimm ára framkvæmdaáætlun til stöðvunar á fólksflótta úr Vestfjarðakjördæmi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og orðið sammála um að leggja til, að hún verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGU:

Á eftir orðinu „atvinnubótasjóðs“ í 1. mgr. tillgr. komi: og hlutaðeigandi sýslunefndir og bæjarstjórn.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Jónsson, frsm.
Gísli Guðmundsson.	Björn Pálsson.	Geir Gunnarsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Sþ. 668. Nefndarálit [107. mál]

um till. til þál. um afurðalán vegna garðávaxta.

Frá allsherjarnefnd.

Efni þessarar tillögu er að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að veitt verði afurðalán út á garðávexti hliðstætt því, sem gert er vegna sauðfjárafurða, enda séu garðávextirnir komnir í örugga geymslu, þegar afurðalán er veitt.

Nefndin leggur til, að tillagan verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr.	Gísli Guðmundsson, frsm.
Gísli Jónsson.	Björn Pálsson.	Jónas G. Rafnar.
	Geir Gunnarsson.	

Sþ. 669. Nefndarálit [135. mál]

um till. til þál. um námskeið í vinnuhagræðingu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur rætt tillöguna og sent hana til umsagnar eftirtalinna aðila, sem allir mæla með samþykkt tillögunnar: Vinnuveitendasambands Íslands, Alþýðusambands Íslands, Vinnumálasambands samvinnufélaganna og Iðnaðarmálastofnunar Íslands, og er umsögn IMSÍ birt með nefndaráliti þessu sem fylgiskjal.

Nefndin leggur til, að till. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Tillögugreinin orðist svo:
   Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands að halda kynningarnámskeið í vinnuhagræðingu og grundvallarreglum ákvæðisvinnu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga og vinnuveitenda. Ber að halda slík námskeið í samráði við hagsmunasamtök þessara aðila, eftir því sem nauðsynlegt reynist.
2. Fyrirsögn orðist svo:
   Tillaga til þingsályktunar um námskeið í vinnuhagræðingu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga og vinnuveitenda.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Benedikt Gröndal, form.	Pétur Sigurðsson, fundaskr., frsm.	Geir Gunnarsson.
Björn Pálsson.	Gísli Guðmundsson.	Gísli Jónsson.
	Jónas G. Rafnar.	

Fylgiskjal.

IÐNAÐARMÁLASTOFNUN ÍSLANDS

Allsherjarnefnd sameinaðs Alþingis, Alþingi, Reykjavík.

30. marz 1963.

Iðnaðarmálastofnun Íslands hefur haft til athugunar erindi yðar frá 12. marz, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar um eftirfarandi tillögu til þingsályktunar:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Iðnaðarmálastofnun Íslands að halda kynningarnámskeið í vinnuhagræðingu og grundvallarreglum ákvæðisvinnu fyrir trúnaðarmenn verkalýðsfélaga. Ber að halda slík námskeið í samráði við samtök launþega, eftir því sem nauðsynlegt reynist."

UMSÖGN

Þar sem þess er getið í greinargerð með tillögu þessari, að ákjósanleg skilyrði séu í Iðnaðarmálastofnun Íslands til fræðslustarfsemi af því tagi, sem gert er ráð fyrir í tillögunni, og hér yrði um nýjan þátt að ræða í starfsemi stofnunarinnar, þykir við eiga að gera stuttlega grein fyrir aðstöðu og aðgerðum stofnunarinnar til kynningar og fræðslu um framleiðni- og hagræðingarmál.

Greinilegt er, að talsverður áhugi og skilningur er nú farinn að gera vart við sig í þjóðfélaginu á gildi framleiðni fyrir raunhæfar kjarabætur og lífskjör. Ekki virðist mönnum að sama skapi ljóst, hverra heildaraðgerða er þörf til þess að greiða þeirri tækni götu í þágu íslenzkra atvinnuvega, sem hefur aukna framleiðni að markmiði — hagræðingartækninni, og þykir því viðeigandi, að sjónarmið stofnunarinnar í þeim efnum komi einnig fram, en tillaga sú, sem fyrir ligur, beinist einmitt að einum þætti þeirra aðgerða, sem þörf er á, til þess að skilyrði skapist fyrir markvissri sókn til aukinnar framleiðni í íslenzkum þjóðarbúskap.

Framleiðni og hagræðing — Starfsemi IMSÍ.

Á síðari árum hefur sívaxandi áherzla verið lögð á framleiðni- og hagræðingarmál í starfsemi IMSÍ. Auk beinnar aðstoðar við fyrirtæki og framleiðendur til þess að bæta framleiðsluskipulag, flutningafyrirkomulag o. þ. h., hefur m. a. átt sér stað kynningar- og fræðslustarfsemi:

1. Efnt hefur verið til námskeiða í hagræðingartækni, þar sem menn frá fyrirtækjum, stofnunum og samtökum, þ. á m. launþegasamtökum, hafa hlotið þjálfun í undirstöðuatriðum hagræðingar.
2. Verkstjórnarfræðsla (almenn námskeið), sem IMSÍ sér um framkvæmd á, er meðal annars helguð vinnurannsóknum.
3. Starfsmenn IMSÍ hafa kynnt framleiðni- og hagræðingarmál með fyrirlestrahaldi og tímaritagreinum, m. a. í **Iðnaðarmálum**, tímariti IMSÍ, þar sem mest hefur birzt af fróðleik um þessi mál hér á landi, enda er tímaritið öðrum þræði helgað þeim.
4. Í tæknikvikmyndasafni IMSÍ er að finna allmargar kvikmyndir með íslenzku tali um framleiðni, vinnurannsóknir og almenna hagræðingu. Eru myndir þessar að staðaldri lánaðar út til samtaka, fyrirtækja og fræðslustofnana, auk þess sem þær eru notaðar á námskeiðum IMSÍ.
5. Tæknibókasafn IMSÍ er vel búið að bókakosti um framleiðni- og hagræðingarmál. Þessar bækur eru að staðaldri lánaðar út ásamt öðrum bókakosti safnsins, en stofnunin hefur einnig haft milligöngu um útvegun slíkra bókmennta til fyrirtækja og einstaklinga. Þá hefur stofnunin einnig haft milligöngu um útvegun eyðublaða og tækja til vinnurannsókna.
6. Efnt hefur verið til kynnisferða fulltrúa vinnuveitenda- og launaþegasamtaka á vegum stofnunarinnar til annarra landa til kynningar á vinnurannsóknum,

ákvæðisvinnufyrirkomulagi, starfsmati, samstarfsnefndum og starfsaðferðum og samskiptum hagsmunasamtaka vinnumarkaðarins á sviði framleiðni- og hagræðingarmála.

7. Framkvæmdastjóri IMSÍ samdi síðastliðið haust samkvæmt ósk félagsmálaráðuneytisins allvíðtæka áætlun um hugsanlegan stuðning hins opinbera við atvinnusamtök, þ. á m. hagsmunasamtök vinnumarkaðarins, sem óska eftir að koma á fót fræðslu- og leiðbeiningaþjónustu innan sinna vébanda á sviði framleiðni- og hagræðingarmála (sjá síðar).
8. Hér hefur verið talið nokkuð af því, sem IMSÍ hefur aðhafzt í því skyni að kynna og efla skilning á framleiðni og hagræðingartækni og búa jarðveginn fyrir frekari aðgerðir í þessum málum. Ýmislegt fleira hefur að sjálfsögðu verið gert. Má t. d. geta þess, að IMSÍ var einn af frumkvöðlum þess, að Stjórnunarfélag Íslands var stofnað fyrir rúmum tveimur árum. Hefur verið mjög náið samstarf milli stofnunarinnar og þessa félags, en tilgangur félagsins er m. a. að efla hvers konar viðleitni stjórnenda fyrirtækja og stofnana til bættrar rekstrartækni og aukinnar framleiðni.

Að vissu leyti má segja, að þróun framleiðni- og hagræðingarmála hér á landi sé að nálgast eins konar tímamót. Mönnum er t. d. að verða ljóst, að þróun kaupgjalds- og kjaramála hefur orðið með mjög ólíkum og óhagstæðari hætti hér á landi eftir stríð en t. d. hjá frændþjóðunum á Norðurlöndum. Á þetta er sérstaklega bent í greinargerð með þingsályktuninni.

Sú spurning hlýtur því að vakna, hvort ekki sé nú þörf á því, að mörkuð sé heildarstefna í þessum málum í þjóðfélaginu, þannig að unnið sé á markvissan og skipulegan hátt að því að taka hagræðingartækni í þjónustu atvinnulífsins.

Aðgerðir, sem þyrftu að eiga sér stað í þessu skyni, væru í aðalatriðum eftirfarandi:

1. Nauðsyn ber til, að nú þegar verði hafizt handa um að þjálfa nokkurn hóp manna, sem kæmu til með að starfa sem sérfræðingar í hagræðingartækni. Hér yrði um að ræða framhaldsmenntun og þjálfun verkfræðinga, tæknifræðinga og hagfræðilega menntaðra manna. Má gera ráð fyrir, að þjálfun þeirra tæki um eitt ár. Þessum mönnum þyrfti jafnframt að búa fullnægjandi starfsaðstöðu, þannig að þeir gætu hafizt handa að framhaldsnámi loknu.
2. Örva þarf atvinnusamtök landsmanna til að koma á fót á sínum vegum hagræðingardeildum á svipaðan hátt og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur þegar gert, með það fyrir augum, að þessi samtök gerist forvígisaðilar um fræðslu- og leiðbeiningarstarfsemi innan sinna vébanda á hagræðingarsviðinu.
3. Sérstaklega þarf að stuðla að því, að heildarsamtök vinnumarkaðarins geti haft á sínum vegum sérfræðinga í hagræðingarmálum til þess að vinna að fræðslu- og leiðbeiningarstörfum inn á við og til leiðbeiningar samtökunum við að móta stefnu sína á sérþekkingargrundvelli í framleiðni- og hagræðingarmálum, og út á við til þess að koma fram af hálfu samtakanna í ágreiningsmálum, sem koma upp á vinnustöðum vegna hinna tæknilegu þátta kaupgjaldsmálanna, svo sem í sambandi við tímamælingar og ákvæðisvinnu.
4. Hugsanlegt er, að ríkisvald og atvinnusamtök taki höndum saman um að stuðla að framgangi þeirra atriða, sem hér hafa verið nefnd, með þeim hætti, að ríkisvaldið láti samtökum, sem þess óska, í té aðstoð til þess að láta þjálfa menn í hagræðingartækni til starfa á vegum samtakanna. Um þetta hefur verið gerð allýtarleg heildaráætlun, eins og áður er minnzt á. Eru fordæmi fyrir slíku erlendis, m. a. í Danmörku, þar sem sérstök lög voru sett á síðasta ári þar um. Er hæpið, að ríkisvaldið gæti með öðrum hætti frekar stuðlað að því, að hagræðingarstarfsemi eflist hér á landi.
5. Nauðsyn ber til, að samstarf takist með heildarsamtökum vinnumarkaðarins um ýmis framkvæmdaatriði í sambandi við hagræðingu á vinnustöðum. Má segja, að þegar sé orðin brýn þörf á reglum um framkvæmd vinnurannsókna,

en málefnasamningar þyrftu einnig að komast á milli þessara aðila um samstarfsnefndir, starfsmat og fleiri nýjungar, sem þessir aðilar tækju jákvæða afstöðu til að fengnum fullnægjandi kynnum og þekkingu á þeim.

6. Þjálfa þarf nokkurn hóp vinnurannsóknarmanna, sem ynnu að tímamælingum undir handleiðslu hagræðingarsérfræðinga sem aðstoðarmenn þeirra.
7. Trúnaðarmenn verkalýðsfélaga þurfa að öðlast þekkingu á grundvallaratriðum vinnurannsókna, til þess að þeir geti til fulls gætt hagsmuna starfsfólks á vinnustöðum. Má segja, að þegar sé orðin þörf fyrir þetta, og miðar tillaga sú til þingsályktunar, sem fyrir liggur, að því að leysa úr þessari þörf.
8. Mikil þörf er á almennri fræðslu- og kynningarstarfsemi á vissum þáttum hagræðingar, bæði meðal stjórnenda fyrirtækja og starfsmanna. Áður hefur verið drepið á, að það yrði þáttur í starfi sérfræðinga atvinnusamtakanna að hafa slíka fræðslu með höndum innan vébanda þeirra. Æskilegt væri að taka upp að vissu marki fræðslustarfsemi í framleiðni- og hagræðingarmálum í skólakerfinu. Áður hefur verið bent á, að í fræðslustarfsemi fyrir verkstjóra, sem nú er hafin, er nokkur áherzla lögð á vinnurannsóknir. Í meistaraskóla þeim, sem nýtekinn er til starfa, hefur einnig lítillega verið komið inn á þessi mál. Væri æskilegt, að viss lágmarksfræðsla um framleiðni- og hagræðingarmál færi fram í öllum sérskólum, sem undirbúa fólk til starfa í hinum ýmsu atvinnugreinum.

Eins og hér hefur komið fram, lítum vér svo á, að tillaga sú, sem hér liggur fyrir til umsagnar, miði að því, að hafizt sé handa um einn þátt þeirra aðgerða, sem vér teljum að þurfi að eiga sér stað, til þess að atvinnuvegir okkar og það fólk, sem í þeim starfar, fái notið þeirra hagsbóta, sem öflug hagræðingarstarfsemi á að leiða til.

Eins og flutningsmenn benda réttilega á, er aðstaða í Iðnaðarmálastofnun Íslands til þess að takast á hendur þá fræðslustarfsemi, sem tillagan gerir ráð fyrir, að mörgu leyti góð. Að vísu er það svo, að bagalegur verkfræðingaskortur, sem að mörgu leyti hefur háð starfsemi Iðnaðarmálastofnunarinnar undanfarin tvö ár, veldur erfiðleikum á því að bæta við nýjum starfsþætti, svo sem hér er lagt til. Engu að síður lítur stofnunin svo á, að hér sé um svo veigamikið mál að ræða, að þrátt fyrir slæma aðstöðu að þessu leyti geti hún ekki færzt undan að sinna því, sé eftir því leitað. Samkvæmt þessu vill Iðnaðarmálastofnun Íslands því fyrir sitt leyti mæla með því, að áðurgreind tillaga hljóti samþykki Alþingis.

Með sérstakri virðingu,
Iðnaðarmálastofnun Íslands,
Sveinn Björnsson.

Ed. 670. Lyfsölulög. [54. mál]

(Afgreidd frá Ed. 17. apríl.)

Samhljóða þskj. 373 (sbr. 54).

Ed. 671. Nefndarálit [242. mál]

um frv til laga um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með nokkrum breytingum, sem fluttar eru tillögur um á sérstöku þskj.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér þó rétt til að flytja eða fylgja frekari breytingartillögum.

Alþingi, 17. apríl 1963.

Friðjón Skarphéðinsson, form. Ólafur Björnsson, fundaskr. Magnús Jónsson, frsm.
Ólafur Jóhannesson. Alfreð Gíslason.

Ed. 672. Breytingartillögur [242. mál]

við frv. til laga um fasteignamat og fasteignaskráningu.

Frá allsherjarnefnd.

